ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 3/2013

Húnaþing vestra,

syðri hluti

ÓBYGGÐANEFND

19. desember 2014

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 4
2 MÁLSMEÐFERÐ 4
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 4
2.2 Norðvesturland tekið til umfjöllunar. 4
2.3 Lýstar kröfur og kynning 5
2.4 Mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti. 6
3 KRÖFUGERÐ 8
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 8
3.1.1 Þjóðlenda 8
3.2 Kröfur sveitarfélagsins Húnaþings vestra vegna Staðarhreppsafréttar, Húksafréttar, Núpsheiðar, Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar 8
3.3 Kröfur eiganda Gilsbakka vegna Húksafréttar og Efranúpsheiðar 9
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 10
4.1 Inngangur 10
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 10
4.3 Vettvangsferð 11
4.4 Skýrslutökur 11
5 SAGA LANDSVÆÐA 12
5.1 Landnám 12
5.2 Víðidalstunguheiði 13
5.2.1 Aðliggjandi og tengd svæði 86
5.2.1.1 Víðidalstunga 86
5.2.1.2 Stóra-Ásgeirsá 87
5.2.1.3 Litla-Ásgeirsá 88
5.2.1.4 Bakki/Bakkakot 91
5.2.1.5 Dæli 91
5.2.1.6 Hvarf 92
5.2.1.7 Kolugil 93
5.2.1.8 Hrappsstaðir 94
5.2.1.9 Gafl 95
5.2.1.10 Lækjarkot 95
5.2.1.11 Öxnártunga 96
5.2.1.12 Litlahlíð 97
5.2.1.13 Stórahlíð (aðliggjandi) 98
5.2.1.14 Stórahvarf (aðliggjandi) 98
5.2.1.15 Neðrifitjar 99
5.3 Aðalbólsheiði 102
5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði 135
5.3.1.1 Aðalból 135
5.3.1.2 Skárastaðir 137
5.3.1.3 Aðalbreið í Austurárdal 138
5.3.1.4 Bjargarstaðir 138
5.3.1.5 Hreiðarstaðir 140
5.3.1.6 Efri-Núpur 140
5.4 Efranúpsheiði 142
5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði 159
5.4.1.1 Efri-Núpur 159
5.4.1.2 Þverá í Núpsdal 161

5.4.1.3 Fosskot í Núpsdal 162
5.4.1.4 Neðrinúpur 163
5.5 Húksheiði 165
5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði 195
5.5.1.1 Húkur 195
5.5.1.2 Staðarbakki 196
5.5.1.3 Lækjabær/Jafnhólalækjaland 198
5.6 Staðarhreppsafréttur 209
5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði 220
5.6.1.1 Staður í Hrútafirði 220
5.6.1.2 Hrútatunga 221
5.6.1.3 Óspaksstaðir 222
5.6.1.4 Bálkastaðaspotti/Fosssel 223
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 225
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 225
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 225
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 225
6.1.2.1 Yfirlit 225
6.1.2.2 Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir 226
6.1.2.3 Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis 229
6.1.2.4 Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna 232
6.2 Landnám 236
6.3 Víðidalstunguheiði 236
6.3.1 Inngangur 236
6.3.2 Sjónarmið aðila 236
6.3.3 Niðurstaða 241
6.4 Aðalbólsheiði 265
6.4.1 Inngangur 265
6.4.2 Sjónarmið aðila 266
6.4.3 Niðurstaða 268
6.5 Efranúpsheiði (Núpsheiði) 286
6.5.1 Inngangur 286
6.5.2 Sjónarmið aðila 286
6.5.3 Niðurstaða 289
6.6 Húksheiði (Húksafréttur) 303
6.6.1 Inngangur 303
6.6.2 Sjónarmið aðila 303
6.6.3 Niðurstaða 306
6.7 Staðarhreppsafréttur 327
6.7.1 Inngangur 327
6.7.2 Sjónarmið aðila 327
6.7.3 Niðurstaða 329
6.8 Um málskostnað 342
7 ÚRSKURÐARORÐ 343

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn, 19. desember 2014, er tekið fyrir mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Allan V. Magnússon varaformaður óbyggðanefndar og nefndarmennirnir Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru:
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Húnaþing vestra vegna Staðarhreppsafréttar, Húksheiðar, Núpsheiðar, Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar.
(Ólafur Björnsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Norðvesturland tekið til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjörður, Sveitarfélagsins Skagastranda, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hafi verið að breyta fyrirhugaðri röð næstu svæða á þann

veg að taka svæði 7 norður (einnig nefnt 7 b) til umfjöllunar á undan svæði 8 og, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, hafi einnig verið ákveðið að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Norðvesturland (8 norður). Vestur hluti hins upprunalega svæðis nefnist nú Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8 vestur).

Landsvæðið Norðvesturland afmarkast svo:

Að vestan ræður Hrútafjarðará sem fylgt er að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á Arnarvatnsheiði. Sýslumörkum er fylgt austur að sýslumörkum Árnessýslu og er þeim einnig fylgt til austurs í Blöndu. Blöndu er fylgt norður að norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og er þeim fylgt austur að norðurmörkum fyrrum Seyluhrepps og þeim fylgt austur í Héraðsvötn. Héraðsvötnum er svo fylgt til ósa. Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða.

Fjármálaráðherra var tilkynnt með bréfi, dags. 6. júlí 2009, að sbr. bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, myndi óbyggðanefnd ekki taka til meðferðar ný svæði né fjármálaráðherra lýsa kröfum ríkis um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Hafði þetta í för með sér að fyrri ákvörðun óbyggðanefndar, um að veita íslenska ríkinu kröfulýsingarfrest til 31. júlí 2009, var úr gildi fallin.

Þann 23. júní 2011, var fjármálaráðherra tilkynnt um að mál þetta væri aftur tekið til meðferðar og honum veittur frestur til 9. janúar 2012 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingafrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 31. mars 2012 og síðar til 30. júní sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðvesturlandi bárust 2. júlí 2012. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingarblaðinu 5. júlí 2012, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 7. janúar 2013. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr.

58/1998. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur þar til í febrúar 2013.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, frá 15. apríl til og með 15. maí 2013, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. maí 2013. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 16 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti.

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fjögur mál, þ.e. mál nr. 1/2013, Skagi; mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur; mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti og mál nr. 4/2013, Vatnsnes.

Mál nr. 3/2013 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 4. mars 2013. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Ása Ólafsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 21. mars 2013, var lögð fram, af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra og bókun um breytingar á kröfulínum ríkisins, dags. 21.3.2013. Að auki gerðu lögmenn aðila grein fyrir sáttum aðila sem leitt hafi til þess að ekki væri lengur gerðar kröfur inn á jarðir heldur nái kröfur ríkisins um þjóðlendur einungis til

afrétta. Efnislegur ágreiningur væri þó uppi varðandi tiltekin landsvæði. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 29. apríl 2013, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 12. júní 2013, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2013, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Farið var yfir tilhögun aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram dagana 12.-13. ágúst 2013 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Fundað var á Hótel Eddu, Laugarbakka. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 9. desember 2014 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi og var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

Við endurupptöku málsins kom auk þessa fram kröfugerð eiganda Gilsbakka í Borgarbyggð um veiðiréttindi o.fl. innan marka máls nr. 3/2013. Gerðu lögmenn annarra málsaðila aðspurðir ekki athugasemd við að umrædd krafa kæmist að í málinu þrátt fyrir að kröfulýsingarfrestur væri liðinn.

3 KRÖFUGERÐ

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda en um er að ræða Staðarhreppsafrétt, Húksafrétt, Efranúpsheiði, Aðalbólsheiði og Víðidalstunguheiði.

3.1.1 Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðuð þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. leiðrétt og framlögð kröfukort: „Upphafspunktur er við sýslumörk Austur- og Vestur Húnavatnssýslu, þar sem skilið var við á svæði 2/2013, og þaðan vestur í Bergárvatn (19) og þaðan í suður í Öxnártjörn (20), frá tjörninni er Öxná fylgt að Víðidalsá (21) og Víðidalsá svo fylgt að ós Ytri-Kjálkalæks (22), en honum er svo fylgt að upptökum (23) og þaðan dregin lína í vestur að hæsta punkti Sauðholts (24). Þaðan er farið beint suður í læk Tjarnarhólakvísl (25) sem er fylgt að Fitjá (26) sem er svo fylgt að Hestakrókum (27). Úr Hestakrókum er farið beint vestur í Fanngil (28) og gilinu fylgt í Austurá (29) sem er svo fylgt að Þorvaldsá (30) og henni er svo fylgt að grjóthól sem nefndur er Kastali (31). Þaðan er dregin bein lína í suður að landamerkjasteini á Kvíslavatnsás (32) og þaðan bein lína í vestur að ósi Núpsár (33). Síðan er svo Núpsá fylgt vestur að Lambsás (34). Úr Lambsás er svo farið í vestur að Túnaselju við Vesturá, undan Önundarfitjum (35). Frá þeim punkti er farin sjónhending í Vesturá (36) og henni fylgt þar til Lambá rennur í hana (37) og þaðan er dregin bein lína vestur í poll er Brennikvísl rennur í úr vestri (38). Brennikvísl er svo fylgt inn til Síkár (39) sem er svo fylgt suður að upptökum sínum (40). Síðan beina sjónhendingu frá þeim kvíslamótum suður í há Garð (40a), þaðan beina sjónhendingu austur, norðan til á Skiptabrekkur (40 b). Þaðan er dregin lína að upptökum Skútakvíslar (41) við sýslumörk Mýrasýslu, sem er lokapunktur.“

3.2 Kröfur sveitarfélagsins Húnaþings vestra vegna Staðarhreppsafréttar, Húksafréttar, Núpsheiðar, Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar

Þess er krafist aðallega að framkominni þjóðlendukröfu fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, í Húnaþingi-Vestra, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja þess landsvæðis sem íslenska ríkið hefur gert kröfu til að verði úrskurðuð þjóðlenda, sbr. kröfulýsingu ríkisins dags. 2. júlí 2012, þ.e. innan landamerkja Staðarhreppsafréttar, Húksheiðar, Núpsheiðar, Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar enda teljist þau undirorpin beinum eignarrétti sveitarfélagsins Húnaþings Vestra.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki hinna samliggjandi landsvæða séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjabréf, sbr. framlagaðar landamerkjaskrár, hornpunktaskrár og uppdrætti landeigenda sem fylgja kröfulýsingunni og færðar hafa verið inn á sameiginlegt kröfulínukort.

Þá er sérstaklega mótmælt þeim sjónarmiðum er fram koma í greinargerð ríkisins dagsettri 29. apríl 2013 og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Að auki er krafist viðurkenningar á að landamerki þrætusvæðisins séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjaskrár, hornpunktaskrá og uppdrætti landeigenda sbr. fyrirliggjandi gögn.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Húnaþings Vestra á þrætusvæðinu fari svo að einhver hluti þeirra verði talinn til þjóðlendu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afréttarnot, að fornu og nýju, sem og þeim sem möguleg eru eða verða. Sérstök varakrafa er einnig gerð vegna Víðdalstunguheiðar. Af hálfu landeiganda er gerð sú krafa að verði ekki fallist á afmörkun jarðarinnar skv. þinglýstu landamerkjabréfi, að merki eignarlands gagnvart þjóðlendu skuli þá miðuð við merkin eins og þau eru í fornum máldögum Víðdalstungu frá 1797 og Ásgeirsár frá 1777, sbr. meðfylgjandi uppdrætti og vísan til annarra framlagðra skjala.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3 Kröfur eiganda Gilsbakka vegna Húksafréttar og Efranúpsheiðar

Af hálfu eiganda jarðarinnar Gilsbakka í Hvítársíðu í Borgarbyggð er gerð sú krafa að viðurkennd verði eftirtalin réttindi hans syðst á því svæði sem nefnt er Húksafréttur og Efranúpsheiði: Silungsveiði og álftaveiði, þar með talin eggja- og fjaðratekja í og við Krókavatn og Flóavatn ásamt tjörn norður af því, einnig allri veiði í Urðhæðarvatni (Urriðavatn, Reyðartjörn).

Ennfremur krefst eigandi Gilsbakka að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr ríkissjóði skv. 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000 og við ákvörðun málskostnaðarins verði haft mið af gjaldskrá lögmanns hans.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-9 ásamt undirskjölum eða samtals 515 skjöl, auk 24 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 12. ágúst 2013, í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúi frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Lagt er af stað frá Laugarbakka í Miðfirði. Auk framangreindra eru með í för: Ólafur B. Óskarsson frá Víðidalstungu, Stefán Böðvarsson frá Mýrum, sem situr í sveitarstjórn Húnaþings vestra, Jóhannes Ingvar Björnsson frá Reynhólum, f.v. oddviti, Tómas Gunnar Sæmundsson frá Hrútatungu, Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra, og Leó Örn Þorleifsson, oddviti Húnaþings vestra.

Ekið er í mjög góðu skyggni inn Miðfjörðinn eftir vegi nr. 704, Miðfjörður, inn að ármótum Þorvaldsár, sem á upptök sín í Þorvaldsvatni, og Austurár, punktur nr. 30 í kröfulínu íslenska ríkisins. Þar er lega kröfulínu íslenska ríkisins skoðuð. Heimamenn greina frá því að tungan á milli ánna hafi verið nýtt fyrir fráfærur.

Haldið er áfram inn eftir vegi nr. F578, Arnarvatn, inn á Tungukoll (491 m y.s.) þar sem lega kröfulínu íslenska ríkisins skoðuð sem og farið yfir kennileiti kröfusvæðanna. Skyggni er hið besta og yfirsýn á svæðið góð. Sér yfir til vesturs á Tröllakirkju í Borgarfirði, yfir Kvíslarvötn milli punkta nr. 31-33 í kröfulínu íslenska ríkisins, suður í Ok, Strýtur, Eiríksjökul, Langjökul og austur í Mælifellshnjúk í Skagafirði. Farið er áfram suður eftir vegi nr. F578 að Arnarvatni Stóra um Þormóðarhóla. Land er votlent og gróið staragróðri og mosa.

Ekin er sama leið til baka að Laugarbakka þar sem Stefán Böðvarsson og Gunnar Sæmundsson stíga út. Farið er út á veg nr. 1 og til suðurs eftir vegi nr. 715, Víðidalur, inn að Stóru Skálshæð (503 m y.s.). Gengið er upp á Skálshæðina og horft yfir kröfusvæði Víðidalstunguheiðar og farið yfir kennileiti og mörk með aðilum í afar góðu skyggni. Land er mosagróið. Farin er sama leið til baka og stoppað við Öxná þar sem kröfulína ríkisins liggur milli punkta nr. 20-21 og lega Fosshóls skoðuð. Ekið er áfram til baka að Laugarbakka þar sem vettvangsferð lýkur.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Tómas Gunnar Sæmundsson frá Hrútatungu, Stefán Böðvarsson frá Mýrum situr í sveitarstjórn Húnaþings vestra, Jóhannes Ingvar Björnsson frá Reynhólum f.v. oddviti Ytri-Torfustaðahrepps, Ólafur Bergmann Óskarsson frá Víðidalstungu, Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings vestra og Leó Örn Þorleifsson oddviti Húnaþings vestra.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins í máli þessu ná til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðunum vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.[1]

5.1 Landnám

Um landnám í Húnaþingi vestra, syðri hluta, hermir svo í *Landnámu*, talið frá vestri til austurs:

> Ingimundr [hinn gamli] nam Vatsdal allan upp frá Helgavatni ok Urðarvatni fyrir austan. Hann bjó at Hofi ok fann hlut sinn, þá er hann gróf fyrir ondvegissúlum sínum.[2]
>
> [...]
>
> Auðun skokull fór til Íslands ok nam Víðidal ok bjó á Auðunarstodum. Með ‹honum› kom út Þorgils gjallandi félagi hans, faðir Þórarins goða.[3]
>
> [...]
>
> Skautaðar-Skeggi hét maðr ágætr í Nóregi; hans son var Bjorn, er kallaðr var Skinna-Bjorn, því at hann var Hólmgarðsfari; hann fór til Íslands ok nam Miðfjörð ok Línakradal.[4]
>
> [...]
>
> Bálki hét maðr Blæingsson, Sótasonar af Sótanesi; hann var á mót Haraldi konungi í Hafrsfirði. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam Hrútafjord allan; hann bjó á Bálkastodum hvárumtveggjum, en síðast í Bæ ok dó þar.[5]
>
> [...]
>
> Þrostr ok Grenjuðr synir Hermundar hokins námu land í Hrútafirði inn frá Borðeyri, ok bjoggu at Melum.[6]

[1] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 6. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[2] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 219.
[3] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 214.
[4] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 213.
[5] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 200.
[6] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 201.

5.2 Víðidalstunguheiði

Í máldögum Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 segir, að Ásgeirsárkirkja eigi afrétt á Arnarvatnsheiði og „alftveydur og fiskveydur millum vydedals är og auxnär.“[7]

Í sömu máldögum Auðunar biskups rauða frá 1318 segir að Víðidalstungukirkja eigi þriðjung í veiði í Kerum og alla veiði „ad þridiungi firi tungu lande. fiordung j fytia a. ofann fra kerum.“ en ekki er getið um neinn afrétt tilheyrandi kirkjunni.[8]

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, fá árunum 1360-1389, segir að Árs skers ár kirkja (Ásgeirsárkirkja) eigi afrétt á Arnarvatnsheiði, með þessum ummerkjum: austur frá Hraungrund, svo sem vötn falla vestur af í milli Víðidalsár og Öxnár fyrir norðan en Hraungarður fyrir austan, á kirkjan að Áskers á (Ásgeirsá) fugla, fiska og allt það, sem til gæða er í jörðu og á í þessu takmarki.[9]

Í sömu máldögum Jóns biskups skalla frá árunum 1360-1389, segir að Víðidalstungukirkja eigi þriðjung í veiði í Kerum og alla veiði að þriðjungi fyrir Tungulandi, ásamt veiði í Fitjá ofan frá Kerum, líkt og í eldri máldaga, og ekki minnst á neinn afrétt í eigu hennar.[10]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, segir að Ásgeirsárkirkja eigi afrétt af Arnarvatnsheiði, með þessum ummerkjum; austur á Hraungarð, svo sem vötn falla vestur af í milli Víðidalsár og Öxnár fyrir norðan. En Hraungarður fyrir austan, fugla og fiska og allt það, sem til gæða er í jörðu og á í þessu takmarki.[11]

Í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungukirkju frá árinu 1394, eru landamerkjum Víðdalstungu gerð skil, getið er um mörk Tungu- og Ásgeirsárþinga og afrétt þá er Jón bóndi Hákonarson lagði kirkjunni að Víðidalstungu til. Um þessi atriði hermir máldagi Péturs biskups svo:

> Vydedalstungu kyrkiu maldage
>
> [...]
>
> Kyrkia i Vydedalstungu er helgud hinum heilaga Johanni Baptistæ. Hun a þridiung j heimalande og j Tindahraune. rædur landeign Vydedalstungu fyrir vestann fytia aa, hinn vestaste farvegur. allt nedann fra hrutanese. hia asgeirsarmelum. alla leid og uppi Ey[r]arsyk [og suo Eyrarsík] upp a Torfnes. og suo j [midsmorgunzhol) fra svolustodum. þadann i svolustada steina. þadann j hestholt. so sudur effter Tunguase. sem sier heimann fra Valldarase. og þadann Riettsyni sudur a vestannvert Saudhollt. og þadan j botnennTiarnarhola kvyslar. Sydann Rædur hun ofann j fitiaa. þadann rædur

[7] Skjal nr. 2(79).
[8] Skjal nr. 2(79).
[9] Skjal nr. 2(76).
[10] Skjal nr. 2(76).
[11] Skjal nr. 2(68).

fitia a alla leid sem hana dregur leingst austann af sondum. rædur ur hrutanese hinn forne farvegur Vydedalsar. hinn austaste. fram til Varmalækiar. þa Rædur Varmalækur upp i drog og þadann j Blýksvordu. og þadan j Geylarbotna. og þadann j hestagilsbotn hinn sydra. og so Rædur hestagil ofann j Vydedalsa. Rædur Vydedalsa þadan fra framm til kvijsla. þa Rædur hin stærsta Vydedalsar kvijsl su er ofann fellur fyrir nordann Sandfell og so austur a sand sem leingst dregur vatn ad. Er fjarrekstur j Vydedalstungu jord umm allann hreppenn. ut ad Gliufura. og luka lamb af Rekstre til þess eru sextyger. og so med sama upp þadann. effter þui sem urskurdarbrief Rafns logmanns. og stadfestubrief þorsteins logmanns. þar umm gior votta. Kyrkiann a þridiung j veide fyrir heirnalande. fiordung j veide j steinkerum. alla veide j midkerum. Basum. streing. forse og kiera fliote. fiordung j veide j fitia a ofann fra kerum. þridiung j veide j Triekere j Vydedalsa. er Jon Bonde Hakonarson hefur tillagt. enn hvarf a fimtung. enn heima land j Tungu þad sem meira er.

[...]

skilur Tungu þing og asgeirsar þing ad jardareign. steinar þrir er standa j asnum fyrir nordan forna farveg Vydedalsar. og austur ur riettsýne j asgeirsa. so Rædur griotskrida upp i hafiall.

[...]

Þessa hlute lagde Jon bonde Hakonarson til Vydedalstungu kyrkiu. medur þeim skilmala. ad hann lukte j portionem Ecclesiæ og firir firnd kyrkiunnar og a hennar ornamentis. umm so lanngann tyma. sem hann a fyrir ad svara. Er þad j firstu afriett framm fra kalldadal ytsta. rædur fyrir vestann Borga framm j Borgarvatn. og þadan riettsyne j hinu synstu Gliufurar drog. þa Rædur Gliufura ut j Rofuskardsa. enn þa rædur hun uppa fiall. Jtem j jardar eign Tungur allar millum kalfdalslækiar. og Reidalækiar ut ad hlodufalle. og halfmanudur eingeteig a hlodufalle. Enn þa er lækenn þrytur fyrir vestann. rædur midfiardarvatn. og ur þvi Riettsyne upp i Kagadarhol. og þadann j Bessaborg vestannverda. og so yfir j kalfsdalsdrog.

[...].[12]

Máldagi sá er Ólafur biskup Rögnvaldsson setti kirkjunni í Víðidalstungu um 1461, svipar mjög til þess máldaga sem Pétur biskup setti sömu kirkju árið 1394. Þar segir meðal annars:

hun aa þridiung j heimalandi oc j tinda hrauni. Rædr landeigu vididalstungu firir vestan fitiaaa [hinne vestarzsti faruegr) allt nedan fra hrutanesi hia asgeirsarmelum alla leid [oc suo vpp j eyrar sijk) oc suo eý(r)iar sijk) vpp æ torfnes) oc suo j midmorgins hol fra suolustodum. þadan j suolustadasteina. þadan j hesthol suo sudur epter tunguasi. sem sier heiman fra valldarasi. oc þadan [Rettsýn sudur) aa vestanuert saudhollt oc þadan j botninn

[12] Skjal nr. 2(153).

> tiarnarholakuislar. sidan rædur hun ofan j fitia aa. þadan Rædr fitia aa alla leid sem hana dregr leingzst austan af sondum. Rædr or hrutanesi hinn forni farvegr vididalsar hinn austazsti fram til varmalækiar. Þa Rædr varmalækr vpp j dragh oc þadan j bligs vordu. oc þadan j geilarbotna oc þadan j hestagilsbotn hinn sydra. oc suo rædr hestagil ofuanj vidudalsaa. Rædr vididalsaa þadan fra fram til kuisla. þaa Rædr hin stærsta vididalsár kuisl su er ofuan fellur firir nordan sandfell oc sua austr aa sand sem leingzst dregr votn ath. Er fiarrekstr j vididalstungu jord vm allan hreppinn wth ath gl(i)ufraa oc luka lamb af rekstre til þess er eru sextiger oc suo med sama vpp þadan epter þui sem orskurdarbref herra hrafns laugmannzs oc stadfestubref þorsteins logmannz þar vm giort votta. kirkian aa. þridiung j veide firir heimalande. fiordung j steinkerum. alla veide j midkerum. basum. streing. forsi. oc keraflioti. fiordung j veide j fitia aa ofan fra kerum. þridiung veidi j trekere j vididalsaa er jon bondi hakonarson hefer tillaght. enn huarf aa fimtung. enn heimaland j tungu þat sem meira er.
>
> [...]
>
> skilur tunguþing. oc asgeirsar þing ath jardareign steinar. ij. er standa j asnum firir nordan forna logrett. oc þadad rettsýni ofan j fornan farveg vididalsár oc austur or steinunum Rettsyni j asgeirsaa. Suo Rædr griotskrida vpp j hafiall.
>
> [...]
>
> Þessa hluti lagde jon bondi hakonarson til vididalstungu kirkiu
>
> [...]
>
> er [þat j fýrstu) afrett fram fra kalldalæk ýzsta. Rædur firir uestan bergaa fram i bergar vatn. oc þadan rettsýni j hinu sýnsstu gliufrar drogh. þaa Rædr gliufræ, [vth j Eafnskardz a) enn þa rædur hun vpp aa fiall. jardareign [tungur allar millum kalfs) dalslækiar oc reydalækiar. vth ath hlodufalli oc halfs manadar teigh j eingi a hlodufalli. enn þa er lækinn þrýtur firer uestan Rædr midfiardarvatn oc or þui Rettsyni vpp j [kagadarholm) oc þadan j bessaborg vestanverda oc suo yfer j kalfdalsdragh.
>
> [...].[13]

Ekki hefur fundist máldagi fyrir Ásgeirsárkirkju úr tíð Ólafs Rögnvaldssonar biskups enda víða eyður í bókinni.[14]

Í dómi klerka frá 14. maí árið 1501, útnefndum af Gottskálki biskupi á Hólum um fjárrekstur á Víðidalstunguheiði, segir meðal annars:

> j anare grein dæmdum wer ath kirkian j uididalstungu skal æfinlega att hafua hingat til og svo eiga skulu nu obrigduliga hier epter sem hingat til alla landar eign. holma. eyiar. recka. at ollu til teknu sem registrum kirkiunar aa holum og tungu kirkiu ini hallda og grimur war nu fyrer stefndr og gogn og vitne þar wm baru og allar adrar fasta eignir tungu kirkiu sudur. austur. nordur sem

[13] Skjal nr. 2(154).
[14] Skjal nr. 2(65).

vestur. huar þær eru til yztu endimarcka uid anara mana lond og eignir. Ei sidr nu hedan af sem epter og fyrer faranda werid hefer og wera skal nu og æ sidan wera fiarrekstur a kirkiunnar heidi j tungu eigi sidr lambatollar. lamba elde med slikre grein sem registrum greinir og þau aa nefner. Utan hreps sem jnan þaa skal nu hier epter sem hingad til gialldazt att hafa og gialldaz skulu nu upp hedan suo og um adra tolla og tiunder sem at kirkiune til greiner.[15]

Þann 24. apríl 1527 keypti Teitur Þorleifsson Ásgeirsá í Víðidal, handa konu sinni Ingu Jónsdóttur. Fram kemur í kaupbréfinu að afrétt á Arnarvatnsheiði tilheyri kirkjunni á Ásgeirsá. Í því segir:

Þad giorum vier Þorsteirn Sugurdsson. Gunnar Jonsson. Jon Bardarson og Jon Grijmsson Godum monnum viturligt med þessu voru opnu Brefj. ad þa lidid var fra hingadburd vorz herra Jesu Christi 1527 ár sunnudæginn næstan fyrir Palzmessu. j Badstofunnj á Asgeijrsa j Vijdedal. vorum vier þar j hia saum og heyrdum á ord og handaband þessara manna Teijtz Þorleifssonar og Jngu Jonzdottur kuinnu hanz. ad so fyrir skildu. ad nefndur Tejtur Þorleifsson gallt og greijddi til fullrar eignar adur nefndri Jngu konu sinni gardinn jordina Asgeijrsa j Vijdedal. og þad Bued sem þar var samann komid vtann gards og jnann. kuika peninga og dauda. aller til skilder. enn onguer frá vndann tekner. vtann þeir peningar sem heilog kirkia á Asgeijrsa á. og þad xv^{c} j heimalandi. og viij malnitu kugilldi. fiordung j veijdikierum. halfann Nystada Reka. og Afriett á Arnavatnzheijdj. effter þuj sem maldaginn þar greiner. [...][16]

Á alþingi árið 1570, var staðfestur héraðsdómur um eignarhald á Víðidalstungu. Staðfestingin hljóðar svo:

Dómur vmm mal Sira Gudbrands Þorlákssonar. Er hann klagadi til Hóladómkirkiu [...]

J firstu dæmdu þeir þann dóm mindugann, sem dæmdur hafdi verid veturinn ádur a Økrum j Skagafirdi og jardirnar Vrdi og Vijdidalstúngu vera og verid hafa eign erfijngia Jóns heitinz Sigmundzsonar.[17]

Einhvern tímann eftir 1570 hefur Ásgeirsársókn verið sameinuð Víðidalstungusókn. Báðar jarðirnar voru í eigu Guðbrands biskups Þorlákssonar þann 24. janúar árið 1601. Í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar segir:

24. jan. 1601.

G. bl. 95 b–96 a. – H. Nr. 123.

Mille Asgeirsar og Tungu j Vijdudal.

Med þui gud hefur gefid ad þær badar jarder i Vijdudal Asgeijrsaa og Vijdudalstunga eru nu mijn eign og minna erfingia. þa vil eg ad s¤ agreiningur leggist af sem verid hefurþeirra jarda ¤ mille. þar fyrir gi¹re eg

[15] Skjal nr. 2(78).
[16] Skjal nr. 4(189).
[17] Skjal nr. 2(82).

þesse eignarskipte þar a mille. sem eptter fÕlger. J fÕrstu skal Asgeijrsaa eiga ellar eÕiar jtolulausar Asgeijrs¤rmegen. og alltt land þeim meigen Vidudals¤r. [...] þa skal hun [Tunga] eiga þar j stadenn j m¤nadar beit a vetur fÕrer fje j Asgeirs¤r land. Sømuleidis. med þui ad l¹nd og heidar beggia þeirra jarda liggia suo til samans. þa verdur þad ei sundurgreint. og gielldfie geingur j beggia þeirra løndum. þa gi¹re eg þar soddan skipte ¤. ad Tunga skal eiga alla lambatolla jnnan hreps. Enn Asgeijrsaa skal eiga alla tolla sem vtan hreps kunna ad gialldast. Enn kunni fie eptter ad verda j seinustu gøngum. þad ei finst eigandi ad. þa skulu þeir j Tungu og Asgeijrsaa skipta þui med sier til jafnadar. og fare þar med eptter laugum. Þessa skickan vil eg obridanlega halldast. Og til sannenda hier vm er þetta mijn eigen hond. Skrifad 24 Januarij. Anno 1601.

Gudbrandur Thorlaksson

med eigen hendi anno 1601. [18]

Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 kemur m.a. fram að kirkjan á Ásgeirsá eigi afrétt á Arnarvatnsheiði og ummerkjum lýst. Þar segir:

Kyrkian a Asgeirz aa

Hun a 20 hndr. J Heima landi / fiördung j Vydikierum / halfa Lina vpp fraa / þadan vid Audunarstada menn / Reka a gnystódum / haalfann vid reka / og 6 vætter af tvijtugum hual eda meira / afrett a Arnarvatz heidi / med þessum vmmerkium / austur a hraungard / So sem vótn falla vestur af / J millum vydedalz aar og Óxnar fyrer Nordan / Enn hraungardurin fyrer austan / fugla og fiska / og allt þad sem til giæda er J Jórdu og aa J þessu takmarki / Kyrkian þar a gaflkot / er Teitur gallt kyrkiunnj / Sydan var hun vnder Hola kirkiu til þess eg keypti hana / annad a Su kirkia eckj / huorki kw nie aa og lyggur inn til Tungu med þeim 3ur bæium Sem þangad hafa leigid fyrr meir nema þar er haalfkyrkiu skylda.[19]

Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590, er varðveitt lýsing á landamerkjum Víðidalstungu, fjárrekstri í Víðidalstunguland og Víðidalstunguafrétt sem er sögð vera eign kirkjunnar. Landamerkjum er lýst. Skjalið hljóðar svo:

Vydudals tunga B. eign Kirkiu þar [Kirkiu þar, með öðru bleki]

Hun a þridiung J heimalandi og J tinda hraune / Rædur landeign vydidals tungu fyrer vestan fitia / hinn vestasti farvegur / allt nedann frä hruta nese / hiaa asgeirsaar melum / alla leid og so vp J Eyiar Syk / og so Eyar Syk vppa torfnes / og so J mids morguns hol / fra Suolustódum / Þadan J Suolust. steina / Þadan J hest hol / og So sudur epter tungu aas / Sem sier heiman fraa valldar aase / og þadan Riett syne / a vestan vert sandhollt / og þadan J Bot um tiarnar

[18] Skjöl nr. 2(130).
[19] Skjal nr. 2(113) a-b.

> Hölakvyslar / Sydan Rædur hun ofan J Fitiar / Þadan Rædur fitia aa / a alla leid / sem hana dregur leingst austan af sóndum / Rædur vr hruta nese / forne farvegur vydudals aar / hinn austasti fram til varma lækiar / Þa Rædur varma lækur vp J dróg / og þadan J bliks vórdu og þadan J geilar botna / og þadan J hestagilsbotn / hinn sydra / og so Rædur hestagil ofan J vydudals aa / Rædur vydidalsaa þadann fram til kvysla / þa rædur su stæsta vydidals arkvysl Su er ofan fellur / fyrer Nordann sandfell / og So austur a sand Sem Leingst dregur votn ad.
>
> Er fiarrekstur J vydidalstungu Jord vm allann hreppinn vt ad gliufraa / og marka lomb af Rekstri til þess ad eru sextyger / og so med sama vp þadann epter þui Sem vrskurdar bref hrafns logm. og stadfestu bref Þorsteinz Lógmans þar vm gión votta / Kirkian a þridiung J veidi fyrer heima landi / fiordung veidi J steinkierum / alla veidi J midkierum / streing / forse / og
>
> kiera flioti / fiördung J veidi J fitiar / ofan fraa kierum / þridiung J trie kier / J vydidalsaa / er Jon Bondi Hakonarss. Hefur til lagt / enn huarf a fimtung / en heima land J tungu þad Sem meira er / Jtem a kirkian J vydidals tungu afriett / fram fraa kalldalæk ysta / Rædur fyrer vestan Bergaa / framm J Bergarvatn / og þadan Riettsyni J hinu synstu gliufrar dróg / Þa Rædur gliufraa vt J Rödu skardz aa / þa Rædur hun vppa fialli. Jtem kirkian a tungur allar millum Kaalfdals lækiar og Reydalækiar vtan ad hlódu falle / og haalfs mänadar eingiteig a hlódufalli / enn þaa lækien þrytur fyrer vestann / Rædur midfiardar vatn / og vr þui Riettsyni vp j kagadar höl / og þa<da>nn J Bessa borg / vestan verda / og so yfer J Kaalfdals dróg. Þetta a kirkian J Rekum / So Sem maaldagar Höla kirkiu votta / allan vidreka fyrer Þreme / Saudadals aa / Illugast. og geita felli / haalfan vidreka a Sydristópum / enn fiordung fyrer ytri stópum / hualreka fyrer óllum þessum Jórdum / epter þui Sem Jórdunum hefur til borid / og Jon Hakonar son vard eigandi ad epter þui Sem godra manna skilryki þar vm votta.
>
> Alla þessa Reka miste kirkian J tungu / aa medan hun var J annarlegum hóndum / So þeir hafa eckj aptur naadst nema fyrer stópum og geitafelli / þui þad eru bænda Jarder / enn fyrer Þyngeyrar Jordum / næst þad eckj / þui þar næst huórki lóg nie Leidrietting. [...].[20]

Í Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, er varðveitt bréf, dagsett 24. janúar árið 1601, þar sem eftirfarandi kemur fram um réttindi Víðidalstungu og Ásgeirsár á Víðdalstunguheiði:

> Sømuleidis, med þui ad lönd og heidar beggia þeirra jarda [Ásgeirsá og Víðidalstunga] liggia suo til samans, þa verdur þad ei sundurgreint, og gielldfie geingur j beggia þeirra løndumm, þa giöre eg þar soddann skipte á, ad Tunga skal eiga alla lambatolla jnnann hreps. Enn Asgeijrsæ skal eiga alla tolla sem vtann hreps kunna ad gjalldast. Enn kunni fie eptter ad verda j

[20] Skjal nr. 2(112) a-b.

seinustu gøngum, þad ei finst eigandi ad, þa skulu þeir j Tungu og Asgeijrsæ skipta þui med sier til jafnadar, og fare þar med eptter laugumm. Þessa skickan vil eg obridannlega halldast. Og til sannenda hier vmm er þetta mijn eigenn hond. Skrifad 24 Januarij. Anno 1601.

Gudbrandur Thorlaksson

med eigen hendi anno 1606.[21]

Í vísitasíugjörð að Víðidalstungu þann 27. ágúst 1679 segir að kirkjan þar eigi reka á Stöpum og „þad annad fleira sem Visitatiubok H. Gudbrands umgetur,“[22] þ.e. máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590. Sjá hér framar.

Um Víðidalstungu, segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706:

Kirkjustaður og annexía til Breiðabólstaðar.

Jarðardýrleiki lx [60] hundruð, og þar að auk hjáleigur þær, sem teljast fyrir heimalönd og kirkjueign, reiknaðar til samans fyrir xxx hundruð, so að þeim meðtöldum er dýrleikinn allur níutíu hundruð.

Eigandinn er hr. Lögmaðurinn Páll Jónsson Wídalín hjer heima. [...].[23]

Um Víðidalstunguafrétt, segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706:

Afrjett á jörðin í sínu eigin landi, þann er sveitin brúkar öll, og geldur toll af til landsdrottins, eitt lamb af rekstri.

Annan afrjett á jörðin á sunnanverðu Víðidalsfjalli, millum Róðuskarðsár að austan og norðan en Kaldalækjar ysta að vestan og norðan. Hún hefur að fornu brúkast fyrir hross og geldnaut, en síðan penínga þurðaði brúkast lítt eður ekki.[24]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur fram að Stóra-Ásgeirsá eigi selstöðu í Víðidalstungulandi og lambaupprekstur á Víðidalstunguafrétt. Þar segir:

Selstöðu á jörðin í Víðidalstúngulandi, þar sem heita Haugakvíslir, og sjást þar enn tóftirnar þar sem heitir Asgeirsársel; það hefur aldrei brúkað verið í manna minni.

Lambaupprekstur á Víðidalstunguafrjett for [svo] toll ut supra.[25]

Þann 24. maí árið 1706, lögfesti Páll Jónsson Vídalín, lögmaður sunnan og austan, eign kirkjunnar að Víðidalstungu, bæði land og landsnytjar. Lögfestan var upplesin að Víðidalstungu samdægurs og hljóðar hún svo:

[21] Skjal nr. 2(130).
[22] Skjal nr. 2(114) a-b.
[23] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 229-230.
[24] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 230.
[25] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 239-240.

Jeg Paall Jonsson Widalin kongl. maj[ts] lögmann sunnann og austann á Jslande lögfeste hier i dag eign kirkiunnar ad Vydedalstungu þá er Kalfdalslækiar Tungur heiter, og liggur i millum Kalfdalslækiar og Reidarlækiar. Rædur fyrer vestan Reidarlækiar hinn vestaste forne farvegur framm allt til Midfiardar vatns, s[unn]an rædur midfiardar vatn þar til ad úr þvi er riett syne upp i Kagad[ar]hool, og þadann i Bessaborg vestann verda, og so yf[ir] i Kalfdalsdrög. Sidann rædur Kálfdalslæku[r] fyr[er] austan, og þad nordur ad hlödufalle En [nor]dur fra Hlödufalle rædur hinn forne farvegur Reidarlækiar, móts vid þoreiarnups menn allt nordur i tungu spord, og so hid sama ad austann verdu Kalfdalslækur allt nordur i tungu spord. Logfeste eg innann þessara akvedenna takmarka akra og tödur, Eingiar og skóga, holt og haga, votn og veidestade, og allar landsnytiar, þær er því lande eigu ad fylgia, ad þvi einu fráteknu ef reinast kann med löglegum bevisingum, ad kirkiann á Breidabolstad eige halfsmanadar einge teig a hlödufalls einge. Logfeste eg bæde ad ordfullu og lögmále Riettu, ad vitne allra þejrra sem ord mjn hejra.

Þad vitnum vier underskrifader, ad hr. lögmadurenn Paall Jonsson Widalin las þessa lögfestu hátt og skilianlega, kyrkiusofnudenum áheyrande ad Vydedals Tungu þann 24. Maj Anno 1706.

Sveirn Gudnason meh

Biornn Þorlaksson egh | Þorarenn Jonsson egh.[26] | Tindur Jonsson eh

Páll Vídalín (1667-1727) var afkomandi Guðbrands biskups í beinan karllegg. Páll var sonur Jóns Þorlákssonar (um 1630/40-1695) lögréttumanns í Víðidalstungu, faðir Jóns var Þorlákur Pálsson (um 1605-1657) í Víðidalstungu, Þorlákur var sonur Páls Guðbrandssonar (1573-1621) sýslumanns og klausturhaldara á Þingeyrum en Páll var sonur Guðbrands biskups Þorlákssonar (1541-1627). Systir Páls Vídalíns, Kristín Jónsdóttir (1666-1732), var eiginkona Jóns Magnússonar (1662-1738) - bróður Árna Magnússonar (1663-1730) handritasafnara. Kristín og Sigríður (1671-1717), systir hennar og Páls, áttu Stóru Ásgeirsá. Sigríður var gift séra Magnúsi Magnússyni (1669-1720) að Hvammi í Hvammssveit, bróður Jóns og Árna.[27]

Í ævisögu Jóns Magnússonar (er var mágur Páls Vídalíns), eftir Grunnavíkur-Jón, segir frá deilu Páls Vídalíns í Víðidalstungu og Jóns þessa, er þá bjó á Stóru-Ásgeirsá. Árið 1711, þegar Jón var rekinn úr Vestfirðingafjórðungi fyrir sitt annað hórdómsbrot, fluttist hann til Páls mágs síns. Jón Ólafsson úr Grunnavík getur þess að hann hafi kennt sér að lesa og draga til stafs veturinn 1711-1712 en þá var Jón sjö vetra og nýkominn til Páls fósturföðurs síns í Víðidalstungu.[28]

[26] Skjal nr. 2(102) a-b.
[27] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII. Fylgiskjöl, bls. 345-351; *Íslenzkar æviskrár* I-V, Reykjavík 1948-1952.
[28] Jón Ólafsson, „Jón Magnússon“, *Merkir Íslendingar. Ævisögur og minningargreinar* IV. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík 1950, bls. 63.

Í ævisögu Jóns Magnússonar segir Grunnavíkur-Jón:

> Fór því norður að Víðidalstungu til mágs síns, Páls lögmanns, ég hygg það væri um haustið anno 1712, og kenndi þar sonum hans þremur og þremur öðrum kennslupiltum um veturinn 1712-13, en vorið eftir kom kona hans, Kristín, að vestan og hjú. Settist hann þá á Ásgeirsá, sem var heimanfylgjueign konu hans, og bjó þar í sex ár. 1714-15, þá Páll lögmaður var utanlands í máli sínu, hóf hann maalet um landamerkin milli Víðidalstungu og Ásgeirsáar. Því hélt Páll lögmaður hann ei hreinlyndan, að reisa slíkt að sér fráveranda. [...] Máltæki er: Köld er mágaástin. Þó veit ég það hæfi til þessa, að þá Páll lögmaður var utanlands um veturinn 1716 að gegna máli sínu fyrir hæstarétti við Odd lögmann, fór Jón Magnússon, þá búandi á Ásgeirsá, að lögfesta nokkurn part engjanna milli Ásgeirsár og Víðidalstungu og nokkuð af fjallinu þeim megin fram að Gafli. En ei varð meir af því. Þó hefi ég heyrt gamlan mann yfir nírætt, Björn Helgason að nafni, og uppalinn í Víðidal og lengst á Ásgeirsá, halda það ei öldungis órétt og hélt Jón Þorlákssson, faðir Páls lögmanns, hefði eigna[z]t fyrstur þennan engjapart Víðidalstungu; en þeir bræður, Þorlákur Pálsson í Víðidalstungu og Benedikt Pálsson á Ásgeirsá (ef mig rétt minnir), hreyfðu því ekkert, enda hafði þeim samið sem beztu bræðrum.[29]

Í hinni fræðilegu útgáfu Kristians Kålunds (1844-1919) *Arne Magnussons Private Brevveksling* birtast ekki öll bréf til og frá Árna Magnússyni.[30] Í þeirri útgáfu er einkum prentað það er snertir handrit og skjöl. Annars er innihald bréfa gjarnan endursagt af Kristian Kålund á dönsku og er meginástæðan líkast til sú að Kålund lést áður en hann gat lokið verkinu og hafa uppskriftir hans og minnsigreinar verið gefnar út að honum látnum.[31] Frá þeim árum er deila Páls Vídalíns og Jóns Magnússonar geisaði, eru engin bréf varðveitt á milli þeirra bræðra Árna og Jóns og séra Magnúsar, né heldur bréf frá Árna til Páls. Þó eru nokkur bréf varðveitt, frá þessum árum, sem Páll sendi Árna.[32]

Þar sem að einungis eru endursagnir hjá Kålund skal tilfært það sem segir um þessa deilu hjá Hannesi Þorsteinssyni (1860-1935) þjóðskjalaverði í *Æfum lærðra manna* en hann efnistók þessi bréf áður en að rit Kålunds kom út. Þar skrifar Hannes meðal annars svo um samskipti og mál Jóns Magnússonar og Páls Vídalíns, í æviþætti um hinn síðarnefnda:

> Það var Jón Magnússon bróðir Árna og mágur Páls, sem (1713) hefur ritað bróður sínum hitt og þetta misjafn um Pál, þar á meðal um þrætugirni hans og

[29] Jón Ólafsson, „Jón Magnússon“, *Merkir Íslendingar. Ævisögur og minningargreinar* IV. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík 1950, bls. 63, 67.
[30] *Arne Magnussons Private Brevveksling*. Kaupmannahöfn, 1920.
[31] *Arne Magnussons Private Brevveksling*. Kaupmannahöfn, 1920. Á bls. 670-671 og 673 í þessari útgáfu, má sjá endursagnir Kristians Kålunds á þeim skjölum sem finna má í AM 441 fol. (frumrit) en hyggilegra er að styðjast við sjálf frumritin, sem eru auðvitað fyllri og greinarbetri, en endursagnir Kålunds. Því mun efninu úr AM 441 fol. verða gerð nánari skil.
[32] Skjöl nr. 2(168) a-b, 2(169) a-b, 2(170) a-b og 2(171) a-b.

ágengni hans á Ásgeirsárland, en Jón bjó þá þar. Hafði Páll viljað að kona Jóns (systir Páls) skildi við hann, er hann varð fjórðungsrækur, og það mislíkaði Jóni. Segir hann í skýrslunni til Árna, að hann agti lögmann að engu, en hann hafi á sér illan mó niðri, síðan hann hafi ekki mátt ráða því, að kona hans (J.M.) skildi við hann. En Páll komst á þann hátt yfir þessa skýrslu um sig, eptir því sem hann skýrir Árna frá á sérstökum seðli, að þetta bréf Jóns hafi átt að fara með Húsavíkurskipi, en ekki náð því, hraktist svo aptur, og barst svo í hendur Páls, að það var rotið allt á annari hliðinni [hefur eflaust verið opnað, því að Páll hafði verið sagt, að sitthvað mundi vera í því, sem honum kæmi óvart.] Smokkaði svo Páll bréfinu úr þessu hálfopna umslagi, er hann segir, og það einu sinni, stakk því svo inn aptur, og lét senda það bréfritaranum (J.M.). Kveðst hann geta svarið þess eið, að hann hafi ekki rifið eða opnað umslagið hið allra minnsta, heldur hafi það opið verið á annari hliðinni, og segir, að vitni viti það, er hann hafi sýnt það [en P. hefði líklega ekki orðið hjartveikur af því að rýmka dálítið opið á svo merkilegu skrifi um sjálfan hann, og því lítt að marka, hvað hann afsakar fyrir Árna]. Svar Páls gegn þessari frásögn Jóns er í AM 441 fol. í 25 atriðum, en virðist þó vanta eitthvað aptan af, og er óárfært, en mun vera frá 1714. Hefur hann sent Árna þetta svar sitt, sem er allmerkilegt skjal. Þykir P. það hart, að þetta skuli hafa verið sent þeim eina manni (A.M.) sem hann vissi, að af heilum huga ynni sér vel, og verða þannig ofan á ofsóknir fjandmanna sinna að slík meðmæli (!) af þeim, sem hann hafi „ástundað að gera gott, og umyrðalaust þolað fleira en eitt illt og öfugt hans vegna“ [þ.e. J.M.]. Hafði Jón borið P. illa söguna í öllum viðskiptum hans við sig, og að enginn væri sér verri en hann, beitti yfirgangi á land hans, og vildi svæla undir sig og Víðidalstungu mikið af Ásgeirsárlandareign. Páll ritar langt málum þessa kæru Jóns, og er þar vikið að ýmsu, sem er nógu einkennilegt, en er oflangt til að skrifast hér. Meðal annars kveður Páll það satt muni vera, að Jón þurfi hans ekki við, enda megni hann (P.) lítils, og því síður þurfi hann sín við, ef flestir sér betri „en þegið mundi verið hafa í vor eð var millum krossmessu og fardaga, ef eg hefði getað assisterað húsholdningunni, og ekki var það lítið til baka sent sem eg lét þangað færa“. En mest er þetta um landaþrætur þeira máganna. Þykist Páll ekki geta gert Jóni til hæfis, hvernig sem hann leitist við það (!) o.s.frv. Síðar hefur Árni skrifað honum að vera ekki í þrætum við mága sína og lofar Páll honum góðu um það í bréfi 9. sept. 1715 (s.st.) skömmu áður en hann sigldi.[33]

Varðveitt er óársett bréf frá Páli Vídalín til Árna Magnússonar, sem talið er vera frá árinu 1713. Í bréfinu kemur ýmislegt fram um eignir og réttindi Stóru-Ásgeirsár, með fleiru. Bréfið er svohljóðandi:

Medal þess margs sem nu amar ad mier, er þad, ad nu hefia brædur ydar tilkall ä Landzparte mille Asgeirsär og Lækiarmotz, sem þeir uilia Asgeirsä eigna, og uilia eg skule hann lausann läta effter þeim Vitnisburdum sem þeir

[33] ÞÍ. Skjalasafn ÞÍ. KA/50. Ævir lærðra manna. Páll Vídalín, bls. 124-127.

hafa 3. Einn dat. 1651, annann 1661, þridia 1662 ad mig minner. Nu hefe Eg fyrer lóngu boded þejm, ad vid skylldum läta menn skoda þetta, og hugleida huad þeim þætte lijkast til Riettinda, þeir hafa alldrei gefed sig ad þuj fyrre enn nu, enn þö, ne dicantur occasionem arripere hafa þeir ei helldur til þess nefnt neina menn, alleina skodad þad siälfer og þykiast nu uist eiga Landzspottann. Jeg hefe og Skodad merkenn nu i uor, og ætla minna formanna hefd mune eige synast olijkare til Riettra merkia. Er þad og uist ad i 51 är hafa Äsgeirsärmenn alldrei haft þetta land, og enn þä eckji þar fyrer i 20 är, þegar Arne Dadason (sem eiga uillde sitt) biö ä Äsgeirsä og ätte hana, enn Eckia biö ä Lækiamöte þar til Olafur Þorualldsson quongadest, og Eignadest Gudrunu dottur Eckiunnar. Eru nu sidann 61 är, og alldrei treistest Arne til ad hafa þetta til laga. Fadir minn reinde til þess so uidt, ad menn skodudu landed, og þöttust ecke geta dæmt þad frä Lækiamöte. Eingenn acta eru til umm þa Skodun Enn Olafur Þorvaldsson var þä ä lyfe, og allt sidan hafa Lækiamötzmenn hallded þessum Spotta. Enn Olafur dö i arfe effter Þorkel Gudmundsson 1661 in Novembris. Þörukot partur af Asgeirsä var fyrst bygt umm þetta bil, og hefur sidann bygst ongefer 50 ar, og þo uar alldrei þetta land haft. Nu synest mägum minum Þorukot ei mune byggiast, nema þeir fäe þenna Spotta. Enn eg meina þad meige byggiast einsuel umm komandi 50 är än þessa landz, eins og þad bygst hefur þau lidenn 50 är. Enn fyrer ollu þessu bijd eg enn þad sem adur hefe boded. Nefnum uær göda menn til ad skoda landed adra enn sialfa oss [bl. 305v] fyrst sitt list huerium þeirra, og þa skal eg laust lata ef þeir dæma So eige ad uera, enn uillde magar miner liete hialijda äföll þau, sem nu ä eg uid ad ausa adur þetta greinist, alla þa stund af 17 ärum sidann fader minn andadest, sem vandalauser attu Lækiamöt, hafa þeir þagad umm þetta, og sidann eg eignadest Jordena hafa þeir ecke gefed sig til ad skoda Jórdena fyrr enn nu. Nu uil eg ecke läta heimta þad af mier döm laust medann eg er i beiglum þessum, og þad mis lijkar þeim störlega. Ónnur misgreining er ä millum ockar Jons Magnussonar um qvikfiär isettning i Äsgeirsärland. Hann byr ä 40 hndr. Mun hafa i landenu nockud yfer 60 hndr. Quikfiar og þeir i Þorukote under 20 hndr. qvikfiär, og so ä Litlu Asgeirsä ei minna enn 20 hndr. qvikfiär Min lond liggia ä bädar sijdur ad Sunnann og Nordann fiall fyrer austan, ä fyrer uestann. Nu hefe eg beded Jon ad läta ei Þorukotzmenn setia so öhöflega i landed, eg uillde ei ä þeim 10 hndr. þola meir enn 12 edur 13 kug. og eingenn Suor fenged nema ófug ein, quedst hann fara med sina Eign sem hann ætle sier. Jeg uil ecke meina þad enn uil höf sie ä ad beita min lónd i öþacklæte. Þui uita menn ad ei bera 60 hndr. yfer 100 kug. Tandem taladest þad til ad eg baud honum mitt land þeim meigenn 12 hndr. og skyllde þad bygging heita, so eg eckj liete so i trässe uid mig bruka lond min. Leigann af þeim 12 hndr. lands skyllde uera 5. aurar, sem huerke mun eg heimta nie taka, og þyker þad lijtilsuert ef eg giæte þar med keifft af mier þad foragt ad lond min seiu hofd i öþacklæte, og eg mæte ei nema ófigu einu, þott med hægd til þess tale. Nu læt eg þad gott ad sialfur hann hafe 60 hndr. qvikfiär i sinum 40 hndr. og minum 12 lands. Enn hitt er þar med eckj

læknad ad Þorukot setur 20 hndr. qvikfiar i 10 hndr. land, og af þessu er Jon So reidur ad eg Veit ecke huad urspinnast a Umm Litlu Äsgeirsä þeige eg, þui eg mæte þar gödum ordum. Eg hefe alldrei misgreining att umm slikt vid Näbua mina. Sialfur hef eg 90 hndr. land til abyliss og ecke þar i yfer 80 hndr. qvikfiär. Gióre eg þad til þess ad ecke skule Nabuar quarta þurfa umm misgáng qvikfiär þeirra og min ä þeirra land. Þridia agreiningz efne er þad, ad i Vor þegar eg var Nordur i Skagafyrde [bl. 306r] uid Commissions Erindenn, Sende Jon Magnusson framm a heide ad leita effter Alfftar Eggium. Lijted fannst, og munar þad huerigann. Enn eg uisse þess aungvar voner. Þegar eg heimkomenn spyr hann umm þetta, synde hann mier Copiu af Asgeirsar maldaga ur Hölabökum. Sa Maldage eignar Asgeirsä þad land ä heidinne, sem hann sagdest hafa leita läted. Enn minn Mäldage sama biskupsins og ad mig minner Sama ärsins, eignar minne jordu ad uisu 2 hlute sama landz, so ömógulegt er ad bäder gete stadest. Enn þad er uist ad i full 200 ar hafa Vydedalstungumenn haft þetta land enn Asgeirsär alldrei þad eg tilueit. Enn Selstódu og afriett fyrer gielldfie og hesta hefe eg heyrt ad Asgeirsä uære eignad i þessu takmarke, og þar mæle eg ecke ord ä möte. Þeir hafa og eige i tid fodur mins nie minna gollded hingad fialla toll, og ætla eg þad i þui afrettar Nafne uera. Enn Egg uer edur fugla edur Silungsueide hefe eg alldrei fyrre heirt nie uitad þeim þar eignada, og alldrei þeir haft i 200 är til uissu. Nu þyker mier eckj gott ad so take menn af mier öadspurdum öviduórudum og övitande, allt, i verr enn öþacklæte, Þykest og ecki fyrer enda siä huar slikt uilie Stadar nema. Nu hefe eg merkt hann uilie kalla til afriettar tolla af þessu lande sem þö eru einge dæme til. Þui umm alldur hafa þeir hingad golldest og so segia skiól min satis diserte. Jeg hefe beded Jon ad taka ecke þannenn af mier domlaust. Nu ueit eg ecke huad hann giórer, enn hitt ueit eg, ad Syster min letur hann ecke. Ecke þore eg effter iafn alldra mäldaga minum ad taka Rekana sem Þingeyra menn hallda, nie heimta þau Lambafödur sem same Mäldage minn seger mig eiga. Huer ueit nema Jon Magnusson effter sama Maldaga heimte og kirkiu tiunder og liöstolla af þeim bæjum sem ad fornu hafa leigid til Äsgeirsär, medann þar voru tider ueittar. Enn [bl. 306r] Samt fyrer óllu þessu gióre eg J.M.S.til hægra uerka þad lijted sem eg megna, þui Skyllda min er ad minnast ydar, minn Herra og trygdareinde Velynder.[34]

Varðveitt svo til samhljóða bréf því bréfi sem fyrr getur.[35] Þessu bréfi fylgir þó greinargóður uppdráttur.[36] Skýringartexti fylgir uppdrættinum, og hljóðar hann svo:

Vydedalsfiall

melracka dalur

lækiamots tagl

[34] Skjal nr. 2(168) a-b.
[35] Skjal nr. 2(169) a-b.
[36] Skjal nr. 2(170) a-b.

nordur >
<sudur

merkigil

hingad allt ofann er eingenn Controversia enn vid þessa þria farveige deilest

merkigil i Skridur þar sem ..... hætter mesta Snarbrecka fiallsins.

hier er floi flatur og siast lijtt farvegir enn eru glóggver allt nidur til floans.

Þenna farveg vilia þeir lata merke vera

Þenna farveg helld eg landamerki

Þenna farveg hallda huoriger merki.

Lækia mot Þorukot
Asgeirsaa

Þetta er landspottinn sem þeir vilia eiga

Vydedalsa Vydedalsa.[37]

Varðveitt óársett bréf frá Páli Vídalín til Árna Magnússonar, sem talið er vera frá árinu 1714. Bréfið er langt og ítarlegt og í raun greinargerð í 25 liðum. Efni bréfsins snýst í meginatriðum um Stóru-Ásgeirsá og þær þrætur sem framar eru raktar. Í greinargerð Páls segir meðal annars eftirfarandi:

> 1° [...] Anno 1710 Eignadest allt Lækiamot og betalade sidasta Pening andvirdesins In Martio 1710. Þad sama vor a Manntals Þinge Logfesta Jeg Lækiamot til um merkia, under ejns og Jeg lyste Eign minne a Jordu þeirre, og var þa Jon Magnusson buande i Budardal, Enn ecke hejma hia mier ad kjenna bórnum mjnum, So eg giet ecke Skilid ad þad giete virdst giort a bak vid hann, So þar um meige exclamera: en Fidem hominis. Enn af þvj Jeg hafdj þa eige þetta land giorskodad uppe vid Fiallid, þa til þess ad eg Skyllde

[37] Skjal nr. 2(170) a-b.

einga aseilne syna i minne logfestu Stendur þar So. Fyrer Sunnann mots vid Asgeirsaar land rædur lækur Sa er rennur af Hafialle eptir Merkegile, og Sidann Merkegil þrijtur ofan i Vydedalsaa eptir þeim farveg Sem lond a ad Skilia millum Asgeirsaar og Lækiamots.

[...]

17° Um landid a heidenne Skrifade Jeg i fyrra ad eingenn munde vita ad i 200 ar hefde Asgeirsaa þad haft, framar enn frj Selstodu og afrett frj fyrer Sinn Eigenn Pening, og ecke veit eg enn Nu betur enn So skule rejnast, Þuj ad fyrer þa tid sem fader minn Eignadest Asgeirs aa, munu þess Eingenn dæme ad Asgeirsaae Menn hafe þar haft Egg nie Fugl, hris nie Silungs, excepto elledvidar hris til Selsins þarfa. Og þuj Skil eg ecke huornenn relationen seiger ad hefdenn ecke sie nema fra Andlate faudur mins, Afrisningenn sem hann fylgia liet, er giord af honum sem alldrej hefur landid sied med eigenn augum, þo lætur hann i Aungvo so fiærre sem i Skomtum þess Reitarins, er hann lætur Sig fortryda ad Eg mier eptir minum Skiolum eigne, hann er giordur þar ærid naumur, og þott hann finde ad hveravotn eige sieu sem Giete [bl. 380r] Varmalæk Nafn giefid þa ætla Jeg ad kalda versle mune duga til þess Eins vel hier sem kelldan hia Varmalæk i Borgarfÿrde. Hitt er ecke Nÿtt ad menn a Vorum dógum hafa breitt Nófnum bæde a lækium og odru. So heiter Nu Asgeirsbrunnur hier a Fiallenu sem a dogum seinustu Þorlaks Palssonar faudur faudur mins feck nafn af Vinnumanne hanns sem þa qvongadest er brunnurenn tok nafnid, og lifde Asgeir allt framm under þad eg var fæddur, edur kannskie þa eg fæddest. Nu fyrer þrem arum heirda eg fyrst Nefndann Asgeirslæk, þad sem fellur ur Asgeirsbrunne og otal er soddann, þott Jone þyke merkelegt ad sum af Ørnefnum þeim Er Maldage minn nefner a Fiallenu Skule nu annadhuort Okend edur odru vis kollud, Enn rata munda Jeg a oll, ef a þad skal Rejna [Úti á spássíu: Þott honum þÿke Jeg hafa okunnugliga til Svarad, Enn mun þuj eige vallda meiga Okunnuglejke hans a lande þvj sem hann alldrj Sied hefur.] Ætla Jeg eckj beidast þess med orettu ad Jon demonstrere þad Asgeirsaa hafe Nockurn tima þetta heidarland haft fremur enn eg hefe Sagt um Sel og Eigenn Qvikfiar Gang, og þo alldrej Selstoduna brukad I manna minne. Þo mejnar hana Eingenn nær þeir vilia þuj Su traditio hefur vigerad æfenliga.

18° Þad sem relationen seiger Jeg hafe bemegtigad mig i fyrstunne allt heidar landid, Skil eg eckj Þuj So sem eg helld þuj enn So hafa þuj miner formenn halldid, So leinge sem menn geta minne til rakid og mier Vitanligt er.

19° Og lios eru ord minna Skiala ad fyrer Fiarreksturenn a afrettena Skule til VydedalsTungu tollur gialldast, og So hefur hann golldest Inn til þessa dags þad leingst eg hefe Spurn af, kann þo Eingenn þuj ad neita ad eige gange þad afrettar fie Jafnt yfir þad land Sem Jon Eignar Asgerisaa þar a heidenne, Sem

yfir adra reite þessarar Jardar lands, og munu Eingenn dæme til finnast ad nockur madur hafe þar fyrer toll til Asgeirs ar golldid fyr nie Sidar allt til þessa. Enn nu fer þad eckj hliott ad i haust mune eiga ad kalla fra mier afrettar tollana. Jeg veit ecke huort alla, edur halfa edur hvad marga, hefur þad og verid vid mig halftalad og þo eige med Skÿrum ordum. So ad enn seige jeg ad eg ecke Skjlia þykest hvar soddann tilkóll eige Stadar ad nema, og kemur mier þetta miog Ovórum, ef Eingenn Skiól min og Eingenn hefd Skule mier duga mot so Vilia Mjklum Näungum.

[...]

25° Nu þar sem eg sie og Skinia þessa mina So margfallda Skylldu, og margfallda naudsÿn, þuj munda eg þa eckj bera mig ad hennar ad giæta, og giæta Skal eg hennar med, guds rade, So alldrej Skal eptir mier med sónnu finnast ad magar mjner hafe tilefne rett yfer mier ad klaga. Fra þeim hefe Jeg huorke tekid, nie leitast vid ad taka, Sidann med oss var arfe Skipt, og þa voru aller äsätter. Nu taka þeir til ad kalla i mjnar hendur, eptir þuj eina, sem i 70. ar, og þuj odru sem i 200. ar hafa þeir alldrej hallded [Úti á spássíu: övist huort nockurn tima hafa þeirra formenn hond a haft, Enn alldrej hefur þad vered ad mjnu vite] huornenn a Eg ad Skicka mier i þessu? hefe eg þa eckj giort sem Ærligur naunge ad Eg byd þeim, latum goda menn athuga þetta, þegar Einhver ende er ordenn a þeim ofsoknum sem nu ganga yfer mig, ad mier er einkis rettar von. Giefed mier Stund a medann, og takid nu eige af mier domlaust, þad sem Jeg hefe i possession so leinge. Vel mæled þier minn herra, og sama bid eg, Gud kenne mier þau bestu rad. Enn giefid mier lof til, Minn herra, ad Spyria ydur um. Hvad eru ydar rad i þessu efne? a Jeg laust ad lata hvad sem mägar miner kalla til, þott eg vite þad sie mitt? A jeg laust ad lata hvad sem þeir kalla til, þott eg ætle ljkara þad sie mitt enn þeirra? A eg laust ad lata hvad sem þeir kalla til þott mjer synest eins vist ad þad sie mitt sem þeirra? og allt þetta epter þeirra ejntomu tilkalle so þad Skode aungver adrer menn? Ef eg visse Ydur, Minn herra, være þa til vilia giort ad yferliete magum mjnum einn Jardarpart, sem huor madur visse ad Eg ætta, þad være Skyllda mjn Ydur til hlydne og Þacklætes ad giora, og huorge nög til þess. Enn ad þeir Skule af Jordum mjnum under sinar Jarder, so sem i Skylldu nafne, take þad sem mjnar Jarder legge [strikað yfir: sidann] i þa rird ad þær þyke sidann valla i helmings verde, Þad veit Jeg ad fiærre er Ydar vilia, og veit eg ad eckj þyke ydur mier soma, ad lata fra mier i Skylldu Nafne of Oþacklæte taka, þad sem Jeg att hefe i roligre posession sumt full 50. sumt full 200. ar. Værud þier Minn herra Innann lands, Yrde eg gladur ad þier Skodudu lóndenn, Enn hvar er nu kostur a Ydar ljka? Gud miskune mier sinne motlættre Skepnu! og vist er þad ad af ollu megne Skal eg Stunda So til ad Sia, ad aungva hafe mägar mjner orsok til yfer mier ad qvarta og gud veit hvad giarnann eg Villde Jone Ms. hafa til þægdar gjort ef þad være vel þeigid, og huornenn sem þad er þeigid þa lætst eg þo nockrum sinnum syna lit a þuj, og enn Skal So vera med guds adstod og rade, Enn þad er ej i mjnu vallde ad

giora lucku mjna So goda ad eg megne honum Þoknan ad gióra, þa er honum þyke þocknan i. Eg hefe nu verid margordare enn mig varde, Þujad angræde mitt af þessare qvisl mins motlætes getur eckj flotid framm i fäm ordum. Gud late mig þa nad i auglite sjnu finna, ad þier, minn trufaste herra og Velunnare, Skiptid þo eckj giede vid mig af þessum efnum, medann þier erud ecke framar komner ad raunenne, enn af þeim sógnum Sem hingad til hafa ydur a mote [bl. 382r] mier refereradar verid, og til þess forlæt eg mig i drottins Nafne, honum eru [eru, ofan línu] kunnig min malefne, i þessu So vel Sem odru. Skal eg eckj mælast undann ad godgjarner menn yferskode þessar akiærur Mäga minna, þegar Eg giet Vidsnuest, Enn nu bid eg um dilation a medann eg a vid so mórgu ad Snuast. Edur hvada Skada Skÿlldu þeir sia sier af þeirre bid, sem allt fra anno 1695. aungvann fundid hafa. Hefdina vilia þeir seigia, hvad mun Su hefdenn so farra ara gieta orkad, ef oll hin undannfarna Skal alls ecke megna? qvid igitur? bagara verde ad sækia mig ef gud retter mig vid aptur undann þessum afóllum, hvernenn ma þad verda bägara þar sem Jeg giore mig Liufann til ad lata þad koma til Skodunar? Edur mun gud so hafa Svipt mig Vitenu ad Eg mejne mig munde þa eckert gyllda um ydar godvilld, ef hann giæfe mier nu lucku til med ydar dÿgdafullre adstod ad rettast undann Uppafóllnum ofsoknum? Drottinn vidhallde Ydur i heidre og glede, til hans forlæt eg mig og til Ydar reindrar æru og Stódugrar dÿgdar, Eins kann mägum mjnum ad missynast i þeirra Eigenn sók, so sem mier edur ódrum mónnum.

Verid blessader um æfe og Eilifd. Minn trufaste herra og Velynder.[38]

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. maí 1748, kom til tals um afréttarforsómun á Víðidalstunguheiði og voru sveitar innbyggjarar aðvaraðir um að reka fé sitt á afréttina. Af þessu tilefni, var eftirfarandi fært inn í dómabók sýslunnar:

Anno 1748 þann 14da Maji ad settu manntalsþínge á Þorkelshóle, voru til þíngvitnes nefnder, Hallur Jónsson, Teitur Hallkelsson, Sigurdur Bjarnason, Arne Biarnason, Nicolaus Halldorsson, Sæmundur Sigmundsson, Bergur Biarnason, Gunnlaugur Einarsson. Þar efter ad teknu manntale kom til tals umm afrettarforsomun á Wídedalstúngu heide, sem ábúendur þar hafa umm kvartad, ad sumer hreppsmenn giördu þar á ad vísu god skil, enn þar í mót væru sumer sem forsomudu ad Reka á afrettena sitt fe, Eyrnenn fiallskil ad sina og afrettar toll ad giallda, þar þó vitanlegt er ad Widedalstúngu heide er lögafrett fyrer allann hreppinn. Advarast því sveitarennar ynnbyggiarar, ad þeir sameigennlega Reke sitt fe til afrettar. Eyrnenn gód skil ynna af hende, umm fiallgaungur og fialltolla betalíng Efter þui sem lög tilhalda, og hreppstiórar giöra Rád fyrer.[39]

[38] Skjal nr. 2(171) a-b.
[39] Skjal nr. 2(83) a-b

Í Vísitasíubók Halldórs biskups Brynjólfssonar er varðveitt vísitasíugjörð vegna Víðidalstungu, dagsett þann 19. júlí árið 1749. Eru þar raktar eignir og landamerki Víðidalstungu eftir gömlum máldögum. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Widedalstunga
>
> Anno 1749 þann 19 Julij in ordinaria Visitatione VelEdla biskupsens Hr Halldors Brinjolfssonar Var Kyrkiann ad Videdalstungu so asigkomen med Hennar instrumentis ornamentis Eignum og itókum sem filger.
>
> [...]
>
> Hun a Effter Maldogumm Audunar og Jons biskupa, Þridiung i Heima Lande, og i Tinda Hraune, og effter Sigurdar Registre, Kolugil, enn effter Peturs og Olafs er Landeign VidedalsTungu: fyrer Vestan Fitia ä, Hinn Vestaste farvegur allt nedann fra Hrutanese, Hia Asgeirs är Melum alla leid og so uppi Eijar syk og so ur Eijarsyke uppa Torfnes, og so i Midiann grishöl, fra Svolustodumm, þadann i Svolustada Steina, þadan i Hesthol so sudur effter Tungu äse, sem Sier Heimann fra Valdarase, og þadann Riettsyne sudur, a Vestannverdt Saudholt, og þadann i botnumm Tiarnarhola Kvislar sidann rædur Hun ofann i Fitia ä, Þadan Rædur Fitia a alla leid, sem Hana dregur Leingst austann af Sondumm, Rædur ur Hrutanese Hinn forni farvegur Videdals ar Hinn austaste, framm til varma lækiar, þa rædur Varma lækur uppi dróg, og þadann i bliksvórdu, og þadann i geilarbotna, og þadann i Hestagilzbotn Hinn Sidra, og so rædur Hestagil ofann i Videdals a, Rædur Videdals ä þadann fra framm til Kvisla, þa rædur Hin su stærsta Videdals är kvisl, su er ofann fellur fyrer Nordann sandfell, og so austur a sand, sem leingst dregur Vatn ad, Er fiarrekstur i Videdalstungu Jord, umm allann Hreppinn, ut ad Gliufraä, og luka lamb af Rekstri til þess er Eru Sextiger, og svo med sama upp þadann effter þvi sem urskurdar brief Rafns Logmanns og Stadfestu brief, Þorsteins Logmanns þar umm gior votta. Kyrkiann a þridiung i Veidi fyrer heima landi, fiordung i Veidi i Steinkierum, alla Veidi i midkierumm, bäsum, Streing, Fosse, og Kiera flioti, fiördung i Veidi I Fitia ä, ofann fra Kierumm, þridiung i Veidi i triekiere j Mid-dalsä, er Jon bondi Haconarson hefur tillagt, en Hvarf a fimtung, enn Heimaland i Tungu þad sem meira er. Item afriett frammfra Kaldalæk yrsta, rædur fyrer Vestann Borgä, framm i Borgarvatn, og þadann Riettsyne, i Hinu Synstu Gliufrardróg þa rædur Gliufur ä, uti röfuskards a, ennþa rædur Hun uppa fiall. Item i Jardareign Tungur allar Millum Kalfdalslækiar, og Reidalækiar ut ad Hlodu falle, enn þa er Lækinn þritur fyrer Vestann Rædur Ondfiardar Vatn, og ur þvi Riettsyne uppi KagadarHol og þadann i Bessaborg Vestann Verda og so yfer i Kalfdalz dróg – og þetta i Rekumm, allan Vidreka fyrer Þremi Saudadalsä Illugastódum og Geitafelli, Halfann Vidreka a Sydrum stópum, en fiordung

fyrer ytrum Stópum. Hvalreka fyrer Ollum þessum Jordum effter þvi sem Jordunni Hefur til borid.[40]

Þann 8. apríl 1777 ritaði Árni Þórarinsson á Lambastöðum á Seltjarnarnesi lögfestu fyrir Stóru-Ásgeirsá, ásamt Litlu-Ásgeirsá, og óskaði þess við sýslumann Húnavatnssýslu að lögfesta yrði lesin upp á næstkomandi manntalsþingi að Þorkelshóli. Um afrétt á Arnarvatnsheiði segir í lögfestunni:

> Afrett á Arnarvatnsheidi med þessumm ummmerkiumm: Austur á Hraungard sem vötn falla vestur af i millum Wididalsár, og Öxnár fyrir Nordan enn Hraungardur fyrer austann, og á Ásgeirsá, Fugla, Fiska og allt þad sem til giæda er i Jördu og a i þessu Takmarki. Hvöria mína hergreinda Lögfestu Eg byggi á authorizerudumm máldögumm, Lagaskiölumm og sterkumm gögnumm og bevísingumm, fyrir Asgeirsár landareign og herlegheitumm, sem Eg veit ei undanngenginn ad lögumm. Fyrirbiódande hvöriumm manni herepter í ad vinna edur í nockurn máta sier ad nytia, þessarar minnar fyrrtiedrar Eignar Land eda Jtök, ad vidlögdu tvöföldu landnáme og áverkabótumm, effter lögumm. Skal þessi mín Lögfesta standa nærstu 12 mánude, effter þad hún er löglega byrt og ef enginn innann þess tíma hana med lögumm og Rette uppátalar, gyllder hún frammvegis, sem annad laga skial, ásamt ödrumm Asgeirsár Eignar Documentum. Enn Eg bid þenustusamlega kongl. may[ts] Sysslumann i Hunavatns Sysslu Sr. Magnus Gislason hana á næsthalldande Þorkelshólsþingi ad upplesa og uppáskrifa. framannskrifudu til stadfestu er mitt underskrifad nafn ad Lambastödum á Seltiarnarnese d. 8. April 1777.
>
> A. Thorarenson.[41]

Þann 17. júní árið 1777, lögfesti Jón Ólafsson, varalögmaður norðan og vestan, Víðidalstungu. Getið er um landamerki og ítök. Lögfestan var upplesin fyrir manntalsþingi að Þorkelshóli þann 18. júní sama ár, og er hún svohljóðandi:

> Eg John Olafsson kongl. Maj[ts] Vice Lögmann nordann og vestann á Islande, lögfesti hermed eign konu minnar Jaurdina Wididalstúngu, med þar tilliggiande Jördumm, Eignumm og Itökumm, innann epterskrifadra Landamerkia: Rædur ad vestann landeign Wididalstungu fitiaa, hinn vestaste forne farvegur, nedann frá Hrútanese hiá Asgeirsár-melumm, allt upp i Hesthól, giengt klette þeim er Hestur heiter, ur Hesthól, uppá Tunguás, og so sudur eptir ásnumm, sem sier heimann frá Walldaráse, og þadann Rettsyni á vestannverdt Saudhollt, og þadann í botnenn Tiarnarhóla Qvislar, sídann rædur hún ofann i fitia-á, þadann rædur fitia-á alla leid sem hana dregur leingst austann af Söndumm. Rædur úr Hrútanese forne farvegur Wididalsár hinn austasti, bersýnelega liggiande med endelaungu móabardenu vestannverdt vid breckurnar, allt framm til Varmalækiar, þadann Rettsýni i

[40] Skjal nr. 2(113) a-b.
[41] Skjal nr. 2(229) a-b.

Steina tvo sem standa á ásnumm fyrir nordann fornu lögrett, og úr þeim steinumm sama máta Rettsýni til austurs uppi Giátunsá, þadan rædur griótskrida beint í austur uppá háfiall, og so sudur epter fialls Eggiumm, allt sudur i Giátunsá, þar sem hún fellur i Hvarfsgiá, sidann rædur Giátunsá, alla leid ofann til Steinboga, úr Steinboganumm réttsýni til Vesturs i milli Hvarfs og Dælis allt ofann i Wididalsá, Rædur Wididalsá þadann framm til Qvísla. Þá rædur sú stærsta Wididalsárqvisl, sú er ofann fellur fyrir nordann Sandfell, og so austur á Sand sem leingst dregur Vötn ad.

Lögfesti Eg Wididalstungu Land, tún og Engiar, hrísrif og haga, Vötn og Veidistade á Wididalstunguheide, so sem lengst dregur Vötn ad, nidur til Wididals eirnenn fugltekiu, Eggver og Rif-hrís á heidenne, samt þau hlunnende öll, sem innann fyrrsagdra Ummerkia finnast kunna; hvarunder falinn er Veide öll i Wididalsá, nedann frá Asgeyrsármelum, ad fráteknumm fimtungi í Trekeri til Hvarfs, sovel sem og Veidinn i Steinkerum, Midkerum, Básum, Streing, Fosse, Keraflióte og Fitiá ofan frá Kerum. Fyrirbýd Eg sóknarfolke til Wididalstungu kyrkiu, og öllum ödrumm, ad rida edur beita Tún edur Engiar Jardarinnar. Enn tilsegi öllum sem ummreysa, hvört helldur til kyrkiu, edur annara Erinda, ad þeir ride rietta götu um Túned. Enn ad vestannverdu frá Audunnarstödumm, eptir melunumm fyrir ofann Engiarnar, rietta þiodleid. Slíkt hid sama ad nordann frá Asgeirsá, rietta leid undir Breckunumm fyrir ofann allt Engiamark, efter þar umm gengnumm Domumm á Þorkelshólsþingi ádur fyrri kunnugumm og auglystumm. Framar lögfesti Eg Kambhols- og Kalfsdalslækiartungna-land, til þeirra rettu og alkendu Landamerkia, sovelsem og Land Wididalstungu kyrkiu allt framm fra Kalldalæk ytsta, sem nú er kalladur Heylækur. Rædur fyrir vestann Bergá, framm i Bergárvatn, og þadann Rettsyne, i hin sydstu Gliufurár Drög. Þá rædur Gliufurá úti Rófuskardsá, þá rædur hún upp á fiall. Fyrirbýd Eg öllumm mönnumm adurgreind Lönd Wididalstungu, ad yrkia, slá, beita, brúka, edur sier ad nýta í meira edur minna, utann mitt sie leife til, under Landnám og Sekter, sem Lög áqveda; og epter þeirra fyrirmælumm tvöfalldast á lögfestu lande, allt i krapte af Stiftsins bókum, og kyrkiunnar ad Wididalstungu af kongenumm stadfestu máldögumm. Enn vilie nockur þessa lögfestu í hinu minsta áfría, þá leggi sá á móte fimtarstefnu ad lögum. – Datum Wididalstungu d. 17da Junii 1777.

L. S. J.Olafson

Upplesenn fyrer Manntals þings rette ad Þorkelshóle þann 18da Junii 1777.

Testr

M. Gislason.[42]

Varðveitt er svohljóðandi jarðaskjal, dagsett 7. júlí árið 1777, er varðar margvísleg réttindi Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði. Það hljóðar svo:

[42] Skjal nr. 2(103) a-b.

> Epter ad Hyggiu minne órækum Documentum fyrir Ásgeirsár Eign, Eingium og Jtökum, sem eg í Hende hefe, hafa Ásgeirsár Ábúendr, ad brúka Afrett, Fugla og Fiska-Veide, med vídara gædum í Jördu, og á, á Arnarvatnsheide, med þessum ummmerkium: Austr á Hraungard, sem Vötn falla vestr af, í millum Vídedalsár og Öxnár fyrer nordann, enn Hraungarde fyrer austann, so framt þeim ei frammvísad verde lögformleg Rettar ályktan, ad þetta sé nedann Ásgeirzá genged fyrir óátalda Hefd eda dóma; Sömuleides tilsegist þeim, ad veria og yrkia sitt leigu land örduglega, ad óogtudum ollum óloglegum forbodum, so fyr<e>r þeirra forsómun, eckert undann Jordenne gánge, sem hún í Mans Minne hallded hefr og hallda á, nema siálfer vilie fyrer svara, epter ýtrustu Laga Fyrirmælum. Enn ef nockr mót Von minne giorer þeim Óriett, í þeirra leigu lands yrkíng, med Vallde og yfergánge, sege mér strax til, ad eg vite þann órétt ad andsaga og afvenda med tilhlýdelegum Medolum.
>
> Lambastodum, d. 7da Julii 1777.
>
> A. Thorarensen.
>
> Samhlióda sál. Biskupsens Eigenn handar Original vitna underskrifader
>
> Th. Thomasson, Jon Halldorsson.[43]

Á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 14. júní 1779, var upplesin lögfesta Árna Þórarinssonar á Lambastöðum á Seltjarnarnesi fyrir Stóru-Ásgeirsá. Um afrétt á Arnarvatnsheiði segir í lögfestunni:

> [...] it(em): afrett á Arnarvatnsheide ad fornu, austur á Hraungard, sem vötn falla vestur af i millum Widedalsár og Öxnár f(yrir) nordann, enn Hraungardur fyrir austann, og á Asgeirsá fugla, fiska, og allt þ(ad) sem til giæda er i Jördu og á i þessu Takmarke. Fyrerbiódande hveriumm manne án mins leyfes ad yrkia eda gagnnyta sier Asgeirsár land eda herlegheit innann tilgreindra ummmerkia. Til stadfestu Lambastödumm á Seltiarnarnese d. 23. Mart. 1779. A. Thorarensen.[44]

Í vísitasíu að kirkjunni í Víðidalstungu, þann 17. júní árið 1783, kom eftirfarandi fram um eignir og réttindi kirkjunnar:

> Anno 1783 Þann 17 Junii ad WydedalsTungu Var kyrkiann Þar Samastadar yfirSkodud og uppskrifud, og fyrerfanst hun med sinum ornamentis og Pertinentibus So ä sig komin sem filgir.
>
> [...]
>
> [laus miði]
>
> Kyrkiann ad Wijded. Tungu ä efftir þeim Authorizerudu Máldögum þridiung i Heima Jordu og Tindahraune, Kolugil, Kyr 4 og 3 asaudar kug. hun a þridiung i Veide Kerumm, og alla Veide ad Þridiunge fyrer Tungulande, Fiórdung i FitiaA Ofann frá Kierum. Item á Kyrkiann Tungur allar millum

[43] Skjal nr. 2(45) a-b.
[44] Skjal nr. 2(230) a-b.

> Kalfdalslækiar og Reydalækiar utann ad Hlödufalle og Hálfs Mánadar Einge Teig á Hlódufalle, Enn þa lækin þrÿtur rædur Midfiardar Vatn, og ur þvj Riettsyne uppi Kagadarhól og þadann i Bessaborg VestannVerda og So yfer i Kalfdalsdrog FiarRekstur i Widedals Tungu Jördumm allann Reppinn utad Gliúfra á. Þetta á Kyrkiannn i Rekum, allan Vidreka fyrer Þremi, Saudadals aa, Illugast. og Geyta Felli, hálfan VidReka a Sydre Stopum, Enn 4dung fyrer ytre Stópum Hval reka fyrer øllum þessum Jördumm, effter þvj sem Jordenni hefur Tilbored.[45]

Í vísistasíu að kirkjunni í Víðidalstungu, þann 26. október 1789, var eftirfarandi skjalfest um eignir kirkjunnar:

> WidedalsT, kyrkia
>
> Anno 1789 þann 26 Octobris var Kyrkiann ad Widedals Tungu af Herads Prófastenum Visiterud og fyrerfanst vid naqvæma yfirskodan so á sig komin sem filgir.
>
> [...]
>
> Widedalstungukyrkia ä effter þeim authorizerudu máldögum Þridiung i Heima Jórdu og TindaHraune, Kolugil, Tungur allar Millum Kalfdals lækiar og Reydarlækiar, utann ad HlöduFalle, og Hálf Mánadar Eingi Teyg ä Hlodufalli, Enn þá lækur þrytur, rædur MidfiardarVatn, og ur þvj riettsinni uppi Kagadarhól, og þadan i Bessaborg vestannverda og so yfer i Kálfdalsdrög. FiárRekstur i WidedalsTungu Jörd umm allann hreppinn utad Gliúfra aa, Kyr a hun 4 og 3 ásaudarkugyldi. Hun á Þridiung i Veydi i Kerum, og alla Veydi ad þridiungi fyrer Tungulandi. Fiórdung i Fitia aa ofann fra Kerum. Þetta á Kyrkiann i Rekum, allann VidReka fyrer Þremi, Saudadalsaa, Illugastodum og GeytaFelle, Hälfann VidReka ä Sydre Stopum med fiórdung fyrer ytre Stopum, HvalReka fyrer ollum þessum Jördum, effter þvi sem Jördunne hefur tilbored.[46]

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 5. maí 1790, voru lesin tilmæli frú Þorbjargar Bjarnadóttur í Víðdalstungu til bænda í Þorkelshólshreppi um að þeir sinni fjallskilum á Víðdalstunguafrétt og hreppsmenn tilskyldaðir þar eftir að lifa og fullnægja. Tilmælin voru bókuð með eftirfarandi hætti í dómabók sýslunnar:

> 10. Begiering hustru Þorbjargar Biarnadóttur á Widedalstungu af 4da maii inneverande árs, til Bænda i Þorchelsholshrepp, ad þeir á þessu Sumre og upphiedann, vilie sjna öll fiallskil á Widedalstungu afrett, og betala Lambatolla eftter gamallre venju og skyldu, hverre hennar begiering hreppsmenn eru tilskyldader ad efterlifa og fullnægia under vidliggjande Tiltal og sekter. Og þar ej flejra fyrer fiell, var þessa þings act sluttadur med

[45] Skjal nr. 2(91) a-b.
[46] Skjal nr. 2(92) a-b.

syslumannsens og underskrifadra þingvitna nöfnum, anno, die et loco, ut supra.[47]

Í vísitasíu að Víðidalstungu, dagsettri þann 17. júlí árið 1790, eru taldar upp eignir kirkjunnar eftir máldögum og fyrri vísitasíum. Um Víðidalstungu segir:

Vididalstúnga

Anno 1790 þann 17 Julii ad utendadri H. Catechisation visiteradi Biskupinn Sigurdur Steffansson Kyrkiuna ad Vididalstúngu, Hún á efftir Audunnar og Jóns biskupa Máldögum þridíung i Heimalandi og i Tindahrauni, og eftir Sigurdar Registri Kolugil. Fyrir vestann Fitia-á á hún land i vestasta Farveg arinnar allt nedan frá Hrútanesi hiá Asgeirsár melum alla leid og so uppi Eyasíki, úr Eyasíki uppá Torfnes so i midiann Gríshól frá Svölustödum, þadann i Svölustada steina, þadann i Hesthól, og so sudur eftir Túnguási sem sér heiman frá Valldarási, og þadann rettsínis sudur á vestannverdt Saudholt, og þadann i bótum, Tiarnarhóla Kvýslar, sídann rædur hún ofann i Fitia á, þadan rædur Fitiaá alla leid sem hana dregur lengst austan af Söndum, Hinn austasti, forni Farvegur Vídidalsár rædur ur Hrútanesi fram til Varmalækiar, þá rædur Varmalækur upp i drög og þadann i Bliks Vördu, þá i Geitarbotna, og þadann i Hestagilsbotn Hinn sydra, og so rædur Hestagil ofann i Vididalsá. Þadann frá fram til Kvísla, Þad rædur sú stærsta Vídidalsár kvísl er ofann fellur fyrir nordann Sandfell, og so austur á Sand sem lengst dregur Vatn ad. – Fiárupprekstur er i Vididalstúngu Jördum allann Reppinn út ad Gliufurár, og líka Lamb af Rekstri til þess eru sextiu, og so med sama upp þadann. Kyrkian á þridiung i Veidi fyrir Heima landi, Fiórdung i Veidi i Steinkerum, alla Veidi i Midkerum, Básum, Streng, Fossi og Keraflióti. – Fiórdung af Veidi i Fitiaá ofann frá Kerum, þridiúng af Veidi i Trekeri i Vididalsá, enn Hvarf á Fimtung enn Heimaland i Tungu þad sem meira er. – Item afrett framm frá Kalldalæk ytsta, rædur þá fyrir vestann Borgará fram i Borgarár Vatn og þadann rettsýni i hin sýnstu Gliúfurárdrög, þá rædur Gliufurá úti Rófuskardsá enn hún upppá Fiall. Item i Jardaregn Tungur allar, millum Kálfdalslækiar og Reidalækiar út ad Hlödufalli, enn þá er lækinn þrítur fyrir Vestann rædur Midfiardarvatn og úr því rettsyni uppi lagadarhól, þadann i Bessaborg vestanverda og so yfir i Kálfdalsdrög. – Þetta á Kyrkiann i Rekum allann Vidreka fyri Þremi, Saudadals á, Illugastödum og Geitafelli, hálfann Vidreka á sydri Stópum enn einn Fiórdung fyri ytrum Stöpum. Hvalreka fyri öllum þessum Jördum eftir því sem Jördunni hefur tilborid.[48]

Á manntalsþingi að Stóruborg, þann 29. maí 1797, voru lesnir upp útdrættir úr máldögum Víðidalstungukirkju og Ásgeirsárkirkju úr máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því um 1590. Merkja Víðidalstungu og Ásgeirsár er getið. Útdrættirnir sem lesnir voru upp eru svohljóðandi:

[47] Skjal nr. 2(84) a-b.
[48] Skjal nr. 2(116) a-b.

Videdalstunga B.Eign.

Hún á þridiung í heimalandi og í tinda hraune, rædur landeign Videdalstungu f(yrir) vestann fitia, hin vestaste farvegur, allt nedann frá hrútanese, hiá ásgeirsármelum, alla leid og so upp í Eyiarsyk, og so Eyiarsyk uppá Torfnes, og so í mids morgunshól, frá Suölustödum þadann í Su[ö]lust(ada) steina, þadann í hesthól, og so sudur epter Tunguás, sem sier heiman frá Valldaráse, og þadann riettsyne, á vestannvert Sandhollt, og þadann í botnin Tiarnarhola kvyslar, sidann rædur hún ofann í fitiar, þadann rædur fitiaá, á alla leid, sem hana dregur leingst austan af Söndum, rædur úr hrútanesi forne farvegur Vídedalsár hinn austaste framm til Varmalækiar, þá rædur Varmalækur upp í drög og þadan í Bliksvördu, og þadan í geilarbotna, og þadan í hestagilsbotn, hinn sydra, og so rædur hestagil ofann í Vídedalsá, rædur Vídedalsá þadann framm til kvysla, þá rædur sú stæsta Vídedalsárkvysl, sú er ofann fellur fyrer nordann Sandfell, og so austur á Sand, sem leingst dregur vötn ad.

Er fiárrekstur í Vídedalstungu Jörd um allann hreppinn út ad gliúfrá og luka lamb af rekstri til þess ad eru sextyger, og so med sama upp þadann, epter þvj sem úrskurdarbref hrafns lögm(anns) og stadfestu bref Þorsteins lögmans þar um gior votta. Kyrkian á þridiung í veide f(yrir) heimalande, fiórdung veide í Steinkerum, alla veidi í midkerum, streing forse og kieraflióte, fiórdung í veidi í fitiaá, ofan fra kierum, þridiung í Trekiere, í Vídedalsa, er Jón Bónde Hákonarson hefur tillagt, enn huarf á fimmtung, enn heima land í Tungu þad sem meira er. Jt(em) á kyrkian í Vídedalstungu afriett, framm frá kalldalæk ysta, rædur fyrer vestan Bergaa framm í Bergarvatn, og þadan riettsyne í hinu synstu gliúfrardrög, þá rædur gliúfraa út í Róduskardzaa, þá rædur hún uppá fialli. Jt(em) kyrkian á Tungur allar millum kalfdalslækiar og Reydalækiar, utan ad hlodufalli, og halfsmánadar Eingeteig á hlodufalle, enn þá lækinn þrytur fyrer vestan, rædur midfiardarvatn, og úr þvj riettsyne uppí kagadarhól og þann í Bessaborg, vestanverda, og so yfer í Kalfdalsdrög.

[...]

Kyrkian a ásgeirsá

hún á xx hndr. i heimalande, fiórdung í Vídekerum, halfa aana upp fraa, þadan vid audunarstadamenn, reka á Gnýstödum, halfann vidreka, og vj vætter af tvitugum hual eda meira, afrett á arnarvatnsheidi, med þessum ummerkium, austur á hraungard so sem vötn falla vestur af í millum Vídedalsár og Öxnar f(yrer) nordan, enn hraungardurenn fyrer austan, fugla og fiska og allt þad sem til giæda er í Jordu og á, í þessu Takmarke. Kyrkian þar á gaflkot, er Teitur gallt kyrkunne, sídan var hún under hólakyrkiu, til þess eg keypte hana, annad á sú kyrkia ej, hvorke kú nie á, og liggur nú til Tungu, med þeim iij^{ur} bæum, sem þangad hafa leiged fyrr meir, nema þar er haalfk(ir)k(j)u skyllda.

Rett Extraherad af Biskups Gudbrands maldaga og visitatiu book vitnar ad Hoolum i h(jalta)d(al) 26. Jun. 1777 med underskrifudu nafne og hiaþricktu signete.

Gisle Magnusson. L.S.

Upplesen fyrer mantalsþings Rettenum ad Storuborg þann 29da Maii 1797.

Vitnar Isl. Einarsson.[49]

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að ábúandi jarðarinnar Víðidalstungu fái greidda 5 ríkisdali árlega fyrir sumarbeit í landi jarðarinnar. Þar segir:

For fremmede kreaturers Indtagelse paa græsgang om Sommeren betales til opsidderen 5rd aarlig.[50]

Á manntalsþingi að Stóruborg þann 1. júní 1808 var lögfesta Árna Þórarinssonar á Lambastöðum fyrir Stóru-Ásgeirsá lesin upp.[51] Áður lesin upp að Þorkelshóli 14. júní 1779. Sjá hér framar.

Árið 1810 kvartaði eigandi Stóru-Ásgeirsár, Tómas Tómasson, undan leyfislausum lamba- og geldfjárrekstri á landssvæði á Arnarvatnsheiði er tilheyrir Stóru-Ásgeirsá. Landamerkja landssvæðisins er getið og hljóðar kvörtunin svo:

Sigurdur Snorrason

Hanns Konúngligu Hátignar

Syslumadur í Húnavatns Syslu

gjörir vitanlegt ad

Anno 1810 þann 23ia Júnii setti Sýslumadr Sigurdr Snorrason einn Politie Rétt ad Heimili sínu, Stóru Gilá, med 2n umdirskrifandi eidsvörnum þíngvotnum út af fylgjandi Tilefni: [...]

Því nærz[t] var afsögd Pólitie Alyktan uppá Umqvortum Studiósus Thómas Thómassonar ad odrum þ: m: sem frammlogd er og lesinn [síðuskipti] fyri mantalsþíngs Rétti ad Stóruborg þann 6ta nærz[t] eptir, áhrærandi ad Þorkelshóls Hrepps menn og nokkrir utannhrepps reki lömb sín og géldfé leyfislaust á eitt landstycki, liggjandi á Arnarvatnsheidi og tilheyrandi Stóru Ásgeirsá, med þessum ummerkjum: Austanverdt vid vídidalsá, millum Öxnár fyri ad nordann Og Sandfellsqvíslar, sem í Máldogunum kallaz Vididalsá, ad sunnann verdu og þad austr á Hraungard, En ádr enn þessi alyktan er uppsogd, vidtengiz Protocolen sama Mans Begjeríng af 18da hujus um Politie Úrskurd í þessu Efni, sem lesinn er fyri Réttenum, þá og líka til Skodunar tekinn var, framvísud út skrift af Hóla Stiptkistu Maldogum fyrir Ásgeirsár Kirkju, nl. 1. Audunnar Biskups ad dato 1318, 2. Jóns biskups Eiríkssonar skalla af 1360 og 3. Péturs Biskups af 1394, verificerud af Sál. Biskupi

[49] Skjal nr. 2(234) a-b.
[50] Skjal nr. 2(60).
[51] Skjal nr. 2(230) a-b.

Halldóri Brynjúlfssyni. Þessi Alyktan hljodar svoleidis: Jafnvel þó Máldagar fyri vídidals túngu qvedi svo ad ordi ad Þorkelshóls Hreppr útad Gljúfrá egi upprekstr í vididals túngu jord, þá géta þeir þó, ad þessa Réttar Áliti náttúrlega ecki skilist audruvísi enn svo ef ad vididals túnga ætti og hefdi bevísanlega land svo mikid, sem ávalt bæri allann þann Saudpeníng úr Hreppnum sem Menn plaga til Afréttar ad reka á Sumrum hverju þó er mótmælt af Eiganda Ásgeirsár, Stúdiósus Thómasi Thómassyni og þeim hans mótmælum því sídr í nockru hneckt af Þorkelshóls Hreppsbúum, sem þeir miklu heldr hafa samsint þeim somu og ad undann fornu rekid fé sitt í Ásgeirsár afréttarland framm fyri svonefnda Öxná og svoleidis ecki fundid sér gagnsamt, ad nota sér þann í Máldogunum til einkada Rétt til upprekstur í Vididals túngu jord. Fjærlægt vildi þad vera bædi Rétti og Sanngyrni, ad taka þá Meiníngu þeirra, sem gylldandi edr rétta ad vididals tunga skylldi ein hafa Rétt til Lambatolla fyrir upprekstr géldfé og Lömbum. Þar hjá vill þad og álítaz gagn stædt náttúrlegu frelse, ad skyllda einn til ad reka á eina afrétt framar en adra, ellegar, ad einn Eigandi skuli hindrast í, ad ínytja ser Landeign sína, medann hinn annar vid Hlidina á honum, nýtr mótsetts frelsis og undur eins Ágódans af beggja Eign. Á hina Síduna hefir og Ásgeirsá jafngyllda Máldaga og jafnvæg gögn, sem tileinka honum Afrétt á Arnarvatns heidi millum ádr tigreindra ornefna, Ecki ad tala um ad ef fyrrtjedir Máldagar fyri Vididals túngu einasta skylldu tala um lamba Upprekstr, hvad þeir sjálfir géfe nockrar Líkr til ad halda, er ecki ad furda, þó sú jord, edr Land, Vididals túngu tilheyrandi, sem Máldagar tileinka Þorkelshóls Hrepp Upprekstr, sé ónæg til ad fleyta því rosknu fé, er ásamt med lombum líka er rekid til Afrettar úr Hreppnum. Því ad þessu á bádar Sídr athugudu og skodudu, Ályktaz[t]: [síðuskipti] Ásgeirsár Egandi hefir, ad ókrenktum Vididalstúngu Máldogum Rétt til ad telja í þad undir jordina liggjandi Afréttar Land á Arnarvatnsheidi, móti Vididalstúngu Eganda í þeirrar jardar afréttar Pláts, enn allann Kostnad á hann líka ad standa af Afréttarinnar Hreinsun í sínu Heidar Landi.

Rétt útskrifad af Justits Protokollen vitnar med Hendi og Signeti, Snorrason.

Lesid fyrir manntalsþíngsrétti ad Stóruborg þann 20ta Junii 1812, testr Snorrason.[52]

Þann 31. janúar 1811 seldu Tómas Tómasson á Stóru-Ásgeirsá og séra Magnús Árnason á Ríp, Ebenesi Friðrikssyni á Lækjamóti, jörðina Þórukot, 10 hndr. að dýrleika. Í kaupbréfið var settur skilmáli um upprekstur hrossa:

4. Þar Þórukot hefir óskipta hagbeit og veidi í heimalandi med Ásgeirsá, þá skal hvörr sá sem í Þórukoti býr, sýna jöfnud og fridsemi bóndanum á Stóruasgeirsá, ella hafi fyrigjört ábúd sinni þar, hvert sem hann er Eygandi edur Leigulide. Honum byrjar því ad setja ecki meiri peníng i Landid en rétta jtölu ~~í Landid~~, og þegar Asgeirsár bóndi rekur hross sín á honum Tilheyrandi

[52] Skjal nr. 2(46) a-b.

afrétt, þá skal Þorukots ábúandi reka sín hross þángad líka, hvar honum skal heimil beit ókeypis fyri þau, enn fyri geldfé sitt og lömb sem hann þángad rekur á sumrum, gialdi hann Stóruásgeirsár bóndanum venjulegann fjallatoll, þar honum einum Tilheyrir heidar landid, enn ecki hiá[le]igu mönnum.[53]

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 29. apríl 1814, var upplesið bann ábúandans á Stóru-Ásgeirsá um að enginn reki í það fjallland, sem liggur á Arnarvatnsheiði á milli Víðdalsár og Öxnaár, án þess að borga fjalltoll. Sigfús Bergmann bóndi mótmælti vegna Víðidalstunguafréttarlands. Í dómabók sýlsunnar var eftirfarandi fært til bókar:

9da Forbod ábúandans á Stóru Ásgeirsá Mad(am)e Liótunar med hennar svaramanns underskrift hreppstióra Mr. Olafs Biarnarsonar á Beinakéldu og Josafats Thomassonar á Stóruásgeirsá uppá ad eingenn Reke i þad fiallland ungt edur gamalt géldfe án þess betale fiallatoll sem liggur á Arnarvatns Heide á mille Videdalsár og Öxnaár svo sem vötn falla vesturaf enn fyrer austan rædur hraungardur, enn vilie nokkur i tilteked fiallland reka þá leifest þeim ad byggia Dilk vid þá rett sem væntanliga verdur byggd i Ásgeirsár lande, med þeim skilmále ad betale fialla Toll. Þessu proteste mótmællt af bónda Mr. Sigfúse Bergmann vegna Vided(als)tungu afréttarlands.[54]

Þann 29. ágúst 1816 seldi séra Friðrik Tómasson, Birni Steindórssyni á Þórormstungu, Stóru- og Litlu-Ásgeirsár í Víðidal. Í kaupbréfið var settur eftirfarandi skilmáli um að kaupandi gæti aldrei gert tilkall til þeirra réttinda er Víðidalstungukirkja ætti varðandi fjallatolla, upprekstra o.fl.:

Vid þessara Jardasölu er þad adgiætandi, ad hlutadeigendur giöra sofelda skilmála, nl. seliandi uppastendur þad, kaupandinn aldrej giori nockurt Tilkall til þeirra Rettugheita, sem Vidirdalstungu kirkiu og heimagardi, ad fornu fylgt hafa og med rettu fylgia éga eptir gömlum dómumm, skiolum og máldögum, hvorki hvad ahrærir fiallatolla, alftaveidar, fiadratekiu, veidi, beit og upprekstur, eda nockud annad hvoriu nafni sem heita kann til fialls eda laglendis. Sömuleidis uppastendr seliandi, ad kaupandin láti strax afmá þá fiallrétt sem moti ~~minum~~ hans vilia bigd hefr verid i Asgeirsar landi so hun aldrej hédan af brukud verdi, ofanskrifada skilmala lofar kaupandin fyrir sig og sina Erfingia i allan mata ad halda og uppfylla. geingur so kaupandi ad sínu kaupi, hvoriu hann veit ad halda til laga, en seliandi svarar lagariftingum.[55]

Kaupbréfinu var svo þinglýst á manntalsþingi að Stóruborg þann 23. júní 1817.

Þann 22. maí árið 1818 lögfesti Bjarni Steindórsson Stóru-Ásgeirsá í Víðidalstungukirkjusókn. Landamerkja er getið sem og einnig veiðiréttinda og afréttar

[53] Skjal nr. 2(231) a-b.
[54] Skjal nr. 2(144) a-b.
[55] Skjal nr. 2(232) a-b.

á Arnarvatnsheiði. Lögfestan var Lesin fyrir manntalsþingsrétti að Breiðabólsstað þann 10. júní árið 1818 og eftir embætti við Víðidalstungukirkju 5 sunnudag eftir trinitatis árið 1818 og enn á ný fyrir manntalsþingsrétti að Stóru-Borg þann 6. maí ári síðar. Lögfestan hljóðar svo:

> Eg undirskrifadur lögfesti hér med Stóruasgeirsár Eign, liggjandi í Vídidalstúngu Kirkju Sókn, og Stóruborgar Þíngsókn, innan Húnavatns Sýsslu. Lögfesti eg tjedrar Jardar Hús og Tún, Engjar, Úthaga, Hollt, Vötn og Veidistadi og allar Nytjar til Lands og Vatns, sem henni fylgt hafa og fylgja ega með réttu, ad fornu og nýu, til þessara ummerkja, er adrer menn ega í móti: ad austan rædur Skridulækur ofaní Ásgeirsá, svo yfir hana vestur hjá Tónvördu, svo í Klofasteina, svo ofaní Vídidalsá fyrir nordan Leynifit, svo rædur Áin ad grænablettsvadi, þá Dæld sú, sem er milli Breid-Eyrar og grænabletts, svo aptur í Bug fyrir austan Breid, og sídan til útnordurs, allt á Fífu-Eyri, lítinn spotta fyri vestan Móahornid, og svo nordureptir Kýladrogum á Kjálkameleyri, útí Sýkid, sem liggur fyri sunnan Kjálkamel, þá rædur sýkid ofaní Vídidalsá, svo rædur sá forni Farvegur Árinnar fyri vestan Bæareyrarhólma, svo í Bug fyri vestan Ásgeirsár-nes, og nordan Hornkotshólma, mótsvid Galltarness Land, til Kiælirslækjar fyri nordan Þórunes, svo Kiælirslækur uppá Ásana og í Lómatiorn, svo uppí [síðuskipti] Merkigil, og til Fjalls upp. Somuleidis Fjórdúng Veidi í Kerum, og hálfa Ána upp vid Audunnarstada menn, einnig Afrétt á Arnarvatns-Heidi, ad fornu, austurá Hraungard, sem votn falla vesturaf, i millum Vídidalsár og Öxn-ár fyri nordan, en Hraungardur fyrir austan, og á Asgeirsá Fugla, Fiska, og allt þad sem til gjæda er i jordu og á, i þessu Takmarki. Logfesti eg ad ordfullu og Logmáli réttu, fyribjódandi hvorjum manni her epter, ad yrkja, beita, edur á nockurn Hátt sér i nyt ad færa, þessarar minnar her greindu Eignar Land eda Jtök, ad undanteknu því sem Hjáleygunni Þórukoti med réttu ber ad Lögum, undur annars vidliggjandi Laga Sektir.
>
> Þessa mína Lögfestu Byggi eg á i Hondum hafandi authorizerudum Máldögum, Laga-skjölum og Bevísingum, fyrir Asgeirsár Landeign og Herlegheitum, samt Hefd og Brúkun. En vilji nockur þessa Lögfestu áfría, óska eg hinn sami gjöri þad hér strax í stad, og leggi við fimtarstefnu, annars gilldir hún framvegis, sem annad Lagaskjal, ásamt odrum Asgeirsár Eignar Documentum. Þessu til stadfestu er mitt nafn og hjáþrickt Signet.
>
> Þórormstungu þann 22. Mai 1818.
>
> Biarni Steindórsson
>
> [síðuskipti]Lesed fyrer manntalsþíngs Rétti á Breidabólstad þann 10. Juni 1818
>
> Are Jonsson , J. Jónsson, Biorn Biornsson

Þesse lög festa var upplesenn epter emmbætte vid Vididdalz Tungu Kirku þann 5. sunnudag efter Trinitatis ared 1818, vitnum vid underskrifader stefnuvottar.

Sigurdur Thorarensson, T. Thomasson.

Lesed fyrer manntalsþíngs Rétte í Stóruborg þann 6. Mai 1819.

O. Jonsson.[56]

Þann 25. september árið 1820 kom sáttanefndin í Stóruborgarumdæmi saman á landamerkjum jarðanna Víðidalstungu og Stóru-Ásgeirsár. Á þeim fundi var farið yfir skjallegar heimildir um landamerki fyrrgreindra jarða.[57]

Þann 27. janúar 1829 seldi Bjarni Steindórsson tengdasyni sínum Jósafat Tómassyni 5 hundruð úr Stóru-Ásgeirsár og önnur 5 hundruð úr Litlu-Ásgeirsá. Segir að jarðirnar séu seldar með „öllum þeim herlegheitum gögnum og gjædum, eignum og jtökum sem tédum jarðarpörtum ad undanförnu fylgt hefir og með réttu fylja ega [...].“ Kaupsamningi þinglýst að Stóruborg þann 12. maí 1832.[58]

Í vísitasíu að Víðidalstungu, dagsettri þann 31. ágúst árið 1833, eru taldar upp eignir kirkjunnar eftir máldögum og fyrri vísitasíum. Landeignar Víðidalstungu er getið með landamerkjum,. Þar segir:

Vídidalstúnga

Anno 1833 þ. 31 August visiteradi Biskupinn yfir Islandi Steingrimur Jónsson Riddari af Dannebroge kirkiuna ad Vididalstúngu – hún á eptir Máldögum og Biskupa Visitatium Þridjúng i Heimalandi og i Tindahrauni og Kolugil, landeign Vididalstungu er fyrer vestan Fitiaá, hinn vestasti farvegr alt nedan frá Hrútanesi, hjá Ásgeyrár melum alla leid og so uppi Eyar Syki, og so úr Eyar Syki uppá Torfnes, og so i midiann Gríshól frá Svölustödum, þadan i Svölustada Steina Þadan i Hesthól, so sudureptir Túnguási sem sjer heiman frá Valdarósi, og þadan rettsyni sudur á Vestanverdt Saudholt, og þadan i Botnin Tiarnarhólaqvislar, sidan rædr hún ofan i fitiaá, þadan rædur fitiaá alla leid sem hana dregr leingst austanaf Söndum, rædur úr Hrútanesi hinn forni farvegur Vididals ár hinn austasti, fram til Varmalækiar, þá rædr Varmalækur uppi drög og þadan i Bliksvördu, og þadan í Geilarbotna, og þadan í Hestagilsbotn hinn sydra, og so rædur Hestagil ofan i Vididalsá, rædur Vididalsá þadanfrá fram til Qvisla, Þá rædr hin su stærsta Vididals ár qvisl, sú er ofan fellur fyrir nordan Sandfell, og so austur á Sand, sem lengst dregr Vatn ad – er fiárrekstr i Vididalstungu Jörd um allann Hreppinn, utad Gljúfraá og líka lamb af Rekstri til þess eru 60, og so med sama upp þadan, eptir því sem, úrskurdarbref Rafns Lögmanns og Stadfestu bref Þorsteins lögmanns þarum giörr votta, kirkjan á þridiung i veidi fyrir Heimalandi fiordung i veidi i Steinkerun alla veidi i Midkerum, básum, Streing, Fossi og Kerafljóti;

[56] Skjal nr. 2(44) a-b.
[57] Skjal nr. 2(242) a-b.
[58] Skjal nr. 2(233).

> fiórdúng i Veidi í Fitiaá, ofanfrá Kerum þridiung i Veidi i Trekeri i Vididalsá er Jón bóndi Hakonarson hefir tillagt, enn Hvarf á fimtung enn Heimaland i Tungu þad sem meira er, item Afrett fram fra Kaldalæk [strikað yfir, þeim] ytsta, rædur fyrir vestan borgá fram í Borgarvatn, og þadan Rettsyni i hin synnstu Gliúfrárdrög, þá rædr Gliúfurá úti Rófuskardsá enn þá rædur hún uppá Fiall – item i Jardareign, Tungur allar millum Kálfdalslækiar og Reidarlækiar útad Hlödufalli, enn þá er lækin þrytr fyrir vestan, rædur Midfiardarvatn, og úr þvi Rettsyni uppi Kagadarhól, og þadan i Bessaborg vestanverda, ogso yfir í Kálfdals drög; og þetta i Rekum: allan vidreka fyrir Þremi Saudadalsá Illugastodum og Geitafelli, hálfann vidreka á sydrum Stöpum enn fiordúng fyrir ytrum Stöpum, hvalreka fyrir öllum þessum Jördum eptir þvi sem Jördunum hefir tilborid, og Jón vard Eigandi ad, eptir þvi sem gódra Manna Skilríki þarum votta, hún á 9 Málnytu kúgildi.[59]

Á manntalsþingi að Stóruborg þann 6. maí 1839 var upplesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Víðidalstunguheiði. Í dóma- og þingbók Húnavatnssýslu segir:

> 8. Lesid forbod prests Sira Sig. Snæbjarnarsonar, hr. studiosues J. Thorarensens, hreppstiora J. Skulasonar og forlíkunar Commissarii J. Jonsson moti heimildarlausri grasatoku og Eggianami[60] á Grímstungu, Vididalstungu, Kornsar og Haukagils heidum, dat. 18da april þ. a.[61]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 18. maí 1839, var upplesið sama skjal á móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Víðidalstunguheiði og var því mótmælt af Bjarna Steindórssyni í Þórormstungu. Í dóma- og þingbók Húnavatnssýslu segir:

> 7. Lesid þad undir Nr. 8 á Bls. 275 nefnda Document, og er þetta Document protesterad af proprietarius Bjarna Steindorssyni i Þorormstungu ad því leiti sem hann meinar Eiganda Vídidalstungu í enu sama eigna sér töluverdann heidarlandspart Storu Asgeirsá tilheirandi í hverri Jordu velnefndur propriatarius á nokkurn part.[62]

Á manntalsþingi höldnu að Vindhæli þann 22. maí 1839, var upplesið skjal á móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Víðidalstunguheiði:

> Ar 1839 Midvikudaginn þann 22an Maii setti syslumadur Blondahl veniulegann manntalsþíngsrétt ad Vindhæli med undirskrifudumm logteknum þingvottum hvar þa:
>
> [...]

[59] Skjal nr. 2(121) a-b.
[60] *og Eggianami*, ofan línu.
[61] Skjal nr. 2(145) a-b.
[62] Skjal nr. 2(145) a-b.

4. Lesid þad undir Nr. 8 a Bls. 275 nefnda Document.

[...]

Blondahl

Arne Olafsson S.Arnason

Jon Gudmundsson Sigmundur Jónsson

[Nr. 8 á bls. 275 hljóðar svo: 8. Lesid forbod prests Sira Sig. Snæbjarnarsonar, hr. studiosues J. Thorarensens, hreppstiora J. Skulasonar og forlíkunar Commissarii J. Jonsson moti heimildarlausri grasatoku og Eggianami[63] á Grímstungu, Vididalstungu, Kornsar og Haukagils heidum, dat. 18da april þ. a.[þ.e. 1839]. (Hún. V.21. 1837-1842, bls. 272, 275-276)].[64]

Í sóknalýsingu Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusókna, frá árinu 1839, skrifar séra Jón Þorvarðarson eftirfarandi í kafla um afréttarlönd:

32. Afréttarlönd fyrir allan Víðidal eru heiðar fram af honum, sem heyra til Víðidalstungu. Réttirnar standa í miðri sveit, og fé er réttað 20 vikur af sumri.[65]

Í júnímánuði árið 1840, mótmælti Jón Thorarensen lögfestu Jósafats Tómassonar á Stóru-Ásgeirsá fyrir heiðarlandi því er Jósafat vildi eigna ábýlisjörð sinni.[66] Mótmæli Jóns voru upplesin á fjártalsþingi að Þorkelshóli þann 26. júní sama ár og hljóða svo:

Jeg hefi heirt af skotspæni ad bondi Mr. Josaphat Tómasson á Stóru Arskérsá hafi á næsthöldnu manntalsþingi á Stóruborg látid upplesa Lögfestu fyrir heidarlandi þvi er hann vilji eigna sinni ábílisjördu, og hafi þarinni bannad ödrumm ad brúka þad edur nota án síns leifis; enn þar eg ecki til veit ad Stóru Árskérsá tilheiri nockurt heidarland sem giörvalt er eptir þeim authoriserudu máldögumm og ödrumm authentiqve og marg auglístumm skiölumm tileinkad Vídidalstungukirkju, hvörju hún hefr líka behaldid og brúkad aldalángt atölulaust, svo giöri eg hérmed bædi nefndumm bonda Mr. Josaphat og ödrumm vitannlegt, ad so framt satt er hermt umm téda lögfestu, þá met eg hana ad eingu, sosem eg veit ei til þad nein níkominn löggiöf sé til, er heimili mönnumm án dóms og laga ad taka hvörki frá privat mönnumm eda publik stiftunumm þad sem þeim er med konglega stadfestumm lögumm og hefdarhaldi tilfallid hvörs vegna mér sínist siálfsagt, ad meirnefndur bondi Mr. Jósaphat hlióti ad vinna téda heidarland undann Vídidalstungu k(ir)kiu med dómi svo framt hann ágyrnist þad; og inntil þess slíkt er skéd seigji eg honumm óheimila sérhvöria brúkun téda heidarlands, undireins og eg áskil

[63] *og Eggianami*, ofan línu.
[64] Skjal nr. 2(146) a-b.
[65] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 61.
[66] Lögfesta Jósafasts Tómassonar fyrir Stóru-Ásgeirsá hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

allir sem þad brúka giöri þad med mínu leifi sem Eign Vídidalstungu k(ir)kiu og inni mér Endurgiald þar fyrir eins og ad undannförnu.

Vídidalstungu þann 25ta Junii 1840.

J.Thorarensen

Upplesid fyrir Þorkellshóls hreppsbúendum á fjártals þingi á Þorkellshóli þann 26ta Junii 1840 – vitnar J. Jónsson.[67]

Þann 30. október árið 1840, var sáttanefndin í Stóruborgarumdæmi til staðar í sáttatilraun á milli Jósafats Tómassonar á Stóru-Ásgeirsá og 15 búenda úr umdæminu. Af þessu tilefni var eftirfarandi fært til bókar:

Föstudagin þann 30ta Oct. 1840, var Sattanefndin i Storuborgar umdæmi til Stadar a Storuborg hvar þa logd var til sættatilrauna:

Sökin N° 2/1840 bondi Mr Josaphat Thomasson a Asgeirsá contra Eftirskrifudum 15 buendum

Studiosus Skuli Þordarson a Borg, Sign. Einar Skulason ditto, Mr. Þordur Oddsson ditto, Mr. Bjorn Sveinsson a Litluborg, Mr. Sigurdur Jonsson a Titlingast., Mr. Bjarni Jonsson a Nipukoti, Ur breidabolsstadar Sokn, Mr. Gudmunde a Refsteinsst., Mr. Helgi Vigfusson a Gróf, Mr. Jonatan Þorvaldsson a Enniskoti, Mr. Brandur Arnason a Jorva. Ur Þingeyra Sókn, Mr. Johannes Gudmundsson Melrakkadal, Mr. David Davidsson á Hvarfi, Mr. Gudmundr Olafsson i Kolugili, Mr. Johan Bjorsson a Hrappst., Mr. Jon Gudmundsson a Gafli ur Vididalstúngu Sokn.

er klagarin ákjærir fyrir ad hafa notad fé og hesta, á þessu vori Logfest Afrettar Stykki er liggur i Vididalstungu afrettarlandi an þess þar fyrir ad hafa feingid nokkurt endurgjald, af þeim ofanstefndu, klogun og fyrirkall votta vidkomandi Stefnu vottar byrt vera vidkomendum – og vidkomendur mættu allir i egin Personu. – Klagarin fram leggur Maldaga hvar á hann grundar tilkall sitt um ted heidarland, þad er extract af máldögum Audunar, Jons Eyrikssonar og Peturs – stadfestur af Herra biskupi Steingrimi Jonssyni Rd. af Dbr. etc. Instefndir neita ecki ad heirt hafi Logfestu Josaphats upplesna bera fyrir sig ad Protest móti henni hafi upplesid verid af Thorarensen a Þorkelshols Hrepps Fjártals Þyngi – sem her er fram lagt daterad Þorkelshóli 26ta Juni 1840. I Protesti þessu óheimilar hann Mr Josaphat i oll not nefnds Heidarlands, og áskilur ad eingin þad bruki an þes utþrykkilega Leyfis- og venjulegs eptirgjalds. – Eingin af þeim innstefndu vill láta neitt af hendi rakna til Klagarans, an þess hann med nyum [nyum, ofan línu] domi sanni Eignarrett sinn til nefnds Heidarlands, og visa þannig tilkalli þessu til Abyrgdar Protestsutgefarans Herra Thorarensen hvörjum þeir næstlidid Haust borgudu venjulegan fiallatoll. –

[67] Skjal nr. 2(134) a-b.

Þar ómögulegt var her neinni Sætt eda samningi a ad koma, milli hlutadeigandi vísar Sættanefndin Málefni þessu til Landslaga og rettar og er so [er so, ofan línu] Forlíkunin Hafin.

ut supra

Sivertsen P. Pétursson.[68]

Þann 18. desember árið 1840, tók Jósafat Tómasson á Stóru-Ásgeirsá saman eftirfarandi texta, vegna þessa ágreinings hans og Jóns Thorarensens á Víðidalstungu, vegna heiðarlandsins og landsnytja af því:

Þared eg vid forlíkunartilraun á Stóruborg þann 30ta Oct. þ. a. vard þess var, ad Studiosus hr. J. Thorarensen á Vídidalstungu hafdi á nærstl. vorhreppaskilum á Þorkelshóli látid upplesa skriflegt protest móti þeirri lögfestu sem eg lét upplesa á Stóruborgar manntalsþíngi nærstl. vor fyrir heidarlandi því sem frá aldaödli hefur verid átölulaus eign minnar eignar- og ábílisjardar Stóruasgeirsár, og ad hann tileinki sér allann ard og afrak téda heidarlands, og ad hann hafi tekid af því fjallatolla nærstlidid haust, og þared þeir menn sem í téda heidarland ráku nærstlidid sumar hafa vísad endurgjalds tilkalli mínu til þeirra til ábyrgdar velnefnds hr. Thorarensens, hvöred eptir prótestinu, skal þykjast eiga þetta mitt heidarland þá eru hérmed mín þénustusamleg tilmæli til þeirrar heidrudu sáttanefndar: ad hún á tilnefndum stad og Deji innkalli optvelnefndann hr. Student Jón Thorarensen á Vídidalstungu ásamt mér til ad reina ad ákoma Sætt milli hans og mín, um ad eg fai bædi áseilnislaust af honum ad njóta þessa mins heidarlands eptirleidis, og ad hann gjaldi mér venjulegann fjallatoll fyrir sérhvörn þann, sem nærstlidid sumar rak géldfé á optnefnda heidi mína og fyrir alla hans brúkun á henni fyrr og sídar.

Komist ekki Sætt á, óskast málefni þessu vísad til domstolsins. Þeir lögbodnu 24RbS fylgja hervid lagdir.

Storu Asgeirsá, þann 18da December 1840

Æruskyldugast

Jósaphat Thomasson.[69]

Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar, frá árinu 1840, sem samin var af séra Jóni Pétursyni, kemur eftirfarandi fram í kafla um afréttir:

32. Afréttir. Allir bændur í þessari sókn reka geldfé á Þórormstungu, Grímstungna- og Haukagils-heiðar. Fáeinir á Víðidalstunguheiði.[70]

Þann 1. mars árið 1841 fór fram sættargerð í máli Jósafats Tómassonar á Stóru-Ásgeirsá og Jóns Thorarensens á Víðidalstungu, varðandi land og landsnytjar á

[68] Skjal nr. 2(243) a-b.
[69] Skjal nr. 2(135) a-b.
[70] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 67.

því heiðarlandi sem þá greindi á um. Sættargerðin var lesin upp fyrir manntalsþingi að Stóruborg þann 21. maí árið 1842 og hljóðar svo:

> Mánudagin þann 1ta Martii ár 1841, var Sattanefndin í Stóruborgarumdæmi til stadar á Tjörn, hvar þá lögd var til Sáttatilraunar Sökin No 1/1841
>
> Bóndi Mr. Jósaphat Tomasson á Asgeirsá
>
> contra
>
> hr. Studiósus J. Thorarensen á Vídidalstungu, hvörrar tilefni er ad Mr. Josaphat klagar yfir, ad sá innstefndi hr. J. Thorarensen hafi tekid fjallatoll af bændum þeim, er rekid hafa lömb og geldfé sitt í heidarland edur afrettarstykki, sem nefndur Josaphat álítur eign jardar sinnar Stóruasgeirsár, hvörted lögfest var á Stóruborgar manntalsþíngi fyrra ár, og þessvegna álítur sig réttann eiganda ad ardi og afrakstri eptir nefnt heidarland; hann tilfærir í klöguninni ad nefnt heidarland hafi verid átölulaus eign Asgeirsáar og heimtar nú af herra Thorarensen greidi sér fjallatolla fyrir nærstlidid ár, en hr. Thorarensen, tileinkar sér þarámóti eda sinni kirkju nefnt heidarland og allann afrakstur er fengist gétur af sama. Vidkomendur mættu í eginn persónu, eftir ad klögun og fyrirkall, af vidkomandi stefnuvottum er löglega byrt þeim hlutadegandi og hér framlagt áteiknad. Mr. Jósaphat framleggur Extract af Máldögum Audunar, Jóns Eyrikssonar[71] og Péturs, á hvörjum hann byggir tilkall sitt til heidarlandsins; en Thorarensen framleggur þarámóti Extract af Visitatiu- og Maldagabok Gudbrands (m. fl.) áhrærandi Vídidalstungu kirkju eignir[72] dateradan Holum 26ta Junii 1777, hvarí kirkjan med 3um bæum þar í nefndum, er fallin til Vídidalstungukirkju, undirskrifadur Gísli Magnusson; upplesid fyrir manntalsþíngsrétti ad Stóruborg þann 29da Maii 1797. Jósaphat ber fyrir sig ad notad hafi heidarland þetta og þad hreinsa látid á vorinn fyrir refum og þarfyrir haft fjallatolla af þremur bæum, med leifi hra Thorarensens, samt ad hann mætti nota landid ad þörfum sínum, sem varadi nokkur ár en sídan reglugjördin um dyratollinn útkom hefir Thorarensen nefnt land notad. Jósaphat antekur til ad forlíkun ákomist ad hann fái hálfann afrakstur nefnds heidarlands, hvad Thorarensen ekki vill, þar hann segir nefnt heidarland falli undir Vídidalstungu kyrkju en tilbydur Jósaphati ad hafa not nefnds heidarlands einungis fyrir sjálfann hann til upprekstur, fjadra, álfta og grasatekju, hvad ed Jósaphat ennú þykir oflítid, en hr. Thorarensen segist kirkjunnar vegna ekki hafa vald til frekari tilslökunar. En fyrir forlíkunarmannanna sáttatilraunir vard eptirfylgjandi málatilslökun gérd ad **Sætt**:
>
> Uppa væntanlegt Stiftisins samþykki leyfir herra Studiósus Thorarensen Mr. Jósaphati (einungis fyrir sjálfan sig) fríann upprekstur í nefndu heidarlandi, fyrir fé og hross og öll þess brúkunarnot, svosem eggjatekju, grasatekju og hrísrif. Enfremur (leifir) heitir hann honum fríum fjallatollum fyrir

[71] Strikað yfir Eiólfssonar og breytt í Eyrikssonar.
[72] *áhrærandi Víðidalstungu kirkju eignir*, ofan línu.

hjáleigurnar Þórukot og Litlu Asgeirsá en ekki til annara nota. Þessi sáttarsamníngur standi gyldur í tid enna hér nú semjandi málsparta, og Jósaphats nærstu barnabarna. Hvará móti alt tilkall til þess umþráttada heidarlands burtfellur, sem frá dato sé nyad áframhald og framvegis átolulaus eign Vídidalstungu. Enfremur leifir h^{ra} Thorarensen Jósaphati, ef hann svo vill (enn einungis fyrir sjálfan sig) upprekstur og grasatekju, hvar helst hann vill í Vídidalstungu afrétt.

Sætt þessi var upplesin fyrir vidkomendum og af þeim bádum vidurkénd, og gyldir án frekari byrtíngar, og endar svo forlikun þessi med elsku og vinsemd.

Ut supra

Sivertsen

P. Petursson

J. Thorarensen Josaphat Thómasson

J med foranstaaende forening haves fra Stiftsövrigheden side Jntet at erindre hvarfor den til Efterretning for de Vedkommende a 3^{ie} mand behörigen bliver at tinglæse.

Jslands Stiftamtshuus og Laugarnæs den 10de Junii 1841.

J hr. stiftamtmandens fraværelse

J. Johnsen Steingrim Johnsen

Gjenpartens Rigtighed bekræfter. Blondahl

Lesid fyrir manntalsþingrsretti ad Storuborg þann 20ta Maii 1842. Þínglýsíng borgud med 36 s. Þrjátíu og sex skildíngum. Blöndahl.[73]

Samhljóða uppskrift af sættagerðinni er að finna í sáttagerðabók Húnavatnssýslu.[74]

Þann 13. maí árið 1841, lögfesti Jón Friðriksson Thorarensen eign sína, jörðina Víðidalstungu með engjum og ítökum. Landamerkja er getið nákvæmlega. Þetta var lesið fyrir manntalsþingsrétti að Stóru-Borg þann 14. maí 1841 og hljóðar svo:

Jeg Jón Fridriksson Thorarensen lögfesti hérmed Eign mína Jördina Vídidalstungu med þartil liggjandi Jördumm, Eignumm og Jtökumm innann eptirskrifadra landamerkja. Rædur ad vestann landeign Vídidalstúngu Fitjaá hinn vestasti ~~forni~~ farvegur nedann frá Hrútanesi edur nú svokalladri Kiálkamelseyri hiá Asgeirsármelumm, allt uppá Hesthól géngt kletti þeim er Hestur heitir móts vid Brunnármót, úr sunnann verdumm Hesthól i Steinaborgar sydri enda, þadan til sudausturs eptir nú settum merkjumm fyrir nordann svo kalladann Lángholtsenda allt uppí Vörduna sem er nordvestann til á Túngu ási, ogso sudur eptir sama ás vestari Brúnumm sem siást heimann frá Valdarási, þadann réttsýni i svo kalladann Kambármidkrók, þadann

[73] Skjal nr. 2(136) a-b.
[74] Skjal nr. 2(244) a-b.

vestann til vid Saudholt og þadann í botninn Tjarnarhóla qvislar næstu, sídann rædur hún ofaní Fitjaá, þadann rædur Fitjaá alla leid sem hana dregur lengst austann af Söndumm. Rædur úr Hrútanesi forni farvegur Vídidalsár hinn austasti, bersýnilega liggjandi med endilaungu móabardinu vestannverdt vid Breckurnar allt, uppí móabardid og framm ad austannverdu Grænablettsvadi, þadann rædur Vídidalsá framm til svokalladrar Leynifitar, þartil bein stefna er – eptir forlíkunar Samningnum af 25ta September 1820 – til austurs, nordannverdt vid hina fornu Lögrétt, þadann beina stefnu til austurs yfir ásinn i nú svokallada Jónsvördu sem stendur á mel fyrir ofann Gjátúnsá og sídann i eitt Skridugil – af mörgumm – beint í austur uppá háfjall og so sudur eptir fjallseggjumm allt sudur i Gjátunsá þarsem hún fellur i Hvarfsgjá, sídann rædur Gjátunsá allaleid ofann til Steinboga úr Steinboganum réttsýni til vesturs i milli Hvarfs og Dælis, allt ofaní Vídidalsá fyrir sunnann nú svonefndann Fírmannsklett, rædur Vídidalsá þadann framm til Varmalækjar sem er landamerkjalækur milli Hvarfs og Kolugils þá rædur Varmalækur upp í drög og þadann i Bliksvördu sem nú er köllud Skéssa, og þadann beint i austur i Hvarfsgjáar Geilarbotna og so sudur eptir fiallseggjumm allt sudur til Hávardsstadakots réttu landamerkja, þarsem beint er til vesturs á Griótskridu er liggur vestan í fiallshlídinni og lækur úr henni ofan í Krókkéldu, er rædur sudur í Hestagil nú kallad Bergárgil, so rædur Hestagil ofan í Vídidalsá, rædur Vídidalsá þadann framm til Yxnár, sem takmarkar Tindahrauns land edur þad nú svokallada Haugaland, ad nordann og svo kalladir Hraungardar ad austann, enn Vídidalsá ad vestann og ad sunnann Sandfellsqvísl, sú er ofann fellur fyrir nordann Sandfell, austur á Sand sem lengst dregur vötn ad. Lögfesti eg Vídidalstungu land, tún og Eingjar, hrísrif og haga, vötn og veidistadi á Vídidalstungu heidi, sosem lengst dregur vötn ad nidur til Vídidals, einninn fugltekju, Eggver, Rif-hrís og grasatekju á heidinni, samt þau hlunnindi öll sem innann fyrrsagdra ummmerkja finnast kunna, hvar undir falinn er veidi öll i Vídidalsá nedann frá Asgeirsármelumm ad fráteknumm fimtungi i Trékéri til Hvarfs, svo vel sem og veidinn í Steinkérumm, Midkérumm, Básumm, Streing, Fossi og Kérafllióti og Fitjaá ofann frá Kérum. Fyrirbíd eg Sóknarfolki til Vídidalstungu kirkju og öllumm ödrumm ad rída edur beita Tún edur Eingjar Jardarinnar; En tilsegi öllum sem umm reisa hvört heldur til kirkju edur annara Erinda ad þeir rídi rétta götu umm túnid; Enn ad vestann verdu frá Audunnarstödumm eptir melunum fyrir ofann Eingjarnar rétta þiódleid. Slíkt hid sama tilsegi eg öllumm enn þó einkumm grasafolki og þeim sem lestir reka, ad nordann frá Asgeirsá, ad rída og reka lestirnar rétta leid undir Breckunumm fyrir ofann allt Eingjamark, eptir þarumm géngnumm dómumm á Þorkellshólls þingi ádur fyrri kunnugumm og auglystumm. Framar lögfesti eg land Vídidalstúngu alt framm frá Kaldalæk ytsta sem nú er kalladur Heilækur rædur fyrir vestann Bergá framm i Bergárvatn og þadann réttsyni í hin sydstu Gljúfurárdrög þá rædr Gljúfurá útí Rófuskardsá, þá rædur hún uppá fiall. Eirnig líka i Jardareign Tungur allar millum Kalfdalslækjar og Reidarlækjar út ad Hlödufalli og hálfsmánadar Eingiteig á Hlödufalli, enn þá

er lækinn þrítur fyrir vestann, rædur Midfjardarvatn, og úr því réttsyni til austurs í Bessaborg vestannverda, ogso yfir i Kalfdalsdrög. Þessvegna fyrirbíd eg i krapti af Stiftisins bókumm og kirkjunnar ad Vídidalstungu af kónginumm stadfestu máldögum öllum mönnumm ádurgreind lönd Vídidalstungu ad yrkja, slá, beita, brúka, edur sér ad nýta i meira edur minna, utann mitt sé leifi til, undir Landnám og Sektir sem lög áqveda og eptir þeirra fyrirmælum tvöfaldast á Lögfestu landi. Þó er hér frá af mér undanntekinn Bondinn á Stóru ásgeirsá Jósaphat Tómasson, hvörjumm eg uppá væntannlegt stiftisins Samþycki, leift hefi vid forlíkunn af 1ta Martii yfirstandandi árs, fríann upprekstur fyrir fé og hross einungis fyrir siálfann hann i Landspartinumm milli Sandfellsqvíslar og Yxnár, og öll hans brúkunarnot, svo sem: Eggjatekju, grasatekju og hrísrif, hvör Sáttasamningur ad gyldur stendur i tilnefnds Bónda Jósaphats Tómassonar og hans næstu barnabarna, medan hann og einhvör af þeim bír á Stóru ásgeirsá. Þessari lögfestu til fullkomins kraptar og stadfestu er mitt undirskrifad nafn og hiásett Signet.

Vídidalstungu þann 13da Maii 1841.

J.Thorarensen

L. S.

Lesid fyrir Manntalsþíngsrétti á Stóruborg þann 14da Maii 1841.

Blondahl

Borgad med 36s. Þriatí og sex Ríkisbankask.[75]

Varðveitt er yfirlýsing, millum þeirra Jóns Thorarensens í Víðidalstungu og Davíðs Davíðssonar á Hvarfi, um grasatekju og hrossabeit á Víðidalstunguheiði, dagsett þann 10. apríl árið 1843. Hún hljóðar svo:

Duplicat.

Fyrir ósk proprietaira Monsr Davíds Davídssonar á Hvarfi, gjöri eg undirskrifadur hérmed skriflegt: ad eg hér eptir eins og ad undannförnu, leifi nefndumm Mr. David fría grasatekju og hrossabeit á sumrumm einungis fyrir sjalfann hann í Vídidalstúngu afréttarlandi fyrir framann Yxná, sem vidvari á beggja ockar tíd edur svo lengi velnefndur Mr. Davíd býr á sinni eignar- og ábýlis-jördu Hvarfi, enn afréttartollinn áskil eg hann gjaldi Vídidalstúngu eiganda svo vel hér eptir sem hingad til eins og sérhvörjumm Jardar ábúanda og saudfjáreiganda í Þorkelshollshrepp ber, samqvæmt þeim authoriserudu Vídidalstúngu kyrkju máldögumm. Enn fremur lofa eg uppá sama máta Mr. Davíd ad Fridrik sonur hans meigi njóta sömu hlunninda, verdi hann nockurn tíma sjálfur ábúandi á Hvarfi.

Þessu til stadfestu er mitt nafn.

Vídidalstúngu þann 10da Aprilis 1843.

[75] Skjal nr. 2(104) a-b.

J.Thorarensen

Þessu hér ofannskrifada er eg í allastadi samþyckur.

D. Davidsson

L. S.[76]

Í jarðamatinu 1849 segir svo um Víðidalstungu og Víðidalstunguheiði:

> Stórt afrjettarland fylgir þessari jörðu [þ.e. Víðidalstungu], nl. Víðidalstunguheiði; þar er upprekstur fyrir allan (Viðidal) Þorkelshólshrepp, auk þess fá fleiri utan hrepps menn hjer upprekstur fyrir fjallafje sitt; einnig ganga þar mörg stóðhross, líka er þar grasatekja; takmörk heiðarlandsins eru að austan svokallaður "Hraungarður„ , sem liggur í suður, að sunnan og framan er Arnarvatn, en Fitjaá að vestan; er þetta land allmikið, og góð afrjett fyrir mikinn fjenað, og meiri enn þann fjárfjölda sem er hjer í sveit; þar er nokkur álptafjaðratekja, og álptaveiði; þaraðauki á Víðidalstunga, eptir maldaga Pjeturs biskups og Olafs biskups Rögnvaldssonar afrjett fram frá "Kaldalæk„ yzta, sem eigandinn segir nú kallist Heylækur; "ræður fyrir vestan Bergá fram í Bergárvatn, og þaðan rjettsýni í hin syðstu Gljúfurárdrög, þá ræður Gljúfurá út í Rófuskarðsá, en þá ræður hún upp á fjall „ ; er þetta stórt afrjettarland, einkum á lengd frá norðri til suðurs, en nokkuð minna á breiddina frá austri til vesturs, er og landið hið kjarnbezta eitt á sumrum, og er nú sem stendur dálítið býli í því, kallað Lækjarkot; þar hefur grashússmaður byggt sjer bæjarkorn fyrir 3 árum, og má það þannig byggjast í góðum árum, en eigi í hörðum, sökum vetrarríkis; hefur Víðidalstungu maður leigt þetta fjallland sem stendur mest megnis manninum á Gafli, og hann aptur leyft nú verandi grashússmennsku, á svonefndu Lækjarkoti; en sem enganveginn getur notað einusinni hálft landið, sökum víðáttu, og má það því eins fyrir það brúkazt að miklu leyti sem afrjett; en yzti hluti landsins kallaður Fremrihlíð, er af Víðidalstungu manni leigður sjera Jóni á Undirfelli í Vatnsdal, og er hægt að nota landið þaðan, og fleiri bæjum þar í hrepp.[77]

Í yfirmatshluta jarðamatsins frá árinu 1849 kemur fram að eigandi Víðidalstungu innheimti einnig svonefnda vortolla og hrossatolla af Víðidalstunguheiði, auk hefðbundina heiðartolla. Þar segir:

> [...] hér gjaldaz fyrir utan vanalega heíðartolla, einnig vortollar sem Jón stúdent Thórarensen er farinn að taka af sumum þeím sem reka géldfé sitt frammá heíðina, fyrir fráfærur á sumrin, og er þetta óvanalegt hjá öllum öðrum; einnig vita menn að hér eru teknir tollar fyrir hrossabeít, sem enþá ekki er orðinn vani á hinum heíðunum, þó það megi álítaz sanngjarnt.[78]

[76] Skjal nr. 2(107) a-b.
[77] Skjal nr. 2(61).
[78] Skjal nr. 2(61).

Í útskrift af undirmatinu á jörðinni Víðidalstungu í jarðamatinu frá árinu 1849, kemur m.a. fram að stórt afréttarland fylgi jörðinni, inn á hvert innanhreppsmenn sem utanhreppsmenn reki í. Útskriftin hljóðar svo:

> Utskrift af undirmatinu á Jördunni Vídidalstungu.
>
> [...]
>
> Stórt afréttarland fylgir þessari jördu nl. Vídidalstunguheidi, þar er upprekstur fyrir allann Þorkéllshóls hrepp, auk þess fá fleyri utann hreppsmenn hér upprekstur fyrir fjallfé sitt, einnig gánga þar mörg stódhross; líka er her grasatekja; takmörk heidarlandsins eru ad austann svokalladur „Hraungardur“ sem liggur i sudur að sunnann og framann er Arnarvatn enn Fitjaá ad vestann; er þetta land allmikid og gód afrétt fyrir mikinn fénad og meiri enn þann fjárfjölda sem hér er í sveit; þar er nokkur alptafjadratekja og alptaveidi; þarad auki á Vídidalstunga eptir máldaga Pjeturs biskups og Olafs biskups Rögnvaldssonar afrétt framm frá Kaldalæk yzta, sem Eigandinn seigir nú kallist Heylækur; rædur fyrir vestann Bergá framm í Bergárvatn og þadann réttsýni í hin sydstu Gljúfurárdrög, þá rædur Gljúfurá úti Rófuskardsá enn þá rædur hún uppá fjall, er þetta stórt afréttarland einkum á leingd frá nordri til sudurs, enn nokkud minna á breiddina frá austri til vesturs, er og landid hid kjarnbesta eitt á sumrum og er nú sem stendur dálítid býli í því kallad Lækjarkot; þar hefur grashúsmadur byggt sér bæarkorn fyrir 3 árum, og má þad þannig byggjast á gódum árum, enn eigi í hördum sökum vetrarríkis; hefur Vídidalstungu madur leigt þetta fjallland sem stendur mestmegnis manninum i Gabli og hann aptur leyft núverandi grashúsmensku á svonefndu Lækjarkoti enn sem eingann veiginn gétur notad sjálft landid sökum vídáttu og má þad því eins fyrir þad brúkast ad miklu leiti sem afrétt, er yzti hluti landssins kalladur Fremrihlíd er af Vídidalstungu manni leigdur S^{ra} Jóni á Undirfelli í Vatnsdal og er hægt ad nota landid þadann og frá fleiri bæum þar í hrepp.
>
> [...].[79]

Í kjölfar rannsóknar vegna athugasemda við jarðamat á Víðdalstungu árið 1849, var eftirfarandi fært inn í gjörðarbók:

> Utskrift úr Gjörðabók við rannsókn jarðamatsins í Húnavatns Sýslu áhrærandi jörðina Víðidalstungu.
>
> No 190
>
> Við þessa jörð er framkomið allmikið kæruskjal frá eigandanum og ábúandanum Jóni stúdent Thorarensen, dagsett 8da Apríl.
>
> [...]
>
> Yfirmatsnefndin gat ekki vikið frá þeirri lýsingu lanzpartsins [þ.e. landpartsins fyrir Gaflinum], sem gjörð hefur verið við undirmatið, og álítur

[79] Skjal nr. 2(141) a-b.

partinn vel byggilegan í góðum árum, eins og hann líka nú er bygður og leigður; hefur núverandi ábúandi, sem þangað kom félaus, heldur blómgvast þar, og það þrátt fyrir það þó hann borgi kjærandanum Jóni stúdent Thorarensen landskuld einsog eptir 10 hndr. kot, nefnilega 50 álnir í ull og tólg, þaraðlútandi hefur ábúandinn tekið af honum eitt leigukúgildi, er þó þessum ábúanda eða réttara sagt nýbyggjara ekki leigt nema fremri hluti þessa lanzparts, en ytri hlutinn leigður prestinum á Undirfelli í Vatnsdal, fyrir, að sögn 40 fiska afgjald, og var þessi sami síðarnefndi partur lanzins fyrrum í mörg ár leigður sál. dannebrogsmanni, umboðsmanni Birni Olsen fyrir 40 fiska árlegt eptirgjald.

[...]

Þá talar kjærandinn um heiðina hjá sér, að hana meigi bera saman við Grímstungu, Forsæludals- og Haukagils heiðar, en að matið á þeim sé tilgreint og sé tilsamans 570rd, en þetta hafi hann ekki feingið um heiðina sína, að Grímstungu og Haukagils heiðar muni vera matnar 390rd, en af þeim muni fást allt að 38 fjallatollum árlega, en að hann sjálfur þarámóti hefði eigi heimtingu á fjallatollum nema úr Þorkélshólshreppi, og að í honum séu 32 bæir, en að utanhreppsmenn, sem þangað reki nú (nl. á Víðidalstunguheiði) séu mjög óvissir, og hætti þá minnst vari, er þeir hafi allir afrétt annarstaðar, sér miklu hægri, en eigi eingan skylduupprekstur hér (á Víðidalstunguheiði).

Hér um voru gjörðar fylgjandi athugasemdir:

Þessi heiði stendur í nánara og margbreyttara sambandi við Víðidalstungu heimajörð, enn hinar aðrar umgétnu heiðar standa í við sínar heimajarðir, þarsem hér gjaldast fyrir utan vanalega heiðartolla einnig vortollar, sem Jón stúdent Thorarensen er farinn að taka af sumum, þeim sem reka géldfé sitt frammá heiðina, fyrir fráfærur á sumrin, og er þetta óvanalegt hjá öllum öðrum, einnig vita menn að hér eru teknir tollar fyrir hrossabeit, sem ennþá ekki er orðinn vani á hinum heiðunum, þó það meigi álítast sanngjarnt. Hinar heiðarnar eru þaraðauki metnar af öðrum jarðamatsmönnum, en þeim sem möttu jarðirnar í Þorkélshólshreppi, og þó þeir framyfir skyldur sína og framyfir það, sem var og þurfti að vera reglan, aðeins hafi tilgreint inní mati jarðanna, hvað þeir mettu hverja heiði, þá flýtur héraf eingin skylda eða nauðsyn til að meta Víðidalstungu heiði sér, hvað nefndin ei heldur er viss með að géta með réttum jöfnuði; aðrar heiðar, svosem Kúluheiði, Aðalbólsheiði og Núpsheiði m. fl. eru ekki heldur matnar sér.

En eigandinn má annars sjálfur fara sem nærst um hvað mikill partur hérumbil heiðin sanngjarnlega sé úr matinu á Víðidalstungu, þarsem honum hafa verið boðnir 40rd í árlegt eptirgjald af hreppstjóranum fyrir heiðina, sveitarinnar vegna, og hefur eigi feingist. J hreppnum eru nú 39 búendur, en almennt hérumbil 40, á 32 jörðum, og því 39 heiðartollar, en hvern toll má meta 1rd; einnig virðst nefndinni eptir kunnugleika að margir menn í Þverárhrepp eigi einasta nú sem stendur, heldur jafnan, séu neyddir til að

sækja afrétt Víðidalstungu, hvað þeir og gjöra árlaga, og nú sem stendur 10, sem nefndin veit með vissu, en eru þó að líkindum mikið fleiri.

En kjærandanum hefur auðsjáanlega gleymst að leiðbeina nefndinni með því hreinskilnislega að greina búenda töluna í hreppnum, nefnil. 39, eða 39 tolla innan hrepps, og eins hvað margir gjaldast utanhrepps, umleið og hann aðeins greinir 32 bæi í hreppnum.

Ekki heldur hefur hann tilgreint neitt um vortollana.

Það má enn fremur tilgreina, að hinar heiðarnar hafa verið virðtar lægra, en allt meðfram af þeirri ástæðu að afstaða þeirra veldur jörðunum Grímstungu, Haukagili og Forsæludal miklum ágangi af fjallafé allt sumarið, havarámóti Víðidalstunga er laus þar við, þó fleira fé gangi á Víðidalstunguheiði, enn á hinum heiðunum, og er það af því, að aðrar jarðir, svosem hjáleigurnar Stórahlíð, Litlahlíð, Bakkakot og fleiri liggja framar og nær heiðinni, enn heimajörðin, og mæta þær öllum áganginum, og eru þannig einsog vörn heimajarðarinnar.

[...]

Þannig hefur nú nefndin tekið til greina og nákvæmrar athugunar allt kjæruskjal stúdents Jóns Thorarensens yfir matið á Víðidalstungu yfirhöfuð, og gégnt því með þeim athugasemdum og skýringum, sem þar áttu við, og miðað hafa til að upplýsa það rétta og sanna eða hið gagnstæða við það, sem kjærunnar útþeinktu og öllu til hins sama miðandi orðatiltæki ella hefðu gétað leiðt til fyrir hvern ókunnugan, því kunnugleiki nefndarinnar var í veigi fyrir því, að kjæruskjalið yrði til lækkunar á mati þessarar arðsömu fasteignar yfirhöfuð, undir hennar sanna verð.

Eptir ýtrustu yfirvegun fann nefndin eingva ástæðu til að færa Víðidalstungu niður í mati, og ekki heldur fullnóga ástæðu til þess að hækka mat hennar, í samanburði við aðrar jarðir, og við sanngjarnt söluverð skaðlaust fyrir kaupanda og seljanda, og verður því jörðin alla óumbreytt, og matin í einulagi með hlynnindum og ítökum, einsog áður.

En í þessum úrskurði áttu þeir 3 yfirmatsmenn einungis þátt, sem ekki áður höfðu verið jarðamatsmenn í Þorkélshólshrepp.

Tíminn sem hértil hefur eyðz við yfirmatið, er 1 dagur frá morgni til kvölds og ¼ úr öðrum deigi.

in fidem

Havstein.[80]

Í skjali dagsettu þann 8. apríl árið 1850, gerir Jón Thorarensens í Víðidalstungu, langorðar, margvíslegar og ítarlegar athugasemdir við jarðamatið 1849, hvað snertir Víðidalstungu. Vísast hér í framlagða uppskrift af því skjali.[81]

[80] Skjal nr. 2(142) a-b.
[81] Skjal nr. 2(139) a-b.

Þann 16. september árið 1852 var sáttafundur settur og haldinn á Víðidalstungu, vegna klögunar Víðidalstungubónda gegn Jósepi Loftssyni á Galtarnesi, áhrærandi óheimila brúkun þess síðarnefnda á landi Víðidalstungu. Í sáttabók umdæmisins (Stóruborgarumdæmis) var m.a. eftirfarandi fært til bókar af þessu tilefni:

> [...]Var þá tekid fyrir málid 1/1852 Studiosus Herra Jón Thorarensen á Vídidalstúngu gégn Bónda Mr. Jósep Loptssyni á Galtarnesi áhrærandi: óheimila brúkun á Vídidalstúngu landi. Klögunin dagsett 10da þ.m. med áteiknudu fyrirkalli sama dag, og áritun Stefnuvotta um byrtingu hvörstveggja 11ta s:m:, er frammlögd fyrir sættanefndina.
>
> Málspartarnir eru sjálfir vidstaddir; ræddu hlutadegendur málid ýtarlega á ymsa vegu, enn gódmótlegri sætt í því vard med eingu móti ákomid, og er því þessvegna, sem óforlíkudu vísad til dómstólsins.
>
> Actum ut supra
> Jón Jónsson Þorst. Bjarnason.[82]

Þann 7. júní árið 1853, var haldinn aukahéraðsréttur í þrætumáli millum Jóns Thorarensens í Víðidalstungu og Jóseps Loftssonar á Galtarnesi, um grasatekju, geldfjár- og hrossabeit á Víðidalstunguheiði. Þeir náðu sáttum með eftirfarandi skilmálum:

> Arnór Árnason sýslumaður í Húnavatnsþingi
>
> Gjörir vitanlegt að ár 1853, dag 7da Júní klukkan 11 fyrir miðjan dag, að Víðidalstungu, setti A. Árnason sýslumaður Húnavatnsþings aukahéraðsrétt með þingvottum: Þorsteini bónda Bjarnasyni í Sporði og Jónathan bónda Jósaphatssyni í Miðhópi. Átti að fyrirtaka þrætumál millum Jóns stúdents Thorarensens hér á bæ, sem stefnanda og Jósephs bónda Loptssonar í Galtarnesi sem ens stefnda.
>
> [...]
>
> Að síðustu komst svolátandi sætt á málið millum partanna. 1. Að Jóseph Loptsson borgi árlega til éganda Víðidalstungu vetrgamla kind, gilda og væna fyrir geldfjárrekstur á Víðidalstunguheiði, hvert sumar, og fyrir grasatekju af 4 mönnum í 2 vikur árlega mest, og fyrir 4ra hrossagöngu um sumar mest, árlega frá honum sjálfum og hans égin heimamönnum. 2. Að hann borgi Thorarensen nærsta haust 3 kindr vetrgamlar fyrir 3 þá undanfarin ár, fyrir allt heiðargagn. 3. Þessar vetrgömlu kindr greiðast í fjárréttum hvert haust. 4. Jóseph má ekki reka órúið fé sitt á Vestrheiðina, heldr einasta á Austrheiðina austan Víðidalsár, en sumar upprekstur takmarkast ekki hérvið. 5. Partarnir skipta með sér málskostnaðinum, sem áfallinn er, til helminga, bæði til sýslumanns, sættanefndar og stefnuvotta, og greiða þeir sinn helminginn hvor, og gjörði Thorarensen þetta fyrir orð sýslumannsins, en Olsen fyrir orð

[82] Skjal nr. 2(245) a-b.

Þorsteins í Sporði. 6. Ekki má heimilisfólk Jósephs éga í hans upprekstrarfé, og inní hans égin réttindum eptir þessari sætt, fleira enn 20 fjár samtals. 7. Þessi fjallatollr gildir meðan Jóseph er innan hrepps og er búfastur. 8. Komist breyting á um fjallatolla eða heiðarmálin, frá því sem hingað til gildt hefir, þá sé Jóseph undir sömu reglum og aðrir, jafn fjárríkir menn, en égi lakar farinn né betr við þessa sætt. Þessi sætt var upplesin í réttinum, og samþykkt af báðum málspörtunum.

Réttinum slitið klukkan 5½ eptir miðjan dag.

A. Arnesen

J. F. Thorarensen R. M. Olsen Jóseph Loptsson

J. Jósaptatsson Þ. Bjarnason.[83]

Þann 9. maí árið 1854, bannaði Jón Thorarensen alla grasatekju, trippa- og hrossarekstur, álftaveiði, fjaðra- og eggjatekju í landi Víðidalstungu. Þessu var þinglýst að Stóruborg þann 10. júní sama ár og hljóðar svo:

Hér með endurnýa eg bann mitt er ég ádur hefi gért og látið byrta bædi á Stóruborgar manntalsþingi fyrri, og fleyri þingum, þad nefnilega, að eg banna einum og sérhvörjum að fara nokkurstadar á land jarðar minnar Vídidalstungu til að taka þar grös; eins má heldur einginn reka eða láta reka þángad trippi sín eda hross, ekki brúka þar alptafjadratekju eda alptaveidi eda taka þar alptaegg, né á nokkurn annann hátt brúka téda land mitt, nema mitt sé lof eda leyfi ádur þar tilfeingid. Med þessu er samt óskértur fjárupprekstursrétturinn fyrir Þorkélshólshrepp í Vídidalstungujörð eptir Máldögum jardarinnar og móti þeim þar ákvedna tolli. Sömuleiðis skulu þeir samníngar er eg hefi gért vid einstaka menn í téda hreppi áhrærandi vissa brukun á heidi ádurnefndrar jardar minnar og hvörjir samníngar skriflegir eru standa óbreyttir eins og þeir hljóda fyrir þetta.

Enn fremur vil eg hér með undireins kunnugt géra, að þeir sem fá kunna leyfi hiá mér til að reka hross sín eda trippi á fyrrgreinda heidi mína, verda að sýna mér þau hér ádur enn þau eru rekinn framm á hana.

Þetta bann mitt bid eg herra Sysslumann Arnesen að upplesa á næsthaldandi Stóruborgar manntalsþíngi, almenníngi til naudsynlegrar vidvörunar.

Vídidalstungu, dag 9da Mai 1854.

J.F. Thorarensen

Þinglýst að Stóruborg, dag 10da Júní 1854.

Þinglýs. 36^{S} A. Arnesen

Þrjátíu og sex skild.

A.A.[84]

[83] Skjal nr. 2(108) a-b.

Þann 24. september árið 1855, var settur og haldinn sáttafundur á milli Jóns Thorarensens á Víðidalstungu og Helga Guðmundssonar bónda að Gröf, vegna ógoldins upprekstrartolls þess síðarnefnda, vegna reksturs hans á Víðidalstunguheiði. Í sáttabókina var eftirfarandi fært til bókar af þessu tilefni:

> Árid 1855, þann 24da September var sáttafundur settur og haldinn ad Stóruborg í Vídidal. Hinn 1ti forlíkunarmadur í Stóruborgar sáttaumdæmi Stúdent herra J. Thorarensen á Vídidalstungu er kjærandi í máli því, sem nú á ad koma fyrir sættanefndina, enn í hans stad gégnir forlíkunarmanns störfum, eptir skikkun amtsins, 28 November 1854, Jón prófastur Jónsson á Steinnesi.
>
> Var þá tekid fyrir málid N° 1/1855 Studiosus herra Jón Thorarensen á Vídidalstúngu gégn Helga bónda Gudmundarsyni á Gröf áhrærandi ógoldinn upprekstrartoll fyrir géldfje haustid 1854. Klögunin dagsett 11 þ:m: med áritudu fyrirkalli og vitnisburdi stefnuvotta um byrtingu hvörstveggja [hvörstveggja, tvítekið] dagsett 13da þ.m. er frammlögd fyrir sættanefndina. Málspartarnir mæta í egin persónu. Málid var rætt ytarlega, enn gódmótleg sætt gat ekki ákomist, og er því málinu, sem óforlíkudu vísad til dómstólsins; enn eptir beidni ákjærda er þess hér gétid, ad hann frammleggur kvitteringu Hreppstjóra Jónatans Jósafatssonar á Midhópi fyrir móttöku ens umþrætta upprekstrartolls; líka óskar hann fært til bókar ad velnefndur hreppstjóri hafi i fyrra krafid sig um toll þenna til grenjahreinsunar á Vídidalstúnguheidi, og hafi hann ekki vitad betur, enn þad væri skylda sín ad hlýda í þessu hreppstjóra, sem yfirbodara sínum.
>
> Actum ut supra
>
> Jón Jónsson Þ. Bjarnason.[85]

Á umræddum sáttafundi að Stóruborg, þann 24. september 1855, var lagt fram afrit af máldaga Víðidalstungukirkju frá 1461, þ.e. úr tíð Ólafs Rögnvaldssonar biskups. Afritið er samhljóða eldri máldaga. Sjá hér framar.[86]

Þann 19. júlí árið 1856, ritaði Jón Thorarensen í Víðidalstungu jarðamatsnefndinni í Reykjavík bréf varðandi jarðamatið 1849. Bréfið hljóðar svo:

> Þegar jörð mín Víðidalstúnga var metin við jarðamatið í Þorkelshólshreppi sumarið 1849 var matinn í sameiningu með henni landspartur nokkur fyrir Gaflinum á Víðidalsfjalli, er kirkjan hér á, og hvör landspartur í jarðamatsgjörðinni kallaður er „afrétt framfrá Kaldalæk yzta“ o.s.fr.; er hann með ummerkjum á allar síður, og er nú fyrir allmörgum árum búið að byggja upp nýbýli á honum, er Lækjarkot nefnist. Eins voru rekar þeir er kirkjan hér á vestur á Vatnsnesi í Kirkjuhvannshreppi virðtir í einingu með nefndri jörð Víðidalstungu.

[84] Skjal nr. 2(109) a-b.
[85] Skjal nr. 2(246) a-b.
[86] Skjal nr. 2(235) a-b.

Að meta téða landspart og reka kirkjunnar hér með heimajörðinni Víðidalstungu, af hvörri kirkjan á aðeins 1/3 hlut, álít eg nú með öllu rángt; skrifaði eg því yfirmatsnefndinni hér í sýslu bréf þann 8. apríl 1850 og óskaði að áðurnefndur landspartur og rekar yrðu aðskildir í virðingunni frá hér heimajörðinni, svo að landsparturinn féngi sína virðingu sér og eins rekarnir. Líka lét eg nefndinni í ljósi, að eg hefði viljað, að mat heiðarinnar, er liggur hér undir heimajörðina og sem var matin með henni, hefði mátt tilgreinast sér á parti inní mati jarðarinnar einsog eg hafði heyrt að gjört hefði verið við heiðar ymsra annara jarða hér í sýslunni.

[...]

En þvert á móti von minni neitaði yfirmatsnefndin mér með öllu um aðskilnaðinn á matinu einsog hún og heldur ekki þóktist finna ástæðu til að færa matið niður; skrifaði eg þá amtmanninum yfir Norður og austr amtinu þann 12. apríl 1851, og kvartaði undan þessari ólöglegu aðferð, er viðhöfð hafði verið við mat Víðidalstungu, í því að meta þær eignir saman með henni, er áttu að virðast sér, og sem eg því áleit að yfirmatsnefndin hefði ránglega neitað mér um að setja sérskilda virðingu á; bað eg amtmanninn að bera þá bón mína upp fyrir hlutaðeigandi stjórnarráði, að eg gjæti féngið réttingu á þessu með því að mér yrði geymdur réttur til að fá jörðina matna að nýu á löglegan hátt, hvarvið eg ennfremur vænti, að jörðin ~~og þær með henni virdtu eignir~~ mundi fá sanngjarnara mat, en upphaflega hafði verið á ~~þær~~ hana sett.

[...]

J áðurnefndum bréfum mínum frá 8. apríl 1850 og 12. apríl 1851, hvör bréf mín eg vona að séu komin nefndinni til handa ásamt öðrum skjölum jarðamatsins, hefi eg leidt ljós rök að því, að áðurgreindur landspartur og rekarnir áttu að virðast sér, en ekki í sameiningu með heimajörðinni Víðidalstungu, og leyfi eg mér því, að vísa til téðra bréfa minna um það efni; jafnframt leyfi eg mér að leggja hérmeð útdrátt af máldögum Péturs biskups ~~frá~~ 1394 og Olafs biskups Rögnvaldssonar ~~frá~~ 1461 til sönnunar því er eg hefi sagt í téðum bréfum mínum, að landsparturinn – er máldagarnir einsog jarðamatsgjörðin nefna „afrétt framfrá Kaldalæk yzta“ er nú kallast Heylækr – er eign kirkjunnar hér, einsog einnig rekarnir, og að þetta hvorttveggja er komið undir kirkjuna á sérstaklegann hátt, einog Víðidalstungu kirkjujörðin Sporður er kominn undir kirkjuna á sama hátt. Sömuleiðis sýna máldagarnir að áðurtéður landspartur er með ummerkjum á allar síður, hvör ummerki einnig eru tilgreind í sjálfri jarðamatsgjörðinni; er því hér af auðsætt að það er með öllu ósatt, er segir í yfirmatsgjörðinni, að landsparturinn liggi undir heimajörðina Víðidalstungu með óskiptum landamerkjum; Og þarsem nú býlið Lækjarkot er komið upp í landsparti þessum og hann er með ummerkjum á allar síður einsog hann nú einnig er allur byggður í einingu með býlinu, þá vona eg það álítist vafalaust, að téða Lækjarkot með öllum landspartinum átti að virðast ser á parti sem hver önnur sérstök jörð samkvæmt erindisbréfi jarðamatsmannanna 1. Sept. 1848 § 2, og það því

fremur sem téður landspartur er sérstök eign kirkjunnar hér, og með öllu aðskilinn frá heimajörðinni Víðidalstungu, af hvörri kirkjan á einasta 1/3, einsog áður er sagt, og sjálf jarðamatsgjörðin sýnir. Hinar árlegu alþingiskostnaðar skýrslur fyrir Þorkélshólshrepp sýna einnig, að téða Lækjarkot með öllum landspartinum er álitið og viðurként að vera sem hver önnur sérstök jörð kirkjunnar hér, því síðan opið bréf 2. Marz 1853 kom út hefur árlega verið tekinn af því alþingistollur einsog hverri annari kirkjujörð, hvarámóti éngin tollur var tekinn af því áður, með[an] kirkjujarðir voru undanþégnar alþingiskostnaðargjaldi. Eg vil ennfremur géta þess að þó máldagarinir nefni téða landspart afrétt, þá er ekki þarmeð meint að hann égi að brúkast til fjáruppreksturs, heldur hafa máldagarinir ákveði allann fjaruppreksturinn í land Víðidalstungu, er hún átti áður en fyrtéður landspartur kom undir kirkjuna hér, svosem og jarðamatsgjörðin sýnir að fjáruppreksturinn er tíðkaður á Víðidalstunguheiði, en téður landspartur er ekki brúkaður sem nokkur afrétt heldur er hann byggður og leigður sem hver önnur jörð kirkjunnar hér, og nú allur í einingu leiguliðanum í Lækjarkoti fyrir 60 álna eptirgjald í landaurum, einsog alþingiskostnaðarskýrslurnar hér fyrir hreppinn géta sýnt.

[...]

Hvað nú áhrærir áðuráminsta heiði er tilheyrir hér heimajörðinni og í hvörja nú er tíðkaður fjáruppreksturinn, þá vildi eg að vísu að mat hennar hefði verið tilgreint sér, þó einasta inní mati jarðarinnar einsog gjört var við hinar landamerkjalausu hjáleigur hennar og heiðar sumra annara jarða hér í sýslunni, þareð eg áleit að matið við það yrði glöggara og áreiðanlegra; heiðin gétur og að því leyti álitist sérskilin, að hún kallast að ná ofanað byggðinni; en eg játa samt að hún er í raun og veru partur af heimajörðinni og liggur undir hana, en er eingin afrétt í Jónsbókarinnar skilningi, en þannig eru og allar hjáleigur Víðidalstungu ekkert nema partar af jörðinni, hvörra mat þó var tilgreint sér, og mér sýnist því að ekkert gjæti verið á móti því að mat heiðarinnar væri tilgreint sér á sama hátt inní mati jarðarinnar til frekari skýringar.

Þessunæst vil eg nú leyfa mér að sýna hvað sanngjarnt sé að meta hverja af hinum áðurnefndu eignum er virðtar voru saman, nefnilega: landapartinn, rekana, og heimajörðina hér með heiði hennar, i samanburði við mat annara jarða hér, og er þá:

1. Áðurgreindur landspartur, eða réttara sagt, jörðin Lækjarkot með öllu undirliggjandi landi, er jarðamatsgjörðin og máldagarnir fara kringum; vil eg bera hana saman við Víðidalstungu hjáleiguna Stóruhlíð, sem er matin á 144rd; sést af lýsingum beggja ~~þessara~~ jarðanna í jarðamatinu, að á þeim báðum er mikið vetrarríki og þó engu minna í Lækjarkoti; en að öðruleyti mega þær álítast jafnar að landrými og landgjæðum einsog einnig eingjum og túni, en það er [að] kalla ekkert á hvorugri þeirra; hættur eru engu minni á Lækjarkoti en í Stóruhlíð, og ágángur er þar fullt eins mikill af fjallafé, sem

ljóst er af því að allt Lækjarkotsland liggur opið fyrir heiðinni, hvar upprekstursféð géngur, án þess nokkuð sé til fyrirstöðu. Mér sýnist því að Lækjarkot géti ekki matist hærra en Stórahlíð, hvað og ennfremur verður ljóst þegar litið er til þess hvörnin báðar þessar jarðir nú leigjast, sem er viðlíka að landskuld til, hvar á móti ekkert jarðarkúgyldi er í Lækjarkoti, og því éngar leigur goldnar þaðan, þarsem þó 2 kúgyldi eru leigð með Stóruhlíð, og sést þetta allt ljóslega af alþingiskostnaðarskýrslunum hér fyrir hreppinn; en meðþví eg nú samt álít að báðar þessar jarðir géti sanngjarnlega leigst jafnmikið og þær séu að álíta viðlíka að aðgjættum öllum þeirra kostum og ókostum virðist mér þær mégi metast báðar hérumbil eins.

[...]

3. Víðidalstunga sjálf með heiði hennar; vil eg til frekari skýringar skoða þetta í tvennu lagi, nefnilega:

[...]

b. Heiði Víðidalstungu; vil eg bera hana saman við heiðarnar, er liggja suður af Vatnsdal ~~nefnil~~. þ.e. Grímstungu, Forsæludals og Haukagils heiðar, hvörra mat, einsog jarðamatsgjörðin mun sýna, er tilgreint sér á parti og tilsamans á þeim öllum 570[rd]; eiga 2 sveitir ~~þ.e~~. nl. Sveinstaða og Ass hreppar, upprektur á þær, en í þeim hreppum eru, samkvæmt jarðatali Johnsens 46 byggðar jarðir; þarámóti á einasta Þorkélshólshreppur upprekstur í Víðidalstungu land og eru í honum 33 byggðar jarðir; að vísu hafa nokkrir menn úr Þverárhreppi nú um tíma féngið að reka fé sitt á Víðidalstunguheiði, en bæði er það mjög stopult að þeir reki hingað, ~~meðþví~~ þarsem þeir eiga hingað éngan skyldu upprekstur, og líka veit eg ekki betur, en ýmsir menn bæði úr Torfalækjar og ~~jafnvel~~ enda Svínavatns hreppum brúki og hafi brúkað upprekstur á áðurnefndar Vatnsdalsheiðar, og að jafnvel gamlir dómar séu til fyrir þessu;[87] ~~og er~~ það er því auðsætt ~~af því áðursagða~~ að heiðar þessar hljóta að gefa eigendum sínum mikið meiri arð en Víðidalstunguheiði gefur sínum eiganda, því það sem yfirmatsnefndin talar um „vortolla“ hér er með öllu ástæðulaust og byggist einasta á því að eg 2 eða 3 vor lofaði 2[r] mönnum hér niður í sveitinni að láta fé sitt áður enn það var rúið og laungu fyrir allan upprekstursins tíma,[88] ganga hér fram í landi Víðidalstungu, og sýnist mér engin ástæða géti verið til að telja svo omerkilegt atriði jörðinni til ríkunar; yfirmatsnefndin hefði þá ekki heldur átt að gleyma, að telja ymsum jörðum í Sveinstaðahreppi, t.a.m. Sveinstöðum og jörðunum þar í grend, til gyldis þá miklu vetrartolla, er ábúendur þeirra jarða <u>yðuglega</u> fá fyrir hross þau, er ymsir menn koma í hagagaungu til þeirra að vetrinum, sökum þeirrar afbragðsvetrarbeitar, er þar er, en þetta má þó álítast verulegur kostur á jörðum; Ef menn líka í öðrum sveitum feingju hagagaungu fyrir órúið fé sitt í löndum annara manna, hvort heldur heiðum eða annarstaðar, ættu þeir að borga þar fyrir, og það þá á sama

[87] Orðin: „og að jafnvel gamlir dómar séu fyrir þessu“, ofan línu.
[88] Orðin: „og laungu fyrir allan upprekstursins tíma“, ofan línu.

hátt metast þeim jörðum til ríkunar, og það eins þó jarðeigandinn gjæfi eptir slíka borgun, meðþví það gétur ekki verið ástæða til niðurfærslu í mati á einni jörð, þó eigandinn gángi ekki eptir sínu, og nær þetta einnig til hrossabeitar-tollanna, er yfirmatsnefndin talar um; en annars væri mér hægt að [sína] ef eg áliti það gjöra nokkuð til að þeir [eru 0000] litlir goldnir hér, og að þeir munu engu síður vera goldnir heiðaeigendunum í Vatnsdal. En hvað það snertir, að éngin ágángur sé hér af fjallafé, þá er ljóst að ~~þessi~~ sú ástæða yfirmatsnefndarinnar er með öllu raung, því einsog alkunnugt er liggur heiði Víðidalstungu hvar upprekstraféð géngur[89] strax uppfrá búfjárhögum jarðarinnar, og allt land hennar liggur opið fyrir ágángi af fjallafé, án þess hjáleigurnar géti verið hin minsta vörn þar fyrir.

[...]

Þannig hefi eg nú sýnt af sjálfri jarðamatsgjörðinni og órækum skilríkjum að þeir gallar eru á mati Víðidalstungu ~~sem~~ er eg hér áður hefi frá skýrt, og eg leyfi mér nú að óska að hin hattvirta jarðamatsnefnd í Reykjavík vildi lagfæra ~~þá svo~~ galla þessa samkvæmt framanskrifuðu þannig:

1. Að jörðin Lækjarkot með öllu undirliggjandi landi fyrir gaflinum á Víðidalsfjalli fái sérskilda virðingu, og ~~að hún yrði~~ verði matin jafnt Víðidalstungu hjáleigunni Stóruhlíð.

[...]

3. Að sjálf jörðin Víðidalstunga með heiði hennar fái sitt mat sér, og það verði ákveðið eptir sanngjörnum samanburði við mat annara jarða hér í sýslunni.

Víðidalstungu dag 19da Júlí 1856

virðingarfyllst

Til jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík, er sett er samkvæmt konungsúrskurði 18da Maí f. á.[90]

Á tímabilinu 26. maí til 9. september árið 1856 var haldinn aukahéraðsréttur í máli eiganda Víðidalstungu, Jóns Thorarensen, gegn Helga Guðmundssyni í Gröf, varðandi fjallatolla og upprekstur á Víðidalstunguheiði. Málinu lauk með svofelldum dómi:

Því dæmist rétt að vera:

Helgi bóndi Guðmundsson í Gröf ber í þessu máli frí að vera við kröfur stefnarans, stúdents Jóns Fr. Thorarensens í Víðidalstungu. Í málskostnað greiðir Thorarensen hinum stefnda Helga Guðmundarsyni 15 ríkisdali ríkismyntar.

[89] *hvar upprekstraféð géngur*, ofan línu.
[90] Skjal nr. 2(140) a-b.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Þessi dómur var upplesinn. Réttinum slitið.

A. Arnesen

G. Einarsson H. Ólafsson.[91]

Þann 18. febrúar árið 1857, var settur og haldinn sáttafundur á Stóruborg, í máli Jónatans Jósepssonar hreppstjóra á Miðhópi gegn Jóni Thorarensen að Víðidalstungu, vegna tregðu þess síðarnefnda til þess að láta hreinsa Víðidalstunguheiði af tófugrenjum. Þar að auk hafði Jón ekki greitt hreinsunarkostnað heiðarinnar í 3 ár. Af þessu tilefni var eftirfarandi fært til bókar:

Árid 1857 þann 18 Februar var sáttafundur settur og haldinn á Stóruborg af Jóni prófasti Jónssyni á Steinnesi, eptir skikkun hlutadegandi Amtmanns 12ta Nóvember sidstl: í stad Stúdent Herra J. Thorarensens á Vídidalstúngu, sem ad er partur í máli því, er nú kemur fyrir sættanefndina, og hinum ödrum sáttamanni í Stóruborgar sáttaumdæmi Þorsteini Bjarnasyni á Spordi.

Var þá tekid fyrir málid N° 1/1857 Hreppstjóri Jónatan Jósephsson á Midhópi gégn Student herra J. Fr. Thorarensen á Vídidalstúngu áhrærandi tregdu ens sídarnefnda ad vilja hreinsa Vídidalstúngu heidi af tóugrenjum samt áhrærandi borgun fyrir hreinsunarkostnad heidarinnar um næstlidin 3 ár, sem hreppstjóri kvedst hafa borgad af sveitarsjódnum.

Klögunin dagsett 31ta f:m: er frammlogd fyrir sáttanefndina, med áritudu fyrirkalli 2. þ.m., og vottun stefnuvotta um byrtingu hvörstveggja og vidfestrar ádurnefndrar skibbunar amtsins. – Málspartarnir eru vidstaddir í egin persónu. – Málid var rædt ytarlega af hlutadegendum, enn gódmótlegri sætt vard ekki ákomid og er því málinu, sem óforlíkudu, vísad til dómstólsins.

Actum ut supra

Jón Jónsson Þ: Bjarnason.[92]

Í júnímánuði árið 1857 dæmdi Landsyfirrétturinn Helga Guðmundsson í Gröf til þess að greiða Jóni Thorarensen upprekstrartoll vegna geldfjárreksturs Helga á Víðidalstunguheiði árið 1854. Dómsniðurstaðan hljóðar svo:

Því dæmist rétt að vera:

Hinn stefndi Helgi Guðmundsson á að greiða áfríandanum, student Jóni Friðrikssyni Thorarensen 2rdl 64s. í upprekstrartoll á Víðidalstunguheiði fyrir geldfé sitt árið 1854. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegri birtingu, undir aðför að lögum.

[91] Skjal nr. 2(111) a-b.
[92] Skjal nr. 2(247) a-b.

Th. Jónassen

Samhljóða dómsmálabók yfirdómsins á Íslandi.

B.Sveinsson.[93]

Þann 14. ágúst árið 1858, var settur og haldinn sáttafundur á Þorkelshóli, vegna kæru Jóns Thorarensens að Víðidalstungu gegn Helga Guðmundssyni bónda að Gröf, en Jón kærði Helga vegna ógoldinna upprekstrartolla fyrir upprekstrarfé þess síðarnefnda, haustin 1855, 1856 og 1857. Vegna þessa máls var eftirfarandi fært til bókar:

> Ár 1858 þann 14 August var Satta fundur haldin og settur á Þorkelshóli í Vídidal og Stóruborgar sáttaummdæmi hinn 1ti forlíkunar madur í tédu Sattaumdæmi Student J: Thorarensen á Vídidalstungu er kjærandi í máli því sem núi á ad koma fyrir Sattanefndina gegnir því í hans stad forlíkunar mans störfum i hér tédu máli eptir hér framm lögdu [strikað yfir: bréfi] amtsákvordudu í bréfi [í bréfi, ofan línu] til Kjærandans af 27da apríl Sídstl: hinn annar forlíkunarmadur i nefndu Sáttaumdæmi Þ: Bjarnason á Spordi sem einnig samkvæmt hér tédu amtbréfi tok til gjördar med ser i eptir skrifudu málefni valinkunan bónda Sgr Skarphedinn Einarsson á Hvoli var þá fyrirtekid: Málid N° 2/1858 Stúdent J. Fr. Thorarensen á Vídidalstungu gégn Helga bónda Gudmundssyni á Gröf áhrærandi ógoldna upprekstratolla fyrir upprekstrarfé hans haustin 1855, 1856 og 1857. Klögunin dagsett 6. þ.m. með árituðu fyrirkalli sama dag og vottun stefnuvottanna umm bijrtingu hvorttveggja 9. s.m. er framlögð fyrir sáttanefndina. Ákjærandinn mætti í eigin persónu, en fyrir þann ákjærða mætti fyrverandi hreppstjóri Jónathan Jósaphatsson á Miðhópi með fullmakt dagsettri í dag frá þeim ákjærða, þar hann tjáist sjúkr vera og þessvegna ekki géta mætt. Var sætta [strikað yfir: leitað] tilraun gjörð [tilraun gjörð, ofan línu] í málinu, en góðmótleg sætt gat ekki ákomist, og er því málinu vísað til dómstólsins aðgjörða sem óforlíkuðu.
>
> ut supra
>
> Þ: Bjarnason S:Einarsson.[94]

Á manntalsþingi, höldnu að Kirkjuhvammi þann 21. maí 1873, var lesið skjal frá P. Vídalín þar sem hann bannar að taka fjallagrös og að brúka landsnytjar, án hans leyfis, á Víðidalstunguheiði, ásamt Lækjarkotslandi.[95]

Þann 15. september árið 1875, gerðu ábúendur og eigendur Stóru Ásgeirsár og Víðidalstungu með sérsamning um land og landsnytjar á Austurheiði. Heiðin skal vera fullkomin og átölulaus eigindómur og liggja undir Víðidalstungu. Samningurinn hljóðar svo:

> Samningur.

[93] Skjal nr. 2(138) a-b.
[94] Skjal nr. 2(248) a-b.
[95] Skjal nr. 2(148) a-b.

Ár 1875, 15. dag septembermán., gjörðist milli okkar undirskrifaðra, mín Lárusar Einarssonar sem eiganda og ábúanda að Stóru-Ásgeirsá í Víðidal á þá einu hlið og mín Elínborgar Friðriksdóttur Vídalín og mín Ragnheiðar Jónsdóttur sem eiganda að allri Víðidalstungueign á hina aðra hlið svo látandi samningur:

1° Að jeg Lárus Einarsson sleppi hjer með algjörlega frá mjer og mínum erfingjum öllum meintum tilkalls- og eigna-rjetti mínum, sem Ásgeirsáreiganda, til allrar svonefndrar Austurheiðar að yztu ummerkjum liggjandi gagnvart Vesturheiðinni, sem er eign Víðidalstungu; og þar eð þessi Austurheiði hefur aldrei í manna minni verið notuð frá Ásgeirsá, þá skal hún, til að fyrirbyggja í framtíðinni allan ágreining er út af henni gæti framvegis risið, vera með öllum gögnum og gæðum og haldast sem Víðidalstungu-eigenda fullkominn og átölulaus eigindómur og liggjandi undir Víðidalstungu upp hjeðan í frá æfinlega; og til merkis þar um afhendi jeg hjer með öll þau brjef, er jeg áður meinti að mögulega gætu helgað mjer rjett til þessa fjalllendis.

2° Hjer í móti og þar eð Lárus Einarsson lætur okkur nú ganga úr öllum skugga um, að hann aldrei hafi áformað að vekja þrætu um nefnt fjalllendi, er við höfum talið okkar vafalausa eign, þá viljum við nú aptur á móti láta hann vera frían fyrir að borga fyrir trippi þau, er hann sjálfur á og rekur á Víðidalstunguheiði; sömuleiðis leyfum við honum fría grasatekju á fyrrnefndri heiði handa sjálfum sjer, meðan hann lifir og kona hans.

Þennan samning, sem gjörður er í undirskrifaðra votta viðurvist, staðfestum við með okkar undirskrifuðum nöfnum og hjá settum signetum.

Þorkelshóli, 15. dag septembermán. 1875.

S.L. Einarsson Elínborg Vídalín Ragnheiður Jónsdóttir

L. S. *L.S.* *L. S.*

Vitundarvottar:

Sofonias Halldórsson

(stud. theol.)

G. Sigurbjartsson.[96]

Hinn 31. maí 1882 var þinglýst banni gegn leyfislausri notkun á landi og landsnytjum Víðidalstunguheiðar. Einum og sérhverjum var bannað að taka fjallagrös nokkurs staðar í Víðidalstungu heimalandi, eða á hinni svokölluðu Víðdalstunguheiði, nema bréflegt leyfi eigenda væri fyrir því. Bannið náði til fjallagrasatekju, álftareggjatöku og álftaveiði, trippa- og hrossagöngu og silungsveiða. Sama gildi einnig um Austurheiðar eða Ásgeirsárheiðar ásamt Lækjarkotslandi. Þar var lagt bann

[96] Skjal nr. 2(105) a-b.

við því að taka fjallagrös „nokkurs staðar á Víðidalstungu heimalandi, eða á hinni svokölluðu Víðidalstunguheiði, nema bréflegt leyfi eigenda sé fyrir því“. [97]

Þeir Kristján Jónsson og Páll Pálsson, umráðendur Víðidalstungueignarinnar, samþykktu landamerkjabréf fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði, dagsettu þann 26. janúar 1886. Það hljóðar svo:

242

Samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1884 skrifast hjer upp af undirskrifuðum hreppsnefndum í Reykholtsdals- og Hálsahreppum landamerki fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði er samkvæmt afsalsbrjefi 18. apríl 1884 er sameign Reyholtsdals og Hálsahreppssveitarfjelaga, hins fyrrnefnda sveitafjelags að 2/3 og hins síðarnefnda sveitarfjelags að 1/3. Landeignin liggur innan þessara merkja: Að neðan ræður Svínalækur sem fellur úr Þorgeirstjörn norður eftir sjónhending í Arnar- steini úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norðurí austurhorn Urðhæðavatns, þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur L M), úr steininum norðanvert við Hávaðavatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarsonavatns (sic) uppí Svörtuhæð (Vesturhæð) (í stein merktan LM), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettarvatnstanga við Rjettarvatn, og tilheyrir tangi þessi samkvæmt samning þeim er gjörður var um landamerki hinn 24.–25. júní fyrra árs, jafnt hvorutveggja hlutaðeigendum sunnan og norðan mönnum úr nefndum Rjettarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög uppí Lyklafell (krók á sandi) úr Lyklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofaná móts við Reykjavatn þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót, síðan ræður Norðlingafljót þartil áðurnefndur Svínalækur fellur í það. Hlunnindi og ítök þau er aðrir eiga íland eigninni eru þessi:

1. samkvæmt áður ~~um gre~~ áminstu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 hefir Stefán Ólafsson bóndi í Kalmannstungu eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína

2. Gilsbakka kirkja á samkvæmt máldaga gömlum, hálfa veiði í Úlfsvatni.

Að landamerkjalýsing þessi sje samkvæmt gömlum máldaga fyrir Kalmannstungulandeign og svonefndu afsalsbrjefi 18. april 1884 med tilliti til fyrrgreinds samnings 24.-25. júní f.á.

Vitna

Hreppsnefndirnar í Reyholtsdals og Hálsahreppum hinn 26. janúarm. 1886.

Þorsteinn Árnason (hreppsnefndarmaður í Hálsahreppi), Jón Magnússon (hreppsnefndarm. Hálsahr.), Þorsteinn Magnússon (hreppsnefndaroddv.

[97] Skjal nr. 2(59).

Hálsahr.), Magnús Jónsson (eigandi Þorvaldsstaða), Stephán Ólafsson (eigandi Kalmannstungu), Einar Magnússon (oddviti Reykholtsdalshrepps), Bjarni Þorsteinsson, Þórður Sigurðsson (hreppsnefndarmenn í Reykholtsdalshreppi), Hjörtur Líndal eigandi Efranúps, Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls, Kristján Jónsson, Páll Pálsson (umráðendur Víðidalstungueignarinnar), Sigurður Jónsson eigandi Haukagilsheiðar, Magnús Andrjesson Gilsbakkastaðarhaldari, Jón Pálsson umráðamaður Fljótstungu.

Lesið á manntalsþingi ad Sámsstöðum 20. maí 1889.

[...].[98]

Landamerkjabréf fyrir Víðidalstungu, ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði var útbúið 23. mars 1890 og þinglesið 31. maí sama ár. Það hljóðar svo:

Landamerki fyrir Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði.

Að norðan og vestan ræður norðasti farvegur Fitjár, neðan frá ármótum, gengt Kjálkamel upp til Kera, svo ræður Fitjá fram að Hesti, er stendur að vestan verðu við Fitjá, gengt Brunnármótum, úr honum beint í Steinaborg, þaðan upp í Tunguás, þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eptir Tunguás, sem sjer heimanað frá Valdarási, og þaðan rjettsýni í vestanvert Sauðholt, og þaðan í Tjarnhólakvíslarbotn, þá ræður hún ofan í Fitjá, þaðan Fitjá fram í Buga, fyrir norðan Geiraldsgnýpu, þá þaðan bein sjónhending suður í Geiraldsgnýpu, og þaðan í Rjettarvatnstanga, úr honum ræður bein sjónhending austur undir Bláfell, svo norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs norður á Hraungarða, svo ráða þeir meðan endast og úr norðurenda þeirra bein leið í Bergárvatn, úr Bergárvatni í Yxnártjörn, svo ræður Yxná ofan ú Víðidalsá, þá ræður hún út í árkrókinn fyrir utan enda Dælisleynifitjar, þá ræður austasti forni farvegur Víðidalsár út með Ásgeirsármótum út til Kjálkamels, (áður nefndur Ásgeirsármelur.)

Samkvæmt máldögum Pjeturs biskups frá 1394[99] og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461[100] á Víðidalstunga ¾ úr veiði í Steinkerum, alla veiði í Miðkerum, Básum, Strengfossi og Kerafljóti, ½ veiði í Fitjá ofan frá Kerafljóti til Kjálkalands. Ennfremur á hún reka fyrir eptir skrifuðum jörðum á Vatnsnesi: Allan viðreka fyrir Þremi, Sauðdalsá, Illugastöðum og Geitafelli, ½ viðreka fyrir Syðristöpum en 1/4 . fyrir Ytristöpum, hvalreka fyrir

Öllum þessum jörðum, eptir því sem jörðunum hefur til borið. Á Víðidalstunguheiði eður í Víðidalstungujörð er fjárupprekstur um allan

[98] Skjal nr. 2(253) a-b.
[99] Skjal nr. 2(153).
[100] Skjal nr. 2(154).

hreppinn (Þorkelshólshrepp) út að gljúfurá [innskot ofan línu] og ljúka lamb af rekstri til þess eru sex tigir og með sama upp þaðan.[101]

Þórður Jónsson og Páll Pálsson skrifuðu undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigendanna. Það var samþykkt af Jóni Magnússyni oddvita Hálsahrepps, Einari Magnússyni oddvita Reykholtsdalshrepps, Guðmundi Guðmundssyni fyrir hönd eiganda Aðalbóls og Birni Sölvasyni eiganda Valdaráss.

Þann 25. nóvember 1891 var kveðinn upp dómur í málinu, eigendur Víðidalstungueignar gegn óðalsbónda Sigurði Jónssyni í Lækjamóti. Sigurður var dæmdur til að greiða 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði. Dómurinn hljóðar svo:

Dómur:

í gestarjettarmálinu

Eigendur Víðidalstungueignarinnar

gegn

óðalsbónda Sigurði Jónssyni á Lækjamóti

uppkveðinn hinn 25. nóvember 1891.

Mál þetta er höfðað af sameigendum Víðidalstungueignarinnar, emeritpresti sjera Benedikt Kristjánssyni frá Landakoti við Reykjavík, og prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur frá Hvammi í Norðurárdal, gegn Sigurði bónda Jónssyni á Lækjamóti, út af vangreiðslu á fjallatollum og á borgun fyrir grasatekju, og hefir nefndur emeritprestur sjálfs síns vegna, og í umboði fyrgreindrar prestsekkju, krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer andviði 10 haustlamba með 50 kr., sem vangoldna fjallatolla fyrir upprekstur á Víðidalstunguheiði í 4 ár, og 12 kr. fyrir grasatekju á nefndri heiði um næstliðin 6 ár, samt að stefndi verður skyldaður til að lúka allan af málinu leiðandi kostnað, svo sem rjettargjöld, og þess utan 100 kr. til hans sjálfs, eða þá upphæð, sem dómarinn álíti hæfilega.

Hinsvegar hefir stefndi gjört þá aðal rjettarkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sækjanda í máli þessu; og til vara krafist, að hann aðeins verði dæmdur til að greiða 1 lamb í fjallatoll fyrir hvert af þeim 4 árum er hann hafi rekið geldfjé sitt á Haukagilsheiðar, og verði að öðru leyti sýknaður af kröfum sækjanda; en hvernig sem úrslit málsins verða, krefst stefndi hæfilegs málskostnaðar.

Sækjandi byggir rjettarkröfu sína um greiðslu fjallatollanna á framlögðum eptirritum af máldögum Pjeturs biskups frá 1394 og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461, og á eptirriti af hæðstarjettardómi, dags. 2. febrúar 1861, sem staðfestir í öllum greinum einnig framlagðan dóm yfirrjettarins, dags. 2. júní 1857, um þann skilning á fyrgreindum máldögum, að eiganda

[101] Skjal nr. 2(23).

Víðidalstungu beri í fjallatoll 1 lamb af hverjum 60 kindum geldfjár þess, er fjáreigendur í Þorkelshólshreppi reki á Víðidalstunguheiði. Sækjandi hefir haldið því fram, að með áðurnefndum máldögum sje lögð sú lögkvöð á íbúa Þorkelshólshrepps, að borga upprekstrartoll til eiganda Víðidalstungu, gegn þeirri lögkvöð á hendur eigandanum, að hann sje skyldur að leyfa þeim upprekstur á Víðidalstunguheiði; en af þessu leiði, að íbúar Þorkelshólshrepps geti ekki neitað að borga upprekstrartollinn, þótt þeir ekki noti upprekstrarleyfið, eins og hinsvegar eigandi Víðidalstungu ekki geti neitað þeim um upprekstur á Víðidalstunguheiði. Þessvegna gæti stefndi ekki fríast við að greiða hina umþráttuðu fjallatolla, þótt hann sannað hefði – sem ekki væri – að hann hefði rekið geldfje sitt á Haukagilsheiði.

Stefndi hefir fært þá aðalástæðu fyrir sýknun sinni, að hann þau 4 ár, sem hjer er um að ræða, nefnilega árin 1885, 1886, 1889 og 1890, hafi rekið geldfje sitt á Haukagilsheiði, sem hann þá hafði keypt, en eigendur Víðidalstunguheiðar gætu aðeins krafist fjallatolla af þeim fjáreigendum Þorkelshólshrepps er notuðu heiði þessa til upprekstur. En þó svo yrði álitið að hann ekki gæti fríast við að borga fjallatolla þessi áminnstu 4 ár, þá gæti honum ekki borið að greiða nema 1 lamb í fjallatoll hvert árið, með því hann, eins og allir aðrir búendur austan Víðidalsár, hafi að undanförnu rekið á svokallaða Ásgeirsár- eða Austurheiði, eins og venja hafi verið frá ómuna tíð, er ákvæði máldaga Víðidalstungukirkju hafi aldrei átt, og geti aldrei átt við nefndar heiðar.

Þau ákvæði máldaga Víðidalstungukirkju, sem hjer koma til greina, eru þessi: „Er fjárrekstur í Víðidalstungujörð um allan hreppinn (nefnilega Þorkelshólshrepp) út að Gljúfurá, og lúka lambi af rekstri til þess að eru sex tigir, og svo með sama upp þaðan ...“

Eptir þessum ákvæðum er Þorkelshólshreppur gjörður að sameiginlegu upprekstrarfjelagi, er eigi upprekstur á Víðidalstunguheiði (Víðidalstungujörð); en af þessu leiðir að áliti rjettarins, að fjáreigendum Þorkelshólshrepps er ekki aðeins heimilt heldur og skylt, að reka gjeldfje sitt á nefnda heiði, móti því að gjöra þar fjallskil, og greiða fjallatolla til eigandans, eins og máldagarnir ákveða; upprekstursskyldan er samfara upprekstursrjettinum, og getur því enginn fjáreigandi upprekstrarfjelagsins eptir eigin geðþótta losað sig við fjallskilaskyldu á upprekstrarlandinu, eða fríast við greiðslu fjallatollsins til eiganda þess, með því að nota annað upprekstrarland, sem hann sjálfur eða aðrir kynnu að eiga, eins og hinsvegar eigandi upprekstrarlandsins ekki getur svipt nokkurn fjáreiganda upprekstrarfjelagsins rjettinum til upprekstur á afrjettarland hans, með því að afsala sjer rjettinum til fjallatollanna. Það er því að áliti rjettarins með öllu þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, hvort stefndi hefir þau 4 ár, sem hjer er um að ræða, rekið geldfje sitt á Haukagilsheiði, eða á svokallaða Ásgeirsár- eða Austurheiði.

Það er og auðsætt, að ef þessu væri ekki þannig varið þá færi allt á rýngulreið með notkun afrjetta og fjallskil, er hlyti að leiða til hinnar mestu óreglu og

vankvæða í upprekstrarfjelögunum; í þessu máli er það og athugandi að sá rjettur til upprekstrartolla úr Þorkelshólshreppi, sem máldagar Víðidalstungukirkju heimila eiganda Víðidalstungu, yrði næsta þýðingarlítill, ef hann væri háður geðþótta hvers fjáreigandi í hreppnum, og væri slíkt gagnstætt tilgangi máldaganna.

Rjetturinn hlýtur því að komast til þeirrar niðurstöðu, að stefndi sje skyldur að greiða sækjanda fjallatolla hin umræddu fjögur ár; en þá er ræðir um tölu fjallatolla þessara, þykir einsætt, að fylgja þeim skilningi á ákvæðum máldaganna um þetta efni, sem hæstarjettardómurinn frá 2. febr. 1861 hefir hallast að, og sem áður er fráskýrt. Þessu samkvæmt, og þar sem stefndi hvorki hefir mótmælt því, að tala fjallatolla þeirra, sem sækjandi hefir krafist, sje rjett tilfærð eptir fjárfjölda stefnda, samkvæmt skilningi hæstarjettar á optnefndum máldögum, nje að 5 kr. jafngildi einu haustlambi, þá hlýtur sú krafa sækjanda, að stefndi greiði honum í fjallatoll andvirði 10 haustlamba með 50 kr., að takast til greina.

Hvað þvínæst snertir kröfu sækjanda um 12 kr. sem borgun fyrir grasatekju á Víðidalstunguheiði síðastliðin 6 ár, þá hefir stefndi aðeins viðurkennt að hafa látið taka lítið eitt af grösum á Ásgeirsárheiði þau 2 árin, 1887 og 1888, sem hann eptir samkomulagi við umboðsmenn Víðidalstungueigenda rak geldfje sitt á heiði þessa, og hefir sækjandi hvorki mótmælt sjerstaklega þessari skýrslu ~~varnaraðila~~, stefnda, nje að öðru leyti leitast við að færa sönnur á mál sitt, og leiðir þá af þessu að stefndi getur ekki skyldast til að greiða grasatoll fyrir 4 árin af þeim 6, sem hann er krafinn um. En stefndi hefir ennfremur undir rekstri málsins leitt tvo bændur í Þorkelshólshreppi sem vitni, og hafa þeir báðir borið, að þeir hafi, – annar þeirra þvínær árlega í 20 ár eða freklega það – látið taka grös á Víðidalstunguheiði ~~og~~ en aldrei verið krafðir af Víðidalstungueigendum um grasatoll, nje heldur greitt hann. Framburði vitna þessara hefir ekki verið mótmælt af hendi sækjanda, sem hefir tekið hann eins gildan eins og hann eiðfestur væri. Heldur ekki hefir sækjandi sjerstaklega mótmælt yfirlýsingu stefnda um, að Víðidalstungueigendur hafi hvorki fyrr nje síðar ákveðið neinn fastan grasatekjutoll, og að hvorki hann nje aðrir búendur Þorkelshólshrepps hafi um mörg undanfarin ár verið krafðir um slíkan toll. Eptir þessum málavöxtum, og þar sem ekkert er komið fram um það, að núverandi eigendur Víðidalstungu eða umboðsmenn þeirra hafi gjört stefnda eða öðrum íbúum Þorkelshólshrepps kunnugt, að grasatekja væri þeim bönnuð nema gegn ákveðinni borgun, heldur miklu fremur með því að krefjast ekki grasatolls gefið mönnum fyllstu ástæðu til að ætla, að grasatekja væri leyfð borgunarlaust, þá virðist ekki fullnæg ástæða til að skylda stefnda til að greiða grasatoll fyrir þau tvö árin, 1887 og 1888, sem hann ljet taka grös á Ásgeirsárheiði.

Málskostnaður virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Sigurður bóndi Jónsson á Lækjamóti, á að greiða sækjandanum, emeritpresti sjera Benedikt Kristjánssyni í Landakoti við Reykjavík, 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði fyrir geldfje sitt árin 1885, 1886, 1889 og 1890, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum sækjanda í máli þessu. – Málskostnaður falli niður.

Hið ídæmda ber að greiða innan þriggja sólahringa frá löglegri birtinug dóms þessa undir aðför að lögum.

Lárus Blöndal.[102]

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur m.a. eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Þorkelshólshrepps annars vegar og íbúa Þverárhrepps hins vegar á Víðidalstunguheiði, með meiru:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

VIII. Þorkelshólshreppur.

Búendur Þorkelshólshrepps skulu eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði, að undanskildum bæjunum Miðhópi, Refsteinsstöðum, Enniskoti, Gröf, Jörfa, Titlingastöðum og Lækjamóti, sem skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði.

IX. Þverárhreppur.

Íbúar Þverárhrepps noti heimalönd hreppsins sem upprekstrarlönd, að svo miklu leyti sem þau vinnast til, og einnig afrétt Breiðabólsstaðarkirkju í Vatnsnesfjalli, eftir nánari fyrirmælum og niðurröðun hreppsnefndarinnar hvernig nota skuli. En þær jarðir hreppsins, sem liggja austan Bjarga: Ásbjarnarnes, Gottorp, Vatnsendi, Stóra-Borg, Litla-Borg og Síða skulu eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson.[103]

[102] Skjal nr. 2(85) a-b.
[103] Skjal nr. 2(187) a-b.

Þann 26. ágúst 1896 seldi og afsalaði Benedikt Kristjánsson í Reykjavík hálfri Víðidalstungueigninni til Jóns Vídalíns kaupmanns. Afsalið er svohljóðandi:

> Jeg [...] Benedikt Kristjánsson í Reykjavík gjöri kunnugt: að jeg hefi makaskipt og afsalað herra kaupmanni Jóni Vídalín í Kaupmannahöfn, eins og jeg hjermeð makaskipti og afsala honum til handa jarðeign mína hálfa Víðidalstungueign í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu (nfl. hálfa Víðidalstungu með hjáleigunum Lækjarkoti, Yxnatungu, Stóruhlíð, Litluhlíð og Bakkakoti, sem öll er 104,2 hndr. að dýrleika, ½ Dæli 15,5 hndr., ½ Kolugil 19,3 hndr., ½ Hrappstaði 12,4 hndr., ½ Sproð með Sporðshúsum 15,3 hndr., með öllum þeim húsum, gögnum, gæðum og hlunnindum, sem tjéðri eign hafa fylgt og ber að fylgja, eins og jeg er frekast eigandi að orðinn, og með því að hann hefur í makaskiptum fyrir ofannefnda Víðidalstungueign afsalað mjer [...][104]

Þann 6. október 1896 seldi og afsalaði frú Ragnheiður Jónsdóttir hálfum afréttarlöndum Víðidalstungueignarinnar, Vesturheiði og Austurheiði, til Jóns Vídalíns kaupmanns í Reykjavík. Afsalið er svohljóðandi:

> Jeg undirskrifuð ekkjufrú Ragnheiður Jónsdóttir í Reykjavík.
>
> Gjöri kunnugt að jeg með brjefi þessu sel og afsala herra kaupmanni Jóni Vídalín í Kaupmannahöfn hálf afrjettarlönd þau, sem nú tilheyra Víðidalstungueigninni í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu, bæði hina svonefndu Vesturheiði og Austurheiði, sem áður tilheyrði Ásgeirsá, með rjettindum og skyldum eins og jeg hef eignast og átt tjéð heiðarlönd, en jeg held eptir sem áður óskertum eignarrjetti að hálfri heimajörðunni Víðidalstungu og hjáleigunum ½ Lækjarkoti, ½ Yxnatungu, ½ Stóruhlíð, ½ Litluhlíð og ½ Bakkakoti með óskertum heimalöndum nefndra jarða.
>
> Þareð mjer nú samstundis hefur verið greitt hið umsamda kaupverð 2000 – tvö þúsund – krónur, þá segi jeg herra kaupmann Jón Vídalín rjettan eiganda að hálfum afrjettarlöndum Víðidalstungueignarinnar, eins og að ofan segir, og má hann hagnýta sjer þau, eins og hann best kann.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til laga en jeg svara til lagariptinga.
>
> Til staðfestu rita jeg nafn mitt undir í viðurvist tveggja vitundarvotta.
>
> Reykjavík, 6. október 1896.
>
> Ragnheiður Jónsdóttir.[105]

Við innritun ofangreinds afsals í þinglýsingabók, dags. 14. október 1896, er rituð eftirfarandi athugasemd um að seljandi hafi ekki þinglýsta eignarheimild fyrir hálfri jörðinni Víðidalstungu með tilheyrandi hjáleigum:

> Athugasemd.

[104] Skjal nr. 4(111).
[105] Skjal nr. 4(110).

Það athugast, að samkvæmt afsals- og veðmálabókum Húnavatnssýslu hefur ekkjufrú Ragnheiður Jónsdóttir ekki þinglesna eignarheimild fyrir hálfri jörðunni Víðidalstungu með tilheyrandi hjáleigum.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 14. október 1896.

Jóh. Jóhannesson. settur.[106]

Afsalinu var þinglýst á manntalsþingi að Þorkelshóli hinn 25. maí 1897.

Þann 14. október árið 1896 barst sýslumanninum í Húnavatnssýslu makaskiptabréf Benedikts Kristjánssonar, dagsettu þann 26. ágúst sama ár, til handa Jóni Vídalín fyrir hálfri Víðidalstungueigninni. Þá barst embættinu einnig afsalsbréf Ragnheiðar Jónsdóttur til handa þeim sama fyrir hálfri Víðidalstungueigninni:

Ár 1896, hinn 14. október er innkomið á skrifstofu sýslunnar til fyrirfram innritunar og þinglesturs á næsta vori:

1° Makaskiptabrjef Benedikts jucep. hon. Kristjánssonar í Reykjavík til handa Jóni kaupmanni Vídalín í Kaupmannahöfn fyrir ½ Víðidalstungueigninni (½ jörðunum Víðidalstungu með hjaleigum, Dæli, Kolugili, Hrappsstöðum og Sporði með Sporðshúsunum). Makaskiptabrjefinu dags. 26. ágúst 1896 var samstundis gefin viðeigandi áteiknun.

2. Afsalsbrjefi Ragnheiðar Jónsdóttur í Reykjavík til handa sama fyrir hálfum afréttarlöndum þeim, sem nú tilheyra Víðidalstungueigninni. Afsalsbrjefinu dags. 6. október 1896, var samstundis gefin viðeigandi áteiknun.

Vottar:

Ísl. Jóhannesson

settur.[107]

Þann 26. október árið 1897 gjörði Gunnar Ingvarsson bóndi á Þverá í Þverárhreppi kunnugt, að hann hefði selt og afsalað Kristjáni Sigurði Jónssyni hálfri Stóru-Ásgeirsá, sem metin var til 14.2 hundraða. Gunnar vísaði til kaupsamnings þar um, sem dagsettur er 17. mars sama ár. Þann 30. mars árið 1898 er fyrirfram getið um afsalsbréf þessa efnis og þar um er vísað til veðskuldabréfabókar Húnavatnssýslu.[108]

Þann 14. maí árið 1901 afsalaði Kristján Sigurður Jónsson bóndi á Stóru-Ásgeirsá sömu jörð til Jóns Skúlasonar á Söndum til fullrar eignar og umráða. Gjörningurinn var færður í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu þann 23. maí sama ár:

N° 2387

Kristján Sigurður Jónsson bóndi á Stóru-Ásgeirsá í Þorkelshólshreppi

[106] Skjal nr. 4(110).
[107] Skjal nr. 4(112).
[108] Skjal nr. 4(135).

Gjöri kunnugt: Að jeg með brjefi þessu sel og afsala herr. óðalsbónda Jóni Skúlasyni á Söndum til fullrar eignar og allra umráða jörðina Stóru-Ásgeirsá í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu, að dýrleika 28,5 hundruð með öllu því sem jörðinni fylgir og fylgja ber að lögum, og með því velnefndum Jóni Skúlasyni hefur í allan máta fullnægt tillögum er við gjörðum 13. nóvember síðastliðinn, þá segi jeg hann hérmeð rjettan eiganda að ofannefndri jörð Stóru-Ásgeirsá.

Til staðfestu er nafn mitt og undirskrift tveggja votta.

Staddur á Söndum 14. maí 1901

Kristján Sigurður Jónsson.

Vitundarvottar:

P. Leu.

J. Jakobsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 23. maí 1901 og innfært í afsals- og veðmálsbók sýslunnar Ltr. E. n° 2387 fol 123.

Vottar Gísli Ísleifsson.[109]

Þann 22. ágúst 1902 seldi og afsalaði Jón Vídalín, konsúll í Reykjavík, Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu eign sína „afréttarland að Víðidalstunguheiði“ með svofelldum hætti:

2495.

Afsalsbréf

Jeg undirritaður Jón Vídalín konsúll í Reykjavík gjöri kunnugt: að jeg með þessu brjefi mínu sel og afsala Sveitafélagi Þorkelshólshrepps í Húnavatnssýslu eign mína afréttarland að Víðidalstunguheiði, sem að austan takmarkast af Haukagilsheiði, að sunnan af afrjéttarlandi Borgfirðinga, en mun ná norður að Rjettarvatni, að vestan af línu dreginni frá Arnarvatni að Fitjá, er síðan verður takmörkun til byggða, og að norðan af heimalöndum fremstu bæja í Þorkelshólshreppi.

Hin selda eign afsalast með öllum þeim rjettindum og skyldum, er jeg hefi átt hana með, og þannig að ábúendum Víðidalstungu hver fram af öðrum hafi ókeypis rjett til upprekstur á Víðidalstunguheiði fyrir sauðfé og hross, gegn því að sveitafélagi Þorkelshóls sé heimilt rjettarstæði á Víðidalstunguengjum ókeypis.

Tilstaðfestu undirrita jeg nafn mitt í viðurvist vitundarvotta.

Reykjavík 22. ágúst 1902.

Jón Vídalín

Vitundarvottar: Witness to singature.

[109] Skjal nr. 4(126).

Robert E. Uageghan Lieutenaut

Hans „Billona“

Jón Jakobsson.[110]

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 19. maí 1903, var þinglýst afsalsbréfi Jóns Vídalíns, dags. 22. ágúst fyrra ár, fyrir afréttarlandinu Víðidalstunguheiði til handa hreppsnefnd Þorkelshólshrepps. Var eftirfarandi fært inn í dómabók sýslunnar því til vitnis:

> 4. Afsalsbrjef Jóns consúls Vídalíns í Reykjavík dags. 22. ágúst f. á. fyrir afrjettarlandinu Víðidalstunguheiði til handa hreppsnefnd Þorkelshólshrepps.[111]

Þann 19. maí árið 1903 var þinglesið vottorð landfógetans yfir Íslandi, á manntalsþingi að Þorkelshóli, vegna veðsetningar hálfrar Víðdalstunguheiðar. Vottorðið hljóðaði svo:

> Var þinglesið svohljóðandi vottorð landfógetans yfir Íslandi.
>
> Áteiknunn á veðskuldabréfi frú Elínborgar Vídalín til viðlagasjóðs, dags. 20. jan. 1881 sl hundruð 4000^{kr}., veð ½ Víðidalstunga með hjáleigum og 4 kirkjujörðum jarðeignar þessarar samt ½ Víðidalstunguheiði.
>
> Samkvæmt ákvörðun landshöfðingja í dag er hérmeð losaður úr veðbandi sá helmingur Víðidalstunguheiðar sam veðsettur er með skuldabréfi þessu og má aflýsa án fyrirvara þessari veðsetningu í ½ Víðidalgstunuheiði.
>
> Skrifstofa landfógeta 22. ág. 1902.
>
> A.Thorsteinsen landfógetinn á Íslandi.
>
> Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 19. maí 1903 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Ltr. E. fol. 185.
>
> Votta:
>
> Gísli Ísleifsson.[112]

Þann 25. október árið 1904, skaut hreppsnefnd Þverárhrepps á almennum bændafundi. Á fundinum var eftirfarandi bókað um fjárrekstur á Víðidalstunguheiði:

> Meðal annars spurðist oddviti fyrir um álit og vilja hreppsbúa viðvíkjandi því, hvernig fara skyldi með það að nokkrir fjáreigendur í hreppnum höfðu á síðastl. vori rekið fje sitt á Víðidalstunguheiði, og í skjóli þess tveir þeirra vanrækt að inna af hendi þau gangnaskil, sem hrepp[s]nefndin hefði lagt á þá innan hrepps, en hinir krafist endurgjalds. Eptir töluverðar umræður bar oddviti upp tillögu í þá átt að nefndin leitaðist við að komast að samningi við hlutaðeigandi fjáreigendur um það, að þeir greiddu að þessu sinni það, sem

[110] Skjöl nr. 2(24) og 5(16).
[111] Skjal nr. 2(258) a-b.
[112] Skjal nr. 4(168).

nefndin hafði ákveðið, en greiddu svo ¼ tiltöluleg á móts við aðra framvegis, af fje því er þeir rækju þá á utan hreppsafrjettir. Var tillaga þessi samþykkt í einu hljóði.

Fundi slitið.

Hannes Hannesson

p.t. oddviti.[113]

Laugardaginn 21. janúar árið 1905, var fundur settur í hreppsnefnd Þverárhrepps að Ásbjarnarnesi. Meðal annarra mála var tekið fyrir fjallskilamál, nánar tiltekið um rekstur á Víðidalstunguheiði. Eftirfarandi var bókað af því tilefni:

3. Fjallskilamálin. Oddvita falið að fullgjöra og undirskrifa samning um fjallskil bænda þeirra, sem ráku á Víðidalstunguheiði síðastl. vor, samkvæmt samþykktri tillögu frá almennum bændafundi á síðustu hausthreppskilum.[114]

Hinn 5. febrúar 1910 fór fram skiptagjörningur á dánarbúi Ragnheiðar Jónsdóttur prestsekkju frá Brjánslæk. Meðal eigna í dánarbúinu var hálf Víðidalstungueignin í Þorkelshólshreppi. Eru þessar jarðir og hjáleigur taldar upp:

a. Víðidalstunga með Lækjarkoti.
b. Yxnatunga. Hjáleiga.
c. Stórahlíð. Sömul.
d. Litlahlíð. Sömul.
e. Bakkakot. Sömul.
f. Dælir. Kirkjujörð.
g. Kolugil. Sömul.
h. Hrappsstaðir. Sömul.
i. Sporður. Sömul.[115]

Skiptagjörningurinn var lesinn fyrir manntalsþingi að Þorkelshóli þann 17. júní 1915.

Þann 9. september 1912 seldi Einar Benediktsson, Teiti Teitssyni bónda í Víðidalstungu, helming Víðidalstungueignarinnar með hjáleigum og hálflendum en veiðiréttindi undanskilin. Í afsalinu, sem þinglýst var að Þorkelshóli þann 28. maí 1913, segir:

Jeg undirritaður fyrv. sýslumaður Einar Benediktsson sel og afsala hjermeð Teiti bónda Teitssyni í Víðidalstungu helming Víðidalstungueignarinnar í Húnavatnssýslu sem jeg er eigandi að, og eins og jeg hefi eignast hana frá fyrri eiganda Jóni heitnum konsúl Vídalín, en með eign þessari fylgir, auk hálfrar Víðidalstungu, þessi hálfbýli eða hálflendur ½ Lækjarkot, ½ Yxnatunga, ½ Stórahlíð, ½ Litlahlíð og ½ Bakkakot og ennfremur hálflendurnar Sporður, Dælir, Kolugil og Hrappstaðir, að dýrl. samtals 82,39

[113] Skjal nr. 2(155).
[114] Skjal nr. 2(156).
[115] Skjal nr. 4(115).

hndr. Ennfremur fylgja hjermeð allar jarðeignir eða partar er kynnu að hafa fylgt með nefndri hálflendutorfu er jeg eignaðist hana, þó ótaldar kunni að hafa verið eða ónefndar í jarðamati, og öll ítök og hlunnindi.

[...]

Undan þessu kaupi eru tekin öll veiðirjettindi tilheyrandi nefndum jörðum og einnig rjettur til þess að hagnýta sjer veiðina sem og að byggja veiðimannahús á jörðunum þau sem nauðsynleg eru til hagnytingar veiðirjettarins, en bæta skal að fullu allar skemmdir er kynnu að leiða þar af á túnum eða engjum jarðanna.

[...]

Reykjavík 9. sept. 1912.

E. Benediktsson.[116]

Sama dag, þann 9. september 1912, gaf Jón Jakobsson út eftirfarandi yfirlýsingu um að Einar Benediktsson hefði keypt og greitt Jóni konsúl Vídalín að fullu andvirði hálfrar Víðidalstungutorfunnar:

Jeg undirritaður lýsi hjermeð yfir því, að hr. Einar Benediktsson fyrv. sýslumaður keypti og varð eigandi: að eign mágs míns heitins Jóns konsúls Vídalíns svokallaðri Víðidalstungutorfu, hálfri ásamt öllum tilheyrandi hálflendum og hefur hann að fullu greitt andvirði eigna þessara til mín sem einkaerfingja nefnds mágs míns fyrir hönd konu minnar.

Reykjavík 9. d. sept. 1912.

Jón Jakobsson.[117]

Yfirlýsing þessi var einnig lesin fyrir manntalsþingsrétt að Þorkelshóli 28. maí 1913.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Víðidalstungu:

Jörðin á rjett til upprekstur í afrjett sveitarfjelags.[118]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Stóru-Ásgeirsá:

Á rjett til upprekstur í afrjett sveitarfjelags.[119]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Gafl, kot Stóru-Ásgeirsár:

Á rjett til upprekstur á afrjett sveitar.[120]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Krókar eigi rétt til upprekstur á afrétt sveitarfélagsins.[121]

[116] Skjal nr. 4(113).
[117] Skjal nr. 4(114).
[118] Skjal nr. 2(62).
[119] Skjal nr. 2(62).
[120] Skjal nr. 2(62).
[121] Skjal nr. 2(62).

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Neðri-Fitjar eigi rétt til upprekstur á afrétt. Þar segir einfaldlega svo:

> Á rjett til upprekstur á afrjett.[122]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim greint frá þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september 1919. Þeir voru beðnir um að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um þau svæði í sýslum þeirra sem töldust vera almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki hafi sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[123]

Bogi Brynjólfsson sýslumaður Húnvetninga svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Hann segist hafa aflað sér upplýsinga um málið með því að óska eftir umsögnum hreppstjóra og geti sagt að í sýslunni sé ekkert slíkt svæði að finna nema Almenningur í Skagaheiði. Sýslumaður segir ennfremur: „Umsagnir 10 hreppstjóra um nefnt málefni fylgja hjer með og skal tekið fram að umsagnir hreppstjóra Blönduóss-, Torfalækjar-, Ás- og Fr. Torfustaðahrepps um málið fylgja ekki, en að ekki er, hvað hreppa þessa snertir, um neitt af hinum umspurðu svæðum að ræða.“[124]

Svar hreppstjóra Þorkelshólshrepps, dagsett 21. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu hljóðar svo:

> Þorkelshólshr.
>
> Valdarási, 21. fbr. 1920
>
> Til svars upp á brjef yðar, velborni herra sýslumaður, frá 30. f.m. skal ég ekki undanfella að tilkynna yður hjer með eftirfarandi:
>
> Í hreppnum liggur ekkert landsvæði sem talið er almenningur. Afrjettarlandið Víðidalstunguheiði er eign sveitarfjelagsins, og hafa þar allir íbúar hreppsins frían upprekstur.
>
> G. Kristófersson.[125]

Þann 26. júní 1926 afsalaði Einar Benediktsson öllum veiðiréttindum sínum sem tilheyrðu helmingi Víðidalstungu og fleiri jarða til Jóhönnu Björnsdóttur. Afsalið hljóðar svo:

> Eg undirritaður, Einar Benediktsson skáld, til heimilis í Þrúðvangi í Reykjavík, gjöri með þessu bréfi mínu kunnugt, að ég sel hér með og afsala til ekkjunnar Jóhönnu Björnsdóttir í Víðidalstungu veiðiréttindum mínum tilheyrandi þeim helmingi jarðanna Víðidalstungu, Lækjarkots, Yxnatungu, Stóruhlíðar, Litluhlíðar, Bakkakots, Sporðs, Dælis, Kolugils, og Hrappstaða í Húnavatnssýslu, sem ég með afsalsbréfi dags. 4. sept. 1912 seldi Teiti sál. Teitssyni bónda í Víðidalstungu, en veiðiréttindin voru þá undanskilin

[122] Skjal nr. 2(62).
[123] Skjal nr. 4(3).
[124] Skjal nr. 4(4).
[125] Skjal nr. 4(8).

sölunni. Og þar eð velnefnd ekkja, Jóhanna Björnsdóttir, hefir nú þegar greitt mér kaupverðið kr. 2000,00 – tvö þúsund krónur, þá lýsi ég hana hér með réttan eiganda að ofangreindum veiðiréttindum, frá þessum degi, og eru jafnframt önnur þau réttindi, sem áskilin voru mér til handa í áður nefndu afsalsbréfi frá 4. sept. 1912 til þess að byggja veiðimannahús, og hagnýta mér veiðina yfirleitt um leið burtu fallin.[126]

Þann 30. september 1931 seldi Þórður Guðmundsson bóndi á Þorkelshóli, fyrir hönd Jóns Símonarsonar á Varmalæk í Borgarfjarðarsýslu, húsfrú Jóhönnu Björnsdóttur í Víðidalstungu hálfar jarðirnar, Víðidalstungu, Yxnatungu og Lækjarkot, „að undan skyldri Fremri Róuskarðshlíð úr Lækjarkotslandi.“[127] Kaupsamningur lesinn á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 14. júní 1932.

Þann 25. maí árið 1932 lýstu eigendur og ábúendur Lækjarkots, Öxnatungu og Stóruhlíðar því yfir að þeir afsöluðu öllum afnotum og umráðarétti á því landi sem tilheyrði fyrrgreindum jörðum og lá fyrir framan afréttargirðingu Þorkelshólshrepps.

Nr. 6004

Vjer undirritaðir eigendur og ábúendur jarðanna: Lækjarkots, Öxnatungu, Stóruhlíðar og Króks í Þorkelshólshreppi, lýsum því hjermeð yfir, að vjer afsölum oss öllum afnoti og umráðarjetti á landi því, er nefndum jörðum vorum tilheyrir og liggur framan afrjettargirðingar Þorkelshólshrepps, eins og hún er nú, til afnota fyrir upprekstrarfjelag tjeðs hrepps, enda annist það þá hreinsun á umrædu landi. Og gidir þetta jafnt fyrir þá, er síðar kunna að eignast tjeðar jarðir. Þó er þessi skuldbinding því aðeins bindandi, að girðingunni sje ávalt haldið við í fullgildu standi af upprekstrarfjalaginu.

Jafnframt tökum vjer fram, að vjer teljum oss heimilt, að nota umrætt land framan afrjettargirðingar, ef jafnt trygg girðing er sett umhverfis það svæði sem tekið er til notkunar, og á ekki óheppilegra girðingarstæði en afrjettargirðingin sjálf, enda haldið við ekki síður en henni, af hlutaðeigendum.

Ef eithvað brestur á með viðhald afrjettargirðingar, er eigendum og ábúendum tjéðs jarða, rjett að aðvera hreppsnefnd um það, og skal hún þá svo fljótt og við verður komið bæta úr ágöllum, er í kunna að vera.

Verði ágreiningur út af uppsetningu framanskráðs girðingar, eða viðhaldi, sker sýslunefnd úr, komi málsaðilar sjer saman um það, ella heyri það undir dómstólana.

Þessu til staðfestu eru nöfn vor undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

P.T. Víðidalstunga 25. maí 1932.
Jóhanna H. Björnsdóttir
Skarphjeðinn Skarphéðinsson

[126] Skjal nr. 4(116).
[127] Skjal nr. 4(117).

Gunnar Þorsteinsson.

Vitundarvottar:

Jón L. Jónsson.

Gunnl. Guðmund.

Móttekið þ. 14/6 1932 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli 14/6 1932.[128]

Þann 6. júní árið 1932 lýsti Jón Símonarson, Jóhönnu Björnsdóttur í Víðidalstungu sem réttan eiganda að hálfri Víðidalstungu, hálfu Lækjarkoti og hálfri Öxnatungu. Efni skjalsins hljóðar svo:

> Með því húsfrú Jóhanna Björnsdóttir í Víðidalstungu hefur samkvæmt kaupsamningi dagsettur 30. sept. 1931 greitt mér undirrituðum kr. 1600.oo – sextán hundruð krónur og veðsett mér annan veðrétt í jörðinni Víðidalstungu fyrir eftirstöðvum, þá lýsi ég hana hér með réttan eiganda að jörðunum: ½ Víðidalstungu, ½ Lækjarkoti, ½ Öxnatungu, öllum í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu og ber mér að svara til vanheimildar.
>
> Til staðfestu eiginhandarnafni mitt ritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.
>
> Staddur á Þorkelshóli 6. júní 1932.
>
> Jón Símonarson.
>
> Vitundarvottar:
>
> Þ. Guðmundsson
>
> Guðmundur Agnarson.
>
> Móttekið þ. 14/6 1932 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.
>
> Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli þ. 14/6 1932.[129]

Þann 31. mars árið 1943 var haldinn hreppsnefndarfundur Víðidalshrepps á Auðunarstöðum og var þar m.a. tekin fyrir beiðni hreppsnefndar Kirkjuhvammshrepps um hrossaupprekstur á Víðdalstunguheiði. Eftirfarandi var bókað af þessu tilefni:

> 3. Beiðni frá hreppsnefndinni í Kirkjuhvammshreppi um upprekstur á hrossum á Víðidalstunguheiði á vori komandi. Hreppsnefndin ákvað að veita þeim leifi á upprekstri á 50 hrossum með því skilyrði að hrossin verði rekin langt fram á Vesturtungu, greiði ½ fjallskil og girðingagjald svo sem það kann að verða á fénað í sveitinni á komandi hausti og greiði auk þess Kr. 5,00 í upprekstrargjald af hverju hrossi. [...].[130]

[128] Skjal nr. 4(123).
[129] Skjal nr. 4(118).
[130] Skjal nr. 4(61).

Þann 11. ágúst árið 1946 seldi og afsalaði Jóhanna H. Björnsdóttir eignarrétti sínum yfir hálfri Víðidalstungu, með öllum gögnum og gæðum, til Óskars Teitssonar. Kaupverð var fimmtán þúsund krónur.[131]

Þann 11. ágúst árið 1946 seldi og afsalaði Jóhanna H. Björnsdóttir eignarrétti sínum yfir hálfri Víðidalstungu, með öllum gögnum og gæðum, til Þorvaldar Teitssonar. Kaupverð var fimmtán þúsund krónur.[132]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, er mörkum Víðidalsafréttar, nytjum hennar og landkostum, meðal annars lýst svo:

Víðidalsafrétt

> Vesurmörk afréttar þessarar er Fitjá frá heimalöndum neðan og suður í svokölluð Fitjárdrög. Þar kemur Fitjá nær þveraustan af Stórasandi, en hún á upptök sín í vesturrönd hans talsvert norðan Skagfirðingavegar. Úr Fitjárdrögum liggur markalínan suður í Arnarvatn hið stóra, en þá ræður Skammá í Réttarvatn. Að austan eru afréttarmörkin frá Kornsárvatni, sem er sunnan Víðidalsfjalls, suður Heiðamótaás um Hraungarða með beinni stefnu vestan við Bláfell að Hrútagili. Þaðan ráða síðan suðurmörkin um Langajörva í Réttarvatn.
>
> Afrétt þessi, Víðidalstunguheiði, er stórt og kjarngott afréttarland, þegar þess er líka gætt, að aðeins einn hreppur, Þorkelshólshreppur, hefir nytjar þess, og það er nær allt gróið land, þótt suðausturhlutinn sé nokkuð berangurslegur.[133]

Í sama riti segir m.a. eftirfarandi um afrétt Ás- og Sveinsstaðahreppa:

> Á Sandi sunnanverðum er Bláfell, stórt og fallegt fell úr móbergi og mjög brunnu grjóti. Þar eru leitarmörk milli Víðdælinga og Vatnsdæla. Austar á Sandi eru nokkur há móbergsfell, er kallast Strýtur, einkennileg að lögun. Þar eru nokkur hraun með dálitlum kindahögum.
>
> […]
>
> Þegar komið er suður af há-Sandi, lækkar landslagið og gróður fer vaxandi. Frá Bláfelli til Fljótsdraga kallast það Höllin. Þar eru kindahagar víða ágætir. Uppblásturs gætir þó víða í sunnanverðum Sandi.
>
> Suðvestur af Bláfelli eru samfelldir hæðaásar, sem heita Langajörvi. Þar eru leitarmerki að sunnan fyrir Víðdælinga. Sunnan og suðaustan við Langajörva er víðáttumikið flatlendi, 500 m yfir sjávarmáli, sem heitir Fljótsdrög. Takmarkast þau af Langjökli og Hallmundarhrauni að austan og sunnan. Fljótsdrög eru víða blautlend mjög með gróðurmiklum flóum, tjörnum, lónum og jökulkvíslum, sem í vatnavöxtum flæða víðs vegar um sanda og aura. Gróður er þar mikill, og sækir sauðfé þangað mjög.
>
> […]

[131] Skjal nr. 4(119).
[132] Skjal nr. 4(120).
[133] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 42.

Á laugardag hófst leit suður vestanverðan Sand til Fljótsdraga, og var hafður náttstaður í Fljótsdragatanga. Þá var venja að senda sex menn til Réttarvatns, er ásamt Víðdælingum, Miðfirðingum og Borgfirðingum réttuðu þar fé. Komu þessir sex síðan til Fljótsdraga.

[…]

Sú breyting, sem gerð var árið 1900 á fyrri göngum, þótti gefast betur. Var nú meiri samvinna fengin við Borgfirðinga um leit sunnan Sands og sundurdrátt á fé við Réttarvatn.

[…]

Í dag er Réttarvatn miðdepill stórra leitarsvæða. Þangað smala auk Fljótsdragamanna Víðdælingar, Miðfirðingar og annar leitarflokkur Borgfirðinga. Þegar allir eru komnir, verða hér um 80 menn.

[…]

Stefnan er tekin sunnan við Bláfell, og farið hart. Við fellið sunnanvert er stanzað í síðustu grasbrekkunni áður en lagt er á Sand. Hún er að mestu vaxin gulvíði.

[…]

Nú erum við fimm eftir, er skulum fara vestur og hafa samleit við Víðdælinga norður Sand og hitta félaga okkar, er féð ráku í Álkulón. Eiga þessir menn að smala norður Haukagilsheiði og Víðidalsfjalls. Nefnast þeir Haukagilsheiðarmenn.

Bráðlega sjáum við toppana á Vatnsdalsfjöllum. Nokkur reytingur af kindum sést, þegar hér er komið. Þær eru í fyrstu styggar, og gæta þarf þess vel, að leitarmenn fari rétt, svo að óþarfa eltingar þurfi eigi, því að hér er slæmur vegur og seinfarinn hestum.

Þegar fer að halla norður af Sandi, sést stór fjárbreiða í Álkulónum. Þar hefir Álftskálará upptök sín. Er sú fjárbreiða fé það, sem rekið var frá Réttarvatni af félögum okkar.[134]

Páll Kolka skrifaði m.a. eftirfarandi um Víðidalstunguheiði, Víðidalstungu og Víðidal, árið 1950:

Í Víðidalstungu er kirkjustaður, annexía frá Breiðabólsstað, og var kirkjan helguð Jóhannesi skírara.

Víðidalstunga átti áður alla afrétt á Víðidalstunguheiði, og er skilaréttin á eyrunum austan árinnar, gegnt ósi Fitjár.

Víðidalur er allbreiður í botninn út frá Víðidalstungu, og eru þar sums staðar engjar góðar, en skammt fyrir sunnan túnið í Tungu þrengist dalurinn.[135]

[134] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1985), bls. 53−76.
[135] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 299.

Árið 1950 skrifar Páll Kolka að Vatnsnesingar hafi átt grasatekju á Víðidalstunguheiði en getur ekkert nánar um árabil eða tímabil í því sambandi.[136]

Páll Kolka lýsir takmörkum Víðdalstunguheiðar á eftirfarandi hátt árið 1950:

> Víðidalstunguheiði nær frá Heiðamótaási vestur að Fitjaá og tekur einnig yfir vesturjaðar Stórasands, en suðurtakmörk hennar eru um Arnarvatn og Langajörfa. Taka þar við afréttarlönd Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði og í Fljótsdrögum.[137]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtún* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[138]

Að Víðidalstungu, þann 8. apríl 1950, var gerður samningur um skipti á landi jarðarinnar Víðidalstungu. Samningurinn var móttekinn til þinglýsingar þann 18. júli 1955. Hann hljóðar svo:

> Móttekið til þingl. þ. 18/7 1955.
>
> Vottar: Þ.J.
>
> Nr. 10434.
>
> Við undirritaðir eigendur Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi, gjörum svofelldan samning um skipti á landi jarðarinnar:
>
> Túnið skiptist um skurð, er sker það frá norðri til suðurs. Frá túngirðingunni að sunnan ræður símalína að Valdarási fram á Presthól, og þaðan beina sjónhending í Langhól fram að merkjum milli Valdaráss og Víðidalstungu. Það í austur um Bolagróf í Valagil. Þar fyrir framan er óskipt land. Frá túngirðingunni að norðan ræður vegurinn í horn á melunum norðan undan Bælishólum. Þaðan til norðurs um flóðgarð í flóanum í mórauðan síkispoll syðst á Stekkjareyri, og þaðan um síki norður á eyrinni í Víðidalsá. Þá ræður áin norður að dragi, sem sker móana vestan við austurengjar. Þá ræður dragið og úr því beina sjónhending í vestasta hornið á Litla-Ásgeirsármóum. Það skal tekið fram að eigandi austari partsins hefur rétt til án endurgjalds, að nota

[136] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 371-372.
[137] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 432.
[138] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.

lind þá, er vatnsleiðslan er tekin úr nú í hús og bæ áfram, einnig til jarðrasks, ef lagfæra þarf vatnsleiðsluna. Veiðiréttindi skiptast til helminga.

Til staðfestu eiginhandarnöfn aðila, rituð í viðurvist tveggja votta.

Víðidalstungu 8. apríl 1950.
Óskar B. Teitsson. Þorvaldur Teitsson.

Vottar:
Elín Ólafsdóttir
Jóhannes Gunnlaugsson.[139]

Þann 1. júlí árið 1953 seldi og afsalaði Þorvaldur Teitsson eignarrétti sínum yfir hálfri Víðidalstungu, með öllum gögnum og gæðum, til Teits Eggertssonar. Kaupverð var 50 þúsund krónur.[140]

Um skiptingu heiðarlanda í Húnavatnssýslu, frá landnámi fram undir aldamótin 1900, segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962:

> Frá því á landnámsöld og fram undir síðustu aldamót [1900] skiptust heiðarlöndin milli fárra bæja, sem voru næstir þeim. Norðurheiðarnar bera nöfn þeirra bæja, sem áttu þær. Austan við afrétt Hrútfirðinga er Húksheiði, hún ber nafn af Húki í Vesturárdal; þá kemur Núpsheiði, hún ber nafn af Efranúpi í Núpsdal; þá kemur Aðalbólsheiði, sem er kennd við Aðalból í Austurárdal; þá Víðidalstunguheiði, kennd við Víðidalstungu í Víðidal, og síðast Haukagilsheiði og Grímstunguheiði, kenndar við Haukagil og Grímstungu í Vatnsdal. Arnarvatnsheiði alla átti Kalmanstungubóndinn allt til 1884.[141]

Um merkin milli Aðalbólsheiðar og Víðdalstunguheiðar, ásamt norðurmörkum Aðalbólsheiðar, segir eftirfarandi í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962:

> Merki milli Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar, ásamt norðurmörkum Aðalbólsheiðar.
>
> Úr Réttarvatnstanga eru merkin í sjónhending um hánípur í Geiradalsgnípum, og þaðan í Fremstakrók í Fitjá. Þa ræður Fitjá norður undir Hestakróka, og þar mun vera norðausturhorn Aðalbólsheiðar. Þaðan eru merkin beint í vestur í Fanngil, svo í Austurá skammt fyrir sunnan núvernadi heiðargirðingu.
>
> Á Aðalbólsheiði eiga Húsfellingar allan veiðirétt í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra.[142]

Um austurmörk Víðidalstunguheiðar segir eftirfarandi í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962:

> Austurmörk Víðidalstunguheiðar.

[139] Skjal nr. 2(25).
[140] Skjal nr. 4(121).
[141] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 52.
[142] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 121.

Þau eru frá Bláfelli norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs, norður í Hraungarða, svo ráða þeir, meðan þeir endast, og svo úr norðurenda þeirra beinleiðis í Bergárvatn.[143]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962, segir m.a. svo frá Víðidalstunguheiði:

Þar [þ.e. á Víðidalstunguheiði] er nefnd Austurheiði austan Víðidalsár; Austurtunga eystri hluti, „ tungu þeirrar miklu, er verður milli Víðidalsár að austan og Fitjár að vestan, en Vesturtunga er vesturhlutinn kallaður“. Seyján menn leita tungurnar og tuttugu Austurheiðina. Safnið af Austurheiðinni er langstærst, stærra en söfnin af tungunum samanlögð. Eftir þessu að dæma, ætti að vera mikið haglendi og gott á Austurheiðinni, en heimildamaður minn úr Víðidal segir mér, að lítið sé um samfelld grasflæmi á henni. En á „tungunni miklu“ er óhemja af grasi. Hún er ekki fær skepnum alls staðar vegna blautlendis, og skepnur kjósa frekar þurrara land, þó að það sé hrjóstrugra yfir að líta. Tungan er 5-6 kílómetra breið, og ofan úr Fitjárdrögum til byggðar er hún um 40 kílómetra löng. Það er ógrynni af tjörnum á Víðidalstunguheiði, en ekki getur um nema fá veiðivötn. *Kolgrímsvötn*, *Krókavatn* og vötnin innan við Gafl hafa mér verið nefnd sem slík.[144]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962, segir eftirfarandi í lýsingu á einstökum vötnum:

Arnarvatn Stóra. Það er mestallt á Aðalbólsheiði, en Víðdælingar eigna sér austustu víkur þess, og Arnarvatnshæðir takmarka það að sunnan. Það er stærsta vatnið á heiðunum og líklega langbezta veiðivatnið.[145]

Þann 3. febrúar árið 1971 afsöluðu þáverandi eigendur Víðidalstungu, hjónin Óskar B. Teitsson og Hallfríður Björnsdóttir, sömu jörð til sonar síns, Ólafs Óskarssonar. Afsalinu var þinglýst þann 9. febrúar sama ár og hljóðar svo:

Nr. 17907

A F S A L ?

Við undirrituð afsölum hér með eignarjörð okkar Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi, syni okkar, Ólafi til fullra eignar, þó með þeim fyrirvara, að við njótum arðs eftir laxveiði meðan við viljum og lifum, annað hvort eða bæði.

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus.

Kaupverð er greitt.

Víðidalstungu, 3. febr. 1971.

Óskar B. Teitsson, Hallfríður Björnsdóttir.

[143] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 121.
[144] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 82.
[145] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 105.

Vottar: Guðný Friðriksd., Eggert Pálsson.[146]

Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er Þorkelshólshreppur sagður eigandi að Víðidalstunguheiði. Eignarheimild er sögð afsal frá Jóni Vídalín, dags. 22. ágúst 1902. Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

> Uppkast að landamerkjaskrá fyrir VÍÐIDALSTUNGUHEIÐI.
>
> Að vestan: Fitjá ræður alla leið þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum. Þá ræður bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf, fram í Réttarvatnstanga og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.
>
> Að sunnan: Úr Réttarvatnstanga ræður lína dregin austur undir Bláfell um Langajörfa og Hrútagil og er það hornmerki heiðarinnar að sunnan og norðan [svo].
>
> Að austan: Úr Bláfelli að vestan eins og vötnum hallar til vesturs um Sandhorn og norður á Hraungarða og ráða þeir svo meðan endast. Úr norðurenda Hraungarða ræður bein lína um Heiðamótaás í Kornárvatn, þar sem Kornsárkvíslin fellur úr því og er það hornmerki heiðarinnar að austan og norðan.
>
> (Vatnsdælingar eru ekki sammála þessu og telja merkin vera: „Úr norðurenda Hraungarða ræður bein lína í Bergárvatn.“ Samrýmist það landamerkjabréfi fyrir Víðidalstunguheiði en fer gegn öðrum heimildum).
>
> Að norðan: Úr Kornsárvatni ræður bein lína í Bergárvatn. Úr Bergárvatni ræður Bergá til Víðidalsár. (Hér bætist við Yxnatunga en Gafl er ekki inn í þessari skrá).
>
> (Landamerki að norðan, þ.e. milli Víðidalsár og Fitjár: Þorkelshólshreppi hefur bæst við heimalönd eftirtalinna jarða, Stórahlíð, Krókar og Stórahvarf. Ekki hefur fundist landamerkjabréf að þeim jörðum einum og sér og er því nauðsynlegt að fá upplýsingar hjá kunnugum um norðurmörk jarðanna og þá um leið heiðarinnar. Manna fróðastur um þetta mun vera Ólafur B. Óskarsson, bóndi í Víðidalstungu).[147]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[148] Oddviti Þorkelshólshrepps, Ólafur B. Óskarsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 30. mars sama ár. Í svari Ólafs kemur fram að jarðir í Þorkelshólshreppi eigi upprekstur á Víðidalstunguheiði og að Þorkelshólshreppur sé eigandi Víðidalstunguheiðar samkvæmt afsali frá eiganda Víðidalstungu dagsettu 22. ágúst 1902. Mörk Víðidalstunguheiðar eru sögð vera:

[146] Skjal nr. 4(122).
[147] Skjal nr. 4(9).
[148] Skjal nr. 4(10).

> Að vestan, Fitjá fram í Buga fyrir norðan Geiraldsgnýpu, þaðan sjónhending í Geiraldsgnýpu og þaðan í Réttarvatnstanga. Úr honum sjónhending austur undir Bláfell. Svo norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs, um Hraungarða og Heiðamótaás að heimalandi eyðijarðarinnar Lækjarkots.
>
> Afréttir aðliggjandi Víðidalstunguheiði eru: Að vestan Aðalbólsheiði, að sunnan afréttir Borgfirðinga og að austan Haukagilsheiði.

Í svari Ólafs er jafnframt tekið fram að Víðidalstunguheiði tilheyri Þorkelshólshreppi með tilvísun til áðurnefnds afsalsbréfs og tekið fram að ekki eigi aðrir en íbúar hreppsins rétt til upprekstrar á heiðina.[149]

Sigurður J. Líndal á Lækjamóti, tók saman þátt um Víðidalstunguheiði sem birtur var í ritinu *Húnaþing III*, árið 1989.[150] Þar skrifar Sigurður m.a. svo um Víðidalstunguheiði:

> ELSTU HEIMILDIR
>
> ELSTU heimildir sem mér eru kunnar um Víðidalstunguheiði eru í máldaga Péturs biskups á Hólum frá 1394. Eru þar greind landamerki sem enn eru í fullu gildi í öllum aðalatriðum en þau voru mér sögð svo fyrir rúmlega hálfri öld: Kornsárvatn fram Heiðarmótaás svo sem vötnum hallar um Hraungarða og Sandhorn og í miðju Bláfells. Síðan um Hrútagil, Langajörfa og í Réttarvatn. Úr Réttarvatnstanga til norðurs um Geiraldsnípu og í Fitjá. Síðan ræður Fitjá niður í byggð.
>
> Eins og nafnið gefur til kynna hefir heiðin um aldir verið hluti Víðidalstungueignar. Þó hefir Austurheiðin, þ.e. austan Víðidalsár, um alllangt skeið tilheyrt Stóru-Ásgeirsá en féll endanlega til Víðidalstungu þegar kirkja lagðist niður á Stóru-Ásgeirsá um miðja seytjándu öld. Selstaða er sögð hafa verið frá Stóru-Ásgeirsá við Haugakvísl.
>
> Lifað hefir sú sögn í Víðidal að Ásgeir æðikollur færi að leita smalamanns síns en hann hafði týnt nokkrum ám úr seli. Hann fann smalamanninn sofandi í stórum hól við Dauðsmannskvísl. Honum þótti sem smalinn væri svikull og drap hann. En þegar hann gætti að betur þá liggja ærnar hinum megin í hólnum og hafði smalinn bælt þær. Þetta er að vera fljóthuga um of en síðan heitir það Dausmannskvísl. Frásögn þessi er skiljanleg ef miðað er við að selstaða hafi verið við Haugakvísl.
>
> Á meðan Austurheiðin tilheyrði Stóru-Ásgeirsá kallaðist hún Ásgeirsárheiði en síðan Austurheiði.
>
> Þorkelshólshreppur keypti Víðidalstunguheiði árið 1902 og hefir hún verið hans eign síðan.
>
> Víðidalstunguheiði er flatlend, 400-600 m yfir sjó. Bergárvatn er 448 m yfir sjó og Langijörfi 627 m. Það er lítill hæðarmunur á svo langri leið. Sandfell

[149] Skjal nr. 4(12).
[150] Sigurður J. Líndal, Lækjamóti, „Víðidalstunguheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 182-207.

(710 m) og Bláfell (812 m) eru einu áberandi fellin sem standa upp úr flatneskjunni.

Austurhluti Austurheiðar er að mestu hálfgróið ásaland en svo er einnig framan til. Vesturhlutinn af Stórasandi, sem tilheyrir Víðidalstunguheiði, er ekki gróinn nema að litlum hluta. Niðurhluti heiðarinnar, svo og Tungur, eru ýmist hálfgróið ásaland eða velgróið valllendi af ýmsum gerðum þurrlendisgróðurs meðfram lækjum og kvíslum en brok og gulstaraflár með þeoskamiklum gróðri á milli.

Vesturhlutinn, þ.e. á milli Víðidalsár og Fitjár, er víða votlendur og gróskumiklar brok- og gulstararbreiður er víða að finna. Ekki er þar hestfært á stórum svæðum og þeir sem þar eiga leið um í fjallgöngum verða að nota tvo jafnfljóta hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Svo lengi sem vitað er hefir Víðidalstunguheiði verið notuð til upprekstrar á lömbum og geldfé. Í máldaga Péturs biskups segir að gjalda skuli eitt lamb af hverjum rekstri allt að sex tugum. Hélst svo fram um aldamót. Lambatollur var goldinn eiganda á réttardag. Heyrt hefi ég Borgfirðinga minnast lamba sem goldin voru í fjalltoll að Víðidalstungurétt en eignarréttur að Víðidalstungueign var þá að hluta kominn suður yfir heiði.

Hrossaupprekstur er ekki getið að fornu. Í uppvexti var mér sagt að fyrsta stóðið sem rekið var á heiði væri frá Þorkelshóli um 1880. Hross voru yfirleitt ekki nema til heimanotkunar. En Þorkelshólsstóðið var látið ganga á heiðinni fram á vetur enda vandfundið kjarnmeira beitiland en gulstararflár þegar farið er að frjósa.

Önnur not heiðarinnar voru silungsveiði og grasatekja. Fuglaveiði hefir og einhver verið, einkum álfta. Þessum þáttum verður nánar lýst síðar.[151]

Þann 1. október árið 2002, auglýsti félagsmálaráðuneytið eftirfarandi staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar um mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði:

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar um mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 1. október 2002 staðfest samkomulag, dags. 16. janúar 2002, um mörk Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar á Arnarvatnsheiði.

Samkvæmt samkomulaginu verða mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði frá Hraungörðum

[151] Sigurður J. Líndal, Lækjamóti, „Víðidalstunguheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 182-183.

í vestri að Réttarvatni í austri svohljóðandi:

„Úr steini merktum LM á Hraungörðum, beina stefnu austur í Strípalónslæk rétt fyrir

ofan (norðan) Hávaðavatn, þaðan beina stefnu í hól með strýtulaga toppi norðan við Hlíðarvatn, þaðan beina stefnu um norðurenda Gunnarssonavatns upp í Svartarhæð, steinn merktur LM, úr Svartarhæð í Réttarvatnstanga.“

Ofangreind kennileiti hafa verið færð inn á landakort (GPS punktar) sem skoðast sem

hluti samkomulags þessa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 1. október 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.[152]

5.2.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.2.1.1 Víðidalstunga

Landamerkjabréf fyrir Víðidalstungu, ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði var útbúið 23. mars 1890 og þinglesið 31. maí sama ár. Það hljóðar svo:

Landamerki fyrir Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði.

Að norðan og vestan ræður norðasti farvegur Fitjár, neðan frá ármótum, gengt Kjálkamel upp til Kera, svo ræður Fitjá fram að Hesti, er stendur að vestan verðu við Fitjá, gengt Brunnármótum, úr honum beint í Steinaborg, þaðan upp í Tunguás, þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eptir Tunguás, sem sjer heimanað frá Valdarási, og þaðan rjettsýni í vestanvert Sauðholt, og þaðan í Tjarnhólakvíslarbotn, þá ræður hún ofan í Fitjá, þaðan Fitjá fram í Buga, fyrir norðan Geiraldsgnýpu, þá þaðan bein sjónhending suður í Geiraldsgnýpu, og þaðan í Rjettarvatnstanga, úr honum ræður bein sjónhending austur undir Bláfell, svo norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs norður á Hraungarða, svo ráða þeir meðan endast og úr norðurenda þeirra bein leið í Bergárvatn, úr Bergárvatni í Yxnártjörn, svo ræður Yxná ofan ú Víðidalsá, þá ræður hún út í árkrókinn fyrir utan enda Dælisleynifitjar, þá ræður austasti forni farvegur Víðidalsár út með Ásgeirsármótum út til Kjálkamels, (áður nefndur Ásgeirsármelur.)

Samkvæmt máldögum Pjeturs biskups frá 1394[153] og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461[154] á Víðidalstunga ¾ úr veiði í Steinkerum, alla

[152] Skjal nr. 4(55).

> veiði í Miðkerum, Básum, Strengfossi og Kerafljóti, ½ veiði í Fitjá ofan frá Kerafljóti til Kjálkalands. Ennfremur á hún reka fyrir eptir skrifuðum jörðum á Vatnsnesi: Allan viðreka fyrir Þremi, Sauðdalsá, Illugastöðum og Geitafelli, ½ viðreka fyrir Syðristöpum en 1/4 . fyrir Ytristöpum, hvalreka fyrir
>
> Öllum þessum jörðum, eptir því sem jörðunum hefur til borið. Á Víðidalstunguheiði eður í Víðidalstungujörð er fjárupprekstur um allan hreppinn (Þorkelshólshrepp) út að gljúfurá [innskot ofan línu] og ljúka lamb af rekstri til þess eru sex tigir og með sama upp þaðan.[155]

Þórður Jónsson og Páll Pálsson skrifuðu undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigendanna. Það var samþykkt af Jóni Magnússyni oddvita Hálsahrepps, Einari Magnússyni oddvita Reykholtsdalshrepps, Guðmundi Guðmundssyni fyrir hönd eiganda Aðalbóls og Birni Sölvasyni eiganda Valdaráss.

5.2.1.2 Stóra-Ásgeirsá

Þann 25. ágúst árið 1589 keypti Guðbrandur Þorlákssson biskup á Hólum Ásgeirsá í Víðidal fyrir 60 hndr. og lét í móti nokkrar jarðir í Fljótum. Ekki er minnst á takmörk eða landamerki jarðarinnar í kaupbréfinu.[156]

Þann 31. maí 1658 seldu hjónin Árni Daðason og Elen Pétursdóttir þeim bræðrum Páli og Jóni Þorlákssonum alla Ásgeirsá, 60 hndr. að dýrleika, með Litlu-Ásgeirsá og eyðijörðinni Gaflkoti. Kaupbréfið er varðveitt í safni Árna Magnússonar en engin landamerki eru tilgreind í því.[157]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 kemur fram að Stóra-Ásgeirsá sé 30 hundraða jörð að dýrleika, og í einkaeigu. Þar segir ennfremur eftirfarandi:

> Selstöðu á jörðin í Víðidalstúngulandi, þar sem heita Haugakvíslir, og sjást þar enn tóftirnar þar sem heitir Asgeirsársel; það hefur aldrei brúkað verið í manna minni.
>
> Lambaupprekstur á Víðidalstunguafrjett for [svo] toll ut supra.[158]

Landamerkjabréf fyrir Ásgeirsá (stærri) var útbúið 20. maí 1891 og þinglesið tíu dögum síðar:

> Að norðan ræður Kvestarskurður við Víðidalsá, þaðan sjónhending í Sjónarhól, þaðan sjónhending norðanhallt í Hrosshól, þaðan beint til fjalls í Hrosshólslæk, sem ræður merkjum til háfjalls, þaðan eptir háfjalli gengt svokölluðum Merkjamel, sem er næsti melur fyrir norðan Jónsvörðu, og til landsuðurs frá Ásgeirsárseli, þaðan beint til vesturs í Ásgeirsá, sem ræður

[153] Skjal nr. 2(153).
[154] Skjal nr. 2(154).
[155] Skjal nr. 2(24).
[156] Skjal nr. 4(192).
[157] Skjal nr. 4(191).
[158] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 239-240.

> merkjum til Víðidalsár, svo eptir miðjum árfarvegi fyrir vestan Bæjarhólma, sem nú er í Auðunnarstaðanesi til Víðidalsár sem ræður merkjum fyrir austan og sunnan Galtarneshólma, þrjá að tölu, allt að áðurnefndum Kvestarskurði.[159]

J. Sigurður Jónsson og G. Ingvarsson, eigendur Ásgeirsár, skrifuðu undir landamerkja-bréfið. Það var samþykkt af Ólafi Sigurðssyni eiganda Þórukots, Páli Pálssyni umboðsmanni Litlu Ásgeirsár og J. Guðmundssyni eiganda Auðunnarstaða.

Þann 28. desember 1901 seldi og afsalaði Jón Skúlason bóndi á Söndum Stóru-Ásgeirsá til Ólafs Jónssonar sonar síns fyrir 3.000 krónur: „með öllu því, sem tjeðri jörðu fylgir og fylgja ber, eins og jeg hefi eignast hana, samkvæmt afsalsbrjefi dagsettu 14. maí 1901“ eins og segir í kaupsamningi. Kaupsamningi og afsali var þinglýst á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 23. maí 1902.[160]

5.2.1.3 Litla-Ásgeirsá

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 segir að Litla-Ásgeirsá sé eitt þriggja afbýla frá Stóru-Ásgeirsá, metin til 10 hundraða. Beitilönd voru óskipt:

> Öll afbýlin hafa óskamtaðan haga, en töður og engjar eru hverjum afdeildar.[161]

Landamerkjabréf fyrir Litluásgeirsá var útbúið 30. maí 1891 og þinglesið samdægurs:

> Að norðanverðu ræður Litlaásgeirsá þar sem hún rennur í Víðidalsá, og svo ræður áin upp eptir, upp fyrir sel það, er Stóraásgeirsá áður brúkaði, þá ræður bein sjónhending upp í stóran mel með vörðu á suður og upp frá selinu, og svo bein sjónhending upp á háfjall um norðari selhól, svo ræður háfjall suður á móts við Skriðu þá, er nýlega hefur fallið ofan úr selklettinum, svo ræður skriðan ofan eptir beint í Jónsvörðu, svo ræður bein sjónhending ofan ásana, norðanhallt við forna lögrjett, ofan í Víðidalsá, svo ræður austasti farvegur Víðidalsár út með Ásgeirsármóum til Kjálkamels, svo ræður Víðidalsá út að áður nefndum ármótum.[162]

Páll Pálsson umráðandi Litlu-Ásgeirsár skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. S. Jónssyni og G. Yngvarssyni eigendum hálfrar Ásgeirsár stærri.

Eftirfarandi er endurrit úr landamerkja- og fasteignabók Húnavatnssýslu, en ártals ekki getið:

> Landamerki milli Litlu- og Stóru-Ásgeirsár, skulu vera þannig: Ásgeirsáin ræður merkjum upp að krók á ánni suðsuðaustan við Ásgeirsársel og frá þeim krók í vörðubrot á Merkjamel, þaðan sjónhending upp á há-Víðidalsfjall um vörðu, sem hlaðin var og stendur á barði 300-320 metrum ofan við Merkjahól. [...]

[159] Skjal nr. 2(26).
[160] Skjal nr. 4(127).
[161] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 238, 240.
[162] Skjal nr. 2(27).

Merkjadómnum slitið.[163]

Jón Ísberg, Konráð Eggertsson, Ólafur Magnússon, Sigvaldi Björnsson og Benedikt Guðmundsson umboðsmaður Ólafs Jónssonar skrifuðu undir.

Hinn 29. apríl 1898 afsalaði Jóhann Snorrason á Vatnsenda í Þverárhreppi, Litlu-Ásgeirsá í Þorkelshólshreppi til Jóhanns Péturs Þorsteinssonar í Haukagili, „allt eptir því sem segir í kaupsamningi þeim er við gjörðum 15. febrúar 1898," segir í afsali, sem þinglýst var á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 26. maí 1899.[164]

Þann 24. febrúar 1915 seldi og afsalaði Jóhann Pétur Þorsteinsson bóndi á Rútsstöðum í Svínavatnshreppi, Kr. Sigurði Jónssyni bónda á Litlu-Ásgeirsá, Litlu-Ásgeirsá. Jörðin var seld með húsum og „öllum gögnum og gæðum" en vísað að öðru leyti til eldri kaupsamnings frá 12. desember 1908, eða eins og segir í afsali:

> [...] öllum gögnum og gæðum, er jörð þessari fylgja að rétt lagi, alt eftir því sem segir í kaupsamningi þar um gjörðum 12. Des. 1908; [...] þá segi eg hann réttan eiganda að ofannefndri jörð með þeim ummerkjum, sem eg hef frekast verið eigandi að.[165]

Afsalið var lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 17. júní 1915.

Þann 8. maí 1926 seldi Kr. Sig. Jónsson, Steindóri J. Björnssyni, , Litlu-Ásgeirsá. Í kaupsamningi er eftirfarandi tekið fram um landamerki:

> Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjaskrá dagsett 30. maí 1891 þingl. á manntalsþingi á Þorkelshóli 1891.[166]

Kaupsamningur var þinglesin á manntalsþingi að Þorkelshóli 19. júní 1928.

Þann 19. janúar árið 1928 var Steindór Bjarnason lýstur réttur eigandi að jörðinni Litlu-Ásgeirsá, í votta viðurvist. Skjalfestur vitnisburður þess efnis hljóðar svo:

> 1928
>
> Nr. 5111
>
> Hjer með lýsi jeg hr. Steindór Bjarnason á Litlu-Ásgeirsá rjettan eiganda að jörðinni Litlu-Ásgeirsá í Þorkelshólshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu. Til staðfestu nafn mitt undirritað í viðurvist tveggja tilkvaddra votta.
>
> Reykjavík 19. jan. 1928.
>
> Kr. Sig. Jónsson
>
> frá Litlu-Ásgeirsá.
>
> Vitundarvottar:
>
> R. Kjartansson

[163] Skjal nr. 2(28).
[164] Skjal nr. 4(136).
[165] Skjal nr. 4(128).
[166] Skjal nr. 4(129).

Hannes Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli þann 19. júní 1928 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar ltr.L. Nr. 511 bls. 138.

Vottar

Jónas B. Bjarnason (settur).[167]

Þann 15. desember 1930 seldi Steindór Björnsson á Litlu-Ásgeirsá, Axeli Guðmundssyni í Valdarási, landstykki úr Litlu-Ásgeirsá. Stykkið er afmarkað eftirfarandi í kaupsamningi:

Landstykki þetta er syðst á svokölluðum Ásgeirsámóum, og er að stærð ca. 11¼ dagslátta, og er nú umgirt á alla vegu með fjárheldri girðingu.[168]

Afsal fyrir kaupunum var gefið út 2. febrúar 1931 og þinglýst á manntalsþingi að Þorkelshóli 22. júní 1931.

Þann 28. apríl árið 1945 seldi Steindór Björnsson, eigandi Litlu-Ásgeirsár, samnefnda jörð fyrir sextán þúsund krónur. Fram kemur að hreppsfélagið hafi afsalað sér forkaupsrétti sínum að jörðinni:

N° 8298

Ég Steindór Björnsson bóndi Litlu-Ásgeirsá, Þorkelshólshreppi Vestur-Húnavatnssýslu, geri með þessu brjefi mínu kunnugt, að eg sel og afsala til Jónasar Björnssonar Dæli hjer í hreppi eignarrjetti yfir eignar og ábýlisjörð minni Litlu-Ásgeirsá með húsum, girðingum og öllum öðrum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja, eins og eg hef eignast hana og með þeim umbótum sem síðar hafa gjörðar verið, þó að undanskyldu afgirtu stykki á Litlu-Ásgeirsá móum c.a. 11¼ dagsl., sem selt er Axel Guðmundssyni, enda samningur sá, sem þar um var gjörður í fullu gildi þrátt fyrir söluna.

Þar sem kaupandi hefur greitt mjer Steindóri Björnssyni kaupverð að fullu kr. 16.000.oo – sextán þúsund – krónur, þá lýsi ég hann rjettann eiganda að jörðinni frá þessum degi og ber mjer að svara til vanheimildar.

Seljandi greiði skatta alla og skyldur af hinni seldu eign til nk. fardaga, enda selji hann þá kaupanda á hendur full umráð jarðarinnar.

Hreppsfjelagið hefur afsalað sjer forkaupsrjetti sínum.

Afsal þetta er í tveimur samhljóða frumritum og halda aðilar sínu eintaki hver.

Til staðfestu eru eiginhandarnöfn kaupanda og seljanad undirrituð í viðurvist tveggja vitunarvottar.

Litlu-Ásgeirsá 28. apríl 1945.

Steindór Björnsson

[167] Skjal nr. 4 (130).
[168] Skjal nr. 4(131).

Jónas Björnsson.

Vitunarvottar:

Herdís Bjarnadóttir.

Aðalsteinn Sigurðsson.[169]

5.2.1.4 Bakki/Bakkakot

Bakkakot var hjáleiga frá Víðidalstungu, byggð á fornu selstæði. Um Bakkakot segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706:

> **Backakot**, heitir að fornu **Litlebacke**. [...] Bygt úr gamallri auðn fyrir meir en 30 árum, á fornum bólstað, en áður hafði hjer sel verið frá Víðidalstúngu.
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því hjer gelst engin tíund af, en þetta reiknast so sem aðrar Víðidalstúngu hjáleigur.[170]

Ekki hefur verið útbúið sérstakt landamerkjabréf fyrir hjáleigunna Bakkakot heldur fylgdi hún heimajörðinni Víðidalstungu þegar landamerkjabréf hennar var útbúið þann 23. mars 1890.

Þann 6. september 1924 seldi Jóhanna Björnsdóttir í Víðidalstungu, Gunnlaugi Auðuni Jóhannessyni í Bakkakoti, hálflendur sínar í Hrappsstöðum og Bakkakoti. Í kaupsamningi er eftirfarandi tekið fram um landamerki jarðanna:

> Landamerki Hrappsstaða eru samkv. landamerkjabrjefi dagsettu 10. marz 1890, en landamerki Bakkakots eru: að sunnan: í svokallaðan Merkjalæk og úr honum sjónhending í svokallaða Merkjavörðu á Smalaskálaási; að vestan og norðan, einsog merki hafa verið haldin austan (sic) í Víðidalsá.[171]

Afsal var gefið út 28. ágúst 1927 og kaupunum þinglýst á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 19. júní 1928.

Önnur landamerkjabréf fyrir Bakkakoti eða Bakka í Víðdal hafa ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

5.2.1.5 Dæli

Jörðin Dælir var upphaflega hjáleiga frá Víðidalstungu. Um hana segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706:

> Forn eyðijörð, liggur til Víðidalstúngu og reiknast með hennar heimalöndum, bygð úr gamalli auðn fyrir 30 árum á fornu bæjarstæði. Dýrleikinn áður talinn í heimajörðunni, Víðidalstúngu. Eigandinn er proprietarius að Víðidalstúngu. [...]
>
> Haganautn hefur þessi hjáleiga óskamtaða, í sínu eigin og Gjátúns landi, með Víðidalstúngumönnum. [...]

[169] Skjal nr. 4(132).
[170] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 231.
[171] Skjal nr. 4(154).

> Lambaupprekstur er frí í Víðidalstúnguafrjett, so sem annara Víðdalstúngu ábúenda.[172]

Landamerkjabréf Dælis var útbúið 20. mars 1890 og þinglýst 31. maí sama ár:

> Landamerki Dælis (kirkjujarðar frá Víðidalstungu).
>
> Að norðan, úr Víðidalsá, norðanhallt við Dælisleynifit, upp eptir, norðanhallt um fornu lögrjett, svo bein sjónhending yfir ásana upp í Jónsvörðu, (hún stendur á sjerstöku holti í flóanum, fyrir ofan Gjátúnsá, suður og upp undan syðri Langamelsenda); úr vörðunni ræður bein sjónhending í austur á fjall upp, svo ræður háfjallið suður eptir, suður í Hvarfsgjá; svo ofan eptir gjánni til upptaka Gjátúnsár; svo ræður Gjátúnsá ofan eptir til króks þess, er verður á henni, lítið eitt fyrir neðan Steinboga, suður og upp undan Gjátúni, nú Dælishúsum; úr krók þessum ræður bein sjónhending ofan ásana, ofan í læk þann, er rennur eptir Breiðulág, svo ræður hann í Víðidalsá, þá ræður hún út fyrir áður nefnda Dælisfit.[173]

Undir bréfið kvitta Þórður Jónsson og Páll Pálsson fyrir hönd eigandanna. Þorsteinn Hjálmarsson eigandi Hvarfs, Gunnar Ingvarsson og J. Sigurður Jónsson eigendur Ásgeirsár.

Annað landamerkjabréf milli jarðanna Dælis og Litlu-Ásgeirsár í Þorkelshólshreppi var gert þann 24. október 1955. Sjá umfjöllun um Litlu-Ásgeirsá.

5.2.1.6 Hvarf

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 var jörðin Hvarf metin á 20 hndr. og eigandi var biskupsstólinn á Hólum. Um upprekstrarland jarðarinnar segir:

> Lambaupprekstur á Víðidalstúnguafrjett fyrir toll ut supra.[174]

Landamerkjabréf fyrir jörðina Hvarf í Víðidal var útbúið 2. apríl 1891 og þinglýst 30. maí sama ár:

> Að vestan ræður Víðidalsá að læk þeim, er fellur úr Breiðulág fyrir norðan Fírimarksklett; þaðan beina línu í merkjavörðu, sem er við hinn forna Gjátúnsárkrók; þaðan beina sjónhending í Steinboga; þá ræður Gjátúnsá upp í Drög; úr Gjátúnsárdrögum beina línu í Klettahól austast í Hvarfsgjáar botni; þaðan í klettaröðul þann er liggur að sunnanverðri Hvarfsgjá, og vestur eptir honum, þar til hann endar; þaðan beina línu vestur í Skessu, (sem er stór varða uppi á Bekkjunum); úr henni beina línu niður í Merkjavörðu, (varða þessi er fjörutíu faðma fyrir sunnan lækjarskurð, sem fellur ofan skammt fyrir sunnan Kirkjustein, og er hlaðin úr hnaus, með viðarkolum í). Úr vörðu

[172] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 237-238.
[173] Skjal nr. 2(177).
[174] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 236.

> þessari ræður bein sjónhending í ytri Króklæk, þar sem hann fellur ofan í Kolugljúfur og Víðidalsá.[175]

Undir bréfið kvitta Þorsteinn Hjálmarsson ábúandi og eigandi Hvarfs, ásamt Páli Pálssyni og Þórði Jónssyni umráðendum Víðidalstungueignarinnar.

5.2.1.7 Kolugil

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 var jörðin Kolugil metin á 16 hndr. og eigendur voru Víðidalstungukirkja og „proprietarius þar.“ Um upprekstrarland jarðarinnar segir:

> Lambaupprekstur á Víðidalstúnguafrjett fyrir toll ut supra.[176]

Landamerkjabréf fyrir jörðina Kolugil í Víðidal var útbúið 2. apríl 1891 og þinglýst 30. maí sama ár:

> Að norðan ræður hinn ytri Króklækur, þar sem hann fellur í Kolugljúfur og þaðan bein sjónhending í vörðu neðan til í Bekkjunum, sem er hlaðin úr hnausum með viðarkolum. Varða þessi er 40 faðma fyrir sunnan lækjarskurð, sem fellur ofan lítið fyrir sunnan Kirkjustein. Úr vörðu þessari ræður bein sjónhending í aðra vörðu, sem nefnd er Skessa, upp á Bekkjunum; úr Skessu ræður bein sjónhending í vestanvert syðra gjáarhöggið, og svo klettaröðullinn sunnan við gjána austur á háfjall; þaðan háfjallið suður á móts við upptök Dyngjugilslækjar; þá ræður að sunnan Dyngjugilslækur ofan í Víðidalsá, og svo ræður hún norður að áðurnefndum Króklæk.
>
> Merki þessi eru afgjörð við opinbera sætt í september 1890. Landamerki höfum við umráðendur Víðidalstungueignarinnar samið og samþykkt.[177]

Undir bréfið kvitta Þórður Jónsson og Páll Pálsson (umráðamenn Víðidalstungueignarinnar), ásamt Þorsteini Hjálmarssyni eiganda Hvarfs.

Annað landamerkjabréf fyrir jörðina Kolugil í Þorkelshólshreppi var útbúið 9. mars 1950 en ekki þinglýst fyrr en á manntalsþingi að Víðihlíð þann 14. ágúst 1968:

> Að norðan ræður hinn Ytri-Króklækur, þar sem hann fellur í Kolugljúfur. Þaðan bein sjónhending í flatan stein, sem er beint í suður frá Kirkjusteini, 40 faðma fyrir sunnan Kirkjusteinslæk, og er steinninn merktur L, á miðjum steini. Úr steini þessum bein sjónhending í vörðu, sem Skessa heitir.
>
> Úr Skessu bein sjónhending í Syðra-gjárhögg, og svo klettaröðullinn sunnan við gjána austur í háfjall. Þaðan háfjallið suður til móts við upptök Skriðulæks.
>
> Að sunnan ræður Skriðulækur ofan fyrir brún, eða þar til gilið byrjar neðan frá, þaðan frá gilinu neðst, í norður, sjónhending í stein, sem er norðanhallt á hryggnum, beint upp af miðju túninu, og er steinn þessi merktur L. Þaðan

[175] Skjal nr. 2(41).
[176] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 235-236.
[177] Skjal nr. 2(178).

> bein sjónhending úr suðurbrún steinsins, ofan túnið, í miðja heimreiðina fyrir utan og neðan í íbúðarhúsið á Syðra-Kolugili, þá ræður heimreiðin ofan við Víðidalsá. Að vestan ræður Víðidalsá, út að áður nefndum Króklæk.[178]

Undir bréfið kvitta Björn Gunnlaugsson, Páll V. Guðmundsson, Agnar Gunnlaugsson, Gunnlaugur J. Auðunn og Ingvar Gunnlaugsson. Ekki kemur fram í bréfinu hverjir þeir eru.

5.2.1.8 Hrappsstaðir

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 eru Hrappsstaðir nefndir Hrafnsstaðir. Um þá segir:

> **Hrafnstader**. Hefur um lángan aldur verið afdeilt býli, og kallast dýrleiki þess viii c. En nú er undir eður yfir fimmtíu ár saman við þessa jörð lagt annað fornt eyðikot, er þar liggur allagötur [svo], hjá að nafni
>
> **Hávardsstader**. Dýrleiki þessa fornbýlis er kallaður iiii c; brúkar Hrafnstaða ábúandi haga allan og töðufall, en engið er lagt til Bakkakots; vide Bakkakot.
>
> Jarðardýrleiki á Hrafnstöðum og Hávarðsstöðum til samans xii c. Eigandi Víðidalstúngukirkja og proprietarius þar til. [...]
>
> Lambaupprekstur á Víðidalstúnguafrjett fyrir toll ut supra.[179]

Landamerkjabréf Hrappstaða var útbúið 20. mars 1890 og þinglýst 31. maí sama ár:

> Landamerki Hrappsstaða (kirkjujarðar frá Víðidalstungu)
>
> Að sunnan ræður Bergá, þar sem hún fellur í Víðidalsá, og svo upp eptir, upp í svo nefndan Krók; þaðan bein sjónhending, austur á háfjall; þá háfjallið norður eptir í upptök Dyngjugilslækjar, svo ræður hann ofan í Víðidalsá; þá ræður hún fram að Bergá.[180]

Undir bréfið kvitta Þórður Jónsson og Páll Pálsson fyrir hönd eigandanna, og Páll Pálsson og Jón Jónsson eigendur Gafls.

Þann 6. september 1924 seldi Jóhanna Björnsdóttir í Víðidalstungu, Gunnlaugi Auðuni Jóhannessyni í Bakkakoti, hálflendur sínar í Hrappsstöðum og Bakkakoti. Í kaupsamningi er eftirfarandi tekið fram um landamerki jarðanna:

> Landamerki Hrappsstaða eru samkv. landamerkjabrjefi dagsettu 10. marz 1890, [...].[181]

Afsal var gefið út 28. ágúst 1927 og kaupunum þinglýst á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 19. júní 1928.

[178] Skjal nr. 2(178).
[179] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 233-234.
[180] Skjal nr. 2(183).
[181] Skjal nr. 4(154).

5.2.1.9 Gafl

Þegar Ásgeirsá var seld þann 31. maí 1658 fylgdi eyðijörðin Gaflkot með í kaupunum.[182].

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1706 kemur eftirfarandi fram um kotið Gafl sem tilheyrði Stóru-Ásgeirsá:

> **Gafl.** Forn jörð, hefur maroft í eyði legið en nú síðast úr auðn bygð verið fyrir innan 30 ár.
>
> Jarðardýrleiki x [10] hundruð, og liggur þetta kot til Stóru Ásgeirsár. [...].
>
> Lambaupprekstur á Víðidalstúnguafrjett fyrir toll ut supra.[183]

Landamerkjabréf fyrir Gafl í Víðidal var útbúið 3. maí 1890 og þinglesið 31. maí sama ár:

> Að framanverðu ræður fremri Heylækur, ofan frá háfjalli þar til hann fellur í Bergá, svo ræður Bergá að vestanverðu, út í skarpasta krókinn á henni, þar sem hún fellur til vesturs ofan eptir, úr krók þessum ræður bein sjónhending að norðan upp á háfjall, um stóran stein, merktan LM, svo ræður háfjall að austan til upptaka áður nefnds Heylækjar.[184]

Jón Jónsson og Páll Pálsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Páll Pálsson samþykkti það sem umráðamaður Víðidalstungueignarinnar.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Gafl:

> Á rjett til upprekstur á afrjett sveitar.[185]

5.2.1.10 Lækjarkot

Ekki er minnst á Lækjarkot í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706.

Þann 25. apríl árið 1825, var gerður samningur um Lækjarkot. Jón Guðmundsson, „afstendur öllum tilkallsrétti" frá sér og sínum erfingjum til Lækjarkots sem af óaðgættni var útlagt konu hans við dánarbússkipti 14. apríl 1820, þar sem það er eftir máldögum fullbevíslegt að vera eign Víðidalstungukirkju. Þar segir:

> Anno 1825 þann 25. Aprílis gjördist ad Vídidalstúngu af ockur underskrifudum solátandi samníngur, ad Eg Jón Gudmundsson Bóndi á Hörghóli afstend öllum Tilkalls rétti frá mér og mínum Erfíngjum til Lækjarkots sem af Oadgjætslu var útlagt konu minni sem 1 hndr. vid sterfbús skipti ad Vídidalstúngu þann 14. Aprílis 1820, þar þettad er nú Eptir Vídidalstúngu kyrkju máldögum full bevislegt ad vera tédrar kyrkju Eygn.
>
> Þessu til stadfestu eru ockar Hlutadegenda Nöfn og Signet ut supra.
>
> J.Thorarensen Jón Gudmundsson

[182] Skjal nr. 4(191).
[183] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 234-235.
[184] Skjal nr. 2(29).
[185] Skjal nr. 2(62).

L. S *L. S.*

Sem vidstaddir vottar

P.Pétursson Biörn Biörnsson.[186]

Landamerkjabréf fyrir Lækjarkot og Rófuskarðshlíð (hjáleiga Víðidalstungu) var útbúið 20. mars 1890 og þinglesið 31. maí sama ár:

> Að norðan ræður fremri Heylækur, þar sem hann fellur í Bergá, svo ræður lækurinn norðaustur á háfjall. Þá ræður háfjallið norður til upptaka Rófuskarðsár, þá ræður hún ofan í Gljúfurá, svo ræður Gljúfurá til syðstu Gljúfurárdraga, og úr þeim rjettsýni í Bergárvatn, þá ræður Bergá út að áður nefndum Heylæk.[187]

Þórður Jónsson og Páll Pálsson skrifuðu undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigenda jarðarinnar. Það var samþykkt af Páli Pálssyni og Jóni Jónssyni eigendum Gafls og B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða.

Þann 30. september 1931 seldi Þórður Guðmundsson bóndi á Þorkelshóli, fyrir hönd Jóns Símonarsonar á Varmalæk í Borgarfjarðarsýslu, húsfrú Jóhönnu Björnsdóttur í Víðidalstungu hálfar jarðirnar, Víðidalstungu, Yxnatungu og Lækjarkot, „að undan skyldri Fremri Róuskarðshlíð úr Lækjarkotslandi.“[188] Kaupsamningur lesinn á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 14. júní 1932.

Þann 25. maí árið 1932 lýstu eigendur og ábúendur jarðanna Lækjarkots, Öxnatungu og Stóruhlíðar því yfir að þeir afsöluðu öllum afnotum og umráðarétti á því landi sem tilheyrði fyrrgreindum jörðum og lá fyrir framan afréttargirðingu Þorkelshólshrepps..

5.2.1.11 Öxnártunga

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1706 kemur eftirfarandi fram um Öxnártungu:

> **Auxnatunga.** Forn eyðijörð, bygð fyrir meir en 30 árum úr lángvarandi gamalli auðn, og er þetta fornbýli eitt af þeim sem fylgja Víðidalstúngu og reiknast með hennar heimalöndum. [...]
>
> Kvikfje er hjer nú ekki að telja, því að ábúandinn heldur öllu því á Hrafnstöðum, sem hann ogso leigir.
>
> Haga brúkar þetta býli að vísu takmarkaða, en þó með landsdrottins leyfi, en þá víðar fyrir vestan Víðidalsá.[189]

Landamerkjabréf fyrir Öxnártungu (hjáleigu Víðidalstungu) var útbúið 20. mars 1890 og þinglesið 31. maí sama ár:

[186] Skjal nr. 2(106) a-b.
[187] Skjal nr. 2(30).
[188] Skjal nr. 4(117).
[189] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 232-233.

> Að norðan og austan ræður Bergá fram til Bergárvatns, þaðan bein sjónhending í Yxnártjörn, svo ræður Yxná til Víðidalsár, þá ræður Víðidalsá út að áður nefndri Bergá.[190]

Þórður Jónsson og Páll Pálsson skrifuðu undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigenda jarðarinnar.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Öxnártungu (Yxnatungu):

> Beitiland [...] Ekki nær það til fjalls, en liggur með Vídidalsá að austan út og suður [...]. Silungsveiði er dálítil, en langt í hana. [...] Á rjett til upprekstur á afrjett.[191]

Þann 30. september 1931 seldi Þórður Guðmundsson bóndi á Þorkelshóli, fyrir hönd Jóns Símonarsonar á Varmalæk í Borgarfjarðarsýslu, húsfrú Jóhönnu Björnsdóttur í Víðidalstungu hálfar jarðirnar, Víðidalstungu, Yxnatungu og Lækjarkot.[192] Kaupsamningur lesinn á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 14. júní 1932.

Þann 17. apríl 1947 seldi og afsalaði Jónas Björnsson bóndi að Litlu Ásgeirsá, eignarjörð sinni Dalsbrún (Öxnatungu) í Þorkelshólshreppi, til Þorkelshólshreppps. Land innan tilgreindrar girðingar var undanskilið. Í kaupsamningi segir eftirfarandi:

> Eg Jónas Björnsson bóndi að Litlu Ásgeirsá í Þorkelshólshreppi í V. Hún. geri með brefi þessu kunnugt að eg sel og afsala til Þorkelshólshrepps eignarretti yfir eignarjörð minni Dalsbrún (Yxnatungu) í Þorkelshólshreppi í V. Hún. með öllum gögnum og gæðum sem jörðinni fylgir [...], þó að undanskildri girðingu sem liggur frá Bugá suður fyrir Dagmálahvamm og í Víðidalsá.
>
> Seljandi hefur afnotarétt endurgjaldslaust af landi því sem er innan ofangreindrar girðingar svo lengi sem hann er búandi í Þorkelshólshreppi. Jafnframt áskilur seljandi sér rétt til þess að taka upp og flytja burtu girðingu þessa þegar hann hættir að nota landið.
>
> Landamerki eru samkvæmt landamerkjabréfi.[193]

Kaupsamningur var lesinn á manntalsþingi að Víðihlíð þann 5. september 1947.

5.2.1.12 Litlahlíð

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 segir um Litluhlíð í Víðidal:

> Gamalt eyðiból af Víðidalstúngu landi, hefur í auðn verið undir eður yfir 200 ár. Dýrleikinn er áður talinn í heimajörðunni, og eigandinn sami.[194]

[190] Skjal nr. 2(32).
[191] Skjal nr. 2(62).
[192] Skjal nr. 4(117).
[193] Skjal nr. 4(125).
[194] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 232.

Ekki hefur verið útbúið sérstakt landamerkjabréf fyrir hjáleigunna Litluhlíð heldur fylgdi hún heimajörðinni Víðidalstungu þegar landamerkjabréf hennar var útbúið þann 23. mars 1890. Þann 13. júní 1962 voru landamerki milli Litluhlíðar í Þorkelshólshreppi og Stóruhlíðarlands ákvörðuð.[195] Sjá umfjöllun um Stóruhlíð.

5.2.1.13 Stórahlíð (aðliggjandi)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 kemur eftirfarandi fram um Stóruhlíð (Hlíð):

> **Hlijd.** Fornt eyðiból í Víðidalstúngu landi, auðn undir eður yfir 200 ár.
>
> Túnstæði er alt í hrjóstur komið, og hefur þetta verið í manna minni selstaða frá heimajörðunni; nær örvænt aftur að byggja, því brjóta skyldi hjer jörð til túns og taðna, og óvíst að gagn yrði til erfiðislauna.[196]

Landamerkjabréf fyrir Víðidalstungu og Stóruhlíð auk annarra hjáleigna var útbúið 23. mars 1890.[197]

Þann 30. september 1931 seldi Þórður Guðmundsson bóndi á Þorkelshóli, fyrir hönd Jóns Símonarsonar á Varmalæk í Borgarfjarðarsýslu, Gunnari Þorsteinssyni bónda í Stóruhlíð, hálfa jörðina Stóruhlíð í Þorkelshólshreppi, „ásamt öllum gögnum og gæðum sem jarðarpartinum fylgir og fylgja ber eins og seljandi hefur eignast hana.“ Kaupverð var krónur 875,00. Kaupsamningi þinglýst á manntalsþingi að Þorkelshóli þann 14. júní 1932.[198]

Þann 12. ágúst 1944 seldu og afsöluðu Óskar B. Teitsson í Víðidalstungu, fyrir hönd Jóhönnu Björnsdóttur sama stað, og Gunnar Þorsteinsson bóndi í Galtanesi, Sigurði J. Líndal bónda í Lækjamóti og Sigvalda Jóhannessyni bónda Enniskoti allt land jarðarinnar Stóruhlíðar í Þorkelshólshreppi, án húsa og girðinga fyrir 2.000 krónur. Tekið er fram í afsali:

> að kvöð hvílir á landi jarðarinnar sunnan heiðagirðingar samkv. samningi við Þorkelshólshrepp dags. 25. nóv. 1932.[199]

5.2.1.14 Stórahvarf (aðliggjandi)

Þann 21. ágúst 1915, var gengið frá skiptum á löndum jarðanna Neðri-Fitja og Stórahvarfs. Merki milli jarðanna voru ákveðin þannig:

> Úr svonefndri Króksvörðu, sem er á litlum melhól skamt frá Fitjárgili, bein lína í svonefndan Rjúpnahól á Hvarfsás, að öðruleiti eru ummerki landa jarða þessara eins og greinir í landamerkjabrjefi fyrir jörðinni Neðri-Fitjum dags. 27. júlí 1890.[200]

[195] Skjal nr. 2(34).
[196] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 232.
[197] Skjal nr. 2(23).
[198] Skjal nr. 4(153).
[199] Skjal nr. 4(124).
[200] Skjal nr. 2(254).

Þann 22. desember 1915 var svo gengið frá sölunni og Jakob Sæmundsson ábúandi á Stórahvarfi keypti ábýlisjörð sína Stórahvarf.[201]

Eins og fram kemur í fasteignamatinu 1916 þá var Stórahvarfi nýlega skipt úr landi Neðri-Fitja:

> Á rjett til upprekstur á afrjett sveitarfjelags. Jörðin liggur fram undir heiði [...] Landamerki er ekki kunnugt um hvort eru þinglesin. Jörð þessari er nílega skipt úr annari jörð, Neðri-Fitjum og eru landamerki þinglesin firir þeirri jörð. Á rjett til upprekstur á afrjett.[202]

Landamerki milli jarðanna Neðri-Fitja og Stórahvarfs í Þorkelshólshreppi voru skráð 14. júlí 1916 og þinglesin 26. júní 1917:

> Landamerki skulu vera úr svonefndri Króksvörðu, sem er á milli bæja okkar og rétt við Fitjaá, þaðan austur í svonefndan Rjúpnahól, sem stendur á svonefndum Hvarfsás, þaðan til suðurs í svonefndan Hvarfshól, þaðan beint austur í Kambá, þaðan ræður sjónhending til Tjarnarhólakvíslar gengt Víðidalstungulandi.
>
> Að sunnan ræður Tjarnarhólakvísl merkjum niður að Fitjaá, þaðan (að vestan) ræður Fitjaá merkjum norður að áðurnefndri Króksvörðu. Sbr. landamerkjaskrá dagsetta 27. júlí 1890 fyrir jörðinni Neðri-Fitjar.[203]

5.2.1.15 Neðrifitjar

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur fram að Neðri-Fitjar séu 12 hundraða jörð í eigu Staðarbakkakirkju.

> Lambaupprekstur á Víðidalstúnguafrjett fyrir toll ut supra.[204]

Landamerki Staðarbakkakirkjujarðarinnar Neðrifitja voru skráð 27. júlí 1890 og þinglesin 29. maí 1893:

> Að vestan ræður Fitjaá merkjum allt frá því er Tjarnarhólakvísl rennur í hana og niður að Leitisholti, úr Leitisholti ræður bein sjónhending í Kimbilsholt og úr Kimbilsholti sjónhending í Kambholt, þaðan bein sjónhending eptir sömu stefnu í Kambá, þessi merki eru bein sjónhending milli ánna, þá ræður Kambá merkjum að norðan austur á móts við Hvarfsás, þaðan rjettsýnis í Hvarfshól, úr Hvarfshól beint austur í Kambá, þaðan ræður bein sjónhending til Tjarnhólakvíslar gengt Víðidalstungulandi, að sunnan ræður Tjarnhólakvísl merkjum vestur í Fitjaá.[205]

Þorvaldur Bjarnason, settur umráðamaður Neðrifitja, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Sölfasyni eiganda Valdaráss, Benóní Jónssyni [ekki kemur fram fyrir hvaða jörð hann skrifar undir en sjá má af

[201] Skjal nr. 2(255).
[202] Skjal nr. 2(62).
[203] Skjal nr. 2(37).
[204] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 227-228.
[205] Skjal nr. 2(35).

landamerkjabréfi Valdaráss frá 28. júlí 1890 (folio 160 v) að hann er umráðamaður Kambhóls], Páli Pálssyni fyrir hönd Víðidalstungu og eigendum Fremrifitja þeim Gísla Magnússyni, Finni Finnssyni og Skarphéðni Finnssyni. Tveir hinir síðastnefndu handsöluðu samþykki sitt.

Landamerki milli jarðanna Neðri-Fitja og Stórahvarfs í Þorkelshólshreppi voru skráð 14. júlí 1916 og þinglesin 26. júní 1917:

> Landamerki skulu vera úr svonefndri Króksvörðu, sem er á milli bæja okkar og rétt við Fitjaá, þaðan austur í svonefndan Rjúpnahól, sem stendur á svonefndum Hvarfsás, þaðan til suðurs í svonefndan Hvarfshól, þaðan beint austur í Kambá, þaðan ræður sjónhending til Tjarnarhólakvíslar gengt Víðidalstungulandi.
>
> Að sunnan ræður Tjarnarhólakvísl merkjum niður að Fitjaá, þaðan (að vestan) ræður Fitjaá merkjum norður að áðurnefndri Króksvörðu. Sbr. landamerkjaskrá dagsetta 27. júlí 1890 fyrir jörðinni Neðri-Fitjar.[206]

Í landamerkjadómi var gerð eftirfarandi sátt 15. september 1967:

> Lína frá Dagmálasteini í stein á eyrunum, sem er á línu frá norðari endapunkti, sem er steinn vestan við ána nokkru fyrir norðan Neðri-Fitjar og í austari votheysturninn á Finnmörk og á línu úr Steinaborg í vörðu, sem verður hlaðin á ásnum vestan Fitjár. Þessi steinn er glöggt merki eins og er, en getur raskast við landbrot. Úr þessum steini í fyrrnefndan stein vestan ár fyrir neðan Neðri-Fitjar.
>
> Aðilar eru sammála um, að veiðirétturinn verði áfram eins og hingað til miðaður við að áin renni á merkjum og hafi landbrot í aðra hvora áttina engin áhrif á hann.
>
> Var matsmanninum Aðalbirni Benediktssyni falið að láta ganga frá vörðu þessari á ásnum vestan Fitjár.
>
> Upplesið. Samþykkt.[207]

Jón Ísberg, Björn Lárusson, Aðalbjörn Benediktsson, Guðmundur Jóhannesson, Jóhannes Árnason og Árni S. Guðmundsson skrifuðu undir. Niðurstaðan var þinglesin 14. ágúst 1968 að Víðihlíð.

Landamerkjabréf fyrir Neðri-Fitjar sem útbúið var 1. febrúar 1968 er svohljóðandi:

> Að norðan úr merki því sem er við Fitjaá ca. 40 m. norðan við íbúðarhúsið á Neðri-Fitjum, upp skammt frá veginum, upp í næsta holt ca. 120 m. fyrir ofan beygjuna, sem er skammt sunnan við íbúðarhúsið á Efri-Fitjum. Þaðan bein sjónhending ca. 100 m sunnan við Ennishól. Hóll þessi ber við loft, suður og upp á neðri brúninni og áfram sömu stefnu á hábungu norðan við Ögmundarsel, þaðan beint í Kambá. Þá ræður Kambá merkjum fram í Stóra

[206] Skjal nr. 2(37).
[207] Skjal nr. 2(36).

Kambárkrók. Þaðan vestur beina sjónhendingu ofan í Hrafnaklett við Fitjaá (klettur þessi er rétt norðan við stóra grasigróna skál í gilbarminum, kippkorn sunnan við beitarhúsin). Þaðan ræður Fitjaá merkjum, niður á móts við Dagmálastein, þaðan í stein á eyrunum, sem er á línu frá norðari endapunkti, sem er steinn vestan við ána nokkru fyrir norðan Neðri-Fitja og í austari Votheysturninn á Finnmörk og á línu úr Steinaborg í merki á ásnum vestan Fitjaár (samkv. landamerkjadómi 15/9 1967). Þá ræður áður nefnd lína norður að hornmerki því sem áður var um getið norðan við íbúðarhúsið á Neðri-Fitjum.

Þá eiga Neðri-Fitjar mikið land, sem er óskift sunnan við merkjalínuna, og er það sameiginleg eign Efri-Fitja og Neðri-Fitja. Þetta land afmarkast frá hornmerki Neðri-Fitja við Kambárkrók, eins og Kambá rennur á móts við Hvarfsás, þaðan réttsýnis í Rjúpnahól, sem stendur á svonefndum Hvarfsás, þaðan beina sjónhendingu ofan að svonefndri Króksvörðu, þaðan ofan að Fitjaá, þaðan ræður Fitjaá merkjum norður að áðurnefndum Hrafnakletti (sbr. Landamerkjaskrá dagsetta 27. júlí 1890 fyrir jörðinni Neðri-Fitjar).

Þess skal getið að Efri-Fitjar eiga land suður á eyrunum ca. 14 hektara, sem afmarkast af þar til gerðum girðingum, ásamt vegi þangað suður. Ennfremur skal veiðiréttur í Fitjaá skiftast að jöfnu á milli jarðanna Efri-Fitja og Neðri-Fitja eins og verið hefur.[208]

Jóhannes Árnason og Árni Guðmundsson skrifuðu undir landamerkjabréfið.

[208] Skjal nr. 2(39).

5.3 Aðalbólsheiði

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, segir að Gnúps kirkja eigi skálagerð tveimur mönnum, eður rúm í skála við Arnarvatn og eldivið sem þarfnast, tveimur mönnum og tveggja króka hald í vatnið.[209]

Þann 9. september árið 1448, seldi Hrafn Jónsson Þorsteini Jónssyni, nokkrar jarðir í Húnaþingi. Á meðal þeirra var Efri-Núpur í Núpsdal. Mörkum hans gagnvart Aðalbóli er lýst eftirfarandi í kaupbréfinu:

> [...] so riettsýne austur i kastala. þa rædur þorvalldzá framm j þorvalldzvatn. so til motz vid adalbool. og so sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn.[210]

Þá var kaupbréfið framlagt og upplesið fyrir rétti á héraðsþingi á Torfustöðum þann 18. júní árið 1723.[211] Aftur var kaupbréfið lesið upp á áreiðarþingi að Skridnesenni við Bitrufjörð þann 14. júní 1724[212] og í lögréttu þann 13. júlí 1726.[213]

Í kaupbréfi Ásgríms ábóta á Þingeyrum og Jóns bónda Sigmundssonar frá árinu 1493 eru tilgreind landamerki Efra-Núps á móts við Aðalból, eftirfarandi:

> [...] suo riettsyne austur j Kastala. þa rædur Þorvalldsa fram j Þorvalldsvatn. suo til mots vid adalbol og suo sudur ad fialvordum og mikla huannstod vid sunnanmenn j austurfloa [...].[214]

Kaupbréfið var framlagt og upplesið fyrir rétti á héraðsþingi á Torfustöðum þann 18. júní árið 1723.[215]

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er Aðalból talið með jarðagóssi Hólakirkju ásamt Bjargarstöðum.[216]

Í Stofnun Árna Magnússonar hafa varðveist afrit af nokkrum vitnisburðum um lambatolla Aðalbóls í Austurárdal frá síðari hluta 16. aldar sem herma að Aðalból hafi tekið lambatolla af öllum sem ráku „á tunguna milli Austurár og Þorvaldsár“ og að Aðalból ætti þá heiði án alls vafa. Uppskrift vitnisburðanna fylgir hér á eftir:

> 1586
>
> Vitnis burdur Sigurdar Sigurdssonar um adalbóls heidi med einu innsigle.
>
> Sofelldann Witnisburd ber eg Sigurdur Sigurdsson, ad eg hefe vered uppfæddur, vistfastur og búande J Wýdedal og Midfirde, og hier leingst vered

[209] Skjal nr. 2(68).
[210] Skjal nr. 2(69).
[211] Skjal nr. 2(69).
[212] Skjal nr. 2(69).
[213] Skjal nr. 2(52).
[214] Skjal nr. 2(70).
[215] Skjal nr. 2(70).
[216] Skjal nr. 2(66)

á minne æfe, er Eg nú nær áttrædur (þremur vetrum færra) og eg hefe heyrt rædt af mier elldre mönnum, og so vitad hallded, ad Jörden Adalból hefde teked alla lambatolla af öllum þeim mönnum, sem ráku á túnguna mille Austur ár, og Þorvalldsár, og þar voru eingenn tvjmæle á j mýnum uppvexte, ad adalból ætte eige þá heide án alls efa edur tvimæles. Vissa eg med sannendum, og so heyrda eg rædt af mier Elldre mönnum, ad Rekstrar hafa leigid ad fornu úr Midfirdi fyrer austan Midfiardará, framm á Adalbólsheide, og eg vissa allt þar til ad sýra Biörn vard eigande ad Reykium, þá tóku Adalbóls menn alla lambatolla af öllum þeim sem ráku. Og til sanninda hier umm set eg mitt incigle fyrer þetta Bref, hvert skrifad var á Mel í midfirde 20. dag Martii, árum epter Gudzburd m.D.Lxxxvj.[217]

1587

Vitnisburdur um lambatolla, med einu innsigle.

Sofelldan vitnisburd ber eg Sigmundur Jónsson, ad eg hefe uppalest á Mel i Midfirde, og hier leingst vered, bæde vistfastur, og so búande i þessare sveit, vel i Lx. ár. Hef eg heyrt þad rædt af mier eldre mönnum, og so vitad hallded, ad Jörden Adalból hefde teked alla lambatolla af öllum þeim mönnum, sem ráku á tunguna mille austurár og Þorvallds ár, og þar um voru eingin tvimæle j mýnum uppvexte, ad Adalból ætte ej þá heide án alls efa, edur tvimæles. So og hefe eg vitad med sannendum ad Rekstrar hafa leiged til forna úr Midfirde fyrer austan framm á þessa fyrrgreinda Adalbólsheide, og tóku Adalbóls menn tolla af öllum þeim mönnum, sem ráku i þetta fyrrgreint takmark, allt þángad til sýra Biörn heitenn Jónsson vard eigande ad Reykium i Midfirde. Og til sanninda hier um set eg mitt innsigle fyrer þetta Bref, hvert skrifad var á Sveigestödum i Midfirde 4. dag Aprilis mánadar, árum epter Gudsburd 1587.[218]

1588

Vitnisburdur um lambatolla af Adalbolsheide utgiefenn af Magnúse Hallkelssyne, med einu Jnsigle á pappír.

Sofelldann vitnisburd ber eg Magnús Hallkielsson ad eg heyrda mýna módur Gudrúnu Biarnadóttur þvj lýsa optliga fyrer mier, ad sinn fader Biarne heitenn Oddsson hefde buit á Adalbóle i Midfirde þann týd ad hún var j sýnum uppvexte hiá honum, og hann hefde teked lambatolla, af Adalbolsheide, og aungver menn hefde þá J þann týd þar á moti talad, og var hún vel áttræd ad alldre þegar hún deyde, og til sanninda hier um set eg mitt Jnsigle fyrer þetta Bref, hvert skrifad var á Mel J Midfirdi 5. dag Marty, árum epter gudsburd 1588.[219]

1598

[217] Skjal nr. 4(193).
[218] Skjal nr. 4(194).
[219] Skjal nr. 4(195).

Vitnisburdur Eiriks Prests Magnússonar um lambatolla af Adalbóls afriett.

Medkienne Eg Eirikur prestur Magnússon, ad eg kom 14 vetra gamall i Midfiörd, og hefe þar tilvitad allt sýdann, og vissa eg fyrer full sannende ad Rekstrar voru á Adalbólsheide úr Midfirde austan framm, á Tunguna mille Austur ár og Þorvaldsár, og alldrei tóku Reykia menn neinn toll af þeirre heide vegna Hreidastada i þann týma, ad mýnu vite, eda so eg heyrdi gietid, helldur Adalbólsmenn, og alldrei heyrde eg þar tvimæle á leika i þann týma, og ecke fyr enn eg heyrde nú seirna gieted Brefa þeirra sem Guöndur á Reykium skal nú med fara. Og til sanninda þar um, set eg mitt innsigle fyrer þetta mitt Bref, skrifad á Audkulu 5. dag Aprilis M.D.xc.viij.[220]

Þann 9. apríl árið 1597, staðfesti Guðbrandur biskup Þorláksson lagaumboð sitt til Ingjalds Illugasonar, um að Ingjaldur mætti byggja Aðalból í Austurárdal. Bréfið hljóðar svo:

9. april 1597 á Másstöðum.

Medkienne eg Gudbrandur Thorlaksson med þessu mijnu opnu brefe, ad eg hefe giefid Jngiallde Jllugasyne lagaummbod til ad biggia Adalbol j Austurárdal med vj kugilldum Petri Þorsteinssyni, sem þar býr nu, næsta ár, og það leingur sem Jngialldur vill ecki flitia sig þangað epter þessare biggingu sem eg bigdi honum j haust á Holumm, skal Jngialldur jordina hafa, huort sem er til ummbodz eða abylis med Skarastodumm og Lambatungumm millum Austurár og Þorvallzár, og alla Aðalbólsheidi, sem ad fornu filgt hefur fyrir veniuliga sio agillda landskylld, enn rade auraskipte vid þann sem hann bigger umm þriggia daga slatt fyrir adrar xx alner. Skal Jngialldur heimta og hafa lambatolla under Adalból sem ad fornu hafa verið med minne tilsiá og adstod suo sem hann lofad hefur. Til stadfestu hier umm þricke eg mijnu signete hier fyrir nedan. Datum 9 aprilis 1597 á Marstodum j Vatzdal.[221]

Hinn 25. febrúar 1601 gaf Þórður Þorláksson eftirfarandi vitnisburð þar sem fram kemur að almennir rekstrar í tíð móður hans, hafi verið á Aðalbólsheiði:

1601

Medkienning Þordar Þorlakssonar um vitnisburd módur sinnar.

Sofelldan vitnisburd ber eg Þordur Þorláksson, ad eg heyrda mína Sáluga Módur Helgu Jónsdóttur þvj lýsa opt og ósialldan ad i sýnum uppvexte, og þá hún var búande bæde i Midfirdi og Vididal, hefdi hún alldrei heyrt nefnda Hreidarstadaheide. Þad annad sagde hún og lýka optsinnis bæde mier áheyrande og ödrum, ad umm allann ádurnefndann týma, þá hefde almenneleger Rekstrar vered á Adalbólsheide, og eige sagdest hún hafa heyrt gieted Húksheide til Rekstra edur lambatolla, þetta heyrda eg hana opt og ósialldan tala, og til sans merkes hier um set eg mitt innsigle fyrer þetta Bref,

[220] Skjal nr. 4(196).

[221] Skjöl nr. 2(80) og 2(131).

hvert skrifad var á mördar núpe i Vatnsdal 25. februáry, árum epter gudsburd 1601.[222]

Þann 26. september árið 1621 dæmdu sex menn í máli er varðaði lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði. Landamerkja er lauslega getið. Dómurinn hljóðar svo:

Eptirrit

Anno 1621 þann 26 Septembris á Torfustöðum þíngstd réttum vorum vér eptirskrifaðer menn Einar Jónsson laugréttumað[u]r, Helgi Jónsson, Björn Jónsson, Gunnlaugur Hálfdanarson, Ari Jllugason og Eyúlfur Jllugason til dóms nefndir af Guðmundi Hákonarsyni kóngsins sýslumanni í Húnavatnsþíngi að álíta það mál, er Gyssur prest[u]r Gamalielsson og Jngjald[u]r B(óndi) Jllugason dóms ábeiddust, sem var: að sumir búend[u]r í Miðfirði ekki vildu uppihalda laugrekstrum og fjallgaungum til afréttar þeirrar, er þeir ættu meðgjörð með, og þóttust þeir (svovel sem hinir aðrir, sem rekstrinum hafa uppihaldið) skaða afbýða og beðið hafa, og móti laugum og rétti gjört vera, og beiddu (sem oss og viðtist þörf vera) að hér væri skorð[u]r viðreistar. Komu fram fyrir oss Besse Sigurdarson og Andres Halss., sem og allmargir aðrir þíngmenn, er það báru að laugrekstrar hefdu verið allann þann tíma þeir hefdu tilvitad (sem var meir en um 30 ár) á Lambatúngur í Austurárdal úr Miðfirði fyrir austan fram og úr Núpsdal, en á Húksheidi úr Húksdal beggja vegna og fyrir vestan Midfjardará, eð sama sögdust greindir menn af sér eldri mönnum heyrt hafa. Nú hljóðar svo lögmálið: „Allir þeir sem afrétt eiga, skulu reka fé sitt í midia afrétt“ R(éttar) b(ót) E(iríks) K(onungs). „Um géldfjárrekstur á vor til afréttar og fjallgöng[u]r á haust hvorn tíma vera [síðuskipti] skal, þá skal gjöra eptir því sem hreppstjórnarmenn gjöra ráð fyrir, og hvorju bygdarlagi hæfir, því það hæfir ey öllum bygdarlögum eins til; nú er ey svo gjört, þá er hvor sek[u]r 6 aurum, er þann afrétt eigu“ etc. Item: „Hvor maður, er sauði á, skal gánga á fjall eitt sinn um haustið, og um landeign sína hvort sinn er laugrétt skal vera á haust; En skipta skal svo odrum gaungum, sem hreppstjórar gjöra ráð fyrir. Sek[u]r er sá mað[u]r hálfri mörk við Kóng, er ey gengur um landeign sína og ábirgist sauði við þá, er eigu, alla þá í hans leit og landi eru sjenir, þá er hann átti gönguna“. Item: „Þar skulu Rétter vera, sem að fornu hafa verið og svo lángt og víða tilreka“.

Því í Guðs nafni amen! fyrir greind[u]r laganna greinir og þær fleyri í lögum standa, er oss og vorn dóm styrkja mega, ad öllu svo, fram fyrir oss komnu, dæmdum vér með fullu dóms atkvæði: alla búend[u]r í ád[u]rskrifuðu takmarki skilduga að reka fé sitt á þessar tvær afréttir ádurgreindar Lambatúngur i Aust[u]rárdal og Húksheiði eptir laganna hljóðan og hreppstjóra skikkun, og gánga eitt sinn á haust um sömu heiðar, hvorn einn búanda, sem ræki 10 lömb og þadan af fleiri, og þeir skildu gjalda í lambatoll

[222] Skjal nr. 4(197).

hálfar 5 álnir, er svo mörg ræki allt til 20, en þeir, er 20 rækji, skildu gjalda gildt 5 álna lamb, því svo bevísaðist ad verid hefdi venjulegur tollur í títtskrifadri sveit Miðfirði; En þá er ey vilja rekstrinum uppihalda og göngurnar gánga, eptir þessa vors dóms hljóðan, seka sem lögmálið útvísar. Svo og ef nokkur finnst sá, er ey vill lambið árl(ega) greida, svari sauð með aldri. Sé og ákveðnum tolli svo lengi haldid, að verði 1 merkur skaði, þá dæmdum þeim fullrétti sitt, er hann taka átti.

Laugsamdi og samþykti þenna vorn dóm með oss greind[u]r Kóngsins Sýslumann og setti sína handskript með vorum ád[u]rskrifadra dómsmanna handskriptum undir þenna dóm; hvor dæmdur og uppsagd[u]r var í sama stað, ár og dag sem f(yrr) segir.

Hefvi eg Thorleif[u]r Kortsson logmað[u]r þennan dóm séd og yfirlesid og sýnist mér hann skýr og skjallegur og vel tilsett[u]r med ljósum lagagreinum, því befala eg og skikka Bændum og Búendum i Midfjardarsveit sig framvegis endilega eptir þessum dómi að rjetta, svosem hann tilsegir og útvísar.

Skrifað Þingeyrum 8da Aprílis Anno 1668.

Thorleifr Kortsson E.H.

Þessi fyrir ofan skrifuð dóms Copia er samhljóda Origínalnum med hángandi innsiglum, hvor upplesin var af Torfustada Manntalsþýngi 1676, 19da Aprílis.

Gudbrandr Arngrímsson E.H., Jón Sigurdss; mppria, Gudmundr Jonsson, mppria.

Þessa ofanskrifada Dóms Copiu hefi eg Magnus Jonson lögmann yfirséd og athugad, og virfist mér hann nýt[u] og skjallegur, hvar fyrir sé trátsuglega móti honum brotid, þá gángi valdsmenn i Húnavatnssýslu eptir Dómsrofssektum, þá það er fyrir þeim klagad.

Til merkis undirskrifað nafn á Lunde i Lundareikjadal 11. Júli Anno 1680.
Magnús Jónsson E. h.[223]

Ofangreindur dómur, frá 26. september 1621 var lesinn upp á manntalsþingum að Torfustöðum 1676, 1694, 1702, 1712 og 1719.[224]

Einnig var dómurinn lesinn upp á manntalsþingi að Torfustöðum þann 19. maí 1733 Í dómabók sýslumanns var eftirfarandi fært til bókar:

2° Var upplesenn heradsdomur giördur a Torfustada þinge þann 26 Septembris Anno 1621 stadfestur og samþicktur af tveimur lögmönnumm ahrærande fiarupprekstur i midfiardar hrepp a Lambatungur i austurárdal og huksheide, efter hvöriumm dóme syslumadurenn alvarlega tilsagde hreppsmönnumm afrekstra ad bruka so framt þeir vilie ei mæta tiltale og sektumm sem þar vidliggia efter kongl. Majts logum.[225]

[223] Skjöl nr. 2(50) a-b, 2(86) a-b og 2(210) a-b.
[224] Skjal nr. 2(210) a-b.
[225] Skjal nr. 2(207) a-b.

Á manntalsþingi, höldnu að Torfustöðum þann 10. maí 1753, var upplesinn fyrrgreindur dómur frá 1621. Eftirfarandi var fært til bókar í dómabók sýslunnar:

> 5° Var upplesenn dómur umm tvær afretter i Midfyrde Lambatungur og Huksheide sem aller hreppsmenn i Midfyrde brúka skyllde, er dómurenn stadfestur af tveimur lögmönumm dat. 1621 og tilsagde Syslumadurenn hreppsmönum ad rietta sig eftter honum i öllum greinumm.[226]

Þá var umræddur dómur einnig lesinn upp á manntalsþingum að Melstað þann 8. júní 1838 og 19. maí 1842.[227] Þann 12. júní árið 1879 var svo lesið upp „eptirrit af sama dómi á manntalsþingi að Svarðbæli.“[228]

Þann 22. desember árið 1628, meðkenndi séra Arngrímur Jónsson, að honum hafði um haustið sama ár verið afhent innistæða dómkirkjunnar, með þeim sjö jörðum Hólastóls sem lágu í Húnavatnssýslu, er konungur hafði léð honum. Á meðal þessara jarða var Aðalból, en ekki getur séra Arngrímur um afrétt þar að lútandi. Um Aðalból segir eftirfarandi í meðkenningu séra Arngríms:

> Med Adalböli – kijr, ein v. vetra. og kuijga a þridia vetur, jtem vj. ær vngar, og vj. fullordnar.[229]

Með bréfi dagettu þann 16. desember árið 1673, gerði Gísli biskup Þorlákssson það vitanlegt, að hann hefði fengið konungsbréf um að hann skyldi taka á ný undir Hólastól þær dómkirkjujarðir sem léðar höfðu verið séra Arngrími Jónssyni. Þeirra á meðal er Aðalból, en ekkert segir um afrétt eða afréttarmálefni í þessu bréfi Gísla biskups.[230]

Þann 26. maí árið 1675, gaf Gísli biskup Þorlákssson út umboðsbréf til handa Sigurði Jónssyni, svo sá síðarnefndi mætti lögfesta Hóladómkirkjulandið Lambatungur. Bréfið hljóðar svo:

> Kennist eg vnderschrifadur og gióre vitannlegt, ad eg hefe gefed erusomum heidurs manne Sigurdj Jonssÿne, mitt fullkomlegt laga vmmbod, ad løfesta Hooladomkyrkiu land Lambatungur allar, sem ad fornu fylgtt hafa, og fÿlgia eiga stolsins jórdu Adalboole j Austurärdal, liggiande j Nups kÿrki søkn, med øllum synum lands nytium, gógnum og giædum, sem þuij landi fylgia eiga, og fylgdt hafa, ad fornu og nyu, og ecke er med lógum frä komid, vppa þad ad stöllinn edur dömkyrkiann misse ecke neins j, fyrer forsomunar saker, sem henni ber med lógum ad hallda:
>
> Og þessu fyrer ofan schriffudu til stadfestu merkiss, schrifa eg mitt nafn hier vnder, asamt þeim erligum mónnum, sem til vitnis voru kallader, ad siä og heyra ord og handsøl virduglegs herra byskupsins h(erra) Gÿsla

[226] Skjal nr. 2(210) a-b.
[227] Skjal nr. 2(210) a-b.
[228] Skjal nr. 2(208).
[229] Skjal nr. 2(165).
[230] Skjal nr. 2(90).

Thorlakssonar, og erusamlegs manns Sigurdar Jonssonar, ad Hölum j Hialltadal þann 26. Maij. Anno 1675.

Gÿsle Thorlakss(on) Þorsteirn Geyrss)on Gudmundur Sueinss(on).[231]

Varðveitt er umsókn Ragnheiðar Jónsdóttur biskupsekkju til Christians Müller amtmanns um linun á álögum á jarðir Hólastóls í Húnaþingi, er hún hafði að léni, dags. 28. ágúst árið 1689.[232] Gísli biskup fékk konungsleyfi, dagsett þann 30. apríl árið 1678 um að kona sín fengi að njóta tekna og afgjalda af nokkrum jörðum Hóladómkirkju eftir sinn dag. Umræddar jarðir voru m.a. Bjargastaðir, Aðalból og Skárastaðir.[233]

Varðveist hafa tvö bréf (annað þeirra óheilt og vantar niðurlag þess). Það eru bréf Páls Vídalíns til Ragnheiðar Jónsdóttur frá árinu 1705.[234] Í þeim ræðir Páll Vídalín Aðalbóls- og Hreiðarstaðamál sem þá var fyrir dómi í héraði en endaði svo fyrir lögréttu á Alþingi 1706.[235] Bréf Páls, frá 7. október 1705, hljóðar svo:

Sidann i vor ad Monsieur Petur Markusson skilde vid mig hier ad heimile, hefur ecke Luckann giefid mier tömstund ad eg mætte med eirne brieflinu ävarpa ydur Velædla Madamme, og Verdur nu þar ä nær þui eingenn böt, þuiad nu er eg ad margfölldu annrike minu So Naumt Vidkomenn, ad eg giet ecke so sem mier bære Nein Erende min til ÿdur VelEdla kuennpridis dygdar i þessum haste Skrifad, þo mä eg ecke gleima þui sem Skylldugt er ad þacka ÿdur under minu og minna nafne aludlega Sierhuoriar og allar æru Velgiórder til min og þejrra Laune Gud þad, enn eg er skylldur ad þacka og Virda. Nu er þad eitt Erendid VelEdla hustru ad minnast a döm bændanna i Adalbols og Hreidarstada mäle, ad Copian af hónum fylger hier med. Nu fell so til, sem ydur er kunnugt VelEdla Hustru, ad domurenn Giórdest um þad Skied, sem ieg biö mig ad heimann til Kongsinns Erenda frammkuæmdar, enn Monsieur Petur Marchusson, Veit gloggvast ad Seigia, hvorsu Verkefnenn voru mier i hendur buenn, hvornenn Clausturhalldarenn Þordur Þorleifsson hafe domnum unad, Formerkta ieg, og mun Radsmadurenn Monsieur Petur Skilid hafa, Nu ætla ieg þad være ei öradlegt, ad avarpa Lógmann Gottrup, hvort hann, til Sins Lógmanns dæmiss aptur heim komenn, Vill ecke giefa Sinn urskurd uppa domenn, ef So ber til /: sem eg ecke Vona :/ ad hann, fyrer þa skulld, ad dömurenn gieck medann ieg atte Logmanns Embættiss Erendum i hanns Stad ad giegna, Vilie [hann, undirstrikað og á að falla burt] Seigia ad mier bere hier urskurd ä ad Leggia, þa er vist ad hann verdur Soleidis, ad uppa Copiu dömsinns Siäe þier uppaskrift mina hvoria eg i þetta sinn byda læt, þar sem ieg Sie ad epter óllum giórdum og athófnum Minum, eru openn augu allra þeirra Sem mis unna mier, enn Vitid þö VelEdla Madamme, ad ieg Ann ydur

[231] Skjal nr. 2(90)
[232] Skjal nr. 2(157) a-b.
[233] Skjal nr. 2(159) a-b.
[234] Skjal nr. 2(158) a-b.
[235] Skjal nr. 2(81).

riettar, og heitid a Gud ad hann Vardveite æru mina, þa skal eg þar i möt heita ÿdur ad ä medann mitt hófud er heillt, Skulud þier fä ydar riett öhalladann, og er hann i þessu mäle ad miklum parte liös, so ieg ætla þier gióred þui betur, sem þier ganged diarfara til.

Vere Gud ÿdar Radgiafe, og þad næger. Jeg Skal Vera ydar hollur og einfalldur Naunge epter Veiku megne. Sie þad so VelEdla Madamme, ad ydur litest hier i Nockur merkeleg umþenking, þa Seiged Radsmannenum Monsieur Petre Marchussyne, hvad þier Viljed hier um tilbenda mier. Nu er eg hestbuenn VelEdla Hustru, til ad Reisa heimann i þeim Kongl. Commmissions Erendeum, og þore ecke Leingur ad tefia, þui Veturinn fer i hónd, en Verka efnenn eru meire enn ieg giete Vid ausid. Þö legg eg mina Astundan til þess, ad gieta giort Skil fyrer hvort dagsverk. Fyrergiefed VelEdla Hustru avarp þetta, sem Skier i adkalls annrike, Ydur qved eg, og bæde vid Þorbiórg m., oskum allra heilla. So kvedia ydur og barnakindurnar ockar óll. Jönar tveir, Magnus og Holmfridur, Hun kuedur Fyrst og Sidast af óllum bórnunum, med þacklatre ästar kvediu Sina VelEdla Módurfódurs Systur, og kuedst Skylldug hennar ästar velgiórda ad minnast, óll vær oskum i einu ÿdur glede og godra daga.

Velædla Hustrur þienustu Rb. og Skylldugur Naunge og Þ. Pall Jonssson Widalin mpp

VydedalsTungu d. 7. Octobris Anno 1705.[236]

Í vísitasíum að Núpi árin 1693, 1700, 1716 og árið 1833, er þess getið að kirkjan þar eigi Litlu-Tungu og tveggja manna skála við Arnarvatn, „eldivið sem þarfnast, og tveggja króka hald í vatnið.“[237] Í vísitasíum að Núpi árin 1749 og 1758, er ekki getið um skálann við Arnarvatn.[238]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 kemur fram að jörðin Aðalból í Miðfjarðarhreppi sé metin til 24 hundraða og sé í eigu Hóladómkirkju. Húsfrú Ragnheiður Jónsdóttir var með jörðina á leigu. Í kafla um jörðina segir eftirfarandi um Lambatungur:

> Afrjettur sá er Lambatúngur heitir er nú eignaður jörðunni, síðan hann var henni dæmdur næstumliðið vor. Þann afrjett sækir bygðin innanhrepps fyrir austan Miðfjarðará og geldur toll eftir; hvört þann toll muni hjer eftir taka hústrú Ragneiður eður ábúendur, vita menn ekki.[239]

Einnig segir frá silungsveiði í Arnarvatni og öðrum nytjum sem tilheyri jörðinni á fjalli:

> Silúngsveiði má vera bæði mikil og góð í Arnarvatni, en er lángt til að sækja.
>
> Eggvers og álftaveiðar er oft von á fjallinu og hefur oft að gagni komið.

[236] Skjal nr. 2(158) a-b.
[237] Skjöl nr. 2(118) a-b, 2(119) a-b, 2(120) a-b og 2(121) a-b.
[238] Skjöl nr. 2(180) a-b og 2(181) a-b.
[239] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 70.

> Grasatekja og hvanna, item hvannaróta, á fjallinu, hefur góð verið og er ennnú bjargleg.[240]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 kemur fram að Hreiðarsstaðir hafi einnig gert tilkall til Lambatungna:

> **Hreidarstader.** Bygð úr auðn fyrir 30 árum [árið 1675]. [...].
>
> Afrjettur sá hefur þessari jörðu eignaður verið, sem Lambatúngur heitir, og þó ekki átölulaust; næstumliðið vor gekk þar dómur yfir og var þá afrjetturinn dæmdur frá Hreiðarstöðum undir stólsjörðina Aðalból.
>
> Fjárupprekstur er í Lambatúngur, jafnvel þótt Aðalból eftir dóminum behaldi þeim afrjett, þá sýnist ei örvænt að kotið Hreiðarstaðir líði so mikinn átroðníng af afrjettarfjenu, að það muni tollfrí verða.[241]

Í kafla um Reyki (Stóru-Reyki) í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir eftirfarandi um Lambatungur:

> Afrjett hafa menn um nokkrar stundir eignað jörðunni þar sem heita Lambatúngur, undir því skyni að Reykjakirkja ætti kotið Hreiðarstaði. Næstumliðið vor var sá afrjettur dæmdur stólsjörðunni Aðalbóli, og var þó þángað til mjög í misgreiníngum, hverjir rjettara mundu hafa. Lambatolla, þá er guldust, tóku landsdrotnar, en ekki Reykja ábúendur; þó voru leiguliða á Reykjum tollfríir um þann tíma.[242]

Í kafla um Barkastaði í sömu heimild kemur eftirfarandi fram um lambaupprekstur þeirrar jarðar á Lambatungur:

> Geldfjár (það er lamba) upprekstur á jörðin í afrjett þann sem heitir Lambatúngur. Hann er nú dæmdur Aðalbóli en áður héldu Hreiðarstaðamenn, þó ekki þrætulaust, ut supra.
>
> Gjalda Barkastaðamenn þar fyrir lamb af rekstri.[243]

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eru eftirtaldar jarðir sagðar eiga lambaupprekstur í eða á Lambatungur, fyrir toll til Aðalbóls; Hnausakot, Bjargarstaðir, Fremri-Fitjar og afbýli hennar Grænidalur, Bjargshóll, Urriðaá, Efri-Torfustaðir, Bergstaðir Saurar og Stóri-Ós.[244] Eftirtaldar jarðir í Miðfjarðarhreppi eru sagðar eiga lambaupprekstur á svokallaðar Austur-Lambatungur, fyrir toll; Litli-Bakki, Rófa og Bjarg.[245]

---

[240] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 70.
[241] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 68-69.
[242] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 93. Fjallað er um Reyki og hjáleigur hennar á bls. 89-94.
[243] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 72-74.
[244] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 66-96; Hnausakot bls. 66-67, Bjargarstaðir bls. 67-68, Fremri-Fitjar og Grænidalur bls. 77-80, Bjargshóll bls. 80-81, Urriðaá bls. 83-85, Efri-Torfustaðir bls. 86-87, Bergstaðir bls. 88-89, Saurar bls. 93-94, Stóri-Ós bls. 94-96.
[245] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 75-77, 81-83. Sjá um Litla-Bakka á bls. 75, um Rófu á bls. 75-77 og þá um Bjarg á bls. 81-83.

Árið 1705 var dæmt í deilumáli milli Þórðar Þorleifssonar vegna konu hans, Steinunnar Erlendsdóttur, er var eigandi Hreiðarstaða í Austurárdal, og svo Ragnheiðar Jónsdóttur, ábúanda Aðalbóls í sömu sveit. Deilt var um fjárupprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum. Landamerkja er getið sem og ýmissa eldri skjala:

> Anno 1705 þann 22. Mai ad Aðalbóli í Miðfjarðar hrepp settu fimtarþingi af lögsagnaranum Johni Eirikssijni var auglýst og upplesid það lögleggingarbrjef, sem fram farið hafdi á næstliðnu Øxarár alþingi millum virduglegs klausturhaldarans Mons. Þórdar Þorleifssonar, vegna sinnar ectaqvinnu á eina sídu, og velforstöndugs Mons. Péturs Markússonar, vegna hústrúr Ragnheidar Jónsdóttir á aðra síðu, svo ordrjétt sem eptirfijlgir.
>
> Anno 1704 þann 24. júlí við Øxará, tilsagdist med ljúflegri einingu millum klausturhaldarans Mons. Þórðar Þorleifssonar ~~á~~ vegna sinnar ecta qvinnu á eina síðu, og Mons. Péturs Markússonar, vegna hústrúr Ragnheiðar Jónsdottir á aðra síðu, svoleidis ad ádur nefndir menn lofudu hverr ödrum med ljúfu jáijrdi og fullnadar handsolum, ad þad sem á millum eignar jardar, Steinunar qvinnu Þórdar, Hreidarstada, sem liggur til Reykja í Miðfyrdi og á millum forljenings [síðuskipti] jardar velnefndrar hústrúr Ragnheidar Adalbóli í sömu sveit, ágreynir og ágreynt hefur um lánga tíma um afrjett, fjárupprekstur og lambatolla af landi því ~~er~~ sem Lambatungur heitir og Mons. Þórdur Þorleifsson meinar sinnar qvinnu jörd til heyra, en hústrú Ragnheidur meinar Aðalbóls eign vera skuli á næstkomandi vori 1705 næstan færan dag eptir uppstigningar dag, til 12 manna dóms og Urskurdar koma ad Adalbóli í austurárdal ad nefndri jördu, skulu þar á greindum stad og tíma af hendi málspartanna framlögd verda skilríki þau öll gögn og jardir sem framast hefur hver þeirra og þar til stadar vera löglegur umbodsmadur af sjerhvers hendi, sá ed hverr um sig nefni sex skilríka menn til dóms og halda málinu til dóms og laga, ad öllu jafnfullt, sem ad löglegum Fimtarstefnudomi gjöra skal, uppá alt framanskrifad höfdu fyrnefndir heidursmenn, fullnadar handsöl, og settu sín nöfn med egin handskriptum hjer fijrir neðan í tilkalladra votta viðurvist sem ad nöfn sín ásamt þeim hjer undurskrifa sama stad, ár og dag sem ádurgreinir, Þórdur Þorleifsson, Petur Markússon.
>
> Vottar ad þessari lögleggingu erum vid.
>
> John Magnússon, Haldór Einarsson.
>
> Var hjer persónulega til stadar Mons. Petur Markússon og auglýsti sig hjer kominn vera fyrir hönd hústrúr Ragnheiðar Jónsdóttir, til ad svara uppá fijrrskrifað lögleggingar Málefni og framlagdi nú skriflegt umbod fijrnenfdrar hústrúr Ragnheidar Jónsdóttir daterad Gröf á Höfdaströnd þann 12ta Maij anno 1705, hvar inni hún gefur fyrrnefndum Petri Markússyni sitt fullt umbod ad lögum á þessum stað og degi ad frambera fijrir fimtar dómi, þau skjöl öll og skilríki, sem hún til hafi og honum í höndur fái, um Adalbólsheidi og Lambatúngur, eirnin af sínum parti til sama Fimtardóms, nefna 6 skilríka

menn, og fijrir dóminum þeim lögsvorum halda í þessu máli er þad upplýsi og úttali sem framst ad lögum ske kann. Þessu til merkis undirskrifad nafn og áþrikkt signet, „Ragnheidur Jónsdóttir“.

J annan máta kom hjer framm á þessu [síðuskipti] þíngi lögrjettumadurinn Sveinn Gudnason og auglýsti þad umbods brjef sem klausturhaldarinn Mons. Þórdur Þorleifsson, hafdi honum til handa útgefid, ad Kirkjubæjar Klaustri á síðu þann 10da Octóber 1704 hvers umbods inntak, svo hljódar, ad fyrnefndur Þórdur gefur ádurgreindum Sveini sitt fullkomið laga umbod þar uppa ad sinna vegna sje og sinnar ektaqvinnu Steinunnar Erlendsdottir, allt fyrirsvar ad hafa þeirra vegna, skjöl ad frammleggja, skilríka menn til dóms nefna og allar máls ad gjördir frammkvæma, í allan máta, svo sem hann sjálfur í eigin persónu væri, í því málefni sem áhrærir um afrjett, fjárupprekstur og Lambatolla af landi því sem Lambatúngur heitir, og þetta allt á næstkomandi væri 1705 á næstan færan dag á Adalbóli eptir uppstigningardag rétt eptir sem útvísar löglagníng þar um gerd, amillum hans og Mons. Peturs Markússonar gjörd verid hefur á Øxarár Þýngi 1704 dag 24. Júli og hjer til gefur velnefndur Mons Þórdur Þorleifsson lögrjettumanninum Sveini Gudnasijni, alla sína fullmakt þad fram ad leggja og framfylgja fullkomlega, sem greyndu máli má til gagns og styrkingar koma, en ekkert undan fella sem framast lög leifa og útvísa med undirskrifudu nafni og signeti.

Þórdur Þorleifsson.

Og ad þessu framanskrifudu svo ásig Komnu nefndi Mons. Petur Markússon uppá fyrirsagt málefni þessa menn til dóms, Teit Eiríksson, Vilhjálm Olafsson hreppstjóra, Teitur Þorsteinsson, Svein Jónsson, Gudmund Halfdánarson og Eyólf Jónsson. J annan máta nefndi lögrjettumadurinn Sveinn Gudnason uppa sama fyrrnefnt málefni þessa eptirskrifada menn til dóms, Einar Bjarnason hreppstjóra, Magnús Sigurdsson, Pál Bjarnason, Gudmund Sigurdsson, Gudmund Thorsteinsson og Helga Jóhnsson.

Adgjættum vjer tilnefndir dómsmenn fyrrskrifada lögleggingu og umbos, og virdist oss ad þad allt sje í allan máta vigtugt og mijndugt til undirstofns þessa máls. Frammlagdi [síðuskipti] nú monser Petur Markússon Brjef hústrúr Ragnheidar Jónsdóttir, daterad ad Gröf ad Höfdaströnd þann 22. Augúst anno 1705 í hverju bréfi hún umqvartar, ad hún vanhaldin sje vegna jardarinnar Adalbóls um lambatolla ad austurlambatúngu, sem Reykja formælendur til sín taki, og prótesterar þar í mót sem brjefid sjer líkast hermir. Jtem var framlögd lögfesta sál: Sigurdar Jóhnssonar er hann í umbodi vijrduglegs herra Biskupsins herra Gísla Thorlákssonar, upplesid hafdi ad Efranúpi í Miðfyrdi, kirkju sóknar fólki áheyranda, anno 1675 þann 6ta júni[246] um adalbólsheidi og Lambatúngur millum austurár og Þorvaldsár, hverja lögrjettumadurinn Sigurdur segist gjöra eptir því sem innsiglud bréf hljódi sem á dómkirkjunni

[246] Lögfesta þessi hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar, sjá einnig skjal nr. 2(90).

liggi, og er þessarar lögfestu getið í ofannefndu brjefi hústrúr Ragnheidar Johnsdóttur.

J þriðju grein framlagdi Mons[r] Petur Markússon vitnisburdarbréf Magnúsar Höskuldssonar á pappír svo látandi ad hann hafi heyrt sína móður Gudrúnu Bjarnadóttir því lýsa optlega fyrir sjer, ad hennar fadir Bjarni heitin Oddsson hefdi búid á Adalbóli í Midfirdi þann tíð, ad hún var í sínum uppvexti hjá honum og hann hefdi tekid lambatolla af Adalbólsheide og eingir menn hefdu í þann tíd þar á móti talad og var hún vel áttræd ad aldri þegar hún deydi. Datum þess vitnisburdar á Mel í Midfyrdi 5[ta] Dag Marzii 1588.[247] Annan vitnisburd framlagdi han[n] Sigmundar Jóhnssonar med soddan inntaki ad hann segist uppalist hafa á Mel í Midfirdi og þar lengst verid hafa bædi vistfastur og svo búandi í þessari sveit vel sextíu ár; segist hann heijrt hafa þad rædt af sjer eldri mönnum, ad jördin Adalból hefdi tekid alla lambatolla af öllum mönnum sem ráku í Túnguna á milli Þorvaldsár og austurár, og þarum engin Tvímæli verid í sínum uppvexti, ad Adalból ætti eigi þá heidi án alls efa eda tvímælis, og svo segist hann tilvita med sannindum, ad Rekstrar hefdu legid til forna úr Midfyrdi fyrir austan ~~fram á~ [síðuskipti] frammá þessa fyrgreindu Adalbólsheidi og hafi þá Adalbólsmenn tolla af öllum þeim mönnum tekid, sem rekid hafi á fyrrgreynt takmark alt þangad til sjera Björn heitin Johnsson hafi eigandi ad Reykjum i Miðfyrdi verid. Datum þessa vitnesburdar í Sveigistödum í Midfyrdi 4 dag Aprilis 1587.[248]

Þriðja vitnisburd framlagdi Petur Markússon Sigurdar Sigurdssonar svofeldan, ad hann segist verið hafa í vídidal og í Miðfyrdi lengst af sinni æfi og vera þá vitnisburdurinn var útgefin nærri áttrædur þremur vetrum færra og hafi hann heyrt rædt ad jördin Adalból hefdi tekid alla lambatolla, af öllum þeim monnum sem rekið hafi á Túnguna milli austurár og Þorvaldsár og þar hafi engin tvímæli áverid í sínum uppvexti ad Adalból ætti ekki þá eidi án alls efa edur tvímælis, segist hann vidad hafa med sannindum og svo hafa heirt rædt af sjer eldri mönnum ad Rek[s]trar hafi legid ad fornu úr Midfirdi fijrir austan Midfjardará frammá Adalbólsheiði og hann vitað hafi allt þar til ad sjera Björn vard eigandi ad Reykjum, þá hafi tekið adalbólsmenn alla Lambatolla af öllum þeim sem ráku.

Þessi vitnisburdur er skrifadur á Mel í Midfyrdi 20 dag Martii 1586[249] árum eptir Gudsburd.

Fjórdi vitnisburdur frammlagdur Eiríks h. Magnússonar ad hann hafi komid 14[tán] vetra gamall í Miðfjörd, og þar til vitad allt sídan, og vitað fyrir (þad med) fullum sannindum ad Rekstrar væru á Adalbóls heidi úr Midfijrdi austan fram á Túnguna milli austurár og Þorvaldsár og aldrey hafi Reykjamenn tekid meiri toll ad þeirri heidi vegna Hreidarstada í þann tíma ad sínu viti, eda svo hann heyrdi getid, heldur Adalbólsmenn og aldrey hafi hann og heyrt þar

[247] Skjal nr. 4(195) a-b.
[248] Skjal nr. 4(194) a-b.
[249] Skjal nr. 4(193) a-b.

tvímæli á leika í þann tíma og ekki fyrri, en hafi nú seirna heyrt getid brjefa þeirra sem Guøndur á Reikjum skijldi þá med farid hafa. Datum þessa brjefs á Audkúlu 5ta dag Aprilis 1598.[250]

Fimmti vitnisburdur framlagdur Þórdar Þorlákssonar ad hann heirt hafi sína sál. Módur Helgu Jóns- [síðuskipti] dóttir því lýsa opt og óskjáldan ad sínum uppvexti og þá hún hefdi verid búandi bædi í Miðfijrdi og í Vídidal, hefdi hún aldrei heirt nefnda Hreidarstadaheidi; þad annad hefdi hún líka sagt og opt sinnis bædi sjer áheyrandi og ödrum ad um allan ádur greijndan tíma þá hefdi allur almennilegir Rekstrar verid á Adalbólsheidi, og eigi hefdi hún sagst hafa heijrt getid Hr.st.Heid. til rekstra eda Lambatolla, þetta heijrdi jeg (segir Þórdur) hana opt og óskjaldan tala. Dat: þessa vitnisburdar á Mardarnúpi í Vatnsdal 25ti Febrúar árum eptir Gudsburd 1601.[251]

Allir þessir fimm vitnisburdir sem um er getid frammlagdir af Petri Markússijno, eru svo sem um hinn fijrsta skelur á pappír skrifadir, hvereinn, med hangandi Jnnsigli þess sem útgefid hefur, og eru þau öll ósköddud þad vjer kunnum ad sjá, auk þessa og í fjórda máta framlagdi Pétur Markússon af Hólabók útkoperad Byggingarbrjef þess loflega sæla H(er)ra Biskups Gudbrands Þorlálsson [svo], sællrar minningar, sem hann hefir útgefid Jngjaldi Jllugasijni, í hverju Brjefi, svo medal annars tiltekur ad Jngjaldur skuli hafa jördina Adalból í austurárdal til umbods edur ábýlis med Skárastödum og Lambatungum millum Þorvaldsár og austurár og alla Adalbólsheidi, sem ad fornu fylgt hafi fyrir venjulega sjö ærgylda landskuld, Jtem skuli Jngjaldur heimta og hafa lambatolla undir Adalból, sem ad fornu hafi verid med minni (segir Biskupinn) Tilsjá og hjástæd svo sem hann lofad hefur; til stadfestu sje biskupsins signeti þrikkt á þetta brjef Daterad 9. Aprilis 1597[252] á Márstödum í Vatnsdal ad brjefið sje rjett coperad eptir þeirri útskriptarbók, sem liggur á Hólum í Hjaltadal vottar í sögdum stad þann 6ta mai 1705, Benidikt Skúlason, Jón Jónsson.

J fimtu grein var framlagt og upplesid af lögsagnaranum Johni Eiríkssijni ad Bæn og forlagi Péturs Markússonar eitt bref af kálfskinni med þremur hángandi jnnsiglum gjört á Þingeirum í Húnavatnsþíng þridjudagin næstan eptir Hvítasunnu anno xti 1494[253], um Efranúp og adrar fleiri jardir, í hverju brjefi svo stendur medal annars ad Efrinúpur egi eptir Steinheidi fram í Brædur svo rjettsýni austur í Kasthóla þá rædur Þor- [síðuskipti] valdsá fram í Þorvaldsdalsvatn, svo til móts við Adalból og svo suður ad sjalvördum hverja grein í nefndu Brjefi Petur Markússon sjer til bevísingar telur um Adalbóls Land.

Herímóti framlagdi Lögrjettumadurinn Sveinn Gudnason dóms brjef bródur Jóns ábóta á Þingeirum daterda midmikudaginn næstan eptir Mattias messu

[250] Skjal nr. 4(196) a-b.
[251] Skjal nr. 4(197) a-b.
[252] Skjal nr. 2(131).
[253] Skjal nr. 2(70).

1450[254] í hverju brjefi þad á sjerdeilis skyldt vid þetta mál ad hann dæmir þad jördinni á Hreidarstödum nedre þeim er Brefin, segir í þessum dómi, tilsegja og sex skinsömum mönnum þeim, sem hann tilnefni med sjer, þyki vera eiga ad jard[a]r megni etc: sje og verid hafi eign kirkjunnar á Reykjum og hitt annad af innihaldi þessa brjefs hermir þad sjálfu sjer (sem) ljósast, enn vjer sjáum ekki, ad þad gjöri neitt til þess máls sem nú er fijrir höndum um ad tala, og þar fijrir er ekki meira af því innfært hjer en oss þijkir falla undir vora athugan; J annan máta framlagdi lögrjettumadurinn Sveinn annad brjef hinu fijrra medfest daterad Hreidarstödum í austurárdal Laugardaginn næstan fyrir festum Fillippi og Jacobi anno Domini 1452[255] í þann tíma hverju brjefi ábóti John á Þingeirum segir ad þann tíma sem hann ridid hafi til jarda skiptis millum Hreidastada og Bjargastada er liggi í austurárdal, hafi hann nefnt til med sjer góda menn ad setja Landamerki millum ádurnefndra jarda, og hafi þeir þá gjört jördinni á Hreidarstödum og kirkjunni á Reijkjum, til Eignar jörd út ad Djúpagili því, kallad er Hreidarstadagil, og sjónhending upp úr gili því til móts vid Efranúp, og svo langt framm sem þetta domsbrjef (stendur í Brefinu) sem hjer er vidfest útvísar; bædi þessi brjef eru á Kálfsskinn ritud med þremur hangandi Jnnsiglum nærrilagi heilum og 2 brotnum, þridja brjef framlagdi lögrjettumadurinn Sveirn Gudnason daterad 4 dag páska ad Reykjum í Midfijrdi anno 1492[256] í hverju brjefi Ketill Skeggjason og Olafur Skeggjason segjast hafa þarí, hjá verid, ad Eirný Olafsdóttir hafi fengid Sigvati Ásgrímssijni jördina ad Bjargar-[síðuskipti] stödum til Eignar, hafi fijrrnefnd Árný því lýst ad kyrkjann ad Reikjum (á) fijrrnefndum stad ætti og átt hefdi ad fornu þar fijrir sunnan Bjargarstadi er Hreidarstadir heiti hefdi hún fráskilið og áqvadt landamerki fijrir sunnan gardin Bjargarstada ad lækur einn redi; hafi hún afskilid fyrrnefndum Sigvati þá jörd og öll gjædi þau er fyrrnefndri jörd Hreidarstödum fijlgdi; hún hafi sagt fijrrnefndrar kirkjunnar jörd vera sudur ad Arnarvatni muni þeir þetta sverja af þörf þijkir og til sanninda setja þeir sín Jnnsigli etc.

Þetta brjef er og á kálfskinni innsiglalaust og svo mjög hrjád ad oss er þad ekki læsilegt, utan hvad vjer af ödru brjefi á pappír sem oss er framvísad og kallad þess copia kunnum ad ráda ordanna samhljódan, en hvad skriftarlagi og stafagjörd þess sjerlegasta atridi vidvíkur, fylgir nú á eptir í vorri Dóms uppsögn um ad taka.

4[da] framlagdi Sveinn Gudnason copiu af vitnisburdi med undirskrifudu nafni Þorvards Stígssonar, í hverjum hann til kvaddur af sjera Erlindi Olafsijni, segist auglysa fijrir sjálfs síns persónu, um upprekstra í Hreidarstada jörd í austurardal, og tolla þareptir, og svo mikid sem vidvíkur Reijkja kirkju í Midfirdi ad hann vitad hafi Jngjald sál. Jllugason halda þad nefndt land Reykja kirkju Eign vera og vonast þar til skilum. Eirnin viti hann, hann tolla

[254] Skjal nr. 2(77).
[255] Skjal nr. 2(166).
[256] Rétt er 1392 sbr. skjal nr. 2(226).

takt einlægt og mótmælalaust af öllum þeim sem þangad ráku sín lömb, og rekin hefdu verid Lömb í Lambatúngur ad utanverdu, frá Bæum öllum milli Grímsár fijrir sunnan Ánastadi og Króksár hjá Ósi og austan fram Midfjardarár. Datum þessa brjefs 28da September ad Núpdalstungu anno 1672.[257] Auk þess var framlögd af hendi Sveins Gudnasonar Lögfesta er sjera Erlendur Olafsson skal lesid hafa á Torfustödum í Midfyrdi þann 18da Aprílis anno 1672,[258] í hverri hann segist lögfesta Eidijördina alla hálfa Hreidarstadi í austurárdal medur þessum ummerkjum ad djúpa gil sem kallad hafi verid Hreidarstada gil rádi ad utan, og sjón hending uppúr því gili [síðuskipti] ámótsvid Efranúp og svo lángt fram sem Bevísingar þarum útvísa kunni, móts vid annara Jarda Landeign, eda löglegt hefdar og eignar hald ad Arnarvatni edur lengra, höfum vjer nú athugad og ijfir skodad þau skjöl og skilríki er nefndir menn, Mons. Petur Markusson og lögrjettumadurinn Sveinn Gudnason hjer framanskrifud fijrir vorum dómi auglyst hafa, og metum vjer allir samþykkilega ad þau skjöl sem Mons. Pétur Marcússon vegna hústrúr Ragnheidar framlagt hefur um Adalbóls Landeign á austurlambatúngu sjeu sterkari og eptirtakanlegri umhermt Landspláss, en þau skjöl sem lögrjettumadurin Sveinn Gudnason hjer nú auglyst hefur. Avíkur svo lögmálid í landsleigubálki 26 capit. „nú hefir madur skóg, Eingi, edur haga, reka eda adrar landsnijtjar tuttugu vetur eda lengur átölulaust, þá á sá er haft hefur ef hann skal óræntur vera“. Jtem Landsl.B. XLIX capit: Þar skulu rjettir vera sem ad fornu hafi verid og svo langt og vída til Reka; kemur nú fram fijrir oss, ad fornar fjárrjettir sjáist hverki í Lambatúngunni nje Aðalbóls landi heldur sjeu þær fornar og nýar fijrir vestan austurá og nordan Þorvaldsá fram frá Hreidarstödum í austurárdal og med því oss virdist sú hefd sem Reykja forverjar haft og haldid hafa á optnefndri Lambatúngu h[l]jóti ad víkja fijrir hjer framanskrifudum skjölum og Bevísingum, einkum þeirra fimm manna innsigludum vitnisburdum, sem ádur umgetur því ad heilags anda nád til med oss kalladri og svo prófudu og framfyrir oss komnu dæmum vjer fijrrnefndir dómsmenn, med fullu dóms atqvædi ádurgreijnt Landspláss austurlambatúngu sem liggur á milli austurár og Þorvaldsár til Hóla Dómkirkju jardar Adalbóls, Enn hvad vidvíkur pláts stödu á fijrrnefndum fjárrjettum, kunnum vjer ei í þetta sinn med endilegum dómi ad tractera heldur setjum vjer þenna vorn dóm til álita um fijrir edla og velvísann herra vice lögmanninn herra Pál Johnsson Vídalín ad hans herradómur, þad af honum taki og vid hann auki, og samþykki þad sem honum löglegast vera þijkir, og vel standast megi, og þessum vorum Dómi til sannmerkis og stadfestu skrifum vjer fijrrnefndir [síðuskipti] dómsmenn og skrifa látum vor nöfn hjer fijrir nedan; sama stad, ár og degi sídar enn upphaflega greinir.

Vilhjálmur Ólafsson, Teitur Eriksson

Helgi Jónsson, Petur Þorsteinsson

[257] Umrætt bréf hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.
[258] Lögfesta þessi hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

Gudmundur Þorsteinsson, Einar Bjarnason

Gudmundur Hálfdánarson, Sveinn Jóhnsson

Páll Bjarnason, Magnús Sigurdsson

Eijólfur Jónsson, Gudmundur Sigurdsson.

Þettad ad vera rjett coperad eptir originalnum vel á sjö blödum í qvarto vitna undirskrifadir ad Adalbóli 28. Martii anno 1735.

Gudmundur Jónsson, Hallgrímur Petursson.

Sama Dag var 12 bænda Dómur gengin ad Adalbóli í Midfjardarhrepp settu Fimtarþijngi af lögsagnaranum Jóni Eiríkssijni þann 22. May 1705 höfdu málspartarnir klasturhaldarin Mons. Þórdur Þorleifsson konglegrar majst og sinnar qvinnu jardar Reijkja í Midfyrdi vegna og Mons. Petur Markússon vegna hústrú Ragnheidar Jóhnsdóttir uppá þad er þau hefdu löglegt mál sitt í hjeradi til ansvara, hvert vid annad vidvíkjandi þeirri þrætu sem er á milli Adalbóls Hóla Dómkirkju jardar sem mad^{me} Ragnheidi er unnt um sína lífstíd og Hreidarstada sem er kirkjujörd Reijkja í Midfijrdi, er hálfir eru kónglegs Maj^{ts} Eignar jörd, en hálfir Steinunnar qvinnu Þórdar, um afrjétt þann er Lambatúngur heitir, hverr dómur undir álit herra lögmannsins, Pals Jóhnssonar Vídalíns innsettur var, þá hann þjenadi lögmanns embætti nordan og vestan var nú lögrjettu auglýst Jnnlegg mad^{me} Ragnheidar, hvar inni hún beidist lögmannanna fullkomins úrskurdar uppá tedan tólf Bænda dóm.

Er nú klausturhaldarin Monsr Þórdur Þorleifsson hjer fijrir rjettinum, advaradur og fijrirkalladur til þessa, og segist ekki vita sig skijldugan eda mega kóngl. maj^{ts} eda kirkjunnar Land undir lög leggja, og ei segist herra lögmadurin Lauritz Gottrúp eiga hjerum ad dæma. Enn h(er)ra Jústits Raad Amtmadurin Christjan Möller, hefir nú á þessu lögþýngi skriflega befalad herra lögmanninum Páli Jóhnssijni Vídalín fyrrgreindan 12 bænda Dóm, fijrir sig og lögrjettuna [síðuskipti] ad taka og þessa fyrrtjeda (og) strídandi parta med endilegum dómi ad adskilja; datum þeirrar Befalíngar 1706 dag 21. Júlí; hvar uppá ad yfirvegudum dóminum og ansvörum partanna, herra lögmadurinn Páll Johnsson Vídalín og lögrjettan svarar, ad med því hústrú Ragnheidur Beidist endilegs ansvars og verjandin Monsr Þórdur Þorleifsson hingad fijrirkalladur er til vidurmælis, en hjeradsdómendue allir hafa samþijkkt ordid uppá sitt Dóms atqvædi á mót hverju engin sterkari skjöl eru framleidd en dómurinn segir: þá skuli hústrú Ragnheidur undir Dómkirkjunnar jörd Adalból halda og hafa afrjettin Lambatúngur sem deilann vegs af eptir Lands Leigu Bálk 26. Capit.

Þetta rjett útkoperad af af alþingisbókinni 1706 N° 17 eptir því sem landþing skrifarinn hefur hana frá sjer sendt; til vitnis okkar nöfn ad Vídidalstúngu 8da Maij 1707.

Þorsteinn Ketilsson, Páll Jóhannsson.

> Rjett útskrifad eptir gammallri copiu vitna ad Hafnarfyrdi þann 26. Augusti 1809.
>
> G(unn)l(au)g(ur) Haldórsson, Steindór J Vaage.[259]

Þann 21. júlí árið 1706 var lesinn upp 12 bænda dómur á alþingi, er gekk að settu fimmtarþingi að Aðalbóli í Miðfjarðarhreppi, þann 22. maí árið 1705. Um þetta hermir alþingisbókin sjálf eftirleiðis:

> Sama dag var upp lesinn 12 bænda dómur, genginn að Aðalbóli í Miðfjarðarhreppi, settu fimmtarþingi, af lögsagnaranum Jóni Eiríkssyni þann 22. maí 1705. Höfðu málspartarnir, klausturhaldarinn monsr. Þórður Þorleifsson, kóngl. majest. og sinnar kvinnu jarðar, Reykja í Miðfirði, vegna, og monsr. Pétur Markússon vegna hústrú Ragnheiðar Jónsdóttur, uppá það er þau höfðu löglagt mál sitt í héraði hvort við annað til andsvara viðvíkjandi þeiri þrætu, sem var milli Aðalbóls, Hóladómkirkjujarðar, sem madme Ragnheiði var unnt um sína lífstíð, og Hreiðarstaða, sem er kirkjujörð Reykja í Miðfirði, er hálfir eru kóngl. majest. eignarjörð, en hálfir Steinunnar kvinnu Þórðar, um afrétt þann, er Lambatungur heitir, hver dómur undir álit herra lögmannsins Páls Jónssonar, Wídalín innsettur var þá hann þénaði lögmannsembætti norðan og vestan. Var nú í lögréttu auglýst innlegg madme Ragnheiðar, hvar inni hún beiðist lögmannanna fullkomins úrskurðar uppá fyrrtéðan 12 bænda dóm.
>
> Er nú klausturhaldarinn, mr. Þórður Þorleifsson, hér fyrir réttinum aðvaraður og fyrirkallaður til þessa þings og segist ekki vita sig skyldugan eða mega kóngl. majest. eða kirkjunnar land undir lög leggja, og ei segist herra lögmaðurinn Lauritz Gottrup voga hér um að dæma, en herra jústitzráð amtmaðurinn Christian Müller hefur á þessu lögþingi skriflega befalað herra lögmanninum Páli Jónssyni Widalín fyrrgreindan 12 bænda dóm fyrir sig og lögréttuna að taka og þessa fyrrtéða stríðandi parta með endilegum dómi að aðskilja. Dat. þeirrar befalningar 1706, 21. júlí.
>
> Hvar uppá, að yfirveguðum dóminum og andsvörum partanna, herra lögmaðurinn Páll Jónsson Wídalín og lögréttan svarar, að með því hústrú Ragnheiður beiðist endilega andsvars, og verjandinn, monsr. Þórður Þorleifsson, hingað fyrirkallaður er til viðurmælis, en héraðsdómendur allir hafa samþykkir orðið uppá sitt dómsatkvæði, á mót hverju enginn sterkari skjöl eru framleidd en dómurinn segir, þá skuli hústrú Ragnheiður undir dómkirkjunnar jörð, Aðalból, halda og hafa afréttinn Lambatungur, sem deilan rís af, eftir landsleigub. 26. cap.[260]

Aðalból var selt úr eigu Hólastóls á opinberu uppboði sumarið 1802, ásamt öðrum jörðum í Húnavatnssýslu í eigu stólsins.[261] Hæstbjóðandi var Jón Jónsson á

[259] Skjal nr. 2(48) a-b.
[260] Skjal nr. 2(81).
[261] Björn Teitsson, „Um jarðeignir Hólastóls.“ *Saga biskupsstólanna*. (2006), bls. 486-487.

Melum en hann lést sama ár eða árið eftir og þann 26. ágúst 1803 óskaði Gísli Jónsson í Hlíð á Álftanesi þess við Rentukammer að fá jörðina Aðalból keypta ásamt hjáleigunni Bjargastöðum og eyðihjáleigunni Skárastöðum.[262] Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Aðalból hafi árlega tekjur upp á 3 ríkisdali fyrir sumarbeit í afrétti sem tilheyri jörðinni. Þar segir:

> Her er afret, hvori fremmede kreatuer indtages paa Sommergræsgang, hvorfor aarlig betales 3rd.[263]

Á manntalsþingi að Melstað þann 4. júní 1810 var upplesin aðvörun Guðmundar Illugasonar á Aðalbóli um að búendur í Torfustaðahreppi ofan Miðfjarðarár reki á Aðalbólsheiði. Inntak aðvörunarinnar er ekki getið en eftirfarandi klausa um upplesturinn var færð til bókar í dóma- og þingbók sýslumanns Húnavatnssýslu:

> 8° Var fyrir Réttinum upplesinn advörunn Gudmundar Illugasonar ad Adalbóli af 2. Jun. þ. a. ad búendur í Torfustadahrepp ofan Midfjardará reki, eptir þvj sem gamall dómur skylldar þá til, géldfé og lömb sín á Adalbólsheidi. Actum ut supra.[264]

Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 2. maí 1815, var upplesin lögfesta og bann fyrir og um Aðalbólsfjall og heiðarland, undir nafni og signeti Guðmundar Illugasonar á Aðalbóli. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en eftirfarandi klausu um upplestur hennar má finna í dómabók sýslunnar:

> 12. Upplesin lögfesta og forbod fyrir og um Adalbóls fiall og Heidarland af dags. dato under nafne og signeti Bonda Gudmundar Illugasonar á Adalbole.[265]

Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 5. júní 1821, var upplesin umkvörtun[266] frá Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli um að bændur austanvert í Miðfirði reki ekki geldfé sitt á Aðalbólsafrétt eða sýndu fjallskil. Í dómabók sýslunnar var eftirfarandi fært til bókar:

> 14. Lesinn umqvortun frá Gudmundi Sigurdsyni á Adalboli yfir því ad bændur ad austannverdu i Midfyrdi ei reki geldfé sitt á Adalbols afrétt edur sýndu fiallsskil, jafnvel þó hann meigi leita grenia og láta vinna þaug. Sömuleidis aftekur presturinn Sira Egill á Stadarbacka ad hreinsa Húksheidi svo leingi ad allir ei reki þángað, sem adur hafa verid til þess med dómi dæmdir enn þar eigandi og ábuandi ad Núpi í hvors land hingad til hefur rekid verid tiá sig viliug til midlunar um lambatolla vid þessa menn og skilriki fyrir

[262] Skjal nr. 2(237) a-b.
[263] Skjal nr. 2(60).
[264] Skjal nr. 2(236) a-b.
[265] Skjal nr. 2(149) a-b.
[266] Umkvörtun Guðmundar Sigurðssonar fannst ekki við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

þessum afrettarlondum ei eru vid hendina verdur ei í þettad sinni frekara þarum giört.[267]

Þann 23. apríl árið 1831, skrifaði Guðmundur Sigurðarson, ábúandi á Aðalbóli, sýslumanninum í Húnavatnssýslu bréf, og kvartar undan upprekstri sveitunga sinna „í önnur pláss“ í stað þess að reka fé upp á Aðalbólsheiði. Bréfið er svohljóðandi:

> [...] á Adalbóls heidi hefur vered upprekstur adundan förnu firer lömb og géld fé af öllum bæumm i Torfastada Hrepp austann vid fiardará, epter dómi þar umm geingnumm af sysslumanne i Hunavatnssysslu Gudmundi Hákonarsyni og 6 med dómendumm þann 26. September 1621, hvör dómur sydann er stadfestur af lögmanni Þorleifi Kortssyni, ár 1668, med vidlagdri solátandi skipun, ad þar ed þessi dómur sié grundadur á ljósumm laga greinumm, so skuli allir í tilteknu platsi halda sér hann epter réttann legann, og enn nú er sami dómur samþicktur af lögmanninumm Magnusi Jónssyni ár 1680, med þvj atqvædi, ad valdsmenn í Hunavatnssysslu skuli ganga epter dóms rofs sektum, sé trássuglega móti dómenum broted þá það er firer þeim klagad. Soleides er þessi dómur, mót mæla-laust vidtekekenn af Midfyrdingumm mann Epter mann meir enn umm 200 ár, til þess nu firer nockrum árumm, ad þeir fleiri hafa teked uppá þvj ar reka ~~j önn~~ j önnur plátz jafn vel þó su, ad minni meiningu, naudsynija-lausa til breiting sé almenningi meir til skada enn ábata, þar sem Adalbóls heidi liggur áföst vid önnur af réttar lönd alt umm kring enn aller kunna nærri ad géta hvad stóra alud og at higli þeir minni á leggia ad leita heidina sem eiga þar ecki framar enn verkast vill von á neinni sinni kind, hvar af þad vill figia ad þeir annad hvört fara j areidarnar óviliugir, eda senda þangad ein hvörn ónitiung og sumir aungann, ecki ad nefna ad þeir fáest til ad leita heidina optar enn einu sinni á hausti, enn mér og þeim fáu er Reka og öll Regluleg fiall skil syna er [baksíða] ómögulegt ad leita heidena vel, þar full komenn fiallskil ej nema frá Stóra Ósi, Bjargi, Fremri-Fitjum og Barkarstödum – nú so sem ég held ofar og hins vegar nefndur dómur kunni ecki hédann af án <....> ordsaka, ad rjúfast af nockurri innann <....> áliktun þvj sydur af eigenn ógrundari uppá fijnding, hlyt ég hér við í stærstu undergefnj, kvarta umm þessa upprekstrar for sómun firer yfur sem vidkomandi yfervaldi og þad þvj fremur sem húsbóndi minn Mr. Gisli setti þad atridi j biggingar bréf mitt á næst lidnu hausti, ad ég skildi eckert láta ganga undann Jörd þessari sem henni filgt hafdi og filgia bæri ad <fornu> og nju, og taladi mest umm uppreksturenn, bid ég þvj so innilega sem audmjúkast ydar veledla <....> vildu hlutast til ad aller Torfastada hrepps Jnnbúar austann midfiardar á reki lömb sjn og geld fé á Adalbóls heidi á komandi vori, en ég vil lofa tilbærilega ad annast umm grenia leiter og Réttarinnar fo<svaran>legt vidhald og endur bót árlega.
>
> Undirgefnast

[267] Skjal nr. 2(150) a-b.

Adalbóli þann 23. Aprilis 1831

Gudmundur Sigurdarson

Til

Herra syslumans Blöndahl.[268]

Í vísitasíu að Efra-Núpi, þann 18. júní árið 1836, kemur fram að kirkjan þar eigi rétt til veiði í Arnarvatni. Í vísitasíuni segir svo frá:

Efrinúpur

> Arid 1836, þann 18da Jún: var Prófastur i Húnavatns Sysslu nálægur á Efranúpi, til ad visitera kyrkjuna þar. Hún á eptir máldögum Jördina Litlutúngu 12 hndr., hvörri fylgia 2 kúgyldi, leigd 40 [leiðrétt úr: 60] ál. Hún á einin, eptir Peturs Biskups Máldaga og Visitatiu Steins biskups af 1716 Skálagiörd 2 mönnum eda Rúm i Skála vid arnarvatn, og Eldivid sem þarfnast 2 mönnum, og 2ia krókahald i vatni.[269]

Í sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840, skrifa þeir séra Eiríkur Bjarnason að Staðarbakka og séra Þorlákur Stefánsson, kapellán þar, eftirfarandi um afréttarlönd á Tvídægru:

> Afréttarlönd eru þar suður á Tvídægru. Það eru ekki almenningar, heldur liggja þau undir einstakar jarðir. Vesturpartur Tvídægru liggur undir Staðarbakka, og kallast Húksheiði; miðparturinn undir Efranúp og kallast Núpsheiði, og austasti parturinn undir Aðalból, sem kallast Aðalbóls- eða Austurheiði. Á allar þessar heiðar á Miðfjörður upprekstur, eins og *Torfastaðahreppur* nær til. Þar eru réttir, sín í hverjum dal: Húksrétt hjá Húki í Vesturárdal; þangað sækja vesturbyggjar í Miðfirði; Núpsrétt hjá Efranúpi í Núpsdal; þangað sækja Núpsdælir, og Aðalbólsrétt hjá Aðalbóli í Austurárdal; þangað sækja Austurbyggjar í Miðfirði. –Réttir eru haldnar seint í 22. viku sumars.[270]

Í inngangi að sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840, skrifa þeir séra Eiríkur Bjarnason að Staðarbakka og séra Þorlákur Stefánsson, kapellán þar, m.a. eftirfarandi um heiðlendi í prestakallinu:

> Þar á móti fylgja þremur jörðum í þessu prestakalli 3 einhver stærstu heiðlendi, sem kallast Aðalbóls-, Efra-Núps- og Húksheiðar, en með einu orði Tvídægra, - sem ég hef heyrt dregið sé af því, að hún er hörð tveggja dægra ferð byggða á milli á breidd, um sumardag. Landamörk þessara heiða ná að sögn suður að Arnarvatni, undir Stóra-Sandi, síðan vestur eftir grjóthryggjum eður grjótgörðum, móts við Hvítársíðumenn, allt að tanga þeim, sem gengur austur úr miðjum Vatnaflóa – og mér ímyndast sé það sama pláss, sem Vígbarði varðist í (sjá Heiðarvígasögu), - hvar að eru landamerki millum

[268] Skjal nr. 2(47) a-b.
[269] Skjal nr. 2(95) a-b.
[270] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 29.

> Gilsbakka- og Staðarbakkakirkna; þaðan vestur eftir, móts við Þverárhlíðinga, allt að Hrútfirðingaleitum og Holtavörðuheiði; - og hér að auki eru öll heimalönd á 35 jörðum í þessu prestakalli.[271]

Um jörðina Aðalból segir m.a. svo í jarðamatinu 1849:

> Jörðin á heiðarland, kallað Aðalbólsheiði, fjóra fimmtunga móti Skárastöðum, og er landið ágæta gott, má þar víst ætla upprekstur, sem áður á vikið fyrir 16 til 20 alls, og þá fyrir 12 bændur að tiltölu fyrir Aðalból, eða í fjallatolla 12 rbd.[272]

Um jörðina Skárastaði í Torfustaðahreppi og hlutdeild hennar í Aðalbólsheiði segir í jarðamatinu 1849:

> Jörðunni fylgir fimmtungur í Aðalbólsheiði, og hefur fjallatolla að tiltölu, sosem 4 af 20, eða 3 af 16 upprekstrarmönnum, að álíta víst, sosem 3 rbd.[273]

Hinn 14. júní 1861 rituðu séra Jakob Finnbogason prestur á Staðarbakka og B. Bjarnason á Aðalbóli áminningarbréf til bænda í Miðfirði að þeir reki fé sitt á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði samkvæmt dómi frá 26. september 1621. Bréfið er svohljóðandi:

> J fyrra vor fyrir fráfærur var þad á ný leyft, ad reka geldfé til heida edur afrétt, þad leyfi færdu menn sér ekki almennt í nyt, sumir báru fyrir, ad þeir hefdu ekki vitad þad fyrr enn ofseint, jafnvel þó ad þetta væri birt á sveitarfundi, adrir hirdtu ekki um þad, og gættu midur skyldu ad lögum, og guldu því engan lambatoll, ~~ad~~ var þetta gangstædt dóms atkvædi því, sem dómur frá 26ta Septembris 1621 gengin ad Torfastada þingstad ákvedur: „ad allir búendur úr Midfirdi fyrir austan fram og úr Núpsdal séu <u>skyldugir</u> ad reka fé sitt á lambatúngur í Austurárdal, en á Húksheidi, búendur úr Húksdal, beggja vegna og fyrir vestan Midfjardará, eptir laganna hljódan og hreppstjóra skikkunn, og gánga eitt sinn á haust um sömu heidar hver einn búandi, sem reki 10 lömb og þadan af fleyri – móti venjulegum lambatolli í Midfirdi.“ Nú er þad aptur skylda manna ad ~~hreinsa~~ reka geldfé úr heimalöndum, ad lögum, og er ekkert, sem gefi ástædu til afbötunar vid forsómun í því atridi, og finnum vid undirskrifadir, sem egum hlut ad þessu máli, því ekki lengur ástædu til, ad láta neinn svona þeyjandi svipta okkur rétti vorum, sem ofantédur dómur stadfestir, og landslögin gjöra hverjum og einum búanda í Midfirdi ad skyldu. Því advarast hér med allir búendur, sem þessu málefni ega ad gegna, um ad færa sér þessi sín réttindi í nyt, ad reka lömb sín og geldfé á ofantéd afréttar lönd: Lambatúngur í Austurárdal og Húksheidi, og gjalda venjulegan lambatoll á næstkomanda hausti, edur ad ördum kosti, sæta ákærum ad lögum, ef útaf er brugdid.
>
> Stadarbakka og Adalbóli, 14da juní 1861.

[271] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 23.
[272] Skjal nr. 2(61).
[273] Skjal nr. 2(61).

Jakob Finnbogason. B. Bjarnason.[274]

Í kaupbréfi fyrir Aðalbóli og Skárastöðum í Miðfirði, dagsettu 21. október árið 1864 kemur fram, að heiðarlandið fylgi Aðalbóli en Skárastaðaábúandi hafi þar frían upprekstur:

> Þess skal hér einnig getið, með því nokkur misklíð hefir verið nú á seinustu árum um landamerki millum téðra jarða, að Skárastöðum fylgir land allt fram að Haugslæk, og þar þvert austrúr í Fitjáá, en Aðalbóli land allt þar fyrir framan og heiðin öll, að öðru leyti enn því, að Skárastaða ábúandi hafi frían upprekstr og alla brúkun á heiðinni fyrir sig án borgunar og tilkostnaðar.[275]

Þann 14. nóvember árið 1874 seldi og afsalaði Guðmundur Bjarnason frá sér og sínum tveimur hundruðum og 72 álnum í jörðinni Aðalbóli til systkinanna Sigurðar og Helgu Benediktsbarna, með öllu tilheyrandi, og eignum til lands og vatns.[276]

Árið 1878 bannaði Björn Sigvaldason á Aðalbóli allan upprekstur á Aðalbólsheiði nema gegn tolli. Bréfið hljóðar svo:

> Eins og kunnugt er, er búendum í Fremri- og Ytri-Torfastaðahreppum austan Miðfjarðarár með fullnaðardómi heimilaður rjettur til að nota heiðarland ábýlisjarðar minnar Aðalbóls til upprekstrar fyrir sauðfénað, eins og líka hins vegar heiðarlands Aðalbóls er einnig dæmdur réttur til fjallatolla af þeim er heiðarlandið eru þannig skyldugir að nota. Enn þareð nokkri búendur í nefndum hreppum hafa nú í fleiri ár, nefnt afréttarland notað, en þarámót neitað að borga eða ekki borgað neinn fjalltoll, þá lýsi jeg hjermeð yfir því, að þá menn er ekki hafa borgað innan útgengin næstkomandi júlímánaðar heiðartolla þá, er óborgaðir eru fyrir þau ár, er jeg hefi haft heiðarlandið til umráða, mun jeg sækja að lögum, eins og jeg líka hér með banna öll önnur afnot Aðalbólsheiðar hverju nafni sem nefnast, sem brúkuð eru eða brúkuð verða án míns leyfis, meðan jeg nefnt heiðarland til umráða hefi.
>
> Þareð einnig nokkrir hafa misboðið svo rjetti mínum, að skilja eptir bæði stóðhross og geldfjárrekstra í heimalandi ábýlisjarðar minnar Aðalbóls, þá gjöri jeg einnig hjermeð heyrum kunnugt, að jeg banna með öllu því líka óreglu, og eg lýsi því hér með yfir, að jeg tek fjenað þann, er þannig er í heimalandi Aðalbóls eptir skilinn, hvort heldur er stóðhross eða sauðfénaður, og læt meðhöndla að lögum sem annan usla peníng.
>
> Aðalbóli 14. júní 1878
>
> Björn Sigvaldason
>
> Lesið upp fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Svarðbæli hinn 14. júní 1878.[277]

[274] Skjal nr. 2(213) a-b.
[275] Skjal nr. 2(55).
[276] Skjal nr. 4(104).
[277] Skjal nr. 2(56).

Í vísitasíu að Efranúpi, þann 4. september árið 1878, er getið um veiðirétt kirkjunnar í Arnarvatni. Í vísitasíunni segir:

> Ár 1878 4. dag Septembermánadar var prófasturinn í Húnavatnssýslu Eiríkur Briem staddur ad Efranúpi til ad visitjera kirkjuna þar m.m.
>
> [...]
>
> Kirkjan á eptir vísitazíu Steingríms biskups jörðina Litlutungu með 2 kugildum; skálagjörð 2 mönnum við Arnarvatn eða rúm í skála þar, og eldivið sem þarfnast 2 mönnum og tveggja króka hald í vatni. Ennfremur á hún eptir athugasemd Þorsteins prófasts Pjeturssonar frá [frá, ofan línu] 1750, sem vitnar til alþingisdóms frá 14. Júlí 1728, 5 hndr. í reka undir Skriðu-Enni við Bitrólfsfjörð móts við Staðarbakka kirkju til helmingaskipta millum Stiga og Rauðaskriðu.
>
> Eignum og ítökum heldur hún öllum óskertum og óátöldum.[278]

Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur úr máldaga Efranúps frá 1448.[279] Útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879. Í honum segir um merki Efranúps móts við Aðalból:

> [...] svo réttsýni austur í Kastala; þá ræður Þorvaldsá fram í Þorvaldsvatn, svo til móts við Aðalból, og svo suður að fjölvörðum og mikla hvannstóð við sunnanmenn.[280]

Árið 1880 lögfesti Hjörtur Líndal Benediktsson Skárastaði og hjáleiguna Gilsbakka, ásamt ítaki á Aðalbólsheiði. Landamerkja getið. Þar vísað í afsalsbréf, dagsett 21. október 1863.[281] Lögfesta Hjartar Líndal er svohljóðandi:

> Eg Hjortur Líndal Benidiktsson í Núpsdalstungu í Efranúpskirkjusókn í Húnavatnssýslu umrádamadur jardarinnar Skáraastaða og hjáleigunnar Gilsbakka í Efranúpskirkjusókn innan Húnavatnssýslu logfesti hjermed Skárastadi og hjáleiguna Gilsbakka med ollum þem gognum og gædum, sem greindum jörðum fylgt hefur og fylgja ber ad fornu og nýju og fylgja ber til þessara ummerkja mót annara manna londum eptir þinglesnu afsalsbrjefi dags. 21. okt 1863.
>
> Ad sunnan milli Aðalbóls og Skárastada ræður svo nefndur Haugslækur að þedan vid Austurá svo langt uppeftir sem hann rennur í ljósum farveg, og svo sjónhending austur í Fitjá. Ad vestan ræður Austurá frá því er fyrnefndur Haugslækur fellur í hana og út ad svo nefndum Fosslæk, ad norðan ræður Fosslækur svo langt sem hann rennur í ljósum farveg og þaðan svo beina sjónhending austur í Fitjá í stóran stein sem þar er í ánni. Ad austan ræður Fitjá. Hjer ad auki logfesti eg hús, tún, engjar og úthaga og allar landsnytjar

[278] Skjal nr. 2(251).
[279] Skjal nr. 2(69).
[280] Skjal nr. 2(52).
[281] Það afsalsbréf sem hér er vísað til fannst ekki við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

ásamt ítaks [svo] á Adalbólsheiði. Fyrirbýð eg ollum þessar logfestar jardir ad yrkja, beita í edur af ad hafa nema mitt sje leyfi til.

Núpdalstunga 10. júní 1880.

Hjortur Líndal.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpdalstungu þann 12. dag júnímán. 1880, og ritad í afsals- og veðmálabók sýslunnar N° 1241 bls. 103 og 104.

Vottar Lárus Þ. Blondal.

[...].[282]

Þann 8. ágúst 1885 seldi Ólafur Sigmundsson á Aðalbreið, Sigurði Benediktssyni á Aðalbóli, 2 hndr. og 12 álnir í jörðinni Aðalbóli, fyrir 231 krónur. Kaupunum var þinglýst á manntalsþingi að Núpdalstungu þann 18. júlí 1887.[283]

Sama dag, þann 8. ágúst 1885, seldi Ólafur Sigmundsson á Aðalbreið, Sigvalda Símonarsyni á Aðalbóli, 5 hndr. og 108 álnir í jörðinni Aðalbóli, fyrir 649 krónur. Þessum kaupum einnig þinglýst að Núpdalstungu 18. júlí 1887.[284]

Þann 21. apríl 1887 seldi Sigvaldi Símonarson á Aðalbóli síðan Sigurði Benediktssyni á Aðalbóli, 16 hndr. í jörðunni Aðalbóli. Því einnig þinglýst 18. júlí 1887.[285]

Landamerkjabréf Efranúpsheiðar var útbúið 16. febrúar 1891 og þinglesið 7. júní 1892. Merkjum heiðarinnar að austan gagnvart Aðalbólsheiði er lýst eftirfarandi:

Að austan milli Aðalbólsheiðar ræður Þorvaldsá frá svo nefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn, þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávarðavötn, frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur [...][286]

Hjörtur Líndal eigandi Efra-Núps skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Benediktssyni eiganda Aðalbóls ásamt öðrum er málið varðaði.

Á manntalsþingi, höldnu að Núpsdalstungu þann 8. júní 1891, var þinglýst landamerkjaskrá fyrir jörðunum Fosskoti, Bjargi og Bjargshól. Ekki hafði tekist að ganga frá landamerkjaskrám fyrir Efra-Núp og Aðalból og því ekki hægt að þinglýsa þeim að þessu sinni. Í dómabókinni kemur eftirfarandi fram:

2. Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Fosskoti, Bjargi og Bjargshól.

Eigandi jarðarinnar Efra Núps, óskaði bókað að hann í febrúarmánuði f. á., hefði sent prestinum sjera Magnúsi Andrjessyni á Gilsbakka landamerkjaskrá

[282] Skjal nr. 2(57).
[283] Skjal nr. 4(163).
[284] Skjal nr. 4(164).
[285] Skjal nr. 4(165).
[286] Skjal nr. 2(8).

> þá er hann hefði samið fyrir tjeðri eignarjörð sinni, og óskað góðrar tilhlutunar hans til, að undirskriftir fengust á skrána af hendi Sunnlendinga, er eiga lönd að Núpsheiði, en sjera Magnús hefði endursent honum landamerkjaskrána og jafnframt skýrt honum frá að hlutaðeigendur ekki vildu undirskrifa hana; kveðst hann nú enn á ný, hafa sent landamerkjaskrána suður aptur til undirskriftar með nokkrum breytingum af hans hendi, en skráin væri ókomin til hans enn og gæti hann því ekki látið þinglesa hana. Þá óskaði og nefndur hreppstjóri þess getið að hann sökum ógreinilegra orðatiltæka í landamerkjaskrá þeirri fyrir jörðunni Aðalbóli (með Aðalbreið), sem eigandi tjeðra jarðar, Sigurður Benediktsson hefði samið, ekki hefði viljað vegna eignarjarðar sinnar Núps undirskrifa landamerkjaskrá þessa, og yrði hún því ekki þinglesin að þessu sinni.[287]

Landamerkjabréf Aðalbóls er án dagsetningar en var þinglesið 7. júní 1892:

> Að norðan ræður Haugslækur þar til hann beygist í landnorður, fyrir norðan svo nefndan Sýkishól, þá bein stefna í tvo steina með litlu millibili, er standa á svo kölluðum Bruna og sama stefna austur í Fitjá, þá ræður Fitjá alla leið, þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum, þá bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf fram í rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga, þá vestur hæðir bein stefna í stein merktan L.M. sem stendur á svo kallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra þaðan bein stefna norðan til yfir Gunnarssonvatn vestur norðanvert með Hlíðarvatni beina stefnu vestur heiði og yfir Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávaðavatn, þaðan beina stefnu norður yfir Hraungarða, ofantil yfir Dýjaskurði, beina stefnu fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni, þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá, svo ræður Þorvaldsá ofan í Austurá, þá Austurá að fyr greindum Haugslæk.
>
> Ítök, sem hvíla á Aðalbólseign eru þessi:
>
> Skárastaðir eiga frían upprekstur fyrir hross og fje á Aðalbólsheiði, silungsveiði og grasatekju. Húsafellskirkja á silungsveiði í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra, það er úr tanga, sem gengur sunnan í mitt vatnið, þvert vestur yfir útsuðurhorn

Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurgeir Pálssyni eiganda og ábúanda Skárastaða, Páli Pálssyni og Þórði Jónssyni umráðendum Víðidalstungu, Jóni Magnússyni oddvita í Hálsahreppi, Einari Magnússyni oddvita í Reykholtsdalshreppi, Guðmundi Helgasyni presti í Reykholti, Þorsteini Magnússyni, Guðmundi Sigurðssyni, Þórði Sigurðssyni og Bjarna Þorsteinssyni en fjórir hinir síðastnefndu voru allir hreppsnefndarmenn í Hálsahreppi. Fyrir neðan þessar undirskriftir stendur:

[287] Skjal nr. 2(132) a-b.

Ennfremur eiga allir Austursíðumenn fyrir framan Króksá upprekstur fyrir geldfje sitt og hross á Aðalbólsheiði mót fullri borgun. Einnig á Efranúpskirkja tveggja króka hald á Arnarvatni stóra.[288]

Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls skrifaði undir þetta. Síðan stendur að H. Líndal eigandi Efranúps sé samþykkur framanskrifaðri landamerkjaskrá.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Kirkjuhvammshrepps, Ytri-Torfustaðahrepps og Fremri-Torfustaðahrepps á Aðalbólsheiði, með meiru:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

X. Kirkjuhvammshreppur.

Íbúar Kirkjuhvammshrepps nota einir sem upprekstrarland heimalönd hreppsins, eftir nánari fyrirmælum og niðurröðun hreppsnefndarinnar, hvernig nota skuli, að undanskildum bæjunum, Vatnshóli, Efra- og Neðra-Vatnshorni, Gauksmýri, Múla, Grafarkoti, Vigdísarstöðum, Litla-Ósi og Syðri-Völlum, sem skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði.

XI. Ytri-Torfustaðahreppur.

Allir íbúar Ytri-Torfustaðahrepps austan Miðfjarðarár skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði, en austan Miðfjarðarár skulu allir búendur í Melstaðarsókn eiga upprekstur á Núpsheiði. Aftur skulu Melstaðasóknarmenn vestan Miðfjarðarár eiga upprekstur á Húksheiði.

XII. Fremri-Torfustaðahreppur.

Allir búendur í Fremri-Torfustaðahreppi austan Miðfjarðarár og Austurárdalsbæirnir, skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði. Núpsdalsbúendur skulu eiga upprekstur á Núpsheiði, en allir búendur Vesturárdals, ásamt bæjunum Litlutungu, Spena og Haugi skulu eiga upprekstur á Húksheiði.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson.[289]

[288] Skjal nr. 2(22).

Á sameiginlegum hreppsnefndarfundi Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa, haldinn þann 29. maí 1896, var samþykkt að kaupa Aðalbólsheiði og Núpsheiði. Í fundargerð segir:

> Samþykkt var með öllum atkvæðum, að kaupa Aðalbólsheiði fyrir 1000 Kr. (eitt þúsund krónur) og Núpsheiði fyrir 1200 krónur, og skiptist borgunin milli hreppanna í rjettu hlutfalli við meðaltal fjárfjöldans í hverjum hreppi fyrir sig um næst undangengin 10 ár, þó þannig að Skárastaðir og Neðri Núpur ganga frá; hreppstjórunum var falið á hendur að finna út hið rjetta hlutfall í fjárfjöldanum. En til bráðabyrgða var ákveðið að Aðalbólsheiði yrði borguð með 500 kr. af hverjum hreppi, er sendist með póstferðinni, sem ~~fellur~~ fer til Reykjavíkur næstkomandi júlí, til seljandans Sigurðar Benidiktssonar í ~~Ráðageröi~~ Pálsbæ. En Núpsheiði borgast fyrir fardaga ~~ár~~ 1897.[290]

Með afsalsbréfi dagsettu 27. október árið 1896, afsalaði Sigurður Benediktsson (eigandi Aðalbóls), heiðarlandi Aðalbóls til upprekstrarfélags Miðfirðinga, fyrir 1.000 krónur. Afsalið hljóðar svo:

> Nr. 2100
>
> Samkvæmt kaupsamningi gjörðum að Pálsbæ á Seljanesi 19. júlí þ. á. Gjöri ég með þessu mínu bréfi svofellt AFSAL:
>
> Ég undirritaður Sigurður Benediktsson eignadi jarðarinnar Aðalbóls í Fremri-Torfustaðahreppi innan Húnavatnssýslu afsala upprekstrarfélagi Miðfirðinga heiðarland það sem fylgt hefur nefndri jörð og er merkjalína milli heiðarlands þessa og nefndrar jarðar, lína úr syðri Hestakrókamel við Fitjá beina sjónhendingu í Skriðuhvamm við Austurá.
>
> Núverandi ábúandi á Aðalbóli hefur óskertan rétt til silungsveiði og fuglatekju á hinu afsalaða landi, þá tíð sem hann býr þar, einnig skal það tekið fram, að ekki má íþyngja núverandi ábúendum á Aðalbóli og Aðalbreið með þessu afsali án samkomulags milli ábúenda og þeirra sem afsalið fá.
>
> Afsal þetta framfer öðru leyti að óskertum rétti þriðja manns og að öllu samkvæmt kaupsamningi gjörðum 19. Júlí þ. á. Kaupverðið 1000 kr/eitt þúsund krónur er mér borgað.
>
> Pálsbær, 27. október 1896
>
> Sigurður Benediktsson
>
> Vitundarvottar:
>
> Carl Bjarnason
>
> Jón Ólafsson

[289] Skjal nr. 2(187) a-b.
[290] Skjal nr. 4(60).

> Lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Núpsdalstungu hinn 28. maí 1897, og innfært í afsals- og veðmálabækur sýslunnar.[291]

Á manntalsþingi, höldnu að Núpsdalstungu 28. maí 1897, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Benediktssonar á Pálsbæ, dags. 27. október fyrra ár, fyrir Aðalbólsheiði til handa upprekstrarfélagi Miðfirðinga. Var eftirfarandi fært til bókar í dómabók sýslumanns:

> 2° Afsalsbrjefi Sigurðar Benediktssonar á Pálsbæ dags 27. oktbr. f. á. fyrir Aðalsbólsheiði til handa upprekstrarfjelagi Miðfirðinga fyrir 1000 kr.[292]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[293]

Svar hreppstjóra Ytri-Torfustaðahrepps, dagsett 14. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu hljóðar svo:

> Velborni herra sýslumaður
>
> Viðvíkjandi brjefi yðar dags. 20. f. m. áhrærandi almenninga og afrjettarlönd sem ekki sannanlega hafa tilheirt eða nú tilheira nokkru lögbýli þá vil jeg hjer með tjá yður að hjer í hreppi mun ekki vera um þess háttar að ræða. Almenningar eru hjer eingir og afrjettarlönd þau er hreppurinn notar – sem eru: Aðalbóls og Núpsheiðar – voru keipt fyrir nokkrum árum af eigendum jarða þeirra er þau láu undir.
>
> Ytri-Torfustaðahreppi
>
> Heggstöðum 14. febr. 1920
>
> P. Levi.[294]

Árið 1936 birtist ítarleg samantekt í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* um örnefni á Aðalbólsheiði eftir Benedikt Jónsson á Aðalbóli. Samantektin hljóðar svo:

> Örnefni á Aðabólsheiði
>
> Merki milli Aðalbóls og afréttar er Fanngil (1). Liggur það frá austri til vesturs, ofan í Austurá (2). Er tæpl. klukkutíma-ferð frá Aðalbóli þangað fram. Skammt fyrir sunnan Fanngil er Skriðuhvammur (3); þar hafa leitarmenn haft náttstað til skamms tíma, en eru nú hættir því, fara alla leið ofan-á bæi. Nokkuð fyrir sunnan Skriðuhvamm er klettur i Austurárgili, sem heitir Skúti (4); sunnan við hann er lítið þvergil, sem heitir Skútagil (5); er stutt þaðan fram á Austurárgilsenda. Þar er stór foss í ánni. í kringum gilendann eru hólar, sem einu nafni heita Fosshólar (6). Þaðan er stutt fram að Hávellulæk (7); hann kemur austan-úr Hávelluvatni (8); það er austur-undir Fitjá, ræður hún merkjum milli Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar fram

[291] Skjöl nr. 4(94) og 5(11).
[292] Skjal nr. 2(172) a-b.
[293] Skjal nr. 4(3).
[294] Skjal nr. 4(6).

að Geiraldsgnýpu (9); þaðan sjónhending í Réttarvatnstanga. Norðaustan við Hávelluvatn er Hávelluvatnshóll (10). Fyrir norðvestan vatnið, þar sem hálsinn er hæstur milli Fitjár og Austurár, er mikið af stórum steinum. Heitir þrið Hraun (11). Sunnan og vestan við Hávelluvatn eru grasflár miklar, ófærar með hesta, ná þær suður að Biskupsási (12). Liggur vegurinn eftir honum fram að Arnarvatni. Nokkuð fyrir sunnan ásinn er lítið vatn með hólma í, sem heitir Sjömannavatn (13); Sjömannaflá (14) er við suðausturhornið á vatninu. Fyrir austan flána er Fitjárvatn (15); rennur Fitjá í gegnum það. Að sunnanverðu við vatnið er Fitjárvatnshóll (16). Fyrir sunnan og vestan vatnið eru urðarásar; þar eru tveir stórir steinar með litlu millibili, sem heita Kjálkasteinar (17), syðri og ytri. Þar er hálfnað frá Aðalbóli að Arnarvatni. Frá Kjálkasteinum er rúm klukkutíma-ferð suður að Geiraldslæk (18). Hann kemur austanaf Stóra-sandi og rennur ofan í Austurá. Skammt fyrir sunnan það, sem lækurinn fellur í ána, er strýtumyndaður hóll, sem heitir Geiraldshaugur (19). Fyrir sunnan hann er Stórhóll (20); hann er líka við Austurá. — Fyrir sunnan Kjálkasteina er vond urð, sem sumir

kalla Þraut (21). — Vettlingshóll (22) er að norðanverðu við Geiraldslæk, þar sem vegurinn liggur yfir hann. — Þar fyrir suðaustan er lón í lækinn, sem heitir Tangalón (23). Fyrir vestan það er melhryggur, sem vegurinn liggur eftir. Að vestanverðu við hrygginn er Krókatjörn (24). Sunnar í Geiraldslæk heitir Stóra-lón (25); vestan við það er Vonda-flá (26). Geiraldslækur kemur þar austan-að; heitir Nýpupollur (27) lón í honum stutt fyrir neðan Nýpurnar. Nýpur (28) heitir einu nafni svæðið frá Fitjá að norðan og fram að Atlalæk (29). Geiraldsgnýpa er norðust. Atlalækur kemur úr Valdavatni, sem er á Víðidalstunguheiði, og rennur ofan í Arnarvatn. Norðan-við Nýpupoll er Nýpupollshóll (30). Fyrir norðaustan hann er Bugatjörn (31); úr henni rennur Bugalækur (32) fyrir vestan Geiraldsgnýpu norður í Fitjá; þar heita Fitjárbugar (33), sem lækurinn fellur í ána. Framarlega i Austurá er Neðra-Þúfulón (34); þá Efra-Þúfulón (35) framar; næsta lón þar fyrir framan er Langa-lón (36), svo er Litla-Arnarvatn (37), sem er líka lón í Austurá; við norðausturhornið á því eru Skálamóar (38). Frá Litla-vatninu að Arnarvatni stóra (39) eru ca. 50 m., þar sem það er stytzt. Riminn á milli vatnanna heitir Grandi (40); austarlega á honum, á Stóra-Arnarvatns-bakkanum, er steinn, sem heitir Strákur (41). Nokkru austar er Skálavík (42); að austanverðu við hana er Skálatangi (43); þar er leitamannakofi. Beint norður frá honum er Hnúfabak (44); það er stór hæð, sem er mjög víðsýnt af. Fyrir norðvestan það er Tjaldhóll (45). Nokkru fyrir austan skálatanga við Arnarvatn er Djúpa-vík (46); austar er Atlavík (47); i henni er Atlavíkurhólmi (48). Fyrir sunnan Atlalæk er berghöfði, sem heitir Grettishöfði (49). Fyrir sunnan höfðann eru Grettistóftir (50). Fyrir neðan þær er Grettistangi (51); gengur hann vestur í Arnarvatn. Fyrir sunnan Grettistanga er Búðará (52); hún kemur austan af Stóra-sandi. Suðausturhornið af Arnarvatni heitir Skammárvík (53). Á víkinni er hólmi, sem heitir Landeyja (54). Skammá (55) kemur úr Réttarvatni (56) og rennur ofan í Arnarvatn. Við hana er sæluhús. Réttarvatn er suðaustur af

Arnarvatni; austur i það gengur tangi, sem heitir Réttarvatnstangi (57). Þar er fjárrétt Draga þar í sundur fé sitt á hverju hausti Miðfirðingar, Víðdælingar og Borgfirðingar. Vestur-undan Grettistanga eru hólmar í Arnarvatni; þeir heita einu nafni Eyjar (58). Hjá þeim lágu, að sögn, net Grettis, er hann synti eftir þeim. Suðvestur-hornið af Arnarvatni heitir Sesseljuvik (59). Fyrir norðan Sesseljuvik er Grunnavík (60). Þar fyrir norðan rennur Austurá úr Arnarvatni. Fyrir suðvestan Arnarvatn er Svarta-hæð (61); á henni er steinn, merktur með L. 11. Þar eru landamerki milli Miðfirðinga og Borgfirðinga. Allt landið milli Austurár og Fitjár og frá Aðalbóls-heimalandi fram að Arnarvatni er kallað einu nafni Kjálki (62). Fyrir norðvestan Svörtu-hæð er Gunnarssonavatn (63). Eru gömul munnmæli, að þar hafi bræður tveir veitt silung með öfugum uggum, borðað hann og dáið af. Úr vatninu rennur Gunnarssonalækur (64) norður í Strípalón (65); þau eru mörg og rennur Strípalónalækur (66) á milli þeirra og fellur ofan í Úlfsvatn. Þar heitir hann Gilsbakkaá. Hún er í Borgfirðingaleitum. Austasta Strípalónið heitir Grandalón (67). Mjótt eyði er á milli austustu lónanna, sem heitir Grandi (68). Þá vestra Grandalón (69), Tangalón (70), Austara-Þórhalls-lón (71), Vestara-Þórhalls-lón (72). Við lónin er skálatóft, sem heitir Lónaborg (73). Þar lágu varðmenn heilt sumar til þess að fé Húnvetninga og Borgfirðinga gengi ekki saman, svo fjárkláðinn bærist ekki norður. Að norðanverðu við lónin eru stórgrýttar hæðir; heita þær Hraungarðar (74). Ná þær vestur í Hrútfirðingaleitir. Fyrir austan þá er Skálatjörn (75). Fyrir sunnan og austan hana er strýtumyndaður hóll, sem heitir Ketilsstapi (76). Norðan við Hraungarða er Hólmavatn (77); úr því rennur Syðri-kvísl (78). Fyrir austan Hólmavatn er hóll, sem heitir Stórhóll (79), en fyrir norðan það er Dyshóll (80). Fyrir norðan Dyshól er Ytri-kvísl (81). Í henni er lítið tón, sem heitir Kvikandi (82), Þar er oft mikill silungur á haustin, og er nafnið komið af því. Á kvíslarbakkanum að norðan er Halldórshóll (83). Hornmerki að sunnan milli Aðalbólsheiðar og Núpsheiðar er Hávaðavatn (84). Renna Strípalón í það; heita svo Gilsbakkaá, þegar þau renna úr því. Úr Hávaðavatnsósi eru merkin beint norður yfir Hraungarða, um Fjölvörður (85) sjónhending í Þorvaldsvatn (86). Úr því rennur Þorvaldsá (87) í Austurá. Skammt fyrir sunnan Aðalbreið, sem er fremsti bær í Austurárdal, þar sem árnar koma saman, heitir Ármótsbjarg (88). Framarlega við Þorvaldsá er hár hóll, sem heitir Kast[a]li (89). Neðar með ánni að austan er Kaplabeinsurð (90). Fyrir norðaustan Dyshól eru margir hólar saman, sem heita Þormóðshólar (91). Norðvestur af þeim er lítið vatn, sem heitir Hólmavatn ytra (92). Norður af því er Tungukollur (93). Þaðan sést

norður til bæja og suður á leitamörk. Fyrir sunnan og austan Tungukoll er lón i Austurá, sem heitir Neðsta-lón (94). Kringum það eru Neðsta-lóns-hólar (95); fyrir framan það er annað lón í Austurá, sem heitir Stokkalón (96); í kringum það heita Stokkalónshólar (97). Á móti Skriðuhvammi er lítill hóll; er sjálfgert byrgi upp á honum; heitir það Lambabyrgi (98). Það eru stórir steinar, sem hallast hver upp að öðrum, og er hægt að skríða undir þá. Þar hefir grasafólk stundum legið. Austan við Ármótsbjarg er lítið þvergil, sem

heitir Klauf (99); fyrir sunnan Klaufina, uppi á tungunni, er Brunkuhóll (100). Venjulega er allur vesturhluti heiðarinnar, frá Austurá að Þorvaldsá, kallaður Tunga.

Benedikt Jónsson.[295]

Þann 29. apríl árið 1947 seldu og afsöluðu bræðurnir Benedikt og Guðmundur Sveinssynir jörð sinni Bjargarstöðum ásamt veiðiréttindum og beitilandsréttindum á Arnarvatnsheiði, til þeirra Karls Jónssonar og Jóns Brynjólfssonar. Kaupverðið var 15 þúsund krónur. Gjörningnum var þinglýst á manntalsþingi höldnu að Núpdalstungu þann 26. ágúst sama ár.[296]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir svo um leitarlönd Miðfirðinga, þar á meðal Aðalbólsheiði:

Leitarlönd Miðfirðinga er norðurhelmingur Tvídægru, grösug, fremur sléttlend og með óteljandi vötnum. Takmarkast þau að vestan af leitarsvæði Hrútfirðinga, en markalínan þar er frá heimalöndum, um Sléttafell og suður á leitarmörk Norðlendinga og Borgfirðinga. Að austan eru leitarsvæði Víðdæla, og er Fitjá þar markalínan suður í Fitjárdrög, og þaðan liggja mörkin suður í Arnarvatn hið stóra.

Leitarsvæði þetta skiptist í þrennt: Húksheiði vestast, Núpsheiði í miðið og Aðalbólsheiði austast. Liggja heiðar þessar fram af Miðfjarðardölunum þremur töldum í sömu röð: Vesturárdal, Núpsdal og Austurárdal.[297]

Páll Kolka, lýsir Aðalbólsheiði með eftirfarandi orðum, árið 1950:

Aðalbólsheiði, sem áður var kölluð Lambatungur, er mjó, nær aðeins milli Fitjár og Austurár, sem kemur úr Arnarvatni. Þá tekur við Núpsheiði, vestur að Núpsá. Í Austurá rennur að vestan Þorvaldsá úr Þorvaldsvatni og í tungunni milli þeirra er fellið Tungukollur.[298]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtún* árið 1950. Þar segir svo:

Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og

[295] Benedikt Jónsson, „Örnefni á Aðalbólsheiði“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, (1936), bls. 125-127.
[296] Skjal nr. 4(150).
[297] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 23.
[298] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 433.

> Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[299]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962, segir eftirfarandi í lýsingu á einstökum vötnum:

> *Arnarvatn Stóra*. Það er mestallt á Aðalbólsheiði, en Víðdælingar eigna sér austustu víkur þess, og Arnarvatnshæðir takmarka það að sunnan. Það er stærsta vatnið á heiðunum og líklega langbezta veiðivatnið.[300]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962, segir Benedikt Jónsson á Aðalbóli svo frá merkjum milli Núpsheiðar og Aðalbólsheiðar:

> Merki milli Núpsheiðar og Aðalbólsheiðar.
>
> Haft eftir Benedikt Jónssyni á Aðalbóli.
>
> Merkin eru í norður frá Hávaðavatni, ofan til við Dýjaskurði í suðvesturhornið á Þorvaldsvatni, svo ræður Þorvaldsá, þangað til hún rennur í Austurá skammt fyrir sunnan Aðalbreið.[301]

Um merkin milli Aðalbólsheiðar og Víðdalstunguheiðar, ásamt norðurmörkum Aðalbólsheiðar, segir eftirfarandi í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962:

> Merki milli Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar, ásamt norðurmörkum Aðalbólsheiðar.
>
> Úr réttarvatnstanga eru merkin í sjónhending um hánípur í Geiradalsgnípum, og þaðan í Fremstakrók í Fitjá. Þa ræður Fitjá norður undir Hestakróka, og þar mun vera norðausturhorn Aðalbólsheiðar. Þaðan eru merkin beint í vestur í Fanngil, svo í Austurá skammt fyrir sunnan núvernadi heiðargirðingu.
>
> Á Aðalbólsheiði eiga Húsfellingar allan veiðirétt í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra.[302]

Um skiptingu heiðarlanda í Húnavatnssýslu, frá landnámi fram undir aldamótin 1900, segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962:

> Frá því á landnámsöld og fram undir síðustu aldamót [1900] skiptust heiðarlöndin milli fárra bæja, sem voru næstir þeim. Norðurheiðarnar bera nöfn þeirra bæja, sem áttu þær. Austan við afrétt Hrútfirðinga er Húksheiði, hún ber nafn af Húki í Vesturárdal; þá kemur Núpsheiði, hún ber nafn af Efranúpi í Núpsdal; þá kemur Aðalbólsheiði, sem er kennd við Aðalból í Austurárdal; þá Víðidalstunguheiði, kennd við Víðidalstungu í Víðidal, og síðast Haukagilsheiði og Grímstunguheiði, kenndar við Haukagil og

[299] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.
[300] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 105.
[301] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 121.
[302] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 121.

> Grímstungu í Vatnsdal. Arnarvatnsheiði alla átti Kalmanstungubóndinn allt til 1884.[303]

Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Aðalbólsheiði. Eignarheimild er sögð afsal frá 27. okt. 1896. Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

> Að austan: Fitjaá ræður frá syðri Hestakrókamel alla leið þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum. Þá ræður bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf, fram í Réttarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga og er það hornmerki heiðarinnar að austan og sunnan.
>
> Að sunnan: Úr Fjársundurdráttartanga vestur hæðir, bein stefna í stein merktan L.M., sem þýðir landamerki og stendur hann á svokallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra. Þaðan ræður bein stefna norðan til yfir Gunnarssonavatn vestur í Hlíðarvatn að norðan, þaðan bein stefna vestur heiði og yfir Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavatn og er það hornmerki heiðarinnar að sunnan og vestan.
>
> Að vestan: Frá Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavatn ræður bein stefna norður yfir Hraungarða, ofan til yfir Dýjaskurði og bein stefna fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni og þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.
>
> Að norðan: Úr fremri ósnum á Þorvaldsá ræður Þorvaldsá ofan í Austurá. Þá ræður Austurá að Skriðuhvammi. Frá Skriðuhvammi ræður bein lína í áðurnefndan syðri Hestakrókamel við Fitjaá og er það hornmerki Aðalbólsheiðar að norðan og austan.[304]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[305] Ekkert svar barst frá sveitarstjórnum Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa vegna fyrirspurnarinnar.

Árið 1989 lýsir Aðalbjörn Benediktsson staðháttum á Aðalbólsheiði svo, í ritinu *Húnaþing* III,:

> Aðalbólsheiði liggur að Víðidalstunguheiði að austan, móti afrétt Borgfirðinga að sunnan en öll þessi afréttarsvæði eiga land að Réttarvatni.
>
> Að vestan er Núpsheiði en norðurmörkin eru við heimalönd Aðalbóls, Bjargarstaða og Efra-Núps.
>
> Nálægt suðurmörkunum er mikill vatnaklasi. Syðst og austast er Réttarvatn þá Arnarvatn stóra og Litla-Arnarvatn norður af því. Vestur af Arnarvatni stóra er Gunnarssonavatn og þar vestar Hlíðarvatn.

[303] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 52.
[304] Skjal nr. 4(9).
[305] Skjal nr. 4(10).

> Mörg lón með samheitið Strípalón eru í lægð norðan Gunnarssonarvatns er liggur til vesturs. Skulu nefnd Grandalón og Þórhallarlón en milli þeirra rennur Strípalónslækur allt til Hávaðavatns og þaðan með örum nafnabreytingum til Borgarfjarðar. Hólmavatn er norðan Strípalónalækjar, skammt vestan gamla vegarins inn að vötnum, úr því fellur Syðri-Kvísl til Vesturár.
>
> Um miðja heiðina eru ekki stór vötn en sunnan Tungukolls er Þorvaldsvatn. Landið milli Austurár og Fitjár kallast Kjálki. Norðan miðju hans er Fitjárvatn en norður af því Hávelluvötn.
>
> Afrennsli Réttarvatns, Skammá, fellur til Arnarvatns stóra en þaðan Austurá í Litla-Arnarvatn og norður heiði um Austurárdal til Miðfjarðar.
>
> Fitjá er á mörkum Aðalbóls- og Víðidalstunguheiðar þegar norðar kemur á heiðina. Hún fellur um Fitjárvatn og til Víðidals. Þorvaldsá kemur úr samnefndu vatni og sameinast Austurá skammt sunnan Aðalbreiðar.[306]

Árið 1989 skrifar Aðalbjörn Benediktsson m.a. eftirfarandi um eignarhald. landkosti og nýtingu á Aðalbólsheiði, í ritinu *Húnaþing* III,:

> Gróður er kjarnmikill og afrétturinn æði mikið verðmæti, þótt eigi sé við annað miðað en sumarbeit búpenings.
>
> Öll heiðin var í eigu Aðalbóls a.m.k. frá því um 1700 en þá voru málaferli milli Aðalbóls og Hreiðarsstaða, sem nú er í landi Bjargarstaða, um Lambatungu, það er landið vestan Austurár að mörkum Núpsheiðar.
>
> Dómur í málinu gekk Aðalbóli í hag. [...]
>
> Skömmu fyrir aldamótin [1900] var heiðin seld Torfustaðahreppum [þ.e.a.s. þeim Ytri og þeim Fremri] fyrir 1.000 krónur. Þætti það skikkanlegt verð ef heimfært yrði á núverandi [1989] verðgildi krónunnar. Seljandi var Sigurður Benediktsson, barnlaus maður er flutti til Ameríku. Síðan hefur Upprekstrarfélag Miðfirðinga nytjað heiðina með hefðbundnum hætti til sumarbeitar sauðfjár og hrossa en dæmi eru til að menn hafi rekið hross upp aftur að loknum göngum eða einhvern tíma að vetrinum, þó ekki á síðustu árum.[307]

5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.3.1.1 Aðalból

Elsta heimild sem getur um Aðalból er máldagi Efranúpskirkju (Gnúpskirkju) frá árinu 1318 en samkvæmt honum var þá bænhús á Aðalból sem lá til Gnúpskirkju.[308]

Landamerkjabréf Aðalbóls er án dagsetningar en var þinglesið 7. júní 1892:

[306] Aðalbjörn Benediktsson, „Aðalbólsheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 226-227.
[307] Aðalbjörn Benediktsson, „Aðalbólsheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 229.
[308] Skjal nr. 2(184).

> Að norðan ræður Haugslækur þar til hann beygist í landnorður, fyrir norðan svo nefndan Sýkishól, þá bein stefna í tvo steina með litlu millibili, er standa á svo kölluðum Bruna og sama stefna austur í Fitjá, þá ræður Fitjá alla leið, þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum, þá bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf fram í rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga, þá vestur hæðir bein stefna í stein merktan L.M. sem stendur á svo kallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra þaðan bein stefna norðan til yfir Gunnarssonvatn vestur norðanvert með Hlíðarvatni beina stefnu vestur heiði og yfir Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávaðavatn, þaðan beina stefnu norður yfir Hraungarða, ofantil yfir Dýjaskurði, beina stefnu fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni, þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá, svo ræður Þorvaldsá ofan í Austurá, þá Austurá að fyr greindum Haugslæk.
>
> Ítök, sem hvíla á Aðalbólseign eru þessi:
>
> Skárastaðir eiga frían upprekstur fyrir hross og fje á Aðalbólsheiði, silungsveiði og grasatekju. Húsafellskirkja á silungsveiði í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra, það er úr tanga, sem gengur sunnan í mitt vatnið, þvert vestur yfir útsuðurhorn vatnsins.[309]

Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurgeir Pálssyni eiganda og ábúanda Skárastaða, Páli Pálssyni og Þórði Jónssyni umráðendum Víðidalstungu, Jóni Magnússyni oddvita í Hálsahreppi, Einari Magnússyni oddvita í Reykholtsdalshreppi, Guðmundi Helgasyni presti í Reykholti, Þorsteini Magnússyni, Guðmundi Sigurðssyni, Þórði Sigurðssyni og Bjarna Þorsteinssyni en fjórir hinir síðastnefndu voru allir hreppsnefndarmenn í Hálsahreppi. Fyrir neðan þessar undirskriftir stendur:

> Ennfremur eiga allir Austursíðumenn fyrir framan Króksá upprekstur fyrir geldfje sitt og hross á Aðalbólsheiði mót fullri borgun. Einnig á Efranúpskirkja tveggja króka hald á Arnarvatni stóra.[310]

Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls skrifaði undir þetta. Síðan stendur að H. Líndal eigandi Efranúps sé samþykkur framanskrifaðri landamerkjaskrá.

Þann 8. nóvember 1903 seldi og afsalaði Guðjón Sigurðsson á Óttarstöðum í Garðahreppi, Jóni bónda Benediktssyni á Aðalbóli hálfa jörðina Aðalból í Fremri-Torfustaðahreppi, að fráskildu nýbýlinu Aðalbreið. Afsali var þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu 1. júní 1904.[311]

Þann 17. febrúar 1907 seldi Guðjón Sigurðsson á Óttarstöðum, Jóni G. Benediktssyni bónda á Aðalbóli hálfa jörðina Aðalból, ásamt allri hjáleigunni

[309] Skjal nr. 2(22).
[310] Skjal nr. 2(22).
[311] Skjal nr. 4(102).

Aðalbreið, á 2.000 krónur. Afsal var gefið út sama dag og því þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 27. maí sama ár.[312]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Aðalból:

> Jörðin á rétt til upprekstur á afrétt sveitarinnar. [...] Landamerki: Að vestan ræður Austurá, að norðan Haugslækur meðan endist og þá sama stefna til Fitjaár. Að sunnan eru merki úr Austurá eftir Fanngili, beint austur í Fitjaá, ræður hún svo merkjum að austan.[313]

Þann 19. ágúst 1951 seldi og afsalaði Jón G. Benediktsson á Aðalbóli eignarjörð sinni „hálfu Aðalbóli“ til Aðalbjörns Benediktssonar sama staðar fyrir 7.000 krónur. Jörðin var seld í því ástandi sem hún var í „með byggingum gögnum og gæðum“ en engum takmörkum eða landamerkjum lýst. Kaupsamningi og afsali þinglýst 13. ágúst 1952.[314]

5.3.1.2 Skárastaðir

Í vitnisburðum frá árinu 1588 kemur fram að Ólafur biskup hafi sett eyðijörðina Skárastaði undir Aðalból og skyldi hún leigjast með Aðalbóli upp frá því. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

[1588]

> Ex Originali.
>
> Þad medkenne eg erlendr prestr þorgrims. ad biskup heitin Olafr kallade mig til vitnisburdar a stadarbacka þa hann reid i sina visitatie vm haustid. lysti hann þui ad syra Jon heitin guend. hefdi feingit sier jordina skarastadi og þessa eydejord sette hann þa med adalbole og jordin adalboll skilldi byggiast fyrer xxx c. vp fra þui. Vissa eg ad su eydeiord var alldre vndir adalbole up fra þui eg kom hier i þessa sueit og til þess biskup Olafr giordi þessa skipan. skrifat a mel i midfirde þridia dag páska þar vid bordit mo[r]gum mönnum hiaverande. 1588.
>
> Þad medkienne eg sigurdr sigurdzson ad eg bio a adalbole i xv ar og var su iord skarastadir þa alldre bygd med adalbole i oll þau ar. helldr eignade sier hana syra Jon heitin guendzson sem bio i vestrhopsholum. skrifat i sama stund og stad sem hier adr greinir.
>
> Hier vm ber vitne brefa bok herra Olafs hialltasonar. hann fær i burt eidi kot domkirkiunnar austur a öræfum, Raghilldi modur Jngvelldar sem atti syra högne heitinn og þar fær herra Olafr domkirkiune fyrer skarastadi og seigist þa keypt hafa af Syra Jone guendzsyne.
>
> gudbrandur Thorlakss.[315]

[312] Skjal nr. 4(103).
[313] Skjal nr. 2(62).
[314] Skjal nr. 4(148).
[315] Skjal nr. 4(199) a-b.

Skárastaðir, eru sagðir vera 6 hundruð að dýrleika, og hluti af jörðinni Aðalbóli árið 1705. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir að Skárastaðir eigi lambaupprekstur fyrir toll í Lambatungur „sem nú eru eignaðar Aðalbóli eftir dóminum“.[316]

5.3.1.3 Aðalbreið í Austurárdal

Ekki er getið um jörðina Aðalbreið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 yfir Húnavatnssýslu[317] enda byggðist jörðin ekki fyrr en einhvern tíma skömmu fyrir 1860 samkvæmt manntölum.[318]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Aðalbreið í Austurárdal:

> Jörðin á rétt til upreksturs á afrétt sveitarfélags. [...] Jörðin liggur við afrétt [...] Sameiginlegt land með þessari jörð og Aðalbóli.[319]

Landamerkjabréf fyrir Aðalbreið í Austurárdal hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

5.3.1.4 Bjargarstaðir

Árið 1392 seldi Eyrný Ólafsdóttir, Sighvati Ásgrímssyni jörðina Bjargarstaði í Miðfirði. Í vitnisburði um kaupin, dags. 17. apríl sama ár, kemur fram að Hreiðarstaðir séu skyldir frá við kaupin og landamerkin tilgreind. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> [...] varo mer j hia sam oc heyrdum a handaband þeirra eyrniar olafsdotor oc siguatz asgrimssonar at hun fek honum iordina at biargastodum til eignar. lysti fyrnefnd eyrný at kirkian at reykium j fyrnefndom stad [þ.e. í Miðfirði] ætti oc att hefdi at fornu jord þar firir sunnan biargastadi er hreidarstader heita. skilldi hun þa fra oc akueddi landamerki firir sunan gardin biargastada [svo] at lækr ein redi. af skilldi hun fy[r]nefndom siguatti þa iord oc oll gædi þau er fyrnefndri jord hreidarstodum fyllgdi. sagdi hun fyrnef[n]drar kirkiunnar iord vera suder att annarr uattni. munum mer þetta sueria ef þurfua þikkir. Ok til sannynda her vm settom wer fy[r]nef[n]dir men var jnsigli firer þetta bref er gert var a fiorda dag paska j stad degi oc ari sem fyr seghir.[320]

Árið 1450 féll dómur sex presta og sex leikmanna, útnefndur af Jóni ábóta á Þingeyrum prófasti á milli Vatnsdalsár og Hrútafjarðarár, í máli þeirra feðga Þorvarðs

---

[316] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 71-72.
[317] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla.
[318] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Leitarforsendur: „Aðalbreið“ og „Húnavatnssýsla.“ Aðalbreið er komin í byggð 1860, þá búa þar níu manns, en kemur ekki fram í næsta manntali þar á undan 1855.
[319] Skjal nr. 2(62).
[320] Skjal nr. 2(226) Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telji að orðið *annarr* sé fals: „því hér var skafið út úr frumbréfinu og þetta sett í staðinn. Páll Vídalín hefur skýrt Árna Magnússyni frá því, að Jón Arason á Mýrum við Hrútafjörð, sem dó 1706 hafi sagt, að menn héldi að hér ætti að vera Hara- eða Aravatn, en Árni segir það geti ekki verið, því að eyðan sé stærri. Páll getur upp á Ketilvatn, en það er líka ofstutt, segir Árni, nema það hafi heitið Ketilbjarnarvatn. Þetta fals er gert mjög snemma og er eflaust eldra en 1449.“ Einnig skjal nr. 4(200).

Ólafssonar og Ólafs sonar hans af einni hálfu, en af annarri hálfu Eiríks Marteinssonar. Dómsmenn dæma jörðina Hreiðarstaði óbrigðilega eign kirkjunnar á Reykjum í Miðfirði. Eiríkur hafði að þeirra dómi haldið Hreiðarstaði ólöglega. Fram kemur að Ólafur hafi einhverju áður keypt jörðina á Bjargarstöðum.[321]

Hinn 29. apríl 1452 felldi Jón ábóti á Þingeyrum, með ráði tveggja presta og þriggja leikmanna, úrskurð um landamerki milli Hreiðarstaða og Bjargastaða í Austurárdal en úrskurður þessi kom í kjölfar dómsins frá 1450. Úrskurðurinn hljóðar svo:

> Ver broder jon med guds nadh aboti a þingeyrum ok officialis heilagrar holakirkio giorum godum monnum viturligt med þesso voru opnu brefi at þann tima sem vier ridum til iardaskipptis i millum hreidarstada sem dæmd hafdi verit eign kirkionar ath reykiom j midfirdde ok biargastada er liggia j austurárdal er eirekur marteinssn hafdi at hallda er fyrir hafdi verit stefndr fyrr greinda kirkio jord hreidarstade nefnda ek til med mier at setia landamerki j mille adurgreindra jarda þessa goda menn hall finzson. jon gudmundzson. presta. þostein jonssn. gunlaugur hallzon. nicholas biarnnason. leikmenn. Jn primis gerdum vær jordunne a hreidarstodum ok kirkionne a reykiom til eignar jord ut at diupagilde þui er kallat er hreidarstadagil og sionhending vpp or gile þui til moz vid efra nup ok suo langt fram sem þetta domsbref sem hier er vid fest utvisar. Jtem giordum vær tolf alna abata vpp a huertt ar þeirra fiogurra er eirekur medkendiz at hann hefdi halldit framan til þess er domr fiell á j vörovirdum penningum at næstum fardaugum [...].[322]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 kemur fram að Bjargarstaðir séu 12 hundraða jörð að dýrleika í eigu Hóladómkirkju. Um afréttarmál segir eftirfarandi í sömu heimild:

> Lambaupprekstur í Lambatúngur fyrir toll.[323]

Landamerkjabréf Bjargastaða var útbúið 2. júní 1890 og þinglesið tveimur dögum síðar:

> Suður- og austur- hornmerki jarðarinnar er grjóthóll við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali, frá honum ræður bein lína móti Efranúps landi norður hálsinn í Merkjavörðu, frá Merkjavörðu ræður sjónhending út á Steinheiði í svo kallaða Bræður, frá Bræðrum er bein lína í vörðu á Steinheiði, þessi varða er norður- og vestur- hornmerki milli Bjargastaða og Hnausakots, úr vörðu þessari ræður bein sjónhending merkjum áður greindra jarða austur í Toppstein, hann er merktur L.M., frá steinunum ræður sama lína í vörðu utan-vert við Reiðhól, úr vörðu þessari er bein sjónhending í syðri enda Svarthamars við Austurá, þá ræður austasti farvegur Austurár, þar til

[321] Skjal nr. 2(77).
[322] Skjal nr. 2(166).
[323] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls.67-68.

> Þorvaldsá fellur í hana, þaðan ræður Þorvaldsá fram að áður greindum Kastala.[324]

Benedikt Jónsson eigandi og umráðamaður Bjargastaða skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Hirti Líndal eiganda og umráðamanni Efranúps og Hnausakots.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Bjargarstaði:

> Á rétt til upprekstur á afrétt sveitarfélags. [...] Landamerkjaskrá er til, samin 1891.[325]

Þann 29. apríl árið 1947 seldu og afsöluðu bræðurnir Benedikt og Guðmundur Sveinssynir jörð sinni Bjargarstöðum ásamt veiðiréttindum og beitilandsréttindum á Arnarvatnsheiði, til þeirra Karls Jónssonar og Jóns Brynjólfssonar. Kaupverðið var 15 þúsund krónur. Gjörningnum var þinglýst á manntalsþingi höldnu að Núpdalstungu þann 26. ágúst sama ár.[326]

5.3.1.5 Hreiðarstaðir

Árið 1392 seldi Eyrný Ólafsdóttir, Sighvati Ásgrímssyni jörðina Bjargarstaði í Miðfirði. Í vitnisburði um kaupin, dags. 17. apríl sama ár, kemur fram að Hreiðarstaðir séu skyldir frá við kaupin.[327]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705 segir m.a. eftirfarandi um Hreiðarstaði:

> **Hreidarstader.** Bygð úr auðn fyrir 30 árum [árið 1675]. [...].
>
> Eigandi jarðarinnar er hálfkirkjan að Reykjum í Miðfirði, og heyrir því hálf jörðin til kóngl. Majestat en hálft proprietario að Reykjum, sem er Steinunn Ellendsdóttir, egtakvinna klausturhaldarans Þórðar Þorleifssonar að Kirkjubæjarklaustri. [...].
>
> Afrjettur sá hefur þessari jörðu eignaður verið, sem Lambatúngur heitir, og þó ekki átölulaust; næstumliðið vor gekk þar dómur yfir og var þá afrjetturinn dæmdur frá Hreiðarstöðum undir stólsjörðina Aðalból.
>
> Fjárupprekstur er í Lambatúngur, jafnvel þótt Aðalból eftir dóminum behaldi þeim afrjett, þá sýnist ei örvænt að kotið Hreiðarstaðir líði so mikinn átroðníng af afrjettarfjenu, að það muni tollfrí verða.[328]

Landamerkjabréf fyrir Hreiðarsstöðum hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

5.3.1.6 Efri-Núpur

Landamerkjabréf Efra-Núps var útbúið 28. maí 1892 og þinglesið 7. júní sama ár:

[324] Skjal nr. 2(10).
[325] Skjal nr. 2(62).
[326] Skjal nr. 4(150).
[327] Skjal nr. 2(226) og 4(200).
[328] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 68-69.

> […] Frá Merarhornum ræður bein lína fram Steinheiði í þrjá steina, sem nefndir eru Bræður ræður bein lína fram hálsinn í Grjóthól við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali, hann er hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar og jarðarinnar Bjargastaða. Frá Kastala ræður bein lína vestur á Kvíslavatnsás í stein, sem merktur er L.M. steinn þessi er hornmerki heimalandsins að sunnan og vestan milli Þverár […]
>
> Samkvæmt gömlum máldrögum og nýgjörðum samningum eru ítök þessi:
>
> 1. Efrinúpur á samkvæmt vísitatíu Steingríms biskups skólagjörð tveimur mönnum við Arnarvatn. Eða rúm í skála þar og eldivið sem þarf, og tveggja króka hald í vatni. […][329]

Hjörtur Líndal, eigandi Efra-Núps og Hnausakots, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Jónssyni eiganda Fosskots, Stefáni Sveinssyni eiganda Dalgeirsstaða, Jósefínu Jósefsdóttur eiganda Þverár í Núpsdal, Guðfinnu Jónsdóttur eiganda Núpdalstungu, Jóni Jónssyni eiganda Torfustaða, Jóhanni Ásmundssyni eiganda Haugs, Sesselju Ingibjörgu Jónsdóttur eiganda Bjargarstaðalands og Jóni Hafliðasyni eiganda Neðranúps. Tvö þau síðustu handsöluðu samþykki sitt.

[329] Skjal nr. 2(9).

5.4 Efranúpsheiði

Þann 9. september árið 1448, seldi Hrafn Jónsson Þorsteini Jónssyni, nokkrar jarðir í Húnaþingi. Á meðal þeirra var Efri-Núpur í Núpsdal. Tilgreind voru ítök og landamerki. Kaupbréfið er svohljóðandi:

> Øllum monnum þeim sem þetta brief sia edur heira senda skule loptsson. torfe arason. biorn amundason. olafur grijmsson. are bessason. og olafur Einarsson kuediu gudz og sijna kunnigt giorande. ad þa er lidid var fra hijngadburd vors herra Jesu christi þusund fiogur hundrud fiorutiju og atta ar. ad vier vorum þar i hia saum og heirdum a. a þijngeyrum i hunavatnsþijnge manudagenn næsta eptir mariumessu ena sijdare. ad þeir toku hondum samann af eirnre alfu Þorsteinn Jonsson. enn af annare Hrafn Jonsson. ad so firer skilldu. ad adur nefndur Hrafn sellde firrnefndum Þorsteine. med fullu handabande. jordina Efra nup j nupsdal. med ollum þeim gognum og giædum er jordenne hefur filgt ad fornu og nýu og hann vard fremst eigandi ad. med so felldum ummerkium. itokum og kirkiugotsum sem hier seigir. torfskurd i nedra nups jord so sem þarf. og tueggia manada beit ollum innefienade. Enn nupur (aa) i mote gelldfiar rekstur framm a onundarfitiar og huannskurd og grasalestur. landamerke mille nupanna. rædur asholzgil nedann ur nupsá. og vppi maratiorn. þadann og yfir i nupsvatn. og so til fialls. firir austann nupsá rædur riupnadæl og riettsyne vpp i merarhamra og so eptir steinheide og framm i brædur. so riettsýne austur i kastala. þa rædur þorvalldzá framm j þorvalldzvatn. so til motz vid adalbool. og so sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn. þadan j austurfloa. og so ofan a Önundarfitiar og galltarsel. Riettsyne heim i nupsvatn. og hier til fiorar jardir er so heita þuera. nialstader. dadastader og bardastadir. og hier til kirkiugots so mikil sem hier seigir. jordina tungu firir tolf hundrud j nupsþijngum. tuær kyr og tuo asaudar kugillde. tuo hross gomul. og fimm hundrada reka a enne i bitru. Enn hier j mot gaf firrnefndur þorsteirn tuttugu hundrada jord j hunavatnsþijnge. tiju kugillde og tiju hundrud j fullum aurum þrattnefndum Hrafne Jonssine firir adurgreinda jord. skal huor umm sig tijttnefndur þorsteinn Jonsson og optnefndur hrafn suara lagariptijngum a þeim jordum sem huor sellde odrum. enn badir hallde til laga.
>
> Og til sannenda hier umm setium vier firrnefndir menn vor jnnsigle firir þetta jardakaupsbrief. skrifad j sama stad deige og áre sem firr seiger.[330]

Kaupbréfið var framlagt og upplesið fyrir rétti á héraðsþingi á Torfustöðum þann 18. júní árið 1723.[331] Aftur var kaupbréfið lesið upp á áreiðarþingi að Skridnesenni við Bitrufjörð þann 14. júní 1724[332] og í lögréttu þann 13. júlí 1726.[333]

[330] Skjal nr. 2(69).
[331] Skjal nr. 2(69).
[332] Skjal nr. 2(69).
[333] Skjal nr. 2(52).

Í kaupbréfi Ásgríms ábóta á Þingeyrum og Jóns bónda Sigmundssonar frá árinu 1493 um jarðirnar Efra-Núp í Núpsdal og Melrakkadal í Víðdal eru tilgreind landamerki Efra-Núps:

> [...] enn hier j mot gaf asgrijmur abote jordina efra nup j nupsdal er liggur j midfiardarhrepp [...]. Sagde abote asgrijmur ad efre nupur ætte torfskud j nedra nups jord suo sem þarf. og tueggia manada beit ollum jnnefienade. enn nedre nupur hier j mot gelldfiar rekstur framm a Ønundarfitiar og huannskud og grasalestur. Landamerke j millum nupanna. rædur asholsgil nedan vr nupsa og vpp j Maratiorn. þadan og jfer j nupsvatn og suo til fiallz. firir austan nupsa rædur riupnadæl og riettsyne vpp j merarhamra og suo epter steinaheide og fram j brædur. suo riettsyne austur j Kastala. þa rædur Þorvalldsa fram j Þorvalldsvatn. suo til mots vid adalbol og suo sudur ad fialvordum og mikla huannstod vid sunnanmenn j austurfloa og ofan a onvndarfitiar og galltarsel og riettsyne heim i nupsvatn.[334]

Kaupbréfið var framlagt og upplesið fyrir rétti á héraðsþingi á Torfustöðum þann 18. júní árið 1723.[335]

Í dómi tólf presta, frá 7. janúar 1508, útnefndum af Gottskálki biskupi á Hólum um ákærur biskups til Jóns Sigmundssonar um kirknafé á Urðum og í Víðidalstungu og fleiri sakir, voru biskupi dæmdir Másstaðir og Núpur.[336]

Dómur sex lögréttumanna, frá 1. júlí árið 1510, útnefndur á Öxarárþingi af Birni Guðnasyni eftir skipan konungs um góss þau og garða, bæði föst og laus, er frá Jóni Sigmundssyni höfðu tekin verið utan lögréttumanna dóm og lögmanns úrskurð, komst að þeirri niðurstöðu að Jón Sigmundsson mætti frjálslega og löglega að sér taka og réttilega halda Víðidalstungu, Urðir og Núp.[337]

Í janúarmánuði 1540, seldi Jón biskup á Hólum séra Birni Jónssyni jarðirnar Stóruborg og Litluborg í Víðidal fyrir jarðirnar Fremranúp í Núpsdal, Æsistaði í Langadal og Kollsá í Svarfaðardal; jarðamun lofaði biskup að jafna seinna og setur Hóladómkirkju svo mikið jarðagóss til panta, sem hann hafði gefið dómkirkjunnar eign við Stóruborg.[338]

Í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eftir Jón biskup Arason frá fallinn, dagsettri þann 25. desember árið 1550, kemur fram að stóllinn eigi eitt naut í eldum á Stóra Núpi, og að jafnframt eigi hann 60 hundruð í Stærra Núpi.[339]

1. júlí 1555. Helmingadómur, dagsettur þann 1. júlí árið 1555, kveðinn af Ólafi biskupi Hjaltasyni og Oddi lögmanni Gottskálkssyni, dæmdi séra Snjólfi Jónssyni jörðina Núp fremra í Núpsdal.[340]

[334] Skjal nr. 2(70).
[335] Skjal nr. 2(70).
[336] Skjal nr. 2(71).
[337] Skjal nr. 2(72).
[338] Skjal nr. 2(73).
[339] Skjal nr. 2(74).
[340] Skjal nr. 2(75).

Um Fremrinúp (Efri-Núp) í Miðfjarðarhreppi segir eftirfarandi um afrétt, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705:

> **Fremre Nupur.** Bóndaeign og kirkjustaður; er þessi kirkja annecteruð með Staðarbakka beneficio.
>
> Jarðardýrleiki lx [60] hundruð að fornu, [...].
>
> Afrjett á jörðin sem kölluð er Núpsheiði, þar á hún fjárupprekstur frían fyrir sig og geldfje sitt alt; þángað sækja og aðrar jarðir lamba upprekstur, so sem þessi jarðabók vottar, og geldur bóndi hver lamb af rekstri og taka landsdrotnar eftir proportion. [...].
> Tveggja mánaða beit fyrir allan innifjenað í Neðra Núpsland og torfskurð sem þarf.[341]
> Einnig er getið um silungsveiði Núpsmanna á fjöllum uppi:
>
> Laxveiði í Núpsdalsá og silúngsveiði á fjöllum hefur að fornu til gagns verið, en nú í margt ár lítils verð eður einkis; þó ætla menn að á fjöllum enn væri silúngsveiðin, en iðkast ekki.[342]

Um forn eyðiból í landi Fremranúps hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eftirfarandi:

> **Dadastader.** Fornt eyðiból í Núpslandi; enginn veit nær þar bygð verið og engi nær eyðilagt. Hitt er víst að yfir 2 hundruð ár hefur þar aldrei bygð verið; kann og ekki að vera fyrir landþröng á milli Núps og Þverár. Þar er nú stekkurinn frá Núpi og engjatak jarðarinnar, það sem skást er eftir.
>
> **Nialstader,** annað fornt eyðiból, hefur í auðn verið yfir 200 ár; kann og ei aftur að byggjast, því skriður hafa spillt bæði túnstæði og engja. Þar er nú Þverár stekkur.
>
> **Bardastader,** þriðja fornt eyðiból, hefur í auðn verið jafnlengi sem hin eður lengur; þar er túnstæði alt í hrjóstur og mosa komið og ómögulegt aftur að byggja.
>
> **Fosskot** var hjáleiga í Núpslandi bygð fyrst og eyðilögð aftur í manna minni; þar hafði fyr aldrei býli verið; varaði bygðin undir 20 ár.
>
> Landskuld var, þá er hún komst hæst, lx [60] álnir. Galst í landaurum heim að Núpi. [...].
>
> Eyðilagðist þetta hrakkot fyrir heyskaparleysi og vetrarríki, nú fyrir sex árum [árið 1699], og kann, fyrir áðursagðar greinir, ei aftur að byggjast.[343]

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eiga eftirtaldar jarðir lambaupprekstur á Núpsheiði fyrir venjulegan toll (lamb af rekstri); Litlutungur, Speni, Haugur, Torfustaðir og Núpdalstunga.[344]

---

[341] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla,bls. 60-62.
[342] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla,bls. 62.
[343] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla,bls. 63-64.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 kemur fram að Neðrinúpur sé í einkaeigu og metin til 30 hundraða að dýrleika. Um geldfjárrekstur segir:

> Geldfjárrekstur á jörðin frí í Fremra Núps afrjett, þángað sem heita Önundarfitjar. En Fremri Núpur þar í staðinn sín ítök í Neðra Núpsland, vide Fremra Núp. [...].
>
> Grasatekju á jörðin frjálsa á Núpsheiði og so hvannskurð.
>
> Fjárupprekstur á Önundarfitjar ut supra.[345]

Um Hátún, sem þá er nýbýli í Neðranúpslandi, segir eftirfarandi:

> **Hatun** er nýbýli í Neðra Núpslandi, þó fyrir austan Núpdalsá. Það ljet sál. Sr. Erlendur byggja fyrst úr Neðra Núps stekkjarstæði, þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið og engin sjást þar byggíngarmerki, nema þaug sem ný eru.
>
> Dýrleikinn er áður talinn í heimajörðinni.[346]

Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 5. maí 1747 var upplesin lögfesta séra Þorsteins Péturssonar prests á Staðarbakka þar sem hann lögfestir land tilheyrandi Staðarbakkakirkju á Húksheiði, „til móts við Fremranúpseigendur.“ Í lögfestunni segir:

> III° Logfeste Eg Stadarbackakyrkiu afRett, liggiande tveim meigenn ár i Vesturárdal, nefnelega austann framm, land med ollum gognum og giædum sudur frá Sandgile uppa brun ad galltarsteine, til mots vid fremranups Eigendur, ogso bug allann vid Vesturá sudur ad Tunaselium, Ønundarfitiar allar firer vestan Vesturá, ogso sudur i midiann flóa, lambatungur allar, sudur fra götuhriggium og Erringa fönnum, effter midiu Slettafelle J flóa midiann, þar fyrer nordann liggur leiguland Huks ábuenda; Þetta kyrkiunnar afRettarland med ollum firgreindum Eignum og Jtokum, logfeste Eg bæde ad ordfullu og logmale Rettu, fyrer byd eg hvorium manne hier nefnda kyrkiunnar Eign ad jrkia, beita, Edur i nockru sier ad nýta, nema mitt kome lof eda leifi til. Hier med beide eg og logskyllda alla buendur vestann framm i midfyrde, Eins beggia meigenn i Vesturardal, sem og á midfiardarnese beggiamegenn, ad þeir Reke edur Reka láte syn lomb a Stadarbacka kyrkiu afRett árlega, Effter logum og dome þar umm geingnum, ogso lyka giore fiallgongur á haust án forsómunar ad Eingenn fáe tión á fie synu firer annars vanrækt. Vilie nu nockur þessa mina logfestu átelia, þann beide eg lagabeidslu, og lyrittar, ad hann legge fimtarstefnu nu þegar henni í móte,

[344] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla,bls. 53-66. Sjá nánar um Litlutungur bls. 53-54, Spena bls. 55-56, Haug bls. 56, Torfustaði bls. 57-58 og Núpdalstungu bls. 64-66.
[345] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla,bls. 58-59. Fjallað er um Neðranúp á bls. 58-60.
[346] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla,bls. 59.

annars stendur hun ad logum næstu tolf mánude ad vitne valdzmannsens og annara dugandismanna er ord mýn heira.

Actum Stadarbacka d. 5ta Maij Anno 1747.
Þorstein Petursson.[347]

Lögfestan var einnig lesin upp á manntalsþingi á Torfustöðum þann 29. maí 1769 og 22. maí 1776.[348]

Í annari lögfestu Staðarbakkaprests frá 10. júní 1760, lesin upp við Efranúpskirkju eftir messu, er sérstaklega minnst á heiðarland Efra-Núps, eftirfarandi:

Eg Þorsteinn Petursson prestur ad Stadarbacka og profastur í Hunavatnsþinge logfeste her i dag Eign kyrkiunnar ad Stadarbacka, nefnda Jafnhólslæke, þad er land med ollum gognum og giædumm austann framm á Vesturárdal, sudur fra Sandgile, uppá brun ad galltarsteine, rettsyne framm ad Tunaselium og ad Ønundarfitium, ogso bug allann vid Vesturá. Sømuleidis logfeste eg halsinn allann fyrer austann adurgreint land, sem heirer til Eignar Jord minne Efranupe. Fyrer byd eg hvorium manne hier nefnda mýna og Stadarbacka kyrkiu Eign ad jrkia, beita med hrossumm Edur fie vetur edur sumar, Eda í nockru sier ad nýta, nema mitt kome lof og leife til, legg eg hier vid tvof[a]llt landnám, og áverkabot effter logum, ef viliande er á mote brotid, ad vitne þeirra dugandismanna sem ord mýn heira.

Dat. Stadarbacka d. 10. Juny 1760.
Þorsteinn Petursson[349]

Á manntalsþingi, höldnu á Torfustöðum þann 13. júní 1781, var gerð ályktun um að allir þeir sem eftir gömlum dómum hafa átt að reka á Húksheiði, eða Núpsheiði ef hann vildi eftir láta í þetta skipti, skuli nú það gjöra, undir dómsrofssekt. Ályktunin var færð með svofelldum hætti inn í dómabók sýslunnar:

8o). Præsenterade sig firer Rettinum Eyrikur Olafsson a Stadarbacka og frammlagde eitt skial hvar inne hann beidest og lögskyldar alla ábuendur vestann framm i Midfyrde og beggia meigenn i Vesturárdal og Midfiardarnese, ad þesser nú reke syn lömb á Stadarbacka kyrkiu afrett, edur og so sem hann vill eftter láta i þetta sinn Nupsheyde, og giöre þá fiallskil á komande hauste ad lögum [hv]ar uppá eftter munnlegre begæring velnefnds Sr Eyriks [fe]llur so látande ályktun; ad aller þeir sem efter göm[lum] Dómum hafa átt ad reka i þessa afrett, skulu nu [...u] áre þad giöra, sem eiga Týu lömb og fleire, under Dómrofs Sekt, hvar i mót presturenn hefur ad til siá afrettenn verde forsvarannlega hreinsud, og þad ad pest veikt fe sie ecke þangad reked, ef annars kynne enn nu her lifande vera, so sem þad á firer laungu ad vera

[347] Skjal nr. 2(218) a-b.
[348] Skjal nr. 2(218) a-b.
[349] Skjal nr. 2(219) a-b.

upprætt, og uppbrennt, eftter so vel konglegre sem hærre yfervalda Resolutioner.[350]

Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 10. júní 1789 var upplesin lögfesta séra Egils Jónssonar á Staðarbakka fyrir Staðarbakkaafrétt í Vesturárdal „til móts við Fremranúps eigendur.“ Í lögfestunni segir:

> 4° Lögfeste eg Stadarbacka kyrkiu afrett liggiande tveim megenn ár i Vesturárdal, sem er ad austann framm so kallader Jafn-hóls læker, land med ollumm gognum og giædumm sudur frá Sandgile upp á brún ad Galltar Steine til móts vid Fremranúps Eigendur, og so Bug allann vid Vesturá sudur ad Túnaselium, Ønundarfytiar allar fyrer vestann Vesturá og so sudur frá Götuhryggium, og sudur frá Erringa (vulgo Jringa) Fønnumm effter midiu Sliettafelle i flóa midiann bæde fuglveide og fiskveide.[351]

Ofangreind lögfesta séra Egils Jónssar frá 10. júní 1789, var einnig lesin upp á manntalsþingi að Melstað þann 27. júní 1817.[352]

Á manntalsþingi að Melstað þann 8. júní 1838 var upplesin lögfesta séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka fyrir Staðarbakkaafrétt „til móts við Efranúpseigendur.“ Í lögfestunni segir:

> 4° Lögfesti eg Stadarbakka kyrkju afrétt, liggjandi tveim meginn ár í Vesturárdal, sem er ad austannfram, land (sem nú kallast Jafnhólslækir), med ollum gognum og gædum, sudur frá Sandgili, upp til móts vid Efranúps Eigendur, ogso Bug allann (vid Vesturá) sudur ad Túnaseljum; Ønundarfitjar allar, fyrir vestan Vesturá, ogso sudur í midjann Flóa; Lambatúngur allar, sudur frá Götuhryggjum, og sudur frá Errínga- Jrínga-fönnum, eptir midju Sléttafelli í Flóa midjann, bædi fuglveidi og fiskveidi.[353]

Í sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840, skrifa þeir séra Eiríkur Bjarnason að Staðarbakka og séra Þorlákur Stefánsson, kapellán þar, eftirfarandi um afréttarlönd á Tvídægru:

> Afréttarlönd eru þar suður á Tvídægru. Það eru ekki almenningar, heldur liggja þau undir einstakar jarðir. Vesturpartur Tvídægru liggur undir Staðarbakka, og kallast Húksheiði; miðparturinn undir Efranúp og kallast Núpsheiði, og austasti parturinn undir Aðalból, sem kallast Aðalbóls- eða Austurheiði. Á allar þessar heiðar á Miðfjörður upprekstur, eins og *Torfastaðahreppur* nær til. Þar eru réttir, sín í hverjum dal: Húksrétt hjá Húki í Vesturárdal; þangað sækja vesturbyggjar í Miðfirði; Núpsrétt hjá Efranúpi í Núpsdal; þangað sækja Núpsdælir, og Aðalbólsrétt hjá Aðalbóli í

[350] Skjal nr. 2(87) a-b.
[351] Skjal nr. 2(220) a-b.
[352] Skjal nr. 2(220) a-b.
[353] Skjal nr. 2(221) a-b.

Austurárdal; þangað sækja Austurbyggjar í Miðfirði. –Réttir eru haldnar seint í 22. viku sumars.[354]

Í kafla um jörðina Efri-Núp (Fremrinúp) í Torfastaðahreppi segir eftirfarandi um Núpsheiði í jarðamatinu 1849:

> Jörðin á heiðarland, kallað Núpsheiði, bæði mikið land og gott, en að litlum notum fyrir jörðina, er upprekstur tíðkast þar mjög lítill, sosem frá 5 bæjum.[355]

Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur úr máldaga Efra-Núps frá 1448[356] og er landamerkja og ítaka getið, m.a. um geldfjárrekstur á Önundarfitjar. Útdráttur þessi hafði jafnframt verið lesinn upp á áreiðarþingi að Skriðsenni þann 14. júní 1724 og í lögréttu þann 13. júní 1726. Útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879 og hljóðar svo í heild sinni:

Utdráttur af Efranúps jarðar máldaga.

> Þá liðið var frá híngaðburði vors Herra Jesú kristi þúsund fjögur hundruð fjörutíu og átta ár, seldi Hrafn Jónsson með fullu handabandi Þorsteini Jónssyni jörðina Efranúp í Núpsdal, með öllum þeim gögnum og gæðum, er jörð þeirri hafa fylgt að fornu og nýju, með svofeldum ummerkjum ítökum og kirkjugózum sem hér segir: Torfskurð í Neðrinups jörð svo sem þarf og tveggja mánaða beit öllum innifénaði, en Núpur á móti geldfjárrekstur fram á Aunundarfitjar, og hvannskurð og grasalestur. Landamerki á millum Núpanna ræður asólfsgil neðra með Núpsá og uppi Maratjörn, þaðan og yfir í Núpsvatn og svo til fjalls. Fyrir austan Núpsá ræður rjúpnadæl og réttsýni uppí Merarhamra; og svo eptir steinheiði og fram í Bræður, svo réttsýni austur í Kastala; þá ræður Þorvaldsá fram í Þorvaldsvatn, svo til móts við Aðalból, og svo suður að fjölvörðum og mikla hvannstóð við sunnanmenn. Þaðan í austurflóa og svo ofaná Aunundarfitjar og galtarstein réttsýni heim í Núpsvatn; og hér til fjórar jarðir er svo heita, Þverá, Njálsstaðir, Daðastaðir og Barðastaðir; og hér til kirkjugóz svo mikið sem hér segir: jörðina Túngu fyrir tólf hundruð í Núpsþíngum tvær kýr og tvö ásauðar kúgildi tvö hross gömul og fimm hundraða reka á enni í Bitru.
>
> Upplesið fyrir réttinum sem haldinn var á Skriðnesenni settu áreiðarþingi þann 14. júní 1724. vitnar Ormur Daðason.
>
> Í lögréttu upplesið þann 13. júlí 1726. testerar S. Sigurðsson.
>
> Framanskrifað máldagabréf er rétt afcopierað eptir originalen á kálfskynni vitna undirskrifaðir að Staðarbakka þann 1. júlí 1764.
>
> Þorsteinn Petursson. Jónas Benidiktsson.

[354] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 29.
[355] Skjal nr. 2(61).
[356] Skjal nr. 2(69).

Rétt utskrift vitnar. J. Jónsson.

Lesið upp fyrir manntalsþíngsrétti að Svarðbæli hinn 12. júní 1879, og ritað í afsals- og veðmálabók sýslunnar N° 1196 bls. 62. vottar Lárus Þ. Blöndal.[357]

Þann 10. júní árið 1884, lagði eigandi Efra-Núps fram bann við notkun á landi jarðarinnar:

Samkvæmt heimildarskjölum eignarjarðar minnar Efra-Núps, og þinglesnum máldaga nefndrar jarðar þinglestnum á Svarðbælisþingi 1879, á jeg allar nytjar Efra Núps lands innan þar greindra takmarka, því banna jeg hverjum einum fyrrgreint land að nota til nokkurs hagsmuna sjer, hvort sem er til beitar sauðfjár eða hrossa, silungsveiðar, fuglafengs eða grasatekju, nema mitt sjé leyfi til.

Efra Núpi 10. júní 1884
Hjörtur Líndal Benediktsson.[358]

Í landamerkjabréf Neðrinúps frá 4. júní 1890 eru tilgreind ítök jarðarinnar á Efranúpsheiði, eftirfarandi:

Jörðin Neðrinúpur á upprekstur fyrir geldfé og hross á Efranúpsheiði sömuleiðis graslendur, Efrinúpur á móti þessu torfskurð í Neðranúpsjörð, svo sem þarf, og tveggja mánaða beit fyrir geldfé í landspartinum milli Rjúpnalágar og Breiðulágar, sem er næsta dæld fyrir utan yzta Sandhól og svo sjónhending beint austur í Borgina fyrir norðan Messuskarð Að vestanverðu við Núpsá, Áshólsgili neðra úti á Beinabakka, og þaðan rjéttsýnis upp í Seljafjall, eiga Núparnir sameiginlegt beitiland fyrir sauðfé og hross.[359]

Landamerkjabréf Efranúpsheiðar var útbúið 16. febrúar 1891 og þinglesið 7. júní 1892. Það hljóðar svo:

Að austan milli Aðalbólsheiðar ræður Þorvaldsá frá svo nefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn, þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávarðavötn, frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn, þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða, úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í Flóavatn hið stóra, og er það hornmerki Efranúpsheiðar að sunnan og vestan, frá Flóavatni ræður bein lína norður Flóakvísl, eptir það ræður Flóakvísl merkjum þar til hún fellur í Blöndukýl, þá ræður Blöndukýll merkjum þar til hann fellur í Vesturárkvísl, þá ræður Vesturárkvísl merkjum út að Galtarseli eða Túnaseljum, sem eru við kvíslina, þar sem hún beygist í vestur untanvert við Önundarfitjar, og er það

[357] Skjal nr. 2(52).
[358] Skjal nr. 2(54).
[359] Skjal nr. 2(13).

> norðvestur hornmerki heiðarinnar, Þá ræður bein lína merkjum austur á Lambás, eptir það ræður Lambás til Núpsár, þá ræður Núpsá þar til Kvíslavatnskvísl fellur í hana, eptir það ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna, þá bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásnum milli vatnanna, merktu L.M. (landamerki), frá þessum steini ræður bein lína austur í áður nefndan Kastala við Þorvaldsá sem er hornmerki að norðan og austan Núpsheiðar.[360]

Hjörtur Líndal eigandi Efra-Núps skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Benedikt Jónssyni eiganda Bjargarstaða, Jóni Jónssyni eiganda Fosskots, Magnúsi Andrjessyni presti á Gilsbakka sem samþykkti vegna prestsetursins þar, Sigurði Benediktssyni eiganda Aðalbóls, Jósefínu Jósefsdóttur eiganda Þverár og Eyjólfi Kolbeins sem umráðamanni Húksheiðar og Lækjabæjar. Magnús Andrjesson oddviti Hvítársíðuhrepps sem umráðamaður Þverár-rjettarupprekstrarlands samþykkti einnig bréfið í umboði hreppsnefnda Hvítársíðu-, Stafholtstungna-, Þverárhlíðar- og Norðurárdalshreppa.

Á manntalsþingi, höldnu að Núpsdalstungu þann 8. júní 1891, var þinglýst landamerkjaskrá fyrir jörðunum Fosskoti, Bjargi og Bjargshól. Ekki hafði tekist að ganga frá landamerkjaskrám fyrir Efra-Núp og Aðalból og því ekki hægt að þinglýsa þeim að þessu sinni. Í dómabókinni kemur eftirfarandi fram:

> 2. Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Fosskoti, Bjargi og Bjargshól.
>
> Eigandi jarðarinnar Efra Núps, óskaði bókað að hann í febrúarmánuði f. á., hefði sent prestinum sjera Magnúsi Andrjessyni á Gilsbakka landamerkjaskrá þá er hann hefði samið fyrir tjeðri eignarjörð sinni, og óskað góðrar tilhlutunar hans til, að undirskriftir fengust á skrána af hendi Sunnlendinga, er eiga lönd að Núpsheiði, en sjera Magnús hefði endursent honum landamerkjaskrána og jafnframt skýrt honum frá að hlutaðeigendur ekki vildu undirskrifa hana; kveðst hann nú enn á ný, hafa sent landamerkjaskrána suður aptur til undirskriftar með nokkrum breytingum af hans hendi, en skráin væri ókomin til hans enn og gæti hann því ekki látið þinglesa hana. Þá óskaði og nefndur hreppstjóri þess getið að hann sökum ógreinilegra orðatiltæka í landamerkjaskrá þeirri fyrir jörðunni Aðalbóli (með Aðalbreið), sem eigandi tjeðra jarðar, Sigurður Benediktsson hefði samið, ekki hefði viljað vegna eignarjarðar sinnar Núps undirskrifa landamerkjaskrá þessa, og yrði hún því ekki þinglesin að þessu sinni.[361]

Þann 24. október 1891 tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur. Leigusamningur tilgreinir ummerki heiðarinnar og er svohljóðandi:

[360] Skjal nr. 2(8).
[361] Skjal nr. 2(132).

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Fremri og Ytri-Torfastaðahreppum tökum til leigu Efra-Núpsheiði til upprekstur fyrir sauðfjenað með ummerkjum þeim og skilmálum er hjer segir:

1. Heiðarland þetta er frá svonefndum Kastala við Þorvaldsá suður að Strípalónslæk skammt frá Háfaðavötnum, þaðan vestur í Urðhæðavatn á Hraungörðum, þá beina línu í Flóavatn hið stóra, sem er suður- og vesturhornmerki heiðarinnar. Þaðan ræður bein lína norður heiði í Flóakvísl, þá ræður Flóakvísl norður í Blöndukíl, svo Blöndukíll í Vesturá, þá ræður Vesturá mörkum þar til hún beygist í vestur undan Önundarfitjum, árkrókurinn er norður og vestur hornmerki, þá ræður bein lína austur í Lambás og ásinn til Núpsár; að austanverðu við Núpsá ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna; þá ræður bein lína yfir Syðra-Kvíslavatn austur í fyrnefndann Kastala við Þorvaldsá.

2. Upprekstrarfjelagi Ytri- og Fremri-Torfastaðahrepps er heimilt að reka svo margt sauðfje á framangreinda afrjett, sem hreppsnefndir í áðurgreindum hreppum álíta hæfilegt.

3. Fyrir nóvembermánaðar lok hvers árs skal eiganda eða eigendum Efra-Núps greiðast 20 kr. – tuttugu krónur – í peningum frá upprekstrarfjelagi Fremri-Torfastaðahrepps, sömuleiðis kr. 20,00 – tuttugu krónur – fyrir sama gjalddaga frá upprekstrarfjelagi Ytri-Torfastaðahrepps, og ábyrgjast og annast hreppsnefndir beggja þessara hreppa að þessi upphæð, kr. 40,00 – fjörutíu krónur – greiðist sem áður er ákveðið.

4. Öllum ábúendum í Núpsdal, að meðtöldum ábúendum Litlu-Tungu og Spena er heimilt að reka sauðfje sitt á fyrnefnda afrjett, og greiða þeir Efra-Núps eigendum eða eiganda heiðartoll auk hinnar áður á minnstra upphæðar krónur 40.[362]

Undir samninginn kvittar Hjörtur Líndal eigandi Efranúps, og fyrir hönd hreppanna, Jónas Guðmundsson, Björn Jónsson, Stefán Sveinsson, Björn Jónsson, S. Jónasson, P. Leví, Jóh. Zakaríasson og Sigfús B. Guðmundsson. Samningurinn var svo samþykktur á aðalfundi sýslunefndar í mars 1892 og þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 7. júní 1892.

Þinglýsingar ofangreinds leigusamnings fyrir Efranúpsheiði 24. október 1891 er getið með eftirfarandi hætti í dómabók sýslunnar:

3. Samningur hreppsnefndanna í Ytri- og Fremri Torfastaðahreppum, dags. 24. oktbr. f. á. um upprekstur á Núpsheiði.[363]

Landamerkjabréf Efra-Núps var útbúið 28. maí 1892 og þinglesið 7. júní sama ár:

[362] Skjal nr. 4(155).
[363] Skjal nr. 2(256) a-b.

Frá Núpsá að austanverðu ræður bein lína upp til svo nefndrar Rjúpnalágar (Rjúpnadældar), þá ræður Rjúpnalág merkjum upp Brekkur og sama stefna frá henni upp Merarhamra við Messuskarð, þeir eru hornmerki á norður og austur

horni landsins, milli jarðanna Neðranúps og Hnausakots. Frá Merarhornum ræður bein lína fram Steinheiði í þrjá steina, sem nefndir eru Bræður ræður bein lína fram hálsinn í Grjóthól við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali, hann er hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar og jarðarinnar Bjargastaða. Frá Kastala ræður bein lína vestur á Kvíslavatnsás í stein, sem merktur er L.M. steinn þessi er hornmerki heimalandsins að sunnan og vestan milli Þverár, frá steini þessum ræður bein lína norður hálsinn í Hestvatn og Hestlækjarós, frá því ræður sama stefna norður hálsinn í Hestlæk fyrir sunnan Skollhólsflá, eptir það ræður Hestlækur til Þverárvatns og bein lína yfir vatnið í ósinn á Þverá, þá ræður Þverá merkjum í Núpsár. Að vestanverðu að Núpsá milli Fosskots og Efranúps ræður Kotlækur merkjum frá Núpsá upp á brún þaðan ræður bein lína merkjum vestur hálsinn í vörðu á melholti suður af Miðhæðum, frá nefndri vörðu ræður bein lína í stóra Kistuvatnshól, sem er hornmerki milli Efranúps, Fosskots, Lækjabæjarlands og Dalgeirsstaða, frá Kistuvatnshól ræður bein stefna norður hálsinn í Núpsvatn, sem er hornmerki milli Neðranúps og Efranúps, frá Núpsvatni ræður bein lína austur hálsinn merkjum milli Núpanna í Maratjörn, frá Maratjörn bein stefna í Áshólsgil, þá ræður Áshólsgil neðra merkjum niður til Núpsár

Samkvæmt gömlum máldrögum og nýgjörðum samningum eru ítök þessi:

1. Efrinúpur á samkvæmt vísitatíu Steingríms biskups skólagjörð tveimur mönnum við Arnarvatn. Eða rúm í skála þar og eldivið sem þarf, og tveggja króka hald í vatni.

2. Samkvæmt dómi 14. júní 1724 upplesnum fyrir rjettinum, sem haldin var á Skriðnesenni, settu áreiðarþingi, af Orni Daðasyni, sömuleiðis í lögrjettu upplesinn þann 13. júlí 1726 af S. Sigurðssyni, á kirkjan fimm hdr. Í reka á Skriðnesenni við Bitrufjörð móti Staðarbakkakirkju til helminga skipta, milli Stigakletts og Rauðuskriðu. Sömuleiðis á Efrinúpur torfskurð í Neðranúps jörð, svo sem þarf, einnig tveggja mánaða beit fyrir geldfé milli Rjúpnalágar og Breiðulágar, sem er næsta dæld fyrir utan yzta Sandhól, þaðan rjettsýnis upp í borgir fyrir utan Messuskarð. Að vestanverðu við Núpsá eiga Núparnir sameiginlegt beitiland frá Áshólsgili neðra út á svo kallaðan Beinabakka við Núpsá, þaðan beina línu vestur á Seljafjall, enn aftur á móti þessu á Neðrinúpur upprekstur fyrir geldfé á Önundarfitjar á Núpsheiði, hvannskurð og grasaleitar.

3. Upprekstur á Efranúpsheiði hafa ábúendur þessara jarða mót síðarnefndri borgun:

1. Núpdalstunga, heiðartollur þaðan fyrir hvert ár 10 áln.

2. Torfastaðir í Núpsdal	-	-	-	7	-
3. Haugur	-	-	-	7	-
4. Speni	-	-	-	6	-
5. Litlatunga	-	-	-	5	-
6. Þverá í Núpsdal	-	-	-	4	-
7. Fosskot	-	-	-	2	-[364]

Hjörtur Líndal, eigandi Efranúps og Hnausakots, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Jónssyni eiganda Fosskots, Stefáni Sveinssyni eiganda Dalgeirsstaða, Jósefínu Jósefsdóttur eiganda Þverár í Núpsdal, Guðfinnu Jónsdóttur eiganda Núpdalstungu, Jóni Jónssyni eiganda Torfustaða, Jóhanni Ásmundssyni eiganda Haugs, Sesselju Ingibjörgu Jónsdóttur eiganda Bjargarstaðalands og Jóni Hafliðasyni eiganda Neðranúps. Tvö þau síðustu handsöluðu samþykki sitt.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Ytri-Torfustaðahrepps annars vegar og Fremri-Torfustaðahrepps hins vegar á Núpsheiði, með meiru:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu.

[...]

XI. Ytri-Torfustaðahreppur.

Allir íbúar Ytri-Torfustaðahrepps austan Miðfjarðarár skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði, en austan Miðfjarðarár skulu allir búendur í Melstaðarsókn eiga upprekstur á Núpsheiði. Aftur skulu Melstaðasóknarmenn vestan Miðfjarðarár eiga upprekstur á Húksheiði.

XII. Fremri-Torfustaðahreppur.

Allir búendur í Fremri-Torfustaðahreppi austan Miðfjarðarár og Austurárdalsbæirnir, skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði. Núpsdalsbúendur skulu eiga upprekstur á Núpsheiði, en allir búendur Vesturárdals, ásamt bæjunum Litlutungu, Spena og Haugi skulu eiga upprekstur á Húksheiði.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson[365]

[364] Skjal nr. 2(9).

Á sameiginlegum hreppsnefndarfundi Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa, haldinn þann 29. maí 1896, var samþykkt að kaupa Aðalbólsheiði og Núpsheiði. Í fundargerð segir:

> Samþykkt var með öllum atkvæðum, að kaupa Aðalbólsheiði fyrir 1000 Kr. (eitt þúsund krónur) og Núpsheiði fyrir 1200 krónur, og skiptist borgunin milli hreppanna í rjettu hlutfalli við meðaltal fjárfjöldans í hverjum hreppi fyrir sig um næst undangengin 10 ár, þó þannig að Skárastaðir og Neðri Núpur ganga frá; hreppstjórunum var falið á hendur að finna út hið rjetta hlutfall í fjárfjöldanum. En til bráðabyrgða var ákveðið að Aðalbólsheiði yrði borguð með 500 kr. af hverjum hreppi, er sendist með póstferðinni, sem ~~fellur~~ fer til Reykjavíkur næstkomandi júlí, til seljandans Sigurðar Benidiktssonar í ~~Ráðageröi~~ Pálsbæ. En Núpsheiði borgast fyrir fardaga ~~ár~~ 1897.[366]

Þann 27. maí árið 1898, afsalaði Hjörtur Líndal frá sér Núpsheiði til hreppsnefnda Fremri- og Ytri-Torfastaðahreppa, í samræmi við kaupsamning, dagsettum þann 15. ágúst árið 1896. Afsalsbréf Hjartar fyrir Núpsheiði hljóðar svo:

> N° 2189
>
> Afsalsbrjef fyrir Núpsheiði.
>
> Með því hreppsnefnd fremri og ytri Torfastaðahrepps hefi samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 15. ágúst 1896 veitt mjer að fullu og öllu kaupverð heiðarinnar, að upphæð 1200 kr. (tólf hundruð krónur) þá afsala jeg hreppsnefndum tjeðra hrepps frá mjer og erfingjum mínum Núpsheiði, með öllum rjettindum og skyldum eins og jeg hefi eignast hana og átt, að undanskyldum þeim atriðum, er áðurgreindur kaupsamningur greinir.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til haga, en jeg svara til lagariptingar.
>
> Til staðfestu rita jeg nafn mitt undir í viðurvist 2 vitundarvotta.
>
> Núpi 27. maí 1898.
> Hjörtur Líndal.
>
> Vitundarvottar:
> Björn Jónsson
> Karl Á. Sigurgeirsson
>
> Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpdalstungu hinn 27. maí 1898, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Ltr. E N° 2189 fil 24.
>
> Vottar
> Gísli Ísleifsson.[367]

Þinglýsingar ofangreinds afsals fyrir Efranúpsheiði 27. maí 1898 er getið með eftirfarandi hætti í dómabók sýslunnar:

---

[365] Skjal nr. 2(187) a-b.
[366] Skjal nr. 4(60).
[367] Skjöl nr. 4(158) og 5(13).

5. Afsalsbref Hjartar Líndal dags. 27. mai 1898 fyrir Núpsheiði til handa hreppsnefndunum í Fremri og Ytri Torfastaðahreppum fyrir umsamið kaupverð 1200 kr.[368]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[369]

Svar hreppstjóra Ytri-Torfustaðahrepps, dagsett 14. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu, hljóðar svo:

Velborni herra sýslumaður

Viðvíkjandi brjefi yðar dags. 20. f. m. áhrærandi almenninga og afrjettarlönd sem ekki sannanlega hafa tilheirt eða nú tilheira nokkru lögbýli þá vil jeg hjer með tjá yður að hjer í hreppi mun ekki vera um þess háttar að ræða. Almenningar eru hjer eingir og afrjettarlönd þau er hreppurinn notar – sem eru: Aðalbóls og Núpsheiðar – voru keipt fyrir nokkrum árum af eigendum jarða þeirra er þau láu undir.

Ytri-Torfustaðahreppi

Heggstöðum 14. febr. 1920.

P. Levi.[370]

Í *Göngum og réttum* II, frá árinu 1949, segir svo um leitarlönd Miðfirðinga, þar á meðal Núpsheiði:

Leitarlönd Miðfirðinga er norðurhelmingur Tvídægru, grösug, fremur sléttlend og með óteljandi vötnum. Takmarkast þau að vestan af leitarsvæði Hrútfirðinga, en markalínan þar er frá heimalöndum, um Sléttafell og suður á leitarmörk Norðlendinga og Borgfirðinga. Að austan eru leitarsvæði Víðdæla, og er Fitjá þar markalínan suður í Fitjárdrög, og þaðan liggja mörkin suður í Arnarvatn hið stóra.

Leitarsvæði þetta skiptist í þrennt: Húksheiði vestast, Núpsheiði í miðið og Aðalbólsheiði austast. Liggja heiðar þessar fram af Miðfjarðardölunum þremur töldum í sömu röð: Vesturárdal, Núpsdal og Austurárdal.[371]

Árið 1950 gerir Páll Kolka grein fyrir takmörkum vesturheiðanna í Húnavatnssýslu í riti sínu *Föðurtún*. Þar segir svo um Núpsheiði, í framhaldi af umfjöllun um Aðalbólsheiði:

Aðalbólsheiði, sem áður var kölluð Lambatungur, er mjó, nær aðeins milli Fitjár og Austurár, sem kemur úr Arnarvatni. Þá tekur við Núpsheiði, vestur

[368] Skjal nr. 2(257) a-b.
[369] Skjal nr. 4(3).
[370] Skjal nr. 2(6).
[371] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 23.

að Núpsá. Í Austurá rennur að vestan Þorvaldsá úr Þorvaldsvatni og í tungunni milli þeirra er fellið Tungukollur.[372]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtún* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[373]

Um skiptingu heiðarlanda í Húnavatnssýslu, frá landnámi fram undir aldamótin 1900, segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962:

> Frá því á landnámsöld og fram undir síðustu aldamót [1900] skiptust heiðarlöndin milli fárra bæja, sem voru næstir þeim. Norðurheiðarnar bera nöfn þeirra bæja, sem áttu þær. Austan við afrétt Hrútfirðinga er Húksheiði, hún ber nafn af Húki í Vesturárdal; þá kemur Núpsheiði, hún ber nafn af Efranúpi í Núpsdal; þá kemur Aðalbólsheiði, sem er kennd við Aðalból í Austurárdal; þá Víðidalstunguheiði, kennd við Víðidalstungu í Víðidal, og síðast Haukagilsheiði og Grímstunguheiði, kenndar við Haukagil og Grímstungu í Vatnsdal. Arnarvatnsheiði alla átti Kalmanstungubóndinn allt til 1884.[374]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962, segir Benedikt Jónsson á Aðalbóli svo frá merkjum milli Núpsheiðar og Aðalbólsheiðar:

> **Merki milli Núpsheiðar og Aðalbólsheiðar.**
>
> Haft eftir Benedikt Jónssyni á Aðalbóli.
>
> Merkin eru í norður frá Hávaðavatni, ofan til við Dýjaskurði í suðvesturhornið á Þorvaldsvatni, svo ræður Þorvaldsá, þangað til hún rennur í Austurá skammt fyrir sunnan Aðalbreið.[375]

Allt land jarðanna Efra-Núps og Þverár, sunnan afréttargirðingar, var selt 20. júní 1985. Afrit kaupsamings er innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu eftirfarandi:

> Efri-Núpur og Þverá.

[372] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 433.
[373] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.
[374] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 52.
[375] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 121.

1. gr. Seljandi selur kaupendum allt land jarðanna Þverár og Efra-Núps, sunnan núverandi afréttargirðingar, sem verður landamerki, nánar tiltekið bein lína milli Fremri-Fosskotsfoss og foss í Þorvaldsá.

2. gr. Undanskilin sölu landsins er sá réttur sem nú fylgir þessum jörðum um veiði í Kvíslavötnunum en kaupendur áskilja sér rétt til að athuga og fá úr því skorið hvaða veiðirétt þeir eiga í áðurnefndum vötnum.

3. gr. Eigandi Efra-Núps hefur rétt til að girða allt að ½ ha. lands við vötnin og nýta það land án endurgjalds fyrir sumarbústað og bátaskýli. Girðing í kringum land þetta skal þannig upp sett að hún hindri ekki umferð búpenings eða annarra. Girðingu þessari skal eigandi Efra-Núps sjá um að halda vel við.

[...]

Laugabakka 20. júní 1985.

Ketilríður Benediktsdóttir
Seljandi

Eggert Pálsson
Kaupandi g.h. Fr. Torfustaðahr.

Böðvar Sigvaldason
Kaupandi f.h. Y-Torfustaðahr.

Vitundarvottar
Jóh. Björnsson
Einar Magni Sigmundsson[376]

Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Núpsheiði. Eignarheimild er sögð afsal Hjartar Líndal nr. 2189. Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

Að austan: Milli Aðalbólsheiðar og Núpsheiðar ræður Þorvaldsá frá svonefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn. Þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavötn og er það hornmerki heiðarinnar að austan og sunnan.

Að sunnan: Frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, sem merktur er L.M. og þýðir landamerki. Frá þessum steini ráða Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn. Þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða. Úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í suðurenda Flóavatns hins stóra og er það hornmerki Núpsheiðar að sunnan og vestan.

Að vestan: Úr suðurenda Flóavatns hins stóra ræður bein stefna í Valdimarshól sem stendur við norðausturenda Flóavatns, þaðan bein lína í Flóakvísl þar sem hún fellur í Blöndukýl. Þá ræður Blöndukýll merkjum þar

[376] Skjal nr. 4(159).

til hann fellur í Vesturá. Þá ræður Vesturá merkum út að Ingimundarhól, (Galtarseli eða Túnaseljum) sem er við Vesturá þar sem hún beygist í vestur utanvert við Önundarfitjar og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.

Að norðan: Frá Ingimundarhól (Galtarseli eða Túnaseljum) ræður bein lína merkjum austur á Lambás, eftir það ræður Lambás til Núpsár. Þá ræður Núpsá þar til Kvíslavatnskvísl fellur í hana, eftir það ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna. Þá ræður bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásnum milli vatnanna, merktur L.M. og þýðir landamerki. Frá þessum steini ræður bein lína austur í áðurnefndan Kastala við Þorvaldsá og er það hornmerki heiðarinnar að norðan og austan.[377]

Magnús Guðmundsson á Staðarbakka tók saman þátt um Núpsheiði árið 1986, sem birtur var í ritinu *Húnaþing* III, 3 árum síðar.[378] Þar kemur m.a. eftirfarandi fram um Núpsheiði:

AFRÉTTARLÖND Miðfirðinga skiptast í þrjár heiðar. Þar liggur Núpsheiði í miðið, fram af Núpsdal. Austan við hana er Aðalbólsheiði en Húksheiði að vestan. Allar þessar heiðar lágu undir jarðir þær sem þær eru kenndar við.

Nú eru öll þessi heiðalönd eign Upprekstrarfélags Miðfirðinga og því sameiginleg afréttarlönd beggja hreppanna í Miðfirði, Ytri- og Fremri-Torfustaðahrepps. Hrepparnir keyptu Núpsheiði árið 1896 af þáverandi eiganda Efra-Núps, Hirti hreppstjóra Líndal, og var kaupverðið 1.200 krónur.

Aðalnot heiðanna hafa fyrst og fremst verið sumarbeit fyrir búfé hreppsbúa, sauðfé og hross. En heiðalöndin hafa einnig upp á fleira að bjóða. Þar eru mörg góð veiðivötn og silungsveiði jafnan verið nokkuð stunduð. Var sú veiði oft gott búsílag fyrr á árum. Þá var grasatekja nokkuð stunduð áður fyrr, svo og álftaveiðar.[379]

Í þætti sínum um Núpsheiði frá árinu 1986 skrifar Magnús Guðmundsson á Staðarbakka svo í kafla um vorleitir:

VORLEITIR

Áður en girðing kom milli heimalanda og afréttar í Miðfirði tapaðist jafnan margt fé á heiðarnar áður en tekist hafði að ná lömbum til mörkunar og ám til rúnings. Þess vegna voru gerðar svokallaðar vorleitir norðan til á heiðarnar. Ekki munu þessar leitir þó hafa verið skipulagðar af hreppsnefndum en hrepparnir þó stundum hafa tekið þátt í kostnaði við þær.[380]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að

[377] Skjal nr. 4(9).
[378] Magnús Guðmundsson, Staðarbakka, „Núpsheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 240-245.
[379] Magnús Guðmundsson, Staðarbakka, „Núpsheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 240.
[380] Magnús Guðmundsson, Staðarbakka, „Núpsheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 245.

lútandi.[381] Ekkert svar barst frá sveitarstjórnum Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa vegna fyrirspurnarinnar.

5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.4.1.1 Efri-Núpur

Landamerkjabréf Efra-Núps var útbúið 28. maí 1892 og þinglesið 7. júní sama ár:

> Frá Núpsá að austanverðu ræður bein lína upp til svo nefndrar Rjúpnalágar (Rjúpnadældar), þá ræður Rjúpnalág merkjum upp Brekkur og sama stefna frá henni upp Merarhamra við Messuskarð, þeir eru hornmerki á norður og austur
>
> horni landsins, milli jarðanna Neðranúps og Hnausakots. Frá Merarhornum ræður bein lína fram Steinheiði í þrjá steina, sem nefndir eru Bræður ræður bein lína fram hálsinn í Grjóthól við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali, hann er hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar og jarðarinnar Bjargastaða. Frá Kastala ræður bein lína vestur á Kvíslavatnsás í stein, sem merktur er L.M. steinn þessi er hornmerki heimalandsins að sunnan og vestan milli Þverár, frá steini þessum ræður bein lína norður hálsinn í Hestvatn og Hestlækjarós, frá því ræður sama stefna norður hálsinn í Hestlæk fyrir sunnan Skollhólsflá, eptir það ræður Hestlækur til Þverárvatns og bein lína yfir vatnið í ósinn á Þverá, þá ræður Þverá merkjum í Núpsár. Að vestanverðu að Núpsá milli Fosskots og Efranúps ræður Kotlækur merkjum frá Núpsá upp á brún þaðan ræður bein lína merkjum vestur hálsinn í vörðu á melholti suður af Miðhæðum, frá nefndri vörðu ræður bein lína í stóra Kistuvatnshól, sem er hornmerki milli Efranúps, Fosskots, Lækjabæjarlands og Dalgeirsstaða, frá Kistuvatnshól ræður bein stefna norður hálsinn í Núpsvatn, sem er hornmerki milli Neðranúps og Efranúps, frá Núpsvatni ræður bein lína austur hálsinn merkjum milli Núpanna í Maratjörn, frá Maratjörn bein stefna í Áshólsgil, þá ræður Áshólsgil neðra merkjum niður til Núpsár
>
> Samkvæmt gömlum máldrögum og nýgjörðum samningum eru ítök þessi:
>
> 1. Efrinúpur á samkvæmt vísitatíu Steingríms biskups skólagjörð tveimur mönnum við Arnarvatn. Eða rúm í skála þar og eldivið sem þarf, og tveggja króka hald í vatni.
>
> 2. Samkvæmt dómi 14. júní 1724 upplesnum fyrir rjettinum, sem haldin var á Skriðnesenni, settu áreiðarþingi, af Orni Daðasyni, sömuleiðis í lögrjettu upplesinn þann 13. júlí 1726 af S. Sigurðssyni, á kirkjan fimm hdr. Í reka á Skriðnesenni við Bitrufjörð móti Staðarbakkakirkju til helminga skipta, milli Stigakletts og Rauðuskriðu. Sömuleiðis á Efrinúpur torfskurð í Neðranúps jörð, svo sem þarf, einnig tveggja mánaða beit fyrir geldfé milli Rjúpnalágar

[381] Skjal nr. 4(10).

og Breiðulágar, sem er næsta dæld fyrir utan yzta Sandhól, þaðan rjettsýnis upp í borgir fyrir utan Messuskarð. Að vestanverðu við Núpsá eiga Núparnir sameiginlegt beitiland frá Áshólsgili neðra út á svo kallaðan Beinabakka við Núpsá, þaðan beina línu vestur á Seljafjall, enn aftur á móti þessu á Neðrinúpur upprekstur fyrir geldfé á Önundarfitjar á Núpsheiði, hvannskurð og grasaleitar.

3. Upprekstur á Efranúpsheiði hafa ábúendur þessara jarða mót síðarnefndri borgun:

1. Núpdalstunga, heiðartollur þaðan fyrir hvert ár 10 áln.
2. Torfastaðir í Núpsdal - - - 7 -
3. Haugur - - - 7 -
4. Speni - - - 6 -
5. Litlatunga - - - 5 -
6. Þverá í Núpsdal - - - 4 -
7. Fosskot - - - 2 -[382]

Hjörtur Líndal, eigandi Efranúps og Hnausakots, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Jónssyni eiganda Fosskots, Stefáni Sveinssyni eiganda Dalgeirsstaða, Jósefínu Jósefsdóttur eiganda Þverár í Núpsdal, Guðfinnu Jónsdóttur eiganda Núpdalstungu, Jóni Jónssyni eiganda Torfustaða, Jóhanni Ásmundssyni eiganda Haugs, Sesselju Ingibjörgu Jónsdóttur eiganda Bjargarstaðalands og Jóni Hafliðasyni eiganda Neðranúps. Tvö þau síðustu handsöluðu samþykki sitt.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Efri-Núp:

> Á rjett til upprekstur í afrjett sveitarfjelags. [...] Ítök [...] Torfrista í Neðra-Núpslandi sem þarf. Ennfremur beit firir búpening allan tíma árs frá Áshólsgili út fyrir Beinabakka.[383]

Hinn 7. júní 1919 seldi Hjörtur Líndal á Efra-Núpi, syni sínum Benedikt H. Líndal Efri-Núp með hjáleigunni Núpsseli. Í kaupsamningi, sem þinglesin var þann 26. júní 1924, er tekið fram að jörðin sé seld með þeim réttindum og skyldum sem henni fylgir og fylgja ber samkvæmt þinglýstum landamerkjaskrám. Í kaupsamning segir m.a.:

> Einnig beitarítaki fyrir búpening í Neðra-Núpsjörð í Fremri Torfustaðahreppi, samkvæmt þinglýstri landamerkjaskrá fyrir Efra-Núp, svo og torfristu í landi áðurgreindrar jarðar Neðra-Núps, samkvæmt áðurnefndri landamerkjaskrá. Einnig allri silungsveiði í Syðra Kvíslavatni í landi jarðarinnar Þverár í Núpsdal.

Þá áskildi seljandi sér einnig:

[382] Skjal nr. 2(9).
[383] Skjal nr. 2(62).

að hafa til allra afnota suðurhluta túnsins norður að Kinnlæk svokölluðum og úr honum norðanvert við bæinn beina línu niður í syðsta stólpa svokallaðrar Lambhagagirðingar. Svo og leigja að 1/4 – einum fjórða hluta úr heimajörðinni og beitiland eftir þörfum. Einnig nægileg íbúðarhús og geymsluhús handa sjer og fólki því er hann kann að þurfa að hafa, svo og fjárhús þau er Hólahús eru kölluð með hlöðu við þau. Ennfremur áskilur seljandi sjer að hafa afgjald hjáleigunnar Núpssels sama tíma og fyrgreindar nytjar heimajarðarinnar endurgjaldslaust svo lengi sem hann óskar.[384]

Árið 1967 var Efri-Núpur seld. Afsalið er ódagsett en því var þinglýst á manntalsþingi að Haugi 8. september 1967. Í afsalinu er tekið fram að jörðin sé seld með þeim réttindum og skyldum, „er henni fylgja og fylgja ber, samkvæmt þinglesinni landamerkjaskrá frá 1892 og kaupbréfi mínu frá 7. júní 1919.“[385]

Í kaupsamningi um Efri-Núp, dags. 6. júní 1988 er tekið fram að landamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjaskrá frá 28. maí 1892. Um hlunnindi og ítök jarðarinnar segir síðan:

> Veiðiréttur er í Miðfjarðará og Kvíslarvötnum. Um veiðirétt í Kvíslavötnum sjá nánar tilvitnaða landamerkjaskrá dags. 31. maí 1887.[386]

5.4.1.2 Þverá í Núpsdal

Landamerkjabréf Þverár var útbúið 31. maí 1887 og þinglesið 18. júlí sama ár:

> Á sú er rennur út dalinn, fyrir neðan túnið á Þverá, sem kölluð er Núpsá, aðskilur Þverárdal frá Fosskotslandi, alla leið fram að svonefndum Lambaás, þar tekur við Efranúpsland vestan árinnar, er Þverárland að austan allt fram í dalsbotn, í dalsbotninn rennur lækur úr suðaustri, sem kallast Kvíslavatnskvísl, og er Efranúpsland að sunnan en Þverár að norðanverðu kvíslarinnar, frá upptökum hennar (kvíslarmynninu) ræður merkjum bein sjónhending yfir syðra Kvíslarvatnið, í eystri endann á Kvíslarvatnsás, og er þar suðausturhornmerki á Þverárlandi, þaðan ræður bein sjónhending í Hestlækjarós, og ræður svo Hestlækur merkjum norður í Þverárvatn, úr vatni þessu rennur vatnsfall, sem kallað er Þverá, liggur hún fyrst til norðurs, og beygist síðan til vesturs, skammt fyrir sunnan Efranúpssel, og fellur í Núpsá, skammt fyrir utan túnið á Þverá.
>
> Eptir framangreindum merkjum verður nokkur partur af syðra Kvíslarvatni og allt norðara vatnið liggjandi í Þverárlandi, En þess ber að geta, að núverandi eigendur Efranúps og Þverár gjöra það að samningi sín á milli, að silungsveiði og önnur afnot þessara svokölluðu Kvíslarvatna skuli vera til helmingaskipta brúkuð af ábúendum Efranúps og Þverár, sem hver önnur sameign, en ekki mega þeir ljá eða leigja öðrum veiðina.
>
> Þessu til staðfestu eru undirskrifuð nöfn allra hlutaðeigenda.[387]

[384] Skjal nr. 4(106).
[385] Skjal nr. 4(105).
[386] Skjal nr. 4(160).

Pjetur Guðlaugsson meðráðamaður stúlkunnar Jósefínu Jósefsdóttur, sem var eigandi, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Hirti Líndal eiganda Efri-Núps og Jóni Jónssyni eiganda Fosskots.

Þann 18. júní 1908 seldi Hjörtur Líndal á Núpi, Þverá í Núpsdal til Hjartar L. Jónassonar bónda á Þverá á 1.800 krónur. Veiðiréttur í Kvíslavatni fylgdi ekki með í kaupunum. Í kaupsamningi segir svo:

> Veiðirjettur í Kvíslavatni fyrir Þverárlandi tilheirir að öllu leiti jörðunni Efra-Núpi frá þessum degi.

Undir kaupbréfið kvitta Hjörtur Líndal og H. L. Jónasson. Afsal var gefið út þann 12. júní 1909 og kaupunum þinglýst fyrir manntalsþingsrétti að Núpsdalstungu sama dag. [388]

Þann 3. júní 1916 seldi Ólafur Halldórsson bóndi á Þverá í Núpsdal hálfa jörðina Þverá til Jakobs Skarphéðinssonar á Efranúpi á 1.750 krónur. Bæði afsali og eignaskiptum var þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 28. júní 1918. [389]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Þverá í Núpsdal:

> Upprekstur á jörðin í afrjett sveitarfjelags [...] Veiði í Hvíslarvatni, sem er á merkjum, tilheirir Efra-Núpi.[390]

Búið var á Þverá alla 19. öld samvæmt manntölum og fram eftir 20. öld[391] en hún fór í eyði upp úr 1940 segir í ritinu *Húnaþingi* II.[392]

Árið 1970, þann 29. desember, keypti Jóhann Gunnar Helgason bóndi á Efranúpi jörðina Þverá í Núpsdal af hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps.[393]

Sama dag, þann 29. desember 1970, leigði Jóhann Gunnar Helgason, hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps land jarðarinnar Þverár, „það er liggur framanvert við afréttargirðingu Miðfirðinga eins og hún liggur nú," en veiðihlunnindi undanskilin. Leigusamningur gilti til ársins 1979. Honum var þinglýst á manntalsþingi að Haugi þann 28. ágúst 1971.[394]

5.4.1.3 Fosskot í Núpsdal

Fosskot byggðist upp einhvern tíma skömmu fyrir 1835 og búið var þar allt til ársins 1966 að hún fór í eyði.[395]

Landamerkjabréf Fosskots var útbúið 19. júlí 1890 og þinglesið 5. júní 1891:

---

[387] Skjal nr. 2(11).
[388] Skjal nr. 4(142).
[389] Skjal nr. 4(144).
[390] Skjal nr. 2(62).
[391] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Leitarforsendur: „Þverá" og „Efra-Núpssókn/Efranúpssókn"
[392] Aðalbjörn Benediktsson „Fremri-Torfustaðahreppur". *Húnaþing* II, (1978), bls. 545.
[393] Skjöl nr. 4(161) og 5(10).
[394] Skjal nr. 4(145).
[395] Aðalbjörn Benediktsson „Fremri-Torfustaðahreppur". *Húnaþing* II, (1978), bls. 545.

> Að norðan ræður Kotlækur frá Núpsá merkjum milli Efranúps upp á há brún, þá ræður bein stefna vestur Kotlækjardrög, fyrir sunnan Kotlæk, vestur í vörðu á melhól, sem er suður af Miðhæðum, þá ræður bein lína vestur í stóra Kistuvatnshól, sem er hornmerki fjögra jarða: Dalgeirsstaða, Lækjarbæjar, Efranúps og Fosskots. Úr Kistuvatnshól ræður bein lína fram hálsinn fram til Túnaselja við Vesturá undan Önundarfitjum, sem er hornmerki að sunnan og vestan, þá ræður bein lína austur hálsinn í Lambás, þá ræður Lambás ofan undir Núpsá, eptir það ræður Núpsá merkjum út að Kotlæk.[396]

Jón Jónsson eigandi Fosskots skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Hirti Líndal eiganda Efranúps, Stefáni Sveinssyni eiganda Dalgeirsstaða og Þorvaldi Bjarnasyni umráðamanni Lækjabæjar.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Fosskot:

> Jörðin á rjett til upprekstur í afrjett sveitarfjelags. [...] Jörðin liggur við heiði [...].[397]

Hinn 21. maí 1966 keypti hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps jörðina Fosskot af Jóni Jónssyni bónda þar. Í kaupsamningi, sem þinglýst var 25. ágúst sama ár, er tekið fram að landamerki séu samkvæmt landamerkjaskrá (ekki tilgreint nánar hvaða).[398]

5.4.1.4 Neðrinúpur

Landamerkjabréf Neðrinúps var útbúið 4. júní 1890 og þinglesið sama dag:

> Milli Núpdalstungu og Neðranúps, niður við Núpsá á móti Djúpahvammi eru landamerki í svokallaða Merkjaþúfu eða Merkjavörðu, frá Merkjavörðu er bein sjónhending í Lynghól, úr Lynghól, bein lína í stein fyrir norðan Borgartögl, steininn er merktur L.M., og er hann hornmerki að austan milli fyrrgreindra jarða, frá steininum ræður bein lína merkjum milli Hnausakots og Neðranúps, fram Borgina í Slögustein, frá Slögusteini ræður bein lína eptir hæstum Borgum í Merarhamra, og eru þeir hornmerki að austan milli Efranúps og Neðranúps, þaðan ræður bein sjónhending ofan í Rjúpnalág (Rjúpnadæld), ræður svo Rjúpnalág ofan til Núpsár Milli Neðranúps og Torfustaða er hornmerki klettur niður við Núpsá, merktur L.M., frá klettinum er bein lína í Prestvörðustein, þaðan rjettsýnis í tvo steina, sem kallaðir eru Strákar, frá Strákum beina sjónhending í stein austanvert við Torfustaðavatn, sem merktur er L.M., þaðan ræður bein lína yfir Torfustaðavatn í Núpslækjarós, þá ræður Núpslækur fram í Núpsvatn, þá ræður Maratjarnarkvísl frá vatninu upp til Marartjarnar, þá ræður bein lína merkjum frá Marartjörn austur í Áshólsgil neðra, þá ræður Áshóls-gil ofan til Núpsár.
>
> Ítök eru þessi:

[396] Skjal nr. 2(12).
[397] Skjal nr. 2(62).
[398] Skjal nr. 4(108).

> Jörðin Neðrinúpur á upprekstur fyrir geldfé og hross á Efranúpsheiði sömuleiðis graslendur, Efrinúpur á móti þessu torfskurð í Neðranúpsjörð, svo sem þarf, og tveggja mánaða beit fyrir geldfé í landspartinum milli Rjúpnalágar og Breiðulágar, sem er næsta dæld fyrir utan yzta Sandhól og svo sjónhending beint austur í Borgina fyrir norðan Messuskarð Að vestanverðu við Núpsá, Áshólsgili neðra úti á Beinabakka, og þaðan rjéttsýnis upp í Seljafjall, eiga Núparnir sameiginlegt beitiland fyrir sauðfé og hross.[399]

Jónas Hafliðason eigandi Neðranúps handsalaði samþykki sitt. Landamerkjabréfið var samþykkt af Hirti Líndal eiganda Hvannakots og Efranúps, Guðfinnu Jónsdóttur, eiganda Núpdalstungu, Jóni Jónssyni ábúanda á Torfustöðum og Stefáni Sveinssyni eiganda Dalgeirsstaða.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Neðri-Núp:

> Jörðin á rjett til upprekstur í afrjett sveitarfjelags. [...] Laxveiði er ofurlítil í sumum ánum. [...] Jarðeigandi telur að Efri-Núpur eigi hrossabeit og torfristu frá Ásólfsgili útá Beinabakka í landi jarðarinnar sem ítak.[400]

[399] Skjal nr. 2(13).
[400] Skjal nr. 2(62).

5.5 Húksheiði

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360-1389, kemur fram að kirkjan á Staðarbakka í Miðfirði eigi 10 hundruð í Húki.[401]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, segir að Staðarbakkakirkja eigi „Húk allan“.[402]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1461 og síðar, segir m.a. að Staðarbakki eigi „Húk allan“. Þá er einnig getið um Önundarfitjar og svonefndar Lambatungur. Því er lýst eftirfarandi á máldaganum:

> Þessi er saugn asgautz ingimundarsonar ath stadarbacki eigi jord med aullum gognum sudur fra sandgili oc bug allan sudr ath tunaselium. Enn laxveidi vnder Riukandi. aunundarfitiar allar firir vestan vesturaa oc suo sudur j midian floa. lambatungr sudur fra gautuhryggium oc sudur fra erringafaunnu epter midiu slettufelli j floa midian. bædi fuglueidi oc fiskviedi. selfor j litlatungu oc suo j aurridadal oc j bug ef vill. Reykiaeyre alla med þeim gaugnum oc gædum sem þar kann aa ath reka. vil(l) hann þat sueria ath þetta var þaa kallad (eign) stadarbacka er þorgrimur prestur hafdi oc hann hafdi þetta aataululaust sem hann ma muna.
>
> [...]
>
> asgautur telur suo. telr hann þriar selfarer backakirkiu. ein til kallbaks. aunnur j litlu tungu j saurbæ. þridia j auridadal oc oddr Reif hrijsvijde j Reynihola land þa hann var aa stadarbacka med eiriki þorgrimssyni oc taldi hann þat skyldu. ath Rijfa aa vj hesta vijdi eda hrijs aa hueriu aari j Reyniholaland. ef ei væri haufd selfor j auridadal. ef selfor er haufd þa skal fiarhalld vera tueimmegum aa sudur fra seli. þui ath eingi Reyniholsmanna liggur ofan fra. vil ec hier epter sueria ef ei þikir ella logligt vera þat ath egh hefui talid. [403]

Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 segir m.a.:

> Kyrkian a stadarbacka
>
> Hun a allt heima land / og þessar Jarder / Hwkur land: 12 aurar [...]
>
> Item a kirkian a stadarbacka alla laxveidi i Blahyl j vestur aa / Vm landamerki mille stadarb. og Mel stendur j höla Registri / so oc a milli stadarb. og Reynhola / Stadar backa kirkia a Jórd med ollum gógnum / sudur fraa sandgile / og bug allann sudur ad tunna selium en Laxveidi vnder Riukandi / aunundar fitiar allar fyrer vestan vestr aa / og so sudur j midian flöa / Lambatungur sudur fraa gautu hryggium / og sudur fraa erringia fónnum / epter midiu slietta felli / j floa midian / bædi fuglveidi og fiskveidi / selfor i

[401] Skjal nr. 2(76).
[402] Skjal nr. 2(68).
[403] Skjal nr. 2(65).

Litlu tungu / og so j aurida dal / og j bug ef vill / Kirkiu tyunder af fasta eign / 7 ½ eyrer / Liggia under 16 bæer.[404]

Þann 26. september árið 1621 dæmdu sex menn í máli er varðaði lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði. Landamerkja er lauslega getið. Dómurinn hljóðar svo:

Eptirrit

Anno 1621 þann 26 Septembris á Torfustöðum þíngstd réttum vorum vér eptirskrifaðer menn Einar Jónsson laugréttumað[u]r, Helgi Jónsson, Björn Jónsson, Gunnlaugur Hálfdanarson, Ari Jllugason og Eyúlfur Jllugason til dóms nefndir af Guðmundi Hákonarsyni kóngsins sýslumanni í Húnavatnsþíngi að álíta það mál, er Gyssur prest[u]r Gamalielsson og Jngjald[u]r B(óndi) Jllugason dóms ábeiddust, sem var: að sumir búend[u]r í Miðfirði ekki vildu uppihalda laugrekstrum og fjallgaungum til afréttar þeirrar, er þeir ættu meðgjörð með, og þóttust þeir (svovel sem hinir aðrir, sem rekstrinum hafa uppihaldið) skaða afbýða og beðið hafa, og móti laugum og rétti gjört vera, og beiddu (sem oss og viðtist þörf vera) að hér væri skorð[u]r viðreistar. Komu fram fyrir oss Besse Sigurdarson og Andres Halss., sem og allmargir aðrir þíngmenn, er það báru að laugrekstrar hefdu verið allann þann tíma þeir hefdu tilvitad (sem var meir en um 30 ár) á Lambatúngur í Austurárdal úr Miðfirði fyrir austan fram og úr Núpsdal, en á Húksheidi úr Húksdal beggja vegna og fyrir vestan Midfjardará, eð sama sögdust greindir menn af sér eldri mönnum heyrt hafa. Nú hljóðar svo lögmálið: „Allir þeir sem afrétt eiga, skulu reka fé sitt í midia afrétt“ R(éttar) b(ót) E(iríks) K(onungs). „Um géldfjárrekstur á vor til afréttar og fjallgöng[u]r á haust hvorn tíma vera [síðuskipti] skal, þá skal gjöra eptir því sem hreppstjórnarmenn gjöra ráð fyrir, og hvorju bygdarlagi hæfir, því það hæfir ey öllum bygdarlögum eins til; nú er ey svo gjört, þá er hvor sek[u]r 6 aurum, er þann afrétt eigu“ etc. Item: „Hvor maður, er sauði á, skal gánga á fjall eitt sinn um haustið, og um landeign sína hvort sinn er laugrétt skal vera á haust; En skipta skal svo odrum gaungum, sem hreppstjórar gjöra ráð fyrir. Sek[u]r er sá mað[u]r hálfri mörk við Kóng, er ey gengur um landeign sína og ábirgist sauði við þá, er eigu, alla þá í hans leit og landi eru sjenir, þá er hann átti gönguna“. Item: „Þar skulu Rétter vera, sem að fornu hafa verið og svo lángt og víða tilreka“.

Því í Guðs nafni amen! fyrir greind[u]r laganna greinir og þær fleyri í lögum standa, er oss og vorn dóm styrkja mega, ad öllu svo, fram fyrir oss komnu, dæmdum vér með fullu dóms atkvæði: alla búend[u]r í ád[u]rskrifuðu takmarki skilduga að reka fé sitt á þessar tvær afréttir ádurgreindar Lambatúngur i Aust[u]rárdal og Húksheiði eptir laganna hljóðan og hreppstjóra skikkun, og gánga eitt sinn á haust um sömu heiðar, hvorn einn búanda, sem ræki 10 lömb og þadan af fleiri, og þeir skildu gjalda í lambatoll

[404] Skjal nr. 2(122) a-b.

hálfar 5 álnir, er svo mörg ræki allt til 20, en þeir, er 20 rækji, skildu gjalda gildt 5 álna lamb, því svo bevísaðist ad verid hefdi venjulegur tollur í títtskrifadri sveit Miðfirði; En þá er ey vilja rekstrinum uppihalda og göngurnar gánga, eptir þessa vors dóms hljóðan, seka sem lögmálið útvísar. Svo og ef nokkur finnst sá, er ey vill lambið árl(ega) greida, svari sauð með aldri. Sé og ákveðnum tolli svo lengi haldid, að verði 1 merkur skaði, þá dæmdum þeim fullrétti sitt, er hann taka átti.

Laugsamdi og samþykti þenna vorn dóm með oss greind[u]r Kóngsins Sýslumann og setti sína handskript með vorum ád[u]rskrifadra dómsmanna handskriptum undir þenna dóm; hvor dæmdur og uppsagd[u]r var í sama stað, ár og dag sem f(yrr) segir.

Hefvi eg Thorleif[u]r Kortsson logmað[u]r þennan dóm séd og yfirlesid og sýnist mér hann skýr og skjallegur og vel tilsett[u]r med ljósum lagagreinum, því befala eg og skikka Bændum og Búendum i Midfjardarsveit sig framvegis endilega eptir þessum dómi að rjetta, svosem hann tilsegir og útvísar.

Skrifað Þíngeyrum 8da Aprílis Anno 1668.

Thorleifr Kortsson E.H.

Þessi fyrir ofan skrifuð dóms Copia er samhljóda Origínalnum med hángandi innsiglum, hvor upplesin var af Torfustada Manntalsþýngi 1676, 19da Aprílis.

Gudbrandr Arngrímsson E.H., Jón Sigurdss; mppria, Gudmundr Jonsson, mppria.

Þessa ofanskrifada Dóms Copiu hefi eg Magnus Jonson lögmann yfirséd og athugad, og virfist mér hann nýt[u] og skjallegur, hvar fyrir sé trátsuglega móti honum brotid, þá gángi valdsmenn i Húnavatnssýslu eptir Dómsrofssektum, þá það er fyrir þeim klagad.

Til merkis undirskrifað nafn á Lunde i Lundareikjadal 11. Júli Anno 1680.
Magnús Jónsson E. h.[405]

Ofangreindur dómur, frá 26. september 1621 var einnig lesinn upp á manntalsþingum að Torfustöðum 1676, 1694, 1702, 1712 og 1719.[406]

Einnig var dómurinn lesinn upp á manntalsþingi að Torfustöðum þann 19. maí 1733. Í dómabók sýslumanns var eftirfarandi fært til bókar:

2° Var upplesenn heradsdomur giördur a Torfustada þinge þann 26 Septembris Anno 1621 stadfestur og samþicktur af tveimur lögmönnumm ahrærande fiarupprekstur i midfiardar hrepp a Lambatungur i austurárdal og huksheide, efter hvöriumm dóme syslumadurenn alvarlega tilsagde hreppsmönnumm afrekstra ad bruka so framt þeir vilie ei mæta tiltale og sektumm sem þar vidliggia efter kongl. Majts logum.[407]

[405] Skjöl nr. 2(50), 2(86) a-b og 2(210) a-b.
[406] Skjöl nr. 2(210) a-b.
[407] Skjal nr. 2(207) a-b.

Á manntalsþingi, höldnu að Torfustöðum þann 10. maí 1753, var upplesinn fyrrgreindur dómur frá 1621. Eftirfarandi var fært til bókar í dómabók sýslunnar:

> 5° Var upplesenn dómur umm tvær afretter i Midfyrde Lambatungur og Huksheide sem aller hreppsmenn i Midfyrde brúka skyllde, er dómurenn stadfestur af tveimur lögmönumm dat. 1621 og tilsagde Syslumadurenn hreppsmönum ad rietta sig eftter honum i öllum greinumm.[408]

Þá var umræddur dómur einnig lesinn upp á manntalsþingum að Melstað þann 8. júní 1838 og 19. maí 1842.[409] Þann 12. júní árið 1879 var svo lesið upp „eptirrit af sama dómi á manntalsþingi að Svarðbæli.“[410]

Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 1. maí árið 1663 var upplesin lögfesta séra Þorláks Arngrímssonar prests á Staðarbakka. Lögfestan er eftirfarandi:

> [...] J annare grein logfesti eg þad veidifliot Stadarbacha kyrkiu, Bláhyl J vestur á. [...]. [J fjórda] lægi logfesti eg Stadarbacha kyrkiu afrett liggjande [t]veim meigenn ar J westurárdal, sem er, land med ollum gognum sudur frá Sandgile, austanframm j dalnum, og svo allan Bug sudur ad tuna selium. Jtem vestanframm land allt ádurskrifudu landi gagnvart liggiandi og Ønundarfytiar allar fyrir vestan Vestur á þar med allar lambatungur sudur frá götuhryggium og Errijngafönnum efter midiu Slettafelle sudur J vatnaflóa midiann. Lögfesti eg þessa kyrkiunnar afrettar landz ~~töd~~ hollt og haga, vötn [og] veidistadi, lód og landsnytiar allar er greindu afrettar landi filgia og filgia eiga ad logum til rettra vmmerkia á allar sijdur mótz vid adra menn. Logfesti eg alla adurnefnda Stadarbacha kyrkiu eign og jtök Bædi ad ordfullu og logmáli rettu. Fyrerbýd eg hvorjum manne ~~ad~~ firgreinda kyrkiunnar eign ad yrkia, beyta edur J nockru sier ad nijta án loglegrar heimildar. Hier med beidi eg og lögskillda alla búendur vestan framm J midfyrdi ad þeir reki edur reka láte sijn lömb á lambatungr J vesturár dal J midia afrett efter lögum og dóme þar vmm ádur geingnum[411] á hentugum tijma. Og á haust fiallgöngum vpphallde J rettann thijma Efter þvi sem hæfer og ber, so eingi fáe tion á sijnu fe fyrer vanrækt og forsómun annarz. Vilie nu nockur þessa mijna logfestu átelia, þann beidi eg lagabeidslu og lýrittar, ad ~~hennar~~ hann leggi fimtarstefnu nu þegar henni j mote, annarz stendur hun ad logum xij mánudi, ad vitne valldzmannanna Biorns Magnussonar og Jonz Eigilssonar og allra annara dugandismanna, er ord mijn heyra.[412]

Í vísitasíu að Staðarbakka þann 20. ágúst 1693 segir:

> Kyrkian ä allt heimaland og þessar Jarder, Hukur Landsk. 1 hndr. [...]
>
> Jtem ä kyrkian ä Stadarbacka alla Laxveidj J Blähil J Vestur Aa, Kyrkian ä Jórd med ollum gógnum Sudur frä Sandgili, og Bug allann Sudur fra Tuna

[408] Skjal nr. 2(210) a-b.
[409] Skjal nr. 2(210) a-b.
[410] Skjal nr. 2(208).
[411] *og dóme þar vmm ádur geingnum* á spássíu.
[412] Skjöl nr. 2(216) a-b og 2(217) a-b.

> Selium og Lax Veidi under Riukanda, Ónundar Fytiar allar fyrer Vestan Vesturä, og So sudur i midian Flöa, Lamba Tungur Sudur frä Gótu hriggium og Sudur frä Erryngia Fónnum effter Midiu Slietta Felli J flöa midiann, bædi Fugl Veidi og Fisk Veidi, Selfor J Litlutungu og so J Vrridadal, og J bug ef Vill.[413]

Í vísitasíu að Staðarbakka þann 6. maí 1700 segir:

> Kyrkian ä effter fyrre mäldógum allt heimaland og þessar Jarder, Huk landskulld 1 hndr. [...]
>
> þar ad auke Laxveidj i blähil i Vestur ä, Kyrkiann ä Jórd med óllum gógnum, Sudur frä Sandgile, og bug allann Sudur frä TunaSelium og laxveide under riukanda, Ónundar fitiar allar firer Vestan Vestur ä, og So Sudur i midiann flöa, lamba tungur Sudur frä Gótuhriggium, og Sudur frä Erringiafónnum, effter midiu Sliettafelle i flöa midiann, bæde fuglveide og fiskveidi, Selfor i litlutungur, og so i urridadal, og i bug ef vill.[414]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir, að Húkur í Miðfjarðarhreppi sé 16 hundraða jörð að dýrleika í eigu Staðarbakkakirkju-beneficium. Um afrétt Húks, segir eftirfarandi í sömu heimild:

> Afrjett á jörðin þar sem kölluð er Húksheiði, og njóta ábúendur hennar ekki, heldur tekur staðarhaldarinn afrjettartoll allan, sem áður greinir [þ.e. í kafla um Staðarbakka]. Ekki gjalda ábúendur á Húki toll af þessari afrjett. [...].
>
> Álftaveiði er á afrjettinni og brúka hana ekki ábúendur; en ekki er örvænt nema vera mætti nokkuð í heimalandinu fram eftir hálsinum.
>
> Grasatekju á fjallinu hafa ábúendur frjálsa.[415]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir eftirfarandi um afrétt Staðarbakkakirkju á Húksheiði og um selstöðu fyrir austan Vesturá:

> Afrjett á staðurinn á Húksheiði og hefur þar lamba upprekstur mikill hluti sveitarinnar fyrir vestan Miðfjarðará, og gjalda lamb af rekstri til staðarhaldarans.
>
> Selstöðu á staðurinn fyrir austan Vesturá, þar sem kallaðir eru Jafnhólslækir og öðru nafni Kirkjureitur. [...].
>
> Álfta eggvers er von nokkur í Húksheiði, sem er staðarins land, eftir þeim rjetti að staðurinn á jörðina. Í sama landi er nokkrar álftarveiðar von. Hvörugt þetta hefur nú í margt ár, síðan hallærið yfir gekk, staðnum að gagni komið.
>
> Grasatekju á staðurinn á fyrnefndri heiði.
>
> Hvannatekja og hvannaróta nokkur og þó lítil í sama landi.[416]

[413] Skjal nr. 2(123) a-b.
[414] Skjal nr. 2(124) a-b.
[415] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 48-49.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir eftirfarandi um afrétt Staðar í Hrútafjarðarhreppi í vestanverðu Sléttafelli:

> Afrjett eigna menn staðnum í vestanverðu Sljettafelli, á móts við Gilsbakkakirkju að sunnan og Staðarbakkakirkju að austan og norðan; segja menn so, að Bálkastaðaspotti sje að norðan landamerki alt til Brennikvíslar, þar fyrir sunnan eigi Staðarkirkja fellið og hagann suðureftir so lángt sem Síká fellur fyrir vestan; en deilur hafa hjer um verið milli Staðarbakka og Staðar presta.
>
> Það frambera menn til líkinda um Staðarkirkju rjett yfir högunum í vestanverðu Sljettafelli, að þar heiti ennnú í dag Staðarkvísl, og við þá kvíslina sjáist seltóftir, sem allir menn eigni Staðarkirkju.[417]

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eiga eftirtaldar jarðir í Miðfjarðarhreppi lambaupprekstur á Húksheiði fyrir 5 álna toll til Staðarbakka; Skarfshóll, Krókstaðir, Búrfell, Breddalækur, Hlíð, Kollufoss, Dalgeirsstaðir, Skegghallsstaðir og Þverá.[418]

Í vísitasíu að Staðarbakka, þann 4. september 1706, segir:

> Kyrkian ä allt heimaland og þessar jarder, Hük landskulld 1 hndr., [...] laxveide ä hun i Blähil i Vesturaa. Kyrkian ä Jórd med óllum gógnum sudur frä Sandgilde og bug allann Sudur frä tüna Selium. Laxveide under Riukanda, AunundarFytiar allar firer vestan vesturä, og So sudur i midiann flöa, lambatüngur Sudur frä gótuhriggium og Sudur frä Erringiafónnumm effter midiu Sliettafelle i flöa midiann bædr Fuglveide og Fiskveide, Selfór i Litlu Tungu og so i Urridadal og i bug ef vill.[419]

Í vísitasíu að Staðarbakka, þann 3. ágúst 1716 segir:

> Kirkiann a effter firre maldógum allt heimaland og þessar iarder, Huk, [...] þar ad auke laxveide i blähil i vestur ä, Kirkiann ä iórd med óllum gógnum Sudur fra Sandgile og bug allann sudur fra tunaselium og laxveide under riukanda, ónundar fitiar allar firer vestann vestur ä, og So sudur i midiann flöa Lambatungur sudur fra gótu hriggiumm og sudur fra Erringia fónnum effter midiu slietta felle i flöa midiann bæde fugl veide og fiskveide, selfór i Litlu tungur og So i urrida dal, og i bug ef vill.[420]

Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 5. maí 1747 var upplesin lögfesta séra Þorsteins Péturssonar prests á Staðarbakka. Lögfestan er svohljóðandi:

---

[416] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 40. Fjallað er um Staðarbakka á bls. 39-42.
[417] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 10. Fjallað er um Stað í Hrútafirði á bls. 9-11.
[418] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 42-53. Sjá nánar um Skarfshól bls. 42-43, Krókstaði bls. 43-44, Búrfell bls. 44-45, Breddalæk bls. 45-46, Hlíð bls. 46-47, Kollufoss bls. 47-48, Dalgeirsstaði bls. 49-51, Skegghallsstaði bls. 51-52 og Þverá bls. 52-53.
[419] Skjal nr. 2(125) a-b.
[420] Skjal nr. 2(126) a-b.

III° Logfeste Eg Stadarbackakyrkiu afRett, liggiande tveim meigenn ár i Vesturárdal, nefnelega austann framm, land med ollum gognum og giædum sudur frá Sandgile uppa brun ad galltarsteine, til mots vid fremranups Eigendur, ogso bug allann vid Vesturá sudur ad Tunaselium, Ønundarfitiar allar firer vestan Vesturá, ogso sudur i midiann flóa, lambatungur allar, sudur fra götuhriggium og Erringa fönnum, effter midiu Slettafelle J flóa midiann, þar fyrer nordann liggur leiguland Huks ábuenda; Þetta kyrkiunnar afRettarland med ollum firgreindum Eignum og Jtokum, logfeste Eg bæde ad ordfullu og logmale Rettu, fyrer byd eg hvorium manne hier nefnda kyrkiunnar Eign ad jrkia, beita, Edur i nockru sier ad nýta, nema mitt kome lof eda leifi til. Hier med beide eg og logskyllda alla buendur vestann framm i midfyrde, Eins beggia meigenn i Vesturardal, sem og á midfiardarnese beggiamegenn, ad þeir Reke edur Reka láte syn lomb a Stadarbacka kyrkiu afRett árlega, Effter logum og dome þar umm geingnum, ogso lyka giore fiallgongur á haust án forsómunar ad Eingenn fáe tión á fie synu firer annars vanrækt. Vilie nu nockur þessa mina logfestu átelia, þann beide eg lagabeidslu, og lyrittar, ad hann legge fimtarstefnu nu þegar henni í móte, annars stendur hun ad logum næstu tolf mánude ad vitne valdzmannsens og annara dugandismanna er ord mýn heira.

Actum Stadarbacka d. 5ta Maij Anno 1747.
Þorstein Petursson.[421]

Á manntalsþingum að Torfustöðum þann 29. maí 1769 og 22. maí 1776 var fyrrgreind lögfestan upplesin.[422]

Í vísitasíu að Staðarbakka, þann 23. júlí 1749 segir:

Stadarbacka Kyrkia a effter þeim Authorizerudu Maldogum Audunnar Jons Peturs og Olafs, Hvorra sydasti hier innfærest. Allt Heimaland [...], Huk allann, [...] alla Laxveidi i Blahil i Vestur ä. [...] Item a Stadarbacki Jord med ollumm gognumm, sudur fra sandgile, og bug allann sudur ad tuna selium en Laxveide under Riukanda; aunundarfitiar allar fyrer Vestann Vesturä, og so sudur i Midiann Flöa, Lambatungur allar sudur fra gótuhriggium og sudur fra Erringa /Vulgo ijringa:/ Fonumm, effter Midiu Sliettafelle i floa Midiann, bæde fuglveide og fiskveide. Selfor i Litlutungu og i Aurridadal, og i Bug ef Vill, Reikia Eire alla med þeim gognum og giædumm, sem þar kunna ad Reka, Veide i Bugduhil ad helminge þar ad von var i Melsland. Item Hrisrif i Reinhola Lande a 6 Hesta arliga, ef ei er Hofd selfór i Aurridadal, enn ef selfor er hofd þa skal fiarhald vera tveim meiginn ar sudur fra sele, þvi ad einge Reinholsmanna liggur ofann fra.[423]

[421] Skjal nr. 2(218) a-b.
[422] Skjal nr. 2(218) a-b.
[423] Skjal nr. 2(127) a-b.

Þann 18. júní 1758 að Melskirkju, var upplesið áminningarbréf séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka, um að bændur í Miðfirði reki lömb sín á Húksheiði án allra undanbrigða eftir því sem fornir dómar tilhaldi þeim. Bréfið er svohljóðandi:

> Med þvj a næsthöldnu manntals þinge ad Torfustödumm var á ný áliktad, og tilsagt af sýslumanninum þad upprekstrar i midfyrde skildu vera, effter þvi sem forner dómar tilhalda, hvor áliktan Jnn var færd f(yrer) heradz protocolenn, so þeir verde þessheldur ansieder effter lögum sem ej vilia þvi hlydnast, þvi advara eg nu Jdur alla og oska, ad aller buendur i Midfyrde, f(yrer) vestann midfjardará, af midfiardarnese og begggia meiginn i Vesturárdal, Reke lömb syn, nu i sumar á Stadarbacha kyrkiu afrett Huksheide, án allra undannbrigda, so sem forn venia og lög tilstanda. Jeg skal lata leita uppe dýr, og fá mann til ad vinna ef finnast kunna i afrettinne. Jeg vona vidkomendur halde sier þetta effterrettanlegt, til sameigennlegs hagnadar, þvj ej hafa vered betre heimtur umm stunder, þá slýkt hefur vanrækts og lömb hafa geinged i heimahögum, hvar þaug kunna so vel fargast sem á fiallenu, til og med kunna og gieldar kindur ad flækiast framm á heide, sem tapast, ef hun er ej sameigennlega leitud tilgagns ad hauste hvorn skada vorer forfedur hafa vel firer sied sem fornar Rádstafaner hafa giört umm upprekstra i sveitenne. Hvad eg bjd og hreppstiórarner effter sinu Embætte take iagt og legge gód ord til.[424]

Eftir messu við Efranúpskirkju árið 1760 var lögfesta séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka lesin upp. Jafnframt áminnti séra Þorsteinn bændur um að reka lömb sín á Lambatungur. Bréf séra Þorsteins er svohljóðandi:

> Eg Þorsteinn Petursson prestur ad Stadarbacka og profastur í Hunavatnsþinge logfeste her i dag Eign kyrkiunnar ad Stadarbacka, nefnda Jafnhólslæke, þad er land med ollum gognum og giædumm austann framm á Vesturárdal, sudur fra Sandgile, uppá brun ad galltarsteine, rettsyne framm ad Tunaselium og ad Ønundarfitium, ogso bug allann vid Vesturá. Sømuleidis logfeste eg halsinn allann fyrer austann adurgreint land, sem heirer til Eignar Jord minne Efranupe. Fyrer byd eg hvorium manne hier nefnda mýna og Stadarbacka kyrkiu Eign ad jrkia, beita med hrossumm Edur fie vetur edur sumar, Eda í nockru sier ad nýta, nema mitt kome lof og leife til, legg eg hier vid tvof[a]llt landnám, og áverkabot effter logum, ef viliande er á mote brotid, ad vitne þeirra dugandismanna sem ord mýn heira.
>
> Dat. Stadarbacka d. 10. Juny 1760.
> Þorsteinn Petursson
>
> Upplesid vid Efranups kyrkiu, sóknarmonnum áheirande ad afstadenne h. þiónustugiord vitna underskrifader 2. Sunnud. eptir Trinitatis 1760.
> Olafur Petursson, Arngrímur Hallgrímsson, Jón Jónsson, Jón Biornsson.

[424] Skjal nr. 2(211) a-b.

> Jafnframt þessu beide eg og logskillda alla buendur beggia meigenn i Vesturardal og vestann framm i ollum midfyrde ad þeir Reke lömb syn a Stadarbackakirkiu afriett sem kallast lambatunga og halde uppe fiarleitum á haust og gialde fiallatoll efter þar umm logsomdum dome, under þær sekter sem þar greiner.
>
> Stadarbacka d. 10. Juny 1760. Þorsteinn Petursson.[425]

Í vísistasíu að Staðarbakkakirkju sem fram fór þann 4. október árið 1786, stuttu eftir Skaftárelda, kemur fram að jörðin Húkur, sem var í eigu kirkjunnar, sé komin í eyði. Aðrar eignir kirkjunnar eru ekki tilgreindar sérstaklega, heldur einungis sagt að kirkjan haldi „öðrum sínum eignum.“ Í vísitasíunni segir:

> Anno 1786 þann 4da Oct. var Kyrkiann ad Stadarbacha af Herads Profastenum visiterud
>
> [...]
>
> Af 13 Stadarens kug. sem Beneficiatus Sra Eyrikur Vidtök in Natura lifdu 2 alleina effter Pláguna og Hallæred, sem nu underrettast til Vera á Kyrkiunnar Jördum Krókstödum og Nedre Fitium. Þar ad auk eru og 4 ær til Kugyldis af Prestenum Sra Eyrike med þar til logdum Collectu Peningum Innkeyptar. 2 kyrkiunnar Jarder Hukur og Skarfshöll eru i Eyde. Item hjäleigan Hrafnshus bygd adur af Stadarens Heimalande. Ödrum sinum Eygnum beheldur Kyrkiann enn nu.[426]

Í vísitasíu að Staðarbakkakirkju, þann 6. júní árið 1787, kemur fram að jörðin Húkur sé þá enn í eyði. Í henni er hins vegar ekki minnst á afréttarlönd kirkjunnar.[427]

Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 10. júní 1789 var upplesin lögfesta séra Egils Jónssonar á Staðarbakka. Í lögfestunni segir:

> 2° Lögfeste eg sierilage veidestade kyrkiunnar á Stadarbacka er henne med rettu tilheira nefnel. alla veide under Riukanda og alla veide i Stóra Bláhyl i Vesturaa, alla veide i Midfiardará, allt fra Urrida-aarstreing og úti Torfustada kvislamót; hálfa veide i Trumbuflióte móts vid þá er land egu á móte; Eirnenn lögfeste eg under Stadarbacka kyrkiu Jordena Krókstade alla hálfa veide i Grióthyl og i Midfiardará þadann frá móts vid Biargs land, allt ad rettumm landamerkium millumm Biargs og Urrida-ár.
>
> [...]
>
> 4° Lögfeste eg Stadarbacka kyrkiu afrett liggiande tveim megenn ár i Vesturárdal, sem er ad austann framm so kallader Jafn-hóls læker, land med ollumm gognum og giædumm sudur frá Sandgile upp á brún ad Galltar Steine til móts vid Fremranúps Eigendur, og so Bug allann vid Vesturá sudur ad Túnaselium, Ønundarfytiar allar fyrer vestann Vesturá og so sudur frá

[425] Skjal nr. 2(219) a-b.
[426] Skjal nr. 2(174) a-b.
[427] Skjal nr. 2(175) a-b.

Götuhryggium, og sudur frá Erringa (vulgo Jringa) Fønnumm effter midiu Sliettafelle i flóa midiann bæde fuglveide og fiskveide.

5° Lögfeste eg eirnenn þessar Stadarbacka kyrkiu Jarder. a). Húk allann med öllumm gögnumm og giædumm, og sierhverium landsnytium, vötnumm og veidestödumm er þeirrar Jardar Leygulande filgt hefur, filger og filgia ber med rettu, allt framm under Stadarbacka kyrkiu áminst afrettarland, og til rettra Landamerkia sem vered hafa og vera egu móts vid adra menn. b). Nedre Fytiar allar, Tödur og Eingiar, hollt og haga, vötn og veidestade, lód og landsnytiar, og allt hvad þeirre Jördu filgt hefur og filgia ber med rettu, til þeirra ummmerkia er adrer egu á móte.[428]

Á manntalsþingi að Melstað þann 27. júní 1817 var lögfestan lesin upp aftur.[429] Í vísitasíu að Staðarbakka, þann 26. september árið 1819 segir:

Stadarbakki

Árid 1819 þann 26. Sept: var Prófastur i Húnavatns Sýsslu Jón Jónsson komin ad Stadarbakka til ad yfirlíta kyrkiuna og hennar tilheyrandi. Hún á Heimaland allt, Króksstadi alla, Skarfshól, Húk allan, Reykiatánga fram frá Grasi. Tólftúng i Hvalreka og Vidreka á Bálkastödum, tvö hundrud i Vidi, edur Vöru, ef ekki er Vidr til. Hálfan Vidreka og Hvalreka nordur á Skridu Enni millum Stiga og Rauduskridu, med hveriu móti sem reka kann á Þennan Reka, alla Laxveidi i Bláhyl i Vesturá. Jörd med öllum gögnum sudur frá Sandgili, og Bug allan sudur ad Túnaselium, enn Laxveidi undir Riúkanda. Aunundarfitiar allar fyrir Vestan Vesturá, og svo sudur i midian Flóa, Lambatúngur allar sudur frá Gautuhriggium, og sudur frá Erringa /:vulgo Iríngа:/ fönnum, eptir midiu Sliettafelli, i Flóa midian, bædi Fuglveidi og Fiskveidi. Selför i Litlutúngu og i Auridadal, og i Bug ef vill. Reykiaeyri alla med þeim gögnum og gædum, sem þar kunna ad reka. Veidi ad Helmingi i Bugduhyl, þar ad von var i Melsland – item: Hrísrif i Reinhólalandi á 6 hesta árlega, ef ei er höfð Selför á Aurridadal – Ennú á Stadarbakka Kyrkia Landspláts á móts vid Stadin, austan framm millum Midfiardarár og Torfustadaqvíslar, allt framan frá Aurrida árstrengium og út ad Breidar flióti, er kallast Lánghólmi, er þad Breidarfliót fyrir nordan Torfustadaqvíslar mót. – Ennú á Kyrkian Jördina Nedri Fitia i Vídidalshrepp 12 hndr. ad dýrleika – lsk 80 ál: - Enn öndverdlega nefndar Jardir eru: Króksstadir 24 hndr., Húkur 16 hndr., Skarfshóll 16 hndr.[430]

Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 5. júní 1821, var upplesin umkvörtun[431] frá Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli um að bændur austanvert í Miðfirði reki ekki geldfé sitt á Aðalbólsafrétt eða sýndu fjallskil. Presturinn á

[428] Skjal nr. 2(220) a-b.
[429] Skjal nr. 2(220) a-b.
[430] Skjal nr. 2(94) a-b.
[431] Umkvörtun Guðmundar Sigurðssonar fannst ekki við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

Staðarbakka aftók að hreinsa Húksheiði. Í dómabók sýslunnar var eftirfarandi fært til bókar:

> 14. Lesinn umqvortun frá Gudmundi Sigurdsyni á Adalboli yfir því ad bændur ad austannverdu i Midfyrdi ei reki geldfé sitt á Adalbols afrétt edur sýndu fiallsskil, jafnvel þó hann meigi leita grenia og láta vinna þaug. Sömuleidis aftekur presturinn Sira Egill á Stadarbacka ad hreinsa Húksheidi svo leingi ad allir ei reki þángað, sem adur hafa verid til þess med dómi dæmdir enn þar eigandi og ábuandi ad Núpi í hvors land hingad til hefur rekid verid tiá sig viliug til midlunar um lambatolla vid þessa menn og skilriki fyrir þessum afrettarlondum ei eru vid hendina verdur ei í þettad sinni frekara þarum giört.[432]

Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 14. maí 1831, var upplesið bann séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka um hrossarekstur á Húksheiði. Í dómabók sýslunnar var eftirfarandi fært til bókar:

> 14. Forbod prestsins Sira Eyriks Biarnasonar á Stadarbakka til allra ad reka edur taka í Jafnholslækia land nockra saudkind án hans leyfis, sömuleidis allan hrossarekstur í nefndt Jafnholslækja Land eda Húksheidi m.m. af þessa Dags Dato.[433]

Bannskjalið sjálft er svohljóðandi:

> Svo komid verdi í Veg fyrir frekari Umkvartanir og akjærur Bændanna í Nupsdal út af yfirgángi og atrodningi geldfjárins, úr Jafnhólslækja landi, þá fyrirbýd eg eptirskrifadur hér med hverjum sem einum, innann hrepps manni sem utann, ad reka edur taka i tied Lækjaland nockra Saudkynd án mýns leyfis eptirdags; svo j landid verdi ecki ofsett, siálfum þeim til skada sem þángad reka, og hinum med sem umqvörtunina gjört hafa; Allteins fyrirbýd eg nú allann hrossa upprekstur hér eptir, bædi á þad ofann nefnda Jafnhóls Lækja land, og á Húksheidi, sem einungis er til ad yrja upp landid frá afréttar fénu, og gjöra þad bædi óspakt og magurt. – Sömuleidis fyrirbýd eg bædi þeim sem uppreksturinn leyfa á Núpsdal, og hinum sem þángad reka, ad reka þær kyndur alla götu vestur ad landamerkjum, so þær renni sýdann ofan i Lækjaland, og mér saklausum verdi so kennt um allt samann, af hinum sem verda fyrir hallanum af þeim. – Enn fermur vil eg hér med i skyldugri undirgéfni bidja Herra [sýslu]manninn Blöndahl, ad tilhalda öllum sem lögdæmdann upprekstur éga á Húksheidi, ad reka þangad lömb þeirra og geldfé framvégis; Enn eg skal, af allri alúd láta hreinsa nefnda heidi og Lækjalandid, her eptir eins og hingad til, og hvör einn, sem á þessa afrett rekur, beggja méginn Vestur ár, skal hafa frýann og umtalslausann adgáng fyrir sig og sínar skepnur til Húks Réttar, þar sem hún nú stendur.[434]

[432] Skjal nr. 2(150) a-b.
[433] Skjal nr. 2(151) a-b.
[434] Skjal nr. 2(215) a-b.

Í vísitasíu að Staðarbakka, þann 3. september 1833 segir:

> [...] – hún á eptir Máldögum og Biskupa Visitatium alt Heimaland [...], Húk allann [...] alla laxveidi i Bláhil í Vesturá, [...] item á Stadarbakki Jörd med öllum gögnum sudur frá Sandgili og Bug allann sudur ad TúnaSeljum, enn Laxveidi undir Riúkanda, Önundarfitiar allar fyrir vestan Vesturá, ogso sudur í midiann Flóa – Lambatúngur sudurfrá götuhriggium og sudurfrá Iringafönnum eptir midiu Slettafelli í Flóa midiann bædi Fuglveidi og Fiskveidi, Selför í Litlutúngu og í Aurridadal, og i Bug ef vill [...]; item Hrísrif í Reinhólalandi á 6 hesta árl. ef ei er höfd Selför í Aurridadal, enn ef Selför er höfd þá skal Fiárhald vera tveim megin ár sudur frá Seli, þviad Eingi Reinhólsmanna liggur ofan frá, [...].[435]

Þann 5. maí árið 1834, skrifaði Bjarni Thorarensen, amtmaður í Norður- og austuramtinu, Birni Blöndal sýslumanni í Húnaþingi bréf, sem hafði að geyma svör við spurningum séra Eiríks Bjarnasonar að Staðarbakka, varðandi dóm um Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði, dagsettum 26. september 1621. Bréfið er á dönsku og hljóðar svo:

> Sognepræst herr Eirik Bjarneson til Stadarbacke har i vedlagte Skrivelse forespurgt:
>
> 1. Om den Dom af 26de Septembr 1621, hvor ved beboerne af Midfjorden eller Torfustade Rep ere forpligtede til at drive deres Lam og goldt faar til Fjalds paa de saakaldte Lambatungur i Austurárdal og Húksheide m: r: ikke bör enden ansees som gjeldende, og Torfestade Reps beboerne altsaa ansees pligtige til at drive deres Lam m: r: til bemeldte Afrét, saalænge samme af Præsten (hvis Kald der skal tilhöre) bliver tilbörligen renset?
>
> 2. Om Húks Rétt, som nu skal være i god Stand, maae uden Præstens Tilladelse, bortflyttes paa andres Grund?
>
> J det jeg her ved tjenstlig tilstiller herr Sysselmand den her til indsendte Afskrift af bemældte Dom, for behageligen at tilbagelaveres herr Bjarnesen, skulle [síðuskipti] jeg tillige Den anmodet behagelig at ville tilkjendegive ham i Henseende til det forst meldte Spörgs maal, at saadant ikke er Gjenstand for Amtets Afgjörelse, men maae paakjendes af vedkommende Domstole, og at han paa nærmere Ansögning, naar samme er ledsaget med biskoppens anbefalende Erklæring, kan til den Ende vente beneficium processus gratuiti for förste Jnstants, men i Henseende til det under N° 2 fremsatte, skulde jeg tjenstlig udbede mig herr Sysselmandens gode betænkning i det Hele, samt i Særdeleshed om og hvorvidt det der omspurgte har in praxi været Gjenstand for Øvrighedens Regelering eller Domstolenes Afgjörelse, og om ikke det sidste, om end og praxis har været for det modsatte, dog, forsaavidt den paa hvis Grund den bortflyttande Rétt stod, derved meente sig fornærmet, i saa fald stedsebende finde Sted?

[435] Skjal nr. 2(128) a-b.

Frederiksgave den 5te Maii 1834.
B. Thorarensen

Til
Herr Sysselmand Blondahl.[436]

Í vísitasíu að Staðarbakka, þann 20. júní árið 1836, kom eftirfarandi fram:

Stadarbacki

Árid 1836, þann 20ta Jún: var Prófastur i Húnavatns Sysslu nálægur ad Stadarbacka til ad visitera kirkjuna þar. Hún á eptir máldögum og Biskupa visitatium allt Heimaland, Kroksstadi alla, Skarfshól, Húk allann, Nedrifitiar 12 hndr. hvörrar Jardar Máldagarnir géta þo ecki. Reykiatánga framm frá grasi, Tólftúng í Hvalreka og Vidreka á Bálkastödum; 2 hndr. i vidi edur vöru ef ei er vidur til, Hálfann vidreka og Hvalreka nordur á Skriduenni, milli Stiga og Rauduskridu, med hvöriu móti sem reka kann á þann Reka. Alla Laxveidi i Bláhil i Vesturá; Þessi eru Landamerki millum Stadarbacka og Reynihóla, ad Stadarbacki egi vestur á Hrísás þar sem hædst er, og svo réttsyni nordur i Slód þá, er geingur fyrir norda<n> Breidamyri og liggur þadann i austur fyrir nordann Saurstapa og svo ofan i Midfiardar á, i Raudagróf þá, er liggur fyrir nordann Sandmel þann er vid ána stendur, og Herra Jörundur Biskup sagdi ad Landamerki skyldu vera milli Mels og Stadarbacka. Enn af fyrrnefndum Hrísási Sudur Sjónhendíng fyrir vestann Hóla þá, er þar liggia nærst Sudur af og þadann Sjónhendíng ad vestannverdum Bolahólum í Slód þá er liggur frá Reinihólum til Skarfshóls. – Enn þetta eru Landamerki milli Skarfshóls og Reynihóla, Vesturslód sú er liggur fyrir austann Þorarins Stapa i millum, Búrfells [virðist standa: Rúrfells] og Reynihóla i Reynhols Tiörn vestannverda, og svo ofann med Melalæk fyrir nordann fram, og hann rædur ofann i á, fyrst á milli Búrfells og Skarfshóls, og sídan millum Krókstada og Bretalækiar; item á Stadarbacki Jörd med öllumm gögnum sudur frá Sandgili og Bug allann sudur ad Túnaseljum, enn Laxveidi undir Riúkanda, Ønundarfitiar allar fyrir vestann Vesturá, og svo sudur i midiann Flóa, Lambatungur sudur frá Götuhriggjum, og sudur frá Irríngiafönnum, eptir midju Sliettafelli i Flóa midiann, bædi Fuglveidi og Fiskveidi; Selför i Litlutúngu og i aurridadal, og i bug ef vill. Reykiaeyri alla med þeim gögnum og giædum sem þar kunna ad reka. Veidi i Bugduhil ad helmíngi þar ad von var i melsland, item hrísrif i Reynihola landi á 6 Hesta árlega, ef ei er höfd Selför i aurridadal, enn ef Selför er höfd, þá skal Fiárhald vera tveim meginn ár sudur frá Seli, þviad Eyngi Reynhóls manna liggur ofann frá. Hér fyrir utann á Stadarbacka kirkia Lands pláts á móts vid Stadinn austannfram milli Midfjardar ár og Torfustada kvíslar, allt framann frá Aurridaár Streingumm, og út ad Breidarflióti, er kallast Lánghólmi; er þad Breidarfliót fyrir nedann Torfustada kvíslar mót; Til eru vid kirkjuna þaug 6 Pergaments Skiöl, sem

[436] Skjal nr. 2(49).

visitatia Bisk: Halldórs Brinjulfssonar af 1749 ummgetur, og þar ad auki 4 önnur á Pergamenti, rotinn, Hvör Beneficiarius hefur látid ummskrifa á Pergament.[437]

Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 6. júní 1837, var lesið bann séra G. Gunnlaugssonar, ásamt ábúendanna á Bálkastöðum, Fossi og Hrútatungu, móti hrossarekstri á Húksheiði. Um þetta, var eftirfarandi var fært til bókar í dómabók sýslunnar:

8. Lesid forbod prestsins Sira G. Gunnlaugssonar samt ábúendana á Bálkastodumm, Fossi og Hrútatungu mot hrossarekstri á Huksheidi og hotun umm ad innsetia þau hross ef til þeirra komi m.m. af giærdags Dato.[438]

Á manntalsþingi að Melstað þann 8. júní 1838 var upplesin lögfesta séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka. Í lögfestunni segir:

2° Lögfesti eg alla veidi, Stadarbakka kyrkju tilheyrandi, nl. alla veidi í Rjúkanda, alla veidi í Bláhyl í Vesturá, alla veidi í Midfjardará, allt frá Aurridaárstreing og út ad Torfastada kvíslar móti, og hálfa veidi í Trumbu-fljóti, móts vid þá, sem lönd ega á móti. [...]

4° Lögfesti eg Stadarbakka kyrkju afrétt, liggjandi tveim meginn ár í Vesturárdal, sem er ad austannfram, land (sem nú kallast Jafnhólslækir), med ollum gognum og gædum, sudur frá Sandgili, upp til móts vid Efranúps Eigendur, ogso Bug allann (vid Vesturá) sudur ad Túnaseljum; Ønundarfitjar allar, fyrir vestan Vesturá, ogso sudur í midjann Flóa; Lambatúngur allar, sudur frá Götuhryggjum, og sudur frá Errínga- Jrínga-fönnum, eptir midju Sléttafelli í Flóa midjann, bædi fuglveidi og fiskveidi.

Stadarbakka kyrkja á einnig þrjár selfarir, eina í Bug, ef vill, adra í Litlutúngu í Saurbæ, þridju í Aurridadal, kallar máldaginn þad skyldu ad rífa á vi hesta vídir eda hrís á hvorju ári frá Stadarbakka í Reinhola landi, ef ei væri höfd selfor í Aurridadal.[439]

Hinn 10. maí 1839 ritaði séra Eiríkur Bjarnason prestur á Staðarbakka áminningarbréf til bænda í Miðfirði að þeir reki lömb sín og geldfé á Jafnhólslækjaland og Húksheiði sem kölluð hafði verið afrétt sveitarinnar í 176 ár. Bréfið er svohljóðandi:

J frammhaldi af þessumm upprekstrar Dómi, bid eg undirskrifadur og lögskylda alla búendur í Midfiardarhrepp fyrir vestann Midfiardará og beggia meginn úr Húks- (edur vesturár)-dal, ad þeir frammvegis láti Reka lömb sín og géldar kindur á Stadarbacka afrétt. Tveim méginn ár í Vesturárdal, nl. á Húksheidi, og Jafnhólslækjaland, sem eg med óræku Documenti get sannad ad hefir verid haldinn og köllud afrétt um 176 ár. – Enn fyrirbíd einum og

[437] Skjal nr. 2(95).
[438] Skjal nr. 2(152) a-b.
[439] Skjal nr. 2(221) a-b.

> sérhvörjum þessara hér ad ofann tiltekinna búenda – sem fie sitt láta Reka, ad Reka þad á adrar afréttir. – Enn fyrir fráfærur skal eg tiltaka hvörjer, og hvad margir Reka skuli í fyrrnefnt Lækjaland, svo Landsetum herra Syslumannsins Jons á Melum, sem búa í Nupsdal, géfist ecki orsök til ummqvörtunar yfir ágangi afréttarfiárins, (so sem velnefndur h[ra] Sysslumadur hefur nylega skrifad mier).
>
> Allt eins fyrirbíd eg enn einusinni allann hrossa upprekstur á Húksheidi og Jafnhólslækjaland, án minnar vitundar, og leifis.
>
> Stadarbacka þann 10[da] Maij 1839.
> Eyríkur Biarnason[440]

Varðveitt eru afrit af fjórum lögfestum Staðarbakkapresta frá árunum 1663, 1747, 1760 og 1789, sem hér hefur verið fjallað um, ásamt dómi um Húksheiði frá 1621. Afrit þessi eru staðfest af séra Eiríki Bjarnasyni presti á Staðarbakka 6. maí 1839 og eru þau samhljóða frumritum.[441]

Í sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840, skrifa þeir séra Eiríkur Bjarnason að Staðarbakka og séra Þorlákur Stefánsson, kapellán þar, eftirfarandi um afréttarlönd á Tvídægru:

> Afréttarlönd eru þar suður á Tvídægru. Það eru ekki almenningar, heldur liggja þau undir einstakar jarðir. Vesturpartur Tvídægru liggur undir Staðarbakka, og kallast Húksheiði; miðparturinn undir Efranúp og kallast Núpsheiði, og austasti parturinn undir Aðalból, sem kallast Aðalbóls- eða Austurheiði. Á allar þessar heiðar á Miðfjörður upprekstur, eins og *Torfastaðahreppur* nær til. Þar eru réttir, sín í hverjum dal: Húksrétt hjá Húki í Vesturárdal; þangað sækja vesturbyggjar í Miðfirði; Núpsrétt hjá Efranúpi í Núpsdal; þangað sækja Núpsdælir, og Aðalbólsrétt hjá Aðalbóli í Austurárdal; þangað sækja Austurbyggjar í Miðfirði. – Réttir eru haldnar seint í 22. viku sumars.[442]

Í Jarðatali Johnsens frá árin 1847 segir eftirfarandi um hlunnindi og ítök Staðarbakka:

> laxveiði, lítil, í Miðfjarðará; afréttarland »tveim megin ár í Vesturárdal« og selför í Urriðadal, í Saurbæ, í Litlu Túngu, og í Bug ef vill, [...].[443]

Frá árinu 1859 eru varðveittir fimm útdrættir úr lögfestum Staðarbakkapresta frá árunum 1663, 1747, 1760, 1789 og 1838 sem allir varða Jafnhólslækjaland og afrétt í Vesturárdal en þessir útdrættir voru lagðir fram við aukarétt að Miðhópi þann 7. október 1859.[444]

Í úttekt að Staðarbakka, þann 17. júní árið 1859, kemur eftirfarandi fram:

---

[440] Skjal nr. 2(212) a-b.
[441] Skjal nr. 2(222).
[442] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 29.
[443] Skjal nr. 4(44).
[444] Skjöl nr. 2(51), 2(216) a-b, 2(218) a-b, 2(219) a-b, 2(220) a-b og 2(221) a-b.

Stadarbakka úttekt

Árid 1859, þann 17 Júní var prófastur Jón Jónsson staddur ad Stadarbakka, eptir skipun Herra biskupsins yfir Islandi, í bréfi 22. Sept: f.á. til ad úttaka Stadarbakka prestakall af prestinum Sra Gísla Gíslasyni til handa candit. próf: Sr Jakobi Finnbogasyni, [...]

Kirkjan

Hún heldur öllum eignum sínum og ítökum, nema hvad ágreiningur er um hid svokallada Jafnhólalækjaland, sem afgjördur verdur med dómi, og er nú í undirbúningi til þess.[445]

Hinn 14. júní 1861 rituðu séra Jakob Finnbogason prestur á Staðarbakka og B. Bjarnason á Aðalbóli áminningarbréf til bænda í Miðfirði að þeir reki fé sitt á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði samkvæmt dómi frá 26. september 1621. Bréfið er svohljóðandi:

J fyrra vor fyrir fráfærur var þad á ný leyft, ad reka geldfé til heida edur afrétt, þad leyfi færdu menn sér ekki almennt í nyt, sumir báru fyrir, ad þeir hefdu ekki vitad þad fyrr enn ofseint, jafnvel þó ad þetta væri birt á sveitarfundi, adrir hirdtu ekki um þad, og gættu midur skyldu ad lögum, og guldu því engan lambatoll, ~~ad~~ var þetta gangstædt dóms atkvædi því, sem dómur frá 26ta Septembris 1621 gengin ad Torfastada þingstad ákvedur: „ad allir búendur úr Midfirdi fyrir austan fram og úr Núpsdal séu skyldugir ad reka fé sitt á lambatúngur í Austurárdal, en á Húksheidi, búendur úr Húksdal, beggja vegna og fyrir vestan Midfjardará, eptir laganna hljódan og hreppstjóra skikkunn, og gánga eitt sinn á haust um sömu heidar hver einn búandi, sem reki 10 lömb og þadan af fleyri – móti venjulegum lambatolli í Midfirdi.“ Nú er þad aptur skylda manna ad ~~hreinsa~~ reka geldfé úr heimalöndum, ad lögum, og er ekkert, sem gefi ástædu til afbötunar vid forsómun í því atridi, og finnum vid undirskrifadir, sem egum hlut ad þessu máli, því ekki lengur ástædu til, ad láta neinn svona þeyjandi svipta okkur rétti vorum, sem ofantédur dómur stadfestir, og landslögin gjöra hverjum og einum búanda í Midfirdi ad skyldu. Því advarast hér med allir búendur, sem þessu málefni ega ad gegna, um ad færa sér þessi sín réttindi í nyt, ad reka lömb sín og geldfé á ofantéd afréttar lönd: Lambatúngur í Austurárdal og Húksheidi, og gjalda venjulegan lambatoll á næstkomanda hausti, edur ad ördum kosti, sæta ákærum ad lögum, ef útaf er brugdid.

Stadarbakka og Adalbóli, 14da juní 1861.
Jakob Finnbogason. B. Bjarnason.[446]

Í úttekt að Staðarbakka, þann 22. júlí árið 1868, kemur eftirfarandi fram:

Stadarbakka úttekt

[445] Skjal nr. 2(260) a-b.
[446] Skjal nr. 2(213).

> Ar 1868 þann 22 Juli var prófastr Sr Jón Þórðarsson staddur ad Staðarbakka eptir bodi Herra Biskupsins yfir Isl. í bréfi frá 1ta yfirstandandi mán. til að úttaka Stadarbakka prestakall og kirkju af prestinum Sr Jakob Finnbogasyni og afhenda þad prestinum Sr Sveini Skúlasyni, sem hlotid hefur téd prestakall fyrir veitíngu Stiptsyfirvaldanna yfir Isl. 1ta yfirst. mánadar. [...]
>
> Var þá fyrst skodud Kirkjan
>
> hún heldur öllum sínum egnum og ítökum eptir hinum authoriserudu máldögum og visitatiu Biskups Steingríms Jónssonar frá 3. Sept 1833; einúngis er þess ad geta, ad Jafnhólalækjaland nú er byggt og nýbýli þar uppkomid, sem kallad er Lækjabær byggt med 3 vætta landskuld. Ábúandinn á sjálfur öll hús á nýbýlinu.[447]

Landamerkjabréf Húks var útbúið 31. maí 1885 og þinglesið tveimur dögum síðar. Er merkjum milli Húks-heimalands og Húks-afréttar lýst eftirfarandi:

> [...]. sjónhending í Brennikvísl austari. Þar sem hún rennur í poll fyrir sunnan kvíslarkrókinn á kvísl þeirri, sem rennur úr Sljettafelli vestan við Yringafannir. Að sunnan eru merkin, milli Húks-heimalands og Húks-afrjettar eptir beinni línu úr nefndum polli austur í Vesturá. Að austan ræður Vesturá merkjum. [...].[448]

Landamerkjabréfið var samþykkt af Jóni Jónssyni á Melum eiganda Foss, Ólafi Brandssyni eiganda Bálkastaða, Stefáni Guðmundssyni eiganda Brandagils, Ólafi Brandssyni fyrir hönd Páls Ólafssonar prófasts umboðsmanns Staðar og Jóni Jónssyni eiganda Kollafoss.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Ytri-Torfustaðahrepps annars vegar og Fremri-Torfustaðahrepps hins vegar á Húksheiði, með meiru:

> FRUMVARP FRÁ 1894
>
> til reglugjörðar um notkun afrétta
>
> í Húnavatnssýslu.
>
> [...]
>
> XI. Ytri-Torfustaðahreppur.
>
> Allir íbúar Ytri-Torfustaðahrepps austan Miðfjarðarár skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði, en austan Miðfjarðarár skulu allir búendur í Melstaðarsókn eiga upprekstur á Núpsheiði. Aftur skulu Melstaðasóknarmenn vestan Miðfjarðarár eiga upprekstur á Húksheiði.
>
> XII. Fremri-Torfustaðahreppur.
>
> Allir búendur í Fremri-Torfustaðahreppi austan Miðfjarðarár og Austurárdalsbæirnir, skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði. Núpsdalsbúendur

[447] Skjal nr. 2(259) a-b.
[448] Skjal nr. 2(19).

skulu eiga upprekstur á Núpsheiði, en allir búendur Vesturárdals, ásamt bæjunum Litlutungu, Spena og Haugi skulu eiga upprekstur á Húksheiði.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson[449]

Þann 12. október árið 1894 skrifuðu stiftsyfirvöldin á Íslandi til amtmannsins í Norður- og Austuramti um upprekstur Staðarbakkasóknarmanna og búenda í Vesturárdal (Húksdal). Bréfið hljóðar svo:

Amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu oktbr. 12. 1894.

Eins og meðfylgjandi brjef prestsins á Staðarbakka, og prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi, ásamt einu fylgiskjali, um er ~~dómur~~ eptirrit af dómi, uppkveðnum 26. septbr. 1621, ber með sjer, er það í ráði, að semja og fá löggilta samþykkt þá fyrir Húnavatnssýslu um notkun afrjetta, sem mjög mundi skerða rjettindi Staðarbakkaprestakalls, með því, að kveða svo á í samþykktinni að Staðabakka sóknarmenn vestan Miðfjarðarár og búendur Vesturárdals (Húksdals), ásamt bæjunum Litlu Tungu, Spena og Hagi [svo] í Núpsdal skuli eptirleiðis eiga upprekstur á afrjettina Húksdal, sem tilheyrir prestakallinu, þar sem bændur allir fyrir vestan Miðfjarðará samkvæmt fyrrnefndum dómi eiga að reka á Húksheiði, og ennfremur búendur Húksdals (Vesturárdals) beggja megin ~~árinnar~~, en með þessu móti mundu um 10 bæir í Melstaðasókn lesast við skyldu sýna til upprekstur á heiðinni, og benificiarins þar af leiðandi verða fyrir tilfinnalegum tekjumissi.

Með því samþykkt, sú sem hjer er spursmál um, eigi fremur, en aðrar samþykktir, sem loggildi hafa, má hana í bóga við lög og opinberar allar reglur laganna eða ganga of nærri rjetti manna eða stofnanna, en það getur eigi gjört neina bót í máli, að einhver virðingar~~gjörð~~ etc. ítölugjörð fram fari, og mælast til þess, að þjer vilduð benda sýslunefndinni í Húnavatnssýslu á að fara varlega að því leyti, er snertir það atriði í hinu fyrirhuguðu reglugjörð sýslunnnar um notkun afrjetta, sem hjer um ræðir um, en ef svo ólíklega skyldi fara, að sýslunefndin eigi vildi sinna væntanlegum góðum bendingum yðar í þessu tilliti, höfum vjer fullt traust á amtsráðinu til þess að það staðfesti

[449] Skjal nr. 2(187) a-b.

eigi eða löggildi sjá samþykkt, þá samþykkt, sem yrði til þess að rýra rjettindi Staðarbakkaprestaskalls á fyrsagðan hátt.[450]

Þann 17. júní 1895 skrifaði sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu amtmanni Norður- og Austuramts um upprekstrarskyldu Miðfirðinga á Húksheiði. Fram kemur að Miðfirðingar hafi verið mjög óánægðir með Húksheiði sem upprekstrarland, ekki síst vegna býlisins Lækjabæjar. Bréfið var svohljóðandi:

> Með ~~brj~~ amtsbrjefi dags. 30. október f.á. var mjer sent erindið frá Stiptsyfirvöldunum með 3 fylgiskjölum áhrærandi upprekstrarskyldu á svonefnda Húksheiði, sem er eign Staðarbakkaprestakalls, og skorað á mig að láta uppi álit mitt um mál þetta og nauðsynlegar upplýsingar um það. Þessa áskorun hafið þér, hávelborni herra amtmaður, ítrekað í háttvirtu brjefi dags. 25. f.m.
>
> Ástæðan til þess, að jeg hef eigi þegar fyrir löngu svarað tjeðu amtsbrjefi, er sú, að jeg er ókunnungur vestur í Miðfirði og þurfti því að leita upplýsinga þaðan og svo hinsvegar, að jeg vildi sjá hvað sýslunefndin gerði við frumvarpið til reglugjörðar um notkun afrjetta í Húnavatnssýslu á aðalfundi sínum ~~síðast í~~ seint í marzmánuði þ.á.
>
> Að því er snertir sjálft málefnið er þess að geta að Miðfirðingar þeir er átt hafa upprekstur á Húksheiði, hafa um mörg undanfarin ár verið mjög óánægðir með upprekstarland þetta, bæði af því að það er víðast hvar hrjóstrugra og ónýtara en heiðar þær, er liggja að því, og svo af því, að það hefur reynst allt of lítið fyrir fje frá bæjum þeim, er sú kvöð liggur á samkvæmt dóminum frá 26. september 1621, að reka verður fje frá þeim þangað og gjalda toll eptir. Þetta sannaðist og við ítölugjörð, er fór fram á nefndri heiði af 3 mönnum útnefndum af sýslumanni haustið 1893. Því miður hef jeg eigi getað ~~feng~~ fundið ítölugjörð þessa í skjalasafni sýslunnar og get því eigi látið eptirrit af henni fylgja hjer með. Af þeim 3 mönnum sem ítöluna gjörðu ~~voru var~~ átti enginn heima á svæði því sem upprekstrarskylt er á Húksheiði og hreppstjórinn í Fremri-Torfustaðahreppi hefur skýrt mjer frá því, að sjera Eyjólfur Kolbeins á Staðarbakka hafi kannast við það við sig, að honum (ɔ: prestinum) hafi verið gjört aðvart um það fyrirfram hvenær ítölugjörðin ætti fram að fara, en að hann hefði eigi álitið það þörf að vera þar viðstaddur. Þessu virðist presturinn hafa verið búinn að gleyma þegar hann bar sig upp við stiptsyfirvöldin. Af því að Húksheiði reyndist oflítið upprekstrarland fyrir þá er þangað voru taldir upprekstrarskyldir, leiddi það að þeir tóku sig saman og leigðu Efra-Núpsheið fyrir 40 króna eptirgjald árlega og hafa síðan notað hana talsvert meira fyrir afrjettarpening sinn en Húksheiði. Samt sem áður hafa þeir greitt prestinum á Staðarbakka ~~fullt~~ hinn ákveðna heiðartoll.

[450] Skjal nr. 2(189).

Þá er þess að geta, að Húksheiði var miklu betra upprekstrarland, þá er optnefndur dómur var kveðinn upp og fram yfir miðja þessa öld, en það er nú, og það af þeirri ástæðu, að presturinn sjera Gísli Gíslason á Staðarbakka ~~reisti~~ byggði nýbýli í landi heiðarinnar árið 1857 og hafa prestarnir að Staðarbakka leigt það síðan fyrir árlegt eptirgjald, en þeir, sem þar hafa verið, hafa auðvitað hagnýtt sjer allmikið land í kringum býli þetta sem nefnist Lækjabær – og varið það, og er auðsætt, að þetta spillir mjög Húksheiði sem upprekstrarlandi. Að land það sem Lækjabær er byggður í, hafi verið talið með afrjettinni sjest af lögfestuskjali einu frá 1663 ~~fyrir Staðarbakka afrjett~~, er þeir sjera Þorvaldur Bjarnarson á Melstað og Hjörtur hreppstjóri Líndal á Efra-Núpi hafa tjáð mjer að legið hafi við skjöl Staðarbakkakirkju og þeir hafi lesið.

Jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að samfara upprekstrarskyldu sje rjettur til þess að nota upprekstrarlandið og ~~til þess að því sje eigi spillt~~ að sú skylda hvíli á umráðamanni þess gagnvart upprekendum, að spilla eigi landinu sem upprekstrarlandi hvorki með því að byggja þar nýbýli eða á annan hátt. Sje móti þessu brotið fæ jeg eigi betur sjeð en að upprekstrarskyldan hljóti að minnsta kosti að takmarkast. Ef umráðamaður Húksheiðar verður því móthverfur, að breyting verði gjörð á upprekstri frá bæjum vestan Miðfjarðarár í þá átt, er frumvarp það til reglugjörðar um notkun afrjetta í Húnavatnssýslu, sem ræðir um í skjölum máls þessa, fer fram á, mun upprekstrarfjelagið krefjast þess, að býlið Lækjabær verði lagt niður ~~og að heiðin með öllu landi því er henni~~ svo að nota megi heiðina með öllu því landi, er henni fylgir, sem beitiland fyrir afrjettarpening. Að hann sjái hag sinn í þessu ímynda jeg mjer ekki, því eptirgjaldið eptir Lækjabæ mun nema eins miklu og heiðartollurinn frá bæjum þeim í Melstaðarsókn, sem samkvæmt reglugjörðarfrumvarpinu ættu að eiga upprekstur á Núpsheiði eptirleiðis.[451]

Þann 16. júlí árið 1895 skrifaði amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramt til stiftsyfirvaldanna um upprekstrarskyldu á Húksheiði og skrif sýslumanns Húnvetninga þar um. Bréf amtmannsins hljóðar svo:

ÍB.-H-17-´95.

Íslands Norður- og Austuramt

Akureyri 16. júlí 1895.

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst, að senda hinum háu stiftsyfirvöldum meðfylgjandi bréf sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 17. f.m., viðvíkandi upprekstrarskyldu í svonefnda Húksheiði, sem er eign Staðarbakkaprestakalls, ásamt 3 skjölum, er fylgdu bréfi stiftsyfirvaldanna til amtsins, dags. 12. októbr. f.á.. Sýslumaðurinn færir í bréfi sínu fram ýmar ástæður fyrir því, að upprekstrarskyldu á Húksheiði megi takmarka frá því, sem ákveðið er í dómi,

[451] Skjal nr. 2(238) a-b.

kveðnum upp 26. septbr. 1621, og vil eg því leyfa mér að mælst til þess, að stiftsyfirvöldin vili láta mér í té álit sitt um það, hvort ástæður þessar muni vera á fullum rökum byggðar.

Sfiftsyfirvöldin yfir Íslandi.

Stv. D. I. nº 39. 1/8 ´95.

Jón Sveinsson.[452]

Þann 23. september 1895 skrifuðu Stiftsyfirvöldin á Íslandi til prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi um upprekstrarskyldu í Húksheiði, réttindi Staðarbakkaprestakalls og fleira því tengt. Bréfið hljóðar svo:

192.

Prófasturinn í Húnavatnsprófastsdæmi septbr. 23. 1895.

Hins frumritaði dómur og endurrit af honum geymist nú í járnhirzlu amtsins.

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, háæruverðugi herra prófastur, dagsett 30. ágúst f.á., og hvar með fylgjandi erindi prestsins að Staðarbarkka, séra Eyjólfs K. Eyjólfssonar, með 1 fylgiskjali, sem er gamalt upprekstrardómur frá 26. september. 1621, viðvíkjandi væntanlegri löggiltri samþykkis fyrir Húnavatnssýslu, sem mundi skerða mjög rjettindi Staðarbakkaprestakalls að því leyti, er snerti upprekstrarskyldu þeirr búenda, sem dómurinn vísar til, á Húksheiði, skrifuðu stiftsyfirvöldin amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu 12. okt. f.á., og fóru þess á leit að hann vildi benda sýslunefndinni í Húnavatnssýslu á, að fara valega að því leyti, er snerti það atriði í hinni fyrirhuguðu samþykkt um noktun afrjetta, sem hjer ræðir um, en ef nú skyldi fara, að sýslunefndin eigi vildi sinna væntanlegum hendingum amtsmanns í þessu tilliti, ljetum vjer í ljósi, að vjer bærum það samt til amtráðsins í Norðuramtinu, að það staðfesti ekki eða löggilti sem samþykkt, um sem yrði til þess að rýra rjettindi Staðarbakkaprestakalls á nokkurn hátt. Amtmaðurinn hefir þvínæst með brjefi, dagsettu 16. júlí f.á., sent oss fylgjandi brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, þar sem hann skýrir frá, að séra Eyjólfi K. Eyjólfssyni hafi verið gefinn kostur á að vera við ítölugjörð, sem fram hafi farið í Húksheiði haustið 1893, og sumpart, að upprekstrarlandið á Húksheiði hafi verið mjög en skert við það, að nýbýli var af 1857 byggt í afréttarlandinu af þáverandi presti á Staðarbakka séra Gísli Gíslasyni, en af þessu hljóti að leiða, að upprekstrar syldan takmarkist.

Jafnframt sem að skýra frá þessu og láta hjermeð fylgja nefnt brjef sýslumannsins, fyrrnefnt brjef yðar, 30. ágúst f.á. og þau 2 fylgiskjöl, sem hjá fylgdu, skulum þjenustusamlega skora á yður, að útvega og senda hingað sem fyrst yfirlýsingu séra Eyjólfs K. Eyjólfssonar um þær upplýsingar, sem brjefi sýslumannsins hefur inni að halda, ásamt yðar eigin áliti um málið, eins og það nú liggur fyrir.

[452] Skjal nr. 2(190).

Með þóknanlegu svari yðar væntum vjer að meðtaka aftur fylgiskjölin með þessu brjefi voru.[453]

Þann 14. febrúar árið 1896 skrifuðu Stiftsyfirvöldin á Íslandi til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu um réttindi Staðarprestakalls og upprekstrarlandið Húksheiði. Bréfið hljóðar svo:

30.[b]

Amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu feb. 14. 1896.

Eptir að hafa meðtekið háttvirt brjef yðar, hávelborni herra amtmaður, dagstett 16. júlí. f.á., viðvíkjandi væntanlegri löggildingar samþykktar fyrir Húnavatnssýslu, um notkun afrjetta, sem mjög mundi snerta rjettindi Staðarbakkaprestakalls að því leyti, er snerti upprekstrarskyldu þeirra búenda, sem dómur einn, frá 26. septbr. 1621 vísar til í Húksheiði, og hvarmeð fylgjandi brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 17. júní f.á., þarsem hann skýrir frá, að presturinn að Staðarbakka, séra Eyjólfi K. Eyjólfssyni, hafi verið gefinn kostur á að vera við ítölugjörð, sem fram hafi farið á Húksheiði haustið 1893, að upprekstrarlandið á Húksheiði hafi mjög verið skert við það, að nýbýli hafi 1857 verið byggt í afrjettarlandinu af þáverandi presti á Staðarbakka, séra Gísla Gíslasyni, sem hlyti að takmarka upprekstrarskyldu hlutaðeiganda, og að land það, sem nýbýlið Lækjarbær, sje byggt ~~af~~ í, hafi verið talið með afrjettinni; sjáist af lögfestu einni frá 1663, sem séra Þorvaldur Bjarnason í Melstað og Hjörtur hrepptjóri Líndal í Efra Núpi ~~segja~~ segi að legið hafi við skjöl Staðarbakka kirkju, og þeir sjeð og lesið, bárum vjer þessar upplýsingar undir prestinn að Staðarbakka og prófastinn í Húnavatnsprófastsdæmi, og þess sem vjer samkvæmt multiverum brjefum þeirra, dagsettum 4.dag ~~nóbr.~~ og 12. dag nóvbr. f.á. verðum vjer að álíta, að hið umrædda nýbýli alls eigi liggi afrjettarlandinu, heldur í sellandinu, Lækjarlandi, sem tilheyrir Staðarbrekku kirkju, ~~og~~, hvað svo sem sagt sje í áminntri lögfestu, því lögfestur hafa út af fyrir sig enga sannandi skiptingu, enda eru lögfestur opt ógreinilegar og eru logaðar sem prófasturinn bendir á í nefndu brjefi sínu þá er langt frá því að upprekstrarlandið hafi verið skert, heldur skýrir prestuinn á Staðarbakka ~~heldur því fram~~ er þá, að fénaðurinn hafi aukist hratt, og ennfremur getum vjer eigi sjeð, að f. rjettindum staðarins sje fyrirgjört með því, að presturinn hafi eigi viljað taka þátt í áreið þeirri etc. ítökugjörð, sem framfór 1893. Um leið og vjer leyfum oss að senda yður aftur þau 4 skjöl, sem fyldu fyrnefdnu háttvirtu brjefi yðar, hvar að brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dagsett 17. júní f.á., og enfremur láta hjermeð fylgja framan nefnd brjef prófastins 12. nóvm. f.á. og prestins að Staðarbakka, 4 s.m., ~~og~~ sendum vjer að halda þeirri sömu heitin fram, sem vjer beindum til yðar og amtsráðsins í brjefi voru, dagsettu 12. novbr. 1894, og beinlínis mótmæli því, að nokkur samþykkis verði ítarfest, sem kunni í

[453] Skjal nr. 2(191).

> bóga við hin áðurnefnda dóm frá 26. septemb. 1621, eða verði rjettindi Staðarbakkakirkju.
>
> Hjer búumst vér við að meðtaka háttvirt svar yðar og amtsráðsins herra, hvers vjer megum vænta í þessu tilliti.[454]

Svarbréf amtmanns norður- og austuramts og/eða amtsráðsins vegna þessa máls, eða önnur bréf varðandi málið, hafa ekki fundist í kerfisbundinni leit óbyggðanefndar.

Á sameiginlegum hreppsnefndarfundi Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa, haldinn þann 29. maí 1896, var samþykkt að taka Húksheiði á leigu. Í fundargerð segir:

> Húksheiði var tekin til ~~umræðu~~ leigu þannig að Staðarbakkapresti verða borgaðar 4 vætt., 2 af hverjum hreppi fyrir lok októbermánaðar ár hvert með peningum eða innskript við næsta kauptún. Hrepparnir taka að sjer hreinsun og grenjavinslu á heiðinni, þessi samningur gyldir fyrir tíð núverandi prests á Staðarbakka sjera Eyólfs Kolbeins Eyjólfssonar.[455]

Hinn 9. júní 1910 fór fram virðingargjörð á jörðinni Staðarbakka vegna fyrirhugaðrar sölu hennar úr eigu kirkjunnar.[456] Daginn eftir, þann 10. júní 1910, gerði séra Eyjólfur Kolbeins prestur á Melstað, en þangað lá Staðarbakkasókn þá, eftirfarandi athugasemd vegna matsins til Stjórnarráðsins:

> Um leið og jeg hjermeð sendi hinu háa stjórnarráði, skjöl þau 10 að tölu, er snerta sölu á fyrverandi prestssetri mínu Staðarbakka, þá skal jeg taka það fram, er hjer fer á eptir:
>
> N° 1. Í hundraðatalinu 33,1 liggur Lækjarbær og Húksheiði. Stjórnarráð Íslands hefur gjört Lækjabæ falan fyrir kr. 325.00, en Húksheiði er leigð fyrir 4 vætta árlegt gjald.[457]

Veturinn 1913 kom til tals að Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppar tækju afréttarlandið Húksheiði á leigu eða jafnvel keyptu það ásamt Lækjalandi. Frá þessu segir í bréfi oddvita Ytri-Torfustaðahrepps til Stjórnarráðsins, þann 27. mars 1913. Bréfið er svohljóðandi:

> Á ifirstandandi vetri kom hreppstjóri Hjörtur Líndal á Efra Núpi, með framboð til hreppsnefndar Itri Torfustaðahrepps um að taka til leigu afrjettarlandið Húksheiði í sambandi við Frammhreppsbúa; var í tilefni af því haldinn almennur búendafundur í Itri Torfustaðahreppi og þar samþikt með öllum atkvæðum að kaupa heiðarland þetta ef það fengist með þolanlegum kjörum, og hið svonefnda Lækjaland fengist með.

[454] Skjal nr. 2(192).
[455] Skjal nr. 4(60).
[456] Skjal nr. 2(196).
[457] Skjal nr. 2(197).

Nú hinn 15. mars síðastliðinn komu svo hreppsnefndir beggja hreppanna saman, til að ræða mál þetta, kom þá í ljós að nefndirnar gátu ekki sameinað sig í því, sökum þess að hreppsnefndin í Fremri Torfustaðahreppi vildi ekki vera með, um að kaupa Lækjaland, taldi það enda ófáanlegt til kaups eða umráða, þar sem maður sá, er nú hefur afnot þess, mundi beiðast kaups á því; annars áleit sig fremur okkur Itri Torfustaðahreppsbúum eiga rjett til kaupa á því, þar sem landið liggur innan takmarka Fremri Torfustaðahrepps, og þeir vildu alz ekki fækka bílum í hreppnum með því að leggja það við afrjettarlandið.

Við íbúar Itri-Torfustaðahrepps viljum aftur á móti telja það mjög vafasamt að þeir hafi að nokkruleiti rjett til landsins, með því að landspartur þessi er frá gamalli tíð selland frá jörðinni Staðarbakka hjér í hreppi, og því í hundraðatali hennar, þar af leiðandi borgaðar tíundir af landinu hjeðan úr hreppi, ásamt gjaldi til síslusjóðs, og virðist okkur því sanni nær að við höfum rjettindi með skildunum. Ekki gétum við heldur verið samdóma hreppsnefnd Fremri Torfustaðahrepps um það, að sá maður, sem nú er talinn ábúandi landsins eigi kauparjett á því, því þó að séra Eiólfur sál Kolbeins ljeði þeim Ólafi Tómassini og Birni Benidiktssini land þetta firir 3-4 árum, firir að sagt hefur verið 18 kr. eftirgjald, þá virðist það hæpið að miða það við ábúð á jörð í Fremri Torfustaðahreppi, þar sem hundraðatal þess er útí Itri Torfustaðahreppi; enda mun það fáheirt í sögu lands þessa að menn gjeti lögformlega verið bændur og búa þó ekki á nokkru jarðarhundraði. Þótt því nú að einhverjir í Fremri Torfustaðahreppi máski hvetji áðurnefndan Ólaf til þess nú í annað sinn að sækja um kaup á landi þessu, þá gétum við ekki sjeð hvaða hag þeir gætu sjeð sjer í því, enda hæpið firir Ólaf að treista því að geta setið á landi þessu lengur, og mjög líklegt að það hafi meðfram komið honum til að sækja um aðra ábúð í vetur.

Ástæðan firir því að við Itri Torfustaðahreppsbúar viljum sameina kaup þessi er sú, að jafnvel þótt við eins og kunnugt er eigum í fjelagi við Fremri Torfustaðahreppsbúa mjög góðar og víðlendar afrjettir, þar sem er Aðalbóls og Núpsheiðar, og við þess vegna ekki höfum mikla þörf firir að auka þær, þá viljum við þó ekki ganga framhjá því að sinna tilboði um kaup á Húksheiði (ef það fengist) þar sem hún liggur uppaf biggðarlagi okkar, en teljum litil notin af þeirri afrjett ef Lækjaland ekki er með, sökum þess að hún er mjög rír og illviðrasöm, og skepnur tolla þarafleiðandi mjög illa á henni. Lækjaland þar á móti altaf talið gott, bæði firir hross og sauðfjenað; sækir því peningur mjög þangað, en á því, ef búið er þar, ekki öðru að mæta, en hrakningi, þegar það leitar af afrjettinni í landið, enda nú síðustu ár mikið af peningi þeim, er á afrjettina hefur verið rekinn, komið fljótt til heimahaganna.

Nú með því að ekki getur orðið samkomulag firir upprekstrarfjelgi Itri og Fremri Torfustaðahreppsbúa, með að fá keipt þetta gamla selland frá Staðarbakka hið svokallaða Lækjaland, þá leifir hreppsnefnin í Itri Torfustaðahreppi sjer hjer með að beina þeirri beiðni sinni til hins háa

stjórnarráðs Íslands, að það vildi selja sjer hið áður áminsta Lækjaland, til þess hún, ef samkomulag fæst um kaup á afrjettarlandinu, geti lagt það við afrjettina.

Itri Torfustaðahreppi. Itri-Reikjum 27. mars 1913.
Guðm. Jónasson p.t. oddviti.[458]

Hinn 27. desember 1913 keypti Helga Stefánsdóttir ábýlisjörð sín Húk í Fremri-Torfastaðahreppi af kirkjujarðasjóði. Í afslali er skýrt tekið fram að Húksheiði sé undanskilin sölunni. Helga seldi síðan syni sínum Stefáni Jónssyni jörðina 4. júní 1914 með sömu skilmálum.[459]

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um Húksheiði:

Húksheiði, afrjettarland á Tvídægru, liggur fram af Miðfirði. Eigandi prestlaunasjóður. Landið er heldur lítið, víða heldur grösugt.[460]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Húk:

Jörðin á rjett til upprekstur á afrjett sveitarfjelags. [...] Jörðin [...] liggur við afrjett [...].[461]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Stað í Hrútafirði:

Afrjettarland á jörðin, svonefndan Staðarspotta, er það leigt hreppnum f. 10 kr. á ári. Jörðin á rjett til upprekstur á afrjett sveitarinnar. Landamerki eru þinglesin, bæði firir heimajörðina og fjalllandið.[462]

Þann 17. júní 1921 gaf Hjörtur Líndal hreppstjóri í Fremri-Torfustaðahreppi eftirfarandi umsögn til sýslumannsins í Húnavatnssýslu varðandi kaup á Húksheiði:

Í tilefni af áðurnefndu erindi, frá oddvita Staðarhrepps til stjórnarráðsins, skal þess getið, að síðan árið 1913 hafa hreppsnefndir Torfustaðahreppanna neitað að borga leigu eptir áðurnefnda Húksheiði, að sönnu hafa tjeðar hreppsnefndir annast um refaeiðingu (grenjaleitir og grenjavinnslu) i fyrgreindu heiðarlandi, án þess að krefjast endurgjalds fyrir.

Af framangreindum ástæðum, lít eg svo á að hagfeldara og rjettara sje að selja afrjettarland þetta, og jafnframt geta þess að æskilegt væri að hraða undirbúning og framkvændum á sölunni, sökum ískyggilegs útlits með verðlækkun jarðeigna og fl.

Vyrðingarfylst.
Hjörtur Líndal.[463]

Þann 3. júlí 1921 gaf Guðmundur Jónsson oddviti Ytri-Torfustaðahrepps eftirfarandi umsögn til sýslumannsins í Húnavatnssýslu varðandi sölu á Húksheiði:

[458] Skjal nr. 2(198).
[459] Skjöl nr. 2(188) og 4(99).
[460] Skjal nr. 2(62).
[461] Skjal nr. 2(62).
[462] Skjal nr. 2(62).
[463] Skjal nr. 2(199).

Brjefi iðar frá 31. maí, siðastl. um sölu á Húksheiði, er því að svara, að ekki virðist ástæða til annars en selja Staðhreppingum afrjettarlandið þegar stjórnaráðið hefir fengið ifirlísingu hreppsnefnda Torfustaðahreppanna um að þau sveitarfélög atli ekki að nota forkaupsrjett sinn.

Annars virðist kinleg og lítt rökstudd fullirðing oddvita Staðarhrepps í brjefi til stjórnarráðsins, hvar hann segir að Torfustaðahrepparnir noti Húksheiði sem afrjettarland endurgjaldslaust. Enn mjer er aftur á móti fullkunnugt um að þau hreppsfélög reka ekki á hana, auðvitað verður heiðin firir ágangi af afrjettarpeningi Torfustaðahreppanna og Staðarhrepps líka, þar sem hún liggur inn á milli afrjettarlandanna.

Hinu virðist oddvitinn gleima, að Torfustaðahrepparnir hafa árlega lagt mikla peninga í hreinsun heiðarinnar vor og haust; Staðhreppingar ekkert, afnotin virðast þó hin sömu, væri því ekki óeðlilegt að sá kosnaður fengist endurborgaður annaðhvort frá heiðareiganda, eða þá frá Staðhreppingum að einhverju leiti.

Guðm. Jónasson.[464]

Með bréfi dagsettu þann 18. október árið 1934, kunngjörði dóms- og kirkjumálaráðherra ákvörðun sína um að selja Húksheiði til hreppsfélaganna í Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppum. Sölunni var þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 12. júní árið 1935. Bréf dóms- og kirkjumálaráðherra hljóðar svo:

Dóms- og kirkjumálaráðherra

kunngjörir: Að með því að hreppsfélög í Fremri og Ytri-Torfustaðahreppi í Húnavatnssýslu, hafa leitað kaups á svonefndri Húksheiði, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefir eigi haft neitt við sölu þessarar heiðar að athuga, og með því að loks allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. novbr. 1907, um sölu kirkjujarða, hefir verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum, fyrir ríkissjóðsins hönd nefndum hreppsfélögum greinda Húksheiði með öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags; þó eru undanskildar námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar, svo og vatnsafl allt og notkunaraðstaða þess í hinu selda landi.

Kaupverðið er 500 – fimm hundruð – krónur, og með því kaupandi hefir greitt það að fullu í Kirkjujarðasjóð þá segi ég hann réttan eiganda að ofannefndri heiði frá fardögum þ. á.

Kaupandi haldi kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til lagariftingar.

Kaupanda ber að láta þinglýsa afsalsbréfi þessu svo fljótt sem unnt er.

Til staðfestu undir mína hönd og embættisinnsigli.

Reykjavík, 18. október 1934.

Hermann Jónasson.[465]

[464] Skjal nr. 2(200).

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir svo um leitarlönd Miðfirðinga, þar á meðal Húksheiði:

> Leitarlönd Miðfirðinga er norðurhelmingur Tvídægru, grösug, fremur sléttlend og með óteljandi vötnum. Takmarkast þau að vestan af leitarsvæði Hrútfirðinga, en markalínan þar er frá heimalöndum, um Sléttafell og suður á leitarmörk Norðlendinga og Borgfirðinga. Að austan eru leitarsvæði Víðdæla, og er Fitjá þar markalínan suður í Fitjárdrög, og þaðan liggja mörkin suður í Arnarvatn hið stóra.
>
> Leitarsvæði þetta skiptist í þrennt: Húksheiði vestast, Núpsheiði í miðið og Aðalbólsheiði austast. Liggja heiðar þessar fram af Miðfjarðardölunum þremur töldum í sömu röð: Vesturárdal, Núpsdal og Austurárdal.[466]

Árið 1950 gerir Páll Kolka grein fyrir takmörkum vesturheiðanna í Húnavatnssýslu í riti sínu *Föðurtún*. Þar segir svo um Húksheiði, í framhaldi af umfjöllun um Núpsheiði:

> Húksheiði er milli Núpsár og Vesturár, sem kemur langt sunnan af heiðunum og verður til úr ýmsum kvíslum. Stærst þeirra er Blöndukíll, sem rennur framan af beint í vestur.[467]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtún* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[468]

Um skiptingu heiðarlanda í Húnavatnssýslu, frá landnámi fram undir aldamótin 1900, segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962:

> Frá því á landnámsöld og fram undir síðustu aldamót [1900] skiptust heiðarlöndin milli fárra bæja, sem voru næstir þeim. Norðurheiðarnar bera nöfn þeirra bæja, sem áttu þær. Austan við afrétt Hrútfirðinga er Húksheiði, hún ber nafn af Húki í Vesturárdal; þá kemur Núpsheiði, hún ber nafn af Efranúpi í Núpsdal; þá kemur Aðalbólsheiði, sem er kennd við Aðalból í Austurárdal; þá Víðidalstunguheiði, kennd við Víðidalstungu í Víðidal, og síðast Haukagilsheiði og Grímstunguheiði, kenndar við Haukagil og

[465] Skjal nr. 4(157).
[466] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 23.
[467] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 433.
[468] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.

Grímstungu í Vatnsdal. Arnarvatnsheiði alla átti Kalmanstungubóndinn allt til 1884.[469]

Merkjum Húksheiðar er lýst eftirfarandi í *Árbók Ferðafélags Íslands* 1962, haft eftir Stefáni Jónssyni á Húki:

> 4. Merki Húksheiðar.
>
> Þeim hefur Stefán Jónsson á Húki lýst þannig eftir minni. Það skal tekið fram, að hann styðst ekki við nein skjöl.
>
> Vesturmörk: Úr Hrútafjarðarlónum (ósnum), þar sem þau falla vestur úr Krókavatni, bein sjónhending norður Skipthól, Fellskoll (hóll sunnan í Sléttafelli) norður yfir Sléttafell vestanvert, vestan við Ýringafannir, þar sem Brennikvísl hefur upptök sín, og ræður hún merkjum norður í Brennikvíslarpoll, sem er norðvestur hornmerki. Norðurmörk eru þaðan sjónhending austur yfir Þrísteinavatnshrygg sunnan við Fenhól austur í Brúnskvísl, þar sem hún fellur í Vesturá. Að austanverðu ræður Vesturá og síðan Blöndukíll suður í krókinn á honum, og þaðan í Valdimarshól, sem er við norðausturhornið á Flóavatni.[470]

Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman þátt um Húksheiði árið 1984, sem birtur var í ritinu *Húnaþing* III, 5 árum síðar.[471] Þar lýsir Sigurgeir mörkum Húksheiðar svo:

> MÖRK HEIÐARINNAR
>
> Húksheiði er vestasti hluti Tvídægru. Not heiðarinnar hafa aðallega verið sumarbeit búfjár, kinda og hrossa. Veiði er lítil í vötnum á Húksheiði en eitthvað mun hafa verið um að surtarbrandur hafi verið sóttur í bakka Staurskvíslar og er líklegt að hún hafi dregið nafn af því. Fjallagrasatekja var á heiðinni og fór undirritaður þangað á grasafjall á yngri árum og var þá farið fram í Lambatungu.
>
> Húksheiði markast að vestan af Brennikvísl og beint í Grenshól sunnan í Sléttafelli vestast og beina sjónhendingu í Krókavatnslón. Að sunnan úr Krókavatnslóni liggja merkin yfir Krókavatn og rimann milli vatnanna í Flóavatn, þaðan norðaustur í Valdimarshól. Að austan frá Valdimarshól vestan við Vörðuása út með Flóakvísl út að Blöndukíl. Þar sem Blöndukíll beygir beint í norður rennur Flóakvísl í hann og heitir eftir það Vesturá. Merkin liggja með henni út í Vesturárkrók, þar beygir hún í vestur. Að norðan ræður Vesturá merkjum þar til hún beygir þvert í norður þar sem Lambá kemur í hana úr suðri, þaðan liggja merkin í Lambakvísl og yfir Þrísteinavatnshrygg og Þrísteinavatn í Brennikvíslarpoll. Heiðagirðingin liggur ekki alveg á mörkum vestan Vesturár. Húksheiði á renning norðan við girðinguna norður að Brúnskvísl.

[469] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 52.
[470] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 121.
[471] Sigurgeir Jónatansson, Skeggjastöðum, „Húksheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 250-254.

> Leitarmannakofinn á Húksheiði stendur á ás norðan við Krókavatn. Hann var byggður árið 1953. Áður en leitarmannakofinn var byggður lágu leitarmenn í tjaldi vestast á heiðinni.[472]

Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Húksheiði. Eignarheimild er sögð afsal ríkissjóðs á Húksheiði til hreppanna 1934 Landamerkjalýsingin er svohljóðandi:

> Að sunnan: Úr suðurenda Flóavatns hins stóra ræður bein lína í Krókavatn, (Tangavatn) þar sem Skútakvísl fellur úr því og er það hornmerki heiðarinnar að sunnan og vestan.
>
> Að vestan: Úr Krókavatni, (Tangavatni) þar sem Skútakvísl fellur úr því ræður bein stefna í Kletthól sem er suðvestan í Sléttafelli. Þaðan ræður bein lína í vesturenda Erringafannabrúna, þar sem Brennikvísl á upptök sín. Síðan ræður Brennikvísl merkjum norður í Brennikvíslarpoll og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.
>
> Að norðan: Úr Brennikvíslarpolli ræður bein stefna um Þrísteina, austan í Þrísteinavatnshrygg, í Brúnskvísl þar sem hún fellur í Vesturá kipp sunnan við Fenhól og er það hornmerki heiðarinnar að norðan og austan.
>
> Að austan: Vesturá ræður frá þeim stað er Brúnskvísl fellur í hana og alla leið þar til Blöndukýll fellur í Vesturá. Þá ræður Blöndukýll i Flóakvísl þar sem hún fellur í Blöndukýl. Þaðan ræður bein lína í Valdimarshól, sem stendur við norðausturenda Flóavatns hins stóra. Úr Valdimarshól ræður bein lína í suðurenda Flóavatns hins stóra og er það hornmerki heiðarinnar að austan og sunnan.[473]

Þann 13. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson umsögn Böðvars Daníelssonar, fyrrverandi bónda í Fossseli í Hrútafirði, um landamerki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar. Skjalið sjálft hljóðar svo:

> Fór til hans [Böðvars] 13. Ágúst 1985 og sagði hann landamerki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar vera, svo sem hann best vissi:
>
> „Sjónhending úr Krókavatni (Tangavatni) þar sem Skútagil fellur úr því í Kletthól sem er suðvestan í Slettafelli og sjónhending þaðan í vesturenda Erringafannabrúna. Þaðan sjónhending í Brennikvíslarpoll.“
>
> [A]ð norðan: Milli Fosssels og Hrútafjarðarafréttar ræður Brennikvísl úr nefndum polli í Síká, síðan ræður Síká upp að ~~heiðar~~ afrétta [ofan línu] girði[ngu].
>
> Hvammstanga 13. Ágúst [1985]

[472] Sigurgeir Jónatansson, Skeggjastöðum, „Húksheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 251.
[473] Skjal nr. 4(9).

Helgi Jóhannesson.[474]

Þann 14. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson frásögn þeirra feðga, Sæmundar og Gunnars í Hrútatungu um landamerki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar, eftir þeirra bestu vissu. Skjalið sjálft hljóðar svo:

> Fór til Hrútatungu og sögðu þeir landamerki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar, og Hrútafjarðarafrétt[ar] vera, svo sem þeir best vissu.
>
> Norðurlínu Hrútafjarðarafréttar töldu þeir vera:
>
> Frá Síká ræður heiðargirðing til Sandgils þar sem Sandgil kemur úr Sandgilsflóa. Þaðan ræður Sandgil til Hrútafjarðarár.“
>
> Norðurlína:
>
> Hrútafjarðará ræður frá þeim stað er Sandgil kemurí hana og allt þar til Skútagil fellur í Hrútafjarðará.
>
> [S]uðurlína:
>
> Voru sammála lýsingu Óspaksstaðabréfs þ.e. „að sunnanverðu ræður Skútakvísl og Skútagil vestur í Hrútafjarðará“.
>
> [A]usturlína:
>
> Voru sammála lýsingu Böðvars í Foss[s]eli á henni.
>
> Hrútatungu, 14. ágúst
>
> Helgi Jóhannesson.[475]

Þann 14. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson frásögn Jónasar Stefánssonar, um landamerki Húksheiðar, eftir því sem Jónas sjálfur best vissi. Skjalið sjálft hljóðar svo:

> Suðurlína: Frá Krókavaði þar sem Skútakvísl kemur úr því ræður sjónhending í suðurenda Flóavatns hið [svo] stóra.
>
> Austurlína: Úr suðurenda Flóavatns í Valdimarskál sem stendur við norðausturenda Flóavatns. [Þ]aðan í Flóakvísl þar sem hún fellur í Blöndukýl [svo], síðan ræður Blöndukýll [svo] í Vesturá.
>
> [V]esturlína: Lýsti sig sammála lýsingu Böðvars með þeirri viðbót að Brennukvísl réði úr Erringafönn[um] í Brennukvíslarpoll.
>
> [N]orðurlína: Vitnaði í umsögn sína, gefna 31. október 1982.
>
> Hvammstanga, 14. Ágúst ´8[5].
>
> Helgi Jóhannesson.[476]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að

[474] Skjal nr. 5(5).
[475] Skjal nr. 5(4).
[476] Skjal nr. 5(4).

lútandi.[477] Ekkert svar barst frá sveitarstjórnum Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa vegna fyrirspurnarinar.

5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.5.1.1 Húkur

Fyrst er getið um Húk í máldaga Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá 1360-1389 en þá átti Staðarbakkakirkja 10 hundruð í jörðinni.[478]

Landamerkjabréf Húks var útbúið 31. maí 1885 og þinglesið tveimur dögum síðar:

> Að vestan eru merki þessi milli Húks og jarðanna Brandagils, Staðar, Bálkastaða og Foss í Hrútafirði: Norðast bein stefna úr Hornvörðu fyrir austan Tangavatn í vörðu austan á Lestamannahól, vestan við Hólmavatn úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu austan við Hrútsholt, þaðan sjónhending suður í Helgunybbu, þaðan sjónhending í austari Barnhússás, þaðan sjónhending í austanverða Nennis-(Ennis-)hóla, og þaðan í vörðu milli austari vatna, þaðan beina stefnu í Hyrnuár vestan til, í vörðu, sem þar er hlaðin, úr þeirri vörðu sjónhending í Brennikvísl austari. Þar sem hún rennur í poll fyrir sunnan kvíslarkrókinn á kvísl þeirri, sem rennur úr Sljettafelli vestan við Yringafannir. Að sunnan eru merkin, milli Húks-heimalands og Húks-afrjettar eptir beinni línu úr nefndum polli austur í Vesturá. Að austan ræður Vesturá merkjum. Að norðan eru merki þessi milli Húks og Kollafoss: Frá Vesturá fyrir sunnan svokallaðan Tanga eptir skurði sem liggur ofan úr brúninni, síðan ræður sjónhending frá upptökum skurðarins í Hólmavatnshól, þaðan sjónhending í Hornvörðu þá, er áður er nefnd austanvert við Tangavatn. – [...].[479]

Landamerkjabréfið var samþykkt af Jóni Jónssyni á Melum eiganda Foss, Ólafi Brandssyni eiganda Bálkastaða, Stefáni Guðmundssyni eiganda Brandagils, Ólafi Brandssyni fyrir hönd Páls Ólafssonar prófasts umboðsmanns Staðar og Jóni Jónssyni eiganda Kollafoss.

Hinn 27. desember 1913 keypti Helga Stefánsdóttir ábýlisjörð sín Húk í Fremri-Torfastaðahreppi af kirkjujarðasjóði. Í afsali er skýrt tekið fram að Húksheiði sé undanskilin sölunni. Helga seldi síðan syni sínum Stefáni Jónssyni jörðina 4. júní 1914 með sömu skilmálum.[480]

[477] Skjal nr. 4(10).
[478] Skjal nr. 2(76).
[479] Skjal nr. 2(19).
[480] Skjöl nr. 2(188) og 4(99).

5.5.1.2 Staðarbakki

Elsti máldagi Staðarbakkakirkju er máldagi Auðunar biskups rauða fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318. Þá átti kirkjan á Staðarbakka heimaland allt og tvær jarðir; Króksstaði og Skarfshól.[481]

Landamerkjabréf fyrir Staðarbakka, með Skarfshóli og Króksstöðum, var útbúið þann 20. júní árið 1890 en þinglýst þann 5. júní árið 1891. Það hljóðar svo:

> Samföst eign Staðarbakkakirkju í Miðfirði Ytri Torfustaðahreppi, Húnavatnssýslu: Staðarbakki með Skarfshóli og Króksstöðum.
>
> 1). Að norðan ræður merkjum milli Staðarbakka og Mels sjónhending úr norðurenda forns vatnsveitingaskurðs, er grafinn var vestur úr Teigakvíslinni, upp í Rauðugróf í Barðabrúninni þar beint vestur af, úr Rauðugróf sjónhending sunnanhallt við Þrætutóptarholt vestur um holt þau, er Ranhólagöturnar liggja eptir í stóran stein, merktan M.L., sem er á útnorðurhorni Staðarbakka lands, þar sem Staðarbakkaland mætir Ranhólalandi að vestan.
>
> 2.) Að vestan ræður merkjum milli Staðarbakkakirkju lands og Ranhóla sjónhending úr fyr nefndum landamerkjasteini á Hrísás, þar sem hann er hæstur, af Hrísás á vestanverða Bolahóla, af Bolahólum á Þórarinshól, er á milli Staðarbakkakirkju lands (Skarfshóls) og Búrfells, sjónhending af Þórarinshól efst í glöggan farveg Landamerkjalækjarins upp í Heygarðsholtsflóann, ræður svo Landamerkjalækurinn ofan á móts við stóra flata klöpp, merkta L.M., sunnan í Hrísássendanum, en úr þeirri klöpp sjónhending í Landamerkjavörðu á efra Hríshól.
>
> 3.) Að sunnan ræður merkjum milli Staðakirkju lands (Króksstaða) og Brekkulækjar, sjónhending úr Landamerkjavörðunni á efra Hríshólnum í Mellæk, þar sem hann fyrst fær skipan farveg vestur undan Stórhól, og ræður svo Melalækur alla leið merkjum þangað til hann fellur í Miðfjarðará sunnan undir landsuðurhorni Króksstaðamela fyrir austan syðsta ketilinn.
>
> 4.) Að austan ræður Miðfjarðarár austasti farvegur út undir svo nefnda Teigakvísl, en úr ræður Teigakvísl til fyrst greindra merkja. B. Staðarkirkja á mánaðar selför fyrir búpening sinn ú Aurriðadal (Búrfells og Randhólum.)
>
> Mel, 20. júní 1890.
>
> Þorvaldur Bjarnason sem umráðamaður Melskirkju eigna Mels, Randhóla, Búrfells og Brekkulækjar.
>
> Hjörtur Líndal eptir umboði prófasts vegna Staðarbakkakirkjulands.
>
> Jóhann E. Einarsson, eigandi Torfustaða
>
> Karl Á. Sigurgeirsson, fyrir hönd Bjargs eiganda.
>
> Guðmundur Jónsson, eigandi Urriðaár (handsalað.)

[481] Skjal nr. 2(184).

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, hinn 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, No. 275, fol. 143b-4

Vottar:

Jóh. Jóhannsson

settur.[482]

Þann 26. janúar 1911 var gengið frá sölunni á Staðarbakka. Í uppkast að afsali er eftirfarandi tekið fram um landamerki:

Jörðin selst með þeim landamerkjum, er til eru tekin í landamerkjaskrá Staðarbakka, útg. í dag af Stjórnarráðinu.[483]

Landamerkjaskrá var samin fyrir Staðarbakka þann 26. janúar árið 1911 og henni þinglýst þann 7. júní sama ár. Hún hljóðar svo:

Landamerkjaskrá Staðarbakka

Að norðan ræður merkjum milli Staðarbakka og Melstaðar sjónhending úr norðurenda forns vatnsveitingaskurðar er grafinn var vestur úr Teigakvíslinni uppí Rauðugróf í Barðbrúninni, þar beint vestur af, úr Rauðugróf sjónhending sunnanhalt við þræðutóptarholt, vestur um holt þau, er Ranhólagöturnar liggja eftir í stóran stein merktan LM, sem er í útnorðurhorni Staðarbakkalands þar sem Staðarbakkaland mætir Ranhólalandi að vestan. Að vestan ræður merkjum milli Staðarbakka og Ranhóla sjónhending úr fyrnefndum landamerkjasteini á Hrísás, þar sem hann er hæstur af Hrísás á vestanverða Bolahóla og er Stóri-Bolhóll suðvesturhorn Staðarbakkalands. Úr Stóra-Bolhól ræður merkjum sjónhending þaðan í holtsnibbu fyrir sunnan Hrafnshúsakeldu, úr þeirri nibbu í norðasta vikið vestur úr Torfsvatni, úr syðsta viki sem gengur austur úr Torfuvatni, svo sem Stafalækur ræður til Stafahóla, úr syðsta Stafhól sjónhending í brúarræsið yfir landamerkjaland, úr því nesi sjónhending í stein á Laughólma merktan LM.,

Í Stjórnarráði Íslands 26. jan. 1911.

F.h.r.

Kl. Jónsson / Eggert Briem

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Melstað 7. júní 1911 og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nr. 299 bls. 162b.

Vottar:

Gísli Ísleifsson.[484]

Í fasteignamatinu 1916 segir um Staðarbakka:

[482] Skjal nr. 2(42).
[483] Skjal nr. 2(195).
[484] Skjal nr. 2(43).

Jörðin á upprekstrarrjett á afrjett sveitarinnar. [...] Laxveiði naumast teljandi. [...]. Landamerki ágreiningslaus og þinglesin.[485]

5.5.1.3 Lækjabær/Jafnhólalækjaland

Í sóknalýsingu Staðarbakka- og Efranúpssókna frá 1840, sem tekin var saman af prestinum Eiríki Bjarnasyni og Þorláki Stefánssyni kapellán, segir frá eyðijörðinni Jafnhólslækjum í sellandi Staðarbakkakirkju:

> 38. Eyðijarðir eru þar: [...] Jafnhólslækir í Staðarbakka-sellandi er komin í eyði fyrir rúmum mannsaldri.[486]

Um selstöðu Staðarbakka segir í sama riti:

> 31. Sel. Staðarbakki á selstöðu, ef vill, í svokölluðum Jafnhólslækjum fyrir framan byggð austan fram í Vesturárdal, sem fyrir löngu er aflögð, líklega vegna vegalengdar og örðugleika, og kvað einungis hafa verið notuð af einum presti.[487]

Hinn 4. september árið 1856 hófst hið svonefnda Dalgeirsstaðamál með sáttatilraun milli Jón Jónssonar kammerráðs á Þingeyrum eiganda Dalgeirsstaða og séra Gísla Gíslasonar að Staðarbakka, vegna þrætulands sem nefnt var Jafnhólalækjaland. Í sáttanefndarbókinni segir svo frá:

> N° 6
>
> Ár 1856, 4da Dag September mánadar, var Sáttanefndin í Midfiardar Sættaumdæmi til stadar ad Melstad, hvar til gaf tilefni skrifleg Umkvörtun S.T. Herra Kammerráds J. Jóhnsens á Þíngeyrum dagsett 22. f.m. um misskiníng þann sem er milli hans, og S.T. Prestsins Sira G. Gíslasonar á Stadarbakka, á máldaga Stadarbakka kirkju fyrir tédrar kirkju Landeign fram frá Sandgili móts vid, edur samanhángandi vid Land Dalgeirsstada 16 hndr. Jardar, sem er Eignarjörd hra Kammerrádsins – Bádir hlutadeigendur mættu siálfir á Sáttatilraunar fundinum, samkvæmt á kvörtunar-skialid ritudu Fyrirkalli 25ta f.m. byrtu Lóglega dag. 28da f.m.
>
> Eftir ad Partarnir og nefndir reynt hofdu ad ná Samhliódan um þetta Málefni fram kom skriflegt framlagt Tilbod frá Herra Kammerrádinu, hvarí hann býdst til ad borga til Stadarbakka Prestakalls 200 rd (tvøhundrud ríkisdali) r.m. til ad fá ad innleisa og halda átölulaust bædi þeim umþrætta FiallLandsparti, og þeirri af bádum Pörtum vidurkenndu Kirkjunnar Eign á þessu Landsplátsi, svo ad Stadarbakka kirkja [kirkja, ofan línu] upp frá [frá, ofan línu] því þad giörist, hafi þar ekkert Eignarhald framar.
>
> Tilbodi þessu svarar S.T. Presturinn Sra Gísli á þá leid, ad sér vyrdist ad vísu Upphæd hinna frambodnu Penínga vera í minnsta lagi, þegar hann skodi gagn þad er hann og Eftirmenn hans, kynnu ad géta af Landinu haft, ef þad, eins og

[485] A Skjal nr. 2(62).
[486] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 30.
[487] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 29.

hann vonar, verdi Föst Eign Stadarbakka krikju, enn samt tiáir hann sig ecki ófúsann til ad sæta þessu Tilbodi, svo framt Kirkjunnar ædri Forrádamönnum þyki þad honum hollt og rádlegt.

Þessu Samkomulagi til stadfestu setia vidkomendr hér undir nöfn sín ásamt Sattamönnunum

ut supra

J.Jónsson G.Gíslason

Bödvar Þorvaldsson G.Hinriksson.[488]

Ári síðar, eða þann 31. ágúst árið 1857, gerði sáttanefndin árangurslausa tilraun til þess að koma á sáttum á milli þeirra Jóns kammerráð og séra Gísla í fyrrgreindu landaþrætumáli þeirra. Af þessu tilefni var eftirfarandi fært til bókar:

1857 Framhald N° 1

af Sættatilraun N° 6 f.a.

Ár 1857, 31ta Dag Augustmánadar, gaf settr Aukarettur í landaþrætumálinu milli Hra Kammerráds J. Jóhnsens og prestsins Sra Gísla á Stadarb. [og-Stadarb., ofan línu] hvíld og Frest til þess ad Sættanefndin í Midfiardar Sattaumdæmi giæte reynt, endurnýjada Sáttatilraun Málspartanna milli, um Þrætulandid í Jafnhólslækjum, um hvad Málspörtunum [strikað yfir: hér] stöddum hér á Melstad fyrir Aukaréttinum kom fúslega saman. – Nefndin reyndi enn ad nýju ad leida til Satta, enn Málspartarnir urdu ecki af hennar Tilburdum leiddir til ad adhyllast Sattakostina; hvers vegna málinu enn ad nýu vísast Domarans byrjudu framhaldandi adgiörda ut supra

B. Þorvaldsson G. Henriksson.[489]

Þann 31. ágúst 1857 að Melstað var tekið fyrir hjá sýslumanninum í Húnavatnssýslu hið svonefnda Dalgeirsstaðamál. Þá stefndi kammerráð Jón Jónsson á Þingeyrum, sem eigandi Dalgeirsstaða, prestinum séra Gísla Gíslasyni á Staðabakka vegna Staðarbakkakirkju, vegna þrætulands sem hann nefndi Jafnhólalækjaland.[490] Takmörk þrætulandsins voru tilgreind í réttarstefnunni, dags. 21. júlí 1857, sem lögð var fram í réttinum þennan dag, þ.e. 31. ágúst 1857, svohljóðandi:

Sýslumaðurinn í Húnavatnsþingi gjörir vitanlegt: að kammerráð Herra Jón Jónsson á Þingeyrum hefir kært fyrir mér að presturinn Herra Gísli Gíslason á Staðarbakka haldi undir kirkjuna þar fjalllandi nokkru á Vestrárdal, er hann nefni Jafnhólalækjaland, og sem takmarkast að austan af Efranúps landamerkjum, að sunnan og vestan af Vestrá, út að enni svonefndu Bæarkvísl, og svo beint frá enum neðri byggingaleifum, er við hana standi, í þær efri eða hinn nú svokallaða Lækjabæ, og svo frá honum réttsýnis í

[488] Skjal nr. 2(249) a-b.
[489] Skjal nr. 2(250) a-b.
[490] Skjal nr. 2(239).

> Sandgils upptök, en úr þeim tjáir kammerráðið sig ei vita til nokkurra merkja milli þessa þrætulands og Dalgeirsstaða heimalands, hverri jörðu hann því meinar þrætuland þetta tilheyra.
>
> Sömuleiðis kvartar Hr. kammerráð Jón Jónsson yfir að fyrrnefndur prestur hagnýti sér landspart þennan ýmist með því að leigja hann ýmsum til lamba og geldfjárgöngu á sumrum, án þess hann sé þar til nokkurntíma löggildtur með dómi eða yfirvalds úrskurði, hvaraf bæði Dalgeirsstöðum og jafnsíðis liggjandi jörðum ens fyrrnefnda í Núpsdalnum orsakist óbærilegur átroðningur, eða þá ábúandanum á Dalgeirsstöðum, mót því sem venja hefir til verið í tíð enna fyrri Staðarbakkapresta.[491]

Stefnandinn, Jón Jónsson óskaði að þrætulandið yrði skoðað með útnefndum áreiðarmönnum áður en vitnaleiðslur færu fram og lagði fram „afstöðumálverk“ yfir landsvæðið sem þrætan tók til.[492]

Áreið var gerð á þrætulandið daginn eftir þann 1. september 1857 og gerð grein fyrir henni á aukahéraðsrétti að Melstað daginn þar eftir, þann 2. september. Þá var framkvæmd áreiðarinnar lýst ítarlega með hliðsjón af uppdrættinum, eftirfarandi:

> Fyrst var riðið norðan að Sandgili og upp með því þar sem kortið sýnir, og virðtiz sem gilið næði í austr frá ánni lakan helming af línunni austr í Núpsvatn eða austr að Núpslandamerkjum, en í gilið fellr nokkurnveginn glöggr lækr austanað því nær í beina stefnu við gilið. Lækr þessi inntekr hérumbil 2 parta af millibilinu frá Sandgilsbotni austr að Núps landamerkjum, þessi lækr var einkenndr nú á kortinu með stöfunum a og b. Var því næst riðið suðr eptir með hliðsjón til Núps landamerkjalínu og svo suðr og ofan að Bæarkvísl og Lækjabær svonefndr á kortinu og Efrasel skoðað þarsem afstöðumálverkið bendir til. Voru glöggvar byggingaleifar þar og jafnvel beggjamegin við kvíslina, en þó leifarnar minni að sunnanverðu og sýnduz enar margbrotnari leifar fyrir norðan kvíslina ekki allar jafng(amlar). Þvínæst var riðið ofan með Bæarkvísl lengra yfir um kvíslina og alljafnt suðr með ánni og upp með henni allt suðr að Ingimundarkvísl sem kortið sýnir. Á leiðinni var skoðaðr fossinn Rjúkandi sem kortið nefnir, og var þarnæst grandgæfil(ega) aðgætt eptir ósk þess stefnda hvort þar í grennd ekki sæuz spor til g(amalla) mannvirkja eða bygginga, og funduz þar engvar tóptir eða girðingar, en svo sem 40 faðma austr frá landamerkjalínunni sem á kortinu liggr norðr frá árkróknum funduz einsog merki til g(amalla) mógrafa svosem 8 að tölu, vestanundir holti eða barði, og var þetta hérumbil 70 faðma norðr frá Ingim(undar)kvísl. Égi verðr með vissu sagt að þetta hafi verul. verið mógrafir. Þetta var á kortinu einkennt með bókstaf c. Var svo riðið tilbaka ofanmeð og norðr með Vestrá að austanverðu og sást af áreiðarmönnunum á leiðinni hvar Lambá sem kortið sýnir rennur í Vestrá. Svo var staðnæmst við Neðrasel, sem kortið nefnir, og sáuz glöggvar byggingaleifar einkum

[491] Skjal nr. 2(160) a-b.
[492] Skjal nr. 2(161).

sunnantil við Bærarkvísl rétt hjá Vestrá, en mjög litlar leifar voru sjáanl(egar) fyrir norðan Bærarkvísl, jafnvel þó málverkið sýni þær, en eptir sem áreiðarmennirnir álitu ýtrast þó með nokkurri óvissu, voru þessar stærri eða glöggvari leifar fyrir sunnan kvíslina að sjá sem eptir 2 hús, hvar á móti leifarnar fyrir norðan voru svo óglöggvar að ómögulegt er að segja hvort þær eru eptir 1 eða fl(eiri) hús, ef annars eptir nokkurt hús verið hafa, því þetta er að sjá eins og nokkurskonar bali eða hóll, en þó ekki minni um sig heldr enn syðri leifarnar. Um bæði þau örnefni á kortinu Neðrasel og Efrasel er það yfirhöfuð að segja: að nokkrar líkur sýnduz fyrir g(ömlu) túnstæði í því síðarnefnda, en ekki ómögulegt að tún hafi getað verið þar sem Neðrasel er samt eru minni líkur til þess, einkum vegna plázleysis, þarsem Bærarkvíslargil er þar rétt við, og dálítil landbrot sýnaz hafa getað átt sér stað. Þaðan var riðið norðreptir og aðgættr steinninn kallaðr Kallbak sömul(eiðis) Kallbaksás eptir sem kortið nefnir, sást þar næst glöggvar byggingaleifar af Bakkaseli á kortinu nefnt bæði, stórar kvíar og fl(eira) norðan við Kallbaksás og svonefnda Selkvísl á kortinu. Að öðru leyti er aldeilis ómögulegt fyrir skoðunarmennina að fella neitt álit um það, hvar þau svonefndu Túnasel hafa verið, hvort heldr þar sem stefnarinn meinar, eða þar sem sá stefndi meinar eptirsem í fyrradag er bókað. Eptir þetta var skoðuninni lokið og riðið til byggða. Aðeins tilgreiniz: eptir ósk þess stefnda og áliti áreiðarmannanna að þarsem sá stefndi meinar Túnasel verið hafa, nl. rétt við Ingim(undar)kvísl suðr frá mógrafaleifunum eða bókst(af) c á kortinu, þar fannst jarðvegrinn fúinn, móakenndr eða fjalllendismóar. Ennfremr fannst landið fyrir framan eða sunnan Grensásakvísl svonefndu og suðr og upp með Vestrá hrjóstugra enn landið fyrir norðan og utan kvíslina, og álitu þeir Thómas, Daníel og Benedict þetta landstykki miðr fallið til búfjárhaga heldr enn landið fyrir norðan kvíslina. Öll áreiðargjörðin var því næst upplesin og viðrkennd af áreiðarmönnunum í nærveru beggja málspartanna.[493]

Málinu var framhaldið þann 3. september 1857. Var þá lögð fram í réttinum útskrift af máldögum Staðarbakkakirkju eftir máldagabók biskups Ólafs Rögnvaldssonar. Takmörkum þess lands sem tilheyrði Staðarbakkakirkju er lýst eftirfarandi í útskriftinni:

Kyrkja hins helga Jóhannes Baptista á Staðarbakka á allt heimaland

[...]

Þessi er sögn Ásgauts Ingimundarsonar að Staðarbakki eigi jörð með öllum gögnum suður frá Sandgili og Bug allan suðurað Túnaseljum, en laxveiði undir Rjúkanda, Aunundarfitjar allar fyrir vestan Vesturá, og so suður í miðjan flóa, Lambatungur suður frá Gautahriggjum og suður frá Erringafönnum eptir miðju Sléttafelli í flóa miðjan bæði fuglveiði og fiskveiði, selför í Litlutungu og svo í Aurriðadal, og í Bug ef vill Reykjaeyri alla með þeim gögnum og gæðum sem þar kunna að reka, vill hann það sverja

[493] Skjal nr. 2(240).

að þetta var þá kallað Staðarbakka er Þorgrímur prestur hafdi og hann hafdi þetta átölulaust sem hann má muna á dögum Jörundar Biskups aundverlega bjó Steinmóður prestur á Staðarbakka en Þorbjörn prestur á Mel, og lét Þorbjörn gjöra hús stórt á brúninni uppfrá Bugðuhyl og kjærði Steinmóður prestur fyrir Biskupi Jörundi og kallaði Biskup til sín elldstu menn þá er vóru og lét þá segja landamörk í millum Staðanna, og dæmdi eptir að þau skyldi standa, en Þorbjörn skyldi húsið ofan taka, því að það stóð við landamörk, og var síðan nafn gefið og kölluð Þrætutópt, veiði í Bugduhyl að helmíngi, þar að von var í Melsland, voru þessi landamörk Rauðagrof sú er liggur við hylin fyrir norðan Sandmel, þaðan upp sjónhending í slóð þá er liggur undir Þrætutóptar hollti, og síðan ræður sú slóð fyrir norðan Saurstapa og utan á Hrýsás miðjan,

[...]

Oddur Bessason seigir þessi sömu ítök og landamerki á Staðarbakka ætti, Ásgautur, so telur hann iii selfarir Bakka kyrkju, ein til Kalldbaks, aunnur í Litlutungu í Saurbæ, þriðja í Aurriðadal, og Oddur reyf hrýsvyði í Reinhóla land [...]

Rétta afskrift staðfestir H.G. Thordersen.[494]

Dómur var svo kveðinn upp í Dalgeirsstaðamáli þann 8. ágúst 1860 og Staðarbakkakirkja dæmd frí frá ákærum kammerráðs Jóns Jónssonar eiganda Dalgeirsstaða. Dómurinn hljóðaði svo:

Því dæmist rétt að vera:

Staðarbakka kirkja á fyrir ákæru sóknarans í máli þessu frí að vera. J málsfærslulaun til kirkjunnar skipaða talsmanns borgar sækjandinn 15 rd. r.m. en að öðru leyti niðrfellr málskostnaðr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegri birtingu. Dómur þessi var hátt upplesinn í réttinum sem að því búnu var uppsagt.

Christiansson. Hinriksson. B.Bjarnason

Með skýrskotun til okkar sérstaklega framlagða atkvæðis 5. Maí þ.á.

Th. Bjarnason. D. Jónsson[495]

Takmörkum landsvæðisins sem um ræðir var lýst nánar í dómsatkvæðum meðdómsmanna, eftirfarandi:

Atkvæði undirskrifaðra í Málinu kammerráð Jón Jónsson á Þingeyrum gegn Staðarbakkakirkju.

[...]

Að öllum framannskrifuðum ástæðum nákvæmlega yfirveguðum, verða dómsatkvæði okkar undirskrifaðra á þessa leið:

[494] Skjal nr. 2(162) a-b.
[495] Skjal nr. 2(241).

Að þrætulandið takmarkist að norðannverðu við Sandgil uppá dalbrúnina, svo eptir henni að austann fram að enum svonefnda Lækjabæ. Þaðann að sunnann sjónhendíng í neðri selrústirnar, og í útrensli Bæarkvíslarinnar í Vesturá. Þau á uppdrættinum nefndu Efra og Neðrasel, álítast að vera þau í máldaganum nefndu Túnasel, enn jörðunni Dalgeirstöðum beri land í samhengi við sitt heimaland suður frá Núpsvatni mót Efranúpslandi að austan, fram að Galtarsteini, úr honum fram að Ingimundarkvíslar útrensli í Vesturá sem takmarkar téðrar jarðar land, að sunnann og vestann, allt að Bæarkvíslarútrensli í Vesturá, svo í Neðra Túnaselið, og svo sjónhendíng í hið efra, þaðann sjónhendíng norður brúnina móts við kirkjulandið í Sandgil, þar sem melbörð að því byrja að ofann og svo ofann með gilinu að norðannverðu í Vesturá. Og að málskostnaður égi að falla niður.

Fallandastöðum og Þóroddsstöðum þann 5ta Maii 1860.

Th. Bjarnason D. Jónsson[496]

Atkvæði hinn tveggja meðdómsmannanna var eftirfarandi:

Atkvæði undirskrifaðra í málinu kammerráð J. Johnsen gegn Staðarbakkakirkju.

[...]

Af þessu af okkur framan og ofanskrifuðu ástæðum verður það okkar undirskrifaðra dómsatkvæði, að allt Jafnhólslækjaland frá Sandgili og beint til austurs að Núpslandi að norðan, og beint á móti Núpslandi til suðurs allt fram að Önundarfitjum, er ráða landamerkjum að sunnan, en frá Önundarfitjum að vestanverðu og allt út að Sandgili ræður Vesturá takmörkum landsins að allt þetta land skuli hjer eptir tilheyra Staðarbakkakirkju, en með því okkur er ekki með öllu ljóst, hvort okkur tilheyri að ákvarða hvaðan sá kostnaður skuli lúkast er af máli þessu rís og risið hefur, þá leiðum vjer hjá oss að ákveða neitt þar um að þessu sinni.

Gunnlaugur Hinriksson Benedikt Bjarnason[497]

Hinn 27. maí 1856 gaf séra Gísli Gíslason prestur á Staðarbakka út byggingarbréf fyrir hinu umþrætta landsvæði, Jafnhólalækjalandi, fardagaárið 1856-1857 til Jóhannesar Ólafssonar bónda á Dalgeirsstöðum. Takmörkum þess landsvæðis sem um ræðir er lýst í bréfinu ásamt skilmálum fyrir byggingu. Bréfið er svohljóðandi:

Gisli Gislason nuverandi sóknaprestur í Staðarbakka prestakalli kunngjörir hérmeð: Ad eg byggi og heimila til allra réttra leigulidabrukunar og nota[498] bóndanum á Dalgeirstödum Mr. Jóhannesi Olafssyni gjörvallan heidarlandspartin sem Stadarbakka kirkja á, austan fram á Vesturárdal, og nu

[496] Skjal nr. 2(163) a-b.
[497] Skjal nr. 2(164) a-b.
[498] *til allra réttra leigulidabrukunar og nota* á spássíu.

er nefnt „Jafnhólalækjaland“, frá fardögum 1856 til sama tíma 1857 og svo frammvegis ef okkur umm semur og eg á þess rád i ásamt öllum gögnum og gjædum, er tédu heidarlandi fylgir og fylgt hafa, innan þessara umm merkja: ad nordanverdu rædur Sandgil landamerkjum austur frá Vesturá, beinlínis í Galtarstein, þángd sem Fremranúpsland tekur vid ad austan verdu, og svo jafnsídis því framm eptir hálsinum réttlínis sudur ad Túnaseljum (sem ennnu sjást mikil líkindi til ad hafi stadid austanvert vid vesturá, nedanvert vid Aunundarfitjar eins og almæli eru hér i sveit og Staðarbakka kirkju máldagi bendir ljóslega til og ~~öll~~ kirkjunnar eignarskjöl samhljóda vitna) ásamt öllum „Bugnum“ sem vesturá myndar þar, hver á ad takamarka hérnefndan heidarlandspart ad sunnan og vestanverdu nordur ad fyrstnefndu Sandgili.

Bygggingar skilmálarnir eru þessir:

1. Hann skal gjalda ársleigu eptir téd heidarland 40 ál. á landsvísu, í gódum og gyldum landaurum eptir okkar samkomulagi, eda þeirra andvyrdi í peningum. – Þar ad auki áskil eg sjálfum mér og ef til vill ábúendum kirkjujardanna Krókstada og Skarfshóls, frían géldfjár og lamba uppresktur í heidarlandid og sjálfum mér trippagaungu í því hvarámóti Mr. Johannes skal sjálfur vera fjallatolls frír.

2. Hann skal verja þetta heidarland rækilega fyrir annara manna leyfislausri óheimildar brúkun, enn leyft er honum ad ljá þad, fyrir borgun, til kindfjár beitar haust og vor, einnig til hóflegs stóduppreksturs, ad sumrinu, þó ekki þeim sem eptir óveiktum dómi frá 26. Sept. 1621 eru skuldbundnir til ad halda uppi rekstrum á ~~Adalbóls og~~ Húksheidi undir tiltekna lagasekt.

3. Hann skal hreynsa Heidarlandid forsvaranlega, eins og sinnar ábýlisjardarland eign, med grenjaleitum á hæfilegum tíma.

Stadarbakka, 27d. Maímán. 1856.
G. Gíslason (L.S.)[499]

Samkvæmt manntölum er Lækjabær komin í byggð árið 1860 en þá búa þar fimm manns. Býlið kemur ekki fram í næsta manntali þar á undan, eða árið 1855.[500]

Í úttekt að Staðarbakka, þann 22. júlí árið 1868, kemur fram að nýbýlið Lækjabær sé nýlega byggt upp í Jafnhólalækjalandi:

Var þá fyrst skodud Kirkjan

hún heldur öllum sínum egnum og ítökum [...]; einúngis er þess ad geta, ad Jafnhólalækjaland nú er byggt og nýbýli þar uppkomid, sem kallad er Lækjabær byggt med 3 vætta landskuld. Ábúandinn á sjálfur öll hús á nýbýlinu.[501]

[499] Skjal nr. 2(214).
[500] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, www.manntal.is. Leitarforsendur: „Lækjabær“ og „Húnavatnssýsla.“ Lækjabær er kominn í byggð 1860, þá búa þar fimm manns, en hann kemur ekki fram í næsta manntali þar á undan 1855.
[501] Skjal nr. 2(259) a-b.

Í ritinu *Húnaþing* III frá 1989 segir:

> Í sóknarlýsingu frá 1840 eru Dalgeirsstaðir taldir fremsti bær, en hins vegar kemur þar fram að Staðarbakki átti selstöðu á svonefndum Jafnhólslækjum fyrir framan byggð í Vesturárdal að austan. Ritari lýsingarinnar, Þorlákur Stefánsson kapellán, kveður hana þó aflagða, og minnist einnig á eyðibýlið Jafnhólslæki, sem þá var komið í eyði fyrir meira en mannaldri. Lækjabær var svo byggður sem nýbýli í þessu landi, sem enn tilheyrði Staðarbakka, um síðustu aldamót, og var það oftast í byggð til 1926.[502]

Þann 2. júlí 1909 fór fram virðingargjörð á eyðibýlinu Lækjabæ, sem þá var aftur nýlega komið í ábúð. Í virðingargjörðinni segir svo frá:

> Lækjabær eða Lækjaland er samkvæmt gömlum skjölum, talið selstöðuland frá Staðarbakka í Itri Torfustaðahreppi. Á síðastliðinni öld var land þetta tekið til ábúðar, og búnaði framhaldið þar til vordaga 1901, fjell þá býli þetta í eyði, og hefur verið óbygt í síðastliðin 8 ár. Síðast liðið vor var býli þetta tekið til ábúðar í kaldakoli, húsalaust að öllu og fallnar húsatóptir.[503]

Tún var í órækt og sagt illa fallið til ræktunar „nema melur sá sem hin nýju hús voru byggð á.“

Í bréfi til Stjórnarráðs Íslands, þann 22. mars 1910, mælti Eyjólfur Kolbeins prestur í Staðarbakkaprestakalli, fastlega með sölu Lækjabæjar til ábúendanna. Hann segir í bréfinu:

> Jeg leyfi mjer að mæla fastlega með því, að Lækjabær verði seldur ábúendunum Birni Benidiktssyni og Ólafi Tomassyni, með virðingarverði, fyrir krónur 325,00 og að salan sje miðuð við fardaga 1910.
>
> Jeg skal taka það fram, að af koti þessu hef jeg haft meir mæðu en tekjur, og þegar það er í eyði, eins og optast hefur verið um undanfarnar aldir, þá geta sveitarmenn krafist þess að prestur gjöri þar lögskil með fjársmölun rekstra o.s.frv. Slíkri kröfu hefur hjer í sýslu verið framfylgt gegn öðrum eyði-heiðarbýla eigendum.[504]

Í uppkasti Stjórnarráðs Íslands, að greinargerð um söluna, dags. 30. apríl 1910, var gerð eftirfarandi athugasemd um að landamerkjaskrá vantaði:

> Við sölu býlis þessa er það að athuga að engin landamerkjaskrá er hingað komin en væntanlega má heimila sölu á því með þeim landamerkjum, sem sett verða í afsalsbrjefinu og þá jafnframt leggja fyrir umráðamann jarðarinnar að senda hingað landamerkjaskrá fyrir jörðinni.[505]

Veturinn 1913 kom til tals að Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppar tækju afréttarlandið Húksheiði á leigu sameiginlega eða jafnvel keyptu það ásamt

[502] Hjördís Gísladóttir, „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 338.
[503] Skjal nr. 2(201).
[504] Skjal nr. 2(205).
[505] Skjal nr. 2(206).

Lækjalandi. Í bréf oddvita Ytri-Torfustaðahrepps til Stjórnarráðsins, þann 27. mars 1913, kemur fram að Ytri-Torfustaðamenn vildu ekki fallast á kaupin nema Lækjaland fylgdi með í kaupunum. Jafnframt óskaði hann við Stjórnarráðið að Ytri-Torfustaðahreppur fengi að öðrum kosti Lækjaland keypt svo þeir gætu lagt það við afréttarlandið.[506]

Í bréfi, þann 3. apríl 1913, óskaði Hjörtur Líndal hreppsnefndaroddviti í Fremri-Torfustaðahreppi eftir því við Stjórnarráð Íslands að Fremri-Torfustaðahreppur fengi að sitja fyrir um kaup á býlinu Lækjabæ eða Lækjalandi í sama hreppi. Hann taldi miður ef leggja ætti landið undir afrétt og vildi frekar sjá því haldið áfram í ábúð.[507]

Árið 1913, föstudaginn þann 25. apríl, fór fram virðingargjörð á býlinu Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi. Takmörkum landsins er lýst eftirfarandi í virðingargjörðinni:

> Land þetta liggur fremst að vestanverðu á hinum svo nefnda Vesturárdalshálsi. Að norðan liggur að því land jarðarinnar Dalgeirsstaða í Vesturárdal, að austan liggur að því land jarðarinnar Fosskots í Núpsdal og nær það alla leið á móti Lækjarbæjarlandi í svonefnd Túnasel niður við Vesturá á móti Önundarfitjum, að vestan ræður Vesturá takmörkum lands þessa og liggur þar á móti fremri parti þess, norðurendi Húksheiðar, en á móti norðurparti þess, fremri endi heimalands jarðarinnar Húks í Vesturárdal.
>
> Landið er hundraðatalslaust og er talið að vera gamalt selland frá fyrverandi prestssetri Staðarbakka í Ytri-Torfustaðahreppi. Að stærð er landið víðáttumikið og er vafalaust ekki minna ummáls en lönd margra jarða sem eru 30-40 hundruð að dýrleika.[508]

Um búskaparsögu býlisins segir eftirfarandi í sömu virðingargjörð:

> Í kringum miðja síðastliðna öld var fyrst farið að búa á landi þessu og eptir það búið á því stöðugt til ársins 1901, þá lagðist býlið í eyði og stóð í eyði í 8 ár og landið gaf ekkert af sjer. Nú fyrir 4 árum var aptur byrjað að búa á landinu og á því reist hús frá grunni, því öll voru þau hús fallin er áður voru.
>
> Núverandi ábúandi býlisins kveðst ekkert byggingarbrjef hafa fengið, og segir sjer leigt landið til lífstíðar með 18 króna eptirgjaldi um árið, þessari sögn ber alveg saman við skýrslu umráðamanns býlisins.[509]

Í skýrslu Hjartar Líndal hreppstjóra Fremri-Torfustaðahrepps til Stjórnarráðsins vegna sölunnar á Lækjabæ, dags. 25. apríl 1913, segir eftirfarandi um búsetu á jörðinni:

[506] Skjal nr. 2(198).
[507] Skjal nr. 2(202).
[508] Skjal nr. 2(203).
[509] Skjal nr. 2(203).

> Land þetta er samkvæmt fornum skjölum tilheyrandi Staðarbakkaprestakalli, talið selland frá Staðarbakka. Býli þetta er fyrst bygt á árunum 1855-´60. Fjell aftur í eyði um 8 ára skeið, og reyst aptur hús þar að nýju, og búið þar síðastliðin 4 ár.
>
> Þegar núverandi ábúandi tók land þetta til ræktunar og notkunar voru öll hús fallin og í kaldakoli. Bæjarhúsin voru bygð á mel, er álitinn var hentugri sem bæjarstæði er og líka betur fallinn til túnræktunar, heldur en þar sem (sem) hinar gömlu tóptarrústir stóðu.
>
> Fyrir notkun lands þessa, ákvað þáverandi umráðamaður prestur E. Kolbeins Eyólfsson kr. 18,00 – átján krónur, hefur sú upphæð verið greidd árlega síðan sem landskuldargjald. Engin kúgildi fylgja.[510]

Í sömu skýrslu tilgreinir Hjörtur Líndal jafnframt landamerki jarðarinnar, eftirfarandi:

> Að vestan ræður Vesturá merkjum að Sandgili. Að norðan milli Dalgeirsstaða og Lækjabæjar r´ður Sandgil merkjum uppí stein merktan L.M. á holti ofan til við upptök lækjar þess, er fellur niður Sandgil, frá steini þessum ræður bein lína í vörðu á stóra Kystuvatnshól sem er hornmerki milli jarðanna Dalgeirsstaða, Efra Núps, Fosskots og Lækjabæjar. Að austan milli Fosskots og Lækjabæjar, ræður sjónhending úr stóra Kystuvatnshól fram hálsin til Túnaselja, fyrir norðan Önundarfitjar við Vesturá sem er hornmerki að sunnan og vestan.[511]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Lækjabæ:

> Landið nær að af rjetti. [...] Á rjett til upprekstur á afrjett sveitarfjelags.[512]

Þann 7. nóvember 1967 keypti Fremri-Torfustaðahreppur eyðijörðina Lækjabæ „með öllum gögnum og gæðum“ af Landbúnaðarráðuneytinu. Hreppnum var þá gert óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina aftur. Í afsali segir:

> Hreppsnefnd Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.
>
> Landbúnaðarráðherra lýsir því hér með kaupandann hreppsnefnd Torfustaðahrepps f.h. Torfustaðahrepps, réttan og löglegan eiganda af ofangreindri jörð Lækjabæ. Nýtur kaupandinn héðan í frá alls arðs af jörðinni og greiðir jafn framt af henni alla skatta og skyldur. [513]

Undir afsalið kvitta Ragnar Benediktsson oddviti Fremri-Torfustaðahrepps og Ingólfur Jónsson í Landbúnaðarráðuneyti. Afsalinu var þinglýst á manntalsþingi að Haugi 8. ágúst 1968.

[510] Skjal nr. 2(204).
[511] Skjal nr. 2(204).
[512] Skjal nr. 2(62).
[513] Skjal nr. 5(2).

Landamerkjabréf fyrir Lækjabæ hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

5.6 Staðarhreppsafréttur

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 fjallar um afrétt Staðar í Hrútafirði. Þar segir:

> Afrjett eigna menn staðnum í vestanverðu Sljettafelli, á móts við Gilsbakkakirkju að sunnan og Staðarbakkakirkju að austan og norðan; segja menn so, að Bálkastaðaspotti sje að norðan landamerki alt til Brennikvíslar, þar fyrir sunnan eigi Staðarkirkja fellið og hagann suðureftir so lángt sem Síká fellur fyrir vestan; en deilur hafa hjer um verið milli Staðarbakka og Staðar presta.[514]

Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 17. október 1768 segir:

> Framar ä Kyrkiann Landspart framm ä fialle, sem er Sliettafell ad Vestannverdu, allt ad Sÿkä, Epter Elldre og Yngri manna Vitnesburdum og mundu fleÿre Skilrÿke til fäst ef Þórf giórdest.[515]

Þann 30. maí árið 1769, lögfesti séra Eiríkur Guðmundsson, prestur að Stað í Hrútafirði, land Staðar í Hrútafirði, á manntalsþingi höldnu á sama stað. Lögfestan hljóðar svo:

> Eg Eyrikur Gudmundsson Prestur ad Stad i Hrútafyrde lögfeste hier i dag Land þessa Beneficii, Stadar vid Hrútafiörd. Lögfeste Eg Tödur og Eingiar, hollt og haga, hæder og dælder, votn og veidestade, Lood, Reka, og allar Landsnytiar, þær er þvj Lande eiga ad filgia, og filgt hafa med riettu, ad fornu og nyu, til ytstu ummmerkia, sem adrer menn eiga i móti, Epter þvj sem þeir Authorizerudu Máldagar kyrkiunnar hier ad Stad ummgeta, nefnelega: Siónhending mille Arn Stapa tveggia (þad er ad skilia: þess Eina, er stendur sunnann til vid Sel-aa, og hinns annars, er stendur mille Baalkastadadals og Leyrgroofar) og riettsyne i Vördu þá, er stendur vestann til vid Týda götu þeirra Baalkastada Manna, þadann siónhending i stóra steina, er standa i haalsbrún, þadann austur á háls til móts vid adra menn. Enn ad nordann verdu rædur, á hálsenum, riett tekenn siónhending úr Griót aar ós til austurs, móts vid adra menn; rædur so Griótaa ofann epter, allt þar til, sem hún hefur ad fornu falled i sióenn, ádur enn Hrútafiardar aa, og Sýk aa, brutu sig hyngad yfer. Ad vestannverdu rædur Hrútafiardar ár farvegur hinn forne, hvörs vegna hier med lögfestest, ej einasta Landed vestann til vid Hrútafiardará (kallad Hoolmar; ödru nafne Stadar Eyrar) helldur og eirnenn þeir smá hoolmar þar ad framann, sem riettvýser og skinsamer menn meta, ad greind Hrútafiardaraa hafe broted af Stadarens Lande, og audsiáanlega eru þessu meigenn hennar forna farvegar; þó ecke lengra til sudurs, enn sögd siónhending á mille greindra Arnstapa rædur. Eirnenn Lögfeste eg Fiardarleyrurnar, til vesturs, i siónhending þá, sem er úr þeim forna Hrútafiardar ár farveg, útj Laugastapa. Sýdann Leyrurnar til austurs, ad þvj leite sem áhrærer jöfn helminga skipte,

[514] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 10.
[515] Skjal nr. 2(95).

og not alls þess sem á þær uppreka kann, bæde hvals og vidar, á móts vid Brandagils menn, sem hefur þá ástædu, ad Leyruskipte mille Stadar og Brandagils hafa alldrei giörd vered.

Hier ad auk lögfeste eg Landspart Stadarkyrkiu, liggiande hier framm á fialle; Eru hanns ummmerke, ad nordannverdu: Stadarkvýsl, ad austanverdu Sliettafell allt vestann framm, til jafns vid Stadarbacka kyrkiu, ad vestannverdu rædur Sýk-aa, og so framm epter sudur i Gard.

Fyrerbýd eg hvörium Manne fyrrgreindt Land kyrkiunnar hier ad Stad, Lood, edur Reka ad brúka, edur med nockrum hætte sier ad i nýtia hier epter, nema mitt sie lof edur leife til; En sie sá nockur sem hiedann af dyrfest, án dóms edur laga, fyrrtied kyrkiunnar Land, Reka, edur adrar gagnsemder, hvörjar sem helldst vera kunna til lands edur vatns, ad sier ad taka, edur áseilast ad meira leite, edur minna, þá legg eg þeim rán vid, og kongl. Maj^{ts}, samt kyrkiunnar Riett, med slýkum Sektum, er frekast má Lögum giöra. Witna eg þessa lögfestu til nærverande Walldsmanns og nálægra þyngmanna. Til stadfestu er mitt underskrifad nafn ad Stad vid Hrútafiörd, þann 30. Maii 1769.

Eyrikur Gudmundsson

Upplesenn fyrer manntalsþings Rettenum hier á Stad vid Hrutafiord dat. 30. Maji 1769.

Test^{r} Arngrímur Jonsson.[516]

Á manntalsþingi, höldnu að Stað þann 17. júní 1782, var ályktað um að allir Staðarhrepps innbyggjendur skuli reka á þessu ári til þeirrar venjulegu afréttar, fram yfir Sýká, en láta í hverri viku ríða á heiðina til að hindra samgang við Miðfirðingafé. Eftirfarandi var fært til bókar:

8. Frammlögdu hreppstiórar þessa hrepps einn Memorial under yferstandande Dags Dato, hvar inne þeir begiæra ad fyrer landkreppu saker Midfyrdingum tilhalldest, ad geyma synar kindur á þessu sumre heima, samt setia allar mögulegar skordur til varnar vid samgaungum Midfyrdinga Saudfiár og þeirra, med forbode til þeirra i Nups og Stadarbacka sóknum, ad þeir einga Saudfiar kynd nú á afrett reke, og ef nockud af nefndu Midfiardar fe kynne vid annad samann ad koma, þad meige þá strax drepid verda, sie þad fyrer utan þeirra búfiár-haga, med výdara er þesse Memorial med sier færer. Upplesid og uppáskrifad not. Lit. A.

Hvar uppá solátande Syslumannsens alyktan fellur: Stadar hrepps Jnnbyggendur skulu aller á þessu áre reka til þeirrar veniulegu afrettar framm yfer Sýká, ad henne ádur hreinsadre, og til þess ad samgánga betur fyrerbyggest vid Midfiardar fé, skulu þyngsóknar menn her til skiftes, epter þvi sem naudsyn kann útkrefia, umm hvöria viku láta rýda á heidena, til ad

[516] Skjal nr. 2(99) a-b.

hindra áðurtieda Samgaungu vid Midfyrdinga fé. Enn þeir skulu skyllduger yfer allt i Midfyrde ad hallda á þessu sumre synu saudfe i heimalöndum. Enn ef þad kemur i þessa Ospaksstada afrett, edur heimalönd manna her i Stadarhrepp, skal þad strax afmád og dræpt, samt upptækt til jafnra skifta, mille þeirra ad þvi starfa og fátækra i hreppnum, hvörsu hreint fra fiárpest þad kynne álýtast; hvörium sömu kiörum þyngsoknar menn her skulu og mæta, ef ecke efter ollum kröptum og mögulegheitum sporna vilia synu saudfe vid Midfyrdinga Efra sem nedra samgaungu, edur ef hittast kann þar i heimalondum þeirra, samt hreppstiórar grandgæfelega rannsaka saudfe innann Repps vor og haust og oftar, allra hellst ef vid samgaungu vart verdur.[517]

Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði, þann 15. desember 1799 segir:

Item Selland framm á Fialli (fyrer framann Jardernar Bálkastada Itak) sama Selland er takmarkad af þessum Ørnefnumm ad nordannverdu rædur Brennekvísl ad sunnannverdu Gardur so kalladur; ad austanverdu i midt Sletta Fell móts vid Stadarbacka Kyrkiu sudur fra Erringiafönnumm; enn ad vestanverdu Syká og þadan [þadan, ofan línu; strikað yfir: þar] sem hana þrítur, Þa [upphaflega: Þadann, strikað yfir seinni hluta orðsins] siónhending framá aminnstann Gard.[518]

Í vísitasíu biskups að Stað í Hrútafirði, þann 5. september 1833, segir:

herad auk tilheyrir kirkjunni, einsog um er getid á Prófasts visitatiu af 17 Decembr 1799 Selland frammá Fialli fyrir framan Itak Jardarinnar Bálkastada, sama Selland er takmarkad af þessum Ummerkium: ad nordanverdu rædur Brenniqvisl, ad Sunnanverdu Gardur svokalladur, ad austanverdu i midt Sljettafell, sudur frá Erringiafönnum til móts vid Stadarbakkakirkju, enn ad vestanverdu rædur Syká og þadan sem hana þritur, þá Siónhending frammá áminstann gard.[519]

Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði, þann 16. júní árið 1836, kom eftirfarandi fram:

Stadur i Hrútafyrdi

Arid 1836, þann 16da Jún: Var Prófastur i Hunavatns Sysslu nálægur ad Stad i Hrútafyrdi til ad visitera Kyrkjuna þar og fann hana i fylgandi ásigkomulagi. Hún á eptir þeim authoriserudu máldögumm, Heimaland allt, Þetta i Rekum, Fjórdúng fyrir Geitahóli i öllum Reka, Fallandastödum Fjórdúng i öllum Reka, á Þóroddstödum Fjordúng alls Reka, Hin 16da Hlut i óskiptum; Hálfann reka á Backa; fjórdúng i Hvalreka á Saltvík; fyrir Bessastödum fiórdúng i Hvalreka; Hálfa Jördina Bálkastadi, med hálfum öllum Reka á Midgiardarnesi; tólfta hlut vidreka og Hvalreka fyrir Fiardarhorni, egi eru sídur Renníngar nefndir, eda med hvöriu móti sem á land kemur. – Eptir Audunnar Biskups máldaga, eru þessi Landamerki, Stadar og Bálkastada:

[517] Skjal nr. 2(88) a-b.
[518] Skjal nr. 2(97) a-b.
[519] Skjal nr. 2(129) a-b.

> Siónhendíng milli arnarstapa tveggi og Rettsyni í vördu þá er stendur hiá tídagötu þeirra Bálkastada manna og svo uppí Stóra steina i Halsbrún og svo austur á Hals, til vidur við adra menn, Grjótá rædur fyrir nordann enn Hrutafiardar á fyrir vestann. Sturla Sigurdsson giördi skipan millum Orms Starkadarsonar, er hann bió á Stad, og Ara Geirasonar, ad Fjardarhorn skyldi eiga þriá Hólma vestan af Fitjum, og Sjónhendíng úr midju árfari úti Laugastapa, skipti millum Stadar og Brandagils 16 hndr. voru nefnd i Rekum öllum, Fjórdúngur i Hvalreka ad Geitahóli, etc. – I Visitatiu biskups Sigurdar Steffanssonar af 12ta Júlii 1790, stendur ennframar, ad ein af amtmanni Steffáni Þorarinssyni útgefinn Resolutio, sem af Stiptamtmanni Todal og Stiptprófasti Mag: Hálfdani Einarssyni samþykt er, þann 16da mart: 1784, segi: allt hvad upprekur á Brandagils Leyrur af vragi, á ad skiptast til helmínga milli Stadar kyrkiu og Brandagils, /: mér skilst hvört heldur er Timbur eda Hvalfiskar :/ nema þeir sieu Harponeradir, og Harponin beri síns Skutulsmans merki, Þetta Document, svo sem þad er bygt á máldögum kyrkjunnar, og authoriserad af nefndum Stiptamtmanni má og á ad álítast, svo sem greinileg og óræk útskyríng, yfir þessi ord í Máldaganumm, Skipti millum Stadar og Brandagils 6 hndr. vöru nefnd i rekum öllum.
>
> Jardir kyrkjunnar eru ádurnefndir hálfir Balkastadir 12 hndr. á Midfjardarnesi, og Fagrabrecka 8 hndr. Hér ad auk tilheyrir kyrkjunni, eins og umm er getid i Prófasts visitatiu af 15da Dec. 1799 Selfarid framm á Fialli, fyrir framann Itak Jardarinnar Bálkastada, sama Selland er takmarkad af þessum ummerkjum: ad nordann verdu rædur Brennikvísl, ad sunnann verdu gardur svo kalladur, ad austanverdu i midt Sléttafell sudur frá Erringafönnum til mots vid Stadarbakka kyrkju, enn ad vestannverdu rædur Síká, og þadann sem hana þrítur, þá Siónhendíng framm á áminstann gard. I Frydu á kyrkiann 10 málnytu kúgyldi, 3 hndr. i gieldfie, og 1 hross.[520]

Þann 13. maí árið 1844, lögfesti séra Gunnlaugur Gunnlaugsson land Staðar í Hrútafirði. Einnig lögfesti hann selland Staðarkirkju, liggjandi fram á fjalli. Þetta var upplesið fyrir manntalsþingi á Melstað þann 17. maí sama ár og er svohljóðandi:

> Eg undirskrifadur lögfesti hér med land þessa mér tiltrúada Beneficii Stadar vid Hrútafjörd. Lögfesti eg Tödur og Eingjar, hollt og haga, hædir og Dældir, vötn og veidistadi, lód, Reka og allar Landsnytjar, þær er því landi eiga ad fylgja, og fylgt hafa med réttu, ad fornu og nýju, til ytstu ummerkja, sem adrer menn eiga í móti, eptir því sem þeir authorizerudu máldagar Kirkjunnar hér á Stad umgéta, nefnilega: Sjónhending milli Arnstapa tveggja (þad er ad skilja: þess Eina er stendur sunnan til vid Selá, og hins annars er stendur milli Bálkastada-dals og Leirgrófar) og rettsyni í vördu þá er stendur vestann til vid Tídagötu þeirra Bálkastada manna, þadann sjónhending í stóra steina, er standa í hálsbrún, þadann austur á háls, til móts vid adra menn. En nordann verdu rædur á hálsinum, retttekinn sjónhending úr Griótárosi til austurs,

[520] Skjal nr. 2(98) a-b.

mótsvid adra menn. Rædur svo Griótá ofanneptier, allt þar til er hún hefur ad fornu fallid í sjóinn, ádur enn Hrútafjardará braut sig hingad yfir. Ad vestannverdu rædur Hrútafjardar-ár farvegur hinn forni, hvorsvegna hér med lögfestist, Landid vestann til vid Hrútafjardará (kallad Stadarhólmar) þó ecki leingra til sudurs enn fyrrgreind sjónhending á milli ádurtédra Arnarstapa tveggja rædur. Eirninn lögfesti eg fjardar Leyrurnar til vesturs í sjónhending þá, sem er úr þeim forna Hrútafjardar ar farveg midjum utí Laugastapa. Sidann Leyrurnar til austurs, ad því leyti, sem áhrærir jöfn helmingaskipti, og not alls þess, er á þær reka kann, bædi hvals og vidar, á móts vid Brandagils menn, sem hefur þá ástædu, ad Leyru skipti milli Stadar og Brandagils hafa aldrei giörd verid.

Her ad auki, logfesti eg Landspart edur Selland Stadarkyrkju, liggjandi hér framm á fjalli, frammann til vid Jtak Jardarinnar Bálkastada, nefnt Selland er takmarkad af þessum Ummerkjum: ad nordannverdu rædur Brennikvísl, ad sunnann verdu svokalladur Gardur, ad austann verdu í mitt Sliettafell, sudur frá Erringafönnum, til móts vid Stadarbakka kyrkju. Enn ad vestann verdu rædur Sýká, og þadann er hana þrýtur (edur hún beigist til austurs) þá rétt sjónhending sudur á aminnstann Gard. Loksins lögfesti eg Stadarkyrkju Reka Jtök, sem eru þessi: [...]

Fyrirbíd eg hvörjum manni, fyrrgreint land kyrkjunnar á Stad, lód, edur Reka ad brúka eda med nockrum hætti sér ad ínytja hér eptir, nema mitt sé lof edur leyfi til. Enn sé sá nockur sem hédann af dyrfist, án Dóms eda laga, fyrrnefndt kyrkjunnar land, Reka edur adrar gagnsemdir, hvörjar sem helst vera kunna, til lands edur vatns, ad sér taka, edur áseilast ad meira leiti eda minna, þá legg eg þeim rán vid, og konunglegrar hátignar, samt kyrkjunnar Rétt, med slíkum Sektum, er frekast má ad lögum giöra. Vitna eg þessa lögfestu til vidkomande herra Sýslumanns, hvörn eg þénustusamlega bid á nærsthaldande manntals þingi á Melstad hana ad upplesa fyrir Rétti, og nálægra þingmanna. Til stadfestu er mitt undirskrifad nafn. Ad Stad vid Hrútafiörd, þann 13da Maii 1844.

G.Gunnlaugsson

Lesid fyrir Manntalsþíngsrétti ad Melstad þann 17da Maii 1844. Blondahl.[521]

Í Jarðatali Johnsens frá árin 1847 segir eftirfarandi um selland Staðar í Hrútafirði:

> Staður við Hrútafjörð, [...] Selland staðarins á fjalli fram hefir um lángan tíma eigi orðið notað til annars enn fjallagrasa tekju, hrossa- og geldfjárbeitar á sumrum.[522]

Í sóknarlýsingu Staðarsóknar, frá árinu 1848, skrifar séra Þórarinn Kristjánsson, meðal annars eftirfarandi í kafla um afréttir sóknarinnar:

[521] Skjal nr. 2(100) a-b.
[522] Skjal nr. 4(47).

32. Afréttir sóknarinnar eru:

1. Óspaksstaðadalur liggur undir Óspaksstaði. Það er dalurinn austan til við Hrútafjarðará, og fylgja þar með heiðar þær, er liggja þar austur af, fram af Hrútafjarðarbyggðinni. Þangað reka Staðhreppingar allir, og borgar hver eitt haustlamb í afréttartoll. Óspakstaðarétt er haldin þriðjudaginn í 22. viku sumars, og sækja þangað fjárleitarmenn bæði úr Mýra-, Dala- og Strandasýslum samt Miðfirðingar.[523]

Um selstöðu prestsetursins að Stað í Hrútafirði segir svo í jarðamatinu 1849:

Jörðin á selland í Fossdal, fram á fjalli, er það mjög lítils vert, og verða því nær engin not af því höfð.[524]

Þann 5. maí árið 1866, var gerður samningur um fjallland Óspaksstaða í Hrútafirði. Samningurinn var gerður til 5 ára, og lengur ef hlutaðeigendur myndu gera sig ánægða með hann. Samningurinn hljóðar svo:

Arið 1866 þann 5ta Mai var af öllum búendum í Staðar hrepp, ásamt eigendum og umráðamönnum Ospaksstaða og Hrútatungu inngenginn svolátandi samníngur.

1. Að allir búendur fyrir utann Stað, (að frá skyldum eigara Bálkastaða fjall-lands) brúki til upprekstur það fjallland sem Ospaksstöðum tilheyrir, og greiði árlega tregðulaust vanalega fjallatolla.

2. Hrútatungu ábúandi skal vera fjallatolls frí, og fá þóknum að auki hjá húsfólki því sem fjárríkast er, svo sem svari einum góðum meðal fjalla tolli.

3. Foss ábúendur ásamt eigendur Bálkastaða fjall-land, sjeu fjallatolls fríir.

4. að ábúendur á Stað sjeu fjallatolls fríir, og líka við hreinsun Staðar fjalllands, sem grenja leytir snertir.

5. Þessi samníngur standi 5 ár og lengur, ef hlutaðeigendur verða ánægðir með hann.

6. Allir búendur í sveitinni, byggi það fysta að hentugleikar leyfa, nýa fjárrjett, fyrir utann Hrútatungu á Bálkastaða loð, sem brúkist til rjettarhalds fyrir allt það sauðfje, er af þeim fjalllöndum og heimahögum kemur, sem tilheyrir Staðarhrepp; og skal rjettarfærslann ekki í hið minsta skerða rjettindi þau, sem jörðunni Ospakstöðum ber með rjettu.

7. Allir þeir sem fjallatolla þyggja, og fríir eru við að gjalda þá, skulu að tiltölu hver við annann viðhalda þeim svokallaða almenníngi rjettarinn á eiginn kostnað, enn allir sveitarmenn yfir höfuð, bæði innann og utann sveitar dylkum þar fyrir utann.

[523] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 18.
[524] Skjal nr. 2(61).

8. Ábúendur á Bálkastöðum og Hrútatungu leggi til efni í rjettina, henni til uppbyggíngar og viðurhalds, og sjeu þar fyrir, hvör um sig fjallskila fríir annað hvert ár, allt svo lengi að rjettinn stendur á áður greindri lóð.

Þessum samníngi til staðfestu, eru hlutaðeigenda undirskrifuð nöfn.

Á fundi á Fossi 5ta Mai 1866. Jon Jonsson

Gunnlögur Biörnsson Bjorn Gunnlögsson

Framann skrifuðum samníngi er og samþykktur sem eigari að hálfum Ospaksstöðum

M. Magnússon

D. Jónsson J. Tómasson J. Jónsson Jon Þorsteinss.

Þórsteirn Jónsson Jón Arnason

J. Daníelsson J. Guðmundsson Guðmundur Björnsson

Danjel Guðmundsson J. Halldorsson

Magnús Jsleifsson Einar Skúlason

Þórður Árnason.[525]

Í Landamerkjabók Húnavatnssýslu er að finna skrá yfir ítök Staðarkirkju, dags. 23. apríl 1891 og þinglesin 9. júní 1892. Meðal ítaka sem tilgreind eru, er landstykki eitt á vestanverðu Sléttafelli:

Skrá yfir „Ítök Staðarkirkju“ í Hrútafirði.

1. Landstykki

á vestanverðu Sljettafelli. Merkin eru þessi: Að norðanverðu ræður Brennikvísl, þar til bugur verður á henni fyrir ofan Brennikvíslarhól; úr bugnum sjónhending í vesturenda Erringafanna. Að vestanverðu ræður úr sýká svo langt fram sem farvegur hennar liggur í suður, þaðan sjónhending í svo nefndan Garð. Að sunnan ræður Garður austur á móts við skiptabrekku; að austanverðu sjónhending úr Garðinum og Skiptabrekku yfir vestanvert Sljettafell norður í Erringafannir.

Samþykkir eigandi hálfra Óspaksstaða:

Sveinn Jónsson

2. Rekar

[...]

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum 9. júní 1892 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N° 294, fol. 158-159.[526]

[525] Skjal nr. 2(101) a-b.
[526] Skjal nr. 2(176).

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Staðarhrepps:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

XIII. Staðarhreppur.

Búendur Staðarhrepps skulu, sem að undanförnu, eiga upprekstur á heiðaland það sem liggur millum Húksheiðar og Hrútafjarðarár.

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson[527]

Hinn 14. maí 1910 fór fram virðingargjörð á kirkjujörðinni Stað í Hrútafirði. Þar segir um land jarðarinnar og hlunnindi:

> Land jarðarinnar liggur að mestu til austurs á Hrútafjarðarháls, er þar vetrarbeit góð, framan af vetri, en liggur venjulega undir gaddi meirihluta vetrar. Neðra er ríringsbeit, en opt snjóljett eptir því sem hjer gerist. Hlunnindi á jörðinni er lítilfjörleg silungsveiði, sem ekki svarar kostnaði.[528]

Hinn 8. maí 1913 keypti Eiríkur Gíslason prófastur ábýlisjörð sína, Stað í Hrútafirði fyrir kr. 3.000 af kirkjujarðasjóði. Í afsalinu, sem þinglýst var að Þóroddsstöðum 2. júní sama ár, er tekið fram að jörðin sé seld „með Staðarspotta.“ Hún var þá metin á 29,9 hndr. n.m. með Staðarspotta og fjórum kúgildum.[529]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um afréttarland Staðar í Hrútafirði:

> Afrjettarland á jörðin, svonefndan Staðarspotta, er það leigt hreppnum f. 10 kr. á ári. Jörðin á rjett til upprekstrs á afrjett sveitarinnar. Landamerki eru þinglesin, bæði firir heimajörðina og fjalllandið.[530]

[527] Skjal nr. 2(187) a-b.
[528] Skjal nr. 2(194).
[529] Skjöl nr. 4(156) og 5(18).
[530] Skjal nr. 2(62).

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[531]

Svar hreppstjóra Staðarhrepps, dagsett 21. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu, hljóðar svo:

> Staðarhreppi, Þóroddstöðum 21. febr. 1920.
>
> Með brjefi dags. 30. f. m. óskið þjer, herra sýslumaður, skýrslu um svæði sem talin sjeu almenningar, og um afrjettarlönd sem ekki sannanlega hafi tilheyrt eða nú tilheyri nokkru lögbýli.
>
> Hjer í Staðarhreppi eru engin svæði sem talist geti almenningar, og heiðarlönd eru þau, er hreppurinn hefur keypt undan jörðinni Óspaksstöðum nú fyrir tæpum 20 árum, enfremur land sem leigt er hreppnum, en tilheyrir Stað.
>
> Virðingarfyllst
>
> Þorv. Ólafsson.[532]

Árið 1950 gerir Páll Kolka grein fyrir takmörkum vesturheiðanna í Húnavatnssýslu í riti sínu *Föðurtún*. Þar segir svo um Staðarafrétt, í framhaldi af umfjöllun um Húksheiði:

> Þá er Staðarafrétt milli Vesturár og Hrútafjarðarár, sem kemur úr Krókavatni fyrir suðurenda Sléttafells. Vatnaskil ráða nokkurn veginn merkjum milli afrétta Miðfirðinga og Borgfirðinga, en mörkin eru úr Svartarhæð sunnan við Arnarvatn, um Gunnarssonavatn, Blöndukíl, Krókavatn og Hrútafjarðará.[533]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtún* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[534]

Um skiptingu heiðarlanda í Húnavatnssýslu, frá landnámi fram undir aldamótin 1900, segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962:

---

[531] Skjal nr. 4(3).
[532] Skjal nr. 4(49).
[533] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 433-434.
[534] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.

> Frá því á landnámsöld og fram undir síðustu aldamót [1900] skiptust heiðarlöndin milli fárra bæja, sem voru næstir þeim. Norðurheiðarnar bera nöfn þeirra bæja, sem áttu þær. Austan við afrétt Hrútfirðinga er Húksheiði, hún ber nafn af Húki í Vesturárdal; þá kemur Núpsheiði, hún ber nafn af Efranúpi í Núpsdal; þá kemur Aðalbólsheiði, sem er kennd við Aðalból í Austurárdal; þá Víðidalstunguheiði, kennd við Víðidalstungu í Víðidal, og síðast Haukagilsheiði og Grímstunguheiði, kenndar við Haukagil og Grímstungu í Vatnsdal. Arnarvatnsheiði alla átti Kalmanstungubóndinn allt til 1884.[535]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1958, er afréttum Staðhreppinga lýst svo:

> *Afréttir Staðhreppinga* eru á Óspaksstaðadal að Skútagili og Fossárdal (upp með Síká) suður að Flóavatni og austur á Sléttafell. Leggja leitarmenn upp laugardaginn í 22. viku sumars og leita þá flóa- og vatnasvæðið vestan Tvídægru, er þeir nefna *Lón*. Eru þau suður af Sléttafelli á leitarmörkum Hrút- og Miðfirðinga.[536]

Hinn 3. apríl 1982 gáfu, þeir Eiríkur Gíslason og Magnús Gíslason, erfingar Gísla og Jóhönnu Eiríksbarna út svolátandi yfirlýsingu vegna Staðarspotta:

> Við undirritaðir erfingjar Gísla og Jóhönnu Eiríksbarna, Stað, lýsum því yfir að við vitum að þau seldu Staðarhreppi eign Staðar í afrétt Staðarhrepps, svokallaðan Staðarspotta og greitt var fyrir eignina umsamið verð. Þetta var árið 1957.
>
> Staðarhreppur er því réttur eigandi þessa afréttarlands, Staðarspotta.
>
> Stað, 3. apríl 1982.
>
> Eiríkur Gíslason, Magnús Gíslason[537]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[538] Oddviti Staðarhrepps, Þórarinn Þorvaldsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 8. apríl sama ár. Í svari Þórarins kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt á Staðhreppingaafrétt sem er vestast á Tvídægru. Mörk hans eru sögð liggja svo:

> Að austan að mörkum Húksheiðar, sem er eign Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa. Girðing er á merkjum afréttanna. Að sunnan við landamerki Mýrasýslu. Girðing er sem næst sýslumörkum. Að vestan eru mörk á móti afrétti Bæjarhrepps í Strandasýslu og afmarkast þau af Hrútafjarðará. Einnig girðing nærri ánni. Að norðan móti löndum jarðanna Óspaksstaðasels, Hrútatungu og Fosssels. Girðing er þar á landamerkjum.

[535] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 52.
[536] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1958), bls. 36.
[537] Skjal nr. 4(97).
[538] Skjal nr. 4(10).

Tekið er fram að áður hafi land þetta tilheyrt einstökum jörðum í hreppnum en sveitarfélagið hafi keypt það og til séu gögn því til staðfestingar.[539]

Tómas Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu, tók saman þátt um Staðarhreppsafrétt sem birtur var í ritinu *Húnaþing* III, árið 1989.[540] Þar lýsir Tómas Gunnar afréttarsvæðinu m.a. svo:

> VESTASTI afréttur Húnvetninga er afréttur Staðarhrepps. Hann liggur því á mörkum Húnavatns- og Strandasýslu að vestan og Mýrasýslu að sunnan, og er kallaður Staðarhreppsafréttur.
>
> Afrétturinn er frekar jafnlendur, engin há fjöll eru og ekki eru heldur nein stór stöðuvötn. Hann er allvel gróinn og því gott beitiland fyrir sauðfé og hross.
>
> Í daglegu tali er afréttinum skipt í svæði. Austast er Sléttafell, það er bungumyndað fell og er á merkjum Staðarhrepps og Húksheiðar. Sléttafell er 534 m yfir sjó. Nokkru vestar er Síká, tær bergvatnsá sem á upptök sín sunnar á heiðinni. Vestan við Síká tekur Tungan við, en hún er á milli Síkár og Hrútafjarðarár. Þar sem Tungan er hæst kallast Hátunga. Með Hrútafjarðará, vestan í Tungunni kallast Óspaksstaðadalur. Vestan Hrútafjarðarár, Strandasýslumegin, heitir hann Meladalur og mun það vera frekar fátítt, en þó vera víðar til á Norðurlandi, að sami dalur beri tvö nöfn á þennan hátt. Þegar sunnar kemur á heiðina hækkar landið og heitir þar Garður. Á Garðinum verða vatnaskil. Í norður falla lækir í Síká sem þar á upptök sín, en suður renna þeir í Skútakvísl og Skútagil. Fyrir sunnan Garðinn austast kallast Lón. Þar er nokkuð um smátjarnir og Skútakvíslin er þarna víða lygn og breið. Þá koma lækir sunnan að og mynda lón þar sem þeir renna í kvíslina. Landið þarna áfram suður mun heita Lón og tilheyrir Mýrasýslu.
>
> Áður fyrr var þetta land í eigu jarða í Staðarhreppi. Óspaksstaðir áttu Óspaksstaðadal, Garðinn að mestu og Lónin eftir því sem talið er. Hrútatunga átti Tunguna að austan, fram að Tungukvísl þar til krókur er á henni, en þaðan á vestanverðar Hveraborgarhæðir og svo út Hátungu. Staður átti vestanvert Sléttafell.
>
> Staðarhreppur kaupir svo þessi lönd. Óspaksstaðaland var keypt árið 1908, en þá mun hafa komið til tals að Borgfirðingar keyptu landið. Árið 1920 var girt á milli heimalanda og afréttar og þá kaupir hreppurinn af Hrútatungu. Staðarland var ekki keypt fyrr en 1956.[541]

Í sama riti lýsir Tómas Gunnar landamerkjum Staðarhreppsafréttar með svofelldum hætti:

LANDAMERKI

[539] Skjal nr. 4(11).
[540] Tómas Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, „Staðarhreppsafréttur“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 257-269.
[541] Tómas Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, „Staðarhreppsafréttur“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 257-258.

> Að norðan eru merkin þannig: Fyrst upp frá Hrútafjarðará ræður Sandgil upp í Sandgilsflóa, en það er rétt fyrir norðan heiðargirðingu. Úr Sandgilsflóa ræður heiðargirðingin þar sem hún er nú, yfir Tunguna allt til Síkár. Með Síká að Brennikvísl og með Brennikvísl í Brennikvíslarvatn og þaðan með austari Brennikvíslinni áfram austur og síðan ræður hún að austan suður í Sléttafell. Að austan eru merkin þannig eftir að í suður í Fellið kemur: Vestast í Yrringafannir, þaðan suður vestast á há Sléttafell um Kletthól. Og þaðan í Skiptabrekkur og svo vestast í Tangavatn þar sem Skútakvísl rennur úr því. Að sunnan ræður Skútakvísl, sem síðar kallast Skútagil, allt þar til hún rennur í Hrútafjarðará. Að vestan ræður Hrútafjarðará.[542]

5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.6.1.1 Staður í Hrútafirði

Elsta heimild um kirkju að Stað í Hrútafirði er máldagi Auðunar biskups rauða fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1316. Þar segir að kirkjan „eigi heimaland allt," getið um ýmis rekaréttindi hennar og lausafé talið upp. Landamerki milli Staðar og Bálkastaða er tilgreind:

> Sionhending milli arnstapa tueggia. oc Rettsyne j vordu þa er stendur hia tydagotu þeirra Balkastada manna. oc so vpp j stora steyna. er standa j halz brun. oc so austr a hals til [mots] vidr adra menn. Griota rædr firir nordann enn hrwtafiardar á firi vestan.[543]

Ekki er minnst á nein heiðarlönd eða afréttarlönd í eigu kirkjunnar í þessum máldaga.

Í öðrum fornum máldögum Staðar frá árunum 1360, 1394 og 1461 segir einnig að kirkjan á Stað í Hrútafirði „eigi heimaland allt" og getið um rekaréttindi hennar en ekki minnst á landamerki né nein afréttarlönd í hennar eigu.[544]

Staður var beneficium og kirkjustaður. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705, er jarðardýrleiki Staðar sagður óviss. Þar segir:

> Jarðardýrleiki er óviss, því að þetta beneficium hefur, so vel sem öll önnur, ótíundað verið um aldur og æfi, það lengst menn hafa spurn af, eftir feðra og forfeðra tilsögn. Annars segja menn, að jörðin hafi fyrir nokkrum árum taxeruð verið fyrir xl [40] eða l [50] hundruð.[545]

Landamerkjabréf Staðar í Hrútafirði var útbúið 22. maí 1885 og þinglesið 4. júní sama ár:

> Að vestanverðu ræður svonefnt Brúnkusýki, og síðan fram eptir hólmunum forn farvegur, er sker sundur hólmana endilanga, yfir Langhólma liggur

[542] Tómas Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, „Staðarhreppsafréttur". *Húnaþing* III, (1989), bls. 258.
[543] Skjal nr. 2(184).
[544] Skjöl nr. 2(223), 2(224) og 2(225).
[545] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 9.

> farvegur þessi í stefnu austan vert við Fjarðarhornsbæ. Farvegur þessi ræður fram eptir uns komið er í sjónhendingu þá, er liggur milli Arnstapa tveggja, og er lína sú vestast á merkjum Staðar að sunnanverðu. Frá Arnstapa hinum eystri ræður stefnan í vörðu, er stendur ofan til við götuna milli Bálkastaða og Staðar, úr vörðunni sjónhending í stóra steina á holti í hólsbrúninni, og nefndir eru Þrísteinar í þaðan sjónhending yfir Grensvatn og Hleiflá í Helgunybbur, og eptir þeim austur í þá austustu, þaðan sjónhending norður eptir hálsinum í vörðu austur af Hrútshól. Að utanverðu ræður sýki það, er liggur austur Brúnkuhólma en framan Sjáfarhólma austur í Hrútafjarðará, úr Hrútafjarðará ræður hinn elsti farvegur Grjótár upp að gili því, er Grjótár fellur úr ofan á eyrina, og verður sá farvegur merktu með vörðu, síðan ræður Grjótá til Grjótárvatns, síðan sjónhending úr Grjótárós (við vatnið) í Hrútshól.[546]

Páll Ólafsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Brandssyni eiganda Bálkastaða, Stefáni Guðmundssyni eiganda Brandagilslands, Jóni Jónssyni vegna Mela og Hrútatungu og Lárusi Eysteinssyni umboðsmanni Húks.

Hinn 8. maí 1913 keypti Eiríkur Gíslason prófastur ábýlisjörð sína, Stað í Hrútafirði fyrir kr. 3.000 af kirkjujarðasjóði. Í afsalinu, sem þinglýst var að Þóroddsstöðum 2. júní sama ár, er tekið fram að jörðin sé seld „með Staðarspotta.“ Hún var þá metin á 29,9 hndr. n.m. með Staðarspotta og fjórum kúgildum.[547]

Hinn 3. apríl 1982 gáfu, þeir Eiríkur Gíslason og Magnús Gíslason, erfingar Gísla og Jóhönnu Eiríksbarna út svolátandi yfirlýsingu vegna Staðarspotta:

> Við undirritaðir erfingjar Gísla og Jóhönnu Eiríksbarna, Stað, lýsum því yfir að við vitum að þau seldu Staðarhreppi eign Staðar í afrétt Staðarhrepps, svokallaðan Staðarspotta og greitt var fyrir eignina umsamið verð. Þetta var árið 1957.
>
> Staðarhreppur er því réttur eigandi þessa afréttarlands, Staðarspotta.
>
> Stað, 3. apríl 1982.
>
> Eiríkur Gíslason, Magnús Gíslason[548]

5.6.1.2 Hrútatunga

Landamerkjabréf Hrútatungu var útbúið 6. maí [1885] og þinglesið 4. júní sama ár:

1. Að norðan verðu, bein sjónhending milli Arnstapa tveggja milli Hrútafjarðarár- og Sykár.
2. Að austanverðu ræður Syká allt fram á fjall, þar til í hana fellur kvísl sú, er Tungukvísl nefnist.

[546] Skjal nr. 2(1).
[547] Skjöl nr. 4(156) og 5(18).
[548] Skjal nr. 4(97).

3. Að sunnanverðu ræður Tungukvísl þar til kemur vestur þangað, sem krókur er á henni, þá sjónhending úr þeim krók vestur eptir, allt þar til vestanvert á Hveraborgarhæðir.

4. Að vestanverðu, vestanvert af Hveraborgarhæðum sjónhending í hæsta Skjaldbreið, þaðan í Gatnahól, svo eptir Hátungunni norður í Steinaborg, þaðan norðvestur í Landamerkjasteina, þaðan beygjast landamerkin aptur vestur í Landamerkjahól og sömu sjónhending til Hrútafjarðarár og svo ræður hún til hinnar fyrst nefndu merkjalínu.

Jón Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Gunnlaugssyni eiganda og umráðamanni hálfra Óspaksstaða, Sveini Jónssyni á Þóroddsstöðum og Páli Ólafssyni presti á Stað. Ólafur Brandsson skrifaði undir með eftirfarandi fyrirvara.

> Hvað samþykki mitt sem eiganda Bálkastaða snertir, þá – af því að þessari eignarjörð minni hefur verið eignað land vestan þann farveg, sem Syká nú rennur eptir, en óvíst hve mikið -, áskil jeg að njóta hins hálfa rjettar tolls, sem goldinn verður fyrir brúkun Hrútartungurjettar meðan jeg lifi og er á Bálkastöðum, en eigi lengur. Að öðru leyti samþykki jeg landamerki þau, sem að framan eru rituð.[549]

Jón Jónsson samþykkti skilyrði Ólafs.

Í fasteignamatinu 1916, segir eftirfarandi í kafla um Hrútatungu:

> Gamalt selland filgir jörðinni, sem nú er lánað hreppnum til upprekstur firir kr. 5.00 á ári. Jörðin á rjett til upprekstur á afrjett sveitarinnar.[550]

5.6.1.3 Óspaksstaðir

Um afrétt sem fylgir Óspaksstöðum segir í jarðamatinu 1849:

> Jörðunni fylgir litið afrjettarland, til upprekstur fyrir Staðar hrepps innbúa, en jörðin liggur jafnframt undir staklegum ágangi af fjenaði og ferðamönnum.[551]

Þann 5. maí árið 1866, var gerður samningur um fjallland Óspaksstaða í Hrútafirði.

Landamerkjabréf Óspaksstaða var útbúið 5. júní 1890 og þinglesið degi síðar:

> 1) Að norðanverðu, milli Hrútatungu og Óspaksstaða er sjónhending úr svo nefndum Landamerkjamel, sem er rjett við Hrútafjarðará í Landamerkjahól og þaðan í Landamerkjaás, og svo í Landamerkjasteina og þaðan sjónhending í Steinaborg. 2) Að austanverðu, úr Steinaborg, suður Hátungu í Gatnahól, og svo sjónhending úr Gatnahól í há Skjaldbreið, þaðan sjónhending ú Hveraborgarhæðir, það sem þær eru hæstar, þaðan sjónhending í krók á Tungukvísl, þar sem hún kemur úr suðri, og beygist í austur, síðan austur með

[549] Skjal nr. 2(2).
[550] Skjal nr. 2(62).
[551] Skjal nr. 2(61)

> henni að sunnan að kvíslamótum, þar sem Sýká byrjar, síðan beina sjónhending frá þeim kvíslamótum suður í há Garð, síðan beina sjónhending austur Garðinn, norðan til á Skiptabrekkur, þaðan beina sjónhending vestanvert í svo nefnt Tangavatn, þar sem Skútakvísl rennur úr fyr nefndu vatni. 3) Að sunnanverðu ræður Skútakvísl og Skútagil vestur í Hrútafjarðará. 4) Að vestan ræður Hrútafjarðará.[552]

Fyrir neðan landamerkjalýsinguna stendur að eigendur jarðarinnar hafi samþykkt bréfið. Það er staðfest af Sveini Jónssyni á Oddsstöðum, Birni Gunnlaugssyni á Óspaksstöðum, Ásgeiri Jónssyni í umboði Páls Ólafssonar prests á Stað og Þorsteini Jónssyni bónda í Hrútatungu. Hann handsalaði samþykki sitt.

Þann 18. desember 1904 var hreppsnefnd Staðarhrepps selt heiðarland jarðarinnar. Í afsali segir:

> Ingþór Björnsson bóndi á Óspaksstöðum í Staðarhreppi innan Húnavatnssýslu Gjörir kunnugt; að jeg með brjefi þessu sel og afsala hreppsnefnd Staðarhrepps fyrir hönd Staðarhrepps, undan eignarjörð sinni Óspaksstöðum heiðarland nefndrar jarðar, með þeim landamerkjum sem getið er um í kaupsamningi okkar dags. 5. dag nóvembermánaðar, með öllum, gögnum og gæðum sem landi þessu fylgja, [...].[553]

5.6.1.4 Bálkastaðaspotti/Fosssel

Jörðin Fosssel bar áður nafnið Bálkastaðaspotti.

Landamerkjabréf fyrir Bálkastaðaspotta var útbúið 11. október 1890 og þinglesið 10. júní 1891:

> Að utanverðu ræður Fitjalækur upp frá Sýká, þar til bugur verður á honum, þaðan ræður Hyrnuás, gengt Þrísteinavatnshrygg, þaðan sjónhending suður í Erringafannabrún, þaðan ræður sjónhending úr vesturenda Erringafanna í bug á Brennikvísl, skammt fyrir ofan Brennikvíslarhól, ræður síðan Brennikvísl til Sýkár, og Sýká til Fitjalækjar.[554]

Ólafur Brandsson eigandi Bálkastaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Páli Ólafssyni fyrir Staðarkirkjuland, Eyjólfi Kolbeins fyrir Staðarbakkakirkju og Jóni Jónssyni eiganda Foss.

Þann 29. júní 1923 seldi og afsalaði Jón Jóhannesson bóndi á Bálkastöðum eignarjörð sinni Fossseli í Staðarheppi til Daníels Böðvarssonar bónda. Afsalinu var þinglýst á manntalsþingi að Þóroddsstöðum sama dag.[555]

Landamerkjabréf fyrir Fossseli var þinglýst að Þóroddsstöðum þann 29. júní 1923 og hljóðar svo:

> Landamerkjaskrá fyrir Foss-sel í Hrútafirði.

[552] Skjal nr. 2(101) a-b.
[553] Skjal nr. 4(96).
[554] Skjal nr. 2(5).
[555] Skjal nr. 4(151).

Að norðan eru merki þessi milli Foss-sels og Foss úr Fitjalæk þar sem hann fellur í Síká sjónhending í vesturenda Hyrnuáss, þaðan eftir honum í Hyrnuásvörðu, úr þeirri vörðu sjónhending í Brennikvísl austari þar sem hú kemur í poll fyrir sunnan Kvíslarkrókinn í kvísl þeirri sem kemur úr Sljettafelli vestan við Yringafannir. Að sunnan ræður Brekkukvísl úr polli þeim sem áður er nefndur, fyrir sunnan Kvíslarkrókinn til Síká, að vestan verðu ræður Síká frá Brennukvísl til Fitjalækjar.

Ofanrituð landamerki samþykkja:

Fyrir Staðarland

f.h. eiganda Skúli Eiríksson

Fyrir Fossland Jón Marteinsson Guðmundur Þorsteinsson

Fyrir Húksland

Stefán Jónasson eigandi.

Fyrir Hrútatungulands. Tómas Þorsteinsson eigandi.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Þóroddsstöðum 29. júní 1923 og innf. í landamerkjabók Húnavatnssýslunnar Nr.311, fol. 168b-169.

Vottar

B. Brynjólfsson.

Þingl.-og stimpilgjald

4-fjórar-krónur

Greitt BB.[556]

[556] Skjal nr. 2(7).

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[557] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. *Almennu niðurstöðurnar* hafa enn á ný verið uppfærðar, nú með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Formála hinna *Almennu niðurstaðna* hefur að sama skapi verið breytt með tilliti til þeirra uppfærslna sem gerðar hafa verið.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals 60 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri

[557] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýsingaritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi níu dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

Í næstu þremur köflum er gerð nánari grein fyrir tilteknum atriðum í umræddum dómum og því hvort þeir gefi tilefni til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar. Nánar tiltekið verður í fyrsta lagi fjallað um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil þeirra við aðrar heimildir, í öðru lagi um áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi ágreiningssvæða og í þriðja lagi um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.

6.1.2.2 Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrra atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og

sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði

almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

6.1.2.3 Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

> óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum […], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin

Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu […] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Á svæði 8 norður sem hér

er til umfjöllunar reynir á slíkt mat í úrlausn um ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar, Grímstunguheiðar, Staðarhreppsafréttar og Húksheiðar. Aðrir fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.[558]

6.1.2.4 Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna

Í tveimur af þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá því óbyggðanefnd kvað upp úrskurði á svæði 7B reyndi á hvaða þýðingu eldri dómsúrlausnir hefðu við úrlausn um eignarréttarlega stöðu viðkomandi ágreiningssvæðis.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

> Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau

[558] Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluaðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áðurnefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega

stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómar Landsyfirréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómar þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem

Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. Á svæði 8A er eitt tilvik þar sem reynir á sambærileg álitaefni og uppi voru í varðandi Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 5/2008, þ.e. ágreiningur um eignarréttarlega stöðu Auðkúluheiðar sem er til úrlausnar í máli nr. 2/2013. Aðrir fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[559] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Víðidalstunguheiði

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefndur Víðidalstunguheiði. Sveitarfélagið Húnaþing vestra gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir er víðfeðm háslétta sem liggur inn af Víðidal á milli Aðalbólsheiðar að vestan og Haukagilsheiðar að austan og er í rúmlega 300-600 m hæð yfir sjávarmáli. Er land flatlent og bungótt með flóum og tjörnum sem og kvíslum sem um það renna. Er meginrennsli kvíslanna frá suðaustri til norðvesturs. Norðan til á svæðinu liggja Stóra-Skálshæð (503 m) og Litla- Skálshæð (461 m) en austan og norðaustan þeirra liggja nokkur smávötn ásamt Hólmavatni, Melrakkavatni og Þrístiklu, talin frá norðri til suðurs. Nokkuð sunnar liggja Litla-Sandfell (631 m) og Suðurmannasandfell (710 m). Er land hallalítið og gróið. Úr Réttarvatnstanga syðst á ágreiningssvæðinu norður að ármótum Víðidalsár og Öxnár eru um 38 km og úr Réttarvatnstanga að bæjarstæði Víðidalstungu eru um 49 km, mælt í beinni loftlínu.

Ágreiningssvæðið vegna Víðidalstunguheiðar er í meginatriðum tvískipt, þ.e. annars vegar Vesturheiði og hins vegar Austurheiði, en eins og nánar verður rakið hér á eftir er niðurstaða óbyggðanefndar sú að auk þess sé um að ræða þriðja svæðið sem liggur sunnan bæði Vesturheiðar og Austurheiðar.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afrétt. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu,

[559] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Vísað er til máldaga Péturs biskups frá Hólum frá árinu 1394. Af honum ætlar ríkið að umrætt svæði hafi frá fornu fari verið almenningur utan heimalanda og að tilvitnaðar ritaðar heimildir styðji það. Í því sambandi bendi *Sýslu- og sóknarlýsingar* til þess að svæðið hafi aldrei verið neitt annað en afréttarland. Þá sé í ritunum *Göngur og réttir* og *Húnaþing III* sem og í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* aðeins talað um Viðidalstunguheiði sem afrétt. Frumvarp til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu bendi til sömu niðurstöðu.

Jafnframt bendir íslenska ríkið á það að þótt sumar heimildir greini, að svæðið hafi, eftir atvikum, verið talið heyra undir einstakar jarðir, svo sem Víðidalstungu, verði ekki á það fallist að í slíkri tilheyrslu hafi falist annað og meira en tilheyrsla takmarkaðra eignarréttinda (afréttareign). Skýr landfræðileg afmörkun heiðarinnar frá öðrum svæðum og staðhættir á heiðinni, bendi ekki til annars en að hún hafi aðeins verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota. Í þessu sambandi er vísað til tveggja dóma Hæstaréttar frá árinu 1997, annars vegar á bls. 1162 (Auðkúluheiði) og hins vegar á bls. 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Af hálfu Húnaþings vestra, gagnaðila íslenska ríkisins, er þess aðallega krafist að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan þinglýstra merkja Víðidalstungu og að þjóðlendukröfu ríkisins inn á land jarðarinnar verði hafnað. Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans á þrætusvæðinu fari svo að einhver hluti þeirra verði talinn til þjóðlendu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afréttarnot, að fornu og nýju, sem og þau sem möguleg séu eða verði.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins, kröfum sínum til stuðnings, til máldaga Péturs biskups á Hólum frá árinu 1394, sóknarlýsinga Staðarbakka- og Efranúpssóknar frá árinu 1840, landamerkjabréfs fyrir Víðidalstungu, ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði sem þinglesið var 31. maí 1890, landamerkjabréfs Gafls í Víðidal sem lesið var á manntalsþingi þann 31. maí 1890, afsalsbréfs fyrir Víðidalstunguheiði sem lesið var á manntalsþingi þann 19. maí 1903, samnings um landamerki á milli Neðrifitja og Stórahvarfs, dags. 14 .júní 1916, landamerkjabréfs fyrir Krók, dags. 1. febrúar 1919, svars hreppstjóra Þorkelshólshrepps frá árinu 1920 vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu, samnings um landamerki milli Litlu- og Stóru Hlíðar

dags. 13 .júní 1962, samnings um afnot af vesturhluta Stóruhlíðarlands dags. 13. júní 1962, og ritsins *Húnaþings III*.

Byggt er á því að landið sé innan marka upphafslegs landnáms í Húnaþingi og að staðhættir og gróðurfar á heiðunum styðji við þá niðurstöðu að þær verði taldar undirorpnar beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því séu ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Þar að auki séu þau að hluta umlukin öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Heimildir um búsetu langt suður á heiðar styðji einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðanna í öndverðu. Telur gagnaðili ríkisins engin rök hníga að þeirri niðurstöðu að þessi svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins bendir á að landamerkjabréf fyrir umdeilt landsvæði hafi verið árituð um samþykki aðliggjandi jarða, bréfin þinglesin og skráð í merkjabók. Gagnaðili ríkisins kveðst leiða rétt sinn frá fyrrum eigendum þeirra jarðeigna en heiðarnar hafi flestar verið keyptar um þar síðustu aldamót. Því til sönnunar liggi m.a. fyrir afsöl sem voru undirrituð, þinglesin og færð í afsals- og veðmálabók. Þá telur hann ýmis gögn liggja fyrir til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfum, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðunum. Einnig megi nefna samninga um leigu á hluta landsvæðisins, umsagnir staðkunnugra manna um landsvæðin, ásamt öðrum lýsingum í eldri heimildum. Sérstaklega er vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, svo sem máldaga, vísitasíugerða, lögfestna og fleiri jarðaskjala, er styðji við beinan eignarrétt að ofangreindum landsvæðum frá öndverðu.

Þá er á því byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Hafi sá er heldur öðru fram sönnunarbyrðina fyrir því. Vísar gagnaðili ríkisins í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 (Úthlíð) og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt). Engu breyti í því sambandi þó hluti jarðarinnar hafi seinna verið seldur frá henni sem sérstakt afréttarland. Vísar gagnaðili ríkisins í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 1971, bls. 1137 (Gullberastaðartungur). Þá er einnig á því byggt að um sé að ræða land ákveðinna höfuðbóla frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það.

Ennfremur er vísað til þess að þó svo að heimalönd jarða kunni að vera mjög víðfeðm, hafi þau engu að síður verið eignarlönd., samanber m.a. dóma Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, (Úthlíð og efstu lönd í Biskustungum), máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og í máli nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Byggt er á því að notkun heiðanna hafi í gegnum aldirnar ekki verið með þeim hætti að þær flokkist til svokallaðra almenningsafrétta og að þær hafi ekki staðið almenningi til afnota nema gegn gjaldi. Þá falli þær ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti, hafi heiðarnar verið nýttar af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðin voru numin til eignar. Þá bendir gagnaðili ríkisins á að í dómum Hæstaréttar í máli nr. 448/2006 um Stórhöfða, máli nr. 536/2006 um Hvítmögu og máli nr. 24/2007 um Skógafjall hafi verið dæmt eignarland á svæðum sem höfðu stöðu afréttar í hinni eldri og óljósu merkingu þess hugtaks. Því hafi notkun hugtaksins afréttur í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum ekki úrslitaþýðingu fyrir eignarréttarlega stöðu landsvæðis samkvæmt lögum nr. 58/1998 og því geti „afréttur“ jafnframt verið eignarland. eða þjóðlenda eftir atvikum málsins og þar á meðal líkum á stofnun eða viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða.

Þá telur gagnaðili ríkisins að um sé að ræða afréttarlönd sem hafi verið einkalönd ákveðinna jarða, en hreppsfélögin hafi seinna keypt þau til almennra afréttarnota fyrir byggðarmenn. Í þessu sambandi megi m.a. benda á svar hreppstjóra Þorkelshólshrepps, dagsett 21. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu. Gagnaðili ríkisins telur ennfremur engin rök hníga að því að beinn eignarréttur hafi verið gefinn eftir. Telur hann að rekja megi beinan eignarrétt yfir landsvæðunum allt aftur til landnáms og yfirfærslu þeirra réttinda allt fram til sveitarfélagsins, sem leiði rétt sinn frá eigendum þeirra jarða sem landsvæðin hafi talist óaðskiljanlegur hluti af.

Gagnaðili íslenska ríkisins kveður að þeir hreppar sem sameinuðust í Húnaþing vestra hafi keypt heiðarlöndin af eigendum jarðanna, m.a. af íslenska ríkinu sem með athöfnum sínum hafi staðfest hinn beina eignarrétt að landinu og óvefengjanlega yfirfærslu hans til sveitarfélagsins. Telur gagnaðili ríkisins þetta sanna viðurkenningu íslenska ríkisins. Með sölu landsins, m.a. af hálfu íslenska ríkisins til hinna fornu hreppa, hafi íslenska ríkið ekki einungis þegið endurgjald, heldur einnig staðfest beinan eignarrétt sinn að landsvæðinu sem sé hinni sami beini eignarréttur og hinir fornu hreppar hafi öðlast með kaupsamningum við íslenska ríkið og útgefnum afsölum þar um.

Af þeim sökum kveðst gagnaðili ríkisins hafa á grundvelli þessara opinberu og þinglýstu eignarheimilda haft réttmætar væntingar til síns beina eignarréttar yfir tilgreindum landsvæðum. Í því samhengi byggir gagnaðili ríkisins á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi dómstóllinn lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu séu þær byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning, sem tengdur sé við eignarréttindi

og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Þá njóti þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Af þeim sökum verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðili ríkisins þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hefur verið gert, að umrætt landssvæði eins og það er afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Þá er byggt á því að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Telur gagnaðili ríkisins að allt bendi til þess að umþrætt landssvæði hafi verið numið í öndverðu, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt gagnaðila ríkisins.

Gagnaðili ríkisins bendir á þá meginreglu að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því er byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, samanber dóm Hæstaréttar frá 1961, bls. 629. Gagnaðili ríkisins telur sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jarðeignum sínum og að eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót. Vísar hann einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafa um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Gagnaðili ríkisins mótmælir kröfugerð ríkisins. Hann telur að af Landnámu megi ráða að allt land á umdeildu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. Þá bendir hann á að Landnáma hafi í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti, samanber Hrd. 1960, bls. 726 (Skeljabrekka) og Hrd. 1994, bls. 2228 (Geitland).

Þá hafnar gagnaðili ríkisins þeirri skoðun íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til fjalla á svæðinu sem órökstuddum og ósönnuðum. Hann telur þvert á móti allt bendi til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan, bæði sumur og vetur, til beitar og slægju. Hann hafnar einnig staðhæfingum íslenska ríkisins þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota, sem órökstuddum. Hafi svæðin verið numin og nýtt með þeim hætti að flest hafi þau talist óaðskiljanlegur hluti heimajarða á svæðunum.

Telur gagnaðili ríkisins landsvæðin heiðalönd og því hafi þau verið nytjuð í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Það telur hann einnig í samræmi við niðurstöður Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi) og dóm Hæstaréttar í máli nr. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum), um að landnám hafi

almennt verið samfellt á Íslandi. Gagnaðili ríkisins bendir á að íslenska ríkið viðurkenni Óspaksstaðaland og Hrútatunguland sem eignarland allt til sveitarfélagamarka og því hljóti það sama að gilda um aðliggjandi lönd.

Þá er ítrekað að landsvæðin hafi verið skilin frá heimajörðum sínum og seld hreppsfélögunum gegn endurgjaldi. Beinn eignarréttur sveitarfélagsins Húnaþings vestra að tilgreindum svæðum sé því sannaður. Engu breyti þó lönd þessi hafi lengst af verið nýtt sem afréttur, því afréttir geti bæði verið eignarlönd og þjóðlendur.

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga þess efnis að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ er á við úrlausn máls sem og rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Þá er byggt á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu og 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Víðidalstungu, Víðidalstunguheiði og Stóru-Ásgeirsár er rakin í kafla 5.2 hér að framan. Fyrirliggjandi heimildir benda ótvírætt til þess að Víðidalstunga og Stóra-Ásgeirsá hafi verið sjálfstæðar jarðir. Eins og áður er nefnt skiptis ágreiningssvæðið sem fjallað er um í þessum kafla í Vesturheiði og Austurheiði, auk þess sem könnun á heimildum leiðir í ljós að um sé að ræða þriðja svæðið sem liggur sunnan bæði Vesturheiðar og Austurheiðar, eins og nánar verður rakið hér á eftir í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins. Vesturheiði liggur vestan Víðidalsár og hefur tilheyrt Víðidalstungu allt frá þeim tíma sem elstu heimildir taka til. Austurheiði sem liggur austan árinnar og heyrði undir Ásgeirsárkirkju samkvæmt elstu heimildum og síðar Stóru-Ásgeirsá allt þar til á 19. öld að sumar heimildir greina um tilkall eigenda Víðidalstungu til Austurheiðarinnar. Eigendur Stóru-Ásgeirsár og Víðidalstungu gerðu svo samning árið 1875 sem fól í sér að Austurheiðin skyldi tilheyra Víðidalstungu. Þegar rætt er um Víðidalstunguheiði í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er jafnan átt við ágreiningssvæðið í heild, þ.e. Vesturheiði, Austurheiði og svæðið þar sunnan við. Eigandi Víðidalstungu seldi Víðidalstunguheiði til Þorkelshólshrepps árið 1902, en í afsalinu er svæðið nefnt „afréttarland að Víðidalstunguheiði“. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu, þ.e. Húnaþing vestra, leiðir rétt sinn til heiðarinnar frá Þorkelshólshreppi sem sameinaðist sex öðrum sveitarfélögum árið 1998 undir merkjum Húnaþings vestra.

Elsta heimildin sem tekur til Austurheiðarinnar er máldagi Auðunar rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318, en þar kemur fram að Ásgeirsárkirkja eigi afrétt á Arnarvatnsheiði. Hið sama kemur fram í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árunum 1360−1389 auk þess sem þar kemur fram að svæðið liggi milli Víðidalsár og Öxnár en Hraungarður sé

austan við það. Elsta heimildin sem ótvírætt er að tekur til Vesturheiðarinnar er máldagi Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungu frá árinu 1394. Þar er að finna ítarlega lýsingu á merkjum Víðidalstungu og kemur m.a. fram að Fitjá ráði merkjum að vestanverðu og Víðidalsá að austanverðu.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Víðidalstunguheiðar er lýst í landamerkjabréfi fyrir Víðidalstungu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð og Víðidalstunguheiði, dags. 23. mars 1890 og þingl. 31. maí sama ár (hér eftir er gjarnan vísað til þess sem landamerkjabréfs Víðidalstungu), og þeim eldri heimildum sem liggja fyrir í málinu og fjalla um merki heiðarinnar. Þær eldri heimildir sem liggja fyrir og geta skipt máli við athugun á merkjum landsvæðisins eru máldagi Péturs biskups Nikulássonar frá árinu 1394 og síðar; máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árunum 1360−1369; máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Víðidalstungu frá árinu 1461; máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590; vísitasíubók Halldórs biskups Brynjólfssonar vegna Víðidalstungu, dags. 17. júlí 1749; lögfesta Árna Þórarinssonar á Lambastöðum fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 8. apríl 1777; útdrættir úr máldögum Víðidalstungukirkju og Ásgeirsárkirkju, dags. 26. júní 1777, sem lesnir voru upp á manntalsþingi 29. maí 1797, jarðaskjal, dags. 7. júlí 1777, sem varðar margvísleg réttindi Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði; lögfesta Jóns Ólafssonar fyrir Víðidalstungu, dags. 17. júní 1777; lögfesta Árna Þórarinssonar á Lambastöðum fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 23. mars 1779; vísitasía að Víðidalstungu, dags. 17. júlí 1790; kvörtun eiganda Stóru-Ásgeirsár árið 1810 undan leyfislausum lamba- og geldfjárrekstri á Arnarvatnsheiði; bann ábúandans á Stóru-Ásgeirsá við upprekstri á umrætt svæði, sem lesið var upp á manntalsþingi 29. apríl 1814; lögfesta eiganda Stóru-Ásgeirsár, dags. 22. maí 1818, sem lesin var upp á manntalsþingi á Breiðabólstað 10. júní 1818; vísitasía að Víðidalstungu, dags. 31. ágúst 1833; lögfesta Jóns Friðrikssonar Thorarensen fyrir Víðidalstungu, dags. 13. maí 1841, og jarðamatið frá 1849.

Í landamerkjabréfinu Víðidalstungu frá 1890 er öllu svæðinu sem það tekur til lýst sameiginlega og án aðgreiningar, þ.e. Víðidalstungu, umræddum hjáleigum og Víðidalstunguheiði. Þá tekur merkjalýsingin bæði til Vesturheiðarinnar og Austurheiðarinnar, enda var það útbúið eftir að eigendur Víðidalstunguheiðar og Stóru-Ásgeirsár höfðu samið um það árið 1875 að Austurheiðin skyldi tilheyra Víðidalstungu. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Austan og sunnan ágreiningssvæðis vegna Víðidalstungu er ágreiningssvæði vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna, sem fjallað er um í máli nr. 2/2013 hjá óbyggðanefnd. Suðvestan við suðvestur hornmark ágreiningssvæðisins eru landsvæði í Borgarfjarðarsýslu sem fjallað er um í máli nr. 4/2014 hjá óbyggðanefnd. Vestan ágreiningssvæðisins er að sunnanverðu ágreiningssvæði vegna Aðalbólsheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.4 í máli þessu, og að norðanverðum vesturmerkjunum liggur óumdeilt eignarland tilheyrandi Aðalbólsheiði. Að

norðurmörkum ágreiningssvæðisins liggja óumdeild eignarlönd tilheyrandi jörðunum Stórahvarfi, Stóruhlíð og Öxnatungu, en Stórahlíð og Öxnatunga voru áður hjáleigur Víðidalstungu samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Víðidalstunguheiðar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Víðidalstunguheiðar til norðurs. Sem fyrr segir er í landamerkjabréfi Víðidalstungu lýst sameiginlega merkjum Víðidalstungu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð, og Stóruhlíð og Víðidalstunguheiðar, án aðgreiningar þar á milli. Norðurhluti þess svæðis sem afmarkað er í landamerkjabréfinu liggur utan við ágreiningssvæði máls þessa en jörðin Stórahlíð er á meðal þeirra landsvæða sem liggja að norðanverðu ágreiningssvæðinu. Í landamerkjabréfinu er því ekki að finna lýsingu á norðurmerkjum Víðidalstunguheiðar að því leyti sem hún liggur að Stóruhlíð. Að norðurmerkjum ágreiningssvæðisins liggja þó einnig landsvæði sem ekki eru innan hinnar sameiginlegu merkjalýsingar landamerkjabréfsins, þ.e. að austanverðu landsvæði tilheyrandi jörðinni Öxnatungu og að vestanverðu landsvæði tilheyrandi jörðinni Stórahvarfi.

Í landamerkjabréfi Víðidalstungu er austanverðum norðurmerkjum Víðidalstunguheiðar lýst úr norðurenda Hraungarða „bein leið í Bergárvatn, úr Bergárvatni í Yxnártjörn, svo ræður Yxná ofan í Víðidalsá“. Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1389, segir að Ásgeirsárkirkja eigi afrétt á Arnarvatnsheiði, með þessum ummerkjum: austur frá Hraungrund, svo sem vötn falla vestur af í milli Víðidalsár og Öxnár fyrir norðan en Hraungarður fyrir austan. Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, segir að Ásgeirsárkirkja eigi afrétt af Arnarvatnsheiði, með þessum ummerkjum; austur á Hraungarð, svo sem vötn falla vestur af í milli Víðidalsár og Öxnár fyrir norðan. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 kemur m.a. fram að kirkjan á Ásgeirsá eigi afrétt á Arnarvatnsheiði og er merkjum að því leyti sem hér skiptir máli lýst svo: „austur a hraungard / So sem vótn falla vestur af / J millum vydedalz aar og Óxnar fyrer Nordan“. Í lögfestu fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 8. apríl 1777, er merkjunum lýst: „millum Wididalsár, og Öxnár fyrir Nordan“. Í útdráttum úr máldögum Víðidalstungukirkju og Ásgeirsárkirkju, dags. 26. júní 1777, sem lesnir voru upp á manntalsþingi 29. maí 1797, er merkjunum lýst „millum Vídedalsár og Öxnar f(yrer) nordan“. Í jarðaskjali, dags. 7. júlí 1777, sem varðar margvísleg réttindi Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði, er merkjum lýst: „í millum Vídedalsár og Öxnár fyrer nordann“. lögfestu Árna Þórarinssonar fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 23. mars 1779, er merkjunum lýst: „i millum Widedalsár og Öxnár f(yrir) nordann“; Í kvörtun eiganda Stóru-Ásgeirsár árið 1810 undan leyfislausum lamba- og geldfjárrekstri á Arnarvatnsheiði er

Öxná einnig tilgreind sem norðurmörk þess landsvæðis á Arnarvatnsheiði sem tilheyri Stóru-Ásgeirsá.

Norðan við austanverða Víðidalstunguheiði er sem fyrr segir land Öxnatungu. Í landamerkjabréfi Öxnatungu, dags. 20. mars 1890 og þingl. 31. maí 1890, er merkjum lýst svo: „Að norðan og austan ræður Bergá fram til Bergárvatns, þaðan bein sjónhending í Yxnártjörn, svo ræður Yxná til Víðidalsár“.

Aðilar máls þessa miða austanverð norðurmerki Víðidalstunguheiðar við línu sem dregin er frá Bergárvatni í Öxnártjörn og þaðan er Öxná fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá. Sú afmörkun er í samræmi við bæði landamerkjabréf Víðidalstunguheiðar og landamerkjabréf Öxnatungu. Merkjalýsingar eldri heimilda eru ónákvæmari að þessu leyti þar sem því er ekki lýst þar með hvaða hætti línan er dregin frá Hraungörðum í Öxná. Að mati óbyggðanefndar mæla hinar eldri heimildir þó ekki í mót landamerkjabréfunum að þessu leyti. Heimildir benda því til þess að austanverð norðurmörk Víðidalstunguheiðar (Austurheiðarinnar) hafi að því leytinu til verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerðum aðila.

Frá þeim stað þar sem Öxná fellur í Víðidalsá miða málsaðilar afmörkun ágreiningssvæðisins við Víðidalsá til suðurs að ós Ytri-Kjálkalæks. Frá ósnum er læknum fylgt að upptökum og línan svo dregin í vestur að hæsta punkti Sauðholts. Vestan við línuna sem liggur um Víðidalsá og Ytri-Kjálkalæk og norðan við línuna sem dregin er frá upptökum Ytri-Kjálkalæks í hæsta punkt Sauðholts er óumdeilt eignarland tilheyrandi jörðinni Stóruhlíð. Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Stóruhlíð en sem fyrr segir var Stórahlíð hjáleiga frá Víðidalstungu og er merkjum hennar lýst sameiginlega með Víðidalstungu, Víðdalstunguheiði, Bakkakoti og Litluhlíð í landamerkjabréfi Víðidalstungu frá 1890, án aðgreiningar þar á milli. Landamerkjabréfið hefur því ekki að geyma upplýsingar um afmörkun Stóruhlíðar gagnvart Víðidalstunguheiði. Merkjum þessara landsvæða er einnig lýst sameiginlega og án aðgreiningar í þeim eldri heimildum sem liggja fyrir í málinu. Einu heimildirnar sem liggja fyrir í málinu um mörkin milli Víðidalstunguheiðar og Stóruhlíðar eru tvær örnefnaskrár Sigvalda Jóhannessonar fyrir Víðidalstunguheiði. Örnefnaskrárnar eru ódagsettar en munu samkvæmt upplýsingum frá Örnefnastofnun vera ritaðar einhvern tímann á tímabilinu frá 1978 til 1980. Þar kemur fram að Stórahlíð sé „vestan við Víðidalsána“ Þá er getið um Kjálkalæk í örnefnaskránum og kemur fram að þar taki Stóruhlíðarland við. Sauðholts er aftur á móti ekki getið þar í tengslum við afmörkun Stóruhlíðar. Fyrirliggjandi heimildir eru því ekki tæmandi um afmörkun Stóruhlíðar en mæla því ekki í mót að mörk Víðidalstunguheiðar gagnvart Stóruhlíð hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerðum aðila.

Frá hæsta punkti Sauðholts miða málsaðilar afmörkun ágreiningssvæðisins við línu sem dregin er beint þaðan suður í Tjarnarhólakvísl sem síðan er fylgt að Fitjá. Í landamerkjabréfi Víðidalstungu frá 1890 er merkjum að þessu leyti lýst frá Tunguási „rjettsýni í vestanvert Sauðholt, og þaðan í Tjarnhólakvíslarbotn, þá ræður hún ofan í

Fitjá“. Í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungukirkju frá árinu 1394 er merkjunum að þessu leyti lýst „fra Valldarase. og þadann Riettsyni sudur a vestannvert Saudhollt. og þadan j botnennTiarnarhola kvyslar. Sydann Rædur hun ofann j fitiaa.“ Máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Víðidalstungukirkju frá því um 1461 er samhljóða að þessu leyti. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er landamerkjum að þessu leyti lýst „fraa valldar aase / og þadan Riett syne / a vestan vert sandhollt / og þadan J Bot um tiarnar Hölakvyslar / Sydan Rædur hun ofan J Fitiar“. Í vísitasíu Halldórs biskups Brynjólfssonar vegna Víðidalstungu, dags. 19. júlí 1749, er merkjum að þessu leyti lýst: „Heimann fra Valdarase, og þadann Riettsyne sudur, a Vestannverdt Saudholt, og þadann i botnumm Tiarnarhola Kvislar sidann rædur Hun ofann i Fitia ä“. Lögfesta Jóns Ólafssonar fyrir Víðidalstungu, dags. 17. júní 1777, er sama efnis hvað þetta varðar, sem og vísitasía að Víðidalstungu, dags. 17. júlí 1790 og vísitasía að Víðidalstungu, dags. 31. ágúst 1833. Í lögfestu Jóns Friðrikssonar Thorarensen fyrir Víðidalstungu, dags. 13. maí 1841, er merkjunum lýst „heimann frá Valdarási, þadann réttsýni i svo kalladann Kambármidkrók, þadann vestann til vid Saudholt og þadann í botninn Tjarnarhóla qvislar næstu, sídann rædur hún ofaní Fitjaá“. Heimildirnar lýsa þannig allflestar merkjunum að þessu leyti með sama hætti. Verður ekki talið skipta máli í þessu samhengi þótt svo virðist sem merkjum sé lýst í „sandhollt“ í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, þar sem öðrum heimildum ber saman um að merkin liggi um Sauðholt. Verður að telja líklegt að um misritun sé að ræða, enda liggur ekki fyrir að Sandholt sé þekkt kennileiti á þessum slóðum. Samræmi er þannig milli landamerkjabréfsins og þeirra eldri heimilda sem liggja fyrir um að línan sé dregin frá Sauðholti í botn Tjarnhólakvíslar og hún ráði svo mörkum í Fitjá. Er það einnig í samræmi við það hvernig málsaðilar afmarka ágreiningssvæðið að þessu leyti.

Vestan við línuna frá Sauðholti að Tjarnarhólakvísl og norðan við Tjarnarhólakvísl er óumdeilt eignarland tilheyrandi Stórahvarfi. Stórahvarfi var skipt út úr jörðinni Neðrifitjum. Í skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki milli jarðanna Neðri-Fitja og Stórahvarfs í Þorkelshólshreppi, dags. 14. júlí 1916 og þingl. 26. júní 1917, segir um merkin að þessu leyti að frá Kambá ráði „sjónhending til Tjarnarhólakvíslar gengt Víðidalstungulandi“, og „Að sunnan ræður Tjarnarhólakvísl merkjum niður að Fitjaá“. Í landamerkjabréfi Stórahvarfs, dags. 21. júlí 1890 og þingl. 29. maí 1893, sem útbúið var áður en Stórahvarfi var skipt út úr Neðri-Fitjum, er merkjum lýst með sama hætti að þessu leyti. Í landamerkjabréfunum er þannig miðað við línu sem dregin er frá Kambá í Tjarnhólakvísl en afmörkun málsaðila á ágreiningssvæðinu miðast við línu sem dregin er frá hæsta punkti Sauðholts í Tjarnhólakvísl. Kambá er nokkru norðar en Sauðholt og utan við ágreiningssvæði máls þessa. Ekki verður ráðið með nákvæmum hætti af landamerkjabréfunum við hvaða stað í Kambá merkjalýsingin miðast. Staðsetning Kambár, Sauðholts og Tjarnhólakvíslar mælir því þó ekki í mót að lína sem dregin er frá Kambá beina stefnu

í Tjarnhólakvísl liggi einnig um hæsta punkt Sauðholts. Að mati óbyggðanefndar fær afmörkun málsaðila á Víðidalstunguheiði frá hæsta punkti Sauðholts í botn Tjarnhólakvíslar, sem síðan er fylgt að Fitjá, samræmst fyrirliggjandi heimildum í málinu.

Verður næst litið til vesturmerkja Víðidalstunguheiðar. Þeim er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1890 að frá þeim stað þar sem Tjarnarhólakvísl fellur í Fitjá ræður „Fitjá fram í Buga, fyrir norðan Geiraldsgnýpu, þá þaðan bein sjónhending suður í Geiraldsgnýpu, og þaðan í Réttarvatnstanga“. Í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungu frá árinu 1394 er því lýst að Fitjá ráði vesturmerkjum landareignar Víðidalstungu. Er vesturmerkjunum nánar tiltekið lýst „j botnennTiarnarhola kvyslar. Sydann Rædur hun ofann j fitiaa. þadann rædur fitia a alla leid sem hana dregur leingst austann af sondum.“ Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Víðidalstungu frá árinu 1461 segir um vesturmerkin að þessu leyti: „j botninn tiarnarholakuislar. sidan rædur hun ofan j fitia aa. þadan Rædr fitia aa alla leid sem hana dregr leingzst austan af sondum.“ Í lýsingu þeirri á landamerkjum Víðidalstungu sem fram kemur í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er vesturmerkjum að þessu leyti lýst svo: „J Bot um tiarnar Hölakvyslar / Sydan Rædur hun ofan J Fitiar / Þadan Rædur fitia aa / a alla leid / sem hana dregur leingst austan af sóndum“. Í vísitasíubók Halldórs biskups Brynjólfssonar vegna Víðidalstungu, dags. 19. júlí 1749, segir um vesturmerkin að þessu leyti: „i botnumm Tiarnarhola Kvislar sidann rædur Hun ofann i Fitia ä, Þadan Rædur Fitia a alla leid, sem Hana dregur Leingst austann af Sondumm“. Í lögfestu Jóns Ólafssonar fyrir Víðidalstungu, dags. 17. júní 1777, segir um vesturmerkin að þessu leyti: „í botnenn Tiarnarhóla Qvislar, sídann rædur hún ofann i fitia-á, þadann rædur fitia-á alla leid sem hana dregur leingst austann af Söndumm.“ Í útdráttum úr máldögum Víðidalstungukirkju og Ásgeirsárkirkju, dags. 26. júní 1777, sem lesnir voru upp á manntalsþingi 29. maí 1797, er merkjunum lýst „í botnin Tiarnarhola kvyslar, sidann rædur hún ofann í fitiar, þadann rædur fitiaá, á alla leid, sem hana dregur leingst austan af Söndum“. Í vísitasíu að Víðidalstungu, dags. 17. júlí 1790, segir um vesturmerkin að þessu leyti: „i bótum, Tiarnarhóla Kvýslar, sídann rædur hún ofann i Fitia á, þadan rædur Fitiaá alla leid sem hana dregur lengst austan af Söndum“. Í vísitasíu að Víðidalstungu, dags. 31. ágúst 1833, segir um vesturmerkin að þessu leyti: „i Botnin Tiarnarhólaqvislar, sidan rædr hún ofan i fitiaá, þadan rædur fitiaá alla leid sem hana dregr leingst austanaf Söndum“. Í lögfestu Jóns Friðrikssonar Thorarensen fyrir Víðidalstungu, dags. 13. maí 1841, er vesturmerkjum að þessu leyti lýst svo: „í botninn Tjarnarhóla qvislar næstu, sídann rædur hún ofaní Fitjaá, þadann rædur Fitjaá alla leid sem hana dregur lengst austann af Söndumm“. Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að stórt afréttarland fylgi Víðidalstungu og Fitjá ráði merkjum að vestan.

Vestan við Víðidalstunguheiði er ágreiningssvæði vegna Aðalbólsheiðar. Í ódagsettu landamerkjabréfi Aðalbóls, sem þinglesið var 7. júní 1892, kemur fram að

Fitjá ráði austurmerkjum „alla leið, þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum, þá bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðara og fram fyrir austan Hliðskjálf fram í rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga“.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um vesturmörk Víðidalstunguheiðar við Fitjá þangað til komið er á móts við Geiraldsgnípu en þaðan er línan dregin í Geiraldsgnípu og áfram til suðurs í Réttarvatnstanga. Landamerkjabréfi Víðidalstungu og eldri heimildum ber saman um að Fitjá ráði vesturmörkum svæðisins. Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Fitjá réði vesturmörkum Víðidalstunguheiðar til upptaka. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á vesturmerkjum Víðidalstunguheiðar lengra til suðurs en sem nemur upptökum Fitjár á sér stoð í landamerkjabréfi Víðidalstungu, og fær samræmst landamerkjabréfi Aðalbóls, en á aftur á móti ekki stoð í hinum eldri heimildum. Ósamræmi er milli landamerkjabréfsins og hinna eldri heimilda að þessu leyti. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs vesturmerki Víðidalstunguheiðar verði talin ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Verður nú litið til austurmerkja Víðidalstunguheiðar. Þeim er lýst svo í landamerkjabréfi Víðidalstungu frá 1890 að frá punkti austur undir Bláfelli sé línan dregin „norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs norður á Hraungarða, svo ráða þeir meðan endast og úr norðurenda þeirra bein leið í Bergárvatn“. Eins og áður segir greina heimildir að austurhluti Víðidalstunguheiðar, þ.e. Austurheiðin, hafi tilheyrt Ásgeirsárkirkju og síðar Stóru-Ásgeirsá allt þar til á 19. öld en tilheyrt svo Víðidalstungu a.m.k. frá árinu 1875 þegar eigendur Stóru-Ásgeirsár og Víðidalstungu gerðu samning þess efnis að Austurheiðin skyldi tilheyra Víðidalstungu. Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árunum 1360−1369 kemur fram að Ásgeirsárkirkja eigi afrétt á Arnarvatnsheiði og Hraungarður ráði austurmerkjum. Hið sama kemur fram í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er austurmerkjum afréttar Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði einnig lýst svo: „Enn hraungardurin fyrer austan“. Í lögfestu Árna Þórarinssonar fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 8. apríl 1777, er merkjunum lýst svo: „enn Hraungardur fyrer austann“. Í útdráttum úr máldögum Víðidalstungukirkju og Ásgeirsárkirkju, dags. 26. júní 1777, sem lesnir voru upp á manntalsþingi 29. maí 1797, segir um merkin: „enn hraungardurenn fyrer austan“. Í jarðaskjali, dags. 7. júlí 1777, sem varðar margvísleg réttindi Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði, er austurmerkjum lýst svo: „enn Hraungarde fyrer austann“. Í lögfestu Árna Þórarinssonar fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 23. mars 1779, er merkjum að þessu leyti lýst svo: „Hraungardur fyrir austann“. Í kvörtun eiganda Stóru-Ásgeirsár 23. júní 1810 undan leyfislausum lamba- og geldfjárrekstri á Arnarvatnsheiði er Hraungarður einnig tilgreindur sem

austurmerki. Þá segir í banni ábúandans á Stóru-Ásgeirsá við upprekstri á umrætt svæði, sem lesið var upp á manntalsþingi 29. apríl 1814: „fyrer austan rædur hraungardur“. Í lögfestu eiganda Stóru-Ásgeirsár, dags. 22. maí 1818, sem lesin var upp á manntalsþingi á Breiðabólstað 10. júní 1818, er austurmerkjum afréttarins lýst svo: „Hraungardur fyrir austan“. Í lögfestu Jóns Friðrikssonar Thorarensen, eiganda Víðidalstungu, dags. 13. maí 1841, er Hraungarða getið í lýsingu á austurmerkjum. Í jarðamatinu frá 1849 segir m.a. um merki Víðidalstunguheiðar: „takmörk heiðarlandsins eru að austan svokallaður „Hraungarður“ , sem liggur í suður“.

Austan við Víðidalstunguheiði er ágreiningssvæði vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna sem fjallað er um í kafla 6.7 í máli nr. 2/2013. Eins og þar er lýst er niðurstaða óbyggðanefndar sú að nyrst landsvæði tilheyrandi Kornsártungum en þar, sunnan við land Haukagilsheiðar suður á suðurenda Hraungarða. Eins og þar er einnig rakið telur nefndin að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins í því máli á vesturmörkum svæðisins frá Bergárvatni í Hraungarða og eftir Hraungörðum á suðurenda þeirra eigi sér stoð í heimildum um merki Haukagils og Kornsártungna.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um austurmörk Víðidalstunguheiðar við línu sem dregin er frá Hrútagili við Bláfell og þaðan beint norður í punkt norðan við Bláfell. Þaðan fylgir kröfulínan vatnaskilum til norðurs í punkt við Melrakkavatn. Þeim heimildum sem hér voru raktar ber saman um að Hraungarðar ráði austurmerkjum Víðidalstunguheiðar, þ.e. Austurheiðarinnar. Þeir eru eina kennileitið sem getið er um varðandi austurmörk heiðarinnar í þeim heimildum sem eru eldri en landamerkjabréf Víðidalstungu. Í landamerkjabréfinu er austurmerkjunum aftur á móti lýst lengra til suðurs, þ.e. í punkt austur undir Bláfelli.

Þar sem Hraungarðar eru eina kennileitið sem getið er um í eldri heimildum varðandi austurmörk Austurheiðarinnar þarfnast nánari skoðunar hversu langt til suðurs þeir teljist ná. Orðalag landamerkjabréfs Víðidalstungu, þar sem merkjum er lýst frá punkti austur undir Bláfelli „norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs norður á Hraungarða“ bendir ótvírætt til þess að Hraungarðar hafi verið taldir liggja norðar en téður punktur undir Bláfelli. Þá kemur fram í tveimur örnefnaskrám Sigvalda Jóhannessonar fyrir Víðidalstunguheiði, sem eru ódagsettar en munu samkvæmt upplýsingum frá Örnefnastofnun vera ritaðar einhvern tímann á tímabilinu frá 1978 til 1980, að Glúmsflá sé vestan við Hraungarðana syðst. Í örnefnaskránum, sem eru samhljóða hvað þetta varðar, segir: „Austan við Glúmsflá er **Hraungarðabunga** (77), en á Hraungarðaendanum er áberandi stór steinn, […]. Á landabréfum er þessi staður nefndur Sandhorn, en þar hlýtur þó að vera átt við Hraungarðabunguna, því að sunnan við næstu lægð er **Sandhorn** (78), sem teygir sig norður frá **Stórasandi** (79) […].“ Þá segir í örnefnaskrá Jónasar Björnssonar fyrir Víðidalstunguheiði, dags. 25. mars 1938, að Syðri-Haugakvísl hafi upptök sín í lóni „sunnan við Hraungarða“ og falli um Glúmsflá. Af þessum heimildum má ráða að litið hafi verið svo á að endimörk Hraungarða til suðurs séu austan Glúmsflár og

norðan lónsins þar sem Syðri-Haugakvísl á upptök sín. Þá er ekkert fram komið í málinu sem bendir til að staðsetning suðurenda Hraungarða sé önnur en þar er lýst. Verður því miðað við það við úrlausn málsins, en sú staðsetning fellur saman við það hvernig Sandhorn er staðsett á fyrirliggjandi kort.

Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Víðidalstunguheiðar suður að suðurenda Hraungarða á sér stoð í landamerkjabréfi Víðidalstungu og einnig í þeim eldri heimildum sem liggja fyrir í málinu og varða austurmörk Austurheiðarinnar. Afmörkun þeirra á austurmerkjunum lengra til suðurs en sem nemur suðurenda Hraungarða á sér einnig stoð í landamerkjabréfi Víðidalstungu en aftur á móti ekki í hinum eldri heimildum. Ósamræmi er milli landamerkjabréfsins og hinna eldri heimilda og óhjákvæmilegt að líta svo á að hinar eldri heimildir mæli landamerkjabréfinu í mót að þessu leyti. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs vesturmerki Víðidalstunguheiðar verði talin ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Loks verða kannaðar heimildir um suðurmörk Víðidalstunguheiðar. Svo sem áður greinir er merkjum svæðisins að sunnanverðu lýst svo í landmerkjabréfi fyrir Víðidalstungu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð og Víðidalstunguheiði frá 1890: „Fitjá fram í Buga, fyrir norðan Geiraldsgnýpu, þá þaðan bein sjónhending suður í Geiraldsgnýpu, og þaðan í Rjettarvatnstanga, úr honum ræður bein sjónhending austur undir Bláfell, svo norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs norður á Hraungarða“. Suðurmerkjum svæðisins er ekki lýst sérstaklega í þeim eldri heimildum sem liggja fyrir og eins og þegar hefur komið fram í umfjöllun um austur- og vesturmerki Víðidalstunguheiðar er austur- og vesturmerkjum svæðisins ekki lýst eins langt til suðurs í eldri heimildunum og í landamerkjabréfinu.

Eins og fram hefur komið í umfjöllun um vesturmerki Víðidalstunguheiðar verða þær eldri heimildir sem fyrir liggja að mati óbyggðanefndar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Fitjá réði vesturmörkum heiðarinnar til upptaka. Í hinum eldri heimildum sem liggja fyrir um Vesturheiðina er aftur á móti ekki getið neinna kennileita sunnan upptaka Fitjár. Þá verða hinar eldri heimildir að því er varðar austurmörk heiðarinnar að mati nefndarinnar helst túlkaðar svo að Hraungarðar hafi ráðið austurmerkjum heiðarinnar, en þar er ekki getið neinna kennileita sunnan Hraungarða að því er varðar austurmerkin. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Víðidalstunguheiðar lengra til suðurs en sem nemur suðurenda Hraungarða á sér stoð í landamerkjabréfi Víðidalstungu frá 1890 en aftur á móti ekki í hinum eldri heimildum. Eldri heimildir mæla því landamerkjabréfinu í mót að því er varðar sunnanverð austur- og vesturmörk Víðidalstunguheiðar, sem og að því er varðar suðurmörk svæðisins.

Líkt og fyrr greinir er Víðidalstunguheiði í meginatriðum tvískipt, þ.e. í Austurheiði sem liggur austan Víðidalsár og Vesturheiði sem liggur vestan árinnar.

Sem fyrr segir er merkjum Austurheiðar og Vesturheiðar lýst sameiginlega í landamerkjabréfi Víðidalstungu án aðgreiningar þar á milli. Aftur á móti liggja fyrir í málinu allmargar eldri heimildir um afmörkun hvors hluta heiðarinnar um sig. Við rannsókn á afmörkun Víðidalstunguheiðar til suðurs er því nauðsynlegt að rannsaka þær eldri heimildir sem liggja fyrir um annars vegar sunnanverð austurmörk Vesturheiðarinnar og hins vegar sunnanverð vesturmörk Austurheiðarinnar. Er tilgangur þeirrar skoðunar sá að kanna hversu langt til suðurs téðar merkjalýsingar nái. Um er að ræða sömu heimildir og þegar hafa verið raktar í umfjöllun um austur- og vesturmerki Víðidalstunguheiðar, allt fram til þess tíma þegar farið var að lýsa merkjum Austurheiðarinnar og Vesturheiðarinnar sameiginlega og án aðgreiningar í heimildum.

Í þeim eldri heimildum sem liggja fyrir um merki Austurheiðarinnar og þegar hafa verið raktar í þessum kafla er því jafnan lýst að hún liggi milli Víðidalsár og Öxnár án þess að suðurmörkum sé sérstaklega lýst eða fram komi hversu langt til suðurs Víðidalsá ráði vesturmörkum. Á það við um máldaga Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsumdæmi frá árunum 1360−1389; máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar; máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590; lögfestu Árna Þórarinssonar fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 8. apríl 1777; jarðaskjal, dags. 7. júlí 1777, sem varðar margvísleg réttindi Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði; lögfestu Árna Þórarinssonar fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 14. mars 1779; bann ábúandans á Stóru-Ásgeirsá við upprekstri á heiðina, sem lesið var upp á manntalsþingi 29. apríl 1814, og lögfestu eiganda Stóru-Ásgeirsár, dags. 22. maí 1818, sem lesin var upp á manntalsþingi á Breiðabólstað 10. júní 1818. Í kvörtun eiganda Stóru-Ásgeirsár 23. júní 1810 undan leyfislausum lamba- og geldfjárrekstri á Arnarvatnsheiði er aftur á móti að finna nákvæmari lýsingu á vesturmerkjum Austurheiðarinnar en þar er merkjunum lýst: „Austanverdt vid vídidalsá, millum Öxnár fyri ad nordann Og Sandfellsqvíslar, sem í Máldogunum kallaz Vididalsá, ad sunnann verdu og þad austr á Hraungard“. Er þannig gert ráð fyrir því þar að Víðidalsá og síðar Sandfellskvísl ráði vestur- og suðurmörkum.

Heimildir um Vesturheiðina eru ítarlegri að þessu leyti, þ.e. um sunnanverð austurmerki hennar. Í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungukirkju frá árinu 1394 segir um austurmerki Vesturheiðarinnar: „Rædur hestagil ofann j Vydedalsa. Rædur Vydedalsa þadan fra framm til kvijsla. þa Kædur hin stærsta Vydedalsar kvijsl su er ofann fellur fyrir nordann Sandfell og so austur a sand sem leingst dregur vatn ad.“ Máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Víðidalstungu frá því um 1461 er nánast samhljóða um merkin að þessu leyti en þar segir: „oc suo rædr hestagil ofuanj vidudalsaa. Rædr vididalsaa þadan fra fram til kuisla. þaa Rædr hin stærsta vididalsár kuisl su er ofuan fellur firir nordan sandfell oc sua austr aa sand sem leingzst dregr votn ath.“ Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því

eftir 1590 segir um austurmerki Vesturheiðarinnar: „Rædur hestagil ofan J vydudals aa / Rædur vydidalsaa þadann fram til kvysla / þa rædur su stæsta vydidals arkvysl Su er ofan fellur / fyrer Nordann sandfell / og So austur a sand Sem Leingst dregur votn ad.“ Í vísitasíugjörð Halldórs biskups Brynjólfssonar vegna Víðidalstungu, dags. 19. júlí 1749, segir um austurmerki Vesturheiðarinnar: „rædur Hestagil ofann i Videdals a, Rædur Videdals ä þadann fra framm til Kvisla, þa rædur Hin su stærsta Videdals är kvisl, su er ofann fellur fyrer Nordann sandfell, og so austur a sand, sem leingst dregur Vatn ad“. Í útdráttum úr máldögum Víðidalstungukirkju og Ásgeirsárkirkju, dags. 26. júní 1777, sem lesnir voru upp á manntalsþingi 29. maí 1797, segir: „rædur hestagil ofann í Vídedalsá, rædur Vídedalsá þadann framm til kvysla, þá rædur sú stæsta Vídedalsárkvysl, sú er ofann fellur fyrer nordann Sandfell, og so austur á Sand, sem leingst dregur vötn ad“. Í lögfestu Jóns Ólafssonar fyrir Víðidalstungu, dags. 17. júní 1777, segir um merkin að þessu leyti: „til Vesturs i milli Hvarfs og Dælis allt ofann i Wididalsá, Rædur Wididalsá þadann framm til Qvísla. Þá rædur sú stærsta Wididalsárqvisl, sú er ofann fellur fyrir nordann Sandfell, og so austur á Sand sem leingst dregur Vötn ad.“. Í vísitasíu að Víðidalstungu, dags. 17. júlí 1790, segir um austurmerkin að þessu leyti: „rædur Hestagil ofann i Vididalsá. Þadann frá fram til Kvísla, Þad rædur sú stærsta Vídidalsár kvísl er ofann fellur fyrir nordann Sandfell, og so austur á Sand sem lengst dregur Vatn ad.“ Í vísitasíu að Víðidalstungu, dags. 31. ágúst 1833, segir um austurmerkin að þessu leyti: „rædur Hestagil ofan i Vididalsá, rædur Vididalsá þadanfrá fram til Qvisla, Þá rædr hin su stærsta Vididals ár qvisl, sú er ofan fellur fyrir nordan Sandfell, og so austur á Sand, sem lengst dregr Vatn ad“. Í lögfestu Jóns Friðrikssonar Thorarensen fyrir Víðidalstungu, dags. 13. maí 1841, er austurmerkjum að þessu leyti lýst svo: „Vídidalsá ad vestann og ad sunnann Sandfellsqvísl, sú er ofann fellur fyrir nordann Sandfell, austur á Sand sem lengst dregur vötn ad.“

Þeim heimildum sem hér voru raktar og spanna tímabilið allt frá 14. öld til þeirrar 19. ber saman um að Víðidalsá ráði austurmerkjum Vesturheiðarinnar. Þá ber fjölmörgum af heimildunum saman um að það sé sú kvísl árinnar sem fellur fyrir norðan Sandfell, þ.e. Sandfellskvísl, sem ráði merkjum að sunnanverðu. Umrædd kvísl Víðidalsár rennur til norðurs austan við Suðurmannasandfell og Litlasandfell og síðan til vesturs norðan Litlasandfells. Upptök hennar eru mun norðar en suðurmörk heiðarinnar eru miðuð við í landamerkjabréfi Víðidalstunguheiðar og gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í máli þessu. Umræddar heimildir styðja því ekki við merkjalýsingu landamerkjabréfsins til suðurs að þessu leyti.

Þær heimildir sem hér hafa verið raktar og eru eldri en landamerkjabréf Víðidalstungu frá árinu 1890 benda til að mörk Vesturheiðarinnar hafi ekki náð lengra til suðurs en sem nemur upptökum Fitjár og Sandfellskvíslar og mörk Austurheiðarinnar ekki lengra til suðausturs en sem nemur upptökum Sandfellskvíslar og suðurenda Hraungarða. Heimildirnar mæla því landamerkjabréfinu í mót varðandi

það að land Víðidalstunguheiðar hafi náð lengra til suðurs en sem því nemur. Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að mörk Vesturheiðarinnar til suðurs afmarkist af línu sem dregin er frá upptökum Fitjár í upptök Sandfellskvíslar og mörk Austurheiðarinnar til suðurs afmarkist af línu sem dregin er frá upptökum Sandfellskvíslar í suðurenda Hraungarða.

Til glöggvunar á nákvæmri legu upptaka Fitjár og Sandfellskvíslar óskaði óbyggðanefnd eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið umræddra áa og ætluð upptök þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum mismunandi upptakakvísla Fitjár og Sandfellskvíslar. Verður hér miðað við að upptök ánna séu staðsett eins og fram kemur á umræddum kortum enda samræmist það öðrum kortum í málinu. Nánar tiltekið er þá miðað fremstu upptök ánna, eins og þau koma fram á umræddum kortum, og njóta þá gagnaðilar íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti. Er í því sambandi einnig litið til þess að orðalag framangreindra heimilda um austurmörk Vesturheiðarinnar, sem ná allt aftur til 14. aldar, bendir að mati óbyggðanefndar ótvírætt til þess að miðað sé við að Sandfellskvísl ráði austurmörkum allt til fremstu upptaka sinna. Vísast í því sambandi í dæmaskyni til máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungukirkju frá árinu 1394 þar sem fram kemur að Sandfellskvísl ráði austurmerkjunum „… og so austur a sand sem leingst dregur vatn ad … “. Orðalag annarra máldaga, vísitasía og lögfesta sem taka til austurmerkja heiðarinnar, og raktir hafa verið, er sambærilegt að þessu leyti. Staðsetning fremstu upptaka Sandfellskvíslar fellur einnig saman við hvernig gagnaðilar ríkisins staðsetja á korti kröfulínu vegna hinnar sérstöku varakröfu sem getið er um í kafla 3.2.

Frá fremstu upptökum Sandfellskvíslar rennur áin fyrst til suðvesturs áður en hún sveigir til norðvesturs. Myndar fremsti hluti árinnar því í reynd hluta af suðurmörkum Austurheiðarinnar. Liggja fremstu upptök Sandfellskvíslar mjög nærri austurmörkum ágreiningssvæðis vegna Víðidalstunguheiðar gagnvart ágreiningssvæði vegna Haukagilsheiðar. Þá liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands sem sýna staðsetningu vatnaskila á svæðinu, en nærri fremstu upptökum Sandfellskvíslar fer lega vatnaskilanna saman við staðsetningu kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins á austurmörkum ágreiningssvæðisins Að teknu tilliti til staðsetningar upptaka Sandfellskvíslar og suðurenda Hraungarða, m.t.t. staðsetningar kröfulína gagnaðila ríkisins og vatnaskilanna, þykir rétt að miða suðurmörk Austurheiðarinnar, eftir að Sandfellskvísl sleppir, við línu sem dregin er frá upptökunum stystu leið að vatnaskilunum og austurmörkum ágreiningssvæðisins vegna Víðidalstunguheiðar. Þaðan er við það miðað að kröfulínunni sé fylgt til norðurs í suðurenda Hraungarða.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Víðidalstunguheiðar og beinn eignarréttur þeirra nái lengra til suðurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti milli upptaka Fitjár, upptaka Sandfellskvíslar og suðurenda Hraungarða verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um afmörkun

Víðidalstunguheiðar en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem deilt er um. Svo sem fram kemur í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið að einhverju leyti. Einkum á það við um nyrðri og vestari hluta þess. Vafi um þetta atriði hlýtur þó að vaxa eftir því sem lengra er komið inn til landsins. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða

glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Þorkelshólshrepps á Víðidalstunguheiði árið 1902 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli sem afréttar jarða í sveitarfélaginu þaðan í frá leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Víðidalstunguheiði var hluti af landi jarðanna Víðidalstungu og/eða Stóru-Ásgeirsár, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afrétt þeirra í þeim skilningi að þær hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu um afmörkun Víðidalstunguheiðar er ljóst að eignarlandskröfusvæði gagnaðila íslenska ríkisins vegna Víðidalstunguheiðar þrískipt. Auk tvískiptingar í Vesturheiði og Austurheiði er um að ræða svæði sem liggur sunnan línunnar sem dregin er milli upptaka Fitjár, upptaka Sandfellskvíslar og suðurenda Hraungarða og er því utan marka bæði Vesturheiðar og Austurheiðar, eins og þær eru afmarkaðar samkvæmt framangreindu. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari þrískiptingu. Verður fyrst fjallað um Vesturheiðina, því næst um Austurheiðina og loks um syðsta hluta ágreiningssvæðisins.

Í eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu Vesturheiðarinnar er í samræmi við framangreinda niðurstöðu um afmörkun hennar átt við svæðið sem afmarkast af Fitjá að vestanverðu og Víðidalsá og Sandfellskvísl að austanverðu. Að norðanverðu afmarkast Vesturheiðin af línu sem dregin er frá ós Ytri-Kjálkalæks að upptökum lækjarins og þaðan í hæsta punkt Sauðholts, þaðan í suður í Tjarnhólakvísl sem þaðan er fylgt að Fitjá. Að sunnanverðu miðast mörkin við línu sem dregin er milli upptaka Fitjár og Sandfellskvíslar.

Í landamerkjabréfi fyrir Víðidalstungu, ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði, dags. 23. mars 1890 og þingl. 31. maí sama ár, er merkjum umræddra svæða lýst heildstætt án aðgreiningar þar á milli. Þá er getið um veiðirétt og reka og auk þess kemur fram að á „Víðidalstunguheiði eður í Víðidalstungujörð er fjárupprekstur um allan hreppinn (Þorkelshólshrepp) út að gljúfurá [innskot ofan línu] og ljúka lamb af rekstri til þess eru sex tigir og með sama upp þaðan.“ Auk undirritana eigenda Víðidalstungu var landamerkjabréfið áritað um samþykki af hálfu oddvita Hálsahrepps og Reykhólahrepps og eigenda Aðalbóls og Valdaráss.

Elsta heimild sem ótvírætt tekur til Vesturheiðarinnar er máldagi Péturs biskups Nikulássonar fyrir Víðidalstungukirkju frá árinu 1394 og síðar. Þar er gerð

grein fyrir eignum Víðidalstungukirkju og lýst í einu lagi merkjum þess sem nefnt er „landeign Vydedalstungu“. Eins og áður hefur komið fram er m.a. lýst þar merkjum Vesturheiðarinnar án sérstakrar aðgreiningar frá landi Víðidalstungu að öðru leyti. Fjölmargar aðrar heimildir sem liggja fyrir í málinu eru sama efnis hvað það varðar að Vesturheiðin er þar tilgreind með öðru landi Víðidalstungu án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu sé að ræða. Er þar um að ræða máldaga Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar og máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá því um 1461. Hið sama er að segja um máldaga Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1706, vísitasíur fyrir Víðidalstungukirkju dags. 19. júlí 1749, 17. júní 1783, 26. október 1789, 17. júlí 1790 og 31. ágúst 1833, lögfestur fyrir Víðidalstungu dags. 17. júní 1777 og 13. maí 1841 og jarðamötin frá 1804 og 1849 auk landamerkjabréfs Víðidalstungu frá 1890. Í þessu sambandi skal áréttað að þær jarðir sem nú aðskilja Víðidalstunguheiði og Vesturheiðina, þ.e. Stórahlíð, Litlahlíð og Bakkakot/Bakki voru áður hjáleigur frá Víðidalstungu. Verður því ekki annað séð en að Vesturheiðin og aðrar fasteignir tilheyrandi Víðidalstungu hafi frá öndverðu legið saman í einni samfellu án aðskilnaðar af öðrum fasteignum.

Í elstu máldögum Víðidalstungukirkju, þ.e. máldögum Auðunar rauða biskups frá árinu 1318 og máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar frá árunum 1360−1389, er ekki minnst á að afréttur tilheyri kirkjunni. Fjölmargar af þeim heimildum sem raktar hafa verið staðfesta þó að Vesturheiðin hefur verið nýtt sem afréttur og eigendur Víðidalstungu þegið toll frá öðrum fyrir upprekstur á hana. Í elstu heimild sem ótvírætt tekur til Vesturheiðarinnar, þ.e. fyrrgreindum máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394, er getið um upprekstur á land tilheyrandi Víðidalstungu. Þar segir m.a.: „Er fjarrekstur j Vydedalstungu jord umm allann hreppenn. ut ad Gliufura. og luka lamb af Rekstre til þess eru sextyger. og so med sama upp þadann. effter þui sem urskurdarbrief Rafns logmanns. og stadfestubrief þorsteins logmanns. þar umm gior votta.“ Þá kemur fram í dómi klerka útnefndum af Gottskálki biskup á Hólum frá 14. maí 1501 að: „Ei sidr nu hedan af sem epter og fyrer faranda werid hefer og wera skal nu og æ sidan wera fiarrekstur a kirkiunnar heidi j tungu eigi sidr lambatollar.“ Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er talað um „fiarrekstur J vydidalstungu Jord vm allann hreppinn vt ad gliufraa“. Þá er getið um upprekstur á heiðina gegn greiðslu tolla í bréfi, dags. 24. janúar 1601, sem varðveitt er í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1706 segir í umfjöllun um Víðidalstungu: „„Afrjett á jörðin í sínu eigin landi, þann er sveitin brúkar öll, og geldur toll af til landsdrottins, eitt lamb af rekstri.“ Ennfremur liggur fyrir að þann 14. maí 1748 var færð í dómabók sýslunnar aðvörun til hreppsmanna um að reka fé sitt til afréttar, sinna göngum og inna af hendi fjallatolla. Í jarðamatinu frá árinu 1804 kemur fram að ábúandi jarðarinnar Víðidalstungu fái greidda 5 ríkisdali

árlega fyrir sumarbeit í landi jarðarinnar. Í sóknarlýsingu Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusókna frá arinu 1839 kemur fram að afréttarlönd fyrir allan Víðidal séu heiðarnar fram af honum. Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar, frá árinu 1840, sem samin var af séra Jóni Péturssyni kemur fram að allir bændur í sókninni reki geldfé sitt á Þórormstungu, Grímstungna- og Haukagilsheiðar en fáeinir á Víðidalstunguheiði. Í gögnum vegna jarðamatsins 1849 kemur m.a. fram að stórt afréttarland, þ.e. Víðidalstunguheiði, fylgi Víðidalstungu og þar sé upprekstur fyrir allan Þorkelshólshrepp auk þess sem fleiri utanhreppsmenn fái þar upprekstur fyrir fjallfé sitt. Fram kemur að land þetta sé allmikið og góð afrétt fyrir mikinn fénað og meiri en þann fjárfjölda sem sé í sveitinni.

Fyrir liggur að á 19. öld komu upp deilur milli eigenda Víðidalstungu og annarra um upprekstur á heiðina og greiðslu greiðslu tolla vegna hans. Var sátt gerð þar að lútandi milli Jóns Thorarensen í Víðidalstungu og Jóseps Loftssonar í Galtarnesi þann 7. júní árið 1853. Þá var Helgi Guðmunsson, bóndi á Gröf, dæmdur til að greiða Jóni toll vegna upprekstur á heiðina með dómi Landsyfirréttar árið 1857. Ennfremur var Sigurður Jónsson á Lækjarmóti dæmdur til að greiða eigendum Víðidalstunguheiðar vangreidda upprekstrartolla, með dómi gestaréttar 25. nóvember 1891.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur m.a. fram að búendur í Þorkelshólshreppi skuli eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði, að undanskildum bæjunum Miðhópi, Refsteinsstöðum, Enniskoti, Gröf, Jörfa, Titlingastöðum og Lækjamóti, sem skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði. Jafnframt skyldu þær jarðir í Þverárhreppi sem liggja austan Bjarga eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði, þ.e. Ásbjarnarnes, Gottorp, Vatnsendi, Stóra-Borg, Litla-Borg og Síða.

Með afsalsbréfi, dags. 22. ágúst 1902 seldi og afsalaði Jón Vídalín, konsúll í Reykjavík, Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu „afréttarland að Víðidalstunguheiði, sem að austan takmarkast af Haukagilsheiði, að sunnan af afrjéttarlandi Borgfirðinga, en mun ná norður að Rjettarvatni, að vestan af línu dreginni frá Arnarvatni að Fitjá, er síðan verður takmörkun til byggða, og að norðan af heimalöndum fremstu bæja í Þorkelshólshreppi.“ Heimildir benda til að frá þeim tíma hafi heiðin verið nýtt sem sameiginlegt upprekstrarland eigenda jarða í hreppnum, sem sameinaðist árið 1998 sex öðrum hreppum undir merkjum Húnaþings vestra.

Heimildir frá 19. öld greina frá tilteknum takmörkuðum notum á Víðidalstunguheiði, öðrum en afréttarnotum og beitingu eiganda Víðidalstungu á tilteknum eignarráðum vegna heiðarinnar. Bann þáverandi eiganda við grasatekju og eggjanámi á heiðinni var lesið upp á manntalsþingi 18. maí 1839. Þá kemur fram í útskrift af undirmati vegna jarðamatsins 1849 að nokkur álftafjaðratekja og álftaveiði sé á Víðidaldstunguheiði, sem þar er nefnd afréttarland. Þann 9. maí 1854 var þinglýst banni eigandans við grasatekju, trippa- og hrossarekstri, álftaveiði, fjaðra- og

eggjatöku í landi Víðidalstungu og virðist ljóst að bannið taki m.a. til heiðarinnar. Ennfremur liggur fyrir að lesið var upp bann við töku fjallagrasa og brúkun annarra landsnytja á Víðidalstunguheiði án leyfis 21. mars 1873. Loks var þann 30. maí 1882 þinglýst banni gegn leyfislausri notkun á landi og landsnytjum Víðidalstunguheiðar, en bannið náði til fjallagrasatekju, álftareggjatöku og álftaveiði, trippa- og hrossagöngu og silungsveiða. Lagt var bann við því að taka fjallagrös „nokkurs staðar á Víiðdalstungu heimalandi, eða á hinni svokölluðu Víðidalstunguheiði, nema bréflegt leyfi eigenda sé fyrir því“.

Samkvæmt framansögðu er vísað sérstaklega til Víðidalstunguheiðar, þ.á m. Vesturheiðarinnar, í tengslum við beit og afréttarnot í fjölda heimilda, líkt og gildir um marga afrétti jarða og stofnana. Heimildir um afnot svæðisins allt frá 16. öld og síðar fjalla þannig fyrst og fremst um beit og önnur sambærileg not. Þá er svæðið hálent. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í elstu heimildum er Vesturheiðin tilgreind með öðru landi Víðidalstungu í merkjalýsingum án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli heiðarinnar og annars lands jarðarinnar. Hið sama gildir um ýmsar aðrar heimildir sem liggja fyrir í málinu, þ.á m. landamerkjabréf Víðidalstungu frá 1890. Þá bendir orðalag elstu fyrirliggjandi heimildar um upprekstur á svæðið, þ.e. máldaga Péturs biskups Nikulássonar frá árinu 1394, til að það landsvæði sem upprektrarréttur hreppsmanna tók til hafi verið talið hluti af jörðinni Víðidalstungu fremur en að það hafi verið talið afréttarland með aðra eignarréttarlega stöðu, samanber orðalagið: „Er fjarrekstur j Vydedalstungu jord umm allann hreppenn. ut ad Gliufura.“ Ennfremur er ekki um að ræða afgerandi landfræðileg skil milli Vesturheiðarinnar og annarra landsvæða sem tilheyrðu Víðidalstungu og höfðu ótvírætt stöðu jarða að lögum. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Er í því sambandi vísað til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að sá hluti ágreiningssvæðis máls þessa sem nefndur er Vesturheiði, og afmarkaður er hér að framan, geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Víðidalstungu, sem Húnaþing vestra leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Vesturheiðar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[560] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Næst kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem nefndur er Austurheiði. Samkvæmt framangreindu afmarkast Austurheiði í meginatriðum að norðanverðu af línu sem dregin er frá Bergárvatni í Öxnártjörn og er Öxná þaðan fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá. Að vestanverðu ráða Víðidalsá og Sandfellskvísl merkjum til fremstu upptaka Sandfellskvíslar. Að austanverðu ræður lína sem dregin er frá Bergárvatni í Hraungarða og er Hraungörðum svo fylgt að suðurenda þeirra og áfram til suðurs eftir því sem vötnum hallar til vesturs þar til komið er á móts við fremstu upptök Sandfellskvíslar. Að sunnanverðu ræður lína sem dregin er frá upptökum Sandfellskvíslar til suðausturs þar til komið er að austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Austurheiðin hefur heyrt undir Ásgeirsárkirkju samkvæmt elstu heimildum og er þar nefnd afrétt(ur). Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 kemur fram að Ásgeirsárkirkja eigi „afrétt á Arnarvatnsheiði“, merkjum er lýst og getið er um álftaveiðar og fiskveiðar á svæðinu. Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1389 er einnig getið um afrétt kirkjunnar á heiðinni. Þá kemur fram að kirkjan eigi „fugla fiska og allt þad. sem til giæda er j jordu og á j þesso takmarke“. Hið sama kemur fram í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar og í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590.

Í málinu liggja fyrir gögn sem staðfesta að Ásgeirsárkirkja hefur þegið toll vegna upprekstrar á Austurheiðina. Í bréfi Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 24. janúar 1601, er að finna fyrirmæli um hvernig afréttartollar skuli skiptast milli Víðidalstungu og Stóru-Ásgeirsár.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur fram að Stóra-Ásgeirsá eigi lambaupprekstur „á Víðidalstunguafrjett“ fyrir toll. Þá segir að jörðin eigi selstöðu „í Víðidalstungulandi, þar sem heita Haugakvíslir“. Sjáist þar enn tóftirnar þar sem heiti Ásgeirsársel. Haugakvíslir eru á Austurheiðinni og er Jarðabókin elsta fyrirliggjandi heimild um réttindi Víðidalstungu á Austurheiðinni. Við mat á þýðingu þessarar frásagnar Jarðabókarinnar við úrlausn málsins, þess efnis að Haugakvíslir hafi verið „í Víðidalstungulandi“, er óhjákvæmilegt að taka mið af

[560] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þeim tengslum sem höfundar hennar höfðu við Víðidalstungu og Stóru-Ásgeirsá. Páll átti sjálfur Víðidalstungu og bjó þar og Jón Magnússon, sem var bróðir Árna og jafnframt mágur Páls, bjó á Stóru-Ásgeirsá og var annar af tveimur eigendum jarðarinnar. Þá liggja fyrir í málinu gögn sem staðfesta að snemma á 18. öld ríktu deilur milli þeirra Páls Vídalíns og Jóns Magnússonar um réttindi á heiðinni. Vegna þessara atriða er sönnunargildi þessarar frásagnar Jarðabókarinnar minna en ella. Auk þess liggur fyrir að samkvæmt öllum þeim fyrirliggjandi heimildum sem hafa verið raktar, eru eldri en Jarðabókin og lýsa merkjum Austurheiðarinnar er umrætt svæði austan Víðidalsár er talið tilheyra afrétti Stóru-Ásgeirsár en ekki Víðidalstungu.

Aðrar heimildir frá 18. öld geta um Austurheiðina sem afrétt tilheyrandi Stóru-Ásgeirsá. Það á við um lögfestu Árna Þórarinssonar fyrir jörðinni, dags. 8. apríl 1777. Þar er rætt um svæðið sem „Afrett á Arnarvatnsheiði“, merkjum lýst og fram kemur að „á Ásgeirsá, Fugla, Fiska og allt þad sem til giæda er i Jördu og a i þessu Takmarki“. Lögfestan er sama efnis og áður tilvitnaðir máldagar, bæði hvað varðar afmörkun og inntak þeirra réttinda á Arnarvatnsheiði sem þar er lýst. Jarðaskjal, dags. 7. júlí 1777, er einnig sama efnis hvað varðar inntak réttindanna, sem og lögfesta Árna Þórarinssonar, dags. 23. mars 1779, en þar er merkjum einnig lýst með sama hætti og fyrr greinir. Ennfremur er lögfesta, Bjarna Steindórssonar fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 22. maí 1818, sama efnis hvað þetta varðar, og eru þar öðrum jafnframt bönnuð afnot af svæðinu.

Fyrir liggja gögn um að á 19. öld hafi verið uppi deilur um upprekstur á Austurheiðina og tilkall til hennar, m.a. við eigendur Víðidalstungu. Lögregluréttur Húnavatnssýslu ályktaði þann 23. júní 1810 vegna kvörtunar eiganda Stóru-Ásgeirsár, sem hafði kvartað undan því að Þorkelshólshreppsmenn og nokkrir utanhreppsmenn ræku lömb sín og geldfé á landstykki tilheyrandi Stóru-Ásgeirsá. Ályktaði rétturinn á þann veg að eigandi Ásgeirsár hefði rétt til að telja í umrætt „afréttar Pláts“, en ætti jafnframt að bera allan kostnað af hreinsun svæðisins. Þá var á manntalsþingi á Stóru-Borg þann 19. apríl 1814 lesið upp bann ábúandans á Stóru-Ásgeirsá við upprekstri á Arnarvatnsheiði, milli Víðidalsár og Öxnár, án þess að borga fjalltoll. Var banninu mótmælt vegna Víðidalstungulands. Ennfremur liggja fyrir mótmæli, dags. 25. júní 1840, þar sem Jón Thorarensen í Víðidalstungu mótmælir lögfestu Jósafats Tómassonar á Stóru-Ásgeirsá, „fyrir heidarlandi þvi er hann vilji eigna sinni ábílisjördu“, sem mun hafa verið lesin upp á næsta manntalsþingi á undan á Stóru-Borg. Fram kemur í mótmælunum að Jón viti ekki til þess að Stóru-Ásgeirsá tilheyri nokkurt heiðarland. Þá liggur fyrir að þann 30. október 1840 var gerð árangurslaus tilraun til að sætta ágreining þeirra Jóns og Jósafats um upprekstur á heiðina. Deilunni lauk loks með sátt þann 1. mars 1841, en hún fól m.a. í sér að Jón leyfði Jósafat frían upprekstur á heiðina fyrir fé og hross og auk þess önnur afnot, svo sem eggjatekju, grasatekju og hrísrif. Á móti félli niður allt tilkall Jósafats til umrædds heiðarlands, sem framvegis skyldi vera „átölulaus eign Víðidalstungu“. Heimildir greina síðan frá

eignarréttarlegum ráðstöfunum eigenda Víðidalstungu á Austurheiðinni upp frá því og er merkjum Austurheiðarinnar jafnan lýst sameiginlega með landi Vesturheiðarinnar eftir þann tíma. Þann 13. maí sama ár lögfesti Jón Thorarensen land Víðidalstungu innan nánar tilgreindra landamerkja, en Austurheiðin er meðal þess sem fellur innan lýsingarinnar. Þar er um að ræða elstu merkjalýsingu þar sem Austurheiðin er tilgreind innan merkja Víðidalstungu. Þann 15. september 1875 gerðu svo ábúendur og eigendur jarðanna Stóru-Ásgeirsár og Víðidalstungu með sér samning um land og landsnytjar á Austurheiði. Þar kemur fram að Austurheiðin skuli framvegis vera „fullkominn og átölulaus eigindómur og liggjandi undir Víðidalstungu upp hjeðan í frá æfinlega“. Á móti skyldi eigandi Stóru-Ásgeirsár vera frír frá því að borga fyrir trippi þau sem hann átti og rak á Víðidalstunguheiði, auk þess sem hann skyldi hafa þar fría grasatekju fyrir sjálfan sig, meðan hann og kona hans lifðu.

Í ýmsum öðrum fyrirliggjandi heimildum frá 19. öld er Víðidalstunguheiðar (þ.m.t. Austurheiðarinnar) getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar frá árinu 1840 kemur fram að fáeinir bændur í sókninni reki fé sitt á Víðidalstunguheiði. Í jarðamatinu frá 1849 er Víðidalstunguheiði nefnd „afrjettarland“ og kemur fram að þar sé „upprekstur fyrir allan (Viðidal) Þorkelshólshrepp“, og auk þess fái fleiri utanhreppsmenn upprekstur þar fyrir fjallfé sitt. Sem fyrr segir er merkjum bæði Austurheiðarinnar og Vesturheiðarinnar lýst sameiginlega ásamt öðru landi jarðarinnar Víðidalstungu og hjáleignanna Bakkakots, Litluhlíðar og Stóruhlíðar í landamerkjabréfi, dags. 23. mars 1890, sem þinglýst var 31. maí sama ár. Þá er tekið fram í landamerkjabréfinu að „á Víðidalstunguheiði eður í Víðidalstungujörð er fjárupprekstur um allan hreppinn (Þorkelshólshrepp) út að gljúfurá [innskot ofan línu] og ljúka lamb af rekstri til þess eru sex tigir og með sama upp þaðan.“ Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur fram að búendur í Þorkelshólshreppi skuli eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði, að undanskildum tilteknum bæjum sem skyldu eiga upprekstur á Haukagilsheiði. Þá skyldu þær íbúar tiltekinna jarða í Þverárhreppi einnig eiga upprekstur á heiðina.

Með afsalsbréfi, dags. 22. ágúst 1902, seldi og afsalaði Jón Vídalín, konsúll í Reykjavík, Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu eign sína „afréttarland að Víðidalstunguheiði“. Í afsalsbréfinu kemur fram að hið selda takmarkist að sunnanverðu af afréttarlandi Borgfirðinga, er muni ná norður að Réttarvatni, og að austan af Haukagilsheiði. Austurheiðin er þannig innan marka þess svæðis sem var selt. Í þeim heimildum sem liggja fyrir frá því eftir þann tíma er svæðisins getið í tengslum við afréttarnot, sem upprekstrarlands jarða í hreppnum.

Í fyrirliggjandi heimildum er Austurheiðar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þannig er svæðisins getið í elstu heimildum sem „afréttar“ Ásgeirsárkirkju á Arnarvatnsheiði og benda þær heimildir að mati óbyggðanefndar til að það hafi á þeim tíma haft aðra stöðu en annað land jarðarinnar. Þá er Austurheiðin aðskilin frá

öðru landi Stóru-Ásgeirsár af öðrum fasteignum og liggja ekki fyrir neinar heimildir um að land jarðarinnar og heiðarinnar hafi nokkru sinni legið saman. Að mati óbyggðanefndar er verulegur munur á heimildum um annars vegar Vesturheiðina og hins vegar Austurheiðina hvað þessi atriði varðar. Engar heimildir eru um að á Austurheiði hafi nokkru sinni verið byggð eða önnur not en sumarbeit og aðrar takmarkaðar nytjar, svo sem grasatekja og veiði. Þá er svæðið hálent og, a.m.k. að mestu leyti, fjarri byggð. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Austurheiði hafi verið afrétt Ásgeirsárkirkju í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Ráðstafanir eigenda Stóru-Ásgeirsár vegna Austurheiðar á 19. öld, þ.e. með sátt þeirri sem gerð var við eiganda Víðidalstungu 1. mars 1841 og samningi við eigendur Víðidalstungu 15. september 1875, gátu ekki breytt eignarréttarlegri stöðu Austurheiðar, enda er getur sá sem ráðstafar réttindum yfir landi ekki gefið frá sér meiri réttindi en hann hefur sjálfur á sinni hendi. Þá skal í þessu sambandi áréttað að á þeim tíma var ekki lengur unnt að nema til eignar ný lönd til eignar, heldur gátu eigendalaus svæði eingöngu orðið undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli þeirra reglna sem nýbýlatilskipunin frá 1776 kvað á um. Ennfremur er ljóst, eins og fram hefur komið, að ekki er unnt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með gerð landamerkjabréfs. Gerð landamerkjabréfs Víðidalstungu árið 1890 gat því ekki breytt eignarréttarlegri stöðu Austurheiðarinnar frá því sem verið hafði. Verður því að mati óbyggðanefndar að líta svo á að Austurheiðin hafi aðra eignarréttarlega stöðu en Vesturheiðin, þrátt fyrir að vera innan afmörkunar sama landamerkjabréfs.

Eins og áður er getið um kann að hátta svo til að hluti Austurheiðar, þ.e einkum nyrsti hlutinn, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Austurheiði liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 3/2013 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna*

óbyggðanefndar, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[561]

Hvað Austurheiði varðar þá eru engar heimildir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Austurheiði getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Stóru-Ásgeirsár, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila ríkisins , sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Austurheiðar. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Austurheiði fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Austurheiði sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[562] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Húnaþings vestra.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Austurheiði, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í Bergárvatni. Þaðan er línan dregin í Öxnártjörn og Öxná síðan fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá. Þaðan er Víðidalsá fylgt þar til Sandfellskvísl fellur í hana og Sandfellskvísl síðan fylgt að fremstu upptökum hennar. Þaðan er línan dregin stystu leið til norðausturs á vatnaskil og síðan til norðurs eftir því sem vötnum hallar til vesturs í suðurenda Hraungarða. Hraungörðum er síðan fylgt til*

[561] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*
[562] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

norðurs þar til þeim sleppir. Frá norðurenda Hraungarða er línan dregin í upphafspunkt í Bergárvatni.

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Loks kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem liggur sunnan marka bæði Austurheiðar og Vesturheiðar eins og þær afmarkast samkvæmt framangreindu. Nánar tiltekið afmarkast þessi hluti ágreiningssvæðisins með eftirfarandi hætti, samanber landamerkjabréf Víðidalstungu frá 1890 og aðrar fyrirliggjandi heimildir: Af línu sem dregin er úr Bugum í Fitjá fyrir framan Geiraldsgnýpu og þaðan í Réttarvatnstanga. Frá honum ræður bein sjónhending austur undir Bláfell. Þaðan er línan dregin norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs þar til komið er á móts við fremstu upptök Sandfellskvíslar. Þaðan er línan dregin í fremstu upptök Sandfellskvíslar og þaðan í fremstu upptök Fitjár. Þaðan er Fitjá fylgt í Buga.

Sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar er eins og áður segir innan afmörkunar landamerkjabréfs Víðidalstungu frá 1890 en aftur á móti utan afmörkunar eldri heimilda á Austurheiði og Vesturheiði allt þar til á 19. öld. Mæla hinar eldri heimildir landamerkjabréfinu í mót að þessu leyti. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarréttur taki til umrædds hluta ágreiningssvæðisins fær því að mati óbyggðanefndar ekki stuðst við heimildir um afmörkun Víðidalstunguheiðar.

Engar heimildir eru um að byggð hafi nokkru sinni verið á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Elsta heimildin sem tekur til svæðisins er jarðamatið frá 1849. Þar segir m.a.: „Stórt afrjettarland fylgir þessari jörðu [þ.e. Víðidalstungu], nl. Víðidalstunguheiði; þar er upprekstur fyrir allan (Viðidal) Þorkelshólshrepp, auk þess fá fleiri utan hrepps menn hjer upprekstur fyrir fjallafje sitt; einnig ganga þar mörg stóðhross, líka er þar grasatekja“. Þá segir m.a. um merkin: „að sunnan og framan er Arnarvatn“. Afrétturinn er þannig talinn ná allt suður að Arnarvatni, sem er syðst á ágreiningssvæðinu. Svæðið er síðan innan merkjalýsingar landamerkjabréfs Víðidalstungu frá 1890, sem fyrr segir, og innan marka „afréttarlands að Víðidalstunguheiði“, sem afsalað var til Þorkelshólshrepps með afsalsbréfi, dags. 22. ágúst 1902. Í afsalsbréfinu er því lýst að svæðið takmarkist að sunnan „af afrjéttarlandi Borgfirðinga, er mun ná norður að Réttarvatni“.

Í ritinu *Göngur og réttir II* frá árinu 1949 eftir Braga Sigurjónsson er mörkum afréttarins einnig lýst suður í Arnarvatn hið Stóra og um Skammá í Réttarvatn. Fram kemur að Víðidalstunguheiði sé stórt og kjarngott afréttarland, þegar þess sé þá líka

gætt að aðeins einn hreppur, Þorkelshólshreppur, hafi nytjar þess, og það sé nær allt gróið land, þótt suðausturhlutinn sé nokkuð berangurslegur. Þá kemur fram að í leitum hafi undanreiðarmenn Víðdæla leitað fram á leitarmörk og ofan að Réttarvatni, en Vatnsdælir ofan með Norðlingafljóti að norðan, en Borgfirðingar sunnan fljótsdraga. Hafi þetta svæði allt verið smalað til Réttarvatns, ásamt hluta af Svartarhæð og sunnan Arnarvatns. Þar hafi Miðfirðingar smalað. Enn fremur kemur fram að við Réttarvatn hafi fjórir fjallkóngar hist og féð verið dregið í sundur til ársins 1948. Af þessu má sjá að leitarsvæði Víðdæla, Vatnsdæla, Miðfirðinga og Borgfirðinga náðu saman við Réttarvatn, sem er á suðurenda ágreiningssvæðisins. Í sama riti kemur fram að Stórisandur hafi verið smalaður og samleit verið með Víðdælingum og Vatnsdælum norður Sandinn. Segir að Réttarvatn sé miðdepill stórra leitarsvæði og þangað smali Fljótsdragamenn, Víðdælingar, Miðfirðingar og annar leitarflokkur Borgfirðinga. Í þætti um Víðidalstunguheiði eftir Sigurð J. Líndal á Lækjarmóti, sem birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989, kemur fram að vesturhluti Stórasands tilheyri Víðidalstunguheiði, en hann sé ekki gróinn nema að litlum hluta.

Í fyrirliggjandi heimildum er a.m.k. hluta af því svæði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið hafi verið afrétt í þeim skilningi að það hafi verið undirorpið óbeinum eignarréttindum fremur en beinum eignarrétti. Eins og notkun svæðisins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem liggur sunnan við merki Austurheiðar og Vesturheiðar, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, en innan marka landamerkjabréfs Víðidalstungu frá 1890, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[563] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Húnaþings vestra.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Þykir því ekki tilefni til að líta svo á að um eignarréttarlega aðgreiningu sé að ræða, hvað afréttareignina varðar, milli vestasta hluta Stórasands og þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, enda eru ekki skörp skil þar á milli og heimildir benda ekki til slíkrar aðgreiningar. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla

[563] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði sunnan Víðidalstunguheiðar, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í Réttarvatnstanga. Frá honum er línan dregin til norðurs í Geiraldsgnýpu og áfram í sömu stefnu í Fitjá. Þaðan er Fitjá fylgt til austurs allt til fremstu upptaka. Frá fremstu upptökum Fitjár er línan dregin beina stefnu í fremstu upptök Sandfellskvíslar og þaðan áfram stystu leið til norðausturs að vatnaskilum. Þaðan er línan dregin suður heiðina eftir því sem vötnum hallar til vesturs þar til komið er vestur fyrir Bláfell. Frá þeim stað ræður bein sjónhending í upphafspunkt í Réttarvatnstanga.*

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.4 Aðalbólsheiði

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur er Aðalbólsheiði. Þá hefur norðvestur hluti ágreiningssvæðisins verið nefndur Lambatungur í ýmsum eldri heimildum, en sá hluti fellur innan ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Sveitarfélagið Húnaþing vestra gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði þar sem hér um ræðir er víðfeðmt og fremur flatlent hálendissvæði sem liggur inn af Austurárdal í Húnaþingi vestra í um 300−600 m y.s. Afmarkast svæðið af ágreiningssvæði vegna Efranúpsheiðar að vestan og Víðidalstunguheiðar að austan. Að norðan liggja jarðirnar Bjargarstaðir og Aðalból en að sunnan afmarkast svæðið að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu. Norðvestan til á ágreiningssvæðinu liggja nokkuð grónar Lambatungur sem afmarkast af Þorvaldsá að vestan og Austurá að austan. Á Lambatungum liggur Tungukollur (498 m y.s.). Landsvæði það sem hér um ræðir er að miklu leyti gróið og þar eru víða vötn, tjarnir og flóar. Ber þar helst að nefna Arnarvatn hið stóra sem liggur nærri suður- og austurmörkum ágreiningssvæðisins. Réttarvatn er þar skammt frá, nánar tiltekið á suðausturhorni ágreiningssvæðisins og fellur að hluta til innan þess. Er

ágreiningssvæðið mjóst nyrst en breikkar nokkuð eftir því sem sunnan dregur. Frá nyrsta punkti Hlíðarvatns í ármót Þorvaldsár og Austurár eru 18 km, mælt í beinni loftlínu.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttur. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar eru ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Að því er varðar Aðalbólsheiði sérstaklega er því haldið fram að heimildir bendi til þess að svæðið hafi legið utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttur, eða, hafi svæðið verið numið í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar, heldur hafi svæðið eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota og með tímanum orðið samnotaafrétt aðliggjandi jarða. Ritaðar heimildir bendi til þess að þar hafi aldrei verið byggð og að svæðið hafi frá örófi alda verið nýtt sem afréttarland, enda landfræðileg lega og staðhættir þannig að annað væri nær ómögulegt. Máli sínu til stuðnings, vísar íslenska ríkið til sýslu- og sóknarlýsingar Húnavatnssýslu, en þar er tekið fram að Aðalbólsheiði sé ein af þremur heiðum sem teygir sig suður á Tvídægru, sem sé afréttarland Miðfirðinga, sem og til ritsins *Göngur og réttir* þar sem Aðalbólsheiði er lýst sem afréttarlandi sem og til frumvarps frá 1894 til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu. Þá er byggt á því að þrátt fyrir að heimildir greini á um að heiðarlandið tilheyrði jörðinni Aðalbóli, þá bendi það fremur til óbeins eignarréttar, heldur en beins eignarréttar. Því til stuðnings er vísað til dóma sem gengið hafa um sambærileg svæði, þ.e. dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66/1996 (Auðkúluheiði) og 67/1996 (Eyvindarstaðaheiði).

Af hálfu Sveitarfélagsins Húnaþings vestra, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms. Það sé að hluta umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafa verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms og engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Aðallega er byggt á landamerkjabréfi Aðalbóls sem er ódagsett en þinglýst 7. júní 1892. Byggt er á ýmsum fornum jarðaskjölum og eignarheimildum um landsvæðið, einkum og sér í lagi lagaumboði Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 9. apríl 1597 um byggingu Aðalbóls í Austurárdal, kaupbréfi fyrir Aðalbóli frá 21. október 1864 ásamt skjölum

varðandi aðdraganda og sölu Aðalbólsheiðar og afsalsbréfi þar um frá 27. október 1896. Þá er byggt á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að jörð, eða þau landsvæði sem áður voru með óyggjandi hætti hluti af jörð samkvæmt eldri heimildum, teljist til eignarlanda. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Því til stuðnings er vísað til fyrri fordæma Hæstaréttar, m.a. dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð). Þá er sérstaklega vísað til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í því sambandi þó hluti jarðarinnar hafi seinna verið seldur frá henni sem sérstakt afréttarland. Er byggt á meginreglu íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti, eins og staðfest hafi verið meðal annars í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 í máli nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur).

Þá telur gagnaðili ríkisins að um sé að ræða afréttarland sem hafi verið einkaland ákveðinnar jarðar sem seinna var keypt af hreppsfélögunum til almennra afréttarnota fyrir byggðarmenn. Því til sönnunar liggi m.a. fyrir þinglesin afsöl, umsagnir staðkunnugra manna um landsvæðin, ásamt öðrum lýsingum í eldri heimildum. Gagnaðili ríkisins bendir á að í landamerkjabréfum fyrir umdeilt landsvæði hafi verið árituð um samþykki aðliggjandi jarða, bréfin þinglesin og skráð í merkjabók. Þá er talið að ýmis gögn liggi fyrir til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfum, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðunum. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að sveitarfélagið Húnaþing vestra festi kaup á landsvæðinu. Bent er á að notkun heiðarinnar í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að hún flokkist til svokallaðra almenningsafrétta og að hún hafi ekki staðið almenningi til afnota nema gegn gjaldi.

Þá megi ráða af Landnámu að allt land á hinu umdeilda svæði hafi verið numið, og að landnám hafi verið samfellt. Þá er bent á að Landnáma hafi í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti samanber dóma Hæstaréttar frá 31. október 1960 í máli nr. 141/1960 (Skeljabrekka) og 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland). Gagnaðili ríkisins bendir þó á að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Landsvæðið er talið vera heiðarland og því hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Það telur hann einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, samanber meðal annars dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum) um að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Þá er vísað til þess að þó svo að heimalönd jarða kunni að vera mjög víðfeðm, hafi þau engu að síður verið talin eignarlönd, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskustungum) og dóm Hæstaréttar frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð) o.fl.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins jafnframt til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og að sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafa um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Þá er jafnframt byggt á að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem það verði ekki svipt án bóta. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg málefni hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Þá byggir gagnaðili ríkisins á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þá njóti þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Aðalbóls og Aðalbólsheiðar er rakin í kafla 5.3 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til síðari hluta 16. aldar, má ráða að Aðalból hafi verið sjálfstæð jörð[564] og Aðalbólsheiði hafi tilheyrt henni. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Aðalbóls liggur að ágreiningssvæðinu í máli þessu en það hvort Aðalbólsheiði hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Elsta heimild sem getur um Aðalból er máldagi Efranúpskirkju (Gnúpskirkju) frá árinu 1318, en samkvæmt honum var þá bænhús á Aðalbóli sem lá til Gnúpskirkju. Þá er Aðalból talið með jarðagóssi Hólakirkju í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land. Í kaupbréfi Hrafns Jónssonar og Þorsteins Jónssonar frá 9. september árið 1448 fyrir nokkrum jörðum í Húnaþingi var jörðin Efri-Núpur í Núpsdal þar á meðal. Mörkum jarðarinnar gagnvart Aðalbóli er lýst eftirfarandi í kaupbréfinu: „ ... so riettsýne austur i kastala. þa rædur þorvalldzá framm j þorvalldzvatn. so til motz vid adalbool. og so sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn.“ Í kaupbréfi Ásgríms ábóta á Þingeyrum og Jóns bónda Sigmundssonar frá árinu 1493 eru landamerki Efri-Núps gagnvart ágreiningssvæðinu lýst með samskonar hætti. Í fyrrgreindum kaupbréfum er þannig merkjum lýst gagnvart Aðalbóli en Aðalbólsheiði ekki tiltekin sérstaklega, þó ljóst sé af merkjalýsingunni að átt er við merki gagnvart heiðinni.

Elsta heimild sem ótvírætt tekur til ágreiningssvæðisins er máldagi Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, sem

[564] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

segir að Gnúps kirkja eigi skálagerð tveimur mönnum, eður rúm í skála við Arnarvatn og eldivið sem þarfnast, tveimur mönnum og tveggja króka hald í vatnið. Aðalbólsheiði er þó ekki nefnd með því nafni í framangreindri heimild, en Arnarvatn stóra liggur innan ágreiningssvæðisins, við suðaustur horn þess. Fyrsta heimildin er nefnir Aðabólsheiði með því nafni er bréf Guðbrands biskups Þorlákssonar, dags. 9. apríl 1597, þar sem hann staðfestir lagaumboð sitt til Ingjalds Illugasonar um að hann megi byggja Aðalból í Austurárdal. Í bréfinu segir að Ingjaldur skuli hafa jörðina hvort sem er til umboðs eða ábýlis með Skárastöðum og Lambatungum milli Austurár og Þorvaldsár, alla Aðalbólsheiði, sem að fornu fylgt hefur fyrir „veniuliga sio agillda landskylld“. Ekki er getið frekar um merki í bréfinu. Í kaupbréfi fyrir Aðalbóli og Skárastöðum í Miðfirði, dagsettu 21. október 1864 kemur fram að heiðarlandið fylgi Aðalbóli en Skárastaðaábúandi hafi þar frían upprekstur. Í landamerkjabréfi Aðalbóls sem er ódagsett en þinglýst 7. júní 1892 er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum ágreiningssvæðisins en í því er merkjum lýst heildstætt að landi heiðarinnar meðtöldu og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind þar eða afmörkuð frá heimalandi. Árið 1896 var heiðarland Aðalbóls selt til upprekstrarfélags Miðfirðinga. Í afsalinu segir að afsalað sé heiðarlandi því sem fylgt hefur nefndri jörð og er merkjalína milli heiðarlands og nefndrar jarðar tilgreind, lína úr syðri Hestakrókamel við Fitjá beina sjónhendingu í Skriðuhvamm við Austurá. Undir lok 19. aldar og á fyrri hluta þeirrar 20., hafa sveitarfélögin keypt upp fjölda jarða umhverfis ágreiningssvæðið og nýtt þær til upprekstrar. Jörð Aðalbóls liggur í dag að Aðalbólsheiði á norðurmörkum heiðarinnar en er utan við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar.

Málsaðilar byggja báðir afmörkun kröfusvæðisins einkum á landamerkjabréfi Aðalbóls frá 7. júní 1892 ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða. Lýsing merkja í landamerkjabréfinu fellur þó ekki saman við kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendumörk í máli þessu hvað varðar norðurmörk ágreiningssvæðisins, virðist kröfulína ríkisins vera sambærileg við lýsingu í afsali heiðarinnar 1896 um mörk milli heiðarlandsins og jarðarinnar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er varða ágreiningssvæðið er lýst í landamerkjabréfi Aðalbóls og fyrrgreindu afsali Aðalbólsheiðar. Jafnframt verður litið til annarra heimilda er geta til um merki ágreiningssvæðisins. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Norðan við ágreiningssvæðið er óumdeilt eignarland Aðalbóls, vestan við er annars vegar óumdeilt eignarland jarðarinnar Bjargarstaða og hins vegar ágreiningssvæði vegna Efranúpsheiðar en fjallað er sérstaklega um það landsvæði í kafla 6.5. Austan við er ágreiningssvæði vegna Víðidalstunguheiðar en fjallað er sérstaklega um það landsvæði í kafla 6.3. Sunnan við er ágreiningssvæði í máli 3/2014 á svæði 8 vestur sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd og falla suðurmörk ágreiningssvæðis vegna Aðalbólsheiðar saman við afmörkun svonefnds svæðis 8 norður til suðurs gagnvart

svæði 8 vesturs hjá óbyggðanefnd. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Aðalbólsheiðar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Aðalbóls er lýst svo í landamerkjabréfi Aðalbóls sem þinglýst var 7. júní 1892: „Að norðan ræður Haugslækur þar til hann beygist í landnorður, fyrir norðan svo nefndan Sýkishól, þá bein stefna í tvo steina með litlu millibili, er standa á svo kölluðum Bruna og sama stefna austur í Fitjá … “. Í landamerkjabréfinu er norðurmörkunum lýst mun norðar en ágreiningssvæðið nær í máli þessu, enda merkjum heiðarinnar lýst þar sameiginlega með öðru landi jarðarinnar Aðalbóls. Kemur landamerkjabréfið því ekki til frekari skoðunar hér hvað varðar merki ágreiningssvæðisins til norðurs. Í afsalsbréfi fyrir heiðarlandi Aðalbóls til upprekstrarfélags Miðfirðinga, dags. 27. október 1896, er merkjalína milli heiðarlands og Aðalbóls sögð vera lína úr syðri Hestakrókamel við Fitjá beina sjónhendingu í Skriðuhvamm við Austurá.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er afmörkun miðuð við að Fitjá sé fylgt að Hestakrókum og þaðan farið beint í Fanngil að Austurá. Þá segir í kröfulýsingunni að í landamerkjabréfi fyrir jörðina Aðalból séu Hestakrókar norðausturmerki Aðalbólsheiðarinnar og að Fanngil að Austurá sé skv. lýsingum í rituðum heimildum sögð vera norðurmörk heiðarinnar. Framangreind afmörkun fær ekki staðist miðað við orðalag landamerkjabréfs Aðalbóls sem vísað er til. Sýnist kröfulína ríkisins á norðurmörkunum vera miðuð við þá línu sem dregin var í afsalsbréfi fyrir Aðalbólsheiði þegar hún var seld árið 1896. Gagnaðili íslenska ríkisins byggir sem fyrr segir á landamerkjabréfi Aðalbóls frá 1892 og því liggja norðurmörk kröfu gagnaðila íslenska ríkisins töluvert norðar en þjóðlendukrafa ríkisins nær til þess svæðis sem selt var frá Aðalbóli árið 1896.

Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Aðalbólsheiði og eignarheimild er sögð afsal frá 27. okt. 1896. Norðurmerkjum er lýst svo: „Úr fremri ósnum á Þorvaldsá ræður Þorvaldsá ofan í Austurá. Þá ræður Austurá að Skriðuhvammi. Frá Skriðuhvammi ræður bein lína í áðurnefndan syðri Hestakrókamel við Fitjaá og er það hornmerki Aðalbólsheiðar að norðan og austan.“. Í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* birtist ítarleg samantekt um örnefni á Aðalbólsheiði eftir Benedikt Jónsson á Aðalbóli árið 1936. Í samantektinni segir að merki milli Aðalbóls og afréttar sé Fanngil, liggi það frá austri til vesturs, ofan í Austurá. Í þætti Aðalbjörns Benediktssonar um Aðalbólsheiði sem birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 segir að norðurmörkin séu við heimaland Aðalbóls, Bjargarstaða og Efri-Núps.

Norðan við Aðalbólsheiði liggur sem fyrr segir jörðin Aðalból en í landamerkjabréfi jarðarinnar er merkjum hennar og heiðarinnar lýst heildstætt. Í afsali fyrir heiðarlandi Aðalbóls til upprekstrarfélags Miðfirðinga þann 27. október 1896

segir: „ … er merkjalína milli heiðarlands þessa og nefndrar jarðar, lína úr syðri Hestakrókamel við Fitjá beina sjónhendingu í Skriðuhvamm við Austurá.“

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Aðalbólsheiðar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem greint er frá í afsali fyrir Aðalbólsheiði frá árinu 1896, þ.e. lína úr syðri Hestakrókamel við Fitjá beina sjónhendingu í Skriðuhvamm við Austurá. Sú afmörkun er að mati óbyggðanefndar í samræmi við afmörkun málsaðila á Aðalbólsheiði til norðurs.

Austurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Aðalbóls sem þinglýst var 7. júní 1892: „ … austur í Fitjá, þá ræður Fitjá alla leið, þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum, þá bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf fram í rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga … “.

Í inngangi að sóknarlýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar frá árinu 1840 segir um Tvídægru (Aðalbóls-, Efra-Núps- og Húksheiði) að landamörk þessara heiða nái að sögn suður að Arnarvatni. Í riti Páls Kolka, *Föðurtún*, frá 1950 er í kafla um heiðar í Húnavatnssýslu eru þær taldar austan frá; Víðidalstunguheiði sem nái að Fitjá og þá Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1962 segir um merkin milli Aðalbólsheiðar og Víðdalstunguheiðar: „Úr Réttarvatnstanga eru merkin í sjónhending um hánípur í Geiradalsgnípum, og þaðan í Fremstakrók í Fitjá. Þá ræður Fitjá norður undir Hestakróka, og þar mun vera norðausturhorn Aðalbólsheiðar. Þaðan eru merkin beint í vestur í Fanngil, svo í Austurá skammt fyrir sunnan núverandi heiðargirðingu.“. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Aðalbólsheiði og eignarheimild er sögð afsal frá 27. okt. 1896. Austurmerkjum er lýst svo: „Fitjaá ræður frá syðri Hestakrókamel alla leið þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum. Þá ræður bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf, fram í Réttarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga og er það hornmerki heiðarinnar að austan og sunnan.“. Í ritinu *Göngum og réttum II*, frá árinu 1949, segir um leitarlönd Miðfirðinga að þau séu norðurhelmingur Tvídægru og austan við sé leitarsvæði Víðdæla en Fitjá sé þar markalína suður í Fitjárdrög en þaðan liggi mörkin suður í Arnarvatn hið stóra. Í þætti Aðalbjörns Benediktssonar um Aðalbólsheiði sem birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 segir að Aðalbólsheiði liggi að Víðidalstunguheiði að austan. Þá segir einnig að Fitjá sé á mörkum Aðalbóls- og Víðidalstunguheiðar þegar norðar kemur á heiðina. Hún falli um Fitjárvatn og til Víðidals.

Austan við Aðalbólsheiði liggur ágreiningssvæði vegna Víðidalstunguheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.3. Í landmerkjabréfi fyrir Víðidalstungu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð og Víðidalstunguheiði frá 1890, er vesturmerkjum lýst svo: „Fitjá fram í Buga, fyrir norðan Geiraldsgnýpu, þá þaðan

bein sjónhending suður í Geiraldsgnýpu, og þaðan í Rjettarvatnstanga.“ Niðurstaða óbyggðanefndar, samanber kafla 6.3, er sú að ágreiningssvæðið vegna Víðidalstunguheiðar falli innan lýsingar landamerkjabréfsins á Víðidalstunguheiði. Eldri heimildir styddu aftur á móti ekki þá afmörkun lengra til suðurs en sem nemur upptökum Fitjár. Umræddar heimildir um Víðidalstungheiði mæla þó að mati óbyggðanefndar ekki gegn því að land Aðalbóls hafi afmarkast til austurs með þeim hætti sem gagnaðilar íslenska ríkisins í máli þessu byggja á.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Aðalbólsheiðar til austurs hafi verið með þeim hætti sem greint er frá í heimildum og kröfulýsingum aðila, þ.e. frá Hestkrókamel eftir Fitjá alla leið þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum, þá bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálf fram í Réttarvatn og bein stefna yfir það fram í Réttarvatnstanga.

Suðurmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Aðalbóls sem þinglýst var 7. júní 1892: „ … [í rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjársundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga,] þá vestur hæðir bein stefna í stein merktan L.M. sem stendur á svo kallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra þaðan bein stefna norðan til yfir Gunnarssonvatn vestur norðanvert með Hlíðarvatni beina stefnu vestur heiði og yfir Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávaðavatn … “.

Í inngangi að sóknarlýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar frá árinu 1840 segir um Tvídægru (Aðalbóls-, Efra-Núps- og Húksheiði) „Landamörk þessara heiða ná að sögn suður að Arnarvatni, undir Stóra-Sandi, síðan vestur eftir grjóthryggjum eður grjótgörðum, móts við Hvítársíðumenn, allt að tanga þeim, sem gengur austur úr miðjum Vatnaflóa … “. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Aðalbólsheiði og eignarheimild er sögð afsal frá 27. okt. 1896. Suðurmerkjum er lýst svo: „Úr Fjársundurdráttartanga vestur hæðir, bein stefna í stein merktan L.M., sem þýðir landamerki og stendur hann á svokallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra. Þaðan ræður bein stefna norðan til yfir Gunnarssonavatn vestur í Hlíðarvatn að norðan, þaðan bein stefna vestur heiði og yfir Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavatn og er það hornmerki heiðarinnar að sunnan og vestan.“. Í þætti Aðalbjörns Benediktssonar um Aðalbólsheiði sem birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 segir að Aðalbólsheiði liggi móti afrétt Borgfirðinga að sunnan.

Sunnan við er ágreiningssvæði í máli 3/2014 á svæði 8 vestur sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Aðalbólsheiðar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem greint er frá í heimildum og byggt er á í kröfulýsingum aðila, þ.e. úr Réttarvatnstanga bein stefna í stein merktan L.M., sem þýðir landamerki og stendur hann á svokallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra. Þaðan ræður bein stefna norðan til yfir Gunnarssonavatn vestur í

Hlíðarvatn að norðan, þaðan bein stefna vestur heiði og yfir Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavatn.

Vesturmerkjum er lýst svo í landamerkjabréfi Aðalbóls sem þinglýst var 7. júní 1892: „ … [rjett fyrir ofan Hávaðavatn,] þaðan beina stefnu norður yfir Hraungarða, ofantil yfir Dýjaskurði, beina stefnu fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni, þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá, svo ræður Þorvaldsá ofan í Austurá … „

Í kaupbréfi frá 9. september 1448 um jörðina Efri-Núp er austumerkjum Efri-Núps gagnvart vesturmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „[i kastala.] þa rædur þorvalldzá framm j þorvalldzvatn. so til motz vid adalbool. og so sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn.“ Var kaupbréf þetta lesið upp á manntalsþingi á Torfustöðum árið 1723, á áreiðarþingi að Skriðnesenni 1724 og í lögréttu þann 13. júlí 1726. Þá var lesinn upp útdráttur úr máldaga Efranúps frá 1448 á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 og útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins en í honum segir um merki Efranúps móts við Aðalból: „ ... svo réttsýni austur í Kastala; þá ræður Þorvaldsá fram í Þorvaldsvatn, svo til móts við Aðalból, og svo suður að fjölvörðum og mikla hvannstóð við sunnanmenn.“ Í kaupbréfi frá árinu 1493 fyrir jörðinni Efri-Núpi er austumerkjum Efri-Núps gagnvart vesturmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „[j Kastala.] þa rædur Þorvalldsa fram j Þorvalldsvatn. suo til mots vid adalbol og suo sudur ad fialvordum og mikla huannstod vid sunnanmenn … “ Var kaupbréf þetta lesið upp á manntalsþingi á Torfustöðum árið 1723. Í landamerkjabréfi Efranúpsheiðar sem útbúið var 16. febrúar 1891 og þinglesið 7. júní 1892 er merkjum heiðarinnar að austan gagnvart Aðalbólsheiði lýst með eftirfarandi hætti: „Að austan milli Aðalbólsheiðar ræður Þorvaldsá frá svo nefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn, þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávarðavötn, frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur … “. Bréfið var samþykkt af Sigurði Benediktssyni eiganda Aðalbóls ásamt öðrum er málið varðaði.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962, segir Benedikt Jónsson á Aðalbóli svo frá merkjum milli Núpsheiðar og Aðalbólsheiðar: „Merkin eru í norður frá Hávaðavatni, ofan til við Dýjaskurði í suðvesturhornið á Þorvaldsvatni, svo ræður Þorvaldsá, þangað til hún rennur í Austurá skammt fyrir sunnan Aðalbreið.“. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Aðalbólsheiði og eignarheimild er sögð afsal frá 27. okt. 1896. Vesturmerkjum er lýst svo: „Frá Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavatn ræður bein stefna norður yfir Hraungarða, ofan til yfir Dýjaskurði og bein stefna fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni og

þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.“.

Vestan Aðalbólsheiðar liggur sem fyrr segir annars vegar jörðin Bjargarstaðir á norðanverðum vesturmörkum og hins vegar ágreiningssvæði vegna Efranúpsheiðar. Landamerkjabréf Bjargastaða var útbúið 2. júní 1890 og þinglesið tveimur dögum síðar en mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu er lýst svo. „ … [þá ræður austasti farvegur Austurár, þar til Þorvaldsá fellur í hana,] þaðan ræður Þorvaldsá fram að áður greindum Kastala.“ Er sú merkjalýsing í samræmi við kröfulínur aðila í máli þessu. Þess ber að geta að fyrr á tímum var jörðin Hreiðarstaðir sunnarlega á landsvæði því sem nú tilheyrir jörðinni Bjargarstöðum og lá að landsvæði því er nefnist Lambatungur sem er innan ágreiningssvæðisins. Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Hreiðarstaði en í landamerkjabréfi Bjargarstaða frá 1890 sem getið er um hér að framan er merkjum lýst yfir það landsvæði sem heimildir greina að hafi áður verið Hreiðarstaðir. Fjallað er sérstaklega um ágreiningssvæði vegna Efranúpsheiðar í kafla 6.5. Í umfjöllun um svæðið var það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deildu um félli innan lýsingar á Efranúpsheiði, svo langt sem hún næði, væri tekið mið af eldri heimildum, staðháttum og heimildum um afmörkun aðliggjandi landsvæða. Um þá afmörkun vísast til þeirrar úrlausnar en hún kemur einungis til skoðunar hér hvað varðar austurmörk Efranúpsheiðar gagnvart Aðalbólsheiði. Í niðurstöðu óbyggðarnefndar var þeim merkjum lýst með þeim hætti að frá Kastala ræður Þorvaldsá fram í Þorvaldsvatn. Þaðan bein lína yfir vatnið suður á heiði ofan til við Dýjaskurði, þaðan beina stefnu yfir hraungarða að Strípalónslæk rétt ofan við Hávaðavatn. Í tilviki Aðalbólsheiðar er þessum merkjum lýst með sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Aðalbólsheiðar til austurs hafi verið með þeim hætti sem greint er frá í heimildum og kröfulýsingum aðila, þ.e. frá Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavatn beina stefnu norður yfir Hraungarða, ofan til yfir Dýjaskurði, og beina stefnu fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni og þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá. Þá ræður Þorvaldsá ofan í Austurá.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Aðalbólsheiði sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu

landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Upprekstrarfélags Miðfirðinga á Aðalbólsheiði 1896 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Aðalbólsheiði hafi verið hluti af landi jarðarinnar Aðalbóls, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afréttur hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að

hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Aðalbólsheiði birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa, sbr. hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.3. Elsta heimild sem getur um Aðalból er máldagi Efrinúpskirkju (Gnúpskirkju) frá árinu 1318 en samkvæmt honum var þá bænhús á Aðalbóli sem lá til Gnúpskirkju. Elsta heimild sem getur um ítök á ágreiningssvæðinu er máldagi Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, sem segir að Gnúps kirkja eigi skálagerð tveimur mönnum, eður rúm í skála við Arnarvatn og eldivið sem þarfnast, tveimur mönnum og tveggja króka hald í vatnið. Heiðin er þó ekki nefnd með nafni í framangreindri heimild, en sem fyrr segir er Arnarvatn stóra á ágreiningssvæðinu.

Þann 9. september árið 1448, seldi Hrafn Jónsson Þorsteini Jónssyni, nokkrar jarðir í Húnaþingi. Á meðal þeirra var Efrinúpur í Núpsdal. Mörkum hans gagnvart Aðalbóli er lýst eftirfarandi í kaupbréfinu: „ ... so riettsýne austur i kastala. þa rædur þorvalldzá framm j þorvalldzvatn. so til motz vid adalbool. og so sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn.“ Var kaupbréf þetta lesið upp á manntalsþingi á Torfustöðum árið 1723, á áreiðarþingi að Skriðnesenni 1724 og í lögréttu þann 13. júlí 1726. Þá var lesinn upp útdráttur úr máldaga Efranúps frá 1448 á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 og útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins en í honum segir um merki Efranúps móts við Aðalból: „ ... svo réttsýni austur í Kastala; þá ræður Þorvaldsá fram í Þorvaldsvatn, svo til móts við Aðalból, og svo suður að fjölvörðum og mikla hvannstóð við sunnanmenn.“ Í kaupbréfi Ásgríms ábóta á Þingeyrum og Jóns bónda Sigmundssonar frá árinu 1493 eru tilgreind landamerki Efranúps á móts við Aðalból, eftirfarandi: „ ... suo riettsyne austur j Kastala. þa rædur Þorvalldsa fram j Þorvalldsvatn. suo til mots vid adalbol og suo sudur ad fialvordum og mikla huannstod vid sunnanmenn j austurfloa ... “ . Var kaupbréf þetta lesið upp á manntalsþingi á Torfustöðum árið 1723.

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er Aðalból talið með jarðagóssi Hólakirkju ásamt Bjargarstöðum en ekki er getið um heiðina.

Í Stofnun Árna Magnússonar hafa varðveist afrit af nokkrum vitnisburðum um lambatolla Aðalbóls í Austurárdal frá síðari hluta 16. aldar sem herma að Aðalból hafi tekið lambatolla af öllum sem ráku „á tunguna milli Austurár og Þorvaldsár“ og að Aðalból ætti þá heiði án alls vafa. Í vitnisburði Sigurðar Sigurðssonar frá 1586 segir hann að hann hafi verið fæddur, vistfastur og búandi í Víðidal og Miðfirði en hann væri nú nær áttræðu. Í vitnisburðinum segir svo: „ … hefe heyrt rædt af mier elldre mönnum, og so vitad hallded, ad Jörden Adalból hefde teked alla lambatolla af öllum þeim mönnum, sem ráku á túnguna mille Austur ár, og Þorvalldsár, og þar voru

eingenn tvjmæle á j mýnum uppvexte, ad adalból ætte eige þá heide án alls efa edur tvimæles. Vissa eg med sannendum, og so heyrda eg rædt af mier Elldre mönnum, ad Rekstrar hafa leigid ad fornu úr Midfirdi fyrer austan Midfiardará, framm á Adalbólsheide, og eg vissa allt þar til ad sýra Biörn vard eigande ad Reykium, þá tóku Adalbóls menn alla lambatolla af öllum þeim sem ráku.“ Í vitnisburði Sigmundar Jónssonar frá 4. apríl 1587 segir um heiðina: „eg hefe uppalest á Mel i Midfirde, og hier leingst vered, bæde vistfastur, og so búande i þessare sveit, vel i Lx. ár. Hef eg heyrt þad rædt af mier eldre mönnum, og so vitad hallded, ad Jörden Adalból hefde teked alla lambatolla af öllum þeim mönnum, sem ráku á tunguna mille austurár og Þorvallds ár, og þar um voru eingin tvimæle j mýnum uppvexte, ad Adalból ætte ej þá heide án alls efa, edur tvimæles. So og hefe eg vitad med sannendum ad Rekstrar hafa leiged til forna úr Midfirde fyrer austan framm á þessa fyrrgreinda Adalbólsheide, og tóku Adalbóls menn tolla af öllum þeim mönnum, sem ráku i þetta fyrrgreint takmark, allt þángad til sýra Biörn heitenn Jónsson vard eigande ad Reykium i Midfirde.“. Magnús Hellkelsson bar þess vitni þann 5. maí 1588 að hann hefði heyrt móður sína Guðrúnu Bjarnadóttur lýsa því oft fyrir honum að faðir hennar Bjarni Oddsson hefði búið á Aðalbóli í Miðfirði þá tíð er hún var í uppvexti hjá honum og hann tekið lambatolla af Aðalbólsheiði og engir menn hefðu í þá tíð þar á móti talað. Hafi hún verið vel áttræð að aldri þegar hún dó. Þá gaf Eiríkur prestur Magnússon svofelldan vitnisburð um lambatolla af Aðalbóls afrétt þann 5. apríl 1598: „Medkienne Eg Eirikur prestur Magnússon, ad eg kom 14 vetra gamall i Midfiörd, og hefe þar tilvitad allt sýdann, og vissa eg fyrer full sannende ad Rekstrar voru á Adalbólsheide úr Midfirde austan framm, á Tunguna mille Austur ár og Þorvaldsár, og alldrei tóku Reykia menn neinn toll af þeirre heide vegna Hreidastada i þann týma, ad mýnu vite, eda so eg heyrdi gietid, helldur Adalbólsmenn, og alldrei heyrde eg þar tvimæle á leika i þann týma, og ecke fyr enn eg heyrde nú seirna gieted Brefa þeirra sem Guöndur á Reykium skal nú med fara.“ Í fyrrgreindum vitnisburðum er þannig ýmist fjallað um tunguna milli Þorvaldsár og Austurár og eða Aðalbólsheiði. Ekki liggur fyrir af hvaða tilefni þessara vitnisburða var aflað en leiða má líkum að því að það hafi verið í aðdraganda dóms sem féll 26. september 1621 og fjallaði um upprekstur á Lambatungur í Austurárdal. Þá var einnig vísað til ofangreindra vitnisburða í 12 bænda dómi frá 1705 en fjallað er um þessa dóma hér síðar.

Þann 9. apríl árið 1597, staðfesti Guðbrandur biskup Þorláksson lagaumboð sitt til Ingjalds Illugasonar, um að Ingjaldur mætti byggja Aðalból í Austurárdal. Í bréfinu segir: „Medkienne eg Gudbrandur Thorlaksson med þessu mijnu opnu brefe, ad eg hefe giefid Jngiallde Jllugasyne lagaummbod til ad biggia Adalbol j Austurárdal med vj kugilldum Petri Þorsteinssyni, sem þar býr nu, næsta ár, og það leingur sem Jngialldur vill ecki flitia sig þangað epter þessare biggingu sem eg bigdi honum j haust á Holumm, skal Jngialldur jordina hafa, huort sem er til ummbodz eða abylis med Skarastodumm og Lambatungumm millum Austurár og Þorvallzár, og alla

Aðalbólsheidi, sem ad fornu filgt hefur fyrir veniuliga sio agillda landskylld, enn rade auraskipte vid þann sem hann bigger umm þriggia daga slatt fyrir adrar xx alner. Skal Jngialldur heimta og hafa lambatolla under Adalból sem ad fornu hafa verið med minne tilsiá og adstod suo sem hann lofad hefur.“ Hinn 25. febrúar 1601 gaf Þórður Þorláksson vitnisburð þar sem fram kemur að almennir rekstrar í tíð móður hans, hafi verið á Aðalbólsheiði en hún hefði aldrei heyrt nefnda Hreiðarstaðaheiði.

Þann 26. september árið 1621 dæmdu sex menn, nefndir af kóngsins sýslumanni í Húnavatnssýslu, í máli er varðaði lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði. Gissur prestur Gamlason og Ingjaldur bóndi Illugason kvörtuðu undan að sumir bændur í Miðfirði vildu ekki halda upp lögrekstrum og fjallgöngum til afréttar þeirrar er þeir ættu meðgjörð með og töldu þeir skaða af bíða. Fyrir réttinn komu Bessi Sigurðarson, Andrés Halss, sem og allmargir þingmenn er báru um það að lögrekstur hefði verið allan þann tíma er þeir hefðu tilvitað, sem var meira en 30 ár, á Lambatungur í Austurárdal úr Miðfirði austan fram og úr Núpsdal, en á Húksheiði úr Húksdal. Sama sögðust fyrrgreindir menn hafa heyrt af sér eldri mönnum. Í dómnum segir svo: „ … dæmdum vér með fullu dóms atkvæði: alla búend[u]r í ád[u]rskrifuðu takmarki skilduga að reka fé sitt á þessar tvær afréttir ádurgreindar Lambatúngur i Aust[u]rárdal og Húksheiði eptir laganna hljóðan og hreppstjóra skikkun … “. Sömuleiðis að gjalda fyrir það lambatolla. Dómurinn var síðar lesinn upp á manntalsþingum að Torfustöðum árin 1676, 1694, 1702, 1712, 1719, 1733 og 1753. Auk þess var hann einnig lesinn upp á manntalsþingum að Melstað árin 1838 og 1842 og að Svarðbæli árið 1879.

Þann 22. desember 1628, meðkenndi séra Arngrímur Jónsson, að honum hafði um haustið sama ár verið afhent innstæða dómkirkjunnar, með þeim sjö jörðum Hólastóls sem lágu í Húnavatnssýslu, er konungur hafði léð honum, með kúm og ám. Á meðal þessara jarða var Aðalból, en ekki getur séra Arngrímur um afrétt þar að lútandi. Með bréfi, dags. 16. desember 1673, gerði Gísli biskup Þorláksson það vitanlegt, að hann hefði fengið konungsbréf um að hann skyldi taka á ný undir Hólastól þær dómkirkjujarðir sem léðar höfðu verið séra Arngrími Jónssyni. Þeirra á meðal er Aðalból, en ekkert segir um afrétt eða afréttarmálefni í þessu bréfi Gísla biskups. Gísli biskup Þorláksson gaf út umboðsbréf þann 26. maí 1675, til handa Sigurði Jónssyni, svo sá síðarnefndi mætti lögfesta Hóladómkirkjulandið Lambatungur allar sem að fornu hafa fylgt og fylgja eiga stólsins jörðu, Aðalbóli í Austurdal.

Í vísitasíum Gnúpdalskirkju árin 1693, 1700 og 1716 er þess getið að kirkjan þar eigi tveggja manna skála eða rúm í skála við Arnarvatn, eldivið sem þarfnast tveim mönnum og tveggja króka hald í vatnið. Sama kemur fram í vísitasíum að Efri-Núpi 1833, 1836 og árið 1878. Sem fyrr segir er Arnarvatn á ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Þá er jafnframt varðveitt umsókn Ragnheiðar Jónsdóttur biskupsekkju til Christians Müller amtmanns um linun á álögum á jarðir Hólastóls í

Húnaþingi, er hún hafði að léni, dags. 28. ágúst 1689, að Gröf á Höfðaströnd. Ragnheiður var ekkja Gísla biskups Þorlákssonar en hann hafði fengið konungsleyfi þann 30. apríl 1678 um að eignkona sín fengi að njóta tekna og afgjalda nokkurra jarða Hóladómkirkju eftir sinn dag og var Aðalból meðal þeirra.

Árið 1705 gekk 12 bænda dómur í deilumáli milli Þórðar Þorleifssonar vegna konu hans, Steinunnar Erlendsdóttur, er var eigandi Hreiðarstaða í Austurárdal sem áður hefur verið vísað til og lá innan merkja Bjargarstaða eins og þau eru í dag, og svo Ragnheiðar Jónsdóttur, ábúanda Aðalbóls í sömu sveit. Deilt var um afrétt, fjáruppreksturog lambatolla á Lambatungum. Í dómnum er m.a. getið um þá fimm vitnisburði sem fjallað er um hér að framan. Þar segir í dómsorði: „ … dæmum vjer fijrrnefndir dómsmenn, med fullu dóms atqvædi ádurgreijnt Landspláss austurlambatúngu sem liggur á milli austurár og Þorvaldsár til Hóla Dómkirkju jardar Adalbóls … “. Þann 21. júlí árið 1706 var fyrrgreindur dómur lesinn upp. Í alþingisbókinni segir svo: „ … héraðsdómendur allir hafa samþykkir orðið uppá sitt dómsatkvæði, á mót hverju enginn sterkari skjöl eru framleidd en dómurinn segir, þá skuli hústrú Ragnheiður undir dómkirkjunnar jörð, Aðalból, halda og hafa afréttinn Lambatungur, sem deilan rís af, eftir landsleigub. 26. cap.“.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 kemur fram að jörðin Aðalból í Miðfjarðarhreppi sé metin til 24 hundraða og sé í eigu Hóladómkirkju. Í kafla um jörðina segir eftirfarandi um Lambatungur: „Afrjettur sá er Lambatúngur heitir er nú eignaður jörðunni, síðan hann var henni dæmdur næstumliðið vor. Þann afrjett sækir bygðin innanhrepps fyrir austan Miðfjarðará og geldur toll eftir; hvört þann toll muni hjer eftir taka hústrú Ragneiður eður ábúendur, vita menn ekki.“. Ennfremur er í kaflanum getið um veiði í Arnarvatni og aðrar nytjar, en þar segir: „Silúngsveiði má vera bæði mikil og góð í Arnarvatni, en er lángt til að sækja. Eggvers og álftaveiðar er oft von á fjallinu og hefur oft að gagni komið.“ Í Jarðabókinni kemur fram að jörðin Hreiðarstaðir hafi gert tilkall til Lambatungna en afrétturinn verið dæmdur frá Hreiðarstöðum. Þá segir einnig: „Fjáruppreksturer í Lambatúngur, jafnvel þótt Aðalból eftir dóminum behaldi þeim afrjett, þá sýnist ei örvænt að kotið Hreiðarstaðir líði so mikinn átroðníng af afrjettarfjenu, að það muni tollfrí verða.“. Í kafla um Reyki (Stóru-Reyki) í Jarðabókinni segir eftirfarandi um Lambatungur: „Afrjett hafa menn um nokkrar stundir eignað jörðunni þar sem heita Lambatúngur, undir því skyni að Reykjakirkja ætti kotið Hreiðarstaði. Næstumliðið vor var sá afrjettur dæmdur stólsjörðunni Aðalbóli, og var þó þángað til mjög í misgreiníngum, hverjir rjettara mundu hafa. Lambatolla, þá er guldust, tóku landsdrotnar, en ekki Reykja ábúendur; þó voru leiguliða á Reykjum tollfríir um þann tíma.“. Þá kemur fram í sömu heimild í kafla um jörðina Barkastaði að lambauppreksturséá afrétt þann sem heiti Lambatungur, hann sé nú dæmdur Aðalbóli „en áður héldu Hreiðarstaðamenn, þó ekki þrætulaust“. Þá eru eftirtaldar jarðir sagðar eiga lambauppreksturí eða á Lambatungur fyrir toll til Aðalbóls: Hnausakot,

Bjargarstaðir, Fremri-Fitjar og afbýli hennar Grænidalur, Bjargshóll, Urriðaá, Efri-Torfustaðir, Bergstaðir Saurar og Stóri-Ós. Litli-Bakki, Jarðirnar Rófa og Bjarg eru svo sagðar eiga lambaupprekstur á Austur-Lambatungur fyrir toll.

Aðalból var selt úr eigu Hólastóls á opinberu uppboði sumarið 1802 ásamt öðrum jörðum í Húnavatnssýslu í eigu stólsins. Hæstbjóðandi var Jón Jónsson á Melum en hann lést sama ár eða árið eftir og þann 26. ágúst 1803 óskaði Gísli Jónsson í Hlíð á Álftanesi þess við Rentukammer að fá jörðina Aðalból keypta ásamt hjáleigunni Bjargastöðum og eyðihjáleigunni Skárastöðum. Ekki hafa fundist fleiri heimildir um söluna. Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Aðalból hafi árlega tekjur upp á 3 ríkisdali fyrir sumarbeit í afrétti sem tilheyri jörðinni.

Á manntalsþingi að Melstað þann 4. júní 1810 var upplesin aðvörun Guðmundar Illugasonar á Aðalbóli um að búendur í Torfustaðahreppi ofan Miðfjarðarár reki á Aðalbólsheiði. Inntak aðvörunarinnar er ekki getið en upplesturinn var færður til bókar í dóma- og þingbók sýslumanns Húnavatnssýslu. Þá var á manntalsþingi að Melstað þann 2. maí 1815 upplesin lögfesta og bann fyrir og um Aðalbólsfjall og heiðarland einnig frá Guðmundi Illugasyni á Aðalbóli. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en upplesturinn er skráður í dómabók sýslunnar. Á manntalsþingi að Melstað þann 5. júní 1821, var svo upplesin umkvörtun frá Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli um að bændur austanvert í Miðfirði rækju ekki geldfé sitt á Aðalbólsafrétt eða sýndu fjallskil.

Þann 23. apríl 1831 skrifaði Guðmundur Sigurðarson, ábúandi á Aðalbóli, sýslumanninum í Húnavatnssýslu bréf og kvartaði undan upprekstri sveitunga sinna í önnur pláss í stað þess að reka fé upp á Aðalbólsheiði. Í bréfinu kemur m.a. eftirfarandi fram: „á Adalbóls heidi hefur vered upprekstur adundan förnu firer lömb og géld fé af öllum bæumm i Torfastada Hrepp austann vid fiardará, epter dómi þar umm geingnumm af sysslumanne i Hunavatnssysslu Gudmundi Hákonarsyni og 6 med dómendumm þann 26. september 1621, hvör dómur sydann er stadfestur af lögmanni Þorleifi Kortssyni, ár 1668, med vidlagdri solátandi skipun […] Soleides er þessi dómur, mót mæla-laust vidtekekenn af Midfyrdingumm mann Epter mann meir enn umm 200 ár, til þess nu firer nockrum árumm, ad þeir fleiri hafa teked uppá þvj ar reka ~~j önn~~ j önnur plátz … “. Þá segir Guðmundur í bréfinu að húsbóndi sinn „Mr. Gisli“ hafi sett það í byggingarbréf sitt á næstliðnu hausti að hann skyldi ekkert láta ganga undan jörð þessari sem henni fylgt hefði og fylgja bæri og ræddi mest um upprekturinn. Biður hann því næst sýslumanninn um að hlutast til þess að allir Torfastaðahrepps íbúar austan Miðfjarðarár reki lömb og gjeldfé á Aðalbólsheiði á komandi vori.

Í sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840 segir eftirfarandi um afréttarlönd á Tvídægru: „Afréttarlönd eru þar suður á Tvídægru. Það eru ekki almenningar, heldur liggja þau undir einstakar jarðir. […] austasti parturinn

undir Aðalból, sem kallast Aðalbóls- eða Austurheiði. Á allar þessar heiðar á Miðfjörður upprekstur, eins og *Torfastaðahreppur* nær til.“

Um jörðina Aðalból segir í jarðamatinu 1849 að hún eigi heiðarland kallað Aðalbólsheiði, fjóra fimmtunga móti Skárastöðum, „ … og er landið ágæta gott, má þar víst ætla upprekstur, sem áður á vikið fyrir 16 til 20 alls, og þá fyrir 12 bændur að tiltölu fyrir Aðalból, eða í fjallatolla 12 rbd.“ Um jörðina Skárastaði í Torfustaðahreppi segir í jarðamatinu að henni fylgi fimmtungur í Aðalbólsheiði, og hafi fjallatolla að tiltölu, svo sem 4 af 20, eða 3 af 16 upprekstrarmönnum, að álíta víst, svo sem 3 rbd. Þann 14. júní 1861 rituðu séra Jakob Finnbogason prestur á Staðarbakka og B. Bjarnason á Aðalbóli áminningarbréf til bænda í Miðfirði að þeir reki fé sitt á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði samkvæmt dómi frá 26. september 1621.

Þann 21. október 1864 selur Jón bóndi Gíslason þeim Birni hreppstjóra Ólafssyni og Hafliða bónda Guðmundssyni 14 hndr. og 48 álnir í jörðinni Aðalbóli, ásamt hluta í Skárastöðum. Í kaupbréfinu er þess getið að Skárastöðum fylgi land allt fram að Haugslæk og þvert austur í Fitjá en Aðalbóli fylgi allt land þar fyrir framan og heiðin öll, að öðru leyti en því að Skárastaðir hafi þar frían upprekstur. Þann 14. nóvember 1874 seldi og afsalaði Guðmundur Bjarnason frá sér og sínum tveimur hundruðum og 72 álnum í jörðinni Aðalbóli til systkinanna Sigurðar og Helgu Benediktsbarna, með öllu tilheyrandi, og eignum til lands og vatns.

Björn Sigvaldason á Aðalbóli bannaði allan upprekstur á Aðalbólsheiði nema gegn tolli með bréfi þann 14. júní 1878. Í bréfinu segir að honum sé með fullnaðardómi heimilaður réttur til að nota heiðarland ábýlisjarðar sinnar og jörðinni dæmdur réttur til fjallatolla af heiðinni. Þá bannaði hann einnig alla þá óreglu að menn skildu eftir stóðhross og gjeldfjárrekstra í heimalandi ábýlisjarðar hans Aðalbóli. Bréfið var lesið upp fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Svarðbæli 14. júní 1878.

Árið 1880 lögfesti Hjörtur Líndal Benediktsson, umráðamaður Skárastaða og hjáleigunnar Gilsbakka, fyrrgreindar jarðir eftir þinglesnu afsalsbréfi dags. 21. október 1863. Auk þess lögfesti hann ítak á Aðalbólsheiði. Þann 8. ágúst 1885 seldi Ólafur Sigmundsson á Aðalbreið, Sigurði Benediktssyni á Aðalbóli, 2 hndr. og 12 álnir í jörðinni Aðalbóli, fyrir 231 krónur. Kaupunum var þinglýst á manntalsþingi að Núpdalstungu þann 18. júlí 1887. Sama dag, þann 8. ágúst 1885, seldi Ólafur Sigmundsson á Aðalbreið, Sigvalda Símonarsyni á Aðalbóli, 5 hndr. og 108 álnir í jörðinni Aðalbóli, fyrir 649 krónur. Þessum kaupum var einnig þinglýst að Núpdalstungu 18. júlí 1887. Þann 21. apríl 1887 seldi Sigvaldi Símonarson bóndi á Aðalbóli síðan Sigurði Benediktssyni á Aðalbóli, 16 hndr. í jörðinni Aðalbóli. Því einnig þinglýst 18. júlí 1887.

Landamerkjabréf Aðalbóls er án dagsetningar en var þinglesið 7. júní 1892. Er merkjum jarðarinnar sem fyrr segir lýst að heiðinni meðtaldri og án þess að hún sé

sérstaklega afmörkuð. Þá segir um ítök sem hvíli á Aðalbólseign: „Skárastaðir eiga frían upprekstur fyrir hross og fje á Aðalbólsheiði, silungsveiði og grasatekju. Húsafellskirkja á silungsveiði í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra … “ Þá segir að ennfremur eigi allir Austursíðumenn fyrir framan Króksá upprekstur fyrir geldfje sitt og hross á Aðalbólsheiði móti fullri borgun. Jafnframt eigi Efranúpskirkja tveggja króka hald á Arnarvatni stóra. Bréfið er samþykkt vegna allra aðliggjandi jarða, þar á meðal af oddvitum og hreppsnefndarmönnum í öðrum hreppum fyrir sunnan ágreiningssvæðið.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 var tekið eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Kirkjuhvammshrepps, á Aðalbólsheiði: „ … bæjunum, Vatnshóli, Efra- og Neðra-Vatnshorni, Gauksmýri, Múla, Grafarkoti, Vigdísarstöðum, Litla-Ósi og Syðri-Völlum, sem skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði.“ Um afréttarnot Ytri-Torfustaðahrepps á Aðalbólsheiði segir: „Allir íbúar Ytri-Torfustaðahrepps austan Miðfjarðarár skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði … “. Um afréttarnot Fremri-Torfustaðahrepps á Aðalbólsheiði segir: „Allir búendur í Fremri-Torfustaðahreppi austan Miðfjarðarár og Austurárdalsbæirnir, skulu eiga upprekstur á Aðalbólsheiði.“.

Í fundargerð hreppsnefndar Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa frá 29. maí 1986 var samþykkt með öllum atkvæðum að kaupa Aðalbólsheiði fyrir 1.000 kr. Sigurður Benediktsson eigandi jarðarinnar Aðalbóls afsalaði svo heiðarlandi Aðalbóls til upprekstrarfélags Miðfirðinga, fyrir 1.000 krónur þann 27. október 1896. Í afsalsbréfinu segir: „ … afsala upprekstrarfélagi Miðfirðinga heiðarland það sem fylgt hefur nefndri jörð og er merkjalína milli heiðarlands þessa og nefndrar jarðar, lína úr syðri Hestakrókamel við Fitjá beina sjónhendingu í Skriðuhvamm við Austurá.“ Þá er þess getið að núverandi ábúandi á Aðalbóli hafi óskertan rétt til silungsveiði og fuglatekju á hinu afsalaða landi meðan hann býr þar en einnig er tekið fram að ekki megi íþyngja núverandi ábúendum á Aðalbóli og Aðalbreið með þessu afsali án samkomulags. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 28. maí 1897.

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns. Í svari hreppstjóra Ytri-Torfustaðahrepps, dagsettu 14. febrúar 1920, segir að engin svæði væru í hreppnum sem talin væru almenningar. Afréttarlönd þau er hreppurinn noti sem séu Aðalbóls- og Núpsheiðar hafi verið keyptar fyrir nokkrum árum af eigendum jarða þeirra er þau lágu undir. Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Aðalból: „Jörðin á rétt til upprekstur á afrétt sveitarinnar. [...] Landamerki: Að vestan ræður Austurá, að norðan Haugslækur meðan endist og þá sama stefna til Fitjaár. Að sunnan eru merki úr Austurá eftir Fanngili, beint austur í Fitjaá, ræður hún svo merkjum að austan.“

Í síðari tíma heimildum er einnig fjallað um ágreiningssvæðið. Í ritinu *Göngur og réttir II* frá árinu 1949 segir í umfjöllun um leitarlönd Miðfirðinga að þau séu norðurhelmingur Tvídægru, fremur sléttlend og með óteljandi vötnum. Svæðinu sé skipt í þrennt og Núpsheiði sé þar í miðið en Húksheiði vestan til og Aðalbólsheiði austan til. Heiðar þessar liggi fram af Miðfjarðardölunum þremur. Að austan séu leitarsvæði Víðdæla og sé Fitjá þar markalínan suður í Fitjárdrög og þaðan liggja mörkin suður í Arnarvatn hið stóra. Þá segir í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1962 í lýsingu á einstökum vötnum: „Arnarvatn Stóra. Það er mestallt á Aðalbólsheiði, en Víðdælingar eigna sér austustu víkur þess, og Arnarvatnshæðir takmarka það að sunnan. Það er stærsta vatnið á heiðunum og líklega langbezta veiðivatnið.“ Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Aðalbólsheiði og eignarheimild sögð afsal frá 27. okt. 1896. Landamerkjalýsingin er í samræmi við Landamerkjabréf Aðalbóls frá 1892 að því undanskildu að norðurmörkin eru í samræmi við afsalsbréf Aðalbólsheiðar, eins og mörkin eru dregin þar milli Aðalbóls og heiðarinnar. Þá sendi félagsmálaráðuneytið, þann 20. febrúar 1989, öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Ekkert svar barst frá sveitarstjórnum Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa vegna fyrirspurnarinnar. Í ritinu *Húnaþing III* frá 1989 er að finna greinargóða lýsingu Aðalbjörns Benediktssonar á staðháttum á Aðalbólsheiði. Um eignarhald landkosti og nýtingu segir í sama riti: „Gróður er kjarnmikill og afrétturinn æði mikið verðmæti, þótt eigi sé við annað miðað en sumarbeit búpenings.“ Þá er greint frá sölu heiðarinnar og segir að síðan þá hafi Upprekstrarfélag Miðfirðinga nytjað heiðina með hefðbundnum hætti til sumarbeitar sauðfjár og hrossa en dæmi séu til að menn hafi rekið hross upp aftur að loknum göngum eða einhvern tíma að vetrinum, þó ekki á síðustu árum.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Aðalbólsheiði tilgreind sérstaklega í nokkrum heimildum, líkt og margar afréttir einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 16. öld og fram til 20. aldar fjalla fyrst og fremst um beit, veiði eða önnur þrengri og sambærileg not. Fleiri jarðir eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til Aðalbóls. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda heimildir um ágreiningssvæðið til þess að eigendur Aðalbóls hafi farið með umráð og hagnýtingu svæðisins a.m.k. allt frá 15. öld. Landamerkjabréf Aðalbóls er án dagsetningar en því var þinglýst 7. júní árið 1892 og nær það með samfelldum hætti yfir það landsvæði sem í dag heyrir undir jörðina Aðalból og ágreiningssvæðið, Aðalbólsheiði. Merkjum jarðarinnar er þannig lýst heildstætt að heiðinni meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega afmörkuð. Var bréfið samþykkt vegna allra aðliggjandi landsvæða, þar á meðal af oddvitum og

hreppsnefndarmönnum úr öðrum hreppum sunnan við heiðina ásamt því að vera þinglýst. Af þeim heimildum er liggja fyrir í máli þessu er ekki finna neinar þær heimildir sem mæla í mót heildstæðu landamerkjabréfi jarðarinnar Aðalbóls að heiðarlandinu meðtöldu. Þá seldi eigandi Aðalbóls heiðarland jarðarinnar sem fyrr segir til upprekstarfélags Miðfirðinga til upprekstrarnotkunar skömmu eftir að landamerkjabréfinu var þinglýst, eða árið 1896. Að mati óbyggðanefndar bendir ofangreint til þess að landssvæði heiðarinnar hafi ávallt verið talið hluti af landi jarðarinnar Aðalbóls allt frá elstu heimildum en fyrst verið aðskilin sem sérstök afrétt við framangreinda sölu hennar til upprekstrarfélags Miðfirðinga.

Þá er í kaupbréfi frá árinu 1448 um jörðina Efri-Núp í Núpsdal mörkum jarðarinnar lýst að austan til móts við Aðalból en merkin falla saman við vesturmerki ágreiningssvæðisins í máli þessu. Er samhljóða lýsing í kaupbréfi fyrir sömu jörð árið 1493. Voru kaupbréf þessi svo lesin upp á manntalsþingum allt fram á 19. öld svo sem fyrr er rakið. Af þessum kaupbréfum má ráða að á þeim tíma er þau voru gerð hafi verið litið svo á að ágreiningssvæðið hafi verið álitið hluti af jörðinni Aðalbóli en í kaupbréfinu segir „til móts við Aðalból“ þrátt fyrir að merkjum sé lýst gagnvart heiðarlandinu.

Í 12 bænda dómi frá 1705 sem staðfestur var í Lögréttu ári síðar var Aðalbóli dæmdur afrétturinn Lambatungur eftir 26. kapítula landsleigubálk Jónsbókar. Í dómnum var dæmt um afrétt, fjáruppreksturog lambatolla á Lambatungum. Við mat á gildi dómsins verður litið til þess að með honum var skorið úr um deilu um beitarrétt og ekki efni til að skýra hann á annan veg en að Aðalbóli hafi verið dæmdur sá réttur sem deilt var um, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland). Af dóminum verður ekkert ráðið um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins en þess skal getið að frá því dómurinn féll greina heimildir síðan þá ekki frá ágreiningi þar um eða tilkalli annarra til ágreiningssvæðisins og ekki er um það deilt að sé í dag hluti ágreiningssvæðisins. Verður dómurinn ekki talinn mæla í mót því mati óbyggðanefndar að allt ágreiningssvæðið hafi verið talið hluti af jörð Aðalbóls frá upphafi sé tekið heildstætt mið af öðrum heimildum í máli þessu.

Þá greina heimildir frá því, fyrst í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, að Gnúps kirkja eigi skálagerð tveimur mönnum við Arnarvatn og tveggja króka hald í vatnið. Eru ítökin jafnframt talin upp í vísitasíum að Núpi árin 1693, 1700, 1716, 1833, 1836 og 1878 ásamt því að vera getið um þau í landamerkjabréfi Aðalbóls frá 1892. Arnarvatn stóra er sem fyrr segir á suðaustur hluta Aðalbólsheiðar og greina heimildir frá veiði í vatninu. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir í kafla um Aðalból að silungaveiði sé bæði mikil og góð í Arnarvatni en langt sé til að sækja. Þá er getið um ítök sem hvíla á „Aðalbólseign“ í landamerkjabréfi Aðalbóls en þar segir að Húsafellskirkja og Efranúpskirkja eigi veiði í Arnarvatni sem ítök. Ennfremur er í

afsali fyrir Aðalbólsheiði 1896 þess getið að núverandi ábúandi hafi þar óskertan rétt til silungaveiði og fuglatekju meðan hann búi þar. *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1962 greinir þá frá því að Arnarvatn stóra sé líklega „langbezta“ veiðivatnið á heiðunum. Þannig virðist eignarréttur Aðalbóls á Arnarvatni vera óumdeildur og engar heimildir sem greina um deilur um eignarrétt eða umráð vatnsins. Óbyggðanefnd telur framangreint fremur benda til þess að eigendur Aðalbóls á hverjum tíma hafi farið með umráð og nytjar Arnarvatns sem sína eign. Þá bendir tilvist ítaks í fasteign að mati nefndarinnar, líkt og framan greinir, fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland, sbr. kafla 4.8 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Af heimildum um afnot eigenda Aðalbóls af svæðinu, innheimtu tolla af nýtingu þess, vitnisburðum um notkun og eignarhald heiðarinnar til forna og loks skiptingu frá heimajörðinni við sölu þess á síðari tímum má ráða að landsvæði þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Er í því sambandi litið til þess að ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins a.m.k. að mestu hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting ágreiningssvæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en heimalandsins leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarbeit búfjár. Þá liggja að Aðalbólsheiði eignarlönd til norðurs, vesturs og austurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Er í því sambandi vísað til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Aðalbólsheiðar, sem sveitarfélagið Húnaþing vestra leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan merkja Aðalbólsheiðar, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver

fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[565] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

6.5 Efranúpsheiði (Núpsheiði)

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem ýmist hefur verið nefndur Efranúpsheiði eða Núpsheiði. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður stuðst við heitið Efranúpsheiði. Sveitarfélagið Húnaþing vestra gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði þar sem hér um ræðir er víðfeðmt og fremur flatlent hálendissvæði sem liggur inn af Núpsdal í Húnaþingi vestra í um 300−460 m y.s. Afmarkast það af ágreiningssvæði vegna Húksheiðar að vestan, handan Vesturár, og Aðalbólsheiðar að austan. Að norðan liggja jarðirnar Fosskot, Þverá og Efri-Núpur en að sunnan afmarkast svæðið að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu. Landsvæði það sem hér um ræðir er að miklu leyti gróið og þar eru víða vötn, tjarnir og flóar. Nyrst liggja Kvíslarvötn í rúmlega 400 m y.s. á norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Hólmavatn liggur fyrir miðju ágreiningssvæðinu í tæplega 450 m y.s. Syðst liggja m.a. Nyrðra-Hávaðavatn, Urðarhæðarvatn og Flóavatn, talið frá austri til vesturs.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttur. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar eru ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Að því er varðar Efranúpsheiði sérstaklega er því haldið fram að heimildir bendi til þess að svæðið hafi legið utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttur, eða, hafi svæðið verið numið í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar, heldur hafi svæðið eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota og með tímanum orðið samnotaafréttur aðliggjandi jarða. Ritaðar heimildir bendi til þess að þar hafi aldrei verið byggð og að svæðið hafi frá örófi alda verið nýtt sem afréttarland, enda landfræðileg lega og staðhættir þannig að annað væri nær ómögulegt. Máli sínu

[565] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

til stuðnings, vísar íslenska ríkið til landamerkjabréfa frá lokum 19. aldar, annars vegar fyrir Efranúpsheiði og hins vegar fyrir jörðina Efri-Núp. Þar sé heiðin aðgreind frá heimalandi og heimildir bendi ekki til annars en að heiðin hafi einungis verið háð óbeinum eignarrétti. Því til stuðnings er vísað til dóma sem gengið hafa um sambærileg svæði, þ.e. dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66/1996 (Auðkúluheiði) og 67/1996 (Eyvindarstaðaheiði). Jafnframt vísar íslenska ríkið til sýslu- og sóknarlýsingar Húnavatnssýslu, en þar sé tekið fram að Núpsheiði sé ein af þremur heiðum sem teygi sig suður á Tvídægru, sem sé afréttarland Miðfirðinga, sem og til ritsins *Göngur og réttir* þar sem Núpsheiði sé sögð afrétt Miðfirðinga, *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* þar sem fjallað er um Efri-Núp sem afréttareign, sem og til frumvarps frá 1894 til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu.

Af hálfu Húnaþings vestra, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms. Það sé að hluta umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms og engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Byggt er á ýmsum fornum jarðaskjölum og eignarheimildum um landsvæðið, einkum og sér í lagi landamerkjabréfum Efranúpsheiðar og jarðarinnar Efri-Núps frá árunum 1891 og 1892, kaupbréfi frá árinu 1493 um jörðina Efri-Núp í Núpsdal ásamt afsali fyrir Efranúpsheiði frá árinu 1896. Þá er byggt á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að jörð, eða þau landsvæði sem áður voru með óyggjandi hætti hluti af jörð samkvæmt eldri heimildum, teljist til eignarlanda. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Því til stuðnings er vísað til fyrri fordæma Hæstaréttar, m.a. dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð). Þá er sérstaklega vísað til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt. Engu breyti í því sambandi þó hluti jarðarinnar hafi seinna verið seldur frá henni sem sérstakt afréttarland. Er byggt á meginreglu íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti, eins og staðfest hafi verið meðal annars í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur).

Þá telur gagnaðili ríkisins að um sé að ræða afréttarland sem hafi verið einkaland ákveðinnar jarðar sem seinna var keypt af hreppsfélögunum til almennra afréttarnota fyrir byggðarmenn. Því til sönnunar liggi m.a. fyrir þinglesin afsöl, samningur um leigu heiðarinnar, umsagnir staðkunnugra manna um landsvæðin, ásamt öðrum lýsingum í eldri heimildum. Gagnaðili ríkisins bendir á að landamerkjabréf fyrir umdeilt landsvæði hafi verið áritað um samþykki aðliggjandi jarða, bréfin þinglesin og skráð í merkjabók. Þá er talið að ýmis gögn liggi fyrir til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfum, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðunum. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að sveitarfélagið Húnaþing vestra festi kaup á landsvæðinu. Bent er á að notkun heiðarinnar í gegnum aldirnar

hafi ekki verið með þeim hætti að hún flokkist til svokallaðra almenningsafrétta og að hún hafi ekki staðið almenningi til afnota nema gegn gjaldi.

Þá megi ráða af Landnámu að allt land á hinu umdeilda svæði hafi verið numið, og að landnám hafi verið samfellt. Þá er bent á að Landnáma hafi í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti sbr. dóm Hæstaréttar frá 31. október 1960 í máli nr. 141/1960 (Skeljabrekka) og 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland). Gagnaðili ríkisins bendir þó á að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Landsvæðið sé talið vera heiðarland og því hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Það telur hann einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum) um að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Þá er vísað til þess að þó svo að heimalönd jarða kunni að vera mjög víðfeðm, hafi þau engu að síður verið talin eignarlönd, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskustungum) og dóm Hæstaréttar frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð) o.fl.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins jafnframt til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem megin niðurstaða nefndarinnar hefur verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og að sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafa um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem það verði ekki svipt án bóta. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg málefni hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Þá byggir gagnaðili ríkisins á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þá njóti þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Gilsbakka, sem krefst þess eins og rakið er í kafla 3.3, að viðurkennd verði tiltekin óbein eignarréttindi hans syðst á Efranúpsheiði er byggt á því að samkvæmt heimildarskjölum Gilsbakkaeiganda eigi hann veiðiréttindi í vötnum þeim er gerðar eru kröfur til. Byggt er á máldaga Árna biskups Helgasonar um Gilsbakkakrikju frá 1306, Vilchinsmáldaga fyrir Gilsbakkakirkju frá 1397, máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Gilsbakkakirkju frá því um 1570 sem og landamerkjabréfi Gilsbakkakirkju, dags. 20.8.1889, þinglýstu 18.5.1904.

Bendir gagnaðili íslenska ríkisins á að heimildarskjölum Gilsbakkakirkju fyrir veiðiréttindum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hann og forverar hans hafi því á hverjum tíma haft réttmætar ástæður til að ætla að þessi eignarréttindi væru undirorpin fullkomnum eignarrétti þeirra. Hafi bæði dómar sem gengið hafa og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú. Þá vísar umræddur gagnaðili íslenska ríkisins til að hvernig sem eignarrétti hafi annars verið varið fyrr á öldum, hafi hann og forverar hans unnið eignarrétt á veiðiréttinum fyrir hefð. Veiðirétturinn hafi verið hluti eignarréttinda og að hann og forverar hans uppfyllt skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Þó svo að um afnotahefð væri að ræða hafi þeir haft full umráð veiðiréttarins í meira en 40 ár og uppfylli þar með skilyrði um a.m.k. 40 ára samfellda nýtingu sbr. 8. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Byggt er á 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðum reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Efri-Núps og Efranúpsheiðar er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að Efri-Núpur hefur verið sjálfstæð jörð[566] og að Efranúpsheiði hafi tilheyrt henni. Jörðin hefur ýmist verið nefnd Efri-Núpur, Efrinúpur, eða Fremri-Núpur í heimildum en þar er átt við sömu jörð. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður stuðst við heitið Efri-Núpur. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Efra-Núps liggur að ágreiningssvæðinu í máli þessu en það hvort Efranúpsheiði hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hinsvegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Kaupbréf frá 9. september 1448 þar sem Hrafn Jónsson selur Þorsteini Jónssyni jörðina Efri-Núp í Núpsdal með tilgreindum ítökum og landamerkjum, ásamt Þverá, Njálsstöðum, Daðastöðum og Barðastöðum, er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Efri-Núp. Efranúpsheiðar er fyrst getið sérstaklega í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 þar sem segir að jörðin Efri-Núpur eigi afrétt sem kölluð sé Núpsheiði. Í jarðabókinni kemur fram að Efri-Núpur sé bóndaeign og kirkjustaður sem metin sé til 60 hundraða að fornu að dýrleika. Í henni er þess einnig getið að forn eyðibýli í landi Fremrinúps (Efri-Núps) séu Daðastaðir, Njálsstaðir, Barðastaðir og Fosskot. Þá segir að Þverá sé að sönnu gamalt býli sem hafi verið afbýli af heimajörðinni Núpi og sé innan þess landamerkja. Í fyrrgreindu kaupbréfi frá 1448 er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Efri-Núps en í því er merkjum lýst að meðtöldu landi heiðarinnar og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind þar eða afmörkuð frá heimalandi. Kaupbréfið nær jafnframt til

[566] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þess landssvæðis sem síðar heyrði undir jarðirnar Fosskot, Þverá og Neðri-Núp, en jarðir þessar liggja utan ágreiningssvæðis þess sem hér er til umfjöllunar.

Árin 1891 og 1892 voru gerð aðskilin landamerkjabréf fyrir annars vegar Efri-Núp og hins vegar Efranúpsheiði og er það fyrsta heimildin sem getur um að heiðin sé skilin frá jörðinni. Árið 1891 tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur og keyptu hana síðan árið 1896 en afsal var gefið út þess efnis árið 1898. Undir lok 19. aldar og á fyrri hluta þeirrar 20. hafa sveitarfélögin keypt upp fjölda jarða umhverfis ágreiningssvæðið og nýtt þær til upprekstrar. Jörðin Efri-Núpur liggur í dag að Efranúpsheiði á norðaustur mörkum heiðarinnar en er utan við ágreiningssvæðið.

Aðilar málsins byggja afmörkun Efranúpsheiðar aðallega á landamerkjabréfi heiðarinnar sem útbúið var 16. febrúar 1891 en bréfið var þinglesið 7. júní 1892 samhliða landamerkjabréfi jarðarinnar Efri-Núps.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Efranúpsheiðar er lýst í landamerkjabréfi heiðarinnar. Jafnframt verður litið til fyrrgreinds kaupbréfs jarðarinnar Efri-Núps frá árinu 1493 sem og eldri kaupbréfs um jörðina frá 1448 en það er samhljóða því yngra. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Norðan við ágreiningssvæðið eru óumdeild eignarlönd, Fosskot, Þverá og Efri-Núpur. Vestan við Efranúpsheiði er ágreiningssvæði vegna Húksheiðar sem fjallað er um í kafla 6.6. Austan við er ágreiningssvæði vegna Aðalbólsheiðar sem fjallað er um í kafla 6.4. Sunnan við er ágreiningssvæði í máli 3/2014 á svæði 8 vestur sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Efranúpsheiðar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Efranúpsheiðar er lýst svo í landamerkjabréfi heiðarinnar frá 16. febrúar 1891 að frá Galtarseli eða Túnaseljum við Vesturárkvísl: „ … ræður bein lína merkjum austur á Lambás, eptir það ræður Lambás til Núpsár, þá ræður Núpsá þar til Kvíslavatnskvísl fellur í hana, eptir það ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna, þá bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásnum milli vatnanna, merktu L.M. (landamerki), frá þessum steini ræður bein lína austur í áður nefndan Kastala við Þorvaldsá sem er hornmerki að norðan og austan Núpsheiðar.“

Í kaupbréfi frá 9. september 1448 um jörðina Efri-Núp var norðurmerkjum hins keypta svæðis lýst svo: „landamerke mille nupanna. rædur asholzgil nedann ur nupsá. og vppi maratiorn. þadann og yfir i nupsvatn. og so til fialls. firir austann nupsá rædur riupnadæl og riettsyne vpp i merarhamra.“ Í kaupbréfi frá árinu 1493 fyrir jörðinni Efri-Núpi er norðurmörkum lýst með samskonar hætti. Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur úr Efranúps jarðar máldaga frá 1448 og er landamerkja getið. Útdráttur þessi hafði jafnframt verið lesinn upp á áreiðarþingi að Skriðsenni þann 14. júní 1724 og í lögréttu þann 13. júní 1726.

Útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879 og eru norðurmörkin samskonar og í kaupbréfinu 1448. Í fyrrgreindum kaupbréfum og upplestrum úr Efranúps jarðar máldaga er í öllum tilfellum lýst norðurmörkum landsvæðisins mun norðar en mörk ágreiningssvæðisins ná í máli þessu og koma þau mörk því ekki til frekari skoðunar hér hvað varðar merki ágreiningssvæðisins til norðurs.

Þann 24. október 1891 tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur. Leigusamningur tilgreinir ummerki heiðarinnar og er norðurmerkjum heiðarinnar lýst svo: „ … [ræður Vesturá mörkum þar til hún beygist í vestur undan Önundarfitjum, árkrókurinn er norður og vestur hornmerki,] þá ræður bein lína austur í Lambás og ásinn til Núpsár; að austanverðu við Núpsá ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna; þá ræður bein lína yfir Syðra-Kvíslavatn austur í fyrnefndann Kastala við Þorvaldsá.“. Landamerkjabréf Efra-Núps var útbúið 28. maí 1892 og þinglesið 7. júní sama ár. Um suðurmörkin jarðarinnar segir: „ … [Kastali, hann er hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar og jarðarinnar Bjargastaða.] Frá Kastala ræður bein lína vestur á Kvíslavatnsás í stein, sem merktur er L.M. steinn þessi er hornmerki heimalandsins að sunnan og vestan milli Þverár … “. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er ítarleg landamerkjalýsing fyrir Núpsheiði og segir svo um norðurmörkin: „Frá Ingimundarhól (Galtarseli eða Túnaseljum) ræður bein lína merkjum austur á Lambás, eftir það ræður Lambás til Núpsár. Þá ræður Núpsá þar til Kvíslavatnskvísl fellur í hana, eftir það ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna. Þá ræður bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásnum milli vatnanna, merktur L.M. og þýðir landamerki. Frá þessum steini ræður bein lína austur í áðurnefndan Kastala við Þorvaldsá og er það hornmerki heiðarinnar að norðan og austan.„

Norðan við Efranúpsheiði liggja sem fyrr segir jarðirnar Fosskot, Þverá og Efri-Núpur. Á vestanverðum norðurmörkum ágreiningssvæðisins liggur jörðin Fosskot. Landamerkjabréf fyrir Fosskot var útbúið 19. júlí 1890 og þinglesið 5. júní 1891. Mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu er lýst svo: “ … [í stóra Kistuvatnshól, sem er hornmerki fjögra jarða: Dalgeirsstaða, Lækjarbæjar, Efranúps og Fosskots. Úr Kistuvatnshól ræður bein lína fram hálsinn fram til] Túnaselja við Vesturá undan Önundarfitjum, sem er hornmerki að sunnan og vestan, þá ræður bein lína austur hálsinn í Lambás, þá ræður Lambás ofan undir Núpsá, eptir það ræður Núpsá merkjum út að Kotlæk.“ Bréfið var samþykkt af eiganda Efri-Núps og Dalgeirsstaða og umráðamanna Lækjabæjar. Austan við Fosskot liggur jörðin Þverá en landamerkjabréf Þverár var útbúið 31. maí 1887 og þinglesið 18. júlí sama ár. Í bréfinu segir um suðurmerki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … [Núpsá, aðskilur Þverárdal frá Fosskotslandi, alla leið fram að svonefndum Lambaás, þar tekur við Efranúpsland vestan árinnar,] er Þverárland að austan allt fram í dalsbotn, í

dalsbotninn rennur lækur úr suðaustri, sem kallast Kvíslavatnskvísl, og er Efranúpsland að sunnan en Þverár að norðanverðu kvíslarinnar, frá upptökum hennar (kvíslarmynninu) ræður merkjum bein sjónhending yfir syðra Kvíslarvatnið, í eystri endann á Kvíslarvatnsás, og er þar suðausturhornmerki á Þverárlandi … “ Á norðausturhorni Efranúpsheiðar er jörðin Efri-Núpur aðliggjandi en landamerkjabréf Efra-Núps var útbúið 28. maí 1892 og þinglesið 7. júní sama ár. Um suðurmerki gagnvart heiðarlandinu segir: „ … [í Grjóthól við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali, hann er hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar og jarðarinnar Bjargastaða.] Frá Kastala ræður bein lína vestur á Kvíslavatnsás í stein, sem merktur er L.M. steinn þessi er hornmerki heimalandsins að sunnan og vestan milli Þverár … “.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Efranúpsheiðar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingum aðila, þ.e. frá Túnaseljum við Vesturárkvísl bein lína austur á Lambás, eftir það ræður Lambás til Núpsár. Þá ræður Núpsá þar til Kvíslavatnskvísl fellur í hana, eftir það ræður Kvíslavatnskvísl til Kvíslavatna. Þá ræður bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásnum milli vatnanna, merktur L.M, þaðan bein lína austur í Kastala við Þorvaldsá.

Austurmerkjum Efranúpsheiðar er lýst svo í landamerkjabréfi Efranúpsheiðar frá 16. febrúar 1891: „Að austan milli Aðalbólsheiðar ræður Þorvaldsá frá svo nefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn, þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávarðavötn … “

Í kaupbréfi frá 9. september 1448 um jörðina Efri-Núp var austurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „ … [so riettsýne austur i kastala.] þa rædur þorvalldzá framm j þorvalldzvatn. so til motz vid adalbool. og so sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn.“ Í kaupbréfi frá árinu 1493 fyrir jörðinni Efri-Núpi er austurmörkum lýst svo: „ … [suo riettsyne austur j Kastala. þa rædur Þorvalldsa fram j Þorvalldsvatn. suo til mots vid adalbol og suo sudur ad fialvordum og mikla huannstod vid sunnanmenn … “. Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur úr Efranúps jarðar máldaga frá 1448 og er landamerkja getið. Útdráttur þessi hafði jafnframt verið lesinn upp á áreiðarþingi að Skriðsenni þann 14. júní 1724 og í lögréttu þann 13. júní 1726. Útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879 og er austurmörkunum lýst samskonar og í kaupbréfinu 1448. Þann 24. október 1891 tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur. Leigusamningur tilgreinir ummerki heiðarinnar og er austurmerkjum hennar lýst svo: „ … frá svonefndum Kastala við Þorvaldsá suður að Strípalónslæk skammt frá Háfaðavötnum … “.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1962, er lýsing á merkjum milli Núpsheiðar og Aðalbólsheiðar og segir svo um þau: „Merkin eru í norður frá Hávaðavatni, ofan til við Dýjaskurði í suðvesturhornið á Þorvaldsvatni, svo ræður

Þorvaldsá, þangað til hún rennur í Austurá skammt fyrir sunnan Aðalbreið.“ Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er ítarlega landamerkjalýsing fyrir Núpsheiði og segir svo um austurmörkin: „Að austan: Milli Aðalbólsheiðar og Núpsheiðar ræður Þorvaldsá frá svonefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn. Þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rétt fyrir ofan Hávaðavötn og er það hornmerki heiðarinnar að austan og sunnan.“

Austan við Efranúpsheiði liggur ágreiningssvæði vegna Aðalbólsheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.4. Í umfjöllun um svæðið var það niðurstaða óbyggðanefndar að vesturmörk Aðalbólsheiðar lægju frá Kastala ræður Þorvaldsá fram í Þorvaldsvatn. Þaðan bein lína yfir vatnið suður á heiði ofan til við Dýjaskurði, þaðan beina stefnu yfir hraungarða að Strípalónslæk rétt ofan við Hávaðavatn. Í tilviki Efranúpsheiðar er þessum merkjum lýst með sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Efranúpsheiðar til austurs séu með framangreindum hætti.

Suðurmerkjum Efranúpsheiðar er lýst svo í landamerkjabréfi Efranúpsheiðar frá 16. febrúar 1891: „ … frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki, frá þessum steini ráða, Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn, þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða, úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í Flóavatn hið stóra, og er það hornmerki Efranúpsheiðar að sunnan og vestan … “.

Í kaupbréfi frá 9. september 1448 um jörðina Efri-Núp var suðurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „ … [sudur ad fiolvordum og mikla huannstod vid sunnannmenn.] þadan j austurfloa. Í kaupbréfi frá árinu 1493 fyrir jörðinni Efri-Núpi er suðurmörkum lýst svo: „ … [sudur ad fialvordum og mikla huannstod vid sunnanmenn] j austurfloa … “. Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur af „Efranúps jarðar máldaga“ frá 1448 og er landamerkja getið. Útdráttur þessi hafði jafnframt verið lesinn upp á áreiðarþingi að Skriðsenni þann 14. júní 1724 og í lögréttu þann 13. júní 1726. Útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879 og er merkjum lýst samskonar og í kaupbréfinu 1448. Þann 24. október 1891 tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur. Leigusamningur tilgreinir ummerki heiðarinnar og er suðurmerkjum heiðarinnar lýst svo: „… suður að Strípalónslæk skammt frá Háfaðavötnum, þaðan vestur í Urðhæðavatn á Hraungörðum, þá beina línu í Flóavatn hið stóra, sem er suður- og vestur-hornmerki heiðarinnar.“. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er ítarleg landamerkjalýsing fyrir Núpsheiði og segir svo um suðurmörkin: „Frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum, sem merktur er L.M. og þýðir landamerki. Frá

þessum steini ráða Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn. Þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða. Úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í suðurenda Flóavatns hins stóra og er það hornmerki Núpsheiðar að sunnan og vestan.“. Heimildum ber þannig saman um suðurmörk ágreiningssvæðisins.

Sunnan við er ágreiningssvæði í máli 3/2014 á svæði 8 vestur sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Efranúpsheiðar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem heimildum ber saman um, og byggt er á í kröfulýsingum aðila, þ.e. frá Strípalónslæk skammt frá Hávaðavötnum, þaðan vestur í Urðhæðavatn á Hraungörðum og þá beina línu í Flóavatn.

Vesturmerkjum Efranúpsheiðar er lýst svo í landamerkjabréfi Efranúpsheiðar frá 16. febrúar 1891: „ … frá Flóavatni ræður bein lína norður Flóakvísl, eptir það ræður Flóakvísl merkjum þar til hún fellur í Blöndukýl, þá ræður Blöndukýll merkjum þar til hann fellur í Vesturárkvísl, þá ræður Vesturárkvísl merkjum út að Galtarseli eða Túnaseljum, sem eru við kvíslina, þar sem hún beygist í vestur untanvert við Önundarfitjar, og er það norðvestur hornmerki heiðarinnar … “

Í kaupbréfi frá 9. September 1448 um jörðina Efri-Núp var vesturmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo : „ … [j austurfloa.] og so ofan a Önundarfitiar … “ Í kaupbréfi frá árinu 1493 fyrir jörðinni Efri-núpi er vesturmörkum lýst svo: „ … [j austurfloa] og ofan a onvndarfitiar … “ Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur úr Efranúps jarðar máldaga frá 1448 og er landamerkja getið. Útdráttur þessi hafði jafnframt verið lesinn upp á áreiðarþingi að Skriðsenni þann 14. júní 1724 og í lögréttu þann 13. júní 1726. Útdrátturinn er færður í veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879 og er merkjum lýst samskonar og í kaupbréfinu 1448. Í fyrrgreindum kaupbréfum og upplestri Efrinúps jarðar máldaga er vesturmerkjum hins keypta landsvæðis lýst lengra norður en hvað varðar ágreiningssvæði í máli þessu en kemur sú lýsing ekki til frekari skoðunar hér. Þann 24. október 1891 tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur. Leigusamningur tilgreinir ummerki heiðarinnar og er vesturmerkjum heiðarinnar lýst svo: „ … [í Flóavatn hið stóra, sem er suður- og vestur-hornmerki heiðarinnar.] Þaðan ræður bein lína norður heiði í Flóakvísl, þá ræður Flóakvísl norður í Blöndukíl, svo Blöndukíll í Vesturá, þá ræður Vesturá mörkum þar til hún beygist í vestur undan Önundarfitjum, árkrókurinn er norður og vestur hornmerki …. “. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er ítarleg landamerkjalýsing fyrir Núpsheiði og segir svo um vesturmörkin: „Úr suðurenda Flóavatns hins stóra ræður bein stefna í Valdimarshól sem stendur við norðausturenda Flóavatns, þaðan bein lína í Flóakvísl þar sem hún fellur í Blöndukýl. Þá ræður Blöndukýll merkjum þar til hann fellur í Vesturá. Þá ræður Vesturá merkum

út að Ingimundarhól, (Galtarseli eða Túnaseljum) sem er við Vesturá þar sem hún beygist í vestur utanvert við Önundarfitjar og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.“

Vestan Efranúpsheiðar liggur ágreiningssvæði vegna Húksheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.6. Í umfjöllun um svæðið var það niðurstaða óbyggðanefndar að austurmerki Húksheiðar lægju með eftirfarandi hætti: úr suðurenda Flóavatns í Valdimarshól, þaðan í Flóakvísl út að Blöndukíl sem ræður þar til hún fellur í Vesturá sem er fylgt norður þar til hún beygir í vestur við Vesturárkrók. Í tilviki Húksheiðar er þessum merkjum lýst með sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Efranúpsheiðar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem heimildum ber saman um, og byggt er á í kröfulýsingum aðila, þ.e. úr suðurenda Flóavatns í Valdimarshól, þaðan í Flóakvísl út að Blöndukíl sem ræður þar til hún fellur í Vesturá sem er fylgt norður þar til hún beygir í vestur við Vesturárkrók.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Efranúpsheiði sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k.

aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppa á Efranúpsheiði 1898 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Efranúpsheiði hafi verið hluti af landi jarðarinnar Efri-Núps, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afréttur hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Efranúpsheiði birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa samanber hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.4. Elsta heimild um jörðina Efri-Núp er kaupbréf frá 9. september árið 1448 þar sem Hrafn Jónsson selur Þorsteini Jónssyni nokkrar jarðir í Húnaþingi, þar á meðal Efri-Núp í Núpsdal. Í kaupbréfinu segir að seld sé jörðin Efri Núpur í Núpsdal með öllum þeim gögnum og gæðum er jörðinni hafi fylgt að fornu og nýju, með tilteknum ummerkjum, ítökum og „ kirkiugotsum“. Landamerkjum er lýst greinilega og ná þau yfir það landsvæði er fellur í dag undir jarðirnar Efri-Núp, Þverá, Fosskot og Neðri-Núp að hluta ásamt ágreiningssvæðinu í máli þessu. Merkjum jarðarinnar er þannig lýst að heiðinni meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega afmörkuð. Er heimalandi jarðarinnar og ágreiningssvæðinu því lýst með heildstæðum hætti. Í kaupbréfi Ásgríms ábóta og Jóns Sigmundssonar frá árinu 1493 er sambærileg lýsing og í kaupbréfinu frá 1448, þ.e.

merkjum hins selda landsvæðis er lýst sem einni heild án þess að afmarka heiðina sérstaklega. Er merkjum þannig lýst í fyrrgreindum kaupbréfum að landamerki milli Núpanna ræður Áshólsgil neðan úr Núpsá og upp í Marartjörn og þaðan yfir í Núpsvatn og svo upp til fjalla. Fyrir austan Núpsá ræður Rjúpnadæl og réttsýni upp í Merarhamra og svo eftir Steinaheiði og fram í Bræður. Þá réttsýni austur í Kastala og Þorvaldsá ræður fram í Þorvaldsvatn, svo til móts við Aðalból og svo suður að fjallvörðum og mikla hvannstóð við sunnanmenn í austurflóa og ofan á Önundafitjar og Galtarsel og réttsýni heim í Núpsvatn.

Af heimildum má ráða að deilur hafi verið um eignarhald þessarar jarðar í upphafi 16. aldar, þótt ráða megi að deilurnar hafi staðið um rétt til jarðarinnar en ekki um merki hennar eða eignarréttarlegrar stöðu. Í dómi tólf presta, frá 7. janúar 1508, útnefndum af Gottskálki biskupi á Hólum um ákærur biskups til Jóns Sigmundssonar um kirknafé á Urðum og í Víðidalstungu og fleiri sakir, voru biskupi dæmdir Másstaðir og Núpur. Dómur sex lögréttumanna, frá 1. júlí árið 1510, útnefndur á Öxarárþingi af Birni Guðnasyni eftir skipan konungs um góss þau og garða, bæði föst og laus, er frá Jóni Sigmundssyni höfðu tekin verið utan lögréttumanna dóm og lögmanns úrskurði, komst að þeirri niðurstöðu að Jón Sigmundsson mætti frjálslega og löglega að sér taka og réttilega halda Víðidalstungu, Urðir og Núp. Í janúarmánuði 1540, seldi Jón biskup Arasyni á Hólum séra Birni Jónssyni, syni sínum, jarðirnar Stóruborg og Litluborg í Víðidal fyrir jarðirnar Fremranúp í Núpsdal, Æsistaði í Langadal og Kollsá í Svarfaðardal. Í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eftir Jón biskup Arason frá fallinn, þann 25. desember árið 1550, kemur fram að stóllinn eigi eitt naut í eldum á Stóra Núpi, og að jafnframt eigi hann 60 hundruð í Stærra Núpi. Í helmingadómi 1. júlí árið 1555 kveðnum af Ólafi biskupi Hjaltasyni og Oddi lögmanni Gottskálkssyni, var séra Snjólfi Jónssyni dæmd jörðin Núpur fremri í Núpsdal (Efri-Núpur).

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir að Fremrinúpur (Efri-Núpur) í Miðfjarðarhreppi sé bóndaeign og kirkjustaður og jarðardýrleiki sé 60 hundruð að fornu. Þá segir um afrétt jarðarinnar: „Afrjett á jörðin sem kölluð er Núpsheiði, þar á hún fjárupprekstur frían fyrir sig og geldfje sitt alt; þángað sækja og aðrar jarðir lamba upprekstur, so sem þessi jarðabók vottar, og geldur bóndi hver lamb af rekstri og taka landsdrotnar eftir proportion. ... “. Þá er einnig getið um veiði og segir: „Laxveiði í Núpsdalsá og silúngsveiði á fjöllum hefur að fornu til gagns verið, en nú í margt ár lítils verð eður einkis; þó ætla menn að á fjöllum enn væri silúngsveiðin, en iðkast ekki.“ Í sömu heimild er einnig getið um forn eyðiból í landi Fremranúps, meðal annars Fosskot, en svo segir: „Fosskot var hjáleiga í Núpslandi bygð fyrst og eyðilögð aftur í manna minni; þar hafði fyr aldrei býli verið; varaði bygðin undir 20 ár. Landskuld var, þá er hún komst hæst, lx [60] álnir. Galst í landaurum heim að Núpi. [...]. Eyðilagðist þetta hrakkot fyrir heyskaparleysi og vetrarríki, nú fyrir sex árum [árið 1699], og kann, fyrir áðursagðar

greinir, ei aftur að byggjast. Þá eiga eftirtaldar jarðir, skv. fyrrgreindri heimild, lambaupprekstur á Núpsheiði fyrir venjulegan toll (lamb af rekstri); Litlutungur, Speni, Haugur, Torfustaðir og Núpdalstunga. Um jörðina Neðri-Núp kemur eftirfarandi fram í sömu heimild: „Geldfjárrekstur á jörðin frí í Fremra Núps afrjett, þángað sem heita Önundarfitjar. En Fremri Núpur þar í staðinn sín ítök í Neðra Núpsland, vide Fremra Núp. ... “.

Þann 18. júní árið 1723 var kaupbréfið frá 1448 um Efri-Núp framlagt og upplesið fyrir rétti á héraðsþingi á Torfustöðum. Sama dag var einnig lesið upp kaupbréfið um Efri-Núp frá 1493. Á áreiðarþingi að Skriðnesenni við Bitrufjörð þann 14. júní 1724 var kaupbréfið frá 1448 lesið upp og enn aftur í lögréttu þann 13. júlí 1726.

Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 5. maí 1747 var upplesin lögfesta séra Þorsteins Péturssonar prests á Staðarbakka þar sem hann lögfestir land tilheyrandi Staðarbakkakirkju á Húksheiði, „til móts við Fremranúpseigendur.“ Þá var í lögfestu séra Þorsteins Péturssonar prests á Staðarbakka frá 10. júní 1760 sérstaklega minnst á jörðina Efri-Núp þar sem hann lögfestir land tilheyrandi Staðarbakkakirkju á Húksheiði en svo segir: „Sømuleidis logfeste eg halsinn allann fyrer austann adurgreint land, sem heirer til Eignar Jord minne Efranupe.“ Á manntalsþingum að Torfustöðum þann 29. maí 1769 og 22. maí 1776 var síðan upplesin fyrrgreind lögfesta séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka frá 5. maí 1747. Á manntalsþingi að Torfustöðum þann 10. júní 1789 var upplesin lögfesta séra Egils Jónssonar á Staðarbakka fyrir Staðarbakkaafrétt í Vesturárdal „til móts við Fremranúps eigendur.“ Lögfestan var einnig lesin upp á manntalsþingi að Melstað þann 27. júní 1817. Á manntalsþingi að Melstað þann 8. júní 1838 var upplesin lögfesta séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka fyrir Staðarbakkaafrétt „til móts við Efranúpseigendur.“ Af framangreindum lögfestum má ráða að verið er að lýsa landsvæði sem er vestan við jörðina Fosskot, en Fosskot liggur sem fyrr segir utan ágreiningssvæðis á vestanverðum norðurmörkum þess. Þess er þó að geta að samkvæmt fyrrgreindum kaupbréfum frá 1448 og 1493 var Fosskot innan merkjalýsingar Efri-Núps en af framangreindum heimildum frá 1747-1817 má því ráða að Fosskot hafi enn verið talið innan landamerkja Efri-Núps á þeim tíma.

Í sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840, skrifa séra Eiríkur Bjarnason að Staðarbakka og séra Þorlákur Stefánsson, kapellán þar, eftirfarandi um afréttarlönd á Tvídægru: „Það eru ekki almenningar, heldur liggja þau undir einstakar jarðir. […] miðparturinn undir Efranúp og kallast Núpsheiði … “. Í kafla um jörðina Efrinúp í Torfastaðahreppi segir eftirfarandi um Núpsheiði í jarðamatinu 1849: „Jörðin á heiðarland, kallað Núpsheiði, bæði mikið land og gott, en að litlum notum fyrir jörðina, er upprekstur tíðkast þar mjög lítill, sosem frá 5 bæjum.“ Á manntalsþingi að Svarðbæli þann 12. júní 1879 var lesinn upp útdráttur úr Efranúps jarðar máldaga frá 1448 Landamerkja og ítaka getið. Samkvæmt

veðmálabók sýslumannsins í Húnavatnssýslu árið 1879 sem útdrátturinn er færður í er þess getið að hann hafi jafnframt verið lesinn upp á áreiðarþingi að Skriðsenni þann 14. júní 1724 og í lögréttu þann 13. júní 1726. Merkjum er lýst samskonar og í kaupbréfinu frá 1448 sem getið er um hér að framan.

Þann 10. júní árið 1884, lagði eigandi Efri-Núps fram bann við notkun á landi jarðarinnar: „Samkvæmt heimildarskjölum eignarjarðar minnar Efra-Núps, og þinglesnum máldaga nefndrar jarðar þinglestnum á Svarðbælisþingi 1879, á jeg allar nytjar Efra Núps lands innan þar greindra takmarka, því banna jeg hverjum einum fyrrgreint land að nota til nokkurs hagsmuna sjer, hvort sem er til beitar sauðfjár eða hrossa, silungsveiðar, fuglafengs eða grasatekju, nema mitt sjé leyfi til.“

Í landamerkjabréfi Neðri-Núps frá 4. júní 1890 eru tilgreind ítök jarðarinnar á Efranúpsheiði en þar segir að jörðin eigi upprekstur fyrir geldfé og hross á Efranúpsheiði ásamt graslendum. Á móti þessu eigi Efri-Núpur torfskurð í Neðrinúpsjörð svo sem þarf og tveggja mánaða beit í landsparti milli Rjúpnalágar og Breiðulágar. Þá er þess getið að Núparnir eigi sameiginlegt beitiland fyrir sauðfé og hross að vestanverðu við Núpsá.

Landamerkjabréf Efranúpsheiðar var útbúið 16. febrúar 1891 og er landamerkjum lýst ítarlega. Bréfið var þinglesið 7. júní 1892 samhliða landamerkjabréfi jarðarinnar Efri-Núps. Þá var bréfið samþykkt vegna allra aðliggjandi landsvæði, þar á meðal hreppsnefnda sunnan heiðarinnar.

Á manntalsþingi, höldnu að Núpsdalstungu þann 8. júní 1891, var þinglýst landamerkjaskrá fyrir jörðunum Fosskoti, Bjargi og Bjargshól. Ekki hafði tekist að ganga frá landamerkjaskrám fyrir Efra-Núp og Aðalból og því ekki hægt að þinglýsa þeim að því sinni. Í dómabókinni kemur fram að eigandi Efri-Núps óskaði bókunar um að hann hefði sent séra Magnúsi Andréssyni á Gilsbakka landamerkjaskrá þá er hann hefði samið fyrir eignarjörð sinni Efri-Núpi og óskað undirskriftar hans. Séra Magnús hefði hins vegar endursent skrána og sagt að hlutaðeigendur vildu ekki skrifa undir á þeim tíma. Kvaðst eigandi Efri-Núps þá vera búinn að senda hana aftur með nokkrum breytingum og biði svara, því væri ekki hægt að þinglýsa henni.

Í framhaldi af gerð landamerkjabréfs Efranúpsheiðar tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur þann 24. október 1891. Leigusamningur tilgreinir ummerki heiðarinnar ítarlega og eru þau samskonar og getið er um í landamerkjabréfi heiðarinnar. Þá segir í samningnum að upprekstrarfjélög Fremri- og Ytri-Torfastaðahreppa skuli greiða eiganda eða eigendum Efra-Núps, 20 kr. hvor hreppur, árlega. Í samningnum er þess einnig getið að öllum ábúendum í Núpsdal, að meðtöldum ábúendum Litlu-Tungu og Spena sé heimilt að reka sauðfé sitt á fyrrnefnda afrétt en fyrir afnotin skuli greiða eiganda/eigendum Efri-Núps heiðartoll. Samningurinn var samþykktur á aðalfundi sýslunefndar í mars 1892 og þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 7. júní 1892.

Landamerkjabréf Efri-Núps var útbúið 28. maí 1892 og þinglesið 7. júní sama ár. Í bréfinu segir að mörk milli heimalands og heiðarinnar að Kastali sé hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar. Var bréfið samþykkt vegna allra aðliggjandi jarða.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 er eftirfarandi tekið fram um afréttarnot íbúa Ytri- Torfustaðahrepps á Núpsheiði: „ … austan Miðfjarðarár skulu allir búendur í Melstaðarsókn eiga upprekstur á Núpsheiði.“ Um afréttarnot Fremri- Torfustaðahrepps á Núpsheiði segir: „Núpsdalsbúendur skulu eiga upprekstur á Núpsheiði … “.

Í fundargerð hreppsnefndar Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa frá 29. maí 1896 var samþykkt með öllum atkvæðum að kaupa Núpsheiði fyrir 1.200 kr. Þá afsalaði Hjörtur Líndal frá sér Núpsheiði til hreppsnefnda Fremri- og Ytri-Torfastaðahreppa þann 27. maí árið 1898 í samræmi við kaupsamning dagsettan þann 15. ágúst árið 1896. Í afsalinu kemur frem að hann afsali sér Núpsheiði með öllum réttindum og skyldum eins og hann hafi eignast hana og átt að undanskildum þeim atriðum er kaupsamningur greinir, fyrir 1200 kr. Afsalið var lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Núpdalstungu sama dag. Fyrrgreindur kaupsamningur hefur ekki fundist þrátt fyrir kerfisbundna leit[567] á vegum óbyggðanefndar.

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns. Í svari hreppstjóra Ytri-Torfustaðahrepps, dagsettu 14. febrúar 1920, segir að engin svæði séu í hreppnum sem talin séu almenningar. Afréttarlönd þau er hreppurinn noti sem séu Aðalbóls- og Núpsheiðar hafi verið keyptar fyrir nokkrum árum af eigendum jarða þeirra er þau lágu undir. Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Efri-Núp: „Á rjett til upprekstur í afrjett sveitarfjelags.“

Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Núpsheiði og eignarheimild sögð afsal Hjartar Líndal. Landamerkjalýsingin er í samræmi við Landamerkjabréf Efranúpsheiðar frá 1891 en þó öllu ítarlegri. Magnús Guðmundsson á Staðarbakka tók saman þátt um Núpsheiði árið 1986, sem birtur var í ritinu *Húnaþing III,* 3 árum síðar. Segir þar að afréttarlönd Miðfirðinga skiptist í þrjár heiðar. Þar liggi Núpsheiði í miðið, fram af Núpsdal. Austan við hana sé Aðalbólsheiði en Húksheiði að vestan. Allar þessar heiðar hafi legið undir jarðir þær sem heiðarnar eru kenndar við. Nú séu öll þessi heiðalönd eign Upprekstrarfélags Miðfirðinga og því sameiginleg afréttarlönd beggja hreppanna í Miðfirði, Ytri- og Fremri-Torfustaðahrepps. Hrepparnir hafi keypt Núpsheiði árið 1896 af þáverandi eiganda Efra-Núps, Hirti hreppstjóra Líndal, á 1.200 krónur. Þá segir að aðalnot heiðanna hafi fyrst og fremst

[567] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

verið sumarbeit fyrir búfé hreppsbúa, sauðfé og hross. En heiðalöndin hafi einnig upp á fleira að bjóða. Þar séu mörg góð veiðivötn og silungsveiði jafnan verið nokkuð stunduð. Var sú veiði oft gott búsílag fyrr á árum. Þá var grasatekja nokkuð stunduð áður fyrr, svo og álftaveiðar. Þá er í sama riti fjallað um vorleitir en svo segir um þær: „Áður en girðing kom milli heimalanda og afréttar í Miðfirði tapaðist jafnan margt fé á heiðarnar áður en tekist hafði að ná lömbum til mörkunar og ám til rúnings. Þess vegna voru gerðar svokallaðar vorleitir norðan til á heiðarnar. Ekki munu þessar leitir þó hafa verið skipulagðar af hreppsnefndum en hrepparnir þó stundum hafa tekið þátt í kostnaði við þær.“ Þann 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Ekkert svar barst frá sveitarstjórnum Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa vegna fyrirspurnarinnar.

Samkvæmt framansögðu er vísað sérstaklega til Efranúpsheiðar í tengslum við beit og afréttarnot í nokkrum heimildum. Heimildir um afnot svæðisins allt frá 18. öld og síðar fjalla þannig fyrst og fremst um beit, veiði og önnur sambærileg not. Fleiri jarðir eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til eigenda Efri-Núps en samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 áttu nokkrar jarðir lambaupprekstur á Núpsheiði fyrir venjulegan toll. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í elstu heimildum er Efranúpsheiði tilgreind með öðru landi Efra-Núps án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli heiðarinnar og annars lands jarðarinnar. Þannig hafa eigendur Efri-Núps farið með umráð og hagnýtingu svæðisins a.m.k. allt frá 15. öld. Í kaupbréfum frá árunum 1448 og 1493 segir að seld sé jörðin Efri-Núpur í Núpsdal með öllum þeim gögnum og gæðum er jörðinni hafi fylgt að fornu og nýju, með tilteknum ummerkjum, ítökum og kirkjugóssum. Landamerkjum er lýst greinilega í kaupbréfinu og ná þau með samfelldum hætti yfir það landsvæði er fellur í dag undir jarðirnar Efri-Núp, Þverá, Fosskot og Neðri-Núp að hluta ásamt öllu ágreiningssvæðinu sem hér um ræðir. Héldu eigendur rétti sínum ítrekað til laga með endurtekinni þinglýsingu umræddra kaupbréfa allt fram á síðari hluta 19. aldar. Merkjum jarðarinnar er þannig lýst með heildstæðum hætti að heiðinni meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega afmörkuð. Bendir þetta til þess að landssvæði afréttarinnar hafi verið hluti af jörðinni Efri-Núp en verið aðskilin sem sérstök afrétt síðar, og þá í tengslum við ráðstöfun þess hluta landsins.

Árin 1891 og 1892 voru gerð aðskilin landamerkjabréf fyrir annars vegar Efri-Núp og hins vegar Efranúpsheiði. Eru bæði bréfin undirrituð af Hirti Líndal hreppstjóra sem eiganda. Voru bréfin samþykkt vegna allra aðliggjandi landsvæða, þar á meðal úr öðrum hreppum sunnan við heiðina. Var bréfunum síðan báðum

þinglýst á manntalsþingi að Núpdalstungu 7. júní 1892. Þetta er fyrsta heimildin sem getur þess að heiðin sé skilin frá jörðinni en þá er til þess að líta að í beinu framhaldi tóku Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar Efranúpsheiði á leigu til upprekstur með leigusamningi, dags. 24. október 1891. Í samningnum er þess getið að hrepparnir greiði tiltekna leigu til eiganda Efri-Núps en einnig er kveðið á um að öllum ábúendum í Núpsdal sé heimilt að reka sauðfé sitt á fyrrnefnda afrétt og skuli samt sem áður greiða eigendum Efri-Núps heiðartoll, auk leigugjaldsins sem hrepparnir skyldu greiða. Heiðin er svo seld til hreppsnefnda Fremri- og Ytri-Torfastaðahreppa með kaupsamningi, dags. 15. ágúst 1896, en sem fyrr segir hefur sá kaupsamningur ekki fundist. Afsalið fyrir heiðinni, dags. 27. maí 1898, er þó meðal gagna málsins en í því kemur fram að eigandi heiðarinnar afsalar henni frá sér og sínum erfingjum með öllum þeim réttindum og skyldum sem hann hafi eignast hana, að undanskildum þeim atriðum er kaupsamningur greinir. Það sem hér hefur verið greint frá bendir að mati óbyggðanefndar eindregið til þess að landsvæði heiðarinnar hafi ávallt verið talið hluti af jörðinni Efri-Núp frá öndverðu en verið aðskilin sem sérstök afrétt síðar með fyrrgreindum ráðstöfunum.

Af heimildum um afnot eigenda Efri-Núps af svæðinu, innheimtu tolla af nýtingu þess, uppskiptingu þess frá heimajörðinni, sem og sölu þess á síðari tímum má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting svæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en heimalandsins leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma . Þá liggja að Efranúpsheiði eignarlönd til norðurs og austurs sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Er í því sambandi vísað til kafla 10.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar,* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Efranúpsheiðar, sem sveitarfélagið Húnaþing vestra leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Efranúpsheiðar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[568] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda. Þá fellur það ekki undir hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin afstaða til kröfu eigenda Gilsbakka um að þeir eigi bein eða óbein eignarréttindi í Flóavatni.

6.6 Húksheiði (Húksafréttur)

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem ýmist hefur verið nefndur Húksheiði eða Húksafréttur. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður stuðst við heitið Húksheiði. Sveitarfélagið Húnaþing vestra gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur inn af Vesturárdal í Húnaþingi vestra í um 300−540 m y.s. Afmarkast ágreiningssvæðið af Staðarhreppsafrétti að vestan og Efranúpsheiði að austan. Að norðan liggja jarðirnar Húkur og Lækjabær en að sunnan afmarkast svæðið að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu. Er land fremur hallalítið og gróið og þar eru víða vötn, tjarnir og flóar. Rís land hæst í Sléttafelli (543 m y.s.) sem liggur fyrir miðri heiðinni að vestanverðu. Stærstu vötnin á svæðinu eru Krókavatn og Flóavatn sem eru við suðurmörk svæðisins.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttur. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar eru ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Að því er varðar Húksheiði sérstaklega er því haldið fram að heimildir bendi til þess að svæðið hafi legið utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttur, eða,

[568] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

hafi svæðið verið numið í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar, heldur hafi svæðið eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota og með tímanum orðið samnotaafrétt aðliggjandi jarða. Ritaðar heimildir bendi til þess að þar hafi aldrei verið byggð og að svæðið hafi frá örófi alda verið nýtt sem afréttarland, enda landfræðileg lega og staðhættir þannig að annað væri nær ómögulegt. Þá er einnig vísað til þeirra dóma sem gengið hafa um sambærileg svæði, þ.e. dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66/1996 (Auðkúluheiði) og 67/1996 (Eyvindarstaðaheiði). Máli sínu til stuðnings, vísar íslenska ríkið til sýslu- og sóknarlýsingar Húnavatnssýslu, *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705, svars hreppstjóra Þorkelshólshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðherra með bréfi dags. 21. febrúar 1920. Miðfirðinga, sem og til frumvarps frá árinu 1894 til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu og lýsingar Tómasar Sæmundssonar í ritinu *Húnaþing III* á afréttinum. Jafnframt er byggt á landamerkjabréfi jarðarinnar Húks frá 1855.

Af hálfu Sveitarfélagsins Húnaþings vestra, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms. Það sé að hluta umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms og engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Byggt er á ýmsum fornum jarðaskjölum og eignarheimildum um landsvæðið, einkum og sér í lagi afsalsbréfi Húksheiðar frá 18. október 1934, máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi 1461 og síðar sem og vísitasíu að Staðarbakka frá 26. september 1819, þar sem segir að kirkjan á Staðarbakka eigi „Húk allan“. Einnig er byggt á landamerkjabréfi Húks frá 31. maí 1855 og umfjöllun um svæðið í ritinu *Föðurtún* frá 1950. Jafnframt er byggt á meginreglu íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti, eins og staðfest hafi verið meðal annars í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur).

Þá telur gagnaðili ríkisins að um sé að ræða afréttarland sem hafi verið einkaland ákveðinnar jarðar sem seinna var keypt af hreppsfélögunum til almennra afréttarnota fyrir byggðarmenn. Því til sönnunar liggi m.a. fyrir þinglesin afsöl, samningur um leigu heiðarinnar, umsagnir staðkunnugra manna um landsvæðin, ásamt öðrum lýsingum í eldri heimildum. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að sveitarfélagið Húnaþing vestra festi kaup á landsvæðinu. Bent er á að notkun heiðarinnar í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að hún flokkist til svokallaðra almenningsafrétta og að hún hafi ekki staðið almenningi til afnota nema gegn gjaldi.

Þá megi ráða af Landnámu að allt land á hinu umdeilda svæði hafi verið numið, og að landnám hafi verið samfellt. Þá er bent á að Landnáma hafi í

dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti sbr. dóm Hæstaréttar frá 31. október 1960 í máli nr. 141/1960 (Skeljabrekka) og 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland). Gagnaðili ríkisins bendir þó á að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til fjalla á svæðinu órökstuddar. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið er talið vera heiðarland og því hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Það telur hann einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum) um að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Þá er vísað til þess að þó svo að heimalönd jarða kunni að vera mjög víðfeðm, hafi þau engu að síður verið talin eignarlönd, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskustungum) og dóm Hæstaréttar frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð) o.fl.

Gagnaðili ríkisins byggir á að þeir hreppar sem sameinuðust í Húnaþing vestra hafi keypt heiðarlandið af íslenska ríkinu sem með athöfnum sínum hafi staðfest hinn beina eignarrétt að landinu og óvéfengjanlega yfirfærslu hans til sveitarfélagsins. Með sölu landsins, m.a. af hálfu íslenska ríkisins til hinna fornu hreppa, hafi íslenska ríkið ekki einungis þegið endurgjald, heldur einnig staðfest beinan eignarrétt sinn að landsvæðinu sem sé hinni sami beini eignarréttur og hinir fornu hreppar hafi öðlast með kaupsamningum við íslenska ríkið og útgefnum afsölum þar um. Í því samhengi byggir gagnaðili ríkisins á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þá njóti þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins jafnframt til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hefur verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og að sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafa um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir séu til staðar, einkum ef þær fari ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að lokum er byggt er á því gagnaðili íslenska ríkisins hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem hann verði ekki sviptur án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg málefni hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Gilsbakka, sem krefst þess eins og rakið er í kafla 3.3, að viðurkennd verði tiltekin óbein eignarréttindi hans syðst á Húksheiði er byggt á því að samkvæmt heimildarskjölum Gilsbakkaeiganda eigi hann

veiðiréttindi í vötnum þeim er gerðar eru kröfur til. Byggt er á máldaga Árna biskups Helgasonar um Gilsbakkakirkju frá 1306, Vilchinsmáldaga fyrir Gilsbakkakirkju frá 1397, máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Gilsbakkakirkju frá því um 1570 sem og landamerkjabréfi Gilsbakkakirkju, dags. 20.8.1889, þinglýstu 18.5.1904.

Bendir gagnaðili íslenska ríkisins á að heimildarskjölum Gilsbakkakirkju fyrir veiðiréttindum hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hann og forverar hans hafi því á hverjum tíma haft réttmætar ástæður til að ætla að þessi eignarréttindi væru undirorpin fullkomnum eignarrétti þeirra. Hafi bæði dómar sem gengið hafa og aðgerðir stjórnvalda styrkt landeigendur í þeirri trú. Þá vísar umræddur gagnaðili íslenska ríkisins til að hvernig sem eignarrétti hafi annars verið varið fyrr á öldum, hafi hann og forverar hans unnið eignarrétt á veiðiréttinum fyrir hefð. Veiðirétturinn hafi verið hluti eignarréttinda og að hann og forverar hans uppfyllt skilyrðin um óslitið eignarhald í a.m.k. 20 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Þó svo að um afnotahefð væri að ræða hafi þeir haft full umráð veiðiréttarins í meira en 40 ár og uppfylli þar með skilyrði um a.m.k. 40 ára samfellda nýtingu sbr. 8. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Byggt er á 25. og 26. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 um rétt þinglýsts eiganda, 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda, óskráðum reglna eignarréttarins um beinan eignarrétt, og 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Húksheiðar er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná aftur til 14. aldar, má ráða að Staðarbakki hafi verið kirkjujörð og að jörðin Húkur hafi heyrt tilheyrt Staðarbakka. Þá má ráða af heimildum sem ná aftur til 15. aldar að ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar, Húksheiði, hafi einnig heyrt undir jörðinna Staðarbakka en ekki er þó ljóst af þeim heimildum hvernig kirkjan á Staðarbakka var upphaflega komin að þeim rétti. Þó ágreiningssvæðið virðist draga nafn sitt, Húksheiði, af jörðinni Húki sem er aðliggjandi svæðinu að norðanverðu eru engar heimildir sem styðja að heiðin hafi tilheyrt þeirri jörð. Þvert á móti er þessara landsvæða getið með aðskildum hætti í fjölda heimilda svo sem nánar verður rakið síðar. Jörðin Staðarbakki í Miðfirði liggur hins vegar utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá svæðinu af öðrum jörðum.

Máldagi Auðunar biskups rauða fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Staðarbakka í Miðfirði. Þar segir að kirkjan eigi heimaland allt og tvær jarðir, Króksstaði og Skarfshól, en ekki er þar minnst á nein heiðarlönd eða afréttarlönd í hennar eigu. Í máldaga Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árunum 1360−1389 segir að kirkjan eigi 10 hundruð í Húki og er þetta elsta ritheimildin er getur um jörðina Húk. Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1394 og síðar, segir að

Staðarbakkakirkja eigi „Húk allan“ en ekki er getið um heiðarlönd. Þá segir í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 að kirkjan eigi „Húk allan“. Í sama máldaga er svo jafnframt getið réttinda kirkjunnar á landsvæði sem svo er lýst: „Enn laxveidi vnder Riukandi. aunundarfitiar allar firir vestan vesturaa oc suo sudur j midian floa. lambatungr sudur fra gautuhryggium oc sudur fra erringafaunnu epter midiu slettufelli j floa midian. bædi fuglueidi oc fiskviedi.“ Af framangreindri lýsingu má ráða að landsvæðið sem þar er lýst er ágreiningssvæðið sem hér er til úrlausnar, þ.e. Húksheiði. Af máldaganum frá 1461 má ráða að annars vegar er því lýst að Staðarbakkakirkja eigi „Húk allan“ eins og það er orðað og hins vegar er aðskilin lýsing á takmörkuðum réttindinum, fugl- og fiskveiði, í landsvæði því sem hér er til umfjöllunar, þ.e. Húksheiði.

Elst þeirra heimilda er geta um og lýsa merkjum á ágreiningssvæðinu er fyrrgreindur máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 en þó er svæðið ekki nefnt Húksheiði í þeirri umfjöllun. Fyrsta heimildin sem getur ágreiningssvæðisins með nafninu Húksheiði er dómur sex manna í máli er varðaði m.a. lögrekstur og fjallgöngur á Húksheiði frá árinu 1621 en landamerkja landsvæðisins er þar ekki getið. Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Húksheiði en merkjum afréttarins er lýst í heild eða að hluta í ýmsum eldri heimildum. Er þá merkjum lýst að mestu leyti, þ.e. Önundafitjar fyrir vestan Vesturá, suður í miðjan flóa og Lambatungur suður frá Gautuhryggjum og Erringafönnum, eftir miðju Sléttafelli í flóa miðjan. Fellur sú merkjalýsing að mestu saman við hvernig ágreiningssvæðinu er lýst í dag, þó norðurmerkin séu örlítið óljós í eldri heimildum. Fyrstu heildstæðu lýsinguna á ágreiningssvæðinu er síðan að finna í þætti um Húksheiði sem Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman árið 1984 og birtist svo í ritinu *Húnaþing III* árið 1989.

Austan við Húksheiði er ágreiningssvæði vegna Efranúpsheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.5. Norðan við landsvæðið liggja jarðirnar Húkur og Lækjabær, en Lækjabær var áður nefnt Jafnhólslækjaland/Jafnhólalækjaland. Vestan við ágreiningssvæðið er annars vegar jörðin Óspaksstaðir og hins vegar ágreiningssvæði vegna Staðarhreppsafréttar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.7. Sunnan við er ágreiningssvæði í máli 3/2014 á svæði 8 vestur sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Húksheiðar er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Húksheiðar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst í fjölda heimilda. Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er norðurmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo að þau séu Lamabatungur suður frá Gautuhryggjum og suður frá Erringafönnum. Í lögfestum

Staðarbakkapresta frá árunum 1663, 1747, 1789 og 1838 er um samskonar lýsingu á norðurmörkum ágreiningssvæðisins að ræða. Þá er einnig að finna þess háttar merkjalýsingu í vísitasíum að Staðarbakka frá árunum 1693, 1700, 1706, 1716, 1749, 1819, 1833 og 1836. Hinn 27. maí 1856 gaf séra Gísli Gíslason prestur á Staðarbakka út byggingarbréf fyrir Jafnhólalækjalandi fardagaárið 1856−1857 til Jóhannesar Ólafssonar bónda á Dalgeirsstöðum. Suðurmörk byggingabréfsins lýsa norðurmörkum Húksheiðar að hluta en í því segir: „ … [ad Túnaseljum (sem ennnu sjást mikil líkindi til ad hafi stadid austanvert vid vesturá, nedanvert vid Aunundarfitjar eins og almæli eru hér i sveit og Staðarbakka kirkju máldagi bendir ljóslega til og ~~öll~~ kirkjunnar eignarskjöl samhljóda vitna)] ásamt öllum „Bugnum“ sem vesturá myndar þar, hver á ad takamarka hérnefndan heidarlandspart ad sunnan og vestanverdu … “. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er norðurmerkjum Húksheiðar lýst svo: „ … Úr Brennikvíslarpolli ræður bein stefna um Þrísteina, austan í Þrísteinavatnshrygg, í Brúnskvísl þar sem hún fellur í Vesturá kipp sunnan við Fenhól og er það hornmerki heiðarinnar að norðan og austan.“ Í þætti um Húksheiði sem Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman árið 1984 og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er norðurmörkum heiðarinnar lýst svo: „Að norðan ræður Vesturá merkjum þar til hún beygir þvert í norður þar sem Lambá kemur í hana úr suðri, þaðan liggja merkin í Lambakvísl og yfir Þrísteinavatnshrygg og Þrísteinavatn í Brennikvíslarpoll“. Í örnefnaskrá um Húksheiði sem unnin var úr tveimur örnefnaskrám eftir annars vegar Stefán Jónsson á Húki og hins vegar Helga Guðmundsson, sem endurskoðuð var af Jónasi Stefánssyni á Húki 1985 segir: „Merki milli heimalands og Húksheiðar eru úr **Vesturá** (1), þar sem **Brúnskvísl** (2) kemur í hana. Vesturá er á austurmerkjum fyrir miklum hluta heiðarinnar. Brúnskvísl kemur úr flóunum milli Lambakvíslar og Brennikvíslar. Ekki þekkir Jónas neina sögn um tilefni nafnsins Brúnskvísl, en brokflóar eru meðfram henni, og sýnist oft brúnt yfir að líta á sumrin. Frá mótum Vesturár og Brúnskvíslar eru merkin beina sjónhending yfir **Þrísteinavatn** (3), sem er á **Þrísteinavatnshrygg** (4), og vestur í **Brennikvíslarpoll** (5).“

Norðan við Húksheiði liggur annars vegar jörðin Húkur á vestanverðum norðurmörkum og hins vegar jörðin Lækjabær austan við Húk. Landamerkjabréf fyrir Húk var gert 31. maí 1885 og þinglesið tveimur dögum síðar. Þar er suðurmörkum jarðarinnar lýst þannig: „Að sunnan eru merkin, milli Húks-heimalands og Húks-afrjettar eptir beinni línu úr nefndum polli austur í Vesturá.“ Landamerkjabréfið var samþykkt vegna jarðanna Foss, Bálkastaða, Brandagils, Kollafoss og fyrir hönd Staðar. Landamerkjabréf fyrir Lækjabæ hefur ekki fundist en bærinn var byggður í Jafnhólalækjalandi. Árið 1856 gaf séra Gísli Gíslason prestur á Staðarbakka út byggingarbréf fyrir Jafnhólalækjalandi fardagaárið 1856−1857 til Jóhannesar Ólafssonar bónda á Dalgeirsstöðum. Suðurmörk byggingabréfsins lýsa norðurmörkum Húksheiðar að hluta en í því segir: „ … [ad Túnaseljum (sem ennnu sjást mikil líkindi

til ad hafi stadid austanvert vid vesturá, nedanvert vid Aunundarfitjar eins og almæli eru hér i sveit og Staðarbakka kirkju máldagi bendir ljóslega til og ~~öll~~ kirkjunnar eignarskjöl samhljóda vitna)] ásamt öllum „Bugnum“ sem vesturá myndar þar, hver á ad takmarka hérnefndan heidarlandspart ad sunnan og vestanverdu … “. Eftir byggingu bæjarins er í heimildum vísað til landsvæðisins sem Lækjabæjar.

Þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar eru óljósar hvað varðar nákvæma legu norðurmerkja Húksheiðar gagnvart jörðinni Húki, að öðru leyti en því að staðsetning Brennikvíslarpolls, á norðvesturhornmarki ágreiningssvæðisins, er þekkt en m.a. er vísað til hans í framangreindu landamerkjabréfi Húks. Hvað varðar nákvæma legu merkjanna austan við Brennikvíslarpoll er hins vegar einungis við heimildir frá síðari tíma 20. aldar að styðjast. Samkvæmt þeim virðist sem mörkin hafi miðast við línu sem dregin er frá Brennikvíslarpolli austur í Vesturá þar sem Brúnskvísl fellur í hana úr suðri og Vesturá sé þaðan fylgt til suðausturs.

Að framangreindu virtu er það mat óbyggðanefndar m.t.t. til fyrirliggjandi heimilda, staðhátta og lýsinga í örnefnaskrám að umræddur punktur við norðausturmörk Húksheiðar, gagnvart jörðinni Húki, sé þar sem Brúnskvísl rennur í Vesturá og verður við það miðað í niðurstöðum óbyggðanefndar.

Ekki er fyllilega ljóst af texta kröfulýsinga málsaðila við hvaða kennileiti þeir miða legu kröfulína á vestanverðum norðurmörkum Húksheiðar gagnvart jörðinni Húki. Í upphaflegri kröfulýsingu íslenska ríkisins var miðað við að bein lína væri dregin frá þeim stað þar sem Lambá rennur í Vesturá (punktur 37) vestur í poll er Brennikvísl rennur í úr vestri (punktur 38). Kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins var dregin með öðrum hætti milli umræddra punkta án þess að tilgreint væri við hvaða kennileiti hún væri miðuð. Við skoðun á kröfulínukorti má þó sjá að sú lína fylgir Vesturá áfram til norðvesturs frá þeim stað þar sem Lambá rennur í hana og allt þar til komið er að þeim stað þar sem kvísl ein rennur í hana úr suðri. Þaðan er lína gagnaðila ríkisins svo dregin beina stefnu suðvestur í Brennikvíslarpoll, á norðvesturhornmarki ágreiningssvæðis vegna Húksheiðar. Við aðra fyrirtöku í málinu lagði íslenska ríkið fram bókun sem fól í sér að lega kröfulínu íslenska ríkisins milli punkta nr. 37 og 38 var færð til samræmis við legu kröfulínu gagnaðila þess, með fyrirvara um rétta staðsetningu örnefna. Því er ekki ágreiningur meðal málsaðila um mörk Húksheiðar að þessu leyti.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Húksheiðar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem miðað er við í kröfulýsingum málsaðila.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst í fjölda heimilda. Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er vesturmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo að þau séu suður frá Erringafönnum eftir miðju Sléttafelli og í flóa miðjan. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir um austurmörk afréttar Staðar í

Hrútafjarðarhreppi í vestanverðu Sléttafelli til móts við Staðarbakkakirkju að austan. Lögfestur Staðarbakkapresta frá árunum 1663, 1747, 1789 og 1838 eru einnig samhljóma um vesturmörk ágreiningssvæðisins en þau eru sögð vera suður frá Erringafönnum eftir miðju Sléttafelli og í flóa miðjan. Þá er einnig að finna samskonar merkjalýsingu í vísitasíum að Staðarbakka frá árunum 1693, 1700, 1706, 1716, 1749, 1819, 1833 og 1836. Í ritinu *Göngur og réttir II*, frá árinu 1949, segir svo um vesturmörk leitarlanda Miðfirðinga: „ … markalínan þar er frá heimalöndum, um Sléttafell og suður á leitarmörk Norðlendinga og Borgfirðinga.“. Stærst þeirra er Blöndukíll, sem rennur framan af beint í vestur.“. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er vesturmerkjum Húksheiðar lýst svo í landamerkjalýsingu: „ … Úr Krókavatni, (Tangavatni) þar sem Skútakvísl fellur úr því ræður bein stefna í Kletthól sem er suðvestan í Sléttafelli. Þaðan ræður bein lína í vesturenda Erringafannabrúna, þar sem Brennikvísl á upptök sín. Síðan ræður Brennikvísl merkjum norður í Brennikvíslarpoll og er það hornmerki heiðarinnar að vestan og norðan.“. Þann 13. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson umsögn Böðvars Daníelssonar, fyrrverandi bónda í Fossseli í Hrútafirði, um landamerki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar og segir svo um vesturmörk ágreiningssvæðisins: „Sjónhending úr Krókavatni (Tangavatni) þar sem Skútagil fellur úr því í Kletthól sem er suðvestan í Slettafelli og sjónhending þaðan í vesturenda Erringafannabrúna. Þaðan sjónhending í Brennikvíslarpoll.“ Þann 14. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson frásögn Sæmundar og Gunnars í Hrútatungu um landamerki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar og segir um austurmerki Hrútafjarðarafréttar að þeir séu sammála lýsingu Böðvars í Foss[s]eli. Sama dag skjalfesti Helgi Jóhannesson einnig frásögn Jónasar Stefánssonar, um landamerki Húksheiðar og segir svo um vesturmörkin: „ …[V]esturlína: Lýsti sig sammála lýsingu Böðvars með þeirri viðbót að Brennukvísl réði úr Erringafönn[um] í Brennukvíslarpoll.“ Í þætti um Húksheiði sem Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman árið 1984 og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er vesturmörkum heiðarinnar lýst svo: „ … að vestan af Brennikvísl og beint í Grenshól sunnan í Sléttafelli vestast og beina sjónhendingu í Krókavatnslón.“. Svo sem rakið er hér að framan ber eldri heimildum saman um að vesturmerki ágreiningssvæðisins séu frá Erringafönnum eftir Sléttafelli í flóa miðjann. Yngri heimildir greina frá vesturmörkum á sambærilegan hátt en draga línu í suðvestur enda Krókavatns eða Krókavatnslóns. Er það mat óbyggðanefndar að ráða megi að yngri heimildir hafi stuðning af þeim eldri um vesturmerki Húksheiðar.

Vestan Húksheiðar liggur annars vegar ágreiningssvæði vegna Staðarhreppsafréttar og hins vegar jörðin Óspaksstaðir. Fjallað er sérstaklega um ágreiningssvæði vegna Staðarhreppsafréttar í kafla 6.7. Í þeirri umfjöllun var það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan merkja Staðarhreppsafréttar. Um þá afmörkun vísast til þeirrar úrlausnar en hún kemur einungis til skoðunar hér hvað varðar austurmörk Staðarhreppsafréttar gagnvart

Húksheiði. Í niðurstöðu óbyggðanefndar er merkjum Staðarhreppsafréttar til austurs lýst með þeim hætti að Brennikvísl er fylgt að upptökum hennar í Sléttafelli svo suður vestast á há Sléttafell um Kletthól og þaðan í Skiptabrekkur.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Húksheiðar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingum aðila, þ.e. úr suðvestur enda Krókavatns þar sem Skútakvísl fellur úr því, norður á Skiptabrekkur, beina stefnu í Kletthól sem er suðvestan í Sléttafelli, þá í upptök Brennikvíslar sem ræður svo merkjum norður í Brennikvíslarpoll.

Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst í fjölda heimilda. Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 er austurmörkum svæðisins lýst svo að þau séu Önundafitjar allar fyrir vestan Vesturá og svo suður í miðjan flóa. Lögfestur Staðarbakkapresta frá árunum 1663 og 1789 eru sögð vera Önundafitjar allar fyrir vestan Vesturá en lögfestur frá 1747 og 1838 eru einnig samhljóma um austurmörk ágreiningssvæðisins og þau sögð vera Önundafitjar allar fyrir vestan Vesturá og svo suður í miðjan flóa. Þá er einnig að finna samskonar merkjalýsingu í vísitasíum að Staðarbakka frá árunum 1693, 1700, 1706, 1716, 1749, 1819, 1833 og 1836 en þar er þeim lýst sem Önundarfitjar allar fyrir vestan Vesturá og svo suður í miðjan flóa. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 er austurmerkjum Húksheiðar lýst svo í landamerkjalýsingu: „Vesturá ræður frá þeim stað er Brúnskvísl fellur í hana og alla leið þar til Blöndukýll fellur í Vesturá. Þá ræður Blöndukýll i Flóakvísl þar sem hún fellur í Blöndukýl. Þaðan ræður bein lína í Valdimarshól, sem stendur við norðausturenda Flóavatns hins stóra. Úr Valdimarshól ræður bein lína í suðurenda Flóavatns hins stóra og er það hornmerki heiðarinnar að austan og sunnan“. Þann 14. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson frásögn Jónasar Stefánssonar, um landamerki Húksheiðar og segir svo um austurmörkin: „Úr suðurenda Flóavatns í Valdimarskál sem stendur við norðausturenda Flóavatns. [Þ]aðan í Flóakvísl þar sem hún fellur í Blöndukýl [svo], síðan ræður Blöndukýll [svo] í Vesturá ... “ Í þætti um Húksheiði sem Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman árið 1984 og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er austurmörkum heiðarinnar lýst svo: „Að austan frá Valdimarshól vestan við Vörðuása út með Flóakvísl út að Blöndukíl. Þar sem Blöndukíll beygir beint í norður rennur Flóakvísl í hann og heitir eftir það Vesturá. Merkin liggja með henni út í Vesturárkrók, þar beygir hún í vestur.“

Austan við Húksheiði liggur ágreiningssvæði vegna Efranúpsheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.5. Í umfjöllun um svæðið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan marka Efranúpsheiðar. Um þá afmörkun vísast til þeirrar úrlausnar en hún kemur einungis til skoðunar hér hvað varðar vesturmörk Efranúpsheiðar gagnvart Húksheiði. Í niðurstöðu óbyggðarnefndar var merkjum Efranúpsheiðar til vesturs lýst úr suðurenda Flóavatns í Valdimarshól, þaðan í Flóakvísl út að Blöndukíl sem ræður þar til hún

fellur í Vesturá sem er fylgt norður þar til hún beygir í vestur við Vesturárkrók. Í tilviki Húksheiðar er þessum merkjum lýst með sama hætti af aðilum. Er það því niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Húksheiðar til austurs séu með framangreindum hætti.

Suðurmerkjum Húksheiðar er fyrst lýst í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 og er þannig: „Úr suðurenda Flóavatns hins stóra ræður bein lína í Krókavatn, (Tangavatn) þar sem Skútakvísl fellur úr því og er það hornmerki heiðarinnar að sunnan og vestan.“. Þann 14. ágúst árið 1985 skjalfesti Helgi Jóhannesson frásögn Jónasar Stefánssonar, um landamerki Húksheiðar, eftir því sem Jónas sjálfur best vissi og segir svo um suðurmörkin: „Frá Krókavaði þar sem Skútakvísl kemur úr því ræður sjónhending í suðurenda Flóavatns hið [svo] stóra.“ Í þætti um Húksheiði sem Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman árið 1984 og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 segir svo um suðurmörk heiðarinnar: „Að sunnan úr Krókavatnslóni liggja merkin yfir Krókavatn og rimann milli vatnanna í Flóavatn … “.

Sunnan við Húksheiði er ágreiningssvæði í máli 3/2014 á svæði 8 vestur sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd.

Svo sem rakið er hér að framan er suðurmerkjum Húksheiðar ekki lýst í eldri heimildum að öðru leyti en því að vestur og austurmerkjum er þar lýst suður í miðjan flóa. Er það mat óbyggðanefndar að ráða megi að yngri heimildir hafi stuðning af þeim eldri um að suðurmerki Húksheiðar liggi á milli Krókavatns og Flóavatns. Þá er ekki uppi neinn ágreiningur milli íslenska ríkisins og gagnaðila um suðurmörk ágreiningssvæðisins.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Húksheiðar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingum aðila, þ.e. úr Krókavatnslóni beina línu austur í suðurenda Flóavatns.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Húksheiði sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum,

vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í máli þessu hefur komið fram að dóms- og kirkjumálaráðherra seldi Húksheiði til hreppsfélaganna í Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppum árið 1934 en heiðin hafði áður verið leigð hreppunum. Afsal fyrir sölu heiðarinnar liggur fyrir í málinu en þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar að leigusamningi[569] um Húksheiði hefur hann ekki fundist. Þó liggur fyrir í málinu fundargerð sameiginlegs fundar Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa frá 29. maí 1896 þar sem samþykkt var að taka Húksheiði á leigu og greiða Staðarbakkapresti fyrir.

Af kaupum Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppa á Húksheiði og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Húksheiði hafi verið hluti af jörð en nýtt til beitar eða afréttur í þeim skilningi að hún hafi eingöngu verið háð óbeinum eignarrétti.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Húksheiði birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa samanber hins vegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.5. Elsta heimild um ágreiningssvæðið er sem fyrr segir máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá 1461 og síðar en þar segir að kirkjan eigi „hwk allan“ en einnig

[569] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

segir: „Enn laxveidi vnder Riukandi. aunundarfitiar allar firir vestan vesturaa oc suo sudur j midian floa. lambatungr sudur fra gautuhryggium oc sudur fra erringafaunnu epter midiu slettufelli j floa midian. bædi fuglueidi oc fiskviedi.“ Sem fyrr greinir má ráða af máldaganum að annars vegar telur kirkjan sér til eignar „Húk allan“ eins og það er orðað en hins vegar er lýst takmörkuðum réttindum, fugl- og fiskveiði, í landsvæði því sem hér er til umfjöllunar, þ.e. Húksheiði. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 segir að kirkjan eigi: „Hwkur land 12 aurar … “ en einnig er getið: „ … Laxveidi vnder Riukandi / aunundar fitiar allar fyrer vestan vestr aa / og so sudur j midian flöa / Lambatungur sudur fraa gautu hryggium / og sudur fraa erringia fónnum / epter midiu slietta felli / j floa midian / bædi fuglveidi og fiskveidi … “.

Þann 26. september árið 1621 dæmdu sex menn í máli er varðaði lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði. Gissur prestur Gamlason og Ingjaldur bóndi Illugason kvörtuðu undan að sumir bændur í Miðfirði vildu ekki halda upp lögrekstrum og fjallgöngum til afréttar þeirrar er þeir ættu meðgjörð með og töldu þeir skaða af bíða. Fyrir réttinn komu Bessi Sigurðarson, Andrés Halss, sem og allmargir þingmenn er báru um það að lögrekstur hefði verið allan þann tíma er þeir hefðu tilvitað, sem var meira en 30 ár, á Lambatungur í Austurárdal úr Miðfirði austan fram og úr Núpsdal, en á Húksheiði úr Húksdal. Sama sögðust fyrrgreindir menn hafa heyrt af sér eldri mönnum. Í dómnum segir svo: „ … dæmdum vér með fullu dóms atkvæði: alla búend[u]r í ád[u]rskrifuðu takmarki skilduga að reka fé sitt á þessar tvær afréttir ádurgreindar Lambatúngur i Aust[u]rárdal og Húksheiði eptir laganna hljóðan og hreppstjóra skikkun … “. Sömuleiðis að gjalda fyrir það lambatolla og ganga eitt sinn á haust sömu heiðar. Dómurinn var síðar lesinn upp á manntalsþingum að Torfustöðum árin 1676, 1694, 1702, 1712, 1719, 1733 og 1753. Auk þess var hann einnig lesinn upp á manntalsþingum að Melstað árin 1838 og 1842 og að Svarðbæli árið 1879.

Til ágreiningssvæðisins er síðar vísað í fjölda vísitasía og lögfesta umráðenda Staðarbakka. Í lögfestu séra Þorláks Arngrímssonar prests á Staðarbakka frá 1. maí 1663 segir: „ … logfesti eg Stadarbacha kyrkiu afrett liggjande [t]veim meigenn ar J westurárdal, sem er, land med ollum gognum sudur frá Sandgile, austanframm j dalnum, og svo allan Bug sudur ad tuna selium. Jtem vestanframm land allt ádurskrifudu landi gagnvart liggiandi og Ønundarfytiar allar fyrir vestan Vestur á þar med allar lambatungur sudur frá götuhryggium og Errijngafönnum efter midiu Slettafelle sudur J vatnaflóa midiann. Lögfesti eg þessa kyrkiunnar afrettar landz ~~töd~~ hollt og haga, vötn [og] veidistadi, lód og landsnytiar allar er greindu afrettar landi filgia og filgia eiga ad logum til rettra vmmerkia á allar sijdur mótz vid adra menn.“ Af framangreindri heimild má ráða að vísað sé til ágreiningssvæðisins sem afréttar Staðarbakkakirkju. Í vísitasíu að Staðarbakka frá 20. ágúst 1693 kemur fram að kirkjan eigi tilteknar jarðir, m.a. „Hukur Landsk. 1 hndr“, einnig kemur eftirfarandi

fram: „ … Ónundar Fytiar allar fyrer Vestan Vesturä, og So sudur i midian Flöa, Lamba Tungur Sudur frä Gótu hriggium og Sudur frä Erryngia Fónnum effter Midiu Slietta Felli J flöa midiann, bædi Fugl Veidi og Fisk Veidi … “. Þá segir í vísitasíu að Staðarbakka frá 6. maí 1700 að kirkjan eigi „Huk landskulld 1 hndr.“ Einnig segir þar: „Laxveide under Riukanda, AunundarFytiar allar firer vestan vesturä, og So sudur i midiann flöa, lambatüngur Sudur frä gótuhriggium og Sudur frä Erringiafónnumm effter midiu Sliettafelle i flöa midiann bædr Fuglveide og Fiskveide … “.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 segir um afrétt Staðarbakkakirkju á Húksheiði: „Afrjett á staðurinn á Húksheiði og hefur þar lamba upprekstur mikill hluti sveitarinnar fyrir vestan Miðfjarðará, og gjalda lamb af rekstri til staðarhaldarans. […] Álfta eggvers er von nokkur í Húksheiði, sem er staðarins land, eftir þeim rjetti að staðurinn á jörðina. Í sama landi er nokkrar álftarveiðar von. Hvörugt þetta hefur nú í margt ár, síðan hallærið yfir gekk, staðnum að gagni komið. Grasatekju á staðurinn á fyrnefndri heiði.“ Í sömu heimild er þess getið að Húkur í Miðfjarðarhreppi sé 16 hundraða jörð að dýrleika í eigu Staðarbakkakirkju-beneficium, en í þeirri umfjöllun segir eftirfarandi: „Afrjett á jörðin þar sem kölluð er Húksheiði, og njóta ábúendur hennar ekki, heldur tekur staðarhaldarinn afrjettartoll allan, sem áður greinir. Ekki gjalda ábúendur á Húki toll af þessari afrjett. [...]. Álftaveiði er á afrjettinni og brúka hana ekki ábúendur; en ekki er örvænt nema vera mætti nokkuð í heimalandinu fram eftir hálsinum. Grasatekju á fjallinu hafa ábúendur frjálsa.“ Þá er í umfjöllun um afrétt Staðar í Hrútafjarðarhreppi í vestanverðu Sléttafelli getið um að deilur hafi verið milli Staðar og Staðarbakka presta. Hvorki hafa fundist frekari heimildir um þær deilur né að hverju þær snéru. Merkjalýsing afréttar Staðar til austurs í heimildinni skarast þó ekki á við merki Húksheiðar til vesturs. Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eiga eftirtaldar jarðir í Miðfjarðarhreppi lambaupprekstur á Húksheiði fyrir 5 álna toll til Staðarbakka; Skarfshóll, Krókstaðir, Búrfell, Breddalækur, Hlíð, Kollufoss, Dalgeirsstaðir, Skegghallsstaðir og Þverá.

Í vísitasíu að Staðarbakka frá 4. september 1706, segir að kirkjan eigi „Hük landskulld 1 hndr.“ en einnig er ágreiningssvæðisins getið svo: „Laxveide under Riukanda, AunundarFytiar allar firer vestan vesturä, og So sudur i midiann flöa, lambatüngur Sudur frä gótuhriggium og Sudur frä Erringiafónnumm effter midiu Sliettafelle i flöa midiann bædr Fuglveide og Fiskveide … “. Þá segir í vísitasíu að Staðarbakka frá 3. ágúst 1716 að kirkjan eigi „Huk“ en um ágreiningssvæðið segir: „ … og laxveide under riukanda, ónundar fitiar allar firer vestann vestur ä, og So sudur i midiann flöa Lambatungur sudur fra gótu hriggiumm og sudur fra Erringia fónnum effter midiu slietta felle i flöa midiann bæde fugl veide og fiskveide … “. Í lögfestu séra Þorsteins Péturssonar prests að Staðarbakka frá 5. maí 1747 segir eftirfarandi: Logfeste Eg Stadarbackakyrkiu afRett, liggiande tveim meigenn ár i Vesturárdal, nefnelega austann framm, land med ollum gognum og giædum sudur frá Sandgile

uppa brun ad galltarsteine, til mots vid fremranups Eigendur, ogso bug allann vid Vesturá sudur ad Tunaselium, Ønundarfitiar allar firer vestan Vesturá, ogso sudur i midiann flóa, lambatungur allar, sudur fra götuhriggium og Erringa fönnum, effter midiu Slettafelle J flóa midiann, þar fyrer nordann liggur leiguland Huks ábuenda; Þetta kyrkiunnar afRettarland med ollum firgreindum Eignum og Jtokum, logfeste Eg bæde ad ordfullu og logmale Rettu, fyrer byd eg hvorium manne hier nefnda kyrkiunnar Eign ad jrkia, beita, Edur i nockru sier ad nýta, nema mitt kome lof eda leifi til. Auk þess er áréttað í lögfestunni að allir búendur vestan fram í Miðfirði og beggja megin í Vesturárdal að þeir láti reka fé sitt á Staðarbakkakirkjuafrétt samkvæmt lögum og dómum. Í vísitasíu að Staðarbakka frá 23. júlí 1749 segir að kirkjan eigi „Huk allan“ en einnig er ágreiningssvæðisins getið með sambærilegum hætti og áður, þ.e.: „ … en Laxveide under Riukanda; aunundarfitiar allar fyrer Vestann Vesturä, og so sudur i Midiann Flöa, Lambatungur allar sudur fra gótuhriggium og sudur fra Erringa /Vulgo ijringa:/ Fonumm, effter Midiu Sliettafelle i floa Midiann, bæde fuglveide og fiskveide.“ Er í heimildinni fjallað um „Húk allan“ og er það í fyrsta skipti sem það orðalag er notað frá því í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461.

Þann 18. júní 1758 að Melskirkju, var upplesið áminningarbréf séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka, um að bændur í Miðfirði reki lömb sín á Staðarbakkakirkjuafrétt Húksheiði án allra undanbrigða eftir því sem fornir dómar tilhaldi þeim. Árið 1760 var lögfesta séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka fyrir Jafnhólalækjalandi lesin upp þó var ekki getið um ágreiningssvæðið, en jafnframt áminnti séra Þorsteinn bændur um að reka lömb sín á Staðarbakkaafrétt sem kallaðist Lambatunga eftir lögsömdum dómi. Á manntalsþingum að Torfustöðum þann 29. maí 1769 og 22. maí 1776 var upplesin lögfesta séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka frá 5. maí 1747, en í henni var greint frá ágreiningssvæðinu, um lögfestuna er fjallað hér að framan. Í lögfestu séra Egils Jónssonar prests að Staðarbakka frá 10. júní 1789 greinir svo um ágreiningssvæðið: „Lögfeste eg Stadarbacka kyrkiu afrett liggiande tveim megenn ár i Vesturárdal, sem er ad austann framm so kallader Jafn-hóls læker, land med ollumm gognum og giædumm sudur frá Sandgile upp á brún ad Galltar Steine til móts vid Fremranúps Eigendur, og so Bug allann vid Vesturá sudur ad Túnaselium, Ønundarfytiar allar fyrer vestann Vesturá og so sudur frá Götuhryggium, og sudur frá Erringa (vulgo Jringa) Fønnumm effter midiu Sliettafelle i flóa midiann bæde fuglveide og fiskveide.“. Þar að auki er vísað til jarðarinnar Húks þannig: „Lögfeste eg eirnenn þessar Stadarbacka kyrkiu Jarder. a). Húk allann med öllumm gögnumm og giædumm, og sierhverium landsnytium, vötnumm og veidestödumm er þeirrar Jardar Leygulande filgt hefur, filger og filgia ber med rettu, allt framm under Stadarbacka kyrkiu áminst afrettarland, og til rettra Landamerkia sem vered hafa og vera egu móts vid adra menn.“.

Í vísistasíu að Staðarbakkakirkju frá 4. október árið 1786, stuttu eftir Skaftárelda, kemur fram að jörðin Húkur, sem var í eigu kirkjunnar, sé komin í eyði. Aðrar eignir kirkjunnar eru ekki tilgreindar sérstaklega, heldur einungis sagt að kirkjan haldi „öðrum sínum eignum“. Þá kemur fram í vísitasíu að Staðarbakkakirkju frá 6. júní árið 1787 að jörðin Húkur sé þá enn í eyði en ekki er minnst á afréttarlönd kirkjunnar. Á manntalsþingi að Melstað þann 27. júní 1817 var lögfesta séra Egils Jónssonar fyrir Staðarbakkaafrétt í Vesturárdal lesin upp en hún hafði áður verið upplesin að Torfustöðum 10. júní 1789. Í vísitasíu að Staðarbakka frá 26. september árið 1819 segir svo að kirkjan eigi Húk allan en einnig segir þar: „ … Laxveidi undir Riúkanda. Aunundarfitiar allar fyrir Vestan Vesturá, og svo sudur i midian Flóa, Lambatúngur allar sudur frá Gautuhriggium, og sudur frá Erringa /:vulgo Irínga:/ fönnum, eptir midiu Sliettafelli, i Flóa midian, bædi Fuglveidi og Fiskveidi.“ Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 5. júní 1821, var upplesin umkvörtun frá Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli m.a. um að presturinn á Staðarbakka aftaki að hreinsa Húksheiði. Í dómabók sýslunnar segir: „Sömuleidis aftekur presturinn Sira Egill á Stadarbacka ad hreinsa Húksheidi svo leingi ad allir ei reki þángað, sem adur hafa verid til þess med dómi dæmdir … “. Þá var á manntalsþingi að Melstað þann 14. maí 1831 upplesið bann séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka um hrossarekstur á Húksheiði en í bannskjalinu segir: „Allteins fyrirbýd eg nú allann hrossa upprekstur hér eptir, bædi á þad ofann nefnda Jafnhóls Lækja land, og á Húksheidi, sem einungis er til ad yrja upp landid frá afréttar fénu, og gjöra þad bædi óspakt og magurt.“. Þá biður presturinn einnig sýslumanninn um að tilhalda öllum sem eiga lögdæmdan upprekstur á Húksheiði að reka þangað lömb og gjeldfé framvegis. Í vísitasíu að Staðarbakka frá 3. september 1833 segir svo að kirkjan eigi „Húk allan“ og einnig segir um ágreiningssvæðið: „ … Laxveidi undir Riúkanda, Önundarfitiar allar fyrir vestan Vesturá, ogso sudur í midiann Flóa – Lambatúngur sudurfrá götuhriggium og sudurfrá Iringafönnum eptir midiu Slettafelli í Flóa midiann bædi Fuglveidi og Fiskveidi … “

Í vísitasíu að Staðarbakka frá 20. júní árið 1836 er þess getið að kirkjan eigi „Húk allan“ en einnig er samskonar lýsing og í eldri vísitasíum en svo segir: „Laxveidi undir Riúkanda, Ønundarfitiar allar fyrir vestann Vesturá, og svo sudur i midiann Flóa, Lambatungur sudur frá Götuhriggjum, og sudur frá Irríngiafönnum, eptir midju Sliettafelli i Flóa midiann, bædi Fuglveidi og Fiskveidi … “ Þá var á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 6. júní 1837, lesið bann séra G. Gunnlaugssonar, ásamt ábúendanna á Bálkastöðum, Fossi og Hrútatungu, móti hrossarekstri á Húksheiði. Í sóknalýsingum Staðarbakka- og Efranúpssóknar, frá árinu 1840, skrifa séra Eiríkur Bjarnason að Staðarbakka og séra Þorlákur Stefánsson, kapellán um afréttarlönd á Tvídægru og segja þau séu ekki almenningar heldur liggi þau undir einstaka jarðir og um Húksheiði segir að hún sé vesturpartur Tvídægru og liggi undir Staðarbakka.

Í lögfestu séra Eiríks Bjarnarsonar frá 8. júní 1838 kemur eftirfarandi fram: „Lögfesti eg Stadarbakka kyrkju afrétt, liggjandi tveim meginn ár í Vesturárdal, sem er ad austannfram, land (sem nú kallast Jafnhólslækir), med ollum gognum og gædum, sudur frá Sandgili, upp til móts vid Efranúps Eigendur, ogso Bug allann (vid Vesturá) sudur ad Túnaseljum; Ønundarfitjar allar, fyrir vestan Vesturá, ogso sudur í midjann Flóa; Lambatúngur allar, sudur frá Götuhryggjum, og sudur frá Errínga-Jrínga-fönnum, eptir midju Sléttafelli í Flóa midjann, bædi fuglveidi og fiskveidi.“

Þann 10. maí 1839 ritaði séra Eiríkur Bjarnason prestur á Staðarbakka áminningarbréf til bænda í Miðfirði að þeir reki lömb sín og geldfé Staðarbakka afrétt en í bréfinu segir: „Tveim méginn ár í Vesturárdal, nl. á Húksheidi, og Jafnhólslækjaland, sem eg med óræku Documenti get sannad ad hefir verid haldinn og köllud afrétt um 176 ár. – Enn fyrirbíd einum og sérhvörjum þessara hér ad ofann tiltekinna búenda – sem fie sitt láta Reka, ad Reka þad á adrar afréttir. – Enn fyrir fráfærur skal eg tiltaka hvörjer, og hvad margir Reka skuli í fyrrnefnt Lækjaland, svo Landsetum herra Syslumannsins Jons á Melum, sem búa í Nupsdal, géfist ecki orsök til ummqvörtunar yfir ágangi afréttarfiárins, (so sem velnefndur hra Sysslumadur hefur nylega skrifad mier). Allt eins fyrirbíd eg enn einusinni allann hrossa upprekstur á Húksheidi og Jafnhóls-lækjaland, án minnar vitundar, og leifis.“

Í úttekt að Staðarbakka, þann 17. júní árið 1859, kemur fram að kirkjan haldi öllum sínum eignum og ítökum nema hvað varðar ágreiningur sé um Jafnhólalækjaland, en það er utan kröfusvæðis í máli þessu. Þann 14. júní 1861 rituðu séra Jakob Finnbogason prestur á Staðarbakka og B. Bjarnason á Aðalbóli áminningarbréf til bænda í Miðfirði að þeir reki fé sitt á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði samkvæmt dómi frá 26. september 1621. Í annarri úttekt að Staðarbakka, þann 22. júlí árið 1868, kemur fram að kirkjan haldi öllum sínum eignum og ítökum eftir vísitasíu Biskups Steingríms Jónssonar frá 3. sept 1833.

Þá var í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 tekið eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Ytri- Torfustaðahrepps: „Aftur skulu Melstaðasóknarmenn vestan Miðfjarðarár eiga upprekstur á Húksheiði.“ Um afréttarnot Fremri- Torfustaðahrepps segir: „ … allir búendur Vesturárdals, ásamt bæjunum Litlutungu, Spena og Haugi skulu eiga upprekstur á Húksheiði.“

Á árunum 1894 til 1896 í kjölfar frumvarps til reglugerðar um notkun afrétta, voru bréfaskrif milli amtmannsins í Norður- og Austuramtinu, stiftsyfirvalda og prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi. Þann 12. október árið 1894 skrifaði amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu til stiftsyfirvaldanna á Íslandi um upprekstur Staðarbakkasóknarmanna og búenda í Vesturárdal. Í bréfinu koma fram athugasemdir vegna reglugjörðar um notkun afrétta. Var á það bent að samþykki á reglugerðinni myndi skerða réttindi Staðarbakkaprestakalls, svo næmi 10 bæjum í upprekstrarskyldu, í tekjumissi miðað við dóm frá 26. september 1621 um upprekstur á Húksheiði. Þann 17. júní 1895 skrifaði sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu amtmanni

Norður- og Austuramts um upprekstrarskyldu Miðfirðinga á Húksheiði. Höfðu Stiftsyfirvöld skorað á hann að láta uppi sitt álit á þessu deilumáli og nauðsynlegar upplýsingar. Í bréfinu kemur fram að Miðfirðingar hafi verið mjög óánægðir með Húksheiði sem upprekstrarland, bæði af því það sé víðast hvar hrjóstrugra og ónýtara en þær heiðar er liggja að því ásamt því að það hafi reynst allt of lítið fyrir fé frá þeim bæjum sem upprekstrarkvöðin hvíli á. Húksheiði hafi verið mun betra upprekstrarland fyrr á öldum en bygging nýbýlisins Lækjabæjar í landi heiðarinnar árið 1857 spilli mjög Húksheiði sem upprekstrarlandi. Að lokum rekur sýslumaður það álit sitt að hann telji að sú skylda hvíli á umráðamanni upprekstrarlandsins gagnvart upprekendum að spilla eigi landinu, hvorki með nýbyggingu eða á annan hátt. Af þeim sökum fái hann eigi betur séð en að upprekstrarskyldan hljóti a.m.k. að takmarkast. Þá muni upprekstrarfélagið fara fram á að nýbýlið Lækjabær verði lagt niður svo nota megi heiðina með öllu því landi sem henni fylgir, verði umráðamaður heiðarinnar móthverfur því að breyting verði gerð á upprekstri í samræmi við frumvarp þar um. Þann 16. júlí árið 1895 skrifaði amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu til stiftsyfirvaldanna um upprekstrarskyldu í Húksheiði og skrif sýslumanns Húnvetninga þar um. Mælist hann til að fá álit stiftsyfirvalda á því hvort ástæður þær er sýslumaður leggur fram í bréfi sínu séu á rökum reistar. Þann 23. september 1895 skrifuðu Stiftsyfirvöldin á Íslandi til prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi þar sem skorað var á hann að senda yfirlýsingu prestsins á Staðarbakka um málið ásamt áliti prófastsins. Þann 14. febrúar árið 1896 skrifuðu Stiftsyfirvöldin á Íslandi til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu um réttindi Staðarprestakalls og upprekstrarlandið Húksheiði. Í bréfinu kemur fram að prestinum á Staðarbakka hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur ítölugjörð sem hafi farið fram á Húksheiði 1893 en hann ekki tekið þátt. Einnig segir að ekki verði séð að nýbýli, sem deilt var um hvort byggt hefði verið í afréttarlandinu og það útskýrt af hverju upprekstrarhluturinn minnkaði í reglugerðinni, liggi í afréttarlandinu heldur Sellandinu Lækjarlandi. Þá er því mótmælt að nokkuð verði samþykkt sem kunni að fara í bági við áðurnefndan dóm frá 1621. Ekki er ljóst hvenær eða með hvaða hætti þessum ágreiningi lauk þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar[570] að gögnum þar um.

Á sameiginlegum hreppsnefndarfundi Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa þann 29. maí 1896 var samþykkt að taka Húksheiði á leigu. Í fundargerð segir: „Húksheiði var tekin til ~~umræðu~~ leigu þannig að Staðarbakkapresti verða borgaðar 4 vætt., 2 af hverjum hreppi fyrir lok októbermánaðar ár hvert með peningum eða innskript við næsta kauptún. Hrepparnir taka að sjer hreinsun og grenjavinslu á heiðinni, þessi samningur gyldir fyrir tíð núverandi prests á Staðarbakka sjera Eyólfs Kolbeins

[570] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

Eyjólfssonar.“. Ekki hefur fundist leigusamningur um leigu hreppsins á ágreiningssvæðinu þrátt fyrir kerfisbundna leit[571] á vegum óbyggðanefndar.

Þann 9. júní árið 1910 fór fram virðingargjörð á jörðinni Staðarbakka en í henni kemur ekkert fram um afréttarland eða lönd Staðarbakka. Þann 10. júní sama ár sendi Eyjólfur Kolbeinsson prestur nokkur skjöl til Stjórnarráðsins er vörðuðu sölu á fyrrum prestsetri hans, Staðarbakka. Telur hann að benda þurfi á að í hundraðatalinu 33,1 fyrir Staðarbakka liggi Lækjabær og Húksheiði. Þá getur hann þess að Húksheiði sé leigð fyrir 4 vætta árlegt gjald.

Í bréfi Guðmundar Jónassonar oddvita Ytri-Torfustaðahrepps til Stjórnarráðs Íslands dags. 24. mars 1913 koma fram ýmsar upplýsingar er varða Húksheiði. Í bréfinu segir að á yfirstandandi ári hafi Hjörtur Líndal hreppstjóri komið með framboð til hreppsnefndar Ytri-Torfustaðahrepps um að taka til leigu afréttarlandið Húksheiði. Í sambandi við Frammhreppsbúa hafi verið haldinn almennur búendafundur og á honum hafi verið samþykkt með öllum atkvæðum að kaupa heiðarland þetta ef það fengist fyrir þolanleg kjör ásamt svonefndu Lækjalandi. Þá er greint frá því í bréfinu að ekki hafi síðan náðst samkomulag milli hreppanna um hvort kaupa ætti Lækjalandið með eður ei. Sé ekki vilji hjá Fremri-Torfustaðahreppsbúum um að fækka býlum í byggðinni og vilji því ekki leggja Lækjaland til afréttar. Ástæðan fyrir því að Ytri-Torfustaðahreppsbúar vilji sameina kaup þessi sé sú, að jafnvel þrátt fyrir að hrepparnir eigi í sameiningu mjög góðar og víðlendar afréttir, þ.e. Aðalból og Núpsheiðar og hafi því ekki mikla þörf fyrir að auka þær, þá vilji íbúar ekki ganga framhjá því að sinna tilboði um kaup á Húksheiði, ef það fengist, þar sem hún liggi upp af byggðarlagi þeirra. Segir ennfermur að þeir telji lítil not af þeirri afrétt ef Lækjaland fylgi ekki með sökum þess að heiðin sé mjög rýr og illviðrasöm og skepnur tolli þar af leiðandi illa á henni. Lækjaland hafi hins vegar alltaf verið talið gott bæði fyrir hross og sauðfé og sæki því peningur mjög þangað. Ef á því sé búið sé ekki við öðru að búast en hrakningi þegar fénaður leitar af afréttinn enda hafi síðustu ár mikið af þeim peningi sem rekinn hefur verið á afréttina komið fljótt til heimahaganna. Af þeim ástæðum beinir hreppsnefndin í Ytri-Torfustaðahreppi þeirri beiðni sinni til Stjórnarráðsins að það vildi selja sér hið áður minnsta Lækjaland til þess það geti verið lagt við afréttina ef samkomulag næst um kaup á afréttarlandinu.

Hinn 27. desember 1913 keypti Helga Stefánsdóttir ábýlisjörð sín Húk í Fremri-Torfastaðahreppi af kirkjujarðasjóði. Í afsali er skýrt tekið fram að Húksheiði sé undanskilin sölunni. Landamerkja er ekki getið. Helga seldi síðan syni sínum Stefáni Jónssyni jörðina 4. júní 1914 með sömu skilmálum. Í fasteignamatinu 1916 segir um Húksheiði að hún sé afréttarland á Tvídægru sem liggi fram af Miðfirði. Eigandi sé prestlaunasjóður. Þá segir að landið sé heldur lítið, víða heldur grösugt. Í fasteignamatinu kemur fram um Húk að jörðin eigi upprekstur á afrétt sveitarfélags og

[571] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

að hún liggi við afrétt. Einnig segir um jörðina Staðarbakka í fasteignamatinu: „Jörðin á upprekstrarrjett á afrjett sveitarinnar. [...] Laxveiði naumast teljandi. [...]. Landamerki ágreiningslaus og þinglesin.“ Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns. Í svari hreppstjóra Ytri-Torfustaðahrepps, dagsett 14. febrúar 1920, segir að í hreppnum og afréttarlönd þau er hreppurinn noti sem séu Aðalbóls og Núpsheiðar hafi verið keyptar fyrir nokkrum árum af eigendum jarða þeirra er þau lágu undir. Svo virðist sem ekki hafi borist svar frá Fremri-Torfustaðahreppi sem Húksheiði tilheyrði á þeim tíma.

Þann 18. október árið 1934 seldi dóms- og kirkjumálaráðherra Húksheiði til hreppsfélaganna í Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppum með vísan til laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða. Heiðin var seld með öllum gögnum og gæðum en þó voru undanskildar námar sem væru í jörðu eða síður kynnu að finnast þar, svo og allt vatnsafl og notkunaraðstaða til þess í hinu selda landi. Landamerkja var ekki getið í afsalinu. Sölunni var þinglýst á manntalsþingi að Núpsdalstungu þann 12. júní árið 1935.

Í síðari tíma heimildum er einnig fjallað um ágreiningssvæðið. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1962 er að finna umfjöllun um ágreiningssvæðið en þar er merkjum Húksheiðar lýst af Stefáni Jónassyni á Húki. Í þætti um Húksheiði sem Sigurgeir Jónatansson á Skeggjastöðum tók saman árið 1984 og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er einnig að finna þátt um Húksheiði en þar segir að hún sé vestasti hluti Tvídægru. Þá er greint frá því að not heiðarinnar hafi aðallega verið sumarbeit „búfjár, kinda og hrossa.“ Veiði sé lítil í vötnum á Húksheiði en eitthvað muni hafa verið um að surtarbrandur hafi verið sóttur í bakka Staurskvíslar og líklegt að hún hafi dregið nafn af því. Fjallagrasatekja hafi verið á heiðinni og hafi höfundur farið þangað á grasafjall á yngri árum og hafi þá verið farið fram í Lambatungu. Þá er landamerkjum Húksheiðar lýst ítarlega. Í landamerkjaskrá fyrir heiðum og afréttum í Vestur-Húnavatnssýslu frá 1985 eru Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppar sagðir eigendur að Húksheiði og eignarheimildin sögð afsal ríkissjóðs á Húksheiði til hreppanna 1934. Þá er landamerkjum lýst ítarlega.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er landsvæði það sem hér er til umfjöllunar tilgreint sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margar afréttir einstakra jarða eða stofnana, þó þess sé ekki ávallt getið með nafninu Húksheiði. Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Þá er heiðin landfræðilega aðskilin frá jörðinni Staðarbakka af öðrum jörðum en sem fyrr greinir eru engar heimildir sem geta um að Húksheiði hafi tilheyrt jörðinni Húki þó hún beri nafn sitt þaðan og sé aðliggjandi jörðinni. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja eignarréttarlega kröfu sína m.a. á því að í eldri heimildum sé fjallað um „Húk allan“ og með því sé átt við jörðina Húk ásamt Húksheiði án aðgreiningar. Í nokkrum heimildum sem greint hefur verið frá hér að framan segir að kirkjan á Staðarbakka eigi „Húk allan“. Þær heimildir eru máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461, lögfesta séra Egils Jónssonar á Staðarbakka frá 10. júní 1789 og vísitasíur að Staðarbakka árin 1749, 1819, 1833 og 1836. Í öðrum sambærilegum heimildum segir að kirkjan eigi jörðina Húk en um er að ræða máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590 og vístasíur að Staðarbakka frá 1693, 1700, 1706 og 1716. Í öllum framangreindum heimildum, þ.e. bæði þeim sem nefna „Húk allan“ sem og „Húk“, er einnig lýst réttindum kirkjunnar um laxveiði undir Rjúkanda, Önundafitjar allar fyrir vestan Vesturá og suður í miðjan Flóa, Lambatungur suður frá Gautuhryggjum og suður frá Erringafönnum eftir miðju Sléttafelli í miðjan Flóa, bæði fuglveiði og fiskveiði. Landsvæðið sem þarna er lýst fellur að meginstefnu til undir það svæði sem í dag er talað um sem Húksheiði. Þó eru norðurmörk hins lýsta landsvæðis nokkuð óljós. Fossinn Rjúkandi er þó á norðurmörkum ágreiningssvæðisins, fyrir norðan það svæði sem fjallað er um sem Lambatungur. Í lögfestum Staðarbakkapresta frá árunum 1663, 1747 og 1838 er svo fjallað um Staðarbakkaafrétt liggjandi beggja vegna ár í Vesturárdal og er sem fyrr greinir lýst þar merkjum á ágreiningssvæðinu án þess að nafnið Húksheiði komi þar fram. Í fyrrgreindum lögfestum er jarðarinnar Húks ekki getið.

Af þessum ítrekuðu lýsingum í heimildum allt frá 15. öld fram á þá 19. verður ekki annað ráðið en að þarna sé verið að lýsa tveimur landsvæðum. Annars vegar er fjallað um jörðina Húk eða Húk allan og hins vegar er lýst takmörkuðum réttindum, fugl- og fiskveiði, á tilteknu landsvæði, sem er það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar. Þá er í lögfestum Staðarbakkapresta frá árunum 1663, 1747, 1789 og 1838 fjallað um ágreiningssvæðið sem afrétt Staðarbakkakirkju, en í lögfestunni frá 1789 er jafnhliða fjallað um „Húk allan“. Jafnframt er í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705 annars vegar nefnt að kirkjan á Staðarbakka eigi jörðina Húk og hins vegar að kirkjan eigi afrétt sem kölluð sé Húksheiði. Er þannig fjallað um jörðina og heiðina í tvennu lagi.

Af framangreindu virtu er það mat óbyggðanefndar að orðalagið „Húk allan“ geti ekki verið skýrt á þann veg að það feli í sér tilvísun til þess að með því sé jafnframt átt við Húksheiði heldur taki það einungis til jarðarinnar Húks. Af fyrrgreindum heimildum megi þannig ráða að verið sé að lýsa annars vegar eign Staðarbakkakirkju á jörðinni Húki og hins vegar takmörkuðum eignarréttindum á ágreiningssvæðinu í máli þessu, þ.e. Húksheiði, en í hluta þeirra heimilda er vísað til svæðisins sem afréttarlands.

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitasíum og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það

landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda. Vægi heimilda á borð við máldaga, vísitasíur og lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar, samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Í fyrirliggjandi máli er fjöldi lögfesta, vísitasía og máldaga frá 15. til 19. aldar sem geta um eign Staðarbakkakirkju á jörðinni Húki annars vegar og hins vegar um takmörkuð eignarréttindi, svo sem fisk- og fuglaveiði, á ágreiningssvæðinu Húskheiði. Hvað ágreiningssvæðið varðar eru fyrrgreindar heimildir þannig eingöngu yfirlýsingar um tiltekin óbein eignarréttindi og geta því að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis.

Um not ágreiningssvæðisins hefur fundist fjöldi heimilda en þar er fyrst að geta dóms sex manna frá árinu 1621 í máli er varðaði lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði. Samkvæmt dómnum eru allir búendur úr Húksdal beggja vegna og fyrir vestan Midfjardará skyldaðir til að reka fé sitt á þær tvær afréttir sem um er fjallað, þ.e. Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði gegn tolli til Staðarbakkakirkju. Dómurinn var síðar lesinn upp á manntalsþingum árin 1676, 1694, 1702, 1712, 1719, 1733, 1753, 1838, 1842 og 1879. Á manntalsþingi, höldnu að Melstað þann 5. júní 1821, var upplesin umkvörtun frá Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli m.a. um að presturinn á Staðarbakka aftaki að hreinsa Húksheiði. Jafnframt var upplesið bann séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka um hrossarekstur á Húksheiði á manntalsþingi að Melstað þann 14. maí 1831 og aftur þann 6. júní 1837 var lesið bann séra G. Gunnlaugssonar, ásamt ábúendanna á Bálkastöðum, Fossi og Hrútatungu, móti hrossarekstri á Húksheiði. Þá var í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 tekið eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Ytri- Torfustaðahrepps: „Aftur skulu Melstaðasóknarmenn vestan Miðfjarðarár eiga upprekstur á Húksheiði.“ Um afréttarnot Fremri-Torfustaðahrepps segir: „ … allir búendur Vesturárdals, ásamt bæjunum Litlutungu, Spena og Haugi skulu eiga upprekstur á Húksheiði.“ Ekki verður annað séð af fyrirliggjandi heimildum um not ágreiningssvæðisins en að þau hafi fyrst og fremst falist í beit eða öðrum þrengri og sambærilegum takmörkuðum notum.

Í fyrirliggjandi heimildum er Húksheiðar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þá er Húksheiði aðskilin frá öðru landi kirkjujarðarinnar Staðarbakka af öðrum fasteignum og liggja ekki fyrir neinar heimildir um að land jarðarinnar og Húksheiðar hafi nokkru sinni legið saman. Engar heimildir eru um að á Húksheiði

hafi nokkru sinni verið byggð eða önnur not en sumarbeit og aðrar takmarkaðar nytjar. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Húksheiði hafi verið afrétt Staðarbakkakirkju í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Hvað varðar kröfu gagnaðila um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[572]

Óumdeilt er að á Húksheiði hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Húksheiði getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Staðarbakka, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Húksheiðar. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Húksheiði fyrir hefð.

Hvað varðar sérstaklega þýðingu afsals ráðherra Íslands, dags. 18. október 1934, þar sem hreppsfélögum í Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppum er afsalað; „ ... greinda Húksheiði með öllum gögnum og gæðum [...] þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar, svo og vatnsafl allt og notkunaraðstaða þess í hinu selda landi.“ þá er til þess að líta að orðalag og framsetning í afsalinu sker ekki úr um það hvort tilætlunin var sú að afsala fullkomnu eignarlandi eða afréttareign. Umrædd framsetning sækir sér þess utan fyrirmynd í almennan áskilnað laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða og eftir atvikum í staðlaða texta kaupsamninga og afsala þess tíma við sambærilega ráðstöfun ríkisins á landi. Þá verður að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá

[572] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti. Tekur sú meginregla jafnframt til eignarheimilda sem stafa frá íslenska ríkinu standi ekki svo sérstaklega á sem rakið er í kafla 6.1.2.3, samanber og dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar). Að þessu virtu gat framangreint afsal ráðherra frá 18. október 1934 þess utan ekki með réttu hafa vakið væntingar hjá afsalshöfum um að þeir væri með afsalinu að eignast annað og meira en þau afnotaréttindi af landinu, sem stefndi hafði á þeim tíma á færi sínu að ráðstafa.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Staðarbakka voru upphaflega komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var. Eins og áður er getið um kann að hátta svo til að a.m.k. hluti þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Húksheiði liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til Húksheiðar hafi orðið til á þann veg að hún hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Húksheiði sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[573] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Er þá litið til þeirra nota ágreiningssvæðisins sem að framan hefur verið lýst.

Í máli þessu gerir eigandi jarðarinnar Gilsbakka í Borgarbyggð kröfu um tiltekin réttindi syðst á Húksheiði, samanber kafla 3.3, nánar tiltekið réttindi til silungsveiði og álftaveiði, þ.m.t. eggja- og fjaðratekju í og við Krókavatn og Flóavatn ásamt tjörn norður af því. Kom krafa þessi fyrst fram við endurupptöku máls þessa þann 9. desember 2014, eins og rakið er í kafla 2.4, en lögmenn annarra málsaðila, þ.e. íslenska ríkisins og Húnaþings vestra, gerðu aðspurðir ekki athugasemd við að krafan kæmist að í málinu þrátt fyrir að kröfulýsingarfrestur væri þá liðinn. Að teknu

[573] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

tilliti til þeirrar afstöðu annarra málsaðila fellst óbyggðanefnd á að taka kröfuna til efnislegrar meðferðar.

Eins og rakið er í kafla 6.6.2 hér að framan er umrædd krafa eiganda Gilsbakka byggð á ýmsum heimildarskjölum er varða Gilsbakkakirkju. Vegna þess hve seint krafan kom fram hefur ekki farið fram kerfisbundin leit á vegum óbyggðanefndar að skjölum um Gilsbakkakirkju við meðferð máls þessa.[574] Aftur á móti fer nú fram kerfisbundin leit að skjölum um Gilsbakka og Gilsbakkakirkju vegna meðferðar máls nr. 3/2014 hjá óbyggðanefnd, þ.e. Hvítársíða, Þverárhlíð og Norðurárdalur. Óbyggðanefnd telur ekki unnt að leysa úr kröfum eiganda Gilsbakka í máli þessu fyrr en þeirri leit er að fullu lokið, samanber rannsóknarskyldu óbyggðanefndar sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, samanber einnig 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verður úrlausn óbyggðanefndar um þessa kröfu því frestað og leyst úr henni samhliða úrlausn um kröfur í máli nr. 3/2014.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Húksheiði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Farið er úr suðurenda Krókavatns beina línu í suðurenda Flóavatns. Þaðan er farið í Valdimarshól sem stendur við norðausturenda Flóavatns. Úr Valdimarshól er bein lína í Flóakvísl þar sem hún rennur í Blöndukíl. Ræður Blöndukíll þar til hann fellur í Vesturá. Vesturá er fylgt til norðurs og svo til vesturs þar sem hún beygir við Vesturárkrók og þar til Brúnskvísl rennur í hana. Þaðan er dregin lína yfir Þrísteinavatnshrygg og Þrísteinavatn í Brennikvíslarpoll. Frá Brennikvíslarpolli er Brennikvísl fylgt suður að upptökum í vesturenda Erringafannabrúna. Þaðan er farin bein lína í Kletthól sem liggur suðvestan í Sléttafelli og suður á Skiptabrekkur. Úr Skiptabrekkum er farið í upphafspunkt í suðurenda Krókavatns.*

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Sá réttur er þó bundinn fyrirvara um hugsanleg réttindi eiganda Gilsbakka á svæðinu, en úrskurðað verður um þau samhliða úrskurði í máli nr. 3/2014.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

[574] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

6.7 Staðarhreppsafréttur

6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefndur Staðarhreppsafréttur. Sveitarfélagið Húnaþing vestra gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur inn af Fossdal í um 300−540 m y.s. og afmarkast af Síká að vestan og ágreiningssvæði vegna Húksheiðar að austan. Liggur land Hrútatungu að vestan, Óspaksstaða að vestan og sunnan og Fosssels að norðan. Til austurs upp frá Síká liggur Sléttafell og rís hæst í 543 m y.s. austan til á svæðinu. Frá norðurmörkum ágreiningssvæðisins þar sem Brennikvísl fellur í Síká eru u.þ.b. 11,5 km að Staðarkirkju í Hrútafirði en af heimildum má ráða að ágreiningssvæðið hefur verið talið tilheyra kirkjunni að Stað, svo sem nánar verður rakið í kafla 6.7.3, en jörðin liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá svæðinu af öðrum jörðum.

6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttur. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar eru ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Að því er varðar Staðarhreppsafrétt sérstaklega er því haldið fram að heimildir bendi til þess að svæðið hafi legið utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttur, eða, hafi svæðið verið numið í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar, heldur hafi svæðið eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota og með tímanum orðið samnotaafréttur aðliggjandi jarða. Ritaðar heimildir bendi til þess að þar hafi aldrei verið byggð og að svæðið hafi frá örófi alda verið nýtt sem afréttarland, enda landfræðileg lega og staðhættir þannig að annað væri nær ómögulegt. Máli sínu til stuðnings vísar íslenska ríkið til lýsingar Tómasar Sæmundssonar í ritinu *Húnaþing III* á afréttinum, sýslu- og sóknarlýsinga Húnavatnssýslu, svars oddvita Staðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðherra með bréfi dags. 8. apríl 1989, sem og til frumvarps frá árinu 1894 til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu.

Af hálfu Sveitarfélagsins Húnaþings vestra, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms. Það sé að hluta umlukið öðrum landsvæðum sem talin hafa verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms og engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu. Bent er á að íslenska ríkið viðurkenni Óspaksstaðaland, og Hrútatunguland sem eignarland allt til sveitarfélagamarka, og því hljóti það sama að gilda um aðliggjandi lönd.

Byggt er á ýmsum fornum jarðaskjölum og eignarheimildum um landsvæðið, einkum og sér í lagi lögfestu séra Eiríks Guðmundssonar frá 30. maí 1769, vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 16. júní 1836, lögfestu séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar frá 13. maí árið 1844 og umfjöllun um svæðið í ritinu *Föðurtún* frá 1950. Jafnframt er byggt á meginreglu íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti, eins og staðfest var meðal annars í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 nr. 193/1970 (Gullberastaðatungur).

Þá telur gagnaðili ríkisins að um sé að ræða afréttarland sem hafi verið einkaland ákveðinnar jarðar sem seinna var keypt af hreppsfélögunum til almennra afréttarnota fyrir byggðarmenn. Því til sönnunar liggi m.a. fyrir afsöl, umsagnir staðkunnugra manna um landsvæðin, ásamt öðrum lýsingum í eldri heimildum. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að sveitarfélagið Húnaþing vestra festi kaup á landsvæðinu.

Þá megi ráða af Landnámu að allt land á hinu umdeilda svæði hafi verið numið, og að landnám hafi verið samfellt. Þá er bent á að Landnáma hafi í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti sbr. dóm Hæstaréttar frá 31. október 1960 í máli nr. 141/1960 (Skeljabrekka) og 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland). Gagnaðili ríkisins bendir þó á að taka verði Landnámu með fyrirvara sem réttarheimild. Landsvæðið sé talið vera heiðarland og því hafi það verið nytjað í samræmi við það, eftir fremsta megni hverju sinni. Það telur hann einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum) um að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi. Þá er vísað til þess að þó svo að heimalönd jarða kunni að vera mjög víðfeðm, hafi þau engu að síður verið talin eignarlönd, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskustungum) og dóm Hæstaréttar frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð) o.fl.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur að þeir hreppar sem sameinuðust í Húnaþing vestra hafi keypt heiðarlandið af íslenska ríkinu sem með athöfnum sínum hafi staðfest hinn beina eignarrétt að landinu og óvéfengjanlega yfirfærslu hans til sveitarfélagsins. Með sölu landsins, m.a. af hálfu íslenska ríkisins til hinna fornu

hreppa, hafi það ekki einungis þegið endurgjald, heldur einnig staðfest beinan eignarrétt sinn að landsvæðinu sem sé hinni sami beini eignarréttur og hinir fornu hreppar hafi öðlast með kaupsamningum við íslenska ríkið og útgefnum afsölum þar um. Í því samhengi byggir gagnaðili ríkisins á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þá njóti þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísar gagnaðili íslenska ríkisins jafnframt til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og að sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafa um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem það verði ekki svipt án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg málefni hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Staðarhreppsafréttar er rakin í kafla 5.6 hér að framan. Þar eru raktar nokkrar heimildir um afnot ágreiningssvæðisins sem ná aftur til upphafs 18. aldar. Í kaflanum er auk þess rakið að Staður í Hrútafirði hafi verið kirkjujörð, en heimildir benda til þess að ágreiningssvæðið hafi fylgt jörðinni, a.m.k. frá upphafi 18. aldar. Ekki er þó ljóst af þeim heimildum hvernig kirkjan að Stað var upphaflega komin að þeim rétti.

Máldagi Auðunar biskups rauða fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1316 er elst þeirra heimilda sem geta um kirkjujörðina Stað í Hrútafirði. Þar segir að kirkjan eigi heimaland allt en ekki er minnst á nein heiðarlönd eða afréttarlönd í hennar eigu. Afréttar Staðar í Hrútafirði er fyrst getið sérstaklega í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 í umfjöllun um Stað í Hrútafirði en þar segir: „Afrjett eigna menn staðnum í vestanverðu Sljettafelli, á móts við Gilsbakkakirkju að sunnan og Staðarbakkakirkju að austan og norðan“. Kirkjujörðin Staður í Hrútafirði liggur sem fyrr segir utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá svæðinu af öðrum jörðum.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Staðarhreppsafréttar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Staðarhreppsafrétt en merkjum afréttarins er lýst í heild eða að hluta í ýmsum eldri heimildum. Fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Staðarhreppsafréttar er hins vegar að finna í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 15. desember 1799. Markmið þessarar athugunar er

að upplýsa um merki Staðarhreppsafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Aðilar að máli þessu byggja afmörkun kröfusvæðisins að hluta á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða en gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á ýmsum fornum jarðaskjölum og eignarheimildum um landsvæðið, einkum og sér í lagi lögfestu séra Eiríks Guðmundssonar frá 30. maí 1769, vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 16. júní 1836, lögfestu séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar frá 13. maí árið 1844 og umfjöllun um ágreiningssvæðið í ritinu *Föðurtún* frá 1950. Austan við Staðarhreppsafrétt er ágreiningssvæði vegna Húksheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.6. Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, jörðin Fosssel að norðanverðu, jörðin Hrútatunga að vestanverðu og jörðin Óspaksstaðir að vestan- og sunnanverðu.

Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst í lögfestu séra Eiríks Guðmundssonar frá 30. maí 1769. Segir þar um „Landspart Stadarkyrkiu“: „ … ad nordannverdu: Stadarkvýsl … “. Af lýsingunni má ráða að norðurmerki landsvæðisins fylgi Staðarkvísl þar til hún rennur í Síká við vestanverð norðurmörkin en þess skal getið að í síðari heimildum er Brennikvísl sögð afmarka Staðarhreppsafrétt að norðan og austan. Staðarkvísl liggur mun vestar en Brennikvísl. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 15. desember 1799 kemur eftirfarandi fram um norðurmörk ágreiningssvæðisins: „ … ad nordannverdu rædur Brennekvísl … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 5. september 1833 kemur eftirfarandi fram um norðurmörk ágreiningssvæðisins: „ … ad nordanverdu rædur Brenniqvisl … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 16. júní 1836 segir um norðurmörk ágreiningssvæðisins: „ … ad nordann verdu rædur Brennikvísl … “. Í lögfestu séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar frá 13. maí 1844 er norðurmörkum ágreiningssvæðisins lýst með sama hætti: „ … ad nordannverdu rædur Brennikvísl … “. Í skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði frá 23. apríl 1891 og þinglesinni 9. júní 1892 segir svo um norðurmörk ágreiningssvæðisins: „Að norðanverðu ræður Brennikvísl, þar til bugur verður á henni fyrir ofan Brennikvíslarhól … “. Í þætti um Staðarhreppsafrétt sem Tómas Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu tók saman og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er að finna ítarlega lýsingu á Staðarhreppsafrétti og þar er norðurmerkjum hennar lýst svo: „[Með Síká] að Brennikvísl og með Brennikvísl [í Brennikvíslarvatn] … “. Í svari Oddvita Staðarhrepps frá 8. apríl 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi er norðurmörkum „Staðhreppingaafrétts“ lýst á móti löndum jarðanna Óspaksstaðasels, Hrútatungu og Fosssels. Jörðin Fossel liggur norðan við ágreiningssvæðið og samrýmist það eldri heimildum þó heildarsvæðinu sem lýst er í svari oddvitans nái lengra til vesturs en ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar.

Norðan við Staðarhreppsafrétt liggur jörðin Fosssel. Landamerkjabréf fyrir Fosssel var gert 29. júní 1923 og þinglesið sama dag. Þar er suðurmörkum jarðarinnar

lýst þannig að Brekkukvísl ráði úr polli fyrir sunnan Kvíslarkrókinn til Síkár. Bréfið er undirritað vegna Staðarlands, Fosslands, Húkslands og Hrútatungulands. Jörðin Fosssel hét áður Bálkastaðaspotti. Var landamerkjabréf Bálkastaðaspotta útbúið 11. október 1890 og þinglesið 10. júní 1891 en suðurmerkjum jarðarinnar er lýst á sambærilegan hátt við það sem gert er í landamerkjabréfi Fosssels. Bréfið er undirritað af eiganda Bálkastaða og samþykkt fyrir Staðarkirkjuland, Staðarbakkakirkju og Foss. Af samanburði þessara heimilda má ráða að lýsingum á merkjum jarðanna Fosssels og Bálkastaðaspotta ber saman.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Staðarhreppsafréttar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingum aðila, þ.e. að norðurmörk liggi eftir farvegi Brennikvíslar úr vestri til austurs þar til hún rennur í Síká.

Vesturmerkjum Staðarhreppsafréttar er lýst í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705 en þar segir að norðan landamerkja Bálkastaðaspotta eigi Staðarkirkja þar fyrir sunnan „ … fellið og hagann suðureftir so lángt sem Síká fellur fyrir vestan … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 17. október 1768 kemur eftirfarandi fram um vesturmörk Staðarhreppsafréttar: „ … Sliettafell ad Vestannverdu, allt ad Sÿkä … “. Í lögfestu séra Eiríks Guðmundssonar frá 30. maí 1769 segir um vesturmörk Staðarhreppsafréttar: „ … ad vestannverdu rædur Sýk-aa, og so framm epter sudur i Gard … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 15. desember 1799 kemur eftirfarandi fram um vesturmörk Staðarhreppsafréttar: „ … vestanverdu Syká og þadan [þadan, ofan línu; strikað yfir: þar] sem hana þrítur, Þa [upphaflega: Þadann, strikað yfir seinni hluta orðsins] sióńhending framá aminnstann Gard.“. Á manntalsþingi, höldnu að Stað þann 17. júní 1782 var lesin upp ályktun og segir svo um vesturmörk Staðarhreppsafréttar: „Stadar hrepps Jnnbyggendur skulu aller á þessu áre reka til þeirrar veniulegu afrettar framm yfer Sýká … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 5. september 1833 kemur eftirfarandi fram um vesturmörk Staðarhreppsafréttar: „ … ad vestanverdu rædur Syká og þadan sem hana þritur, þá Sióńhending frammá áminnstann gard.“. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 16. júní 1836 er vesturmerkjum Staðarhreppsafréttar lýst með sama hætti: „ … ad vestannverdu rædur Síká, og þadann sem hana þrítur, þá Sióńhendíng framm á áminstann gard.“. Í lögfestu séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar frá 13. maí 1844 um land jarðarinnar Stað í Hrútafirði er vesturmörkum Staðarhreppsafréttar lýst með sama hætti: „Enn ad vestann verdu rædur Sýká, og þadann er hana þrýtur (edur hún beigist til austurs) þá rétt sjónhending sudur á aminnstann Gard.“. Í skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði frá 23. apríl 1891 og þinglesinni 9. júní 1892 segir svo um vesturmörk Staðarhreppsafréttar: „Að vestanverðu ræður úr sýká svo langt fram sem farvegur hennar liggur í suður, þaðan sjónhending í svo nefndan Garð.“ Í umfjöllun um svæðið í riti Páls Kolka, *Föðurtún*, frá árinu 1950 er merkjum Staðarafréttar lýst og hún sögð vera milli Vesturár og Hrútafjarðarár. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1962 er

afréttum Staðhreppinga lýst svo: „*Afréttir Staðhreppinga* eru á Óspaksstaðadal að Skútagili og Fossárdal (upp með Síká) suður að Flóavatni og austur á Sléttafell.“. Í þætti um Staðarhreppsafrétt sem Tómas Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu tók saman og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er landamerkjum Staðarhreppsafréttar lýst og er vesturmörkum svæðisins lýst svo: „Að vestan ræður Hrútafjarðará.“. Í svari Oddviti Staðarhrepps frá 8. apríl 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi er vesturmörkum „Staðhreppingaafrétts“ lýst svo: „Að vestan eru mörk á móti afrétti Bæjarhrepps í Strandasýslu og afmarkast þau af Hrútafjarðará.“

Svo sem rakið er hér að framan ber heimildum um vesturmerki Staðarhreppsafréttar ekki saman að öllu leyti. Í ritunum *Föðurtún, Árbók Ferðafélags Íslands* og *Húnaþing III* sem raktar eru hér að framan er vesturmerkjum Staðarhreppsafréttar lýst svo að annarsvegar Hrútafjarðará og hins vegar Óspaksstaðadalur ráði þeim. Er þá vísað til landsvæðisins sem Staðarafréttar eða afrétta Staðhreppinga. Yngri heimildir vísa þannig til stærra landsvæðis en þess sem er innan kröfulýsinga aðila um Staðarhreppsafrétt. Landsvæðið sem lýst er í yngri heimildum sem afréttum Staðhreppinga er þannig að hluta innan þinglýstra landamerkjabréfa annars vegar Óspaksstaða og hins vegar Hrútatungu. Á ritunartíma fyrrgreindra heimilda var Staðarhreppur búinn að kaupa fleiri landsvæði og leggja til afréttarins. Nánar tiltekið keypti hreppurinn heiðarland Óspaksstaða árið 1904 og land úr Hrútatungu árið 1920[575]. Verður að telja líklegt að ástæða þess að í umræddum heimildum er lýst stærra afréttarsvæði heldur en í hinum eldri heimildum sé sú að á þessum tíma var hreppurinn búinn að kaupa umrædd landsvæði úr jörðunum Óspaksstöðum og Hrútatungu og bæta því við afréttinn. Ekki er uppi neinn ágreiningur á milli íslenska ríkisins og gagnaðila um vesturmörk ágreiningssvæðisins.

Vestan Staðarhreppsafréttar liggur annars vegar jörðin Hrútatunga og hins vegar jörðin Óspaksstaðir. Í landamerkjabréfi Hrútatungu sem var útbúið 6. maí 1885 og þinglesið 4. júní sama ár er austurmörkum jarðarinnar lýst svo: „Að austanverðu ræður Syká allt fram á fjall, þar til í hana fellur kvísl sú, er Tungukvísl nefnist.“ Bréfið var samþykkt vegna Óspaksstaða, Þóroddsstaða og Staðar en Bálkastaða með fyrirvara um réttindi vestan Síkár og því kemur sá fyrirvari ekki til frekari skoðunar hér. Í landamerkjabréfi Óspaksstaða, dags. 5. maí 1890 og þinglesnu degi síðar, er austurmörkum jarðarinnar gagnvart Staðarhreppsafrétti lýst úr Hveraborgarhæðum þar sem þær eru hæstar: „þaðan sjónhending í krók á Tungukvísl, þar sem hún kemur úr suðri, og beygist í austur, síðan austur með henni að sunnan að kvíslamótum, þar sem Sýká byrjar, síðan beina sjónhending frá þeim kvíslamótum suður í há Garð“. Bréfið er samþykkt vegna Oddsstaða, Óspaksstaða, Staðar og Hrútatungu.

[575] Afsal vegna sölu á landi úr Hrútatungu til Staðarhrepps árið 1920 hefur ekki fundist þrátt fyrir leit þar um, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Staðarhreppsafréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingum aðila, sem er í samræmi við merki í landamerkjabréfi Óspaksstaða frá 5. maí 1890, þ.e. að vesturmörkin liggi frá þeim stað þar sem Brennikvísl rennur í Síká og eftir farvegi Síkár suður í upptök hennar og þaðan suður á Garð.

Suðurmerkjum Staðarhreppsafréttar er lýst í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705 en þar segir að norðan landamerkja Bálkastaðaspotta eigi Staðarkirkja þar fyrir sunnan „ … fellið og hagann suðureftir so lángt sem Síká fellur fyrir vestan … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 15. desember 1799 kemur eftirfarandi fram um suðurmörk Staðarhreppsafréttar: „ … ad sunnanverdu Gardur so kalladur … “ Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 5. september 1833 kemur eftirfarandi fram um suðurmörk Staðarhreppsafréttar: „ … ad Sunnanverdu Gardur svokalladur … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 16. júní árið 1836 segir svo um suðurmörk ágreiningssvæðisins: „ … ad sunnann verdu gardur svo kalladur … “. Í lögfestu séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar frá 13. maí 1844 um er suðurmörkum Staðarhreppsafréttar lýst með sama hætti: „ … ad sunnann verdu svokalladur Gardur … “. Í skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði frá 23. apríl 1891 og þinglesinni 9. júní 1892 segir svo um suðurmörk Staðarhreppsafréttar: „Að sunnan ræður Garður austur á móts við Skiptabrekku … “. Í riti Páls Kolka, *Föðurtún*, frá árinu 1950 er merkjum Staðarafréttar lýst og segir um suðurmörk landsvæðisins: „[Þá er Staðarafrétt milli Vesturár og Hrútafjarðarár,] sem kemur úr Krókavatni fyrir suðurenda Sléttafells. Vatnaskil ráða nokkurn veginn merkjum milli afrétta Miðfirðinga og Borgfirðinga, en mörkin eru úr Svartarhæð sunnan við Arnarvatn, um Gunnarssonavatn, Blöndukíl, Krókavatn og Hrútafjarðará.“ Í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1962 er afréttum Staðhreppinga lýst svo: „*Afréttir Staðhreppinga* eru á Óspaksstaðadal að Skútagili og Fossárdal (upp með Síká) suður að Flóavatni og austur á Sléttafell.“. Í þætti um Staðarhreppsafrétt sem Tómas Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu tók saman og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er landamerkjum Staðarhreppsafréttar lýst og er suðurmörkum hennar lýst svo: „ … [svo vestast í Tangavatn þar sem Skútakvísl rennur úr því.] Að sunnan ræður Skútakvísl, sem síðar kallast Skútagil, allt þar til hún rennur í Hrútafjarðará.“. Í svari Oddvita Staðarhrepps frá 8. apríl 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi er suðurmörkum „Staðhreppingaafrétts“ lýst að sunnan við landamerki Mýrasýslu.

Svo sem rakið er hér að framan ber heimildum um suðurmerki Staðarhreppsafréttar ekki saman að öllu leyti. Í ritunum *Föðurtún*, *Árbók Ferðafélags Íslands* og *Húnaþing III* er suðurmerkjum Staðarhreppsafréttar lýst þannig að Skútakvísl/Skútagil ráði þeim frá Tangavatni/Krókavatni í Hrútafjarðará. Er þá vísað til landsvæðisins sem Staðarafréttar eða afrétta Staðhreppinga. Verður að telja að verið sé að lýsa stærra afréttarsvæði en því sem hér er til umfjöllunar, svo sem rakið

hefur verið hér að framan. Ekki er uppi neinn ágreiningur á milli íslenska ríkisins og gagnaðila um vesturmörk ágreiningssvæðisins.

Sunnan við Staðarhreppsafrétt er jörðin Óspaksstaðir. Í landamerkjabréfi Óspaksstaða frá 5. maí 1890 er norðurmörkum jarðarinnar gagnvart Staðarhreppsafrétt lýst svo: „[suður í há Garð,] síðan beina sjónhending austur Garðinn]“. Bréfið er samþykkt af eigendum jarðarinnar og vegna Oddsstaða, Óspaksstaða, Staðar og Hrútatungu.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Staðarhreppsafréttar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfulýsingum aðila, þ.e. að suðurmörkin liggi austur eftir Garði í Skiptabrekkur.

Austurmerkjum Staðarhreppsafréttar er lýst í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705 en þar segir að afrétt eigni menn staðnum móts við Staðarbakkakirkju að austan. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 17. október 1768 kemur eftirfarandi fram: „… Sliettafell ad Vestannverdu, allt ad Sÿkä …“. Af lýsingunni má ráða að verið sé að lýsa austurmörkum Staðarhreppsafréttar í Sléttafelli. Í lögfestu séra Eiríks Guðmundssonar frá 30. maí 1769 segir um austurmörk Staðarhreppsafréttar: „… ad austanverdu Sliettafell allt vestann framm, til jafns vid Stadarbacka kyrkiu …“ Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 15. desember 1799 kemur eftirfarandi fram um austurmörk Staðarhreppsafréttar: „… ad austanverdu i midt Sletta Fell móts vid Stadarbacka Kyrkiu sudur fra Erringiafönnumm …“ Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði frá 5. september 1833 kemur eftirfarandi fram um austurmörk Staðarhreppsafréttar: „… ad austanverdu i midt Sljettafell sudur frá Erringiafönnum til móts vid Stadarbakkakirkju …“. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði, þann 16. júní árið 1836 fjallað er um jörðina Stað í Hrútafirði. Um austurmörk landsvæðisins segir: „… ad austanverdu i midt Sléttafell sudur frá Erringafönnum til mots vid Stadarbakka kyrkju …“. Í lögfestu séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar frá 13. maí 1844 er austurmörkum Staðarhreppsafréttar lýst með sama hætti: „… ad austann verdu í mitt Sliettafell, sudur frá Erringafönnum, til móts vid Stadarbakka kyrkju“. Í skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði frá 23. apríl 1891 og þinglesinni 9. júní 1892 segir svo um austurmörk Staðarhreppsafréttar: „… að austanverðu sjónhending úr Garðinum og Skiptabrekku yfir vestanvert Sljettafell norður í Erringafannir.“. Í riti Páls Kolka, *Föðurtún,* frá árinu 1950 er merkjum Staðarafréttar lýst svo: „Þá er Staðarafrétt milli Vesturár og Hrútafjarðarár … “. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1962 er afréttum Staðhreppinga lýst og segir um austurmörkin: „… [suður að Flóavatni og] austur á Sléttafell.“. Í þætti um Staðarhreppsafrétt sem Tómas Gunnar Sæmundsson í Hrútatungu tók saman og birtist í ritinu *Húnaþing III* árið 1989 er landamerkjum Staðarhreppsafréttar lýst og er austurmörkum hans lýst svo: „… [í Brennikvíslarvatn] og þaðan með austari Brennikvíslinni áfram austur og síðan ræður hún að austan suður í Sléttafell. Að austan eru merkin þannig eftir að í suður í Fellið kemur: Vestast í Yrringafannir, þaðan suður vestast á há Sléttafell um Kletthól. Og

þaðan í Skiptabrekkur og svo vestast í Tangavatn þar sem Skútakvísl rennur úr því.“ Í svari Oddviti Staðarhrepps frá 8. apríl 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi er austurmörkum „Staðhreppingaafréttsins“ lýst að mörkum Húksheiðar, sem sé eign Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa.

Svo sem rakið er hér að framan ber heimildum um austurmerki Staðarhreppsafréttar ekki saman að öllu leyti. Umfjöllun í ritinu *Föðurtún* frá árinu 1950 ber þannig ekki saman við aðrar heimildir í máli þessu. Ritið vísar til Vesturár sem austurmerkja Staðarafréttar en Vesturá rennur aftur á móti á austari hluta ágreiningssvæðis vegna Húksheiðar. Fjallað er sérstaklega um það svæði í kafla 6.6. Er það mat óbyggðanefndar að fyrrgreind heimild sem ekki hefur stuðning af eldri heimildum og er í algeru ósamræmi við aðrar heimildir í málinu geti ekki haft þýðingu um afmörkun landsvæðisins. Þá er ekki uppi neinn ágreiningur milli íslenska ríkisins og gagnaðila um austurmörk ágreiningssvæðisins.

Austan við Staðarhreppsafrétt liggur sem fyrr segir ágreiningssvæði vegna Húksheiðar. Í umfjöllun um svæðið var það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deildu um félli innan marka Húksheiðar. Um þá afmörkun vísast til þeirrar úrlausnar en hún kemur einungis til skoðunar hér hvað varðar vesturmörk Húksheiðar gagnvart Staðarhreppsafrétti. Í niðurstöðu óbyggðarnefndar var merkjum lýst með þeim hætti að mörk Húksheiðar til vesturs séu úr suðvestur enda Krókavatns þar sem Skútakvísl fellur úr því, norður á Skiptabrekkur, beina stefnu í Kletthól sem er suðvestan í Sléttafelli, þá í upptök Brennikvíslar sem ræður svo merkjum norður í Brennikvíslarpoll.

Í tilviki Staðarhreppsafréttar er þessum merkjum lýst með sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins. Er það því mat óbyggðanefndar að mörk Staðarhreppsafréttar til austurs séu með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. Brennikvísl fylgt að upptökum hennar í Sléttafelli svo suður vestast á há Sléttafell um Kletthól og þaðan í Skiptabrekkur.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Staðarhreppsafrétti sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í máli þessu hefur komið fram að Staðarhreppsafréttur hafi verið keyptur af Staðarhreppi árið 1956, en hann hafi áður verið leigður hreppnum. Þrátt fyrir kerfisbundna leit[576] á vegum óbyggðanefndar að afsali eða öðrum skjölum vegna leigu og sölu landsvæðisins á þeim tíma hafa þau ekki fundist. Af kaupum Staðarhrepps á Staðarhreppsafrétti og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Staðarhreppsafréttur hafi verið hluti af landi jarðarinnar Staðar, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afréttur hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Staðarhreppsafréttur birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa sbr. hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.6. Elsta heimild um Staðarhreppsafrétt er sem fyrr segir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 og segir þar um afrétt Staðar í Hrútafirði að menn eigni staðnum afrétt og er landamerkjum hans þar lýst. Þá er þess getið að deilur hafi verið milli presta á

[576] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

Staðarbakka og Stað, en ekki hafa komið fram í málinu nánari skýringar á hvert var efni þeirra deilna þrátt fyrir leit óbyggðanefndar þar um[577]. Til ágreiningssvæðisins er síðar vísað í visitasíum og lögfestum umráðenda Staðar. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 17. október 1768 kemur eftirfarandi fram um ágreiningssvæðið : „Framar ä Kyrkiann Landspart framm ä fialle … “. Á manntalsþingi að Stað í Hrútafirði 30. maí 1769 lögfesti séra Eiríkur Guðmundsson prestur að Stað í Hrútafirði land jarðarinnar ásamt „Landspart Stadarkyrkiu“ en þar segir: „Hier ad auk lögfeste eg Landspart Stadarkyrkiu, liggiande hier framm á fialle … “. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 15. desember 1799 kemur eftirfarandi fram um ágreiningssvæðið: „Item Selland fram á Fialli … “ en í þeirri heimild er að finna fyrstu heildstæðu merkjalýsinguna á ágreiningssvæðinu. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 5. september 1833 kemur einnig fram um ágreiningssvæðið: „herad auk tilheyrir kirkjunni, einsog um er getid á Prófasts visitatiu af 17 Decembr 1799 Selland frammá Fialli … “. Þá er fjallað um svæðið í vísitasíu að Stað í Hrútafirði, þann 16. júní 1836, þar sem eftirfarandi kemur fram: „Hér ad auk tilheyrir kyrkjunni, eins og umm er getid i Prófasts visitatiu af 15da Dec. 1799 Selfarid framm á Fialli … “ Þann 13. maí 1844, lögfesti séra Gunnlaugur Gunnlaugsson prestur að Stað land jarðarinnar Staðar í Hrútafirði en að auki lögfesti hann „ … Landspart edur Selland Stadarkyrkju … “ liggjandi fram á fjalli en lögfestan var upplesin fyrir manntalsþingi á Melstað þann 17. maí sama ár. Í framangreindum vísitasíum og lögfestum er í öllum tilfellum lýst landamerkjum ágreiningssvæðisins, ýmist að hluta eða heildstætt.

Um not ágreiningssvæðisins hafa fundist fáar heimildir, en í sóknarlýsingu Staðarsóknar, frá árinu 1848, skrifar séra Þórarinn Kristjánsson, meðal annars eftirfarandi í kafla um afrétti sóknarinnar: „Óspaksstaðadalur liggur undir Óspaksstaði. Það er dalurinn austan til við Hrútafjarðará, og fylgja þar með heiðar þær, er liggja þar austur af, fram af Hrútafjarðarbyggðinni. Þangað reka Staðhreppingar allir, og borgar hver eitt haustlamb í afréttartoll.“. Á manntalsþingi, höldnu að Stað þann 17. júní 1782, var upplesin eftirfarandi ályktun: „Stadar hrepps Jnnbyggendur skulu aller á þessu áre reka til þeirrar veniulegu afrettar framm yfer Sýká … “ Þann 5. maí 1866 var gerður samningur um fjallland Óspaksstaða í Hrútafirði þar sem fram kom að ábúendur á Stað væru fjallatolls fríir, og líka við hreinsun Staðar fjalllands „hvað grenja leytir snertir“. Í skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði frá 23. apríl 1891, þinglesinni 9. júní 1892, var lýst „Landstykki“ á vestanverðu Sléttafelli og landamerkjum landsvæðisins lýst. Þá var í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 tekið eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Staðarhrepps: „Búendur Staðarhrepps skulu, sem að undanförnu, eiga upprekstur á heiðaland það sem liggur millum Húksheiðar og Hrútafjarðarár.“

[577] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

Á árinu 1913 var kirkjujörðin Staður seld. Í afsali ráðherra Íslands fyrir jörðinni frá 8. maí 1913 og þinglesnu 2. júní sama ár er seld jörðin Staður „með Staðarspotta“ með vísan til laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða. Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Stað í Hrútafirði: „Afrjettarland á jörðin, svonefndan Staðarspotta, er það leigt hreppnum f. 10 kr. á ári. Jörðin á rjett til upprekstur á afrjett sveitarinnar. Landamerki eru þinglesin, bæði firir heimajörðina og fjalllandið.“ Heimildir um þinglýsingu á fjalllandinu sem þarna er getið um hefur ekki fundist þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns. Í svari hreppstjóra Staðarhrepps, dagsettu 21. febrúar 1920, segir að í Staðarhreppi séu engin svæði sem talin séu almenningar og heiðarlönd séu þau sem hreppurinn hafi keypt undan jörðinni Óspaksstöðum fyrir tæpum 20 árum, enn fremur land sem tilheyri Stað og sé leigt hreppnum. Ekki hafa fundist leigusamningur eða önnur skjöl sem varða leigu hreppsins á ágreiningssvæðinu þrátt fyrir ítarlega leit[578] á vegum óbyggðanefndar.

Hinn 3. apríl 1982 gáfu erfingjar Gísla og Jóhönnu Eiríksbarna á Stað út eftirfarandi yfirlýsing vegna Staðarspotta: „Við undirritaðir erfingjar Gísla og Jóhönnu Eiríksbarna, Stað, lýsum því yfir að við vitum að þau seldu Staðarhreppi eign Staðar í afrétt Staðarhrepps, svokallaðan Staðarspotta og greitt var fyrir eignina umsamið verð. Þetta var árið 1957. Staðarhreppur er því réttur eigandi þessa afréttarlands, Staðarspotta.“ Ekki er ljóst af heimildum af hvaða tilefni yfirlýsingin var gefin út né hvaða landsvæði nákvæmlega er þarna lýst. Í svari oddvita Staðarhrepps frá 8. apríl 1989 við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi sem sent var 20. febrúar 1989 kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt á Staðhreppingaafrétt sem sé vestast á Tvídægru.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan eru heimildir sem tilgreina Staðarhreppsafrétt sérstaklega fremur takmarkaðar en elst þeirra er sem fyrr segir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705, þar sem segir um jörðina Stað að afrétt eigni menn staðnum í vestanverðu Sléttafelli. Í vísitasíu að Stað í Hrútafirði þann 15. desember 1799 er að finna fyrstu heildstæðu lýsingin á landamerkjum Staðarhreppsafréttar en í vísitasíunni er vísað til landsvæðisins sem „ … Selland fram á Fialli … “. Þá er að finna sambærilegar lýsingar í öðrum heimildum. Í visitasíum frá 1768, 1799, 1833 og 1836 er í öllum tilfellum fjallað um selland fram á fjalli. Í lögfestu frá 1769 er fjallað um landsvæðið sem „Landspart Stadarkyrkiu“ og í lögfestu frá 1844 er að finna sambærilegt orðalag en þar segir: „Landspart edur Selland Stadarkyrkju“. Í skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði sem lesin var á manntalsþingi þann 9. júní 1892 er að finna merkjalýsingu á „Landstykki“

[578] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

þar sem merkjum ágreiningssvæðisins er lýst. Ekki er ljóst af þessum texta hvers konar réttindum verið er að lýsa með ítakaskránni. Ítakaskráin getur því ekki haft sérstaka þýðingu við mat á eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem hér um ræðir.

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitasíum og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda. Vægi heimilda á borð við máldaga, vísitasíur og lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar, samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Í fyrirliggjandi máli eru nokkrar lögfestur og vísitasíur frá 18. og 19. öld sem geta um landspart eða selland fram á fjalli tilheyrandi Staðarkirkju, með tilgreindum merkjum. Heimildir þessar geta um afmörkun landsvæðisins en ekki er getið um inntak eignarréttinda kirkjunnar á sellandinu. Verða framangreindar lögfestur og vísitasíur því eingöngu taldar vera yfirlýsingar um tiltekin réttindi kirkjunnar að Stað í vestanverðu Sléttafelli og geta þær því að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Verður því að koma til sérstakrar skoðunar hvort aðrar fyrirliggjandi heimildir gefi til kynna að svæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Þá er afréttin landfræðilega aðskilin frá jörðinni Stað af öðrum jörðum. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Engar heimildir eru um að á Staðarhreppsafrétti hafi nokkru sinni verið byggð eða önnur not en sumarbeit og aðrar takmarkaðar nytjar. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Staðarhreppsafréttur hafi verið afrétt Staðarkirkju í þeim skilningi að hún hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til

hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[579]

Hvað Staðarhreppsafrétt varðar er óumdeilt að á ágreiningssvæði því, sem hér er til umfjöllunar, hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Staðarhreppsafrétti getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Staðar, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Staðarhreppsafréttar. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Staðarhreppsafrétti fyrir hefð.

Hvað varðar sérstaklega þýðingu afsals ráðherra Íslands, dags. 8. maí 1913, þar sem hreppsfélögum í Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppum er afsalað; „ ... Stað með Staðarspotta […] öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags; þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar … “, þá er til þess að líta að orðalag og framsetning í afsalinu sker ekki úr um það hvaða landsvæði er átt við með orðalaginu „Staðarspotta“ eða hvort tilætlunin var sú að afsala fullkomnu eignarlandi eða afréttareign. Umrædd framsetning sækir sér þess utan fyrirmynd í almennan áskilnað laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða og eftir atvikum í staðlaða texta kaupsamninga og afsala þess tíma við sambærilega ráðstöfun ríkisins á landi. Svo virðist sem ágreiningssvæðinu hafi ekki verið ráðstafað með framangreindu afsali þar sem því hefur verið haldið fram við meðferð málsins að íslenska ríkið hafi afsalað ágreiningssvæðinu til Staðarhrepps árið 1956. Sem fyrr segir hefur það afsal þó ekki fundist þrátt fyrir leit þar að og er það ekki skráð í þinglýsingarbækur. Þá verður að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti. Tekur sú meginregla jafnframt til eignarheimilda sem stafa frá íslenska ríkinu standi ekki svo sérstaklega á sem rakið er í kafla 6.1.2.3, sbr. og dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell)

[579] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar). Að þessu virtu gat framangreint afsal ráðherra frá 8. maí 1913 þess utan ekki með réttu hafa vakið væntingar hjá afsalshöfum um að þeir væri með afsalinu að eignast annað og meira en þau afnotaréttindi af landinu, sem seljandi hafði á þeim tíma á færi sínu að ráðstafa.

Ekkert liggur fyrir um hvernig kirkjan á Stað var upphaflega komin að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var. Eins og áður er getið um kann að hátta svo til að a.m.k. hluti þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Staðarhreppsafrétt liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Staðarhreppsafréttur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[580] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Er þá litið til þeirra nota ágreiningssvæðisins sem að framan hefur verið lýst.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Staðarhreppsafréttur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur er þar sem Brennikvísl rennur í Síká. Þá er Brennikvísl fylgt, um Brennikvíslarpoll, að upptökum í vesturenda Erringafannabrúna í Sléttafelli. Þaðan er farin bein lína í Kletthól sem liggur suðvestan í Sléttafelli og suður á Skiptabrekkur. Úr Skiptabrekkum er dregin bein lína vestur á Garð og þaðan er farið í upptök Síkár. Loks er farvegi Síkár fylgt í upphafspunkt þar sem Brennikvísl rennur í hana.*

[580] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í Síká skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er að hluta háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega, að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

7 ÚRSKURÐARORÐ[581]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Austurheiði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í Bergárvatni. Þaðan er línan dregin í Öxnártjörn og Öxná síðan fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá. Þaðan er Víðidalsá fylgt þar til Sandfellskvísl fellur í hana og Sandfellskvísl síðan fylgt að fremstu upptökum hennar. Þaðan er línan dregin stystu leið til norðausturs á vatnaskil og síðan til norðurs eftir því sem vötnum hallar til vesturs í suðurenda Hraungarða. Hraungörðum er síðan fylgt til norðurs þar til þeim sleppir. Frá norðurenda Hraungarða er línan dregin í upphafspunkt í Bergárvatni.*

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan Víðidalstunguheiðar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í Réttarvatnstanga. Frá honum er línan dregin til norðurs í Geiraldsgnýpu og áfram í sömu stefnu í Fitjá. Þaðan er Fitjá fylgt til austurs allt til fremstu upptaka. Frá fremstu upptökum Fitjár er línan dregin beina stefnu í fremstu upptök Sandfellskvíslar og þaðan áfram stystu leið til norðausturs að vatnaskilum. Þaðan er línan dregin suður heiðina eftir því sem vötnum hallar til vesturs þar til komið er vestur fyrir Bláfell. Frá þeim stað ræður bein sjónhending í upphafspunkt í Réttarvatnstanga.*

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Húksheiði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Farið er úr suðurenda Krókavatns beina línu í suðurenda Flóavatns. Þaðan er farið í Valdimarshól sem stendur við norðausturenda Flóavatns. Úr Valdimarshól er bein lína í Flóakvísl þar sem hún rennur í Blöndukíl. Ræður Blöndukíll þar til hann fellur í Vesturá.*

[581] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra landsvæða.

Vesturá er fylgt til norðurs og svo til vesturs þar sem hún beygir við Vesturárkrók og þar til Brúnskvísl rennur í hana. Þaðan er dregin lína yfir Þrísteinavatnshrygg og Þrísteinavatn í Brennikvíslarpoll. Frá Brennikvíslarpolli er Brennikvísl fylgt suður að upptökum í vesturenda Erringafannabrúna. Þaðan er farin bein lína í Kletthól sem liggur suðvestan í Sléttafelli og suður á Skiptabrekkur. Úr Skiptabrekkum er farið í upphafspunkt í suðurenda Krókavatns.

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Staðarhreppsafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er þar sem Brennikvísl rennur í Síká. Þá er Brennikvísl fylgt, um Brennikvíslarpoll, að upptökum í vesturenda Erringafannabrúna í Sléttafelli. Þaðan er farin bein lína í Kletthól sem liggur suðvestan í Sléttafelli og suður á Skiptabrekkur. Úr Skiptabrekkum er dregin bein lína vestur á Garð og þaðan er farið í upptök Síkár. Loks er farvegi Síkár fylgt í upphafspunkt þar sem Brennikvísl rennur í hana.

Sama landsvæði er í afréttareign Húnaþings vestra, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar Síká skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði þau sem hér hafa verið lýst þjóðlendur eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Húnaþing vestra vegna Staðarhreppsafréttar, Húksheiðar, Núpsheiðar, Aðalbólsheiðar og Víðidalstunguheiðar, kr. 4.150.000.

Vegna Páls Arnórs Pálssonar hrl.: Eigandi Gilsbakka vegna Gilsbakka, kr. 100.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Allan V. Magnússon

Ása Ólafsdóttir

Hulda Árnadóttir

II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Staðarhreppsafréttur	Húnaþing vestra
Húksheiði	Húnaþing vestra
Núpsheiði	Húnaþing vestra
Aðalbólsheiði	Húnaþing vestra
Víðidalstunguheiði	Húnaþing vestra

III. Skjalaskrá[582]

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 2.7.2012.

1(1) Skjalaskrá, dags. 2.7.2012.

1(2) Tilvísanaskrá, dags. 2.7.2012.

1(3) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytis til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 8A, dags. 2.7.2012.

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra um meðferð á svæðum 7B og 8A hjá óbyggðanefnd, dags, 6.7.2012.

1(5) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Svæði 8 norður tekið til meðferðar. Frestur til að skila inn kröfulýsingu, dags. 23.6.2012.

1(6) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Frestur fjármálaráðherra til að skila kröfulýsing á svæði 8A. Framlenging, dags. 28.12.2011.

1(7) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Viðbögð fjármálaráðuneytis við bréfi óbyggðanefndar, dags. 28.12.2011, um frest fjármálaráðherra til að skila kröfulýsingu á svæði 8A, dags. 17.1.2012.

1(8) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til sýslumannsins á Blönduósi, varðandi frest fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum, sent til upplýsinga til fjármálaráðherra, dags. 18.1.2012.

1(9) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins. Þjóðlendumál á árinu 2012, hvort gerður sé ágreiningur um að frestur til að setja fram þjóðlendukröfur á svæði 8A geti runnið út 31.3.2012, dags. 26.1.2012.

1(10) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Ráðuneytið staðfestir að frestir til að skila inn kröfuleysingum hafi byrjað að líða 1.1.2012, dags. 9.2.2012.

1(11) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8A, dags. 26.3.2012.

1(12) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 30.3.2012.

1(13) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 87/1988 Grímstungu- og Haukagilsheiði og Sauðadalur, dags. 16.2.1990.

1(14) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 72/1980 Haukagilsheiði og Lambatungur, dags. 2.7.1984.

1(15) Bókun um breytingar kröfulína ríkisins, dags. 21.3.2013.

1(16) Landamerkjabréf Skárastaða og hjáleigunnar Gilsbakka, dags. 5.6.1886.

1(17) Greinargerð, dags. 29.4.2013.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 1.12.2014.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

2(1) Staður í Hrútafirði, dags. 22.5.1885. *Merkt 97.*

2(2) Hrútatunga, dags. 6.5. án ártals en líkl. frá1885. *Merkt 98.*

2(3) Óspaksstaðir, dags. 5.6.1890. *Merkt 99.*

2(4) Bálkastaðir í Staðarhreppi, dags. 1.6.1885. *Merkt 100.*

2(5) Bálkastaðaspottinn, dags. 11.10.1890. *Merkt 101.*

2(6) Bálkastaðir I og II, dags. 28.1.1981. *Merkt 102 a-b.*

2(7) Fossel í Hrútafirði, ódags. en þingl. 29.6.1923. *Merkt 103 a-b.*

2(8) Efranúpsheiði, dags. 16.2.1891. *Merkt 104 a-b.*

2(9) Heimaland Efranúps, dags. 28.5.1892. *Merkt 105 a-c.*

[582] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(10) Bjargarstaðir, dags. 2.6.1890. *Merkt 106.*
2(11) Þverá í Núpsdal, dags. 31.5.1887. *Merkt 107.*
2(12) Fosskot, dags. 19.7.1890. *Merkt 108.*
2(13) Neðrinúpur, dags. 4.6. 1890. *Merkt 109 a-b.*
2(14) Neðrinúpur, dags. 17.10.1929. *Merkt 110 a-b.*
2(15) Neðri-Núpur, dags. 17.12.1949. *Merkt 111.*
2(16) Torfastaðir, dags. 3.6.1890. *Merkt 112.*
2(17) Valgeirsstaðir, dags. 28.5.1890. *Merkt 113.*
2(18) Efri Núpur og Þverá: Kaupsamningur, dags. 20.6.1985. *Merkt 114.*
2(19) Húkur, dags. 31.5.1885. *Merkt 115.*
2(20) Bálkastaðir I og II, dags. 28.1.1981. *Merkt 116 a-b.*
2(21) Foss, dags. 9.4.1885. *Merkt 117.*
2(22) Aðalból, ódags. en þingl. 7.6.1892. *Merkt 118 a-b.*
2(23) Víðidalstunga ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð, Stóruhlíð og Víðidalstunguheiði, dags. 23.3.1890. *Merkt 119 a-b.*
2(24) Afsalsbréf fyrir afréttarlandið Víðidalstunguheiði, dags. 22.8.1902. *Merkt 120.*
2(25) Landskiptasamningur fyrir Víðidalstungu, dags. 8.4.1950. *Merkt 121.*
2(26) Ásgeirsá (stærri), dags. 20.5.1891. *Merkt 122.*
2(27) Litla-Ásgeirsá, dags. 30.5.1891. *Merkt 123.*
2(28) Landamerki milli Litlu-og Stóru-Ásgeirsár, ódags. ekki þingl. *Merkt 124.*
2(29) Gafl í Víðidal, dags. 3.5.1890. *Merkt 125.*
2(30) Lækjarkot og Rófuskarðshlíð, dags. 20.3.1890. *Merkt 126.*
2(31) Landskiptagjörð fyrir Fosshóli, dags. 20.5.1958. *Merkt 127.*
2(32) Yxnatunga (Öxnártunga) hjáleiga frá Víðidalstungu, dags. 20.3.1890. *Merkt 128.*
2(33) Stórahlíð í Þorkelshólshreppi, dags. 13.6.1962. *Merkt 129.*
2(34) Litla-og Stóra-Hlíð, dags. 13.6.1962. *Merkt 130.*
2(35) Neðrifitjar, dags. 21.7.1890. *Merkt 131.*
2(36) Neðri-Fitjar, ódags. en þingl. 14.8.1968. *Merkt 132.*
2(37) Neðri-Fitjar og Stórahvarf, dags. 14.7.1916. *Merkt 133 a-b.*
2(38) Efri-Fitjar í Þorkelshólshreppi, dags. 1.2.1968. *Merkt 134.*
2(39) Neðri-Fitjar í Þorkelshólshreppi, dags. 1.2.1968. *Merkt 135 a-b.*
2(40) Neðri-Fitjar, dags. 3.9.1979. *Merkt 136 a-b.*
2(41) Hvarf í Víðidal, dags. 2.4.1891. *Merkt 137.*
2(42) Staðarbakki með Skarfshóli og Króksstöðum, dags. 20.6.1890. *Merkt 239 a-b.*
2(43) Staðarbakki, dags. 26.1.1911. *Merkt 240.*
2(176) Skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði, dags. 23.4.1891. *Merkt 242 a-b.*
2(177) Dæli, dags. 20.3.1890. *Merkt 243.*
2(178) Kolugil, dags. 2.4.1891. *Merkt 246.*
2(179) Kolugil, dags. 9.3.1950. *Merkt 247.*
2(183) Hrappstaðir, dags. 20.3.1890. *Merkt 248.*
2(185) Landamerki milli jarðanna Dælis og Litlu Ásgeirsár, dags. 24.10.1955. *Merkt 244.*
2(186) Dæli, dags. 24.10.1955. *Merkt 244.*
2(253) a-b Afréttur á Arnarvatnsheiði, ásamt uppskrift, dags. 26.1.1886. *Merkt 255 a-c.*

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):

2(44) a-b Bjarni Steindórsson lögfestir eign sína Stóru Ásgeirsá í Víðidalstungukirkjusókn. Landamerkja getið, einnig veiðiréttinda og afréttar á Arnarvatnsheiði, dags. 22.5.1818, ásamt uppskrift. *Merkt 3 a-b.*
2(45) a-b A. Thorarensen ritar um eign og ítök Ásgeirsárábúanda varðandi afrétt, fugla og fiskaveiði með víðari gæðum í jörðu og á, á Arnarvatnsheiði. Landamerkja getið, dags. 7.7.1777, ásamt uppskrift. *Merkt 4.*
2(46) a-b Útskrift af institsprotokolli, pólitíréttu. Málið varðar umkvörtun prestsins á Auðkúlu sr. Jóns Jónssonar yfir óheimilli brúkun fólks á Auðkúlu beneficii landi, svonefndri Kúluheiði, við grasatekju. Einnig fjallað um kvörtun Tómasar

Tómassonar á Stóru Ásgeirsár, vegna líkrar og fleiri slags óreglu brúkunar á Arnavatnsheiði (Víðidalstunguheiði), dags. 23.6.1810, ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-d.*

2(47) a-b Guðmundur Sigurðarson skrifar til sýslumanns Blöndals varðandi rekstur lamba og geldfjár á Aðalbólsheiði, af bæjunum austan Miðfjarðarár, dags. 23.4.1831, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*

2(48) a-b Fimmtarstefnudómur. Dæmt í deilumáli milli eiganda Hreiðarstaða í Austurárdal, og eiganda/ábúanda Aðalbóls í sömu sveit. Deilt er um afrétt, fjárupprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum. Landamerkja getið, dags. 22.5.1705, ásamt uppskrift. *Merkt 23 a-k.*

2(49) Bjarni Thorarensen amtmaður Norður- og austuramts, skrifar sýslumanni Birni Blöndal svar við spurningum séra Eiríks Bjarnasonar að Staðarbakka varðandi dóm frá 26.9.1621, um Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði, og hvort megi reka á aðra grund án leyfis prestsins. Skjalið er á dönsku, dags. 5.5.1834, ásamt uppskrift. *Merkt 20a-b.*

2(50) Dómur. Dæmt í máli er varðar lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði. Landamerkja getið, dags. 26.9.1621, ásamt uppskrift. *Merkt 21 a-b.*

2(51) Lögfestur. Útdráttur af fimm lögfestum Staðarbakkapresta viðvíkjandi Jafnhólalækjalandinu (Staðarbakkakirkjuafrétt) á árabilinu 1663-1838: Séra Þorlákur Arngrímsson, dags. 1.5.1663.
Séra Þorsteins Pétursson, dags. 5.5.1747 og 10.6.1760.
Séra Egill Jónsson, dags. 10.6.1789.
Eiríkur Bjarnason, dags. 8.6.1838. Minnst er á Efri Núp og Reynhóla varðandi afréttina. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. *Merkt 17 a-d.*

2(229) a-b Lögfesta Stóru-Ásgeirsár og afréttar á Arnarvatnsheiði. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 8.4.1777. *Merkt 24 a-b.*

2(230) a-b Lögfesta Stóru-Ásgeirsár og afréttar á Arnarvatnsheiði. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 23.3.1779. *Merkt 25 a-b.*

2(231) a-b Kaupbréf vegna Þórukots. Skilmáli um að bóndinn á Þórukoti sé skyldugur til að reka hross á afrétt Stóru-Ásgeirsár, ásamt uppskrift, dags. 31.1.1811. *Merkt 26 a-c.*

2(232) a-b Sala á Stóru- og Litlu Ásgeirsá. Skilmáli um að kaupandinn geri aldrei tilkall til réttinda Víðidalstungukirkju eins og fjallatolla, álftaveiða, fjaðratekju, veiði, beit og upprekstur, ásamt uppskrift, dags. 29.8.1816. *Merkt 27 a-b.*

2(233) Kaupsamningur um hluta Stóru- og Litlu-Ásgeirsá. Selt með öllum herlegheitum gögnum og gæðum, eingum og ítökum, dags. 27.1.1829. *Merkt 28 a-b.*

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

2(52) Útdráttur úr jarðakaupsbréfi Efranúps frá 1448. Landamerkja og ítaka getið, m.a. geldfjárrekstur á Önundarfitjar. *Merkt 6 a-b.*

2(53) Makaskipta- og kaupgjörningur. Skipst á jörðunum Torfustöðum í Núpsdal (frekar Torfastöðum) og Kambhóli í Víðidal, dags. 24.4.1881. *Merkt 7 a-b.*

2(54) Forboð. Bann við notkun á landi jarðarinnar Efranúps, dags. 10.6.1884. *Merkt 8.*

2(55) Kaupbréf fyrir Aðalbóli og Skárastöðum í Miðfirði. Fram kemur að að heiðarlandið fylgi Aðalbóli en ábúandi Skárastaða hafi þar frían upprekstur, dags. 21.10.1864. *Merkt 9 a-b.*

2(56) Björn Sigvaldason á Aðalbóli, bannar allan upprekstur á Aðalbólsheiði nema gegn tolli, dags. 14.6.1878. *Merkt10 a-b.*

2(57) Lögfesta. Hjörtur Líndal Benediktsson lögfestir eignarjörð sína Skárastaði, sem og hjáleiguna Gilsbakka, ásamt ítaki á Aðalbólsheiði. Landamerkja getið og vísað í afsalsbréf frá 21.10.1863, dags. 10.6.1880. *Merkt 11 a-b.*

2(58) Kaupbréf. Jörðin Valdarás seld og með fylgir partur úr bæjarhúsum á nýbýlinu Króki. Landamerkja getið, dags. 14.6.1879. *Merkt 12 a-b.*

2(59) Á manntalsþingi að Stóruborg, dags. 31.5.1882, er þinglýst banni, við notkun Víðidalstunguheiðar, dags. 30.5.1882. *Merkt 13 a-b.*

2(208) Á manntalsþingi að Svarðbæli var upplesinn upprekstrardómur um Húksheiði frá 26.9.1621, dags. 12.6.1879. *Merkt 22.*

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

2(60) Jarðamat 1804: Aðalból, Víðidalstunga og Lækjamót. *Merkt 6-8.*

2(61) Jarðamat 1849: Bálkastaðir, Óspaksstaðir, Staðarhreppur, Staður, Aðalból, Torfastaðahreppur, Fremrinúpur, Skárastaðir, Staðarbakki, Lækjamót, Víðidalstunga. *Merkt 6-15 a-c.*

2(62) Fasteignamat 1916-1918 - undirmat: Hrútatunga, Stóra-Ásgeirsá, Gafl, Lækjarkot, Yxnatunga, Víðidalstunga, Krókur, Stórahvarf, Neðri-Fitjar, Aðalból, Aðalbreið, Bjargarstaðir, Efri-Núpur, Þverá, Fosskot, Neðri-Núpur, Torfustaðir, Dalgeirsstaðir, Lækjabær, Húkur, Bálkastaðir, Staður, Balkastaðir, Foss, Hrútatunga, Óspaksstaðir og Staðarbakki. *Merkt 69, 120-148 og 167.*

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

2(83) a-b Á manntalsþingi á Þorkelshóli kom til tals um afréttarforsómun á Víðidalstunguheiði og voru sveitar innbyggjarar aðvaraðir um að reka fé sitt á afréttina, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1748. *Merkt 101 a.*

2(84) a-b Á manntalsþingi að Þorkelshóli voru lesin tilmæli frú Þorbjargar Bjarnadóttur í Víðdalstungu til bænda í Þorkelshólshreppi um að þeir sinni fjallskilum á Víðdalstunguafrétt og hreppsmenn tilskyldaðir þar eftir að lifa og fullnægja, ásamt uppskrift, dags. 5.5.1790. *Merkt 102 a-c.*

2(85) a-b Dómur í gestarjettarmálinu, Eigendur Víðidalstungueignar gegn óðalsbónda Sigurði Jónssyni í Lækjamóti. Sigurður var dæmdur til að greiða 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði. Rétturinn taldi þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, hvort stefndi hefði þau fjögur ár sem um ræðir, rekið geldfé sitt á Haukagilsheiði, ásamt uppskrift, dags. 25.11.1891. *Merkt 110 a-e.*

2(86) a-b Dómur varðandi lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði, ásamt uppskrift, dags. 26.9.1621. *Merkt 112 a-c.*

2(87) a-b Á manntalsþingi á Torfustöðum var gerð ályktun um að allir þeir sem eftir gömlum dómum hafa átt að reka á Núpsheiði, skuli nú það gjöra, undir dómsrofssekt. En presturinn á Staðarbakka sjá til að afréttin verði forsvaranlega hreinsuð, ásamt uppskrift, dags. 13.6.1781. *Merkt 96 a-d.*

2(88) a-b Á manntalsþingi á Stað var ályktað að allir Staðarhrepps innbyggjendur skuli reka á þessu ári til þeirrar venjulegu afréttar, fram yfir Sýká, en láta í hverri viku ríða á heiðina til að hindra samgang við Miðfirðingafé, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1782. *Merkt 100 a-d.*

2(86) b Uppskrift af skjali: Dómur varðandi lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði, dags. 26.9.1621. *Merkt 112 a-c.*

2(132) a-b Fundargerð manntalsþings Húnavatnssýslu, ásamt uppskrift á því er snertir landamerkjaupplestur, dags. 8.6.1891. *Merkt 97 a-b.*

2(133) a-b Fundargerð manntalsþings á Breiðabólstað í Vatnsdal. Upplesin lögfesta fyrir Hnausum ásamt Víðidalsfjalli, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1796. *Merkt 103 a-c.*

2(143) a-b Á manntalsþingi á Tindum var upplesin lögfesta, dags. 6.6.1806, administrators B. Olsens fyrir Þingeyraklausturseign Víðidalsfjalli að austanverðu, frá svonefndum Bruna fram til Víðidalstungu, ásamt uppskrift, dags. 13.6.1807. *Merkt 104 a-c.*

2(144) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Borg var upplesið bann ábúandans á Stóru-Ásgeirsá um að enginn reki í það fjallland, sem liggur á Arnarvatnsheiði á milli Víðdalsár og Öxnaár, án þess að borga fjalltoll. Sigfús Bergmann bóndi mótmælti vegna Víðidalstunguafréttarlands, ásamt uppskrift, dags. 29.4.1814. *Merkt 105 a-b.*

2(145) a-b Á manntalsþingi á Breiðabólstað þann 18.5.1839, var upplesið forboð, dags. 18.4.1839, á móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Víðidalstunguheiði og var því mótmælt af Bjarna Steindórssyni í Þórormstungu, ásamt uppskrift, dags. 18.5.1839. Á manntalsþingi á Stóru-Borg var lesið bann móti

heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstungu-, Víðidalstungu-, Kornsár- og Haukagilsheiðum, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1839. *Merkt 106 a-b og 27 a-c.*

2(146) a-b Á manntalsþingi á Vindhæli var upplesið skjal á móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Víðidalstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 22.5.1839. *Merkt 107 a-c.*

2(147) a-b Á manntalsþingi á Miðhúsum var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1850. *Merkt 108 a-b.*

2(148) a-b Á manntalsþingi á Kirkjuhvammi var lesið skjal, dags. 19.5.1873, frá P. Vídalín þar sem hann bannar að taka fjallagrös og að brúka landsnytjar, án hans leyfis, á Víðidalstunguheiði, ásamt Lækjarkotslandi, ásamt uppskrift, dags. 21.5.1873. *Merkt 10 a-d.*

2(149) a-b Á manntalsþingi á Melstað var upplesin lögfesta og bann fyrir og um Aðalbólsfjall og heiðarland, undir nafni og signeti Guðmundar Illugasonar á Aðalbóli, ásamt uppskrift, dags. 2.5.1815. *Merkt 66 a-b.*

2(150) a-b Á manntalsþingi á Melstað var upplesin umkvörtun frá Guðmundi Sigurðssyni á Aðalbóli um að bændur austanvert í Miðfirði reki ekki geldfé sitt á Aðalbólsafrétt eða sýndu fjallskil, ásamt uppskrift, dags. 5.6.1821. *Merkt 114 a-c.*

2(151) a-b Á manntalsþingi á Melstað var upplesið bann séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka til allra að reka í Jafnhólslækjaland nokkra sauðkind án hans leyfis. Sömuleiðis allan hrossarekstur, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1831. *Merkt 115 a-c.*

2(152) a-b Á manntalsþingi á Melstað var lesið bann séra G. Gunnlaugssonar, ásamt ábúendanna á Bálkastöðum, Fossi og Hrútatungu, móti hrossarekstri á Húksheiði, ásamt uppskrift, dags. 6.6.1837. *Merkt 116 a-c.*

2(155) Fjárrekstur á Víðidalstunguheiði. Gjörðabók Þverárhrepps 1893-1910, dags. 25.10.1904. *Merkt 10 a-b.*

2(156) Fjallskil. Fjárrekstur á Víðidalstunguheiði. Gjörðabók Þverárhrepps 1893-1910, án blaðsíðutals, dags. 21.1.1905. *Merkt 11.*

2(160) a-b Réttarstefna. Kammerráð Jón Jónsson á Þingeyrum stefnir séra Gísla Gíslasyni á Staðarbakka vegna Jafnhólalækjarlands. Takmörk þrætulands tilgreind, dags. 21.7.1857, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-c*

2(161) Afstöðumynd yfir Dalgeirsstaðaland ásamt Staðarbakkalandsparti. Uppdregin 21.6.1854 af Jóni Bjarnasyni, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a.*

2(162) a-b Útskrift af máldögum Staðarbakkakirkju eftir máldagabók biskups herra Ólafs Rögnvaldssonar. Lagt fram í rétti að Melstað 3.9.1857, ásamt uppskrift. *Merkt 3 a-c.*

2(163) a-b Dómsatkvæði í málinu kammerráð Jón Jónsson á Þingeyrum gegn Staðarbakkakirkju, dags. 5.5.1860, ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-d.*

2(164) a-b Dómsatkvæði í málinu kammerráð Jón Jónsson á Þingeyrum gegn Staðarbakkakirkju. Án dags. [1860], ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-c.*

2(172) a-b Á manntalsþingi Húnavatnssýslu var þinglesið afsalsbréf fyrir Aðalbólsheiði, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1897. *Merkt 68 a-b.*

2(173) a-b Dómur varðandi lögrekstur og fjallgöngur á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði, dags. 26.09.1621, ásamt uppskrift. *Merkt 112 a-c.*

2(187) a-b Frumvarp til reglugjörðar um notkun afrétta fyrir Húnavatnssýslu, ásamt uppskrift, dags. 24.2.1894. *Merkt 3 a-g.*

2(207) a-b Á manntalsþingi að Torfustöðum var upplesinn upprekstrardómur um Húksheiði frá 26.9.1621, dags. 19.5.1733, ásamt uppskrift. *Merkt 147 a-c.*

2(236) a-b Á manntalsþingi að Melstað var upplesin aðvörun Guðmundar Illugasonar á Aðalbóli um að ábúendur í Torfustaðahreppi ofan Miðfjarðarár reki eftir gömlum dómi, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1810. *Merkt 148 a-b.*

2(238) a-b Bréf sýslumanns Húnavatnssýslu til amtmanns í Norður- og austuramti vegna upprekstrarskyldu bænda í Miðfirði á Húksheiði, dags.17.6.1895. *Merkt d 1a-d.*

2(239) Aukahéraðsréttur að Melstað. Tekið fyrir landaþrætumál vegna

Jafnhólalækjalands, dags. 31.8.1857, dags. *Merkt 117 a-b.*

2(240) Aukahéraðsréttur að Melstað. Gert grein fyrir áreið á Jafnhólalækjaland sem fram fór deginum áður, dags. 2.9.1857, dags. *Merkt 118 a-c.*

2(241) Dómur vegna landaþrætumáls um Jafnhólalækjaland, dags. 8.8.1860. *Merkt 119 a-b.*

2(242) a-b Stóruborgar-sáttanefnd. Landamerki Víðidalstungu og Ásgeirsár, ásamt uppskrift, dags. 25.9.1820. *Merkt b 124 a-f.*

2(243) a-b Ásgeirsárbóndi ákærir 15 bændur úr Breiðabólsstaðar-, Þingeyra-, og Víðidalstungusókn fyrir að hafa notað lögfest afréttarstykki í Víðidalstunguafréttarlandi án leyfis, ásamt uppskrift, dags. 30.10.1840. *Merkt b 126 a-c.*

2(244) a-b Sættatilraun sáttarnefndar. Varðar ólöglega notkun á afréttarstykki Stóru-Ásgeirsár, ásamt uppskrift, dags. 1.3.1841. *Merkt b 127 a-d.*

2(245) a-b Bóndinn á Galtarnesi ákærður fyrir ólöglega notkun á Víðidalstungulandi, ásamt uppskrift, dags. 16.9.1852. *Merkt b 128 a-b.*

2(246) a-b Sáttarfundur. Bóndinn á Víðidalstungu kærir bóndann á Gröf fyrir ógoldinn upprekstratoll, ásamt uppskrift, dags. 24.9.1855. *Merkt b 129 a-c.*

2(247) a-b Sáttarfundur. Hreppstjóri kærir Víðidalstungubónda vegna tregðu hans til að hreinsa Víðidalstunguland af tófugrenjum, ásamt uppskrift, dags. 18.2.1857. *Merkt b 130 a-b.*

2(248) a-b Sáttarfundur. Víðidalstungubóndi kærir Grafarbónda fyrir ógoldna upprekstrartolla, ásamt uppskrift, dags. 14.8.1858. *Merkt b 131 a-b.*

2(249) a-b Sáttarfundur. Varðar landeign Staðarbakkakirkju fram frá Sandgili gagnvart landi Dalgeirsstaða, ásamt uppskrift, dags. 4.9.1856. *Merkt b 121 a-c.*

2(250) a-b Aukaréttur. Landaþrætumál Staðarbakkakirkju og Dalgeirsstaða – þrætuland í Jafnhólalækjum, ásamt uppskrift, dags. 31.8.1857. *Merkt b 122.*

2(256) a-b Þinglýsingar á leigusamningi fyrir Efranúpsheiði dags. 24.10.1891 fært inn í dómabók sýslunnar, dag. 7.6.1892. *Merkt 98.*

2(257) a-b Þinglýsingar á afsalsbréfi fyrir Efranúpsheiði dags. 27.5.1898 fært inn í dómabók sýslunnar, dag. 27.5.1898. *Merkt 99 a-c.*

2(258) a-b Á manntalsþingi að Þorkelshóli var þinglýst afsalsbréfi Jóns Vídalín, dags. 22.8.1902, fyrir afréttarlandinu Víðidalstunguheiði til handa hreppsnefnd Þorkelshólshrepps, dags. 19.5.1903. *Merkt 111 a-c.*

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

2(99) a-b Lögfesta fyrir Stað í Hrútafirði. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1769. *Merkt a-c.*

2(100) a-b Lögfesta fyrir Stað í Hrútafirði og sellandi Staðarkirkju, liggjandi fram á fjalli. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 13.5.1844. *Merkt 2 a-c.*

2(101) a-b Samningur um fjallland Óspaksstaða í Hrútafirði. Samningurinn var gerður til 5 ára og lengur ef hlutaðeigendur verða ánægðir með hann, ásamt uppskrift, dags. 5.5.1866. *Merkt 3 a-c.*

2(102) a-b Lögfesta fyrir eign kirkjunnar að Víðidalstungu, bæði land og landsnytjar. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 24.5.1706. *Merkt 16 a.*

2(103) a-b Lögfesta fyrir Víðidalstungu. Landamerkja og ítaka getið, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1777. *Merkt 17 a-b.*

2(104) a-b Lögfesta fyrir Víðidalstungu með engjum og ítökum. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 13.5.1841. *Merkt 18 a-c.*

2(105) a-b Ábúendur og eigendur Stóru Ásgeirsár og Víðidalstungu gera samning um land og landsnytjar á Austurheiði. Heiðin skal vera fullkomin og átölulaus eigindómur og liggja undir Víðidalstungu, ásamt uppskrift, dags. 15.9.1875. *Merkt 19 a-b.*

2(106) a-b Samningur um Lækjarkot. Jón Guðmundsson „afstendur öllum tilkallsrétti" frá sér og sínum erfingjum til Lækjarkots sem af óaðgætni var útlagt konu hans við dánarbússkipti, þar sem það er eftir máldögum fullbevíslegt að vera eign Víðidalstungukirkju, ásamt uppskrift, dags. 25.4.1825. *Merkt 20 a.*

2(107) a-b Yfirlýsing um grasatekju og hrossabeit á Víðidalstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 10.4.1843. *Merkt 21 a.*

2(108) a-b Aukahéraðsréttur í þrætumáli milli Jóns Thorarensens í Víðidalstungu og Jóseps Loftssonar á Galtarnesi, um grasatekju, geldfjár- og hrossabeit á Víðidalstunguheiði. Sætt náðist, ásamt uppskrift, dags. 7.6.1853. *Merkt 22 a-f.*

2(109) a-b J. Thorarensen í Víðidalstungu bannar alla grasatekju, trippa- og hrossarekstur, álftaveiði, fjaðra- og eggjatekju í landi Víðidalstungu, ásamt uppskrift, dags. 9.5.1854. *Merkt 23 a-b.*

2(110) a-b B. E. Magnússon skrifar Fr. Schram á Kornsá varðandi fimm tryppi í eigu hans sem fundust við smalamennsku á Víðidalstunguheiði. Ágreiningur varðandi gjald sem Schram ber að greiða þar að lútandi, ásamt uppskrift, dags. 11.12.1873. *Merkt 24 a-c.*

2(111) a-b Aukahéraðsréttur og dómur í málinu, student J. Fr. Thorarensen eigandi Víðidalstungu gegn Helga Guðmundssyni í Gröf, varðandi fjallatolla og upprekstur á Víðidalstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 26.5.-9.9.1856. *Merkt 25 a.*

2(134) a-b Jón Thorarensen mótmælir lögfestu Jósafats Tómassonar á Stóru Ásgeirsá fyrir heiðarlandi því er hann vilji eigna sinni ábýlisjörð en hefur skv. skjölum tilheyrt Víðidalstungukirkju, ásamt uppskrift, dags. 25.6.1840. *Merkt 51 a-c.*

2(135) a-b Jósafat Tómasson á Stóru Ásgeirsá skrifar um ágreining sinn og J. Thorarensens á Víðidalstungu, varðandi land og landsnytjar sem þá greinir á um og óskar eftir sáttarfundi, ásamt uppskrift, dags. 18.12.1840. *Merkt 82 a-b.*

2(136) a-b Sættargerð í máli Jósafats Tómassonar á Stóru Ásgeirsá og J. Thorarensens á Víðidalstungu, varðandi upprekstur og landsnytjar sem þá greindi á um vegna heiðarlands (Víðidalstunguheiði), ásamt uppskrift, dags. 1.3.1841. *Merkt 53 a-d.*

2(137) a-b Byggingarbréf fyrir landspörtum og veiði tilheyrandi Víðidalstungu. Landamerki partanna tilgreind, ásamt uppskrift, dags. 1.5.1823, 1.6.1824, 12.4.1824, 5.4.1830, 7.2.1833. *Merkt 54 a-l.*

2(138) a-b Landsyfirréttardómur í málinu No 4/1857, student J. Fr. Thorarensen eigandi Víðidalstungu gegn Helga Guðmundssyni í Gröf, varðandi upprekstur á Víðidalstunguheiði. Helga gert að greiða J. Thorarensen upprekstrartoll á Víðidalstunguheiði fyrir geldfé sitt árið 1854, ásamt uppskrift, dags. 2.6.1857. *Merkt 55 a.*

2(139) a-b Athugasemdir J. Thorarensens í Víðidalstungu varðandi jarðamatið 1849, snýst um hvort rekaítök á Vatnsnesi og ákveðinn landspartur, er kallast „afrétt framfrá Kaldalæk yzta“, eigi að metast með heimajörðinni eða ekki, ásamt uppskrift, dags. 8.4.1850. *Merkt 56 a-c.*

2(140) a-b J. Thorarensens í Víðidalstungu skrifar jarðamatsnefndinni í Reykjavík varðandi jarðamatið 1849, snýst um hvort rekaítök á Vatnsnesi og ákveðinn landspartur, er kallast „afrétt framfrá Kaldalæk yzta“, eigi að metast með heimajörðinni eða ekki. Víðidalstunguheiði borin saman við heiðarnar suður af Vatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 19.7.1856. *Merkt 57 a-d.*

2(141) a-b Útskrift af undirmatinu á jörðunni Víðidalstungu (jarðamatið 1849). Landamerki heiðarlandsins tiltekin, ásamt uppskrift, ódags. 1849. *Merkt 58 a-c.*

2(142) a-b Útskrift úr gjörðabók við rannsókn jarðamatsins í Húnavatnssýslu, áhrærandi jörðina Víðidalstungu, ásamt uppskrift, ódags.1850. *Merkt 59 a-f.*

2(210) a-b Afrit af dómi um upprekstur á Húksheiði 26.9.1621. Afskrift gerð um 1834. Dómurinn upplesinn á manntalsþingum á Torfustöðum 1676, 1694, 1702, 1712, 1719, 1753, á Melstað 1838 og 1842, og Svarðbæli 1879. *Merkt 60 a-b.*

2(211) a-b Áminnigarbréf séra Þorsteins Péturssonar að Staðarbakka til búenda í Miðfirði að þeir reki lömb sín og geldfé á Staðarbakkaafrétt eða Húksheiði, dag. 26.6.1758. *Merkt 61 a-b.*

2(212) a-b Áminningarbréf séra Eiríks Bjarnasonar að Staðarbakka til búenda í Miðfirði að þeir reki lömb sín og geldfé á Húksheiði og Jafnhólalækjaland, dags. 10.5.1839. *Merkt 62.*

2(213) a-b Áminningarbréf séra Jakobs Finnbogasonar á Staðarbakka og B. Bjarnasonar á Aðalbóli, til búenda í Miðfirði og Núpsdal að þeir reki lömb sín og geldfé á Lambatungur í Austurárdal og Húksheiði, dags. 14.6.1861. *Merkt 63 a-b.*

2(214) a-b Byggingarbréf fyrir Jafnhólalækjalandi 1856–1857. Takmarka getið, dags. 27.5.1856. *Merkt 64 a-c.*

2(215) a-b Bann séra Eiríks Bjarnasonar á Staðarbakka um hrossaupprekstur í Jafnhólalækjaland og Húksheiði, dags. 14.5.1831. *Merkt 65.*

2(216) a-b Lögfesta Þorláks Arngrímssonar Staðarbakkaprests fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði, dags. 1.5.1663. *Merkt 66 a-b.*

2(217) a-b Afrit af lögfestu Þorláks Arngrímssonar Staðarbakkaprests fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði, dags. 1.5.1663. *Merkt 67.*

2(218) a-b Lögfesta Þorsteins Péturssonar Staðarbakkaprests fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði, dags. 5.5.1747. *Merkt 68 a-d.*

2(219) a-b Lögfesta Þorsteins Péturssonar Staðarbakkaprests fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði, dags. 10.6.1760. *Merkt 69 a-b.*

2(220) a-b Lögfesta Egils Jónssonar Staðarbakkaprests fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði, dags. 10.6.1789. *Merkt 70 a-c.*

2(221) a-b Lögfesta Eiríks Bjarnasonar Staðarbakkaprests fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði, dags. 8.6.1838. *Merkt 71 a-b.*

2(222) Afrit af lögfestum Staðarbakkapresta fyrir Jafnhólalækjalandi og Húksheiði með meiru1). Afrit af vitnisburði um rekamark á Reykjatanga frá 1484. 2). Afrit af dómi 26.9.1621 um upprekstur á Húskheiði. 3a). Afrit af lögfestu Þorláks Arngrímssonar Staðarbakka 1663. 3b). Afrit af lögfestu Þorsteins Péturssonar Staðarbakka 1747. 3c). Þorsteins Péturssonar Staðarbakka 1760. 3d). Egils Jónssonar Staðarbakka 1789. 4). Afrit af vitnisburðum fyrir Staðarbakkakirkjuítökum: veiði í Trumbufljóti og landamerki milli Mels og Staðarbakka 1792, 1755; um Langhólma í Torfustaðakvísl 1592, 1593, 1590; reka fyrir Skriðnesenni 1596, 1599, 1723. Afrit staðfest 6.5.1839 af Eiríki Bjarnasyni presti til Staðarbakka og Efra Núpskirkna. *Merkt 72 a-s.*

2(234) a-b Afrit af máldögum Guðbrands Þorlákssonar fyrir Ásgeirsárkirkju og Víðidalstungukirkju frá um 1590, þingl. 29.5.1797, ásamt uppskrift. *Merkt 73 a-c.*

2(235) Afrit af máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Víðidalstungukirkju 1461. Lagt fram á sáttarfundi, dags. 24.9.1855. *Merkt 74 a-c.*

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

2(112) a-b Vísitasía Víðidalstungukirkju. Mörk svæðisins til lambaupreksturs og Víðidalstunguafréttar, ásamt uppskrift, dags. 1590. *Merkt 77 a-c.*

2(113) a-b Vísitasía Ásgeirsárkikju. Á afrétt á Arnarvatnsheiði, merkjum lýst, ásamt uppskrift, dags. 1590. *Merkt 78.*

2(114) a-b Vísitasía Víðidalstungukirkju. Kirkjan á það sem vísitasíubók H. Guðbrands um getur, ásamt uppskrift, dags. 27.8.1679. *Merkt 79 a-c*

2(115) a-b Vísitasía Víðidalstungukirkju. Merki Víðidalstunguafréttar talin sem og veiði sem kirkjan á, ásamt uppskrift, dags. 19.7.1749. *Merkt 83 a-d.*

2(116) a-b Vísitasía Víðidalstungukirkju. Merki upprekstrarsvæðisins og veiði talin upp, ásamt uppskrift, dags. 17.7.1790. *Merkt 84 a-d.*

2(117) a-b Vísitasía Víðidalstungukirkju. Merki upprekstrarsvæðisins og veiði talin upp, ásamt uppskrift, dags. 31.8.1833. *Merkt 85 a-c*

2(118) a-b Vísitasía Gnúpdalskirkju. Kirkjan á skálagjörð 2 mönnum við Arnarvatn og eldivið sem þeri þarfnast, ásamt uppskrift, dags. 18.8.1693. *Merkt 86 a-b.*

2(119) a-b Vísitasía Gnúpsdalskirkju. Kirkjan á skálagjörð 2 mönnum við Arnarvatn, eldivið sem þarfnast og tveggja króka hald við vatnið, ásamt uppskrift, dags. 1700. *Merkt 87 a-c.*

2(120) a-b Vísitasía Gnúpsdalskirkju. Kirkjan á skálagjörð 2 mönnum við Arnarvatn, eldivið sem þarfnast og tveggja króka hald við vatnið, ásamt uppskrift, dags. 3.8.1716. *Merkt 88 a-b.*

2(121) a-b Vísitasía Efra Núpskirkju. Kirkjan á skálagjörð 2 mönnum eða rúm í skála við Arnarvatn og eldivð sem þarfnast 2 mönnum og 2 króka hald í vatnið, ásamt uppskrift, dags. 4.9.1833. *Merkt 91 a-b.*

2(122) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á alla laxveiði í Bláhyl í Vesturá, laxveiði undir Rjúkandi og Lambatungur. Merkjum lýst, ásamt uppskrift, ódags. úr máldagabók 1590-1616. *Merkt 92 a-b.*

2(123) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á laxveiði og Lambatungur. Merkjum lýst, ásamt uppskrift, dags. 20.8.1693. *Merkt 94 a-d.*

2(124) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á laxveiði og Lambatungur. Merkjum lýst, ásamt uppskrift, dags. 7.5.1700. *Merkt 95 a-c.*

2(125) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á laxveiði í Bláhyl í Vesturá og í Rjúkandi og Lambatungur. Merkja getið, ásamt uppskrift, dags. 4.9.1706. *Merkt 96 a-c.*

2(126) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á laxveiði í Bláhyl í Vesturá og í Rjúkandi og Lambatungur. Merkja getið, ásamt uppskrift, dags. 3.8.1716. *Merkt 97 a-b.*

2(127) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á laxveiði. Merki rakin, ásamt uppskrift, dags. 23.7.1749. *Merkt 98 a-e.*

2(128) a-b Vísitasía Staðarbakkakirkju. Kirkjan á laxveiði. Merki rakin, ásamt uppskrift, dags. 3.9.1833. *Merkt 99 a-c.*

2(129) a-b Vísitasía Staðarkirkju. Fjallað um merki, ásamt uppskrift, dags. 5.9.1833. *Merkt 104 a-c.*

2(180) a-b Vísitasía Gnúpskirkja, Kirkjan á jörðina Litlu-Tungu, dags. 21.7.1749. *Merkt 89 a-e.*

2(181) a-b Vísitasía Núpskirkja, Kirkjan á jörðina Litlu-Tungu, dags. 23.8.1758. *Merkt 90 a-c.*

Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):

2(91) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Víðidalstungukirkju, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1783. *Merkt 59 a-d.*

2(92) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Víðidalstungukirkju, ásamt uppskrift, dags. 26.10.1789. *Merkt 61 a-c.*

2(93) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Víðidalstungukirkju, ásamt uppskrift, dags. 25.9.1819. *Merkt 62 a-b.*

2(94) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Staðarbakkakirkju, sem á m.a. „Lambatúngur allar sudur frá Gautuhriggium...“, ásamt uppskrift, dags. 26.9.1819. *Merkt 67 a-c.*

2(95) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Staðarbakkakirkju, sem á m.a. allan Húk og Lambatungur, ásamt uppskrift, dags. 20.6.1836. *Merkt 68 a-d.*

2(96) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir og ítök kirkjunnar að Stað í Hrútafirði sem og land hennar *Landspart framm ä fialle* ..., ásamt uppskrift, dags. 17.10.1768. *Merkt 72 a-c.*

2(97) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir og ítök kirkjunnar að Stað í Hrútafirði sem og land hennar, ásamt uppskrift, dags. 15.12.1799. *Merkt 73 a-d.*

2(98) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir og ítök kirkjunnar á Stað í Hrútafirði, ásamt uppskrift, dags. 16.6.1836. *Merkt 76 a-d.*

2(174) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Staðarbakkakirkju, ásamt uppskrift, dags. 4.10.1786. *Merkt 65 a-b.*

2(175) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Staðarbakkakirkju, ásamt uppskrift, dags. 6.6.1787. *Merkt 66 a-e.*

2(251) a-b Vísitasía Efranúpskirkju. Kirkjan á skálagjörð við Arnarvatn, ásamt uppskrift, dags. 4.9.1878. *Merkt 64 a-c.*

2(252) a-b Vísitasía Efranúpskirkju. Kirkjan á skálagjörð við Arnarvatn, ásamt uppskrift, dags. 18.6.1836. *Merkt 63 a-b.*

2(259) a-b Úttekt á Staðarbakkaprestakalli. Kirkjan heldur öllum sínum eignum og ítökum eftir máldögum og vísitasíu biskups Steingríms Jónssonar, dags. 3.9.1833, ásamt uppskrift, dags. 22.7.1868. *Merkt 70 a-c.*

2(260) a-b Úttekt á Staðarbakkaprestakalli. Kirkjan heldur öllum sínum eignum og ítökum nema ágreiningur sé um Jafnhólalækjaland, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1859.

Merkt 69 a-c.

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnsýslu (skjalaflokkur A.11.):

2(188) Ráðherra Íslands selur Helgu Stefánsdóttur ábýlisjörð sína Húk, Húksheiði er undanskilin sölunni, dags.27.12.1913 ásamt virðingu á jörðinni, dags. 9.5.1913. *Merkt 37 a-c.* Sjá einnig skjal nr. 4(99).

2(189) Bréf amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu til stiftsyfirvalda um upprekstur Staðarbakkasóknarmanna og búenda í Vesturárdal á Húksheiði, dags. 12.10.1894. *Merkt 44 a-c.*

2(190) Bréf amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu til stiftsyfirvalda um upprekstrarskyldu á Húksheiði og skrif sýslumanns Húnvetninga þar um, dags. 16.7.1895. *Merkt 45.*

2(191) Bréf stiftsyfirvalda til prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi um upprekstrarskyldu á Húksheiði, dags. 23.9.1895. *Merkt 46 a-c.*

2(192) Bréf stiftsyfirvalda til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu um réttindi Staðarbakkaprestakalls og upprekstur á Húksheiði, dags. 14.2.1896. *Merkt 47 a-c.*

2(193) Ráðherra Íslands selur kirkjujörðina Stað í Hrútafirði með Staðarspotta, dags.8.5.1913. *Merkt 41 a-a-b.* Sjá einni skjal nr. 4(156).

2(194) Virðingargjörð vegna sölu á jörðinni Stað í Hrútafirði, dags. 14.5.1910. *Merkt 41 c-d.*

2(195) Ráðherra Íslands selur kirkjujörðina Staðarbakka, dags.26.1.1911. *Merkt 35 a-b.*

2(196) Virðingargjörð vegna sölu á jörðinni Staðarbakka, dags. 9.6.1910. *Merkt 35 c-e.*

2(197) Athugasemdir séra Eyjólfs Kolbeinssonar vegna sölu á fyrrum prestsetri hans, jörðinni Staðarbakka, dags. 10.6.1910. *Merkt 35 f-g.*

2(198) Bréf oddvita Ytri-Torfustaðahrepps vegna tillögu Hjartar Líndal hreppstjóra um að taka Húskheiði á leigu, dags. 27.3.1913. *Merkt 39 a-b.*

2(199) Umsögn Hjartar Líndaltil sýslumannsins í Húnavatnssýslu vegna erindis frá hreppsnefndaroddvita Staðarhrepps snertandi kaup á Húksheiði, dags. 17.6.1921. *Merkt 40 a.*

2(200) Bréf Guðmundar Jónssonar til sýslumannsins í Húnavatnssýslu varðandi sölu á Húksheiði, dags. 3.7.1921. *Merkt 40b.*

2(201) Virðingargjörð fyrir eyðibýlinu Lækjabæ/Lækjalandi, dags. 2.7.1909. *Merkt 33 a-b.*

2(202) Bréf Hjartar Líndal hreppsnefndaroddvita til Stjórnarráðs Íslands varðandi sölu á Lækjabæ, dags. 3.4.1913. *Merkt 34 a-b.*

2(203) Virðingargjörð fyrir býlinu Lækjabæ, dags. 25.4.1913. *Merkt 34 c-e.*

2(204) Bréf Hjartar Líndal hreppstjóra vegna Lækjabæjar, dags. 25.4.1913. *Merkt 34 f-g.*

2(205) Bréf Eyjólf Kolbeinssonar til stjórnarráðs Íslands snertandi sölu á Stórahvarfi og Lækjabæ, dags. 22.3.1910. *Merkt 33 c-d.*

2(206) Uppkast að greinargerð stjórnarráðsins vegna sölu á Lækjabæ og Stórahvarfs, dags. 30.4.1910. *Merkt 33 e-g.*

2(227) Virðingargjörð Stórhvarfs í Þorkelshólshreppi, dags. 23.6.1909. *Merkt 30 a-c.*

2(228) Bréf ábúanda Neðri-Fitja til Stjórnarráðs Íslands, lýsing á jörð, dags. 6.12.1909. *Merkt 30 f-h.*

2(237) a-b Gísli Jónsson í Hlíð á Álftanesi óskar eftir því við Rentukammer að fá jörðina Aðalból keypta ásamt hjáleigunni Bjargarstöðum og eyðihjálegunni Skárastöðum, ásamt uppskrift, dags. 26.8.1803. *Merkt 86 a-b.*

2(254) Skipti á löndum jarðanna Neðri-Fitja og Stórahvarfs, merkja getið, dags. 21.8.1915. *Merkt 111 a-b.*

2(255) Jakob Sæmundsson kaupir ábýlisjörð sína Stórahvarf, dags. 22.12.1915. *Merkt 111 e-f.*

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):

2(157) a-b Umsókn Ragnheiðar Jónsdóttur biskupsekkju til Christians Müller amtmanns um linun á álögum á jarðir Hólastóls í Húnaþingi, er hún hafði að léni. Áritaður er úrskurður amtmanns, ásamt uppskrift, dags. 28.8.1689. *Merkt* 20 *a-b.*

2(158) a-b Bréf Páls Vídalíns til Ragnheiðar Jónsdóttur, biskupsekkju, um tekjur og afgjöld af nokkrum jörðum Hóladómkirkju, til handa Ragnheiði, ásamt uppskrift, dags. 7.10.1705. *Merkt 21 a-d.*

2(159) a-b Konungsleyfi Gísli biskups Þorlákssonar fyrir því að kona hans Ragnheiður Jónsdóttir fengi að njóta tekna og afgjalda af nokkrum jörðum Hóladómkirkju eftir sinn dag. Umræddar jarðir voru: Bjargastaðir, Aðalból, Skárastaðir, Haugur, Litliós, Hörghóll, Galtarnes og Kista, auk þess sem hún skyldi fá eftir dag móður hans Kristínar Gísladóttur (d. 1694) biskupsekkju jarðirnar: Hraun, Neðri Ás, Vaglir og Flatatunga, ásamt uppskrift, dags. 30.4.1678. *Merkt 22 a-d.*

2(168) a-b Minnispunktar úr jarðabóka pappírum Páls Vídalíns vegna ágreinings um Ásgeirsá. Jarðabóka pappírar Árna Magnússonar, ódags., ásamt uppskrift. *Merkt 23 a-d.*

2(169) a-b Bréf Páls Vídalíns til Árna Magnússonar um ágreiningsefni Ágeirsár, sama efnis og minnispunktar. Jarðabóka pappírar Árna Magnússonar, ódags., ásamt uppskrift. *Merkt 24 a-b.*

2(170) a-b Uppdráttur vegna Ásgeirsár-deilumáls. Fylgiskjal við bréf Páls Vídalíns til Árna Magnússonar. Jarðabóka pappírar Árna Magnússonar, ódags., ásamt uppskrift. *Merkt. 25.* Sjá skjal 2(169).

2(171) a-b Bréf Páls Vídalíns til Árna Magnússonar í 25 liðum um ágreiningsefni Ágeirsár. Eftirfylgni af fyrra bréfi. Jarðabóka pappírar Árna Magnússonar, ódags., ásamt uppskrift. *Merkt 26 a-k.*

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):

2(63) Bergþór Grímsson selur séra Birni Jónssyni jarðirnar Hlíð á Vatnsnesi og Bæ og Finnbogastaði í Trékyllisvík fyrir Óspaksstaði í Hrútafirði og þrjátíu og fimm hundruð í lausafé, dags. 22.5.1549. Í.f. XI. b., bls. 707-708. *Merkt 17 a-b.*

2(64) Goðsvin biskup í Skálholti selur Skúla bónda Loftssyni jarðirnar Smyrlahól og Giljaland í Haukadal fyrir jörðina hálfa á Bálkastöðum í Hrútafirði og tíu kúgildi að auk, dags. 27.8.1444. Í.f. IV. b., bls. 657-658. *Merkt 18 a-b.*

2(65) Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi 1461 og síðar. Máldagi Kirkjan á Stað í Hrútafirði á allt heimaland. [...] hálfa jörðina Bálkastaði með hálfum öllum reka á Miðfjarðarnesi. Máldagi Staðarbakka: Húk allan. Í.f. V. b., bls. 247, 334 og 339. *Merkt 19 a-b og 32 b.*

2(66) Elsti hlutinn af Sigurðarregistri 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land. Þetta jarðagóss átti Hólakirkja [...] Bálkastaði hálfa [...]. Kirkjan á Mel [...] Hún á allt heimaland [...] item séttung í bakastodum [svo] [...]. Í.f. IX. b., bls. 293, 301-302 og 326. *Merkt 20 a-d.*

2(67) Reikningur kirkna á prestsetrum í Hólabiskupsdæmi 1569. Kirkja á Stað í Hrútafirði beneficium. Hún á hálfa jörð Bálkastaði, 10 aurar, ekkert kúgildi með. [Registur: Bálkastaðir í Miðfirði]. Í.f. XV. b., bls. 346 og 355, 352. *Merkt 21 a-b.*

2(68) Máldagar Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi 1394 og síðar. Höskuldsstaðakirkja. (Gnúps kirkja) Hún á skálagerð tveimur mönnum, eður rúm í skála við Arnarvatn og eldivið sem þarfnast, tveimur mönnum og tveggja króka hald í vatnið. (Víðidalstungu kirkja) Fær lambseldi m.a. frá Núpi. Árs skers ár kirkja [...] afrétt á Arnarvatnsheiði, með þessum ummerkjum, austur frá Hraungrund, svo sem vötn falla vestur af í milli Víðidalsár og Öxnár fyrir norðan en Hraungarður fyrir austan, á kirkjan að Áskers á fugla, fiska og allt það, sem til gæða er í jörðu og á í þessu takmarki. Staðarbakka kirkja [...] á allt heimaland [...] Húk allan, [...]. (Ásgeirsár kirkja) [...] afrétt af Arnarvatnsheiði, með þessum ummerkjum, austur á Hraungarð, svo sem vötn falla vestur af í milli Víðidalsár og Öxnár fyrir norðan. En Hraungarður fyrir austan, fugla og

fiska og allt það, sem til gæða er í jörðu og á í þessu takmarki. Í.b. III. b., bls. 508, 162-163, 536-538, 540 og 549-550. *Merkt 22 a-d, 31 b, 36 b-c og 37 b-c.*

2(69) Rafn Jónsson selur Þorsteini Jónssyni jarðirnar Efri-Núp í Núpsdal með tilgreindum ítökum og landamerkjum Þverá, Njálstaði, Daðastaði og Barðastaði, en Þorsteinn gefur í móti tuttugu hundraða jörð í Húnavatnsþingi, tíu kúgildi og tíu hundruð í fullum aurum, dags. 9.9.1448. Í.f. IV. b., bls. 747-749. *Merkt 23 a-c.*

2(70) Kaupbréf Ásgríms ábóta á Þingeyrum og Jóns bónda Sigmundssonar um jarðirnar Efranúp í Núpsdal, Melrakkadal í Víðidal og hrís með tilgreindum ítökum og landamerkjum, dags. 28.11.1493 / 20.5.1493. Í.f. VII. b., bls. 194-196. *Merkt 24 a-c.*

2(71) Dómur tólf presta um ákærur biskups til Jóns Sigmundssonar um kirknafé á Urðum og í Víðidalstungu og aðrar fleiri sakir. […] enn um Márstaði og Núp dæmdum vér biskupinn mega að sér taka þessi góss föst og laus, dags. 7.1.1508. Í.f. VIII. b., bls. 183-185. *Merkt 25 a-c.*

2(72) Dómur sex lögréttumanna um góss þau og garða, föst og laus, er frá Jóni Sigmundssyni höfðu tekin verið utan lögréttumanna dóm og lögmanns úrskurð. Minnst á 12 presta dóminn, skjal 4(71). [...] dæmdum vér oftnefndan Jón Sigmundsson frjálslega og löglega mega að sér taka og réttilega halda fyrrsagða garða. Víðidalstungu, Urðir og Núp, […], dags. 1.7.1510. Í.f. VIII. b., bls. 318-320. *Merkt 26 a-c.*

2(73) Jón biskup á Hólum selur séra Birni Jónssyni jarðirnar Stóruborg og Litluborg í Víðidal fyrir jarðirnar Fremranúp í Núpsdal, Æsistaði í Langadal og Kollsá í Svarfaðardal; jarðamun lofar biskup að jafna seinna og setur Hóladómkirkju svo mikið jarðagóss til panta, sem hann hafði gefið dómkirkjunnar eign við Stóruborg, dags. í janúar um 1540. Í.f. X. b., bls. 592-593. *Merkt 27 a-b.*

2(74) Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls í föstu og lausu eftir Jón biskup Arason frá fallinn. Eitt naut í eldum á Stóra Núpi. 60 hndr. með stærra Núpi 5 kúgildi, landskyld 2 hndr. Stórinúpur 60 hndr. aftur genginn. Stórinúpur 60 hndr., dags. 25.12.1550. Í.f. XI. b., bls. 848 ,857, 875 og 879. *Merkt 28 a-d.*

2(75) Helmingadómur, kvaddur af Ólafi biskupi Hjaltasyni og Oddi lögmanni Gottskálkssyni, dæmir séra Snjólfi Jónssyni jörðina Núp fremra í Núpsdal, dags. 1.7.1555. Í.f. XIII. b., bls. 51-53. *Merkt 29 a-c.*

2(76) Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1360-1389: Kirkjan á Staðarbakka í Miðfirði á allt heimaland [...] 10 hundruð í Húki. Árs skers ár kirkja (Ásgeirsárkirkja) á afrétt á Arnarvatnsheiði, landamerkja getið. Víðidalstungukirkja eigi þriðjung í veiði í Kerum og alla veiði að þriðjungi fyrir Tungulandi, ásamt veiði í Fitjá ofan frá Kerum. Í.f. III. b., bls. 155 og 162-164. *Merkt 30 a-b og 36 b-c.*

2(77) Dómur sex presta og sex leikmanna í máli þeirra feðga Þorvarðs Ólafssonar og Ólafs sonar hans af einni hálfu, en annarri Eiríks Marteinssonar, þar sem þeir dæma jörðina Hreiðarstaði óbrigðilega eign kirkjunnar á Reykjum í Miðfirði: [...] áður en hann keypti jörðina á Bjargarstöðum, dags. 5.9.1449 / 26.2.1450. Í.f. V. b., bls. 28-30:

2(78) Dómur klerka útnefndur af Gottskálki biskupi á Hólum um fjárrekstur á Víðidalstunguheiði. Lambseldi Víðidalstungukirkju. Lambatolla, veiðar og aðrar eignir kirkjunnar, dags. 14.5.1501. Í.f. VII. b., bls. 558-560. *Merkt 34 a-c.* Sjá einnig skjal nr. 4(201).

2(79) Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1318. Ásgeirsár kirkja [...] Afrétt á Arnarvatnsheiði. Í.f. II. b., bls. 423 og 478-479. *Merkt 35 a-c.*

2(153) Máldagi fyrir Víðidalstungukirkju 1394. Landamerkja getið. Í.f. III. b., bls. 592-595. *Merkt 62 a-d.*

2(154) Máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1461 og síðar. Víðidalstungukirkja. Landamerkja getið. Í.f. V. b., bls. 247, 347-349. *Merkt 63 a-d.*

2(166) Úrskurður Jóns ábóta á Þingeyrum og officialis heilagrar Hólakirkju um landamerki millum Hreiðarstaða og Bjargastaða í Austrárdal, dags. 29.4.1452. Í.f. V. b., bls. 91-92. *Merkt. 64 a-b.* Sjá einnig skjal nr. 4(202).

2(167) Rafn Jónsson selur Þorsteini Jónssyni jarðirnar Efri-Núp í Núpsdal með tilgreindum ítökum og landamerkjum Þverá, Njálstaði, Daðastaði og Barðastaði, en Þorsteinn gefur í móti tuttugu hundraða jörð í Húnavatnsþingi, tíu kúgildi og tíu hundruð í fullum aurum. Í.f. IV. b., bls. 747-749, dags. 9.9.1448.

2(184) Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1318. Fyrir Staðarbakkakirkju, á heimaland allt, Króksstaði og Skarfshól. Fyrir Gnúpskirkju, elsta heimild um Efri-Núp segir að á Gnúpi í Miðfirði skuli vera heimilisprestur. Fyrir Stað í Hrútafirði, á heimaland allt, afréttar ekki getið,1316. Í.f. II. b., bls. 423 og 482-485. *Merkt 79 a, 78 b, 73 a-c.*

2(65) Viðbót við skjal. Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi 1461 og síðar. Kirkjan á Staðarbakka á m.a. Lambatungur suður frá Gautuhryggjum og suður frá Erringafönnum eftir miðju Sléttufelli í flóa miðjan. Bæði fuglveiði og fiskveiði. Í.f. V. b., bls. 334-337. *Merkt 32 b-e.*

2(223) Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Kirkjan á Stað í Hrútafirði á allt heimaland, afréttar ekki getið. Í.f., III. b., bls. 165-166. *Merkt 74 a-b.*

2(224) Máldagar Péturs biskups Nikulássonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Kirkjan á Stað í Hrútafirði á allt heimaland, afréttar ekki getið. Í.f. III. b., bls. 548-549. *Merkt 75 a-b.*

2(225) Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Kirkjan á Stað í Hrútafirði á allt heimaland, afréttar ekki getið. Í.f. V. b., bls. 165-166. *Merkt 74 a-b.*

2(226) Eirný Ólafsdóttir fær Sighvati Ásgrímssyni jörðina Bjargarstaði í Miðfirði til eignar með tilgreindum ummerkjum, ódags. frá 1392. Í.f. III. b., bls. 478-479. *Merkt 77 a-b.* Sjá einnig skjal nr. 4(200).

Bréfabækur biskupa (skjalaflokkur B.8.):

2(80) Meðkenning Guðbrands biskups Þorlákssonar um að hafa gefið Ingjaldi Illugasyni lagaumboð til að byggja Aðalból í Austurárdal ásamt Skarastöðum og Lambatungum milli Austurár og Þorvallsár og alla Aðalbólsheiði, bls. 513, dags. 9.4.1597. *Merkt 1.*

2(89) Um mörk og réttindi Ásgeirsár og Tungu í Víðidal, bls. 535-536, dags. 24.1.1601. *Merkt 12 a-b.*

2(90) Umboðsbréf Sigurði Jónssyni útgefið til að lögfesta Hóladómkirkjuland Lambatungur, bls. 426, dags. 26.5.1675. *Merkt 13.*

2(130) Um skiptingu Víðidalstungu og Ásgeirsár, bls. 535-536, dags. 24.1.1601. *Merkt 1 a-b.*

2(131) Meðkenning Guðbrands biskups Þorlákssonar um að hafa gefið Ingjaldi Illugasyni lagaumboð til að byggja Aðalból í Austurárdal ásamt Skarastöðum og Lambatungum milli Austurár og Þorvallsár og alla Aðalbólsheiði, bls. 513, dags. 9.4.1597. *Merkt 2.*

2(165) Meðkenning séra Arngríms Jónssonar um að hafa tekið við Aðalbóli, dags. 22.12.1628. Bls. 8. *Merkt 14.*

Alþingisbækur Íslands (skjalaflokkur B.9.):

2(81) Dómur um afréttinn Lambatungur, dags. 22.7.1706. *Merkt 1 a-c*

2(82) Staðfestur héraðsdómur um eignarhald á jörðinni Víðidalstungu, ódags. árið 1570. *Merkt 2 a-b.*

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

4(134) Landamerkjadómur, málið nr. 1/1962, Eigandi Litlu-Ásgeirsár gegn eiganda Stóru-Ásgeirsár ásamt staðfestu endurriti sýslumanns dags. 9.10.1962, dags.

26.6.1962.

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

4(63) Aðalból, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(64) Aðalból, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(65) Aðalból, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(66) Aðalbólsheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(67) Aðalbólsheiði, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(68) Stóra Hlíð, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(69) Stóra Hlíð, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(70) Stóra Hvarf, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(71) Stóra Hvarf, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(72) Stóra Hvarf, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(73) Víðidalstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(74) Víðidalstunga, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(75) Víðidalstunga, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(76) Staður, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(77) Staður, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(78) Staður, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(79) Húksheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(80) Húksheiði, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(81) Húksheiði, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(82) Húkur, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(83) Húkur, þinglýsingarvottorð, dags. 18.6.2013.
4(84) Húkur, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(85) Núpsheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(86) Núpsheiði, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(87) Efri-Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(88) Efri-Núpur, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(89) Efri-Núpur, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(90) Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar, dags. 20.6.2012.
4(91) Yfirlýsing eigenda Húsafells í Borgarfjarðarsýslu að eigendur Arnarvatns hins meira, Ytri- og Fremri Torfustaðahreppar eru löglegir eigendur veiðréttar í Sesseljuvík í Arnarvartni, dags. 14.5.1969.
4(94) Afsal. Eigandi Aðalbóls afsalar heiðarlandi því sem fylgt hefur jörðinni til upprekstrarfélags Miðfirðinga. Merkjum lýst, dags. 27.10.1896.
4(96) Sala og afsal til hreppsnefndar Staðarhrepps á heiðarlandi jarðarinnar Óspaksstaða með þeim landamerkjum sem getið er um í kaupsamningi dags. 5.11.1904, dags. 18.12.1904.
4(97) Yfirlýsing erfingja eigenda Staðar um að þau viti af því að eigendurnir seldu Staðarhreppi eign Staðar í afrétt Staðahrepps, svokallaðan Staðarspotta árið 1957, dags. 3.4.1982.
4(98) Afsal fyrir Óspaksstöðum, dags. 24.8.1906.
4(99) Ráðherra Íslands selur Helgu Stefánsdóttur jörðina Húk, Húksheiði er undanskilin sölunni, dags.27.12.1913. Í sömu þinglýsingu er sala Helgu Stefánsdóttur til sonar síns á jörðinni Húk, dags. 4.6.1914.
4(100) Gjafabréf eigenda jarðarinnar Húks til handa sonum sínum þar sem þau gefa þeim hálfa jörðina Húk, dags. 13.9.1959.
4(101) Yfirlýsing erfingja hjónanna er síðast bjuggu að Húki um að við skipti á dánarbúi þeirra hafi komið til skipta hálf jörðin Húkur og hafi jörðin fallið við skiptin í arfshlut tveggja af bræðrunum, dags. 28.6.1966.
4(102) Sala og afsal á ½ jörðinni Aðalbóli að fráskildu nýbýlinu Aðalbreið, dags. 1903.
4(103) Kaupsamningur og afsal á ½ jörðinni Aðalbóli ásamt allri hjáleigunni Aðalbreið, dags. 17.2.1907.

4(104) Sala og afsal á hluta af Aðalbóli, dags. 14.11.1874.
4(105) Afsal á jörðinni Efra-Núpi, ódags. Lesið á manntalsþingi 8.9.1967.
4(106) Kaupsamningur og afsal á jörðinni Efra-Núpi með hjáleigunni Núpsseli, dags. 7.6.1919.
4(107) Makaskipti á jörðinni Skárastöðum og hluta úr jörðinni Efra-Núp, dags. 19.11.1884.
4(108) Kaupbréf og afsal. Fosskot selt Fremri-Torfustaðahreppi, dags. 21.5.1966.
4(109) Afsal fyrir Þverá, dags. 28.5.1905.
4(110) Sala og afsal til Jóns Vídalín hálfum afréttarlöndum þeim sem tilheyra Víðidalstungueigninni, þ.e. Vesturheiði og Austurheiði sem áður tilheyrði Ásgeirsá. Seljandi heldur eftir áskildum eignarrétti að hálfri heimajörðinni Víðidalstungu og hjáleigunum ½ Lækjarkoti, ½ Yxnatungu, ½ Stóruhlíð, ½ Litluhlíð og ½ Bakkakoti. Við innritun í þinglýsingabækur, dags. 14.10.1896, er rituð athugasemd um að seljandi, hafi ekki þinglýsta eignarheimild fyrir hálfri jörðinni Víðidalstungu með tilheyrandi hjáleigum, dags. 6.10.1896.
4(111) Makaskipti og afsal fyrir ½ Víðidalstungueign, nfl. ½ Víðidalstunga með hjáleigunum Lækjarkoti, Yxnatungu, Stóruhlíð, Litluhlíð og Bakkakoti, ½ Dæli, ½ Kolugil, ½ Hrappstaði og ½ Sporð með sporðshúsum, dags. 26.8.1896.
4(112) Innkomið til sýslumanns til innritunar og þinglesturs. 1. Makaskiptabréf fyrir ½ Víðidalstungueigninni dags. 26.8.1896, 2. Afsalsbréf fyrir ½ afréttarlöndum þeim sem tilheyra Víðidalstungueigninni dags. 6.10.1896., dags. 14.10.1896.
4(113) Sala og afsal fyrir ½ Víðdalstungueigninni meðfylgjandi hálfbýlin ½ Lækjarkot, ½ Yxnatunga, ½ Stóra hlíð, ½ Litla hlíð og ½ Bakkakot, ennfremur hálflendurnar Sporður, Dæli, Kolagil og Hrappstaðir. Undan þessu eru tekin öll veiðréttindi í framangreindum jörðum, dags. 9.9.1912.
4(114) Staðfesting á kaupum og greiðslu fyrir ½ Víðidalstungutorfu ásamt hálflendum, dags. 9.9.1912.
4(115) Skiptagjörningur/erfðaskýrsla í dánarbúi Ragnheiðar Jónsdóttur. Meðal eigna eru ½ Víðdalstungueign ásamt hjáleigum, skipti dags. 5.2.1910.
4(116) Sala og afsal á veiðiréttindum tilheyrandi þeim helmingi Víðidalstungu, Lækjarkots, Yxnatungu, Stóruhlíðar, Litluhlíðar, Bakkakots, Sporð, Dælis, Kolugili og Hrappstaða sem afsalað var 4.9.1912, en veiðiréttindi þá undanþegin sölunni, dags. 26.6.1926.
4(117) Kaupsamningur um ½ Víðidalstungu, Yxnatungu og Lækjarkots, dags. 30.9.1931.
4(118) Afsal fyrir um ½ Víðidalstungu, Yxnatungu og Lækjarkots skv. Kaupsamningi dags. 30.9.1931, dag. 6.6.1932.
4(119) Sala á ½ Víðidalstungu, dags. 11.8.1946.
4(120) Sala á ½ Víðidalstungu, dags. 11.8.1946.
4(121) Sala og afsal á Víðidalstungu II, dags. 1.7.1953.
4(122) Afsal á Víðidalstungu, dags. 3.2.1971.
4(123) Yfirlýsing eigenda og ábúenda Lækjarkots, Öxnatungu og Stóruhlíðar um að þeir afsali öllum afnotum og umráðarétti á því landi sem tilheyrði fyrrgreindum jörðum og lá fyrir framan afréttargirðingu Þorkelshólshrepps, dags. 25.5.1932.
4(124) Sala og afsal á Stóru hlíð, tekið fram að kvöð hvíli á landi jarðarinnar sunnan heiðargirðingar samkv. Samningi við Þorkelshólshrepp dags. 25.5.1932, dags. 12.8.1944.
4(125) Sala og afsal á Yxnatungu, merkjum lýst, dags. 17.4.1947.
4(126) Sala og afsal á Stóru-Ásgeirsá, dags. 14.5.1901.
4(127) Sala og afsal á Stóru-Ásgeirsá, dags. 28.12.1931.
4(128) Sala og afsal á Litlu-Ásgeirsá, dags. 24.2.1915.
4(129) Sala og afsal á Litlu-Ásgeirsá, dags. 8.5.1926.
4(130) Yfirlýsing um eignarhald á Litlu-Ásgeirsá, dags. 19.1.1928.
4(131) Sala og afsal á landstykki úr Litlu-Ásgeirsá, kaupsamningur dags. 15.12.1930,

afsal dags. 2.2.1931.

4(132) Sala og afsal á Litlu-Ásgeirsá, dags. 28.4.1945.

4(133) Sala og afsal á 2 landstykkjum úr Litlu-Ásgeirsá, landamerkjum lýst, kaupsamningur dags. 12.1.1946.

4(135) Sala og afsal á ½ Stóru-Ásgeirsá 26.10.1897

4(136) Sala og afsal á Litlu-Ásgeirsá, dags. 29.4.1898.

4(137) Innkomið til þinglesturs afsalsbréf fyrir Stóru-Ásgeirsá, dags. 30.3.1898.

4(138) Kaupsamningur og afsal fyrir ½ Neðri-Núpi. Kaupsamningur dags. 12.5.1883, afsal dags. 20.1.1887.

4(139) Innkomið til þinglesturs afsalsbréf fyrir Neðri-Núp, dags. 20.1.1887.

4(140) Kaupsamningur og afsal á hluta af Neðri-Núpi, merkjum lýst, dags. 17.10.1929.

4(141) Kaupsamningur og afsal á Neðri-Núpi, merkjum lýst, dags. 26.5.1946.

4(142) Kaupsamningur og afsal á Þverá, kaupsamningur dags. 18.6.1908, afsal dags. 12.6.1909.

4(143) Eignarskipti á húsum og túnum á Þverá, dags. 3.6.1916.

4(144) Sala og afsal fyrir ½ Þverá, dags. 3.6.1916.

4(145) Leigusamningur um land Þverár, framanvert við afréttargirðingu Miðfirðinga, dags. 29.12.1970.

4(146) Innkomið til þinglesturs afsalsbréf fyrir hluta af Aðalbóli, dags. 28.4.1887.

4(147) Bann við að ríða eða að fara með hesta og fjárrekstur um land Litlu-Ásgeirsár, dags. 29.5.1900

4(148) Kaupsamningur um ½ Aðalból, dags. 19.8.1951.

4(149) Kaupsamningur og afsal á Óspaksstöðum, kaupsamn. dags. 1.11.1927, afsal dags. 1.6.1928.

4(150) Sala og afsal á Bjargarstöðum ásamt veiðiréttindum og beitarréttindum á Arnarvatnsheiði, dags. 29.4.1947.

4(151) Afsal fyrir Fossseli, dags. 29.6.1923.

4(152) Yfirlýsing um greiðslu vegna kaupa á Fossseli skv. Kaupmsamningi dags. 28.12.1920, dags. 10.1.1921.

4(153) Kaupsamningur fyrir Stóruhlíð, dags. 30.9.1931.

4(154) Kaupsamningur og afsal á hálflendunum Hrappstöðum og Bakkakoti, kaupsamn. dags. 6.9.1924, afsal dags. 28.8.1927.

4(155) Samningur um leigu á Efri-Núpsheiði, dags. 24.10.1891.

4(156) Afsal Ráðherra Íslands fyrir jörðinni Stað í Hrútafirði „með Staðarspotta“, dags. 8.5.1913.

4(157) Afsal dóms- og kirkjumálaráðherra, f.h. kirkjusjóðs, fyrir Húksheiði til hreppsnefnda Fremri og Ytri Torfustaðahreppi, dags. 18.10.1934.

4(158) Afsalsbréf fyrir Núpsheiði, dags. 27.5.1898.

4(159) Kaupsamningur um allt land jarðanna Þverár og Efra-Núps sunnan núverandi afréttargirðingar, dags. 20.6.1985.

4(160) Kaupsamningur Efri-Núps, dags. 6.6.1988.

4(161) Afsal fyrir Þverá í Núpsdal, dags. 29.12.1970.

4(162) Afsal fyrir Lækjabæ til Fremri Torfustaðahrepps, dags. 7.11.1967.

4(163) Sala og afsal fyrir 2 hndr. og 12 álnir í jörðinni Aðalbóli, dags. 8.8.1885.

4(164) Sala og afsal fyrir 5 hndr. og 108 álnir í jörðinni Aðalbóli, dags. 8.8.1885.

4(165) Sala og afsal fyrir 16 hndr. í jörðinni Aðalbóli, dags. 21.4.1887.

4(168) Veðsetning ½ Víðidalstunguheiðar, dags. 22.8.1902.

4(169) Víðidalstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(170) Víðidalstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(171) Aðalból, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(172) Aðalból, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(173) Húksheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(174) Neðri-Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
4(175) Neðri-Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(176) Efri-Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
4(177) Efri-Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(178) Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(179) Óspaksstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
4(180) Óspaksstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(181) Stóra-Ásgeirsá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
4(182) Stóra-Ásgeirsá og Litla-Ásgeirsá, síður úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(183) Yxnatunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
4(184) Yxnatunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(185) Húkur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(186) Stóra-Hvarf, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(187) Dalgeirsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
4(188) Litla Ásgeirsá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
4(190) Núpur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

4(14) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 59–61, 127–147.

Örnefnaskráning (skjalaflokkur A.15):

4(167) a-d Örnefnaskrár Víðidalstunguheiðar: a) eftir Sigvalda Jóhannesson líkl. frá árunum 1978-1980; b) eftir Jónas Björnsson, dags. 25.3.1938; c) eftir Jónas Björnsson, dags. 7.4.1937; d) athugasemdir og viðbætur eftir Sölva Sveinsson, dags. 22.4.1975.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):

4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
4(2) Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar. Upplýsingar um gögn á safninu er varða þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum, dags. 23.8.2005.
4(3) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
4(4) Svarbréf Sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
4(5) Svarbréf Bólstaðarhlíðahrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 18.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(6) Svarbréf Ytri-Torfustaðahrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 14.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(7) Svarbréf Þverárhrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 5.3.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(8) Svarbréf Þorkelshólshrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 21.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(9) Landamerkjaskrár fyrir heiðar í vestur-Húnavatnssýslu (Staðarhreppsafrétt, Húksheiði, Núpsheiði, Aðalbólsheiði, Víðidalstunguheiði), ódags. en líklega frá 16.8.1985.

4(10) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.

4(11) Svarbréf Staðarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 8.4.1989.

4(12) Svarbréf Þorkelshólshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 30.3.1989.

4(13) Svarbréf Þverárhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 8.11.1989.

4(15) Minnispunktar Skipulags ríkisins til félagsmálaráðuneytisins varðandi skipun afrétta innan marka sveitarfélaga, ásamt bráðabirgða afréttaskrá Skipulags ríkisins, dags. 5.11.1989.

4(49) Svarbréf Staðarhrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 21.3.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(53) Hefti með ágripum og greinum um Húnvetnska náttúru, 105 bls. Náttúrustofa Norðurlands vestra, dags. 10.4.2010.

4(60) Fundargerð hreppsnefndar Ytri- og Fremri-Torfustaðahreppa. Samþykki fyrir kaupum á Aðalbólsheiði og Núpsheiði og leigu á Húksheiði. Úr fundargerðabók Fremri Torfustaðahrepps líkl. frá árunum 1884-1900, dags. 29.5.1896.

4(61) Fundargerð hreppsnefndar (líkl. Þorkelshólshrepps). Beiðni Kirkjuhvammshrepps um upprekstur hrossa á Víðidalstunguheiði samþykkt. Úr fundagerðabók Þorkelshólshrepps frá árunum 1934-1945, dags. 31.3.1943.

4(95) a-b Greinargerð og myndkort sérfræðings Veðurstofu Íslands varðandi vatnasvið og upptök tiltekinna áa á heiðum í Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi, dags. 29.4.2014 og 31.10.2014.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): skjöl frá stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

4(191) a-b Kaupbréf um Stóru- Ásgeirsá, með fylgir Litla-Ásgeirsá og eyðijörðin Gafl, dags. 31.5.1658, landamerkja ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt 40 a-d.*

4(192) a-b Kaupbréf um Stóru- Ásgeirsá, landamerkja ekki getið, ódags frá 1589, ásamt uppskrift. *Merkt 41 a-d.*

4(193) a-b Vitnisburður um upprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum, ódags. frá 1586, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a-d.*

4(194) a-b Vitnisburður um upprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum, ódags. frá 1587, ásamt uppskrift. *Merkt 43 a-d.*

4(195) a-b Vitnisburður um upprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum, ódags. frá 1588, ásamt uppskrift. *Merkt 44 a-b.*

4(196) a-b Vitnisburður um upprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum, ódags. frá 1598, ásamt uppskrift. *Merkt 46 a-c.*

4(197) a-b Vitnisburður um upprekstur og lambatolla á Aðalbólsheiði og Lambatungum, ódags. frá 1601, ásamt uppskrift. *Merkt 47 a-c.*

4(198) a-b Byggingaleyfi Guðbrands Þorlákssonar til handi Pétri Þorsteinssyni fyrir að byggja Aðalból í Austurárdal, dags, 9.4.1597, ásamt uppskrift. *Merkt 45 a-d.*

4(199) a-b Meðkenning þriggja manna um Skárastaði og Aðalból, ódags. frá 1588, ásamt uppskrift. *Merkt 48 a-c.*

4(200) Eirný Ólafsdóttir fær Sighvati Ásgrímssyni jörðina Bjargarstaði í Miðfirði til

a-b eignar með tilgreindum ummerkjum, ódags. frá 1392, ásamt uppskrift. *Merkt* 49 *a-r*. Sjá einnig skjal nr. 2(226).

4(201) a-b Dómur klerka útnefndur af Gottskálki biskupi á Hólum um fjárrekstur á Víðidalstunguheiði. Lambseldi Víðidalstungukirkju. Lambatolla, veiðar og aðrar eignir kirkjunnar, dags. 14.5.1501, ásamt uppskrift. *Merkt 50 a-g*. Sjá einnig skjal nr. 2(78).

4(202) a-b Úrskurður Jóns ábóta á Þingeyrum og officialis heilagrar Hólakirkju um landamerki millum Hreiðarstaða og Bjargastaða í Austrárdal, dags. 29.4.1452, ásamt uppskrift. *Merkt.51 a-f.* Sjá einnig skjal nr. 2(166).

4(203) a-b Vitnisburður um að Jón Oddsson hafi selt Torfa Erlendssyni alla Dalgeirsstaði í Miðfirði, landamerkja ekki getið, dags. 20.10.1639. *Merkt 52 a-j.*

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):

4(166) Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar, 1360-1389. Ásgeirsárkirkja á m. a. Fimmtánhundruð í heimalandi og afrétt á Arnarvatnsheiði. Merkjum heiðarinnar lýst. Víðidalstugukirkja á m.a. þriðjung í heimajörðu, þriðjung í veiði í kerum, fjórðungur til Ásgeirsár og alla veiði að þriðjungi fyrir Tungulandi, fjórðung í hundarði í fitjá ofan frá kerum. Í.f. III. b., nr. 115-149, bls. 155 og 162-163.

4(189) Jarðakaupabréf. Teitur Þorleifsson geldur konu sinni m.a. Ásgeirsá í Víðidal ásamt afrétt á Arnarvatnsheiði, dags. 24.4.1527. Í.f. IX. b., bls. 403-404.

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

4(16) Ný jarðabók 1861, bls. 93-99.

4(44) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 222-253.

4(45) Fasteignabók 1921, bls. 99-116.

4(46) Fasteignabók 1942-1944, bls. 26-30.

4(47) Fasteignabók 1932, bls. 60-67.

Dómar (skjalaflokkur B.3.):

4(54) Hrd. nr. 173/2003 Syðra-Kvíslarvatn á Núpsheiði, dags. 18.12.2003.

4(56) Hrd. nr. 59/1922. Landamerkjadómur Víðidalstungu með hjáleigum og Valdarás með Valdarásseli og Krókum, dags. 28.2.1923.

4(57) Hrd. nr. 72/1980. Umferðarréttur íbúa Þverárhrepps vegna nýtingar Haukagilsheiðar, Lambatungna og Kornsártungna, dags. 2.7.1984.

4(58) Hrd. nr. 191/1987. Upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðum, Sauðadal og nærliggjandi afréttarlöndum, dags. 30.6.1987.

4(59) Hrd. nr. 87/1988. Nýting Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16.2.1990.

4(62) Dómur Lyfrd. eldri, mál nr. 5/1856. Landaþrætumál milli Litlu og Stóru-Ásgeirsár vegna Víðidalstungu, dags. 13.5.1856.

4(92) Dómur Hæstaréttar nr. 6/1898. Bónda gert að greiða vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði, dags. 25.3.1898. Lyfrd. yngri 1895-1898, bls. 646-648.

4(93) Dómur í máli nr. 4/1857. Greiðsla upprekstrartolla af Víðidalstunguheiði, dags. 2.6.1857. Lyfrd. eldri 1802-1873, bls. 374-383.

Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

4(17) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 89/1898, B-deild, bls. 123–132.

4(18) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 62/1901, B-deild, bls. 95–96.

4(19) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 76/1905, B-deild, bls. 131–144.

4(20) Reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 71/1909, B-deild, bls. 131-146.

4(21) Reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 132/1914, B-deild, bls. 276-291.

4(22) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 11.11.1914, nr. 59/1920, B-deild, bls. 169-170.

4(23) Reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 80/1930, B-deild,

bls. 198-213.

4(24) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 4.9.1930, nr. 15/1931, B-deild, bls. 73.

4(25) Reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 121/1940, B-deild, bls. 201-213.

4(26) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr.121, 24.7.1940, nr. 123/1944, B-deild, bls. 163.

4(27) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 181/1945, B-deild, bls. 345.

4(28) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 121 frá 1940, nr. 131/1946, B-deild, bls. 251.

4(29) Reglugerð um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 101/1949, B-deild, bls. 210-211.

4(30) Reglugerð um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 141/1952, B-deild, bls. 284-285.

4(31) Reglugerð um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 88/1956, B-deild, bls. 207-208.

4(32) Fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 148/1960, B-deild, bls. 346-355.

4(33) Fjallskilareglugerð fyrir V-Húnavatnssýslu, nr. 392/1975, B-deild, bls. 778-787.

4(34) Reglugerð um breytingar á fjallskilareglugerð V-Húnavatnsssýslu, nr. 392/1975, nr. 329/1976, B-deild, bls. 606.

4(35) Reglugerð um breytingar á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 329/1975, sbr. breytingu með reglugerð nr. 329/1976, nr. 97/1986, B-deild, bls. 167-169.

4(36) Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 458/1996, B-deild, bls. 1165-1173.

4(50) Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra, nr. 762/1999, B-deild, bls. 2066-2073.

4(52) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, nr. 84/1892, B-deild, bls. 126-134.

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):

4(37) Bréf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður –og austurumdæminu um skiptingu Torfastaðarhrepps, nr. 61/1876, B-deild, bls. 59-60

4(38) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Áshrepps, Húnaþings vestra og Sveinsstaðahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins, nr. 965/2000, B-deild, bls. 2757-2758.

4(39) Samþykkt fyrir Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru, nr. 573/2000, B-deild, bls. 1419-1420.

4(40) Arðskrá fyrir Veiðifélag Hrútafjarðarár og Síkár í Hrútafirði, nr. 119/1954, B-deild, bls. 260-261.

4(41) Samþykkt fyrir Fiskiræktar-og veiðifélag Miðfirðinga, B-deild: nr. 116/1939, bls. 173-174; nr. 14/1961, bls. 51-52. Arðskrár fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Miðfirðinga: nr. 18/1940, bls. 22-23; nr. 136/1951, bls. 272; nr. 176/1958, bls. 347-348; nr. 156/1963, bls. 328-329.

4(42) Samþykkt fyrir Veiðifélag Víðidalstunguheiðar, nr. 858/1999, bls. 2669-2670.

4(43) Samþykkt fyrir Veiðifélag Víðidalsár, B-deild, nr. 112/1960, bls. 289-290. Arðskrár fyrir Veiði-og fiskræktarfélag Víðidalsár: nr. 113/1960, bls. 290-291; 183/1941, bls. 345-346.

4(48) Lög um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög, nr. 77/1907, A-deild, bls. 470.

4(41) Samþykkt fyrir Veiðifélag Miðfirðinga, nr. 1125/2008, B-deild, 3 bls. Arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga, nr. 984/2006, B-deild, 2 bls.

4(43) Samþykkt fyrir Veiðifélag Víðidalsár í Húnavatnssýslu, nr. 1352/2007, B-deild,

2 bls. Arðskrá fyrir Veiðifélag Víðidalsár, nr. 647/2010, B-deild, 1 bls.

4(51) Auglýsing um breyting á samþykkt nr. 116. 21.6.1939 fyrir Fiskiræktar- og Veiðifélag Miðfirðinga, nr. 134/1951, B-deild, bls. 269.

4(55) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli sveitastjórna Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgafjarðarsveitar um mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði, nr. 709/2002, B-deild, 1 bls.

Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Staðarhreppsafréttar, Húksheiðar, Núpsheiðar, Aðabólsheiðar og Víðidalstunguheiðar:

5 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.

5(1) Útprent af loftmyndum með kröfulínum gagnaðila ríkisins, Staðarhreppsafréttur, Húksheiði, Núpsheiði, Aðalbólsheiði og Víðidalstunguheiði, ódags. en mótt. 7.2.2013.

5(2) Afsal fyrir Lækjabæ til Fremri Torfustaðahrepps, dags. 7.11.1967. Sjá einnig skjal nr. 4(162).

5(3) Afsal dóms- og kirkjumálaráðherra, f.h. kirkjusjóðs, fyrir heimild í lögum nr. 50/1907 í Húksheiði til hreppsnefnda Fremri og Ytri Torfustaðahreppi, dags. 18.10.1934. Sjá einnig skjal nr. 4(157).

5(4) Umsögn Sæmundar og Gunnars í Hrútatungu um merki Hrútafjarðarafréttar og Húksheiðar, dags. 14.8. án ártals.

5(5) Umsögn Böðvars Daníelssonar um merki Hrútafjarðarafréttar og Húkhseiðar, dags. 13.8.1985.

5(6) Skráning Örnefnastofnunar á örnefnum Húksheiðar.

5(7) Hornpunktaskrár Aðalbóls, Bjarnarstaða, Fosskots, Þverá, Húks, Núpsheiðar, Hrútatungu og Óspaksstaða. Unnið á óstaðfestar uppskriftir landamerkjabréfa, ódags. en mótt. 7.2.2013.

5(8) Víðidalstunguheiði. Óstaðfest stofnskjal lóðar/lands unnið af Loftmyndum ehf., ásamt uppdráttum, ódags. en mótt. 7.2.2013.

5(9) Húksheiði. Útprent úr fasteignaskrá Íslands, dags. 6.2.2013.

5(10) Afsal fyrir Þverá í Núpsdal, dags. 29.12.1970. Sjá einnig skjal nr. 4(161).

5(11) Óstaðfest uppskrift af afsali fyrir Heiðarlandi því sem fylgt hefur Aðalbóli, dags. 27.10.1896. Sjá einnig skjal 4(94).

5(12) Samningur um leigu á Efri-Núpsheiði, dags. 24.10.1891. Sjá einnig skjal 4(155).

5(13) Afsalsbréf fyrir Núpsheiði, dags. 27.5.1898. Sjá einnig skjal nr. 4(158).

5(14) Samningur um landamerki milli Neðrifitja og Stórahvarfs, dags. 14.7.1916.

5(15) Landamerkjabréf fyrir Krókum, dags. 1.2.1919.

5(16) Afsalsbréf fyrir Víðidalstunguheiði, dags. 22.8.1902.

5(17) Skrá yfir ítök Staðarkirkju í Hrútafirði, dags. 23.4.1891. Sjá einnig skjal 2(176).

5(18) Afsal fyrir kirkjujörðinni Stað í Hrútafirði, dags. 8.5.1913. Sjá einnig skjal 4(156).

5(19) Greinargerð, dags. 12.6.2013.

5(20) Samantekt um tilhögun gangna á Víðidalstunguheiði, dags. júlí 2013.

5(21) Landamerki Víðidalstunguheiðar. Skráð af Ólafi Daníelssyni, ódags.

5(22) Varakrafa vegna Víðidalstunguheiðar, ásamt uppdráttum, dags. 8.4.2014.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

6 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 4.12.2014.

7 7(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 4.3.2013.

7(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 21.3.2013.

7(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 29.4.2013.

7(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 12.6.2013.

7(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 9.8.2013.

7(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 12. og 13.8.2013.

7(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 9.12.2014.

Lagt fram af málsaðilum:

8 a-c Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 3/2013. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 9.12.2014.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Gilsbakka í Borgarbyggð:

9 Kröfulýsing, dags. 9.12.2014.

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

Ónr. Íslenzk fornrit 1. bindi. Íslendingabók Landnámabók, síðari hluti, bls. 211-229.
Ónr. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. I Húnavatnssýsla. Bókaútgáfan Norðri, bls. 11, 18, 29, 53, 54, 61, 67, 73, 74, 80, 85, 93, 101, 102, 103, 104, 136, 137, 139, 140, 142 og 165.
Ónr. Húnaþing I. bindi. Húnavatnsþing e. Halldór Jónsson, bls. 1, 3.
Ónr. Húnaþing III. bindi, bls. 1- 2, 19-22, 111, 117, 123, 132-136, 173, 182-183, 194, 209 -214, 251, 257-262, 277, 314, 330, 338 og 341.
Ónr. Árbók F.Í. 1958. Vestur-Húnavatnssýsla, eftir Jón Eyþórsson, bls. 104-107.
Ónr. Árbók F.Í. 1962. Arnarvatnsheiði og Tvídægra, eftir Þorstein Þorsteinsson, bls. 120-121.
Ónr. Árbók F.Í. 1964. Austur-Húnavatnssýsla, eftir Jón Eyþórsson, bls. 6-7.
Ónr. Árbók F.Í. 2007. Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda, eftir Jón Torfason, bls. 48, 97, 219 og 224.
Ónr. Göngur og réttir, III.b., Hnappadalssýsla – Húnavatnssýslur, bls. 142-143, 204-205, 218-219 og 268-269.
Ónr. Göngur og réttir, IV.b., Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, vestanverð, bls. 36-41.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 8. b., bls. 3-4, 6-8, 39-40, 48-53, 58, 59-64, 67-74, 131-134, 145-149, 151-153, 195-197, 228-231, 248-251, 276-277, 282-287, 291-292, 295-296, 330-334, 424-432 og 451-452.
Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Fyrirspurnir sýslumanna 1999 og afréttarskrár 1985.
Ónr. Yfirliti Þjóðskjalasafns, ódags. Svör við fyrirspurnum félagsmálaráðuneytis 1999.
Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Svör hreppsstjóra.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Hrd. nr. 65/1971. Arnarvatnsheiði.
Ónr. Skýrslur í máli 3/2013 hjá óbyggðanefnd (20 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
Ónr. Greinargerð um landlíkan ÍSOR, dags. 1.2.2008.
Ónr. Greinargerð um Vatnagrunn Veðurstofu Íslands (óútg.), dags. júlí 2010.
Ónr. Vatnagrunnur Veðurstofu Íslands 2.0: Verklag við uppfærslu, dags. janúar 2012.

Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:

Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
Ónr. Útprentun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“

Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Húnavatnssýslur og hluta Skagafjarðarsýslu.

A L M E N N A R N I Ð U R S T Ö Ð U R

Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

með viðaukum



Svæði 1–7B

Sérprentun 19. desember 2014

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI **3**

1. INNGANGUR **4**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR **4**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA **5**

3.1. Landnám 5
3.2. Hefð 8
3.3. Lög 12

4. FLOKKUN LANDS **13**

4.1. Almennt 13
4.2. Jörð 14
4.3. Almenningar 20
4.4. Afréttir 22
4.5. Jörð eða afréttur? 29
4.6. Jöklar 30
4.7. Fjallskil 36
4.8. Ítök 39
4.9. Fjörur og rekaeign 42

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD **47**

5.1. Almennt 47
5.2. Jarðamöt og jarðabækur 47
5.3. Máldagar og vísitasíur 49
5.4. Lögfestur 52
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf 53
5.6. Afsals- og veðmálabækur 57
5.7. Aðrar heimildir 58

6. NIÐURSTAÐA **59**

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 ..... **64**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum 64
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða 65
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi 67

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 ..... **69**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum 69
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana 69

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A **73**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum 73

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B **74**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum 74
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar 75
10.3. Heimildir um legu jarða til forna 76

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–7B. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–7B hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A og 7B, og fer sá texti lítillega styttur hér á eftir, í köflum 7–10.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður með viðaukum*, og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir, almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

[1] Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á

---

[2] Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

[3] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikfé sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur

---

[4] *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.
[5] *Landnámabók* 1986, s. 321.
[6] *Landnámabók* 1986, s. 337.
[7] Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.
[8] Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir,

[9] Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ‚átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um

---

[10] Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.
[11] *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.
[12] Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).
[13] Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.
[14] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

---

[15] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.
[16] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.
[17] *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.
[18] *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstur „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir

[19] *Tíðindi frá Alþingi…1845*, s. 466.
[20] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.
[21] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

> því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin

---

[22] *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.
[23] *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
[24] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp

nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.[27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki

---

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.
[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.
[27] *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).
[28] Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka,

---

[29] Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.
[30] *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.
[31] *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ’tǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar... “[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu

---

[32] *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).

[33] *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

[34] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[35] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

[36] Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[37] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

---

[38] Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

[39] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

[40] Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

[41] Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

[42] *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

[43] Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

[44] Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli*.[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

---

[45] *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).
[46] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).
[47] Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.
[48] Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.
[49] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.
[50] Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213–215, 226.
[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskj*öl. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
>
> *a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.
>
> *b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af

[52] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[53] *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.
[54] Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

> ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

---

[55] *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.
[56] Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.
[57] Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir, afrétti* og *almenninga,* þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttar-dómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við land-

[58] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.
[59] Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.
[60] Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.
[61] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s . 27–30.

eiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar all-nokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka

---

[62] Eggert Briem 1917, s. 61–62.
[63] *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[64] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
[65] *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
[66] Eggert Briem 1917, s. 61–62.
[67] Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387.* 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands.

---

[68] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

[69] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

[70] Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

[71] Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

[72] Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

[73] Ólafur Lárusson, 1950*: Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

[74] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan

---

[75] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s. 43.
[76] Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.
[77] *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).
[78] *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).
[79] Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að megin-stefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til upprekstur á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju

eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið

---

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.
[81] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[82] *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).
[83] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
[84] Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[85] Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýla-

---

[86] Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

[87] Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[88] Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

[89] Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

tilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

> Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni

---

[90] Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).
[91] Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.
[92] Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttar-dóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landa-merkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignar-rétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadals-hrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrir-liggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir bú-fénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að lög-gjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar

jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunar-kröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það

er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til

---

[93] Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.
[94] *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…“
[95] Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands.* S. 1–2, 15.
[96] Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14–15.
[97] Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

---

[98] *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)
[99] *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).
[100] *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16–17).
[101] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.
[102] Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.
[103] Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.
[104] Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að

---

landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

[105] Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fast-setja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

---

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.
[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á

---

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið

og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

---

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).
[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[113] *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).
[114] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.).

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgrétt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks

---

[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.
[116] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til

[117] Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði

---

[118] Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.
[119] *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.
[120] Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147–148, 150.
[121] Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.
[122] Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar.* Reykjavík. S. 277.
[123] *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.
[124] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr.

---

[125] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

[126] Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

[127] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

[128] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

[129] Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

[130] Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umræddra máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði

---

[131] Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

[132] Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

[133] *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

[134] *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

[135] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

[136] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

[137] Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli

---

[138] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[139] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[140] Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

[141] *Jónsbók* 1904, s. 194.

[142] *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

[143] *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

[144] *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlÄg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

[145] Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

[146] *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353–354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

> þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum lǫgmǫnnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá

---

[147] *Grágás* 1992, s. 353–354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).
[148] Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.
[149] *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.
[150] *Jónsbók* 1904, s. 196–197.
[151] Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).
[152] *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má ályktа að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

---

[153] *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.
[154] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.
[155] Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).
[156] Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).
[157] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[158] Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.
[159] *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.
[160] Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.
[161] *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að

---

[162] *Jónsbók* 1904, s. 197.
[163] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[164] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.
[165] Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.
[166] Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[167] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
[168] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.
[169] Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.
[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.
[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram

---

[173] Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.
[174] *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).
[175] Björn Lárusson 1982, s. 17.
[176] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.[178] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun

[177] *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.
[178] *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

---

[179] *Grágás* 1992, s. 12.
[180] Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.
[181] Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.
[182] Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.
[183] Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt“ kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía

---

[184] *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.
[185] Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.
[186] *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.
[187] Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun

---

[188] Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.
[189] Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast…* Reykjavík. S. 165.
[190] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 162.
[191] *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.
[192] Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í

---

[193] Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.
[194] Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).
[195] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.
[196] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.
[197] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.
[198] Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.
[199] Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði

[200] Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var

[201] Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetníngar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“[206]

---

[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.
[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
[205] *Jónsbók* 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).
[206] Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.

Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða

[207] Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
[208] *Alþingistíðindi* A 1977–1978, s. 1382.
[209] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.
[210] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan

landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir, afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru

undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi

ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum[211]

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...].

7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða[212]

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll

---

[211] Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).
[212] Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt

heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi[213]

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og

byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[214] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[215] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi

---

[213] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).
[214] Sbr. kafla 3.3. [...].
[215] Sbr. kafla 4.2. [...].

landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[216]

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana[217]

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lög-

[216] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

persónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta

---

[217] Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

> og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenninga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnessýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn

til samnotaafrétta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum

nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitaefni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[218]

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

[218] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[219]

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirliggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirliggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

---

[219] Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar[220]

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómar Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

---

[220] Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitaefni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

10.3. Heimildir um legu jarða til forna[221]

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

---

[221] Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Hárekksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.